FIMTUDAGINN, 1. dag Júlímánaðar 1847, var alþíng Íslendinga sett í Reykjavík. Áður en þíngið var sett, var guðsþjónustugjörð haldin í kirkjunni, og prèdikaði stiptprófastur Árni Helgason og lagði útaf Sálm. 73, v. 2. „að þeir, sem vilja að guð komi til sín, yrðu að koma til hans, eða staðnæmast ætið hjá honum.“

Auk konúngsfulltrúa, kammerherra og stiptamtmanns Bardenfleths, aðstoðarmanns hans, sýslumanns Kr. Kristjánssonar, og skrifara hans, kand. philos. P. Melsteðs, voru þessir alþíngismenn viðstaddir:

A. Konúngkjörnir:

1. Þórður Sveinbjarnarson, justiziarius í yfirdóminum.
2. Helgi G. Thordarsen, biskup.
3. Þórður Jónassen, assessor í yfirdóminum.
4. sèra Halldór Jónsson, prófastur í Skagafjarðarsýslu.
5. Jón Thorstensen, justizráð, landlæknir.
6. Páll Melsteð, kammerráð, sýslumaður í Árnessýslu.

B. Þjóðkjörnir:

7. sèra Hannes Stephensen, prófastur, fyrir Borgarfjarðarsýslu.
8. Þorgrímur Thomsen, gullsmiður, fyrir Gullbríngu- og Kjósarsýslu.
9. Jón Johnsen, assessor í yfirdóminum, fyrir Árnessýslu.
10. Jón Þórðarson, hreppstjóri, fyrir Rángárvallasýslu (vara þíngmaður).
11. Jón Guðmundsson, stúdent, fyrir Skaptafellssýslu.
12. Sveinn Sveinsson, hreppstjóri, fyrir Sudurmúlasýslu (vara-þíngmaður).
13. Guttormur Vigfússon, stúdent, fyrir Norðurmúlasýslu (vara-þíngmaður).

14. Jakob Pètursson, umboðsmaður, fyrir Norðurþingeyjar sýslu.
15. sèra Þorsteinn Pálsson, prestur, fyrir Suðurþingeyjarsýslu.
16. Stephán Jónsson, hreppstjóri, fyrir Eyjafjarðarsýslu.
17. Jón Samsonsson, bóndi, fyrir Skagafjarðarsýslu.
18. Guðmundur Arnljótsson, hreppstjóri, fyrir Húnavatnssýslu.
19. Ásgeir Einarsson, sættanefndarmaður, fyrir Strandasýslu.
20. Jón Sigurðsson, kand. phil., fyrir Ísafjarðarsýslu.
21. Eyjólfur Einarsson, hreppstjóri, fyrir Barðastrandarsýslu.
22. Þorvaldur Sivertsen, umboðsmaður, fyrir Dalasýslu.
23. — — —
24. Helgi Helgason, hreppstjóri, fyrir Mýra og Hnappadalssýslu.
25. Árni Helgason, stiptprófastur, fyrir Reykjavíkur kaupstað (varaþingmaður).

Fyrir Vestmannaeyjar mætti enginn þingmaður.

---

Konúngsfulltrúinn setti þingið með svolátandi ræðu:

## Háttvirtu alþingismenn!

Þá er vèr fyrir tveim árum síðan komum saman í sal þessum til að hefja þau störf, sem konúngur vor hafði falið þjóðfundi þessum á hendur, af föðurlegum huga einnig til þeirra, sem þenna hluta byggja af ríki hans, þá vorum vèr vissulega allir stórum gagnteknir af þeirri tilhugsun, að með þeim fundi vorum byrjaði nýr kafli ekki einúngis af æfi vorri, heldur og einnig af gjörvallri þjóðframfara-sögu þessa lands. Vèr urðum að vita, að framkvæmdir vorar og athafnir á þeim fundi mundu ekki einúngis verða minnisstæðar, og nákvæmlega ransakaðar af samþegnum vorum og af oss sjálfum, heldur mundi einnig það, í hverjum búníngi alþíng birtist hið fyrsta sinnið, leggja undirstöðuna undir álit það, sem það aflaði sèr hjá konúngi og þjóðinni, og þannig ráða miklu bæði um stöðu þess sjálfs eptirleiðis og um þau áhrif, sem það á að hafa á framfarir manna að því mikilvæga takmarki, sem þjóðstofnun þessari er sett.

En því glöggar sem hugur vor sá, hversu mikilvæg störf vèr áttum útí að gánga, því þýngra hlaut að leggjast á oss

byrði þeirra vankvæða, sem einnig þá, einsog við upphaf sèr hvers nýstárlegs og mikils umvarðanda fyrirtækis, varð á hinum fyrsta kafla samvinnutíðar vorrar að seinka leið vorri, og sem vèr urðum að sigrast á, áður vèr gætum algjörlega neytt krapta vorra, er að sönnu ætíð mega veikir heita í samanburði við takmark það, sem oss er fyrirsett að ná. Vèr vorum þannig með öllu óvanir aðferð og tilhögun þeirra starfa, sem vèr þekktum aðeins að sjón, en ekki af sjálfs-reynslu, þeirri aðferð og tilhögun, sem löggjafarinn hafði sett oss fyrir, og sem oss öllum mátti vera jafnáríðandi að fylgja sem nákvæmlegast í öllum greinum, þareð vèr hlutum allir að vita, að ef vèr sneiddum hjá þeim, enda þótt í litlu sýndist, þá leiddi það oss útá viðsjála götu. Enn fremur vorum vèr ókunnugir því, hvaða atgjörfi og hyggindi þá mundu koma í ljós og eigast við í umræðu málanna; margir á meðal yðar, hátt virtu alþingismenn, höfðuð, ef til vill, ekki fyrr en rètt á undan að fundur vor hófst sèð eður heyrt allflesta af þeim mönnum, sem þèr áttuð nú á degi hverjum orðum við að skipta, sem þèr áttuð nú um hríð að eiga fyrir daglegan sessunaut. Það var að líkindum einginn af oss, sem enn hafði átt nægan kost á að meta sjálfs síns pund, að prófa hvað hann hefði þegið til að geta nálgast það takmark, er hann hafði sett sèr sjálfum. Auk þessa, jafnvel þó vèr af mestu samvizkusemi hefðum búið oss undir verk vorrar köllunar, þó vèr með sjálfum oss hefðum nákvæmlega athugað þá hluti, sem vèr vissum eða ætluðum að verða mundi umtalsefni, þá vantaði oss enn þá það ljós, sem hið lifanda orð, í margbreyttri umræðu og ljósri útlistun á gagnstæðum skoðunarhætti, hlaut að láta renna upp í huga vorum, áður en sannfæring vor gæti stuðzt á föstum grundvelli.

Þessi vankvæði eru nú, þegar vèr í annað sinn eigum fund með oss til að vinna það, sem oss er á hendur falið, að miklu leyti horfin eða minkuð. Að sönnu eigum vèr nú að sjá á bak nokkrum þeim mönnum, sem þingið hið fyrra sinnið mátti telja einhverja hina merkustu sín á meðal, og þar á meðal þeim manni, sem hartnær samhuga var kjörinn til sem forseti að stjórna þingstörfum, sem leysti það starf af hendi með jafnmiklum mannúðleik, dugnaði og umhyggju fyrir góðum rekstri málanna. En flestir af yður, heiðruðu alþingismenn, hafið þó nú átt kost á að kynna yður reglur þær, sem settar

eru þingstörfum vorum; yður er enn fremur nú þegar, áður en þingstörf byrja, áður en nefndirnar verða kosnar, kunnugt álit samverkamanna yðar, kraptar sjálfra yðar; og að lyktum munu aðgjörðir þær, sem á hinu fyrra þinginu áttu sèr stað og snertu nokkur af hinum helztu málefnum lands þessa, hafa átt talsverðan þátt í því að skýra, breyta eða styrkja álit vort um lík eða náskyld málefni, sem komið geta til umtals á þingi því, er vèr eigum nú fyrir höndum.

Alþingið getur nú þess utan því öruggara geingið að störfum sínum, sem þingmenn af hinni konúnglegu auglýsingu, er eg nú eptir skipun Hans Hátignar legg fyrir yður, svo og af tilskipunum þeim, sem þar er getið og sem komið hafa út, síðan hið fyrsta þing var haldið, geta komizt að raun um, hversu gaumgæfilega athugasemdir og álitsskrár þingsins hafa verið prófaðar, hversu mikils tillögur þingsins hafa verið metnar, þegar málunum var ráðið til lykta, svo að konúngur einúngis þá hefur breytt á annan veg, en tillögur alþingis bendtu til, þegar hann hefur fundið með öllu óyggjandi ástæður gegn þeim. Í einstöku atriðum, þar sem konúngur ekki hefur getað að öllu leyti sannfærzt um nytsemi uppástúngu alþingisins, hefur Hans Hátign þó ekki viljað gjöra það að lögum, sem gagnstætt væri uppástúngum þessum, en hitt hefur hann heldur kosið, að gjöra alþingi kost á að nýju að prófa ástæðurnar með og móti þessum fyrri uppástúngum. Það er af þessum rökum, að eg mun leggja fyrir þingið lagafrumvörp í tveimur málum, sem bæði hafa áður komið til umræðu á hinu fyrra þingi; en þau eru um það, hvernig endurgjalda skuli alþingiskostnaðinn, og um það að leingja tíma þann, sem til þess þarf að eignast sveit.

Að konúngur eptirleiðis muni veita tillögum alþingis slíkt athygli, sem nú hefur hann gjört, því mega menn fulltreysta, þegar litið er til þess lifandi áhuga, sem konúngur leggur á allt það, sem snertir kjör Íslands; og mun hver sá, sem það hefur hlotnazt, að eiga tal um það efni við Hans Hátign sjálfa, hafa komizt að sannri raun um, að svo er. En eg þarf ekki að fara um það fleiri orðum, þar eð alþing fær hina órækustu vissu um það í hendur, er það sèr, að það mál, sem velmegun landsins stóð á svo stóru að yrði til lykta leidt — málið um breytíngu á latínuskóla landsins og stofnun annars æðri skóla handa andlegrar stèttar mönnum í landinu — nú er

á enda kljáð, bæði svo fljótt einsog unt var eptir þeim erviðleikum, sem það mál hafði í för með sèr, og þeim margbrotnu rannsóknum, sem á undan þurftu að gánga, og líka á þann hátt, er því heldur mun þykja að óskum hafa geingið, sem málinu yfir höfuð hefur verið ráðið til lykta samkvæmt ósk alþingis. Það má og vera hverjum íslenzkum manni sannarlegt gleðiefni, að umhyggja sú, sem konúngur ber fyrir þessum hluta ríkis síns, á einnig heima hjá þeim manni, sem honum geingur næstur, syni hans og ríkiserfingja, og sem þar að auk, eins og þèr vitið allir, hefir sjálfur hingað komið til lands og kynt sèr ásigkomulag þess.

Á meðal málefna þeirra, sem að þessu sinni verða af stjórnarinnar hendi borin upp á alþingi, er það einkum eitt, sem þess mun viðþurfa, að þíngmenn fylgi sèr að því með allri athygli og ræði það nákvæmlega, en það er málið um nýjan jarðadýrleika á Íslandi. Skattar þeir og gjöld, sem menn á Íslandi hafa hingað til átt að greiða, hafa verið bygð á mjög ólíkum grundvelli, einkum þegar litið er til jarðagózins, og það hefir verið þess ollandi, að útgjöld þessi hafa orðið mörgum gjaldþegnum miklu erviðari, heldur en þau, þegar upphæð útgjaldanna allra til samans er aðgætt, hefðu þurft að vera hverjum einum einstökum manni, ef þeim hefði verið skipt jafnar niður. En það, að þenna jöfnuð hefir vantað, hefir þar að auk gjört þann talsverða óhag, að menn hafa ekki getað fundið þá aðferð, sem í alla staði væri sanngjörn og rèttvís til að ná jafnvel þeim útgjöldum af landinu, sem hver íslenzkur maður án efa játar að landið eigi að bera, og sem allir mundu vilja eiga þátt í að greiða, þegar fundin væri rèttlát undirstaða fyrir niðurjöfnun útgjaldanna. Konúngur hefir nú látið hafa nauðsynlegan undirbúníng að máli þessu, til þess náð yrði slíkri undirstöðu undir niðurjöfnun skattanna, og til þess að skattamálið þannig í öllum greinum gæti orðið bygt á betra grundvelli en áður. Af því nú þíngmenn eru svo kunnugir hverjum hluta alls landsins, þá má ráð fyrir því gjöra, að feingizt geti hinar beztu og áreiðanlegustu bendíngar til þess, að málefni þessu, sem svo er mikils árídanda, verði komið í hið haganlegasta horf.

Þegar menn nú, bæði í þessu máli, er eg nefndi, og í hinum öðrum málunum, sumum stærri og sumum minni, sem borin verða undir alþíng ýmist frá stjórninni eða frá þíng-

mönnum sjálfum, láta sèr ant um, sem eg ekki efast um, með allri alúð og kostgæfni að ná hinu sanna bæði í efni og sniði málanna, þá munuð þèr, háttvirtu alþingismenn, þegar þar að kemur, geta huggað yður við það að skilnaði, að alþing hafi ekki unnið til einskis, heldur að það hafi kröptuglega stuðlað til þess, að hinu mikla og heiðarlega takmarki yrði náð, sem konúngi og öllum oss er svo ant um, en það er framför Íslands í andlegum og líkamlegum efnum. Og með þeirri huggunarríku von, að svo muni verða, lýsi eg nú yfir því í nafni konúngs, að

ALÞÍNG ER SETT.

Þegar ræðunni var lokið, tóku allir þingmenn undir í einu hljóði:

LEINGI LIFI KONÚNGUR VOR, KRISTJÁN HINN ÁTTUNDI!

---

KONÚNGSFULLTRÚI skýrði þinginu þessu næst frá, að í stað þeirra konúngkjörnu alþingismanna, er hið fyrra sinnið hefðu mætt á alþingi, Konferenzráðs og Amtmanns B. Thorsteinsons og Sýslumanns B. Blöndahls, þar hinn fyrri hefði beðið um lausn frá starfa þessum og feingid hana, en hinn síðari væri látinn, hefðu í dag tveir aðrir mætt til alþingissetu og væru þeir Jústizráð og Landlæknir J. Thorsteinssen og Kammerráð og Sýslumaður P. Melsteð; einnig skýrði hann frá, að Prófastur Haldór Jónsson, er í fyrra sinnið hefði mætt á þinginu, sem konúngkjörinn varafulltrúi andlegu stèttarinnar, mætti nú sem alþingismaður. Eptir skýrslum þeim, er konúngsfulltrúi hafði feingið, höfðu enn fremur þjóðkjörnu fulltrúarnir úr Rángárvallasýslu, Húnavatnssýslu og Norður-Múlasýslu eigi getað mætt í þetta sinn, og voru þeir þessir: Hèraðslæknir Skúli Thorarensen, Umboðsmaður R. M. Ólsen og Sættanefndarmaður Þorsteinn Gunnarsson, en í þeirra stað mættu varafulltrúar þeirra og tóku setu á þingi; þeir voru þessir: Jón hreppstjóri Þórðarson, Guðmundur hreppstjóri Arnljótsson og Guttormur Stúdent Vigfússon. Úr Snæfellsnessýslu hafði hvorki fulltrúi nè varafulltrúi mætt, nè heldur nokkur skýrteini komið þaðan, er greindu frá orsökum til þessa.

Þegar konúngsfulltrúi hafði, eptir 47. grein alþingistilskipunarinnar, skorað á alþingismenn, að þeir skyldu gjöra uppskátt, ef þeir vissu nokkurn þann á þingi, er eigi væri

rètt kjörinn, tók einginn til máls, og þar konúngsfulltrúi kvaðst eigi geta hrundið kjörgeingi neins, er á þíngi væri, var eigi meira rædt um kjörgeingi þíngmanna.

Þessu næst kvaddi konúngsfulltrúi hinn elzta af þíngmönnum, Stiptprófast Árna Helgason, eptir 48. grein alþíngistilsk., til að sjá um, að kjörinn yrdi forseti; gjörði hann svo, og tók sèr til aðstoðar prófastana sèra Haldór Jónsson og sèra Hannes Stephensen; urðu þær lyktir, að Justiziarius Þórður Sveinbjarnarson varð forseti með 23 atkvæðum.

Þegar Justiziarius Sveinbjörnsson var seztur í forsetasætið, mælti hann þessi orð: að jeg tek á móti þeirri heiðrandi sýslan, sem alþíngið hefir viljað trúa mèr fyrir, kemur aungan veginn af því, að jeg treysti mínum veiku kröptum til þess að fullnægja þeim skyldum, sem staða mín leggur mèr á herðar, heldur einúngis af því, að jeg reiði mig á, að bæði hinn hæstvirti konúngsfulltrúi og þeir heiðruðu þíngmenn taki vægt á, þó mèr eitthvað kynni af ógáti að yfirsjást; kraptar mínir eru veikir, en viljinn einlægur.

Forseti lèt þá kjósa varaforseta, og varð assessor Johnsen það, með 10 atkvæðum, en kammerráð Melsteð fèkk 9 atkvæði, stiptprófastur Árni Helgason 2, assessor Jónassen 1 atkvæði og biskup Thordarsen 1 atkvæði.

Assessor Johnsen mælti: Eg hefi að vísu mikla ástæðu til að þakka þeim heiðruðu alþíngismönnum tiltrú þeirra til mín og vegsemd þá, sem mèr er sýnd með vali þessu, en eg vona, að hamíngjan gefi, að eigi fylgi neinn vandi vegsemd þessari; en skyldi svo vilja til, móti ósk og vilja vor allra, að til minna kasta kæmi í stöðu þessari hèr á þíngi, skal einginn hafa betri vilja en eg, til að neyta allra þeirra krapta, sem mèr er auðið, til að verða við tiltrú þíngmanna, en þeir vita þá líka, að efnin hljóta að ráða.

Til þíngskrifara voru kosnir prófastur Haldór Jónsson með 14 atkvæðum og assessor Þórður Jónassen með 12 atkvæðum. Til að búa þíngtíðindin undir prentun voru fyrst kosnir kandid. Jón Sigurðsson með 12 atkvæðum, og kammerráð Melsted og Jón Guðmundsson með 9 atkvæðum hvor þeirra; en þar hinn fyrrnefndi kvaðst vilja komast hjá þessum starfa, einkum þessvegna, að hann strax eptir þínglausnir þyrfti að fara hèðan og heim til sín, til að geta gegnt embætti sínu, óskaði hann, að þíngmenn segðu með atkvæðum, hvorn þeir

vildu hafa kosinn, sig eða Jón Guðmundsson, og var svo gjört; lendtu þá 13 atkvæði á Jóni Guðmundssyni, sem tók að sèr þenna starfa.

Prófastur Halldór Jónsson mælti: þó eg fyrir mitt leyti ekki vilji skorast undan að gegna skrifara störfum hèr á þinginu, eptir því sem mèr er unt, verð eg þó að geta þess, að ef þingskrifararnir eiga að hafa með öllu eins mikið á hendi og á fyrsta þingi, leiðir þar af, að þeir geta ekki tekið þátt í öðrum þingstörfum, og verð eg þess vegna að skjóta því til þingsins, og einkum til hins háttvirta forseta, hvort ekki mundi tilhlýðilegt, að teknir væru til hjálpar aukaskrifarar, sem skyldu hafa hèr um bil þau sömu störf á hendi, hvað skriptir áhrærir, sem þingskrifararnir höfðu á hinu fyrra þinginu undir umsjón þingskrifaranna, eins og mèr er sagt að siður sè til í Danmörku, og leyfi eg mèr að bera assessor Johnsen fyrir þessu atriði, sem kvað vera þessu kunnugur

Assessor Johnsen: Hinn heiðraði þingmaður setur ofmikið traust til mín, er hann skýrskotar til kunnugleika míns um, hvernig skrifarastörfum í umdæmi Dana sè varið. Sjálfur hefi eg eigi haft tækifæri til að kynna mèr þetta, en tal hefi eg átt við nokkra fulltrúa þar um þetta efni, og hafa þeir sagt mèr, að þingskrifararnir sjálfir að vísu skrifi það á þingunum, sem þörf sè á til að geta haft næga umsjón með að allt komi til ritnefndarmanna, eins og það fer fram, og að þeir hafi athuga á tölum þingmanna, og að öðru leyti yfir höfuð; en að aukaskrifarar 3 eða 4, sem teknir eru til þess úr skrifstofum stjórnarráðanna, og mjög eru æfðir í hraðskrift, aptur á móti skrifi ræðurnar sjálfar niður eptir þingmönnum, eins og þeir halda þær.

Forseti mælti, að þingið mundi eingan veginn mæla á móti, að teknir yrðu aukaskrifarar þingskrifurunum til aðstoðar, og kvaðst einnig skyldi bera það undir hinn hæstvirta konúngsfulltrúa.

Konúngsfulltrúi: Þareð alþingistilskipanin í 53. grein felur mèr á hendur, ef þörf gerist, að útnefna aukaskrifara, þingskrifurum til aðstoðar, og fyrir því að í lagagrein þessari eigi er tiltekin viss tala þessara aukaskrifara, get eg sjálfsagt fyrir mitt leyti ekki fundið neitt að því að útnefna svo marga sem þurfa þykir, til þess störf þingsins verði vel af hendi leyst, þar eð það hinns vegar hlýtur að vera einnig mèr

mjög svo áríðanda að þessi störf verði svo vel og fljótt af hendi leyst, sem framast verður; en að svo miklu leyti sem það hefir komið til orða, hverjum störfum aðstoðarmenn skrifaranna á hinum dönsku fulltrúaþingum gegni, þá verð eg að geta þess, að það verður að líkindum ervitt að finna hèr þá menn, sem sèu eins vanir þessum störfum, eins og þeir sem þau hafa á hendi í Danmörku. En jafnvel þó eg, með tilliti til þess hverjir valdir verða til þessa starfs, fúslega vilji bera ráð mín saman við hinn heiðraða alþingisforseta og hvern annan, sem getur bent mèr á menn, sem færastir eru til þessa verks, svo býst eg þó við, að alþingið gefi mèr ekki sök á því, þó aðstoðarskrifarar þeir, sem teknir kunna að verða, reyndust ekki að geta fullnægt þeim kröfum sem gjörðar eru til þeirra.

Konúngsfulltrúi afhenti því næst forseta frumritið af konúngsins allrahæstu auglýsíngu 21. Maí 1847, um árángur af þegnlegum tillögum þess og bænarskrám á fundinum árið 1845, og voru af þessari auglýsíngu lögð prentuð exemplör á borðið hjá hverjum þíngmanni. Auglýsíngin er svo látandi:

# Vèr Kristján hinn Áttundi,

## af guðs náð Konúngur í Danmörk, Vinda og Gauta, Hertogi í Slèsvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þèttmerski, Láenborg og Aldinborg,

sendum Voru trúa alþíngi kveðju guðs og Vora.

Það var Oss mikil gleði, að Vèr sáum af þakklætisskrá alþíngismanna til Vor, hversu mikið þeim þótti til þess koma, er Oss hefir verið svo ant um Íslands heillir, að vèr settum ráðaneytisþíng, er Íslendíngar skyldu eiga einir sèr. Efumst vèr ekki um, að Vorir kæru og trúu þegnar á Íslandi muni geta fært sèr þíng þetta svo í nyt, sem vèr höfum til ætlað, þá er Vèr settum þíngið; enda sjáum Vèr og af störfum þíngmanna árið 1845, að þeir hafa látið sèr vera einkar ant um hag landsins, og þykir Oss það vel vera.

Vèr höfum vandlega látið íhuga tillögur þíngsins um lagafrumvörp þau, er undir það voru borin, og önnur álitsmál þess og bænarskrár, og munum Vèr nú í stuttu máli skýra frá, hvað í þeim efnum hefir verið af ráðið:

Þessar rèttarbætur hafa birtar verið um þau mál, er Vort trúa alþíng hefir sent Oss tillögur um:

1. 22. Sept. 1846: tilskipun fyrir Ísland, viðvíkjandi breytíngu á þeirri áminníngarræðu, er haldast á, áður en eiða skal vinna fyrir rètti;
2. 27. Nóv. 1846: reglugjörð um stjórn bæjarmálefna í kaupstaðnum Reykjavík;
3. 13. Des. 1846: opið brèf um skipun tveggja kauptúnastæða á Íslandi, við Þórshöfn í norðaustur-amtinu og á Borðeyri við Hrútafjörð í vestur-amtinu;
4. 6. Jan. 1847: tilskipun um fardaga presta á Íslandi, og um rèttindi þau, er prestur sá, sem frá brauði fer, eður erfíngjar hans og einkum ekkjan eiga heimtíng á;
5. 27. Jan. 1847: tilskipun, er nákvæmar tiltekur það, sem fyrir er mælt í reglugjörð fyrir Ísland 17. Júlí 1782, um tekjur presta og kirkna o. fl;
6. 10. Febr. 1847: opið brèf um aftekníng þeirrar kvaðar, að flytja embættismenn kauplaust, þá er þeir fara í alþjóðleg erindi;
7. 10. Febr. 1847: opið brèf um nokkrar ákvarðanir þeim til trausts, sem þínggjaldi eiga að lúka;
8. 18. Febr. 1847: tilskipun um fjárforráð ómyndugra á Íslandi;
9. 21. Apríl 1847: opið brèf, viðvíkjandi nákvæmari ákvörðun þeirra tíða, á hverjum hreppstjóraþíng á Íslandi skulu haldast.

Á rèttarbótum þessum getur Vort trúa alþíng sèð, að at hugasemdir þíngmanna við frumvörp þau, er undir þá voru borin, hafa verið grandgæfilega íhugaðar, og frumvörpunum eptir því breytt á ýmsan hátt, eða þau verið skýrð eða aukin.

Það hefir og allt vandlega verið íhugað, er Vort trúa alþíng hefir, í álitsskjölum sínum um frumvörp þau, er undir það hafa verið borin, upp á stúngið, eða á minnzt um frekari tilskipanir og ákvarðanir, er því hefir þótt nauðsyn á að tilrædt yrði um, þá er það rannsakaði frumvörpin.

Frumvarp til tilskipunar um hefð og fyrníngu rèttinda var borið undir Vort trúa alþíng. En með því þíngmenn löttu þess, að þetta frumvarp væri að lögum gjört, látum Vèr málefni þetta fyrst um sinn óútkljáð.

Um kostnað þann, er ris af kjöri alþingismanna framvegis, og um það, hvernig endurgjalda megi jarðabókarsjóði Vorum alþingiskostnaðinn og önnur þesskonar útgjöld, hefir Vort trúa alþing sent Oss álit sitt, og verða tvö frumvörp um það efni nú borin undir þingið.

Vegna þess, er alþing hefir sagt í álitsskjali sínu um það, hvort ráðlegt mundi vera að jafna þeim 11000 rbd. niður á landið til endurgjalds, sem varið hefir verið til skólahússgjörðarinnar í Reykjavík úr sjóði þeim, er stofnsettur var Íslandi til styrktar með úrskurði Vorum 25. Júlí 1844, höfum Vèr allramildilegast á kveðið, að ekki skuli slíku endurgjaldi jafna niður á landið að svo stöddu.

## II.

Um þegnlegar bænarskrár, þær er Vort trúa alþing hefir sent Oss, birtum Vèr þetta alþingismönnum:

1. Þar sem Vort trúa alþing hefir þegnlega beiðzt þess, að 2 kauptún væru sett á Íslandi, annað við Þorlákshöfn í suðuramtinu og annað við Straumfjörð í vesturamtinu, en lausakaupmönnum leyft að sigla inn á Krossvík á Akranesi í suðuramtinu, þá hefir Oss ekki sýnzt það ráð, að veita svo mikið siglingarleyfi á hafnir þessar, sem um er beðið, að svo stöddu; en gefið höfum Vèr leyfi til, að sigla megi þángað til verzlunar í 3 ár, frá byrjun árs þessa. Þó skulu þar ekki kauptúnastæði vera, og skal ekki öðrum leyft að verzla á Þorlákshöfn, en Reykjavíkur kaupmönnum og Eyrarbakka, en á Straumfirði Reykjavíkur kaupmönnum og Búða, og á Krossvík Reykjavíkur kaupmönnum einum saman. Skal leyfi þetta vera með þeim skilmálum, er segir í opnu brèfi 28. Des. 1836 um verzlun á kauptúnum.
2. Eptir þegnlegri bón Vors trúa alþingis um breytíng á sveitarveru-tíma þeim, er sveitarrèttindi veitir á Íslandi eptir 6. gr. reglugjörðarinnar 8. Jan. 1834, skal frumvarp verða borið undir þingið um það efni.
3. Þar sem þingmenn höfðu beiðzt þess, að upp væru teknir aptur hinir fornu þingstaðir í Mýra-sýslu og Hnappadals, er lagðir voru niður eptir konúngsúrskurði 26. Apr. 1833, þá hefir nú birt verið opið brèf 17. Marts 1847 samkvæmt þessum tilmælum alþingismanna.

4. Þar sem alþingismenn höfðu sent Oss þegnlega bænarskrá um kensluna í latínuskólanum og um prestaskóla, þá er það oss geðfellt, að búið er að flytja skólann frá Bessastöðum inn í Reykjavík, auka kensluna í hinum nýja skóla og laga eptir því, er þurfa þykir nú á tímum, og að Vèr getum birt Voru trúa alþingi, að yfirskóli sá, er Vèr höfum ásett að stofna handa þeim, sem prestar vilja verða, nú er svo lángt á leið kominn, að hann getur komizt á fyrir árslokin. Vèr höfum þannig látið gjöra allt, sem unt var eptir ásigkomulagi landsins og öðrum kríngumstæðum, til að verða við tilmælum þeim, sem fram voru komin í bænarskránni; enda hefir Oss þótt ánægjulegt, að sjá þar vott þess, að Vorir kærir og trúir þegnar á Íslandi hafa kannazt við mildilega umhyggju Vora um efling þessa fyrirtækis, sem Íslandi er svo mjög áríðandi. Má það að sönnu kalla rètt og sanngjarnlegt, að landsmenn endurgjaldi kostnað þann, sem til þess hefir verið borgaður í bráð úr Vorum sjóð; en Vèr munum þó allramildilegast skjóta á frest fjárheimtu þessari, þángað til Vèr getum skýrt alþingi nákvæmlega frá, hve miklu fè varið hafi verið til stofnunar beggja skólanna, og hversu mikið muni þurfa um árið þeim til viðurhalds, fram yfir það, sem tekjur skólans hrökkva til.
5. Þar sem Vort trúa alþíng hefir með þegnlegri lotníngu beiðzt þess, að útlendum þjóðum verði gjört hægra um verzlun á Íslandi, en verið hefir, o. fl., skulu þíngmenn vita, að svo margar og miklar rannsóknir þarf til afgreiðslu þessa máls, að ekki varð komið neinu frumvarpi þar um til alþíngis í þetta skipti, en flýta skal svo rannsóknum þessum, sem fremst má verða eptir því hvað málið er mikið og mikils áríðandi.
6. Þar sem Vort trúa alþíng hefir með þegnlegri lotníngu beiðzt þess, að full friðhelgi æðarfugla yrði lögboðin á Íslandi, og rèttarbót um það efni væri þegar birt, án þess hún væri borin undir alþíng áður, þá var 21. Apr. í vor birt opið brèf, er fyrst um sinn lögleiðir fulla friðhelgi æðarfugls á Íslandi.
7. Þar sem Vort trúa alþíng hefir með þegnlegri lotníngu beiðzt þess, að almenn hegníngarlög, þau er birt eru í Danmörk, verði borin undir alþíng, áður þau sèu lögleidd

á Íslandi, skulu þingmenn vita, að eptir því sem fyrir er mælt í 4. grein tilskipunarinnar 8. Marts 1843, munu ekki nein lög, sem birt eru í Danmörk um ofsókn og hegning óbótaverka, verða lögleidd á Íslandi framvegis, nema þau hafi áður verið borin undir alþing Vort; en það er misskilningur, er menn hafa efazt um þetta, þó nokkrar þesskonar tilskipanir, sem bornar höfðu verið undir fulltrúaþing Dana og lögleiddar í Danmörk áður alþing væri á komið, hafi síðan verið birtar á Íslandi; því vegna þess Íslendingar áttu fulltrúa í þingum Dana, þá er tilskipanir þessar voru bornar þar fram, átti ekki við, að bera þær undir alþing það, sem Íslendingar feingu síðar út af fyrir sig.

Til staðfestíngar úrskurðum Vorum, þeim er nú hefir verið um getið, höfum Vèr sent Yður þessa auglýsíng Vora, og hefir Vort trúa alþing hylli Vora og konúnglega mildi.

Gefið í Vorum konúnglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 21. Maí 1847.

Undir Vorri konúnglegu hendi og innsigli.

---

Kandidat Jón Sigurðsson: Þessi konúnglega auglýsíng, sem lögð hefir verið fyrir þingið, virðist mèr vera einskonar ræða eða boðskapur af hendi konúngs vors til þingsins, og þætti mèr það því harla tilhlýðilegt, að ritað væri svar eða ávarp frá þinginu aptur á móti; enda eru nokkur þau atriði í þessari auglýsíngu, sem vel eru svara verð: tel eg þar til einkum atriðið um skólamálið, því mèr virðist það mikillar þakkar vert, hversu fljótan og góðan úrskurð það mál hefir feingið, úr því sem á horfðist; því eg treysti því þar að auki, að umbót skólans lendi ekki við það, sem enn er komið, þó það mætti virðast eptir ræðu konúngsfulltrúans, sem hann ætli mál þetta útkljáð að fullu og öllu. En þó mèr virðist það harla tilhlýðilegt, eins og eg áður sagði, að þingið ávarpaði konúng í hvert sinni, svo sem til svars upp á hina konúnglegu auglýsíngu, þá ætla eg ekki að verða fyrstur til að stínga upp á því í þetta sinn, en eg gef því fúslega atkvæði mitt, ef nokkur annar af þingmönnum vill bera það upp.

Það er einúngis eitt atriði í hinni konúnglegu auglýsíngu, sem mèr þykir nauðsyn að fá glöggvari skýrslur um, og það er um svarið til alþíngis viðvíkjandi verzlunarmálinu. Mèr finnst þörf á, að fá nákvæmlegar að vita ýmislegt, sem að því máli lýtur, t. a. m. hvernig málinu eiginlega liði, hver meðferð á því hafi verið höfð, hvenær úrskurðar mundi mega vænta, o. s. frv. Eg vildi spyrja hinn háttvirta konúngsfulltrúa, hvort hann gæti ekki skýrt þínginu frá þessu máli nákvæmlegar, en í auglýsíngunni er gjört, annaðhvort nú eða seinna; því það er ekki einúngis áríðanda í sjálfu sèr, að vita, að mál þetta fái greiðan framgáng, heldur eru nú komnar fram aðrar kríngumstæður, þar eð hallæri og húngur geingur að í landinu og víðar annarstaðar. Eg efast að vísu ekki um vilja stjórnarinnar, að flýta fyrir þessu máli sem mest, en það ríður ekki einúngis á, að hún vilji flýta fyrir því, heldur einnig að það verði gjört, svo málið fái fljóta úrgreiðslu, þegar mest þörf er til þess.

Konúngsfulltrúi: Hvað þakkar-ávarpið snertir, get eg þess einúngis, að þar um hefir eingin ósk nú verið borin fram á lögskipaðan hátt, og þess vegna læt eg mèr nægja að benda til aðferðar þeirrar, sem boðin er í 59. grein alþíngistilskipunarinnar.

En hvað því viðvíkur, hversu lángt sè komið verzlunarmálinu, og hvað að því hefir verið eður verða muni starfað, þá finn eg ekki ástæðu til, þar sem að eins var lauslega að því spurt, eða ef til vill rèttara, ekki á lögskipaðan hátt, að gefa neina frekari skýrslu í því efni; þó þykist eg geta fullvissað menn um það, sem eg á ýmsan hátt hefi orðið áskynja um, að verið er að rannsaka þetta málefni með allri þeirri kostgæfni, sem þetta mikils umvarðanda mál útheimtir, og að við því má búast, að það verði svo fljótt til lykta leidt, sem tilhlýðileg rannsókn þeirra margbreyttu spurninga, er málið hefir í sèr fólgnar, framast leyfir.

Kammerráð Melsteð: Mèr þykir óþarfi fyrir þíngið að taka það fram við stjórnina, að hún flýti verzlunarmálinu, þar sem það er auðsèð, að stjórnin lætur sèr vera ant um það eins og bezt má verða; svo virðist mèr og, ef ávarp yrði ritað konúngi (sem mèr þó virðist ekki ætti að vera föst regla í hvert skipti), að það eigi ekki við, og sè enda ísjárvert, að þar sèu gjörð að umtalsefni þau atriði, sem mikill

meiníngamunur geti verið um meðal þíngmanna, því það mundi verða bágt að koma orðunum svo fyrir, að allir fallist á það, og svoleiðis, að allt sè í reglulegu formi.

Assessor Johnsen: Um leið og eg verð að vera kammerráði Melsteð samdóma um, að nú sem stendur sè eigi þörf á fyrir þíngið að senda konúngi það umrædda þakkar-ávarp, veit eg ekki nema það kynni að vera tilhlýðilegt að eg geti þess, að eg, er eg var í Kaupmannahöfn í vetur, hefi haft tækifæri til að verða áskynja um, að verzlunarmálefnið hefir verið og er enn höndlað með fylgi af hlutaðeigandi stjórnarráðum, eða þá að konúngur, er eg hafða þá lukku að eiga tal við Hans Hátign, áður en eg fór, sèr í lagi lèt í ljósi sína allranáðugustu áhyggju um framgáng málefnis þessa og afdrif þess til heilla fyrir landið, en að tíma þyrfti að hafa fyrir sèr til að meðhöndla þetta til fullnustu, og yrði eptir kríngumstæðunum eigi með vissu enn sèð fyrir, hvenær því gæti orðið ráðið til lykta.

Forseti kvaðst vera samþykkur þeim heiðruðu þíngmönnum, er síðast hefðu mælt, að þakkar-ávarp til konúngs væri óþarfi í þetta skipti.

Kandidat Jón Sigurdsson: Til þess, sem konúngsfulltrúinn og hinir aðrir virðulegu þíngmenn hafa talað um þakkarávarp til konúngsins, get eg einúngis svarað því, að eg talaði ekki um þakkar-ávarp, heldur um svar, eða ávarp til svars upp á hina konúnglegu auglýsíng til þíngsins.

Hvað hinu öðru atriði viðvíkur, um verzlunarmálið, þá ætlaðist eg ekki til, að hinn háttvirti konúngsfulltrúi skýrði frá málinu nú í stað, heldur til hins, að ef hann gæti eða vildi skýra nákvæmlegar frá allri meðferð þess, að hann gjörði það á þeim tíma, sem honum væri hentugur; en af svari hans sè eg ekki glögglega, hvort hann getur gefið þínginu nokkrar skýrslur um það eða ekki, eða hvort hann ætlar að bíða þess, að uppástúnga um málið verði borin upp, eða ekki; ef hið síðara er meiníng hans, þá er eg fús til að koma fram með uppástúngu um málið. Til að ítreka mál þetta á ný virðist mèr fullkomin nauðsyn, því þegar vèr sjáum, að hallæri geingur yfir mörg lönd, og allar þjóðir reyna til að bæta úr því einmitt með því að rýmka um aðflutníngа til landanna, þá væri það kynlegt, ef vèr einir vildum ekki taka upp það ráð, sem öllum öðrum þjóðum hefir gefizt vel, eða ef það óheppnaðist á þessu landi, sem allstaðar heppnast annarstaðar.

Konúngsfulltrúi: Að svo miklu leyti sem á lögskipaðan hátt yrði borin upp ósk um skýrslu þá, sem hinn heiðraði alþingismaður, er síðast mælti, vildi fá, þá áskil eg mèr rètt til að gefa nákvæmari skýrslu um það, sem mèr þækti þá við þurfa að tala um það málefni; en eins og málinu er enn komið, get eg einúngis skýrskotað til hinnar konúngl. auglýsingar, sem mèr virðist að svara ljósast og nægilegast spurníngu þeirri, er nú var gjörð; og eins og við má búast, sè eg ei, að eg geti gefið mönnum vissar vonir um, hvenær mál þetta verði útkljáð.

Því næst var fundi slitið, og næsti fundur ákveðinn kl. 10. daginn eptir.

---

## 2. Júlí — annar fundur.

Allir á þíngi. Þíngbók frá 1. fundi lesin og samþykt.

Forseti gjörði þíngmönnum kunnugt, að nauðsyn mundi vera, að taka enn þá 2 aukaskrifara utan þíngstofu fyrst um sinn, þar þeir 2, sem þegar væru teknir, mundu eigi komast yfir að skrifa í gjörníngabók þíngsins og taka eptirrit af bænarskrám og öðru, sem þíngið yrði að senda frá sèr í tvennu lagi. Því næst mæltist forseti til, að þíngið vildi láta í ljósi, hversu stórt upplag af tíðindum þess mundi vera hæfilegt, og lèt forseti þess jafnframt getið, að konúngsfulltrúi hefði sagt honum, að stjórnarráðin óskuðu að fá 15 expl. af þíngtíðindunum, að öðru leyti hefði konúngsfulltrúi útvegað þínginu 1 exempl. af Hróarskeldu-tíðindum, og gerði sèr von um að einnig mundi fást handa þínginu 1 exempl. af hinum öðrum standatíðindum. Gátu þá nokkrir þíngmenn þess, að þeir, litlu áður en þeir hefðu farið að heiman, hefðu feingið brèf um, að safna áskrifendum til þíngtíðindanna; hèlt fulltrúi Skagafjarðarsýslu, að hann af tölu áskrifenda þar mundi gèta ráðið, að 40 expl. af þíngtíðindunum mundu nægja í þeirri sýslu, og fulltrúi Norðurþíngeyjarsýslu sagðist ekki geta gefið von um, að meira seldist í hans kjördæmi — 5 sóknum — en svo sem 5 expl. í hverri sókn. En fulltrúi Norðurmúlasýslu sagðist halda, að þar mundu gánga allt að 20 expl. út í sumum hreppum, þar eð öll alþýða þar girntist að lesa og eignast alþíngistíðindin, en hefði seinast átt ofurbágt með að kom-

ast yfir þau, af því þar væri svo örðugt með sendiferðir og allan flutníng. Þessir fulltrúar voru samt allir þeirrar meiníngar, að upplagið mætti ekki vera minna en í fyrra sinni, og var prófastur Hannes Stephensen og hinir aðrir þíngmenn, sem tóku til orða, þessu samþykkir, því þó ekki væri búið að selja meira en rúman helmíng af tíðindunum, sem voru 1030 exempl., mundu þau samt gánga út síðar, enda væri það miður sæmandi, að einskorða upplagið mjög smásmuglega. Nokkrir þíngmenn mæltust þar að auki til, að þíngið nú vildi gjöra einhverja ráðstöfun fyrir því, að tíðindin kæmu fyrri til kaupenda, en áður; en á því voru þó taldir margir örðugleikar, og hèlt forseti, að borgun sú, er ánöfnuð hefði verið fyrir að umannast tölu tíðindanna og sendíngu út um land, mundi þykja lítt aðgeingileg og ónóg, ef senda ætti tíðindin jafnóðum og þau kæmi út; en að ræða þetta hèr nákvæmar, mundi ekki eiga við, heldur mundi hann sjálfur annast, að þessu yrði hagað sem bezt gæti orðið. Forseti gat þess, að þar eð búið væri þegar að afhenda hverjum þíngmanni hina konúnglegu auglýsíngu til alþíngis, ætlaði hann, að ekki mundi þurfa að leggja hana í lestrarstofuna.

Því næst voru nefndir kosnar til að rannsaka hin konúnglegu frumvörp, er konúngsfulltrúi hafði lagt fyrir þíngið á fyrsta fundi.

1) Frumvarp til opins brèfs um breytíng á þeim tíma, sem á Íslandi þarf til að eignast sveit, eptir 6. grein í reglugjörðinni 8. Janúar 1834.

efnd: Sèra Hannes Stephensen með 17, Kammerráð Melsteð með 15, og Jón Guðmundsson með 7 atkvæðum.

2) Frumvarp tilskipunar um nýjan jarðadýrleika á Íslandi.

Nefnd: Sèra Hannes Stephensen með 17, kammerráð Melsteð með 14, Þorvaldur Sivertsen með 11, Jón Guðmundsson og Guttormur Vigfússon, hvor með 10 atkvæðum.

3) Frumvarp til veiðilaga á Íslandi.

Nefnd: Jón Sigurðsson með 13, Assessor Johnsen, Þorvaldur Sivertsen og Jón Guðmundsson, hver með 10, og assessor Jónassen með 9 atkvæðum.

4) Frumvarp til opins brèfs um það, hvernig endurgjalda skuli hinum konúnglega jarðabókarsjóð alþíngiskostnaðinn og önnur þar við riðin útgjöld.

Nefnd: Jón Sigurðsson og Jón Guðmundsson, hvor með 15 atkvæðum, Sèra Hannes Stephensen með 12, kammerráð Melsteð og assessor Johnsen, hvor með 9 atkvæðum.

5) Frumvarp til opins brèfs, um kostnað þann, sem leiðir af kjöri alþingismanna o. fl.

Nefnd: kammerráð Melsteð með 11, Jón Guðmundsson með 9 og assessor Johnsen með 7 atkvæðum.

Til þess að segja álit um, hver af lagaboðum þeim, sem út hafa komið í Danmörku á árunum 1845 — 46, ráðlegt þætti að lögleidd yrði á Íslandi, voru þessir kosnir í nefnd: kammerráð Melsteð og assessor Johnsen með 16, Jón Sigurðsson með 12 og biskup Thordersen með 10 atkvæðum.

Því næst var fundi slitið og næsti fundur stefndur til kl. 11 daginn eptir.

---

## 3. Júlí — þriðji fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá fyrra fundi lesin og samþykt.

Forseti kunngjörði þinginu, að tekinn væri skrifari utan þingstofu, og játaði konúngsfulltrúi, að það væri með sínu samþykki.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: af því, sem hinn háttvirti forseti bar upp í gær og konúngsfulltrúinn samþyktist, að nauðsyn væri, að fela einhverjum manni utanþings að þýða á dönsku störf þingsins, þá verð eg að stínga upp á því, hvort ekki þyki nauðsyn á, að kveðja nefnd manna af þingmönnum sjálfum, til að yfirlíta og staðfesta þýðinguna; eg gjöri nú ráð fyrir, að hinn háttvirti forseti geti ekki bætt á sig því starfi með öðrum verkum, er á honum hvíla; en mèr þykir hins vegar á miklu standa, að útþýðing þessi sè sem áreiðanlegust.

Forseti kvað þetta að vísu vera æskilegt, en treystist ei sjálfur að taka það einsamall á hendur, og stakk upp á skrifurum þingsins sèr til aðstoðar í því efni.

Assessor Jónassen kvaðst fyrir sitt leyti vera fús til þess, að taka að sèr eptirlit með enni dönsku útleggingu af gjörðabók alþingis, og því fremur, sem honum mundi standa það nærri eptir stöðu sinni á þinginu.

Konúngsfulltrúi: eg verð að leyfa mèr, af því sem nu var sagt, að geta þess, að eptir niðurlagi 43. greinar í alþingistilskipuninni er forseta og þingskrifurum á hendur falið að staðfesta hina dönsku útleggingu þingbókarinnar, sem utan er send. Þess vegna þykir mèr bezt fara, að skrifarar takist á hendur að yfirskoða útleggínguna, að svo miklu leyti sem forseti kemst ei til þess vegna annríkis.

Því næst lagði forseti fram fyrir þingið:

1. uppástúngu frá kandid. Jóni Sigurðssyni um læknaskipun á Íslandi og spítala í Reykjavík, og mælti fram með nefnd til að rannsaka það mál. Uppástúngan er svo látandi:

„Á alþingi því, sem haldið var árið 1845, bar eg upp þá uppástúngu, að bætt yrði læknaskipanin hèr á landi, sem hin mesta nauðsyn ber til, en það fór svo, sem kunnugt er, að það mál kom ekki til umræðu á þínginu, og varð þess vegna ekki útkljáð. Eg dirfist þess vegna enn á ný að ítreka hina fyrri uppástúngu mína, sem var sú: að alþíng beri upp þá bæn við konúng vorn, að læknaskipun hèr á landi verði bætt svo fljótt sem verða má, og læknum fjölgað á þann hátt: 1. að spítali verði settur í Reykjavík, með tveimur læknum, að ótöldum landlækni, og verði þar ætlað herbergi sèr í lagi handa holdsveikum, sem mennætla læknandi; 2. að læknum verði smám saman fjölgað, þángað til læknir yrði að minnsta kosti í hverri sýslu; 3. að kennsla á meðferð einföldustu sjúkdómstilfella, og leyfi til að fara með þau, veittist svo mörgum, að slíkir aðstoðarlæknar yrði í hverri sveit á landinu.

Reykjavík 2. Júlí 1847".

Uppástúngumaður: eg verð að mæla fram með 5 manna nefnd í málinu, og verð eg að geta þess, að eg hefi haldið mèr til uppástúngu minnar, en ekki til nefndar-álitsins, vegna þess eg áleit ekki þá nefnd, sem nú kynni að verða kosin, bundna við álit hinnar fyrri nefndar.

Voru þá kosnir í nefnd þessir menn: landlæknir Thorstensen með 20, biskup Thordersen með 17, kandid. Jón Sigurðsson með 16, umboðsmaður Jón Guðmundsson með 12 og assessor Johnsen með 10 atkvæðum.

Að því búnu lagði forseti fram

2. bænarskrá frá Suðurmúlasýslu um spítala í Reykjavík, og kennslu í yfirsetukvennafræði, með 102 undirskriptum.

3. bænarskrá frá Norðurmúlasýslu, með 128 undirskriptum, áhrærandi sama efni.
4. bænarskrá frá Strandasýslu: um spítala í Reykjavík, læknafjölgun, m. m., með 75 undirskriptum.

Allar þessar bænarskrár voru mótmælalaust afhentar nefndinni í læknamálinu.

Síðan tók forseti fram og afhenti með samþykki þingsins nefndinni um „jarðamat“ á Íslandi

5. bænarskrá frá 13 prestum í Þórnesþingi, um jarðamat, skattgjald, m. m.
6. bænarskrá frá Eyjafjarðarsýslu, um það, að eingin ný skattaaukning verði lögð á fasteignir í landinu, fyrr en skipuleg jarðaskuldsetning er ákomin; bænarskrá þessi er með 195 undirskriptum.
7. bænarskrá frá Suðurþingeyjarsýslu, með 72 undirskriptum, hèr um bil sama efnis.

Ásgeir Einarsson: Eg ætla bænarskráin frá Dalasýslu lúti mest að skattalögunum, en einúngis í fyrsta atriði óski, að jarðamatið fari fram sem fyrst; þó vil eg ekki mæla á móti því, að bænarskráin sè feingin nefndinni, sem á að rannsaka frumvarpið um jarðamatið.

Því næst lagði forseti fram

8. bænarskrá frá Dalasýslu um endurskoðun og umbót húsagatilskipunarinnar 3. Júní 1746, svo látandi:

Þar eð okkur finnst sèrlega örðugt, ef ei lítt mögulegt, víða hvar, einkum í fólksríkum sjóplázum, að brýna til hlítar fyrir alþýðu skyldu hennar viðvíkjandi uppfræðíngu og uppeldi barna, samt annari góðri háttsemi, og vèr álítum torveldni þessa sèr í lagi hafa upptök sín af því, að þar að lútandi lagaboð eru orðin svo gömul, að þau muni hafa mist áhrif sín á yfirstandandi tíma, þá er það bæn vor til alþíngis, að það hlutist til um, að hin gamla húsaga, húsvitjunar og helgidaga tilskipan verði uppýngð, en þó með öllum þeim breytingum, sem samsvara ásigkomulagi þessa tíma.

Á fundi þann 17da Júní 1847.

(Undirskrifuð nöfn 13 prófasta og presta í Þórnesþingi).

Enn fremur lagði forseti fram

9. bænarskrá frá Snæfellsnessýslu, sama efnis; og kváðust þingmennirnir úr báðum Múlasýslunum hafa bænarskrá meðferðis um sama efni.

Kand. Jón Sigurðsson: áður en eg gef atkvæði mitt fyrir því, að nefnð verði kosin til að rannsaka þetta mál, óska eg að heyra bænarskrána upplesna, til þess að fá að vita, hvað um er beðið.

Forseti: Bænarskráin inniheldur einúngis í almennum orðum bæn um, að tilskipanin verði endurskoðuð og löguð.

Kand. Jón Sigurðsson: Þegar svo er ástadt, gef eg atkvæði mitt fyrir, að nefnd verði kosin.

Kammerráð Melsteð kvaðst vera sömu meiníngar og fulltrúi Ísafjarðarsýslu, og hèlt 3 manna nefnd mundi nægja í málinu.

Prófastur sèra Hannes Stephensen og umboðsmaður Jón Guðmundsson mæltu fram með 5 manna nefnd, þar eð málið væri bæði áríðandi og yfirgripsmikið.

Kammerráð Melsteð: ástæða mín fyrir 3 manna nefnd er sú, að eg álít, að nefndin geti ekki gjört annað en sagt álit sitt um það, hvort þíngið eigi að senda bænarskrá til stjórnarinnar um þetta mál, en frumvarp til tilskipunar fær þíngið ekki tíma til að semja í þetta skipti.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Sökum þess að eg er sannfærður um, bæði af eigin reynslu og áliti skynsamra manna heima i hèraði, að málefni þetta þarf margfaldrar breytíngar, verð eg fastlega að vera á því, að ekki nægi minna en 5 manna nefnd, til að rannsaka þetta vandamál.

Umboðsmaður Þorvaldur Sivertsen: eg leyfi mèr að mæla með 5 manna nefnd, og óska hennar því heldur, sem bænarskráin biður um endurbót tilskipananna um húsvitjan og helgihald.

Kand. Jón Sigurðsson: eg verð að mæla fram með 3 manna nefnd, þar hvorki er tími nè nóg gögn fyrir hendi fyrir nefndina, til að semja frumvarp til laga um þetta efni hèr á þínginu. Nefndarinnar starfi yrði því einúngis sá, að hugleiða, hvort beiðast skyldi þess af stjórninni, að hún legði fyrir þíngið lagafrumvarp í þessu efni.

Biskup Helgi Thordersen: eg er þessu samdóma, og held 3 manna nefnd nægja.

Forseti: lagaboð þetta er nú þegar hundrað ára gamalt og þarf verulega endurbót; en samt fellst eg á það, sem upp á hefir verið stúngið um tölu nefndarmanna, því sjáanlegt er það, að ekki getur orðið í þetta skipti gjört annað við málið,

en það sem Kammerráð Melsteð hefir sagt. Forseti skaut því til atkvæða, hvort kjósa skyldi 5 eða 3 manna nefnd í málinu, og urðu flest atkvæði fyrir 3 manna nefnd; voru þá kosnir biskup Thordersen með 16, Kammerráð Melstð með 9 og Stiptprófastur séra Árni Helgason með 7 atkvæðum.

Þá lagði forseti fram bænarskrá frá Skagafjarðarsýslu um uppsiglingu Sauðárkróks þar í sýslu til verzlunar.

Jón Samsonsson: Eg óska að mega lesa upp bænarskrána, svo þingið geti kynt sèr innihald hennar og ástæður þær, sem hún á við að styðjast.

Forseti: Eg ætla að taka fram aðalástæðurnar í bænarskránni fyrir þinginu, og það mun nægja.

Prófastur Haldór Jónsson: Eg verð, sem eg bezt get, að mæla fram með því, að nefnd sè kosin til að íhuga þetta mál, þar eg hygg, að margar ástæður mæli fram með því, að málið fái áheyrzlu, t. a. m. á mikill partur hèraðsins að sækja til kaupstaðarins í Hofsós yfir vatnsföll, sem opt eru ófær, nema á ferju, líka er höfnin og innsiglingin góð í Sauðárkrók.

Voru þá kosnir í nefnd: prófastur Haldór Jónsson með 19, Jón Samsonsson með 17 og Guðmundur Arnljótsson með 10 atkvæðum.

Því næst var fundi slitið, og næsti fundur ákveðinn kl. 12 á mánudaginn eptir.

---

## 5. Júlí — fjórði fundur.

Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykt. Forseti tilkynti þinginu, að biskup Tordersen gæti eigi mætt sökum lasleika.

Ásgeir Einarsson: Áður en byrjað er að setja nefndir í málum þeim, sem fyrir hendi eru, verð eg að geta þess, í tilliti til þess sem fram hefir farið à þessu þingi, að mèr finnst ekki reglu þeirrar, er fyrirskipuð er í alþingistilsk. 43. grein, hafi verið sem nákvæmast gætt í því, að útskýra innihaldið úr ræðum konúngsfulltrúa; því þó konúngsfulltrúi eigi stundum mest tal við forseta, held eg það komi þinginu við, og að rèttur þess í þessari áminnstu grein sè ekki svo mikill, að það megi neitt eptir gefa af honum, því þó nokkrir af þingmönnum skilji danska túngu, lætur að líkindum, að allir geti það ekki á þessu þingi, og sízt til hlítar. Þar eg vona, að allrar reglu

verði sem bezt gætt á þinginu framvegis, fer eg ekki um þetta fleiri orðum.

Konúngsfulltrúi: Alþingismaður sá, er nú talaði síðast, mun án efa minnast þess, að á alþingi því, er haldið var nú fyrir tveim árum, var allt það, sem eg þá talaði á danska túngu, þegar í stað útlagt á íslenzku af aðstoðarmanni mínum, þeim er þá var. Ef þess vegna hinn virðulegi alþingismaður hefir litið til þess, að sú hin sama aðferð hafi nú ekki verið viðhöfð á hinum síðasta fundi, er eg gjörði eina litla athugasemd, sem eg einkum talaði til hins háttvirta forseta, þá er þetta einúngis því að kenna, að eg hefi, eins og þinginu er kunnugt, feingið nýjan aðstoðarmann, og getur fyrir þá skuld sú yfirsjón hafa orðið, en það er sjálfsagt, að þetta getur ekki haft neinar afleiðíngar eptirleiðis.

Forseti: Að það, er hinn hæstvirti konúngsfulltrúi talaði á síðasta fundi, eigi var þýdt eptir honum þá í stað, kom máske af því, að eg þá tók til máls strax á eptir honum, og er sú yfirsjón þannig mèr að kenna og vona eg, að einginn alþingismanna ætli mèr það, að eg hafi viljað með því traðka rètti þíngsins.

Forseti framlagði þá

10—11. Tvær bænarskrár um læknaskipun og spítala frá Norðurþíngeyjarsýslu með 68 og 38, og frá Skaptafells sýslu með 18 undirskriptum.

Þessar bænarskrár voru afhentar nefndinni í læknamálinu.

12—18. Bænarskrár um auglýsíngu á fjárhag landsins frá Norðurmúlasýslu með 132, Suðurmúla með 114, Húnavatns með 157, Suðurþíngeyjar með 71, Skaptafells með 15, Eyjafjarðar með 263 og Skagafjarðar með 213 undir skriptum.

Forseti kvað málið mundi þykja svo mikilvægt, að vert væri að kjósa nefnd til að íhuga það, og stakk þá umboðsmaður Jón Guðmundsson upp á 5 manna nefnd, og voru í hana kosnir kandíd. Jón Sigurðsson með 18, prófastur Stephensen, assessor Johnsen og Jón Guðmundsson umboðsmaður, hverr með 14, og kammerráð Melsted með 8 atkvæðum.

Því næst framlagði forseti

19—25. 7 bænarskrár um auglýsíngu konúnglegra frumvarpa á undan þinginu (sjá alþíngistíð. 1845 bls. 527—536) frá Eyjafjarðarsýslu með 265, Skagafjarðar með 202, Stranda með 80 (þessi bænarskrá biður einnig um, að stjórnin hið

fyrsta leggi úrskurð á málefni þingsins), Húnavatns með 181, Norðurmúla með 129, Suðurþingeyjar með 7, og Suðurmúla með 119 undirskriptum.

Eyjólfur Einarson. Eg hefi bænarskrá meðferðis um sama efni.

Forseti skaut þá til þingsins, hvort nefnd skyldi kjósa, og hve margir í henni skyldu vera.

Prófastur H. Stephensen: Mèr þykir málið mikils um varðandi, en held þó nægja 3 manna nefnd.

Kandídat Jón Sigurðsson: Eg verð að geta þess, að mál þetta, sem hèr er borið upp, er eitt af þeim atriðum, sem um er beðið í bænarskrá þeirri, sem eg hefi haft til þings frá Ísafjarðarsýslu, viðvíkjandi breytíng á alþingisskipuninni, en eg læt mèr samt vel líka, að þetta atriði sè tekið fyrir sèr í lagi og kosin nefnd í það, og er eg á sama máli um, að 3 manna nefnd sè nægileg.

Kammerráð Melsteð: Mèr virðist, að þetta málefni heyri undir málið um breytíng á alþingistilskipuninni, og ræð eg því frá, að nefnd sè kosin.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eg er samþykkur hinum virðuglega þingmanni, er síðast mælti.

Kandídat Jón Sigurðsson: Það er þó athugavert, að svo kynni að fara, að alþingismálið yrði ekki enn þá útkljáð á þessu þingi, þar eð mál það er svo margbrotið og vandasamt, en væri nú þetta mál tekið sèr, þá gæti landsmenn haft gott af því til næsta þings, ef það feingi framgáng.

Fulltrúar Suðurmúla og Barðastrandarsýslu voru þessu samþykkir.

Kammerráð Melsteð: Eg er á því, að hentast sè að láta þetta fylgja málefninu um breytíngu á alþingistilskipuninni, og held það eigi standa í vegi fyrir fljótum afdrifum þess máls.

Forseti skaut því þá til úrlausnar þingsins, hvort nefnd skyldi velja, og urðu 13 atkvæði fyrir því.

Kammerráð Melsteð og prófastur H. Stephensen stúngu upp á 3 manna nefnd, og voru í hana kosnir: kandíd. Jón Sigurðsson og prófastur H. Stephensen með 7 atkvæðum.

Þá lagði forseti fram

26—27. Bænarskrár um lögun húsagatilskipunarinnar af 3. Júní 1746 frá Norðurmúlasýslu með 185, og Suðurmúlasýslu með 61 undirskript.

Forseti kvað bezt mundi að afhenda bænarskrá nefnd þeirri, sem áður er sett um þetta efni, og var svo gjört.

Enn fremur framlagði forseti

28. Bænarskrá frá Suðurmúlasýslu um friðun æðarfugls, með 8 undirskriptum, og kvaðst ætla réttast að afhenda hana nefnd þeirri, er þegar er kosin til að íhuga veiðilög fyrir Ísland, en þótt hann hefði sagt flutníngsmanni hennar, að óþarfi væri að framleggja hana, þar eð skýlaust lagaboð væri komið um það efni. Var því bænarskráin afhent áðurgreindri nefnd.

Ennþá lagði forseti fram

29—38. Bænarskrár um breyting á alþíngistilskipuninni frá Strandasýslu með 74, Eyjafjarðar með 280, Suðurmúla með 127, Norðurmúla með 120, Suðurþíngeyjar með 59, Húnavatns með 153, 2 frá Norðurþíngeyjar með 125 og 2 frá Skaptafells með 33 nndirskriptum.

Forseti óskaði, að þíngið segði álit sitt um þessar bænarskrár.

Prófastur H. Stephensen: Það sýnir fjöldi nafnanna að það er þjóðarinnar algjörður vilji, að þíngið geti gaum þessu málefni, og sting eg því upp á 5 manna nefnd.

Voru þá þessir í nefnd kosnir: kandíd. Jón Sigurðsson með 16, prófastur Stephensen með 14, kammerráð Melsteð með 10 og assessor Johnsen og umboðsmaður Jón Guðmundsson, hvor með 9 atkvæðum.

Forseti lagði enn fram

39—40. Bænarskrár um laun og kosníngar hreppstjóra frá Skagafjarðarsýslu með 201, og Stranda með 64 undirskriptum.

Kammerráð Melsteð: Það er að sönnu víst, að, eins og nú stendur, væri nauðsynlegt að bæta kjör hreppstjóra; en eg ætla þó, að nú sé ekki réttur tími til að bera upp bænarskrá um bót á launum þeirra, því alla sveitarstjórn þarf að bæta frá rótum. Það er hreppstjórum ofvaxið, svo að segja, annaðhvort einum eður með tilstyrk presta að jafna niður aukaútsvari á bændur, sem er sá þýngsti skattur, er þeir bera, og yfirstígur mikið öll önnur gjöld þeirra til ens opinbera. Þenna starfa ætti því að uppáleggja fleiri mönnum, er væri kjörnir af hreppsbúum eptir frjálsum grundvallar-reglum, og svo er það nú einnig orðið í Danmörku og flestum öðrum löndum. Það var því þess vegna mitt áform, að koma fram með uppá-

stúngu um breytíngu á sveitarstjórn, þó eg enn nú ekki gæti vitað, hvort eg fæ gjört það á þessu þíngi. Eg verð því að mæla móti því, að nefnd verði kosin í málinu.

Ásgeir Einarsson: Eg mæli fram með 3 manna nefnd í málinu, nema vissa sè fyrir, að sú áformaða uppástúnga kammerráðs Melsteðs, um lögun sveitastjórnar, komi fram á þessu þíngi.

Jón Samsonsson: Eg er því samþykkur, að nefnd verði kosin, af því óvíst er, hvenær ný lögun sveitastjórnar kemst á.

Jakob Pètursson: Þó eg haldi nauðsynlegt, að kjör hreppstjóranna yrðu bætt, get eg samt ekki mælt fram með því, að mál þetta verði rædt nú á þessum fundi; því eg er hræddur um, að það kunni, ef til vill, að spilla máli þeirra síðar.

Kammerráð Melsteð: Ef nú þegar er farið að ákveða hreppstjórum laun, yrði það til fyrirstöðu þeirri lögun á sveitarstjórn, sem þó er svo nauðsynleg.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Bæði með tilliti til þess er hinn heiðraði konúngkjörni þíngmaður, er síðast mælti, sagði um nauðsynja endurbót á sveitastjórn hèr, þykir mèr ekki ráðlegt að setja nefnd í þessu máli, og svo líka vegna hins, að skattalög landsins standa nú til algjörlegra endurbóta; en mèr þykir óráð, á meðan ekki er komið í kríng með það málefni, að fara að ákveða laun handa hreppstjórum, og hvaðan þau skuli taka, þó mèr að öðru leyti þyki þörf á því.

Assessor Johnsen: Mèr virðist, að það ætti bezt við, að flutníngsmaður um sinn tæki uppástúnguna um val og laun hreppstjóra aptur, þángað til kammerráð Melsteð er kominn fram með uppástúngu þá, er hann hefir ásett sèr að bera upp um nýja sveitastjórn, en að sú fyrri nppástúngan þá verði feingin þeirri nefnd, er sett er um sveitarstjórnina; því hvernig sem hún svo yrði löguð, er fyrir því ráð að gjöra, að til hugleiðíngar komi í nefndinni, hvort og hvernig þeim þá ætti að launa starfa sinn, sem hana hefði á hendi í hverri sveit; en til þess að flutníngsmaður fái vissu um, hvort mál þetta kemur fyrir, þykir mèr óskanda, að kammerráðið geri þínginu það berar uppskátt.

Kammerráð Melsteð: Það er að sönnu ásetníngur minn og vilji, að koma fram á þessu þíngi með uppástúngu um breytíngu á sveitarstjórn hèr á landi; en þar eð búið er þegar að vinna að svo mörgum málefnum, get eg nú ekki með vissu

sagt, hvort það verður á þessu þingi eða ekki. En hvað sem um það er, þá sýnist einsog sú núverandi sveitastjórnarskipun væri gjörð fastari með því, ef nú væri farið að gefa hreppstjórum laun.

Árgeir Einarsson: Eg er ánægður með, að bænarskrár þessar sèu feingnar nefnd þeirri, sem sett yrði til að íhuga sveitastjórnarmálefnið, en eigi að síður þyki mèr vel tilfallið, að hafizt verði máls á því áður en skattamálið er útkljáð, því á undan þessu ætti að vera búið að ákveða laun sveitastjórnendum.

Forseti: Mèr finnst hèr vera sá meiningamunur, að sumir vilja að þingið taki málið til greina, en sumir, að flutníngsmenn taki við bænarskránum aptur.

Kandídat Jón Sigurðsson: Það er alkunnugt, að þingið reyndi sig á þessu máli hið fyrra sinn, og var kosin nefnd í það, en þó menn viðurkendu, að hreppstjórar ætti mikið gott skilið, þá fundu menn þó ekkert ráð til að launa þeim, sem allir vildu fallast á; eg veit nú reyndar ekki, hverjar uppástúngur þessar bænarskrár gjöra, en eg hefi ekki heyrt enn neinar betri en þær, sem upp hafa verið bornar áður; eg held þess vegna, að til einskis mundi verða að kjósa nefnd í þetta mál að svo komnu, og greiði því atkvæði mitt móti því, að nefnd sè kosin.

Jakob Pètursson, Eyólfur Einarsson og Helgi Helgason voru þessu samþykkir.

Þá fèllu atkvæði þannig, að ekki skyldi kjósa nefnd í málinu.

41. Þá lagði forseti fram bænarskrá frá 13 prestum í Þórnesþíngi, að nefnd manna yrði sett til að veita prestaköll.

Kammerráð Melsteð: Eg óska að heyra bænarskrá þessa upplesna, til að komast að, hverjar ástæður hún hefir fyrir sig að bera.

Kandíd. Jón Sigurðsson: Eg óska gjarnan að heyra bænarskrána lesna upp.

Ásgeir Einarsson: Eg mæli fram með nefnd í málinu, vegna þess mèr er það kunnugt, að alþýðu liggur þúngt á hjarta, hversu óheppilega opt hefir tiltekizt með brauðaveitíngar, einkum þegar duglegir kapellánar eptir lánga þjónustu verða að víkja fyrir óþektum og óreyndum stúdentum.

Kammerráð Melsteð: Eg verð að vera á móti því, að nefnd

sè kjörin til að segja álit sitt um þetta mál, því mèr virðist það stríða móti rèttum og viðteknum grundvallarreglum, sem farið er á flot í bænarskránni. Það er allstaðar konúngurinn, eða sá sem hefir það hæsta stjórnarráð á hendi, sem útnefnir embættismenn; og hèr mundi konúngur vor, hverjum þetta tilkemur eptir grundvallarlögum ríkisins, sjálfur útnefna presta á Íslandi, ef fjarlægð landsins og aðrar óhægðir ekki hindruðu. Það er því náttúrlegt, þegar konúngur getur ekki gjört þetta hèr sjálfur, að hann feli það á hendur þeim, sem hèr hefir hæst vald á hendi, nefnilega stiptamtmanninum; enda er þá heldur ekkert á móti, að hann taki af honum vald þetta, nær sem hann vill og hentugleikar leyfa. En ef konúngurinn feingi þetta vald nefnd manna í hendur, þá væri það að nokkru leyti eins og hann gæfi þetta vald úr hendi sèr; því það kynni þá í vissu tilliti virðast, sem það rýrði rètt þjóðarinnar, ef hann svipti nefndina þessu valdi aptur. Þar næst ætla eg, að lítið eða ekkert vinnist við umbreytínguna; því þegar nú einstöku sinnum mistekst að veita brauðin, eins og optast mun verða, hvernig sem um er beðið, þá er nú, að svo miklu leyti mèr er kunnugt, þar um einúngis kent ókunnugleika stiptamtmannanna; en ef fleiri innlendir menn ættu að taka þátt í brauðaveitíngunni, þá mundi það máske af öðrum verða tilreiknað allt öðrum orsökum; fyrir þá mundi því brauðaveitíngarlènið verða óþakklátt umboð; auk þessa mundi ágreiníngur um brauðaveitínguna vekja misklið í nefndinni, hvað eingan veginn væri æskilegt. Loksins virðist mèr það ekki hlýða, að stiptamtmaður og biskup, sem í vissu tilliti eru skipaðir yfir bæði rektor við skólann, lektor við prestaskólann, og dómkyrkjuprestinn, sèu í nefnd með þessum mönnum, til að veita brauðin; því þeirra hærri staða mundi valda því, að þeir rèðu mestu um brauðaveitínguna. Eg ætla bezt fari, sem nú er, að biskup hafi þá verkun, sem vera ber, á brauðaveitíngarnar, en stiptamtmaður hafi úrskurðar atkvæði.

Prófastur Halldór Jónsson: Eg er kammerráði Melsteð fullkomlega samþykkur um þetta efni; eg efast um, að nokkru betur tækist að veita prestaköllin, eða að þar að lútandi reglum yrði betur fylgt fyrir það, þó nefnd manna væri til þess sett, en gengið getur, eptir því sem nú er. Það eru líkindi til, að svo fari bezt, að í brauðaveitíngum sè mest farið að ráði biskups, sem prestunum yfir höfuð er kunnugastur, og í mestu

sambandi stendur við þá, og hvað prestaefnunum viðvíkur, er jafnvel enn síður orsök til að óttast þekkíngarskort. Það er líka athugavert, að þeir menn, sem stúngið var upp á í bænarskránni að vera skyldu í nefndinni, búa allir í eða kríngum Reykjavík, og standa líklega í miklu minna sambandi við prestana, en biskupinn, svo það ræður að líkindum, að þeir þekki þá miklu síður, en hann. Eg verð þess vegna að mæla móti því, að nefnd verði kosin í þessu máli.

Ásgeir Einarsson. Eg held, með tilliti til þess sem kammerráð Melsteð sagði, að einvaldur konúngur hafi rètt til að breyta lögum um brauðaveitíngu, einsog öðrum lögum. Að það komi til misklíð í nefndinni, þegar brauðin yrðu veitt eptir atkvæðafjölda, eins og til að mynda dómar fara út í landsyfirrèttinum á þann hátt, og málum hèr á þínginu er ráðið til lykta, get eg ekki skilið, og óska eg, að hinn hæstvirti konúngsfulltrúi vilji láta í ljósi meiníngu sína um þetta, áður til atkvæða sè geingið.

Konúngsfulltrúi: Þar eð þess hefir verið æskt með berum orðum, að eg nú þegar lèti í ljósi álit mitt um þetta mál, þá vil eg verða við þeim tilmælum, og get eg þá yfirhöfuð skýrskotað til þess, sem Melsteð kammerráð og Haldór prófastur Jónsson hafa talað; einúngis vil eg bæta því við, að eins og það eptir grundvallarreglunum væri rèttast, að konúngur sjálfur veitti öll prestsembætti hèr á landi, eins og önnur embætti, þannig hefir einnig frá stjórnarinnar hálfu verið haft í hyggju að koma þessu á, því árið 1816 beiddi hið konúnglega danska Kansellí Stiptsyfirvöldin á Íslandi, að segja sèr álit sitt um, hvernig þessu yrði komið í kríng; en eptir þeim skýrslum, sem í það skiptið feingust um vandkvæði þau, sem þesskonar breytíng mundi olla, þá eru allar líkur til, að þetta hafi þótt ófært, því síðan hefir ekkert verið við því hreift. En þegar fyrst var sèð fyrir endann á því, að konúngur sjálfur almennt getur ekki veitt brauðin, þá virðist mèr að beinast liggi við, að það sè falið þeim manni á hendur, sem hvað helzt virðist vera í hans stað hèr á landi, en það er Stiptamtmaðurinn.

Ásgeir Einarsson: Eg ætla þó, að ekkert íllt muni af því standa, þó nefnd sè kosin til að hugleiða þetta mál.

Forseti skaut því þá til úrlausnar þíngsins, hvort nefnd skyldi kjósa, og urðu 19 atkvæði móti því.

Forseti framlagði þá

42. Bænarskrá frá Dalasýslu með 13 nöfnum, um þann tíma sem dímissi þurfa að hafa verið prestar til að ganga jafnt að brauðum með kandídötum, og mælti á þá leið, að það sýndist, sem uppástúnga þessi ekki væri löguð eptir því ástandi, sem eptirleiðis mundi verða á verðugleikum prestaefna.

Ásgeir Einarsson: Þingið verður óvinsælt fyrir það, ef mörgum bænarskrám verður frá því vísað.

Kammerráð Melsteð: Eg verð einnig að vera því mótfallinn, að nefnd verði sett í þessu máli, því nú er hèr prestaskóli á stofn settur, og mun því verða nauðsyn á að ákveða, hvaða forgángsrètt seminaristar þeir, sem dímitteraðir verða frá prestaskólanum, eiga að hafa til að framast til brauða, og hver staða þeirra á að vera, á annan bóginn til kandídata og á hinn til stúdenta þeirra, sem dímitteraðir eru frá Bessastaða skóla. Eg álít því nú ekki tíma til að uppbera þessa bænarskrá, og ræð því þinginu til að setja ekki nefnd í málinu.

Kandídat Jón Sigurðsson: Eg greiddi atkvæði mitt móti nefnd í hinu fyrra máli, vegna þess eg þóttist sannfærður um, að úr því gæti ekkert verulegt gagn orðið. En í þessu máli virðist mèr haga öðruvísi til, að því leyti sem hèr er hreift því, hverjar reglur skyldi setja fyrir brauðaveitíngum, því mèr finnst það mál vera svo mikils vert, að það þyrfti nákvæmrar umhugsunar, hvort slíkar reglur væri til gagns eða ekki, og hvernig öllu því máli ætti að haga. Eg er nú á því, fyrir mitt leyti, að ekki sè ráð að gefa slíkar reglur, heldur vilda eg, að sett væri opinber próf fyrir þá, sem sækja um embættin í fyrsta sinn, en eg held það væri að gagni, að nefnd manna segði álit sitt um málið, hvort sem hún fèllist á að reglurnar væri gefnar eða ekki. Stiptsyfirvöldin sjálf mættu óska, að fastari reglur yrði, á einhvern hátt, svo þau þekkti þá menn sem glöggvast, sem um embættin sækti, því óneitanlegt er það, að það er og hefir opt verið almennt álit, að stórir gallar hafi verið á brauðaveitíngum sumstaðar, enda mun það optast verða svo, hvort heldur útlendir eða innlendir ætti að veita embættin, að þeim yrði ýmsir hlutir ókunnir, sem kunnugir menn á ýmsum stöðum þekkja og hugsa, að til greina verði teknir, en veitendur hvorki þekkja nè geta þekt. Vegna þess að eg ímynda mèr, að ýmisleg atriði, sem að þessu lúta,

verði tekin til greina í nefndinni, greiði eg atkvæði mitt fyrir nefnd í þessu máli.

Kammerráð Melsteð: Mèr finnst þó bænarskráin offljótt uppborin, þar eð nýrrar ákvörðunar þarf við um rètt seminarista í þessu tilliti.

Prófastur H. Stephensen: Eg er að vísu samþykkur kammerráði Melsteð, en álít þó, að það mundi eiga vel við, að einhverjar reglur yrðu gefnar um brauðaveitíngar hèr á landi, þó eg þykist sjá fram á, að þær ekki gætu orðið, nè heldur ættu að vera nema almennar.

Kammerráð Melsteð: Eg held, að það yrði ógjörníngur að binda þetta við fasta reglu, heldur verði það að vera komið undir greind og nákvæmni stiptsyfirvaldanna í hvert skipti.

Assessor Johnsen: Mèr þóttí þörf á að gefa atkvæði mitt fyrir nefnd í málinu, sem nýskeð var vísað frá, með fram vegna þess, að eg hefi nokkra reglu fyrir mèr um það, að það er töluvert vanda verk fyrir einn, að veita brauð, og að eg hèlt það áríðanða, að málið yrði rannsakað hèr á þíngi, ef ei annars vegna, þá þó þess, að sannfæra almenníng um, að braudaveitíngin eins kynni að geta mistekizt fleirum sem einum; en væri þess þörf, sem mèr fannst, að setja nefnd í því máli, því minni sýnist mèr þörfin vera til þess í þessu, eða þá til að breyta þeim reglum, sem í gildi eru um veitíngu brauðanna til guðfræðínga útlærðra frá háskólanum fremur öðrum, og við þær reglur hlýtur stiptamtmaður að álíta sig bundinn. En hvað guðfræðínga þá snertir, sem læra eiga guðfræði í presta-skólanum, þá þykir mèr ekki tími til að gefa reglur fyrir því, að hvað miklu leyti þeir eigi að standa á baki kandídatanna til brauða, á meðan eigi er farið að kenna í skóla þessum, þó þegar sè hann stofnsettur af konúngi, og ætla eg nóga stund að ræða um það á næsta þíngi, eða þegar ávextirnir með reynslunni koma í ljós.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eg hlýt að álíta mestu nauðsyn, að málefni þetta sè tekið til greina af þíngmönnum, en að öðru leyti fellst eg á það, sem Kammerráð Melsteð síðast mælti.

Jón Guðmundsson: af því, sem hið heiðraða þíng hafnaði fyri skemstu, að nefnd yrði sett til að semja bænarskrá um, að nefnd yrði stofnuð til að veita prestaköll hèr, skildist mèr ekki betur, en að allir viðurkenni, að konúngur einn ætti rètt á

því, eður og að fela þeim manni það einum, sem væri sýnileg ímynd kóngdómsins hèr á landi, sem nú er stiptamtmaðurinn; en eg veit ekki, hvað vel færi á því að gefa konúnginum reglur fyrir sliku, þó það annars vegar væri mögulegt; en eg held, að það sè næsta torvelt að semja þær reglur, að affarabetri yrðu en sú skyldurækt og samvizkusemi, sem menn verða að gjöra ráð fyrir hjá stiptsyfirvöldunum eptir þeirra háu embættisstöðu; mèr finnst þess vegna heldur ekki eiga við að setja nefnd í þessu máli.

Prófastur Halldór Jónsson: Þegar eg tek til orða til að mæla á móti því, að nefnd verði sett til að hugleiða þetta mál, vona eg, að einginn álíti það sprottið af þeirri rót, að eg er einn af þeim, sem leyst hafa af hendi lærdómspróf (í guðfræði) við háskólann. Hafi eg tekið rètt eptir, virtist aðalaugnamið bænarskráarinnar vera það, að hnekkja þeim forgángsrètti, sem kandídatar eptir löggjöfinni hafa fyrir ósigldum prestum; en svo framarlega sem ekki er lítið í það varið, að öðlast sem mesta mentun, þykir mèr ísjárvert að hnekkja mjög þessum rètti. Þó löggjöfin ekki með berum orðum gjöri mun á kandídötum, eptir vitnisburði þeim, sem þeir við embættisprófið hafa öðlazt, fylgir það þó af sjálfu sèr, að svo verður gjört, þegar dæma á milli kandídata, og dæmi eru til þess, að ósigldir prestar hafi verið teknir framyfir kandídata.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Betur sèr auga en auga. Þess vegna var það, að eg stóð upp, og gaf málefni því, er síðast var um rædt, meðmæli mitt, að það væri tekið til rannsóknar af nefnd, að eg hugsaði, að nefnd sú, er beðið var um í bænarskránni, mundi fremur vera fær um að álykta um verðugleika þeirra, er sækja um brauð, heldur en á meðan vald til þess stendur í höndum svo að segja eins manns, eins og nú er, og er það einkum meðan „Erkleringar“ Prófasta hafa ekki unnið meira traust en skeð er, eður eru áreiðanlegri en opt við ber, og enn fremur verð eg að leyfa mèr að láta í ljósi, að eg sè í alla staði á því, að nefnd sè valin til þessa málefnis af þeim ástæðum, að eg held rèttvíst, að prestar þeir, er með öllum sóma hafa um fleiri ár gegnt embættisverkum, og hafa með dagfari sínu verið fyrirmynd og aðstoð sóknarfólks síns, ættu, þótt þeir hefðu ekki notið æðri mentunar en í þessa lands lærða skóla hefir gefizt kostur á, að setjast við síðuna á kandídötum enda með besta karaktèr eða

lærdóms einkunn, því heldur hinum, þar eg álít það ekki komið undir einkunninni (karaktèren), heldur því, hvernig sèrhver gegnir embættis skyldu sinni, og grunda eg þessa ályktan mína á sannfæring, bygða á reynslu, því ekki mun með öllu ókunnugt, að kandídatar, og það með bezta karaktèr, hafa staðið ósigldum á baki í mörgum greinum, sem prestar.

Prófastur Halldór Jónsson: Eg ber eingan veginn til baka orð hins heiðraða þingmanns, er seinast mælti, að margir ósigldir prestar sèu mjög svo merkir og virðingarverðir, og það sumir kandídatar standi á baki þeirra í mörgu; en ekki get eg fundið í þessu næga ástæðu til að þraungva kostum kandídata; því þó þess megi finna dæmi, að minni vel[illegible]ángur af mentunar viðleitni einstakra manna, sem háskólans vitja, en óskandi væri og ætlandi, þá mun þetta ekki vera alment, og hvern þetta muni henda, veit maður ekki fyrirfram, og því væri ósanngjarnt og óráðlegt að taka í burtu þá hvöt, [illegible]presta-efni hingað til hafa haft til að leita mentunar við háskólann í von um aðgáng til embætta öðrum fremur. Af þessum ástæðum verð eg að ítreka mótmæli mín gegn bænarskránni.

Ásgeir Einarsson: Eg veit ekki, hvort eg hefi misskilið umboðsmann Jón Guðmundsson, þegar hann seinast mælti, að menn vildu gefa konúngi reglur fyrir brauðaveitíngum; mín meiníng var, að biðja konúng um reglur fyrir brauðaveitíngum hèr á landi, en hvorki eg nè aðrir bænður vita, hvort það er regla að láta kandídata gánga fyrir doktori í guðfræði.

Konúngsfulltrúi: Fyrir þá skuld að menn hefir greint nokkuð á um þetta mál og mèr virðist nokkur efi leika á því, hvort alþíng verði ásátt um, að setja skuli nefnd í þessu máli, eður ekki, þá vil eg nú þegar fara þar um fám orðum. Eg verð þá fyrst og fremst að geta þess, að jafnvel þótt opið brèf frá 11. Marts 1633 virðist að veita Kandídötum í guðfræði skýlausan forgángsrètt fyrir þeim, sem ekki hafa iðkað guðfræði í háskólanum, þá gæti þó svo verið, að í nokkru mætti takmarka reglu þessa, eptir því sem ýmislega stendur á högum manna. Í niðurlagi þessa opna brèfs er það sumsè gjört hlutaðeigendum að skyldu, að þegar brauðin sèu veitt, „skuli í alla staði, eins og vera eigi, farið eptir því, sem Ordínanzían segir fyrir, og að lærðir og siðprúðir menn sèu teknir fram yfir þá, sem ólærðir sèu“. Skyldi því svo bera til, að sá maður, sem ekki hefði lært á háskólanum, en hefði þó hèr í landi

aflað sèr svo mikillar þekkíngar, að hann mætti heita lærður maður, þá virðist þó, ef til vill, vera nokkur ástæða til þess, að taka hann fram yfir þann kandídat í guðfræði, sem með einkunn þeirri, er hann hefði feingið í embættisprófi, sýndi, að hann hefði tekið að eins litlum framförum í lærdómsiðkan sinni. En forgángsrèttur sá, sem kandídötum í guðfræði er veittur, hefir án efa hingað til verið á gildum rökum bygður, þar menn einúngis með því móti hafa getað gefið þeim, sem útskrifazt hafa úr skóla hèr í landi, næga hvöt til þess, þegar því annars yrði við komið, að reyna til að ná meiri mentun við háskólann. En eptir að nú er búið að setja hèr nýjan skóla handa andlegrar stèttar mönnum, þá virðast miklar líkur til þess, að þessu málefni verði nokkuð breytt á annan veg, en verið hefir, þannig að minnsta kosti, að kandídatar í guðfræði, hvaða vitnisburð sem þeir svo hafa, hafi ekki skýlausan forgángsrètt fyrir þeim, sem útskrifast úr prestaskólanum hèr í landi. Þannig má að líkindum við því búast, að þesskyns breytíng verði gjörð, enda þótt eingin bænarskrá komi um það efni frá alþíngi; en það virðist og eðlilegast, að ekki sè nú þegar gjörð nokkur föst ákvörðun um það, fyrr en búið er að koma þessum prestaskóla fyrir í öllum greinum; því áður en það er gjört, geta menn ekki gefið þær reglur, sem við eiga, um innbyrðis samjöfnuð og rèttindi kandídatanna og þeirra, sem útskrifast úr prestaskólanum. Þess vegna, að svo miklu leyti sem það skyldi vera ásetníngur alþíngis að biðja um, að hinu opna brèfi frá 11. Marz 1633 yrði breytt með almennu lagaboði, þá þykir mèr þó ekkert að því, að nefnd sè sett til að rannsaka málið, en þó ætla eg, að brýn nauðsyn beri ekki til þess; en þar eð alþíngið, nú sem stendur, ekki mun geta ákveðið fastar reglur fyrir því, hvernig hagað skuli breytíngu þessari, þá þykir mèr það vera ofsnemt, ef menn færu nú að hreifa því, hvaða reglu skyldi setja í staðinn fyrir þessa, sem nú hefir verið gètið.

Kandídat Jón Sigurðsson: Viðvíkjandi þeirri þýðíngu, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi leiddi út af seinni hluta hins opna brèfs 11. Marts 1633, þá verð eg að gjöra þá athugasemd: að þessi hluti brèfsins takmarkar ekki þann forgángsrètt, sem kandídötum er veittur fram yfir þá, sem mentaðir eru hèr á landi, heldur sker það einúngis úr, hversu fara skuli með veitíngar hinna síðarnefndu. Á þeim tímum var

lènsmannavaldið ekki orðið hèr svo ríkt, sem það síðan varð, en þá gildti jus patronatus, bæði fyrir dómkirkjurnar eða biskupana þeirra vegna, og fyrir leikmenn þá, sem frá fornöld höfðu haft umráð nokkurra af kirkjustöðunum, og sumir af þessum kusu til presta ólærða menn, þvert á móti boði Ordínanzíu Kristjáns konúngs þriðja og Kristjáns fjórða.

Að öðru leyti er eg ekki fráhverfur því, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi gat um, að til lítils muni koma, þó kosin væri nefnd í málið, þar eð alþíng getur ekki að svo stöddu lagt nein. viss ráð á málið, nema ef vera skyldi að afmá eða taka úr lögum hið opna brèf frá 1633, en eg greiði atkvæði mitt fyrir nefnd, einúngis af því eg álít málið íhugunarvert.

Forseti lèt þá gánga til atkvæða, og var bænarskránni hrundið með 13 atkvæðum.

Þar eptir var fundi slitið.

---

## 6ti Júlí — fimti fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá fyrra fundi lesin og samþykt.

Prófastur Halldór Jónsson: Eg verð að leyfa mèr að fara fáeinum orðum um tvö atriði, sem fyrir komu á þínginu í gær, þó það væri í máli, sem þá var útkljáð; en það eru þessi tvö atriði, sem hinn heiðraði þíngmaður fyrir Norðurmúlasýslu bar fram: 1., að lítið væri farið eptir vitnisburðum prófasta við brauðaveitíngar, og 2., að þessir vitnisburðir væru ekki áreiðanlegir. Hvað nú hinu fyrra viðvíkur, þá ber mèr ekki um það að dæma, hvað í því kann hæft að vera; þó get eg ekki annað en gjört ráð fyrir og treyst því, að allt mögulegt tillit sè haft til þeirra vitnisburða, sem prófastar gefa prestunum. En hvað hið síðara snertir, held eg órètt og óviðurkvæmilegt að gjöra prófföstum þær getsakir, að þeir gefi ekki prestunum vitnisburði eptir samvizku og sannfæringu. Og hvorttveggja held eg hafi verið órètt að frambera á þínginu, þar það er bæði ósannað, og kannske ekki sennilegt.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eg ætla það muni þó ekki að öllu ókunnugt eða ósannandi, að vitnisburðir prófasta um verðugleika presta til að fá brauð hafi ekki ætíð verið álitnir áreiðanlegir, eða að stiptsyfirvöldin hafi allajafna álitið þá svo óyggjandi, að þau gætu bygt á þeim úrskurð sinn.

Forseti: Um þetta málefni verður í dag lögð fram bæn-

arskrá fyrir þingið, og er því ekki vert að ræða frekar um það að sinni.

Jón Guðmundsson: Jeg vil einúngis leyfa mèr að vekja máls á, hvort það kemur heim við góða þingreglu, að fara að ræða daginn eptir um þau málefni, sem útrædd eru daginn fyrir, eins og 2 hinir heiðruðu þingmenn nú gjörðu; eg hreifi þessu einúngis vegna eptirdæmisins framvegis, og leyfi mèr að bera það undir hinn háttvirta forseta, og eg held mèr sè það heimilt eptir 60. grein alþingislaganna.

Því næst lagði forseti fram

43 — 47, 5 bænarskrár um breytíngu á alþingistilskipuninni frá Dalasýslu með 23, Ísafjarðar með 16, Árnes með 50 og 2 frá Barðastrandarsýslu með 117 undirskriptum, og voru allar þessar bænarskrár afhentar nefndinni í því máli.

48. bænarskrá frá Barðastrandarsýslu með 47 undirskriptum um birtíngu konúnglegra frumvarpa fyrirfram; var hún afhent nefndinni í því máli.

49—51, 2 bænarskrár frá Strandasýslu með 79 og 1 frá Ísafjarðar með 12 undirskriptum, um skýrslur um fjárhag landsins. Þessar bænarskrár voru afhentar nefnd þeirri, er kosin var í því máli.

Ásgeir Einarsson: Eg óska, að bænarskrá sú, er eg hafði meðferðis, sè lesin upp og prentuð í þíngtíðindunum, því mèr þykir nauðsynlegt, að hún komi fyrir almennings augu. Þó hefi eg ekkert á móti, að hún sè afhent nefnd þeirri, sem kosin er til að rannsaka bænarskrárnar um fjárhag landsins, því fyrri hluti hennar ræðir einmitt um það efni, en hinn síðari lýtur að skattalögunum.

Forseti: Það hefir ekki verið regla hingað til, að lesa upp bænarskrár, og er ekki heldur vert að gjöra það að reglu.

Forseti lagði þá fram

52 — 53, 2 samhljóða bænarskrár frá Barðastrandarsýslu með 119 undirskriptum, um bann gegn selaskotum; og voru þessar bænarskrár afhentar nefnd þeirri, er kosin hafði verið til að athuga veiðilögin.

54 — 55, 2 bænarskrár frá Norðurþíngeyjarsýslu með 85, og frá Norðurmúlasýslu með 11 undirskriptum, um að fjölga póstgaungum.

Umboðsm. Jón Guðmundsson: Eg efa ekki, að hinir heiðruðu

þingmenn verði allir á eitt sáttir um það, að vilja kveðja nefnd til að íhuga þetta mál, því það er mikils vert. Það er ómissandi, að algjörð endurskipan komist á um póstgaungur hèr á landi; en eg verð að geta þess, og skýrskota um það til hins háttvirta forseta, að eg hefi fyrir 2 dögum afhent honum bænarskrá, sem fer fram á það tvennt, að póstgaungum í landinu verði fjölgað og reglulega skipað, og að amtmanna embættin verði aftekin. Mèr er afhent bænarskrá þessi til flutnings, og svo sundurleit sem málefni þessi virðast, sem hún vill leggja fyrir þingið, þá eru þau þó, í bænarskránni, látin leiða hvort af öðru að nokkru leyti. Þar sem nú bænarskrá sú, sem að þessu sinni er umræðu efnið, fer einúngis fram á fjölgun og reglulega niðurskipun póstgánganna, þá verð eg að stínga upp á, að frestað sè að kveðja nefnd í því máli til þess á morgun, þá bænarskráin hin, sem eg áður gat um, að mèr væri feingin til flutnings, verður lögð fram fyrir þingið. Eg ímynda mèr því, að kosníng nefndar þeirrar, sem eingaungu ætti að leggja á ráð um fjölgun og reglulegri endurskipun póstferðanna, mundi, ef til vildi, koma niður á öðrum þingmönnum en þeim, sem jafnframt þæktu færir um að leggja álit sitt á um það, að hvað miklu leyti ætti að leggja niður amtmanns embættin; en af því hin bænarskráin höndlar um bæði málefnin, þykir mèr óráð að kveðja til 2 nefndirnar, sína í hvort.

Jakob Pètursson og stúdent Guttormur Vigfússon voru báðir á því máli, að skjóta mætti á frest nefndarkosníngu, þángað til sú umrædda bænarskrá kæmi fram.

Kandídat Jón Sigurðsson: Eg finn ekki, að neitt samband sè milli þess, að fjölga póstgaungum og að taka af amtmanna embættin; því þó meiníngin ætti að vera sú, að launum amtmanna væri varið til að fjölga póstferðum, þá finn eg ekki í þessu neina ástæðu til að taka þessi tvö málefni saman. Það er einnig auðvitað, að sumir kunna að fallast á annað af þessum atriðum, en mótmæla öðru, og svo er um mig, að eg vil öldúngis fallast á, og sem kröptuglegast mæla með, að póstgaungum verði fjölgað, en hinu, að taka af amtmennina, get eg ekki mælt með að svo komnu, og eg ætla sjálfsagt, að þegar póstgaungum væri fjölgað, verði einhver önnur ráð fundin til að standa þann kostnað, sem þar af leiðir; eg gef því atkvæði mitt fyrir nefnd í máli þessu um póstgaungurnar sèr í lagi.

Kammerráð Melsteð: Eg álít að sönnu nauðsynlegt, að póstgaungum á Íslandi sè fjölgað, en samt vil eg ekki, að málunum sè þannig saman blandað, að undir eins sè rædt um að taka af amtmenn og fjölga póstgaungum. Hið fyrrnefnda mál er svo mikilvægt, að rèttast er að ræða það sèr í lagi, og þess vegna verð eg að vera hinum virðulega alþingismanni, er síðast talaði, öldúngis samdóma í því, að málefnið um að fjölga póstgaungum sè rædt út af fyrir sig, og ræð eg því til að nefnd sè í því sett.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg veit þó ekki, hvort tilhlýðilegt er að setja 2 nefndir til að hugleiða sömu bænarskrá, þó hún höndli um nokkuð sundurleit málefni.

Kandídat Jón Sigurðsson: Það eru þó dæmi til þess, því þannig fèllust flestir þíngmenn á að setja nefnd sér í lagi um auglýsíngu hinna konúnglegu frumvarpa, þó það efni væri eitt atriði í sumum af bænarskránum um breytíng á alþingistilskipuninni. Þíngið verður í þessum efnum að hafa vissa og stöðuga þánkareglu fyrir augum, og venja alþýðu á, þegar hún sendir bænarskrár, að fylgja henni og hafa bænarskrárnar reglulegar, á þann hátt, að blanda ekki saman ólíkum efnum í sömu bænarskrá. Ef þetta væri ekki gjört að reglu, heldur leyft að taka ólík efni saman, þá yrði svo seinast, að menn gætu ritað eina bænarskrá um alþingismálið, um reikníng landsins, og um tíu eða tólf önnur efni, sem nöfnum tjáir að nefna, og svo kysi þíngið eina nefnd til að rannsaka þetta alltsaman. Það er einnig nauðsynlegt, að þíngið haldi stránglega þá reglu, sem tilskipanin mælir fyrir, að sèrhver bænarskrá beri upp skýlausa uppástúngu, ef henni skuli verða gaumur gefinn. Eg vildi að öðru leyti óska, að bænarskrá þessi eða uppástúnga verði lesin upp.

Forseti: Það er þó hinum heiðraða þíngmanni, er seinast talaði, kunnugt, og hinar framlögðu bænarskrár bera það með sèr, að sumar af þeim eru ekki með vissri uppástúngu.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg fyrir mitt leyti læt mèr lynda, að nefnd sè kosin sèr í þessu máli; eg er sannfærður um, að sú regla sè betri að aðgreina sundurleit málefni og blanda þeim ekki saman í bænarskrám nè nefndum, og þá reglu vil eg því styðja; en eg vakti máls á að fresta nefndar kosníng í þessu máli til morguns, af því að bænarskráin, er eg gat um að mèr væri feingin til flutníngs, höndlaði um bæði málefnin, sem eru

þar teingð saman, en var þó enn þá ekki lögð fram fyrir þingið.

Eyjólfur Einarsson: Eg hefi þó tekið fólki í Barðastrandarsýslu vara fyrir því, að blanda saman ósamkynja málefnum, og held eg það sè þar ekki skeð.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eg mælti með því, að nefndarkosníngu yrði skotið á frest til morguns, af því eg hugsaði, að fleiri þíngmanna væru á því; en fyrst það er ekki, er eg líka með því, að nefnd verði kosin, og sting eg upp á 5 manna nefnd, þar málið er mikils varðandi fyrir allt landið, því póstgaungur eru því öllu nauðsynlegar.

Voru þá þessir menn kosnir í nefnd: Stúdent Guttormur Vigfússon með 12, kammerráð Melsteð, kand. Jón Sigurðsson, prófastur H. Stephensen og umboðsmaður Þorvaldur Sivertsen, hvor með 8 atkvæðum.

Þessu næst lagði forseti fram

56 og 57, tvær bænarskrár frá Skagafjarðarsýslu með 196 undirskriptum, um kvörtun yfir uppboði konúngsjarða til festugjalds og 1½ árs uppsögn, og frá Strandasýslu um festu og uppboð konúngsjarða með 82 undirskriptum.

Jón Samsonsson: Eg verð að mæla með því, að nefnd sè sett í þessu máli, því það er neyðin ein, sem hefir þrýst mönnum til að taka jarðir til leigu með þessum afarkostum, sem uppboðinu eru samfara.

Kammerráð Melsteð: Eg get ei annað en ráðið þínginu frá að setja nefnd í þessu máli, því það heyrir að mínu áliti ekki undir þíngsins aðgjörðir, þar það ekki áhrærir löggjafar efni, heldur atferli stjórnarráðanna um meðferð á konúngs gózi hèr á landi (eður áhrærir aðmínistratívt efni); þar að auki heyra umkvartanir einstakra manna, eptir alþíngistilskipunarinnar 77. §, ekki undir þíngsins aðgjörðir, heldur á að vísa þeim til hlutaðeigandi yfirvalda. Og sè yfir órètti kvartað, þá þarf að sanna tilefni til þess með röksemdum, og þær eru ekki framkomnar hèr á þessu þíngi.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Mèr virðist þetta málefni heyra undir endurskoðun Landsleigubálks, og er eg samþykkur kammerráði Melsteð, og vona eg, að bráðum auglýsist aðgjörðir nefndar þeirrar, sem þetta mál hafði til meðferðar.

Jón Samsonsson: Af því almenníngi er ekki kunnugt, að þetta sè samkvæmt landssögum, álít eg, að það heyri undir

alþíng. Mèr er kunnugt, að umboðsmennirnir fyrir norðan eru á móti því.

Kammerráð Melsteð: Það er á móti alþingistilskipunarinnar § 77, að þingið skipti sèr af umkvörtunum einstakra manna, nema ef einhverjum er sèrlegur órèttur gjörður.

Umboðsm. Jón Guðmundsson: Mèr finnst það varða miklu, hvort bænarskrárnar, sem hèr ræðir um, eru að beiðast rèttingar á festugjaldi, sem þegar er goldið af landsetanum, því þar á fæst víst eingin rètting, ellegar þær beiðast breytíngar á aðferð þeirri við byggíngu konúngsjarðanna, sem nú tíðkast, nefnilega að bjóða þær upp til afgjalds og festu. Sè hinu síðara farið fram, þá held eg öldúngis víst, að alþíng eigi að gefa því gaum. Að vísu er byggíng konúngsjarðanna viðkomandi hinni „administrativu“ stjórn, eins og hinn heiðraði þíngmaður, er síðast mælti, kvað að orði, og fyri því mætti virðast, sem þíngið ætti ekki að gefa því gaum; en af því margbúið er að rita stjórnarráðunum gegn þessári aðferð, en þau halda samt hinu sama fram, þá hygg eg einmitt, að þíngið eigi að skerast í þetta mál eptir 77. grein; því allir verða að játa, og játa það víst hiklaust, að upphod á jörðunum til afgjalds og til festu er sala á einhverjum helstu lífsins nauðsynjum, þar sem jarðareklan eykst með fólksfjölguninni, og fyri því virdist þess vegna ráð gjört, að maður neyðist til að kaupa þær til ábúðar með hvað dýru verði sem er.

Assessor Jónassen: Hvað bænarskrámi frá Strandasýslu snertir, leyfi eg mèr að mæla fram með nefnd í því máli, því mèr virðist það vera þess eðlis, að alþíng eigi að taka það til greina. Mèr getur fyrir mitt leyti ekki skilizt, að sú nefnd, sem höfð er nú á byggíngu konúngsjarða hèr í landi, nefnilega, að bjóða þær upp við auctión til afgjalds og festu, sè hagkvæm eða eigi við hèr á landi, þó svo kunni að vera í Danmörku. Það er að vísu svo, að afgjaldið verður með þessum hætti, ef til vill, meira en' ef farið væri fram eptir venjulegum hætti, þar sem hlutaðeigendur stundum bjóða geip í festu og gángast undir leigumála að því skapi, svo að t. a. m. 10 hundr. í jörðu voru boðin nýlega nyrðra í festu til að fá 20 hundr. jörð þar til ábúðar; en það þykir mega full yrða, að það sem hèr við er unnið á aðra hliðina, missist aptur á hinn bóginn, því af þessari aðferð leiðir tvent: að jarðirnar skemmast, af því þær eru illa setnar, og hlutaðeigendur

geta ekki staðið í skilum með afgjaldið, því það verður þeim of þúngbært, og leitast þessvegna við, svo fljótt sem færi gefst, að komast aptur frá jörðunni; og virðist það í augum uppi, að það hljóti að standa allri jarðabót mikið í vegi, að svo fer fram. Það hefir ávallt þótt, að jarðeigandi væri vel íhaldinn, þegar jörðin hefir bygzt fyrir forngildu, og af því dreg eg aptur það, að uppboð á konúngsjörðum til ábúðar ætti einúngis þá að fara fram, þegar þær ekki fengist bygðar fyrir svo mikið, eins og forngildunni svarar, en að það að öðrum kosti sè lagt í hlutaðeigandi umboðsmanna forsjá að byggja jarðirnar, þar sem jafnan má gjöra ráð fyrir, að þeir láti sèr umhugað, að jarðirnar byggist eins og bezt má verða.

Af þessum ástæðum leyfi eg mèr að mæla fram með máli þessu hjá þínginu, og að nefnd verði kosin til að íhuga það.

Jón Samsonsson: Bænarskráin afbiður ekki festu með öllu, heldur biður um, að festurnar komi fram í endurbót jarðanna smátt og smátt, þar þetta eflir landsins gagn.

Assessor Johnsen: Eins og eg í alla staði verð að vera á því, sem þeir assessor Jónassen og stúdent Jón Guðmundsson hafa mælt, hvað sjálft efni máls þessa snertir, svo get eg hins vegar eigi annað en samsinnt kammerráði Melsteð að forminu til, og í því, að málinu beri að vísa frá, þannig útbúnu, sem það er borið upp; enda skil eg ekki, hvernig menn eiga að fara að kvarta yfir því í bænarskrá, að þeir hafi inngeingið samníng, sem þeim eptir á eigi geðjast að.

Jón Samsonsson: Amtið samþykkir ekki byggíngarbrèfin, vilji ekki leiguliðar undirgángast þann í þeim tiltekna uppsagnarfrest, eins og hvern annan skilmála byggíngarbrèfanna.

Kammerráð Melsteð: Þó eg sè í því samdóma þeim alþíngismönnum, er nýlega hafa talað, að festu-uppboð eigi ekki vel við hèr á landi, þá verð eg samt enn nú að vera á sama máli, að ekki eigi nefnd að setja til að rannsaka þetta mál; því eins og þær bænarskrár, sem nú er verið um að ræða, eru lagaðar, er það ljóst, að þær innihalda umkvartanir, og það jafnvel yfir órètti er konúngslandsetar verði fyrir. En til að gefa þeim gaum, þarf, eptir alþíngistilskipunarinnar áðurnefndu grein, fullgildar sannanir fram að færa, hvað hèr ekki er skeð. Þetta málefni var og einnig tekið til aðgjörða af nefndinni í Reykjavík í fyrra vetur, og gaf hún þá hlutaðeiganda stjórnarráði álit sitt um það.

Jón Samsonsson: Eg veit ekki, til hvers alþíng á að vera, ef það skiptir sèr ekki af eins mikilvægu málefni og þessu, og vil eg biðja forseta að skjóta því til þíngsins atkvæða, hvort ekki skuli nefnd kjósa.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Gæti maður eigi gjört ráð fyrir, að þetta lagfærist við landsleigubálk, sem lögum í því tilliti, t. a. m. að festugjaldið afmáist, þá get eg ekki annað en mælt hið öflugasta fram með, að málefni þetta sè nú þegar tekið til greina hèr á þíngi í dag, og nefnd í það valin, því eg ætla, að mikil og gild rök sèu leidd í ljós af hinum heiðruðu þíngmönnum, er rædt hafa um þetta mál, og svo gild, að það sè augljóst, hve illar afleiðíngar þetta hefir og getur framvegis haft, bæði fyrir þá, sem af neyð verða að láta binda sig til að gjalda það (og þeir munu flestir vera, sem svo er ástadt fyrir), og líka fyrir landið yfir höfuð, hvaða tjóni það getur valdið í tilliti til framfara jarðaræktunarinnar, ef festugjald viðhelzt framvegis; því ábúendur þeir, er festugjaldið eiga að greiða, geta þó hæglega verið öreigar, eða rèttara sagt, mjög fátækir menn, sem verða að taka festugjaldið, ef til vill, til láns, eru því þeim mun miður færir um að endurbæta jörð sína, sem þeir eru fátækari; en á það er, enn sem komið er, ekkert litið af stjórninni eður umboðsmönnum hennar hèr yfir klaustra og konúngs gózi, heldur hver hæstbjóðandi verður að festugjaldinu, hver sem maðurinn annars er, eða hvernig sem jörðin er setin á eptir. Eg verð því að mæla fram með, að nefnd verði sett til að íhuga mál þetta.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg vil helzt svara því, sem hinn heiðraði fulltrúi Árnesínga sagði fyrir skemstu, að beinasti vegur til að fá leiðrèttíng á þessu máli væri sá, að snúa sèr til stjórnarráðanna, en hann sagði líka á hinu fyrra þíngi, að búið væri að skrifa hlutaðeiganda stjórnarráði um þetta efni, og að lagfæríngar mundi mega vænta; en brèf, sem síðar hafa komið frá sama stjórnarráði, sýna, að það er enn þá samshugar í þessu efni; þess vegna álít eg, að 77. grein alþíngistilskipunarinnar vísi hinn beinasta veg þessu til endurbótar.

Stephán Jónsson: Eg skýrskota til þess, sem assessor Jónassen sagði um þetta efni; málið snertir fleiri en festugjaldendur eina, ef einhver verður öreigi fyrir ofmikið festugjald og getur ekki setið jörðina; því þá verður hann öðrum að byrði.

Assessor Johnsen: Með tilliti til orða þeirra, sem hinn heiðraði þingmaðar Skaptfellinga nýskeð vèk að mèr, bæti eg því við, að eg verð að hafa þá von enn, að hlutaðeigandi stjórnarráð, ef það eigi er búið að því þegar, þá láti þó ekki lángt um líða, áður en það tekur mál þetta undir ítarlega rannsókn; og eg trúi ekki öðru, en að það sannfærist af því, sem hèr fór fram á þínginu 1845, af því, sem því aptur og aptur er ritað af embættismönnum hèr í landi, og af því, sem fer fram í dag, að stjórnarráðið (segi eg) sannfærist um það, að það er óhamingja fyrir landið og tjón sjálfum konúngssjóðnum, að svo fari leingur fram með byggíngu konúngsjarðanna hèr í landi, eins og fram hefir farið nokkur undanfarin ár og kvartað er yfir; en hvernig hlutaðeigendur eða þingið þeirra vegna á að fara að kvarta yfir því við konúng, að þeir hafi samið sèr til óheilla, er mèr óskiljanlegt; að þeir hafi neyðst til að semja á þann veg, sem komið er, verður þó eigi borið fyrir, nema að því leyti sem það er samfara öllum samníngum, að semjendur, sakir kríngumstæðna sjálfra þeirra, láta leiðast til að gánga að þeim kostunum, sem hver um sig setur, og undir hverjum það er komið, að saman gángi með þeim. Beri hlutaðeigendur sig þar á móti upp við yfirvaldið um kosti þá, sem þeim eru settir af þeim, sem hafa byggíngarráð yfir jörðunni, þá þyki mèr öll von til, að þessir styðji mál þeirra kröptuglega, og að breytíng fáist á þeim hjá stjórnarráðinu fyrir þá, sem konúngsjarðir verða bygðar eptirleiðis.

Jakob Pètursson: Þíngið mun ekki geta fært betri ástæður fyrir þessu máli, en umboðsmenn og sýslumenn hafa gjört. Tel eg því næsta óvíst, að tillögur þíngsins hafi merkilegri áhrif.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eg get þó ekki fallist á það, sem kammerráð Melsteð og fleiri þíngmenn mæltu fyrir skemstu, og þar á meðal að málefni þetta heyrði ekki undir alþíngisins aðgjörðir, þar eg veit ekki betur, en þíng þetta sè gefið oss af Hans Hátign konúnginum, einmitt til að leggja ráð á og biðja, að öll óregla og rángindi afmáist og upprætist, svo vel einstakra manna, sem þjóðarinnar yfir höfuð, og þar undir ætla eg heyri landsetarnir á klausturjörðunum, og því held eg það sè samkvæmt alþíngistilskipunarinnar 77. gr., að málefni þessu sè gaumur gefinn og nefnd í því valin, og fylgi eg því enn fast fram, að svo sè. Þar að auki tel

eg það sem gilda ástæðu til þess enn fremur, að ef festugjald verður framvegis ekki af tekið af stjórnarinnar hálfu, þá muni landsdrottnar á sjálfseignunum leyfa sèr að feta í fótspor stjórnarinnar í þessu falli.

Jón Samsonsson: Það er ekki með góðum vilja, að bændur gángast undir festuna; mèr er kunnugt, að amtmaður hefir samþykt 2 eða 3 brèf, sem ekki hafa innihaldið skuldbindíngu leiguliða um 1½ árs uppsögn, og gefur þetta grun um, að stjórnin hafi ekki boðið þessa aðferð.

Stephán Jónsson: Eg óttast ekki það, sem þíngmaðurinn úr Norðurmúlasýslu hreifði kvíða fyrir, að sjálfseignarbændur taki upp festugjald eptir stjórninni; en einmitt fyrir þetta fá þeir betri ábúendur, sem hverjum hyggnum manni þykir mikið í varið; duglegir ábúendur fá líka optast jarðir til ábýlis án afarkosta. Af þessu leiðir þá, að konúngsjarðirnar verða út undan.

Ásgeir Einarsson: Þíngið mætti víst vænta, að eg væri staðinn upp, til að taka til orða í þessu máli, þar eg er flutníngsmaður bænarskráarinnar úr Strandasýslu; en mèr virðist, að þeir heiðruðu þíngmenn, er með nefnd hafa mælt í máli þessu, hafi tilfært þær ástæður, sem auðið var; en það, sem talað hefir verið um skaðsemi þess byggíngarmáta, sem bænarskráin vill hafa afmáð, er helzt að finna í bænarskránni, svo upplestur bænarskránna hefði gjört þá umræðu næstum óþarfa. En í tilliti til þess, sem kammerráð Melsteð hefir sagt, að drepið hafi verið á mál þetta í nefnd þeirri, er konúngsfulltrúi setti í Reykjavík 1845 til að rannsaka skattalögin, get eg þess, að mèr er ókunnugt, hvað í nefndinni hefir framfarið um þetta mál, eins og það, hvort stjórnin eða nefndin hefir nokkuð stuðlað til, að aðgjörðir nefndarinnar yrðu alþýðu kunnar, hversu sem það var nauðsynlegt.

Konúngsfulltrúi: Ef bænarskrár þær, sem hèr greinir um, væru þess efnis, að ákveðið skyldi með nýjum lögum afgjald jarða, er ekki gæti haggast, svo að landsdrottni og leiguliða væri bannað að semja sín í milli um byggíngarskilmála, annað hvort í tilliti til upphæðar eptirgjaldsins, eður þess frests, sem þarf til að segja lausu ábýli, þá játa eg, að mál þetta væri rèttilega borið upp á þíngi. En bænarskrárnar eru ekki þess efnis. Ekki verða þær heldur kallaðar umkvartanir um ójöfnuð, er gjörður hafi verið; því þegar það fyrst er játað, að

landsdrottinn og leiguliði hafi frjálsar hendur til að semja um landskuldir o. s. frv. (og eg veit ekki betur, en að það sè alment játað), þá liggur í augum uppi, að stjórnarráð það, sem hlut á að máli og hefir á hendi stjórn konúngsjarðanna, einnig eigi ráð á að setja þær reglur, sem það álítur viðþurfa til þess, að jarðirnar verði með sem mestum ábata bygðar. Þess vegna getur hèr ekki orðið umtalsefni um neinskonar ójöfnuð; því jafnvel þó leiguliði sá, sem feingið hefir eina jörð til byggíngar með einhverjum ókostum, sjái seinna, að sèr sèu settir of þúngir kostir, þá getur hann þó eigi álitið, að sèr sè órèttur gjör, þar eð hann ótilneyddur hafði geingið að þessum kostum. Þetta málefni getur þess vegna eigi heldur eptir alþíngistilskipunarinnar 77. grein komið til umræðu á þíngi. Það er allt öðru máli að gegna, þegar um það er spurt, hvort aðferð sú, sem nú er viðhöfð um byggíngu konúngsjarða, eigi allskostar vel við. En af orðum þeirra þíngmanna, sem mælt hafa, virðist meiga ráða, að þíngmenn yfir höfuð álíti, að þessi aðferð sè ekki sem hentugust, og eg ætla, að orð þau, sem nú hafa verið töluð, muni vekja athygli hlutaðeigandi stjórnarráðs á máli þessu, svo það, ef til vill, geti að nýju orðið umhugsunar efni. En mál þetta er að öllu leyti alþíngi óviðkomandi: það miðar ekki til þess að biðja um ný lög, það er ekki kvartað um ójöfnuð, sem einstöku menn hafi orðið fyrir; hèr er einúngis talað um að breyta aðferd í því málefni, sem, eins og kammerráð Melsteð rèttilega komst að orði, er einúngis umboðslegt (aðmínistrativt). Auk þess sem æg af þessum ástæðum sè, að málið á ekki að koma til aðgjörða þíngsins, verð eg og að benda mönnum til þess, að ef þíngið skipaði nefnd í máli þessu, þá mundi það breyta beint á móti því, sem það gjörði í hitt ið fyrra í 2 málum, sem að öllu leyti voru samkynja þessu, og sem glöggar sèst í þíngtíðindunum frá 1845. Annað af málum þessum var frá leiguliðum á umboðsjörðum Skógarstrandar; en samkvæmt því, sem forseti hafði sagt, þótti þínginu málið eiga heima hjá hlutaðeigandi yfirvöldum og stjórnarráði, en ekki á alþíngi (alþ. tíð. bls. 39—40). Hitt málið var úr Skaptafellssýslu (alþ. tíð. bl. 68—73), og fèll það á þínginu, fyrir þá sök að einúngis tvö atkvæði studdu það. Eg held því, að þessu máli sè á eingan hátt svo varið, að það eigi að koma til nefndar-atgjörða, og að alþíng, verði nefnd sett í málinu, muni lenda í mótsögn við það, er það fyr hefir álitið

rètt að vera; þar á móti álít eg það gagnlegt sjálfu málinu, eins og eg sagði fyrir skömmu, að það hefir komið hèr til umræðu, eins og nú er orðið, því við það snýr stjórnarráð það, er hèr á hlut að, athygli sinu að því.

Jón Samsonsson: Mèr skilst ekki, að ei sè leyfilegt, að biðja konúng að lagfæra það í þessu málefni, sem íllt leiðir af sèr.

Kammerráð Melsteð: Sèrhverri samkomu, er ræða á opinber málefni, og þá einnig þessu þingi, er það mjög svo áríðandi að gæta að rèttu formi. En nú er það ljóst af ræðu konúngsfulltrúa, að þingið, ef það tekur þessa umkvörtun til greina, breytir bæði á móti boðum alþingistilskipunarinnar, og mundi líka lenda í mótsögn við sjálft sig, ef það setti nú nefnd í þessu máli, þar sem þó á fyrra þingi 2 málum, er voru öldúngis sama efnis, var hèr frávísað.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Með tilliti til þess, er hinn háttvirti konúngsfulltrúi skýrskotaði til bænarskrár frá Skaptafellssýslu um þetta efni, og las úr alþingistíðindunum innihald hennar, þá verð eg að geta þess, að í tíðindunum er ekki þar getið nema innihalds annarar bænarskráarinnar (en þær voru 2), og það þeirrar, sem undirskrifuð var af fáum, eður rèttara sagt af aungum; hin bænarskráin, sem getið er um á næstu blaðsíðu og var undirskrifuð af flestum konúngslandsetum fyrir austan Mýrdalssand, fór einmitt fram á, að uppboð á kóngsjörðunum væru aftekin; og eg hefi töluverða vissu fyrir því, að orð þau, sem hinn heiðraði þingmaður úr Árnessýslu, sem hafði haft stiptamtmanns embættið á höndum veturinn fyrir, þá mælti, „að hann hefði næstliðinn vetur skrifað um þetta efni til hlutaðeiganda stjórnarráðs“, að þessi orð hafi gefið þingmönnum von um, að stjórnarráðið mundi láta af þessari aðferð, og að þeir fyrir þá sök vildu ekki að svo komnu taka málið til greina. En svarið er komið frá rentukammerinu: brèf kom í fyrra sumar, er gekk til úrlausnar allra umboðsmanna og sýslumanna, og er þar enn haldið fast fram uppboðunum og borin upp ný uppástúnga, og aungu betri, um aðferð við uppboðin. Eg held því sè búið að fullreyna sig á að fara hinn svo nefnda „administrative“ veg til að koma þessu af, og fyrst það er fullreynt, þá er sá eini vegurinn eptir, að leita rèttíngar fyrir milligaungu þingsins hjá sjálfum konúnginum,

og það því fremur sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi játaði sjálfur, að þessi aðferð stjórnarráðsins væri skaðleg.

Konúngsfulltrúi: Þar sem alþingismaður Skaptfellínga hefir ætlað, að eg hafi játað, að aðferð sú ætti illa við, sem hið kgl. rentukammer hefir fyrirskipað um byggíngu á konúngsjörðum, þá verður það að vera bygt á nokkrum misskilníngi, þar eð eg verð að álíta það að öllu leyti eiga illa við, ef eg nú þegar hefði látið í ljósi sjálfs míns álit um þetta mál; en hins vegar varð eg einúngis að drepa á það, um leið og eg gat þess, að flestum þíngmanna þætti aðferðin eiga illa við, að það gæti verið skoðunarmál, hvort áðurnefnd fyrirskipun *ætti* vel við, en að þetta mál, sem væri umboðslegt, ætti sèr ekki stað meðal þíngstarfa.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Það getur verið, að eg hafi ofhermt það, að konúngsfulltrúi sjálfur álíti uppboð jarða skaðlegt, heldur hafi hann einúngis falið það þíngsins meiníngu, þar sem hann brúkaði orðið „uþenſigtsmæſſigt“ um aðferð stjórnarráðsins, en ef aðferðin væri ekki „uþenſigtsmæſſig“ í raun og veru, þá þyrfti stjórnarráðið ekki að fá neina bendíngu af þessum umræðum, sem konúngsfulltrúinn sagði þó að mundi nægja.

Forseti: Bænarskrárnar sýnist megi skoða á tvo vegu, að nokkru leyti sem umkvörtun yfir þúngbærum kjörum konúngslandseta, sem þeir þó að líkindum munu hafa undirgeingízt, en að sumu leyti og enn heldur, sem álit um, hve óhentug og skaðleg þessi aðferð sè fyrir alda og óborna. Bænarskráin úr Skagafjarðarsýslu er undirskrifuð af 196 mönnum, og ímynda eg mèr, þó eg sè því ekki kunnugur, að ekki sèu þessir allir klausturlandsetar. Undir bænarskrána úr Strandasýslu hefir kammerráð Jón Jónsson á Melum fyrstur skrifað, og hann á mikla fasteign, og mun ekki búa á konúngsjörð. Álít eg því, að málefnið beri að taka fyrir á þínginu.

Jón Samsonsson: Uppboð klausturjarða til festu hefir svo skaðlegar afleiðíngar með tilliti til meðferðar á jörðunum, að svo má segja, sem önnur höndin láti úti, það sem hin tekur.

Ásgeir Einarsson: Eg held það ástæðulaust, sem Melsteð sagði, að þíngið mætti ekki taka þessar bænarskrár nú, þar sem samskonar bænarskrám hefði verið frávísað 1845, því bæði hefir alþingismaður Skaptafellssýslu getið þeirra orsaka,

sem því hömluðu, og svo væri það kátlegt, ef menn mættu ekki sannfærast heil 2 ár um mál, sem þeim er ei ljóst í fyrstu.

Kandídat Jón Sigurðsson: Fyrir mitt leyti get eg ekki greidt atkvæði til, að kosin verði nefnd í þessu máli, því mèr virðist það vera móti rèttu formi, sem fyrir er lagt í 77. gr. tilskipunarinnar, eins og hinn háttvirti konúngsfulltrúi hefir sýnt. Hèr verður ekki sagt, að gjört sè neitt eiginlegt lagabrot af rentukammersins hálfu, þó því verði ekki neitað, að aðferð sú, sem höfð hefir verið, hafi komið hart niður á mörgum manni. Bænarskrárnar biðja um breytíng á venju, en eigi á lögum; fylgdi nú þíngið því fram, lægi beinast við að biðja um, að settir yrði fastir skilmálar um byggíngar jarðanna; en móti slíku yrði eg fyrir mitt leyti fastlega að mæla, því þesskonar skilmálar verða að vera sjálfráðir á báðar hendur. Enn er og eitt atriði í þessu máli, sem eg hefi ekki tekið eptir að neinn hafi getið um, og það er, að tekjur landsins vaxa þó að vísu við það sem afgjöldin af jörðunum vaxa, enda þó eg vilji ekki þarmeð segja, að það sè tilvinnanda að skemma jarðirnar eða ónýta, til þess að auka sem mest tekjurnar í bráð.

Forseti skaut því þá til alþíngsins, hvort nefnd skyldi kjósa í málinu, og þá, hvað margir skyldu í henni vera. Urðu flestir á 3 manna nefnd, og voru í hana kosnir: Jón Samsonsson með 14, umboðsmaður Jón Guðmundsson með 13, og assessor Jónassen með 9 atkvæðum.

Forseti lagði þá fram

Nr. 58, bænarskrá frá alþíngismanni Ísfirðínga um bókasafn handa alþíngi.

Kammerráð Melsteð: Eg verð af alefli að styðja mál það, er nú var upp borið, því það er mjög svo áríðandi, að hèr sèu bækur, sem þíngmenn geti stuðzt við, þegar þeir eiga að ræða þau málefni, sem fyrir þá eru lögð, en hèr vanta þær með öllu, og hèr er hvorki tilskipana eða kóngsbrèfa safnið, og ei heldur stjórnarráðstíðindin, svo menn ei einusinni géta glöggvað sig á þeim lagaboðum, sem um er verið að ræða og koma þurfa til skodunar, eins og í bænarskránni er getið um, og þeir menn, er slík söfn eiga og lángt búa frá þíngstaðnum, geta ómögulega flutt þau með sèr híngað. Eg ræð því til 3 manna nefndar í málinu.

Stúdent Guttormur Vigfússon og Jón bóndi Samsonsson voru samþykkir því, er kammerráð Melsteð mælti. Var þá

geingið til atkvæða, og þessir í nefnd kosnir til að íhuga málið: kammerráð Melsteð með 18, kandídat Jón Sigurðsson með 16 og assessor Johnsen með 8 atkvæðum.

Forseti lagði enn fram -

59, bænarskrá frá Skaptafellssýslu með 15 undirskriptum, um flutníng alþíngistíðindanna með póstum ókeypis.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eg ætla, að það væri framtekið sem sèrskilið atriði bænarskrár þeirrar, er eg hafði meðferðis frá minni sýslu, að þeim mönnum, er beiddust, að þíngtíðindin væru send með póstferðum yfir land, væri gjörður kostur á því mót sanngjörnu flutníngsendurgjaldi, og er það mín meiníng, að meðan póstferðir eru ekki komnar betur á gáng meðal vor, sè ekki gjörlegt að taka þíngtíðindin fremur en önnur brèf eða skjöl, sem eru privat, undan flutníngsgjaldi. Ræð eg því frá, að nefnd sè kosin í þetta mál.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Það þykir öllum án efa mikils varðandi, að tíðindin komist sem fyrst út um landið. Einnig er þetta mál svo skyldt þeirri bænarskrá, er biður um að fjölga póstgaungum á Íslandi, að eg verð að mæla fram með því, að nefnd verði kosin til að íhuga það.

Konúngsfulltrúi: Það hlýtur eflaust að skipta hvern þann miklu, sem nokkuð þykir alþíng umvarðandi, og þá einnig stjórnina, að það verði gjört svo auðveldt sem unt er, að senda alþíngistíðindin út um landið. Samt sem áður virðist mèr, að þessari bænarskrá verði ekki vel komið saman við aðra bænarskrá, sem áður í dag hefir komið til umræðu hèr á þíngi og nefnd var kjörin til að rannsaka, en það var um að endurbæta póstgaungur. Það sem helzt verður því til fyrirstöðu, að póstgaungum verði fjölgað hèr á landi, er án efa skortur á fè. Það er alkunnugt, að burðarpeníngar þeir, er af brèfum fást, eru ónógir til að borga kostnað þann, sem póstgaungur útheimta. Sèrhver ný byrði, sem póstunum er lögð á herðar, án þess að auka pósttekjurnar, verður þess vegna allri þaraðlútandi endurbót til fyrirstöðu; og eg ætla, að yrði það gjört að skyldu að flytja alþíngistíðindin ókeypis, mundi það eigi verða alllítil byrði. Þegar nú þar við bætist, að verðið á alþíngistíðindunum er svo lágt, þá virðist það ekki ósanngjarnt, að kaupendur þeir, sem vilja þau verði send sèr með póstferðum, greiði flutníngskaup þeirra sjálfir; auk þess munu opt verða ferðir, sem senda mætti þau með út um landið. En jafnvel þó eg af þess-

um ástæðum ekki álíti það eiga allskostar vel við, að alþing fari leingra fram á þetta mál, verð eg þó að taka það upp aptur, að eg játa það fyllilega, hversu áríðandi það er, að alþingistíðindin berist svo fljótt út um landið, sem orðið getur.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Það, er konúngsfulltrúi nú síðast mælti, mun ekki standa í vegi fyrir flutníngi tíðindanna með póstunum, því svo að eins mun póstgaungum verða fjölgað, að ráð finnist til að standa kostnað þann, er þaraf flýtur, og skiptir þá minnstu, þó að tíðindin fái flutníng ókeypis.

Stúdent Guttormur Vigfússon; Mèr virðist, sem þíngtíðindin sèu með svo góðu verði, að kaupendum þeirra muni ekki sýnast ósanngjarnt, þó þeir yrðu að borga flutníninn, ef þeir æsktu þeirra með póstferðum; því þó þess væri óskanda, að tíðindin gætu borizt sem fljótast út um landið, skil eg ekki, að þau geti alment komizt það, enn sem komið er, með póstferðum, og allra sízt flutníngsfrítt, hvar til eg veit ekki nein skjöl eiga heimtu, nema públik sèu.

Forseti: Eg held, að þá sè fyrst tími til að beiðast þessa, þegar póstgaungum er fjölgað, og að þá fyrst verði verulegt gagn að flutníngi tíðindanna með póstunum, þar eð þeir að eins geta tekið mjög lítið af þeim til flutnings í hvert skipti.

Ásgeir Einarsson: Eg verð að fallast á það, sem sá háttvirti forseti og konúngsfulltrúi hafa sagt um þessa bænarskrá. Mèr virðist annað fljót útbreiðsla þíngtíðindanna og annað kostnaður til þess, sem eg held einmitt komi við alþíngiskostnaðinum; en þó þíngið vísi nú þessu máli frá, og taki það til greina síðar við nákvæmari umhugsun og breyttar kríngumstæður, held eg ekki ætti að vera því til brígzlis.

Því næst var leitað atkvæða þíngsins um það, hvort nefnd skyldi setja, og fèll þá málið með 20 atkvæðum.

Þá lagði forseti fram

60, bænarskrá frá Suðurmúlasýslum með 96 undirskriptum, um takmörkun á giptíngum öreiga.

Assessor Jónassen: Eg verð að leyfa mèr að mæla á móti því, að nefnd verði sett í þessu máli, því uppástúnga sú, er bænarskráin inniheldur, fer fram á það, sem er gagnstætt því, sem nú er í lögum um þetta efni, en aðalreglan um öreiga giptíngar ætla eg muni vera sú, sem tilsk. um hjónab. mál frá 30. Apr. 1824 § 3. Nr. 10. ákveður; uppástúngan er

líka í sjálfu sèr ósanngjörn, því hún miðar til ónáttúrlegrar takmörkunar í náttúrlegum rèttindum manna, og er það ekki í vorrar tíðar anda, að þraungva um þessi rèttindi. Þykir mèr hèr eiga vel við, að geta um eitt atriði, sem mikið á skylt við þetta mál, og tekið er þaðan, hvar í mörgu stendur líkt á og hèr í landi, en það er á Færeyjum; en á hinu síðasta þingi í Hróarskeldu lèt stjórnin bera upp frumvarp til lagaboðs um það, að breytt yrði og afmáð það [illegible]n gegn öreigagiptingum þar, sem finnst í tilskip. fyrir Færeyjar frá 21. Maí 1777 áttundu grein, en hún sagði svo fyrir: að almúgamenn, sem vildu gipta sig í Færeyjum, skyldu fyrir presti sínum færa sönnun fyrir því, að þeir hefðu einhvern þann atvinnuveg, sem gæfi vissu fyrir því, að þeir með skikkanlegu móti gætu haft ofan af fyrir sèr og sínum; og fèllust þingmenn (mig minnir 57) allir í einu hljóði á frumvarpið; en þar af ræð eg það, að þó þingið tæki undir þetta mál, og sendi stjórninni bænarskrá um það efni, samkvæmt því sem hlutaðeigendur biðja um, mundi það ekki fá áheyrslu hjá henni, eins og eg líka ekki gæti óskað þess, að svo yrði. Eg hlýt því með tilliti til þess, sem hèr er sagt, að mæla á móti því, að þessu máli verði gaumur gefinn eða nefnd sett til að rannsaka það, en held það eigi að detta niður við svo búið.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Mèr þykir svo miklu skipta um mál þetta, að eg hika ekki við að gefa atkvæði mitt til, að valin sè nefnd í það. Öllum er það kunnugt, hversu löggjöfin í þessu falli er ófullkomin. Eg hefi heyrt sveitastjórnendur bera sig upp um þetta málefni, að þeir hefði ekki eptir nokkru föstu lagaboði að gánga í tilliti til öreigagiptínga; ef mig minnir rètt, hefi eg heyrt getið tilskipunar frá 3. Júní 1746, hvar fèvíti eru lögð við aldeilis vankunnandi persóna hjónaband, og að konúngsbrèf frá sama tímabili (3. Júní 1746) banni að gefa holdsveika í hjónaband, samt að löggjöf seinni tíma í þessu falli (kgsbr. 21. Júli 1808, tilsk. 30. Apr. 1824) tiltaki eingar fastar lagareglur, eptir hverjum að geingið verði; má því nærri geta, hvílík nauðsyn sè til, að takmarkað yrði með föstu lagaboði óregla sú, sem viðgeingst, að prestar gefi í hjónaband hverjar persónur, sem beiðast þess, hvernig sem þær annars vegar eru ásigkomnar. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hvílík vandræði hafa áður og geta enn verið fyrir sveitirnar, ef í ári harðnar, ef hleypt er hverjum ein-

um, hvernig sem ástatt er, í hjónaband, og einkum er það að ætlan minni athuganda við sjáfarsíðuna, og álít eg mig hafa ástæðu til að óska, að nefnd sè kosin í þessu máli.

Sveinn Sveinsson: Eg ræð til, að nefnd sè sett í þessu máli.

Prófastur Halldór Jónsson: Af sömu ástæðum, sem til eru færðar af assessor Jónassen, verð eg líka að mæla á móti því, að nefnd verði kosin til að hugleiða þetta mál; mèr finnst bænarskráin ekki einúngis vilja takmarka náttúrleg rèttindi manna, heldur tel eg með öllu óvíst og ólíklegt, að með löggjöf mót öreigagiptíngum verði komið í veg fyrir óreglu eða nokkur vandkvæði í fèlaginu.

Því næst var leitað atkvæða, og urðu 16 atkvæði fyrir því, að nefnd skyldi ekki kjósa í þessu máli.

Þvínæst lagði forseti fram

61, bænarskrá frá Dalasýslu með 134 undirskriptum, um bann gegn aðflutníngi áfeingra drykkja til Íslands.

Umboðsmaður Þorvaldur Sívertsen: Eg hefi að sönnu framlagt þessa bænarskrá, en finn þó einga sèrlega ástæðu til að mæla með henni, því að eg veð þar um í villu, hvort stjórnin vill, eða hæglega getur hamlað aðflutníngi vínfánga, einkum ef þjóðin eignast verzlunarfrelsi; mèr virðist bannið mót aðflutníngum áfeingra drykkja þar að auki án þarfa, því vilji þjóðin hafna nautn þeirra, þá getur hún það sjálf, og það ætla eg bindindisfèlögin votti nógsamlega.

Kammerráð Melsteð: Eg verð að vera samþykkur þeim virðulega alþíngismanni, er síðast talaði, að ekki eigi nefnd að setja í þessu máli. Eg neita því að sönnu ekki, að ofdrykkja sè skaðleg, og að mart illt af henni leiði, og líka vil eg viðurkenna, að beiðendum hafi geingið gott til, að semja og senda bænarskrá þessa. En þess ber að gæta, að hún mótsegir beiðni þíngsins um frjálsa verzlun; og ef, og þegar hún fæst, og tollur kann að verða á lagður, þá er brennivín sú vörutegund, er bezt getur borið slíkan toll og gefið mest af honum í konúngssjóð, og þá gætu því heldur allar nauðsynjavörur fluzt hingað tollfríar. Þjóðin þarf heldur ekki þess forboðs við, sem bænarskrá þessi biður um, því sè því sinnt, væri það að fara með hana eins og börn, sem ekki vita fótum sínum forráð, frá hverjum taka verður voðann, svo þau skaði sig ekki á honum.

Ásgeir Einarsson: Það mundu margir ætla, að eg mundi mæla með nefnd í þessu máli, en það er þvert á móti; eg fellst á það, sem 2 hinir heiðruðu þingmenn hafa um það mælt, og bæti því við, að mèr þætti alþing fara að gjöra þjóðinni vanvirðu með bænarskrá til konúngs um þetta efni. Íslendíngar eru frjálsar verur, eins og hverjar aðrar manneskjur, og má því ætla, að þeir geti neytt svo mikils og svo lítils af áfeingum drykkjum, sem þeir sjálfir vilja, og sýna bindindisfèlögin það; væri það því kátlegt, ef þingið færi að biðja konúng að taka af sèr frelsi til að afstýra því, er þeir sjálfir geta afstýrt.

Var síðan bænarskránni frá vísað í einu hljóði.

Forseti lagði þá fram

62, bænarskrá frá Árnessýslu með 15 undirskriptum, um nefnd til að veita prestaköllin.

Assessor Johnsen: Eg gaf atkvæði mitt í gær fyrir nefnd í máli því, sem þá var borið upp um veitíngu brauða, en þareð það fèll með atkvæða fjölda, get eg eigi ætlazt til, að uppástúnga sú, sem nú er borin upp, þó eg sè flutníngsmaður hennar, nú fái betri útreið í dag, þar eð hún er um sama mál, og öldúngis samkynja þeim, sem vísað var frá í gær.

Umboðsmaður Þorvaldur Sívertsen: Eg og fleiri þíngmenn gáfum atkvæði fyrir því í gær, og margir mæltu með því, að samslags bænarskrá og þessi yrði falin nefnd manna, en fleiri atkvæði hrundu því. Eg býst nú að sönnu ekki við því, að þeir, sem mæltu móti nefnd í gær, hafi síðan tekið sinnaskipti og snúizt, eingu að síður hika eg mèr ekki við enn nú að mæla fram með því, að nefnd verði kosin í máli þessu.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eg verð að mæla með nefnd í málinu.

Kammerráð Melsteð: Að taka þetta mál, sem hrundið var í gær með atkvæðafjölda, nú aptur fyrir í dag, væri gagnstætt öllu rèttu formi, er öldúngis væri sett til síðu, og mundi trubla alla rètta mála meðferð, ef minni hluti þingmanna ei vildi leggja sig undir atkvæði meira hlutans.

Konúngsfulltrúi: Þar eð uppástúnga þessi einmitt er sama efnis sem önnur, er alþing í gærdag áleit að ekki skyldi koma til nefndar, þá get eg ekki sèð, að það sè samkvæmt 63. grein í alþingistilsk., að þessi uppástúnga verði rædd framar á þessu þingi.

Ásgeir Einarsson: Eg kalla, að bænarskrá þessi sè á þessu þingi uppborin, og það því ekki þurfa að standa í vegi fyrir atkvæða greiðslu um hana.

Forseti kvað það vera sjálfsagt, bænarskránni yrði frávísað, og var svo gjört.

Því næst var fundi slitið.

---

## 7. Júlí — sjötti fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá fimta fundi lesin og samþykt.

Forseti lagði fram

63, bænarskrá frá Ísafjarðarsýslu, um að borga vætt hverja í afgjaldi konúngsjarða með 90 skildingum.

Forseti: Mèr virðist bænarskráin ekki vera þess eðlis, að þingið geti tekið hana sèr í lagi til yfirvegunar.

Kandíd. Jón Sigurðsson: Bænarskrá þessi er öldúngis sama efnis eins og sú, sem lögð var fram á hinu fyrra þingi frá konúngslandsetum á Skógarstrandar umboðsjörðum, og var frávísað; eg hefði þess vegna ekki vogazt til að bera fram bænarskrá þessa nú, ef ekki hefði verið sett nefnd í líkt mál á fyrra fundi; en þegar sú nefnd er sett, vilda eg óska, að bænarskráin verði afhent þessari nefnd til meðferðar. Eg get þess, að hvorki beiðendur nè eg ætlast til eða vænta þess, að þeim verði veitt önnur eða betri kjör, en alment viðgeingst hèr á landi, en þeir vænta þess, og þess vænti eg líka, að þeir verði látnir njóta sömu rèttinda og aðrir, þar sem líkt stendur á.

Forseti: Bænarskrá þessi er beiðni um lètti í afgjöldum konúngsjarðanna, en lèttir þessi er náð, sem ekki verður heimtuð. Hefir rentukammerið hingað til veitt hann að tilhlutun amtmanna, og á þessi bænarskrá að fara þann veg, þar hún er undirskrifuð af konúngslandsetum eingaungu.

Kandíd. Jón Sigurðsson: Það er að vísu satt, sem hinn háttvirti forseti sagði, að bænarskrá þessi er einúngis undirskrifuð af konúngslandsetum, en ekki öðrum; en eg óska heldur ekki, að nefnd verði kosin í mál þetta sèr í lagi, heldur einúngis að bænarskráin verði afhent hinni fyrri nefnd.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg get þó ekki fyrir mitt leyti fallizt á, að bænarskrá þessi sè afhent nefndinni

sem sett hefir verið til að athuga bænarskrárnar um festur og uppboð á konúngsjörðum, því þessi bænarskrá er annars eðlis; aðalinnihald hennar er nefnilega endurbót á gjaldsmáta þeim, er tíðkazt hefir, en þessum gjaldsmáta á rentukammerið rètt á að breyta, eins og það hefir stundum gjört að undanförnu, en þó ætíð með þeim orðatiltækjum: „indtil videre".

Forseti: Eg er á sömu meiníngu og hinn virðulegi þíngmaður, er síðast mælti, en skýt því þó til þíngsins, hvað það vill gjöra við þessa bænarskrá.

Kammerráð Melsteð: Þar sem talað hefir verið um, að vísa bænarskrá þessari til nefndar þeirrar, sem í gær var sett, áhrærandi festugjald af konúngsjörðum, þá get eg þess, að ef svoleiðis ætti að vísa bænarskrá þessari til nefndarinnar, að hún væri skyldug til að hafa nokkurt tillit til hennar eða taka hana til yfirvegunar, þá verð eg að vera því mótfallinn, þar eð innihald hennar ekki heyrir undir þíngsins aðgjörðir; en sè þar á móti meiníngin, að fá nefndinni bænarskrána í hendur, án nokkurrar skyldu til að yfirvega hana, þá hefi eg ekki neitt á móti því.

Kandíd. Jón Sigurðsson: Eg beiddi einmitt þess með berum orðum, að bænarskráin yrði afhent nefndinni, sjálfsagt til þeirrar meðferðar, sem henni sýndist henta, en fór aldrei fram á meira.

Ásgeir Einarsson: Eg verð að fallast á það, sem kammerráð Melsteð sagði um bænarskrána. Eg veit ekki, hvernig nefndin gæti komið saman innihaldinu í bænarskránni frá Strandasýslu og innihaldinu í þessari bænarskrá. Fyrir það þykir mèr ekkert á móti því, að bænarskráin sè afhent nefndinni, þó án þeirrar skuldbindíngar, að nefndin bindi sig við efni hennar, en aðferð þessi mundi verða vinsælli hjá beiðendum.

Forseti óskaði aptur þíngsins ákvörðunar um, hvað af skyldi gjöra bænarskránni, og urðu þau málalok, að hún var feingin nefnd þeirri, sem kosin hafði verið í málið um festu og uppboð konúngsjarða, þó án þeirrar skuldbindíngar, að nefndin taki hana til yfirvegunar sèr í lagi.

Forseti lagði fram

64, bænarskrá frá Borgarfjarðarsýslu með 30 undirskriptum, um aftöku mannslána, eður um leyfi til að borga þau 20 áln.

Prófastur Hannes Stephensen: Af því bænarskrá þessi

er mjög áríðandi, og þó óliks eðlis öðrum bænarskrám, óska eg hún verði upplesin.

Forseti: Eg get ei betur séð, en að þessi bænarskrá eingaungu áhræri það málefni, sem eptir eðli sínu hlýtur að vera komið undir fríviljugum samníngum hlutaðeigenda, og eg ætla, að löggjafinn í þessu sem öðru muni ófús á, að svipta þegna sína frjálsum samníngsrètti um verk þeirra og laun fyrir þau. Kvöð þessa ætla eg í fyrstunni þannig til komna, að biskuparnir í Skálholti skylduðu leiguliða staðarins til að róa á staðarins skipum, og seinna, þegar konúngur tók margar stólsins útvegsjarðir til sín, gjörðu umboðsmenn konúngs hèr í landi slíkt hið sama.

Prófastur Hannes Stephensen: Því fremur, sem margir munu verða á móti þessari bænarskrá, vil eg að hún sè lesin upp, enda mælir hún bezt með sèr sjálf.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg verð líka að leyfa mèr að styðja að því, að bænarskrá þessi verði lesin upp og tekin til yfirvegunar; eg játa að sönnu, að mannslánin virðast að vera eitt af því, sem næst má kalla að bygt sè á innbyrðis samníngum húsbónda og leiguliða, og eigi því ekki við að fara framm á að breyta slíku; en eg veit hins vegar, að mannslán tíðkast víða, og víðast þar eru þau óvinsæl, sem von er. Stjórnin hefir líka fyri laungu látið í ljósi, að hún vilji ekki styðja að viðhaldi slíkra kvaða sem mannslánin eru, því með skilmálunum við stólsjarða söluna voru þau framvegis öldúngis aftekin á stólsjörðunum.

Kammerráð Melsteð: Eg verð að mæla fram með því, að nefnd sè sett, til að rannsaka málefni þetta. Mannslán er nokkurskonar ánauðunar- ok, líkt því að nokkru leyti sem í Danmörku kallast „Hoverie“; það hefir því ætíð verið ógeðfelt þeim, er undir því búa, og tálmað vellíðan þeirra, og væri því betur aftekið. Þó er það ekki mín meiníng, að grípa skuli inn í eða ónýta gjörða samninga manna á millum, eða aftaka mannslánið án sanngjarnlegs endurgjalds fyrir þá, sem nú eiga rètt á því.

Prófastur Hannes Stephensen: Þó eg sè ekki öllum atriðum bænarskráarinnar samþykkur, verð eg þó að mæla fram með nefnd í málinu, og held 3 manna nefnd nægja.'

Biskup H. G. Thordersen: Eg verð að játa, að mannslán er ánauð sú, sem eg feginn vildi að yrði afmáð, en hins

vegar er mèr kunnugt, að þessi byrði um undanfarin ár hefir mjög svo verið aftekin eins og af sjálfs dáðum, og tíðarandinn ber það með sèr, að hún alla jafna muni fara minkandi, og þykist eg sjá fram á það, að um ein 30 eða 40 ár hèr frá liðin muni allt mannslán aftekið hèr í landi, og þykir mèr það betur svo aftekið, en með lögum; þegar það líka kemur til, að slík lög tálma frelsi manna í innbyrðis samkomulagi og samníngum; verð eg þess vegna að mæla móti því, að þörf sè að kveðja nefnd í þessu málefni.

Ásgeir Einarsson: Eg verð að mæla fram með nefnd í málinu eins og kammerráð Melsteð, því mèr virðist það skylda alþíngis, að stuðla til að bjargræðis útvegum landsmanna verði ekki í nokkurn máta hnekt; en mèr virðist það sè gjört, ef þeim bónda er fyrirmunað að eiga bát til fiskiróðra, er þess er megnugur. Líka yrði það óvinsælt, ef þíngið vísaði bænarskránni frá sèr.

Hreppstjóri Sveinn Sveinsson: Þar eð að eins einstakir menn bera kvöð þessa, og hún er vottur ágeingni þeirra, sem krefja, þá verð eg að mæla fram með nefnd í málinu, því mèr virðist kvöðin vera bæði ónáttúrleg og ókristileg.

Hreppstjórar Eyjólfur Einarsson og Helgi Helgason voru samþykkir þeim þíngmanni, er síðast mælti, og rèðu til, að nefnd yrði kosin.

Forseti: Eg get ekki annað en fallizt á það, sem hinn háæruverðugi konúngkjörni þíngmaður nýlega mælti. Reynslan hefir líka sýnt, að þó slíkar kvaðir sèu afteknar með lagaboðum, lendir þó allt í sama stað, því það er öllum kunnugt, að mannslánakvöðin sú, sem hèr er um kvartað, var aftekin við sölu stólsjarðanna, en hitt mun líka jafnvíst, að á mörgum þeim stólsjörðum, sem við sjó liggja, mun leiguliði enn þá svara sömu kvöð eptir frjálsum samníngi við landsdrottinn.

Ásgeir Einarsson: Í tilliti til þess, er nú var mælt, að mannslán þessi mundu hverfa bráðum, og að mannslánið mundi ekki lagaskylda, heldur einúngis samníngur milli leiguliða og landsdrottna, þá verð eg að geta þess, að eg held alþíng viti ekki, hverja stefnu mál þetta tekur framvegis, og væri þá ábyrgðarhluti fyrir það að ráða frá bænarskránni. Hvað hinu viðvíkur, þá munu beiðendur hafa haldið aðferð þessa löglega, því annars mundu þeir ekki hafa borið málið undir álit alþíngis, í því skyni að fá um það breytíngu fyrir þess tilhlutan;

en ef vafi er á um þetta atriði, getur verið hann hverfi við umræðu þá, er hèr á þínginu væri um það haldin, og einkum ef tími yrði til að semja um það nefndarálit, sem gæti komið fyrir allra hlutaðeiganda augu. Af framangreindum orsökum verð eg að óska, að nefnd sè kosin í málinu.

Forseti skaut því þá til þingsins, hvort nefnd skyldi kjósa, og urðu 20 atkvæði fyrir nefnd, og voru í hana kosnir prófastur Hannes Stephensen með 13, kammerráð Melsteð með 9 og Ásgeir Einarsson með 7 atkvæðum.

Kammerráð Melsteð: Eg hefi nú verið kjörinn í 11 nefndir, og þar á meðal í sumum þeim málefnum, sem yfirgripsmest og vandasömust eru af þeim sem komin eru fyrir þingið í ár. Eigi eg því að geta unnið það, sem mèr ber, í nefndum þessum, þá mundi það vera til lítils að kjósa mig í fleiri nefndir, því að vinna nokkurt gagn í þeim, mundi yfirstíga þol mitt og krapta, og þetta óska eg þingmenn taki til yfirvegunar.

Ásgeir Einarsson: Kammerráð Melsteð má að mínu áliti ekki missast úr þessari nefnd, þar efnið er vafasamt.

Kammerráð Melsteð: Það var ekki heldur meining mín eða ásetningur, að skora mig undan því að gánga í þá nefnd, er eg nú seinast var kjörinn í.

Forseti lagði enn fram

65, bænarskrá frá Mýrasýslu með 14 undirskriptum, um reglu fyrir ábúð jarða, meðferð og úttektum þeirra.

Forseti: Þessi bænarskrá virðist mèr vera ofsnemma upp borin, þar landsleigubálkur, sem nú er í smíðum, gjörir skil á þessu og mörgu öðru, er að þessu efni hnígur; ætla eg, að flest þau atriði, sem snerta þetta efni, muni þar vera fram tekin.

Kammeráð Melsteð: Eg verð að vera þeim heiðraða forseta öldúngis samþykkur; efni það, sem bænarskrá þessi höndlar um, er yfirvegað af nefnd þeirri, er sett var hèr í Reykjavík til að endurskoða landsleigubálkinn. Uppástúnga hennar hèr að lútandi er nú hjá stjórnarráðunum, og mun varla lángt að bíða, áður málefni þetta kemur fyrir alþíng. Eg álít því einnig óþarfa að setja nefnd í þessu máli.

Ásgeir Einarsson: Eg er samþykkur því, sem hinn heiðraði konúngkjörni þingmaður nýlega mælti.

Hreppstjóri Stephán Jónsson: Þar eg vona að landsleigubálkur innibindi í sèr það, sem bænarskrárnar biðja um,

og að hann, eins og hann er endurbættur, muni bráðum koma fyrir á alþingi, sem uppástúnga frá stjórninni, eins og kammerráð Melsteð nýlega sagði, þá virðist mèr ekki þörf á, að nefnd verði nú sett í þessu máli.

Helgi Helgason mælti á sömu leið.

Bænarskráin fèll því með atkvæða fjölda.

Forseti lagði fram

66, bænarskrá frá 13 prestum í Þórnesþingi, um löggjöf við víkjandi jarðabótum.

Umboðsmaður Þorvaldur Sívertsen: Eg verð fastlega að mæla með því, að efni þessarar bænarskrár verði tekið til greina af þinginu og nefnd kosin, því heldur sem jarðarræktin er fyrir Íslendínga mest áríðandi, en landsdrottnar nú láta sèr um það mest hugað, að því er mèr virðist, að fá afgjald jarða sinna sem hæst og mest aukið, sem nokkur er vorkunn, þegar þeir hafa fyrir sèr aðferð þá, sem nú er höfð við byggíngu konúngsjarða.

Forseti: Mèr þykir næsta ólíklegt, að löggjafinn nú fari að gjöra jarðabæturnar að lagaskyldu, eptir að hann fyrir skemstu hefir upphafið tilskipunina um túngarðahleðslu og þúfnaslèttun, og þá ásamt þá skyldukvöð, sem á leiguliðum hvíldi að hennar boðum. Mèr þætti líklegast, að allt í því efni ætti að vera komið undir umsjónarsemi landsdrottins, samníngi hans við leiguliða, og áhrifum þeim, sem jarðabóta fèlög gætu haft á leiguliðana til að efla sinn eiginn hag.

Assessor Johnsen: Eg skil ekki, hvað útaf því getur komið að gagni, að nefnd sè sett um þetta mál, eða að stjórnin geti skyldað menn til jarðabóta, nema að því leyti sem hún gefur lög fyrir innbyrðis rètti og skyldum í því tilliti á milli landsdrottins og leiguliða, og eiga þau lög heima í búnaðarbálki. Mönnum voru að vísu, af stjórnarinnar hálfu, heitin laun fyrir túngarðahleðslu og þúfnaslèttanir eptir tilskipan þeirri, sem nú er tekin af um það, en að skylda menn eða þvínga til þeirra verka var að fara oflángt fyrir stjórnina.

Kammerráð Melsted: Þessi bænarskrá, er nú var lögð fram, vitnar eins og fleiri aðrar, sem sendar hafa verið til þíngsins í ár, um vaknaðan og vakinn anda hjá þjóðinni og viðleitni að efla allt það, er styrkir jarðarrækt og aðra atvinnuvegi; samt held eg ekki nefnd eigi að setja í málinu. Uppástúngur þær, er bænarskráin inniheldur, væru í mörgum grein-

um vel til fallnar, sem viðteknar reglur fyrir jarðabóta fèlög, en óhæfar eru þær með öllu til að leggjast til grundvallar fyrir lagaboð, og því er eg, sem mælt, á móti nefnd í málinu.

Umboðsmaður Þorvaldur Sívertsen: Ef mèr heyrðist rètt, mælti sá heiðraði fulltrúi Árnessýslu á þá leið, að konúngur eður stjórnin aldrei hefði boðið jarðabætur, en mig minnir nú þvert á móti, bæði hvað áhrærir þúfnaslèttun og garðlög, m. fl. En þó því konúngs boði hafi verið laklega fylgt, er það einginn vottur þess, að lagaboðið ekki hefði getað haft æskileg áhrif á jarðarræktina, og lángt meiri en varð, hefði því dyggilega verið aðdugað.

Biskup Thordersen: Mèr datt þetta sama áðan í hug, og þykir mèr því skipta miklu, hvernig bænarskráin kemst að orði. Sè farið fram á jarðarrækt yfir höfuð, þá tel eg víst, að alþingið geti ekki skipt sèr af því. En sè til hins ætlazt, að biðja um ný lög, er ákveði hvort landsetar, sem landsetar, sèu ekki skyldir til að gjöra ábýlisjörð sinni eitthvað til góða, þá finnst mèr þó, að svo mikið sè í þetta varið, að það sè þess vel vert að verða tekið til greina af þínginu.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eg get að vísu ekki skilið, að gefin verði nokkur föst regla um þetta efni, þar jarðir eru svo ólíkar, að sína endurbót þarf hver þeirra; mundi því bezt eiga við í því efni, að landsdrottinn og leiguliði semdu um þetta sín á milli; en hvað því viðvíkur, er hinn mikilsvirti konúngkjörni þíngmaður ennar andlegu stèttar síðast mælti, þá er eg á því sama og hann, og því er eg fremur á því, að nefnd sè sett til að rannsaka málið.

Prófastur Hannes Stephensen: Eg verð þó að minnast þess, er hinn virðulegi þíngmaður Árnesínga áður sagði, að löggjöfin hefði aldrei skipað jarðabætur, heldur einasta með verðlaunum hvatt til þeirra; því tilskipanir um túngarðahleðslu og slèttun mun þó leggja sektir við, ef forsómað væri að vinna þar áskilin verk, þó aldrei hafi slíkar sektir verið teknar; er það gleðilegt að sjá þann anda lifna í landi voru, að menn vilja leggja alúð við að bæta býli sín, þó tèð tilskipan sè úr lögum tekin. Er eg því samþykkur í máli þessu enum virðulega þíngmanni úr Dalasýslu, þó án þess að gefa því atkvæði, að nefnd verði kosin í þetta mál.

Forseti: Ef bænarskráin hnígur að skyldum landseta til jarðabóta, þá er hún sama eðlis og sú, er næst var á undan, og

verð eg þá að geta þess, að um þetta málefni er rædt í álitsskjali nefndarinnar í fyrra um landsleigubálk. Að öðru leyti er þetta efni eiginlega komið undir samkomulagi milli landsdrottins og leiguliða.

Ásgeir Einarsson: Eg verð að fallast á meiníngu ens háttvirta forseta í þessu máli, að eg held, að bænarskrárnar séu ekki bornar upp á rèttum eða hentugum tíma; enda virðast mèr þær svo vafasamar í ýmsum greinum, að eg held það yrði mjög erfitt fyrir þíngmenn, sem nú hafa mörgum störfum að gegna, að taka nokkra vissa stefnu eptir bænarskránum; en sjái þíngið í þessu betri ráð en eg, mun eg veita slíku atkvæði, því eg vildi vera hinn seinasti til að mæla á móti nokkru því, er horfði verulega til jarðabóta, þar eg álít þær hinn vissasta atvinnuveg þessa lands.

Assessor Johnsen: Eg hafði ekki þá umræddu tilskipun fyrir mèr, er eg stóð upp áðan, en svo mikið mundi eg úr henni utanbókar, að hún hèt launum fyrir túngirðíngar og slèttanir, og á þá, eptir eðli hlutarins, næsta illa við, í öðru orðinu að hóta þeim bótum, sem ekki vinna til launanna eða ekki slètta eða girða, en fyrst það nú ryfjast upp fyrir mèr, að hún eigi að síður gjörði það, má mèr að vísu hafa yfirsèzt, þó enn sè eg á því, að eg í aðalefninu eigi fari mjög villt.

Því næst var skotið til atkvæða um, hvort kjósa ætti nefnd í málinu, urðu 20 atkvæði í gegn því, og fèll svo málið.

Forseti lagði þá fram

67, bænarskrá frá Barðastrandarsýslu með 48 nöfnum, um byggíngarrètt leiguliða, og að sá rèttur geingi til afkomenda þeirra; tók hann í stuttu máli fram innihald þessarar bænarskrár, og skoraði á flutníngsmann hennar, að láta ítarlegar í ljósi, hver meiníng hennar væri um það, að hve miklu leyti ábúðarrètturinn ætti að gánga í erfðir.

Eyjólfur Einarsson: Mèr þykir það líklegast, að meint-ur sè í bænarskránni næsti afkomandi.

Hreppstjóri Guðmundur Arnljótsson: Mèr finnst ekki eiga við, að þesshättar málefni séu tekin hèr til yfirvegunar í þetta sinn, þar sem nú er verið að semja eður endurbæta landbúnaðar lögin yfir höfuð, og munu því að líkindum bráðlega verða lögð fyrir alþíng, og verð eg því að ráða frá, að nefnd verði kosin í þetta málefni.

Eyjólfur Einarsson: Bænarskrá þessi er annars efnis,

og hnígur eiginlega að því að hvetja til jarðabóta, og get eg fyrir mitt leyti ekki annað en mælt fram með því, að málið verði tekið undir nefndar álit og rannsókn, og það því heldur, sem landsleigubálkur á að líkindum langt í land.

Forseti kvaðst verða að skjóta því til þingsins, hvort nefnd ætti að kjósa í málinu eða ekki, og urðu einúngis 2 atkvæði fyrir nefnd, en 21 á móti.

Forseti lagði þá fram

68, bænarskrá um aðra amtaskipun og fjölgun á póstgaungum.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Þar eð eg er flutníngsmaður þessarar bænarskrár, verð eg að biðja um, að hún sè lesin upp.

Forseti leyfði það.

Kammerráð Melsteð: Eg gjöri ráð fyrir, að umræða sú, er þingið átti í gær um auknar póstgaungur, hafi að fullu og öllu aðskilið málefnin um fjölgun póstanna frá fækkun amtmannanna hvort frá öðru, svo að hèr sè nú einúngis að ræða um, hvort amtmanns embættin í vesturamtinu, og í norður og austuramtinu eigi að aftakast ellegar ekki, og verð eg þó að viðurkenna, að eg í þessu atriði verð að vera bænarskránni öldúngis mótfallinn. Það bæði voru og þóktu vera miklar framfarir í stjórnarskipun landsins, þegar amtmönnum var fjölgað, og eg er viss um, að þetta var ei um skör fram; því eptir það var mörgu miklu betur skipað í landinu en áður var. Það má gjöra ráð fyrir því, að stiptamtmenn þeir, er hingað eru settir, muni verða danskir, og eg held fyrir mitt leyti, að þetta eigi svo að vera, og að margar ástæður sèu fyrir því; en þar af leiddi nú, að ef amtmanna embættin væru af tekin, kæmi öll yfirstjórn landsins í eins manns hendur, og það útlends manns, og þetta get eg ei álitið vel til fallið, og sízt nú á vorum tímum. En eins og nú er til háttað, og leingi hefir verið, hafa 2 af landsins amtmönnum verið Íslendíngar, og þannig hefir nokkur partur af yfirstjórn landsins verið í þeirra höndum, og þeir því getað beinlínis borið landsins málefni upp fyrir stjórnarráðunum, og þetta þykir mèr vera tilhlýðilegt. Hefði nú þar á móti uppástúngan verið yfirgripsmeiri, hefði eg máske gefið henni atkvæði mitt, og þar eg minntist þessa, skal eg stuttlega skýra þínginu frá, hver meining mín sè um það, hvernig stjórn landsins æðri og lægri eigi löguð að vera, svo vel fari. Eg held þá fyrst eigi að vera sveitarstjórn, í hverri að væri skipaður prestur og hreppstjóri og þar að auki nokkrir, eptir

ýmislegri stærð hreppanna, fleiri eða færri af hreppsbúum kosnir menn. Þarnæst ætti að koma sýslustjórn, er yfirskipuð væri sveitarstjórnirnar og dæma ætti um aðgjörðir þeirra; í þessa stjórn ættu að verá skipaðir: sýslumaður, prófastur og nokkrir, og það ei allfáir, af sýslunnar beztu og vitrustu mönnum, er kjörnir væru af sýslubúum. Væru nú þessar stjórnir fyrst tilskipaðar, mundi það eptir vorrar tíðar þeinkíngarhætti ei þykja hlýða, að gjörðum þeirra væri raskað af einum einstökum embættismanni, nefnilega amtmanninum. Til að fyrirbyggja þetta eru nú í Danmörku stiptuð amtsráð, en hèr í landi mun slíkum amtsráðum trauðlega verða á komið vegna þeirra óumflýjanlegu örðugleika og vandkvæða, er sameinuð munu verða kosníngu þeirra; hvar á móti sýsluráðum hèr má vel við koma, þó hèraðaráðum ekki yrði við komið í Danmörku. Væri nú hèr stiptuð landstjórn, í hverri að væru 3 menn, einn danskur forseti, í staðinn fyrir stiptamtmanninn, og í staðinn fyrir amtmennina 2 íslenzkir meðlimir (því sem Íslendíngur óskaði eg, að þeir væru íslenzkir ætíð, þegar hæfilega menn er að fá til þeirra embætta hèr í landi), þá væri hæfilegt, að slík landstjórn væri yfirskipuð sýslustjórnirnar, þó ekki verði menn kosnir til amtsráða. Vildi nú einhver alþíngismaður stínga upp á, að aftaka amtmanna embættin með slíku móti, mundi eg máske gefa því atkvæði mitt. En nú get eg það ekki. Eg vil ekki fara dýpra inn í málefni þetta að svo komnu, því eg álít það ekki æskilegt yfir höfuð, að það sè gjört við inngángs-umræðu málefnanna.

Prófastur Hannes Stephensen: Nefndin, sem í gær var kosin til að íhuga póstgaungu málið, getur ekki, að mèr skilst, tekið við þessari bænarskrá, því innihald hennar í fyrra hlutanum á ekki skylt við það mál, og þó nefndin finni (og það finn eg), að síðari partur bænarskráarinnar innihaldi mörg merkileg atriði um póstgaungurnar, og hvernig þeim verði bezt skipað, er hún samt, í því formi sem hún er nú, ekki samkynja hinni bænarskránni um sama efni; mèr virðist hún líkjast lest, sem saman er trossuð af hinum ólíkustu dýrum, og mundi póstgaungunefndinni því verða örðugt að teyma hana eptir sèr.

Assessor Johnsen: Það má að vísu virðast nokkuð viðurhlutamikið, að eg, sem nú fyrst er gefið tækifæri til að kynna mèr uppástúngu þessa, er hún var lesin upp, eigi að síður tekst í fáng að mæla á móti henni; þó skal það vera

fátt eitt. Mèr virðist, að í mörg horn verði að líta, þegar um það skal ræða, að taka amtmannsembættin, eða amtmenn hèr í landi, af. Eg held, að menn verði að setja sèr fyrir sjónir ástæðurnar fyrir því, að gjörð voru áður fyrri þrjú amtmannsembætti úr einu, og eg ímynda mèr, að þá komi til íhugunar hagnaður sá, sem landsmenn hafa af að hafa amtmann svo nærri sèr sem unt er; að öll lögreglustjórn fari að því skapi fljótar fram, með minna kostnaði og meiri hægð í landinu, að sama máli sè að gegna um sveitarstjórn alla, sem undir amtmenn ber, og er það kunnugt, að margir ekki að eins þurfa að skrifa amtmönnum til, heldur líka að eiga tal við þá í mörgum þeim tilfellum, sem eiga skylt við þessar stjórnargreinir. Að nú það meðal annars er borið fyrir, með tilliti hèr til, í bænarskránni, að t. a. m. amtmaður í vesturamtinu búi á óhentugum stað fyrir amtsbúa, þykir mèr lítið vega, sem ástæða fyrir því, að embættið sè tekið af; því eins og eigi er bústaður ákveðinn fyrir amtmann í amti þessu, svo mun það hafa verið, eins og það líka verður að vera, undir kríngumstæðunum í hvert skipti komið, hvar amtmaðurinn á kost á að setjast að í amtinu, og er eigi ólíklegt, að þar á verði breyting við amtmannaskipti í vesturamtinu.

Forseti: Eg skil ekki betur, en hèr sè einúngis spursmál um það, hvort nefnd eigi að setja í málinu eða ekki, og ef svo er, þykir mèr ekki eiga við að fara að ræða ítarlegar efni þess (Realitet), áður en búið er að ákveða, hvort nefnd skuli setja.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Allir munu verða að fallast á þau atriði, sem kammerráð Melsteð tók fram um sveitarstjórn og sýslustjórn, en sú stjórnarlögun getur eingan veginn stríðt á móti því, að leggja niður amtmanna embættin; því fyrst ekki verður hèr komið við þeim svo kölluðu amtsráðum, þá sjá allir, að það væri hrein mótsögn, að hafa einn amtmann, með þeirri stjórnarlögun í sýslunum og sveitunum, sem áður er getið um. Eg efa eingan veginn, að stjórninni hefir geingið gott til, að setja á stofn amtmanna embættin, en reynslan er til hlítar búin að sanna, að ekki stendur nærri eins mikið gagn af þeim og til var ætlazt, eða eptir því sem til þeirra er kostað. Hver þeirra brúkar sína aðferð, og hver þeirra hefir sinn skoðunarmáta í stjórnar-aðferð sinni og tillögum sínum til stjórnarráðanna, en þau eru í villu um, hverju fylgja skal,

þegar 3 brèfin koma um sama merkismálefnið og sitt er lagt til í hverju. Menn kunna nú að bera fyrir, að alþíng sameini alla stjórn betur en áður, þar sem öll helztu atriði eru lögð fyrir það til úrlausnar, en ekki er lángt á að minnast, að á fundi í gær voru flestir þíngmenn á því, að hið svonefnda „administrative“ vald væri þínginu með öllu óviðkomandi; en það er þetta vald, sem nú er á sundrúngu, en sem eg álít nauðsynlegt að sameinist, svo það sè framkvæmt eptir sömu reglu og í sömu stefnu yfir allt land, og þessu verður ekki við komið, nema einn maður hafi aðalstjórn hèr á landi.

Forseti bað þíngmenn skera úr því, hvort nefnd ætti að setja eður ekki.

Kandídat Jón Sigurðsson: Þegar nefndir eru kosnar til að rannsaka eitthvert mál, sem upp er borið á þínginu, virðist mèr það verða að vera regla hvers eins, sem greiðir atkvæði sitt með nefnd, að hann geti fallizt á aðalstefnu uppástúngunnar, og vilji, að nefndin og þíngið haldi sömu stefnu fram. Þegar eg gæti þessarar reglu, verð eg að játa, að eg get ekki fallizt á aðalstefnu þessarar uppástúngu, að taka af amtmannaembættin (því atriðið um póstgaungurnar álít eg fráskilið). Eg get að vísu ekki neitað, að landstjórnin er hèr býsna mikið á við og dreif, og yfir því kvarta margir, en eg kýs ekki, að nefndin eða þíngið taki þá stefnu, að biðja um að niður verði lögð amtmannaembættin til þess, að fela öll þau völd á hendur einum manni, og það útlendum, ef til vill. Eg verð yfir höfuð að tala að mæla fastlega móti því, sem hinn virðulegi konúngkjörni þíngmaður áðan mælti, að það væri vel fallið, að hèr væri útlendur landstjóri; eg hefi aldrei getað sèð, hvaða gagn það hafi leidt með sèr hèr á landi, þó hèr hafi optast verið danskir stiptamtmenn; þeir hafa að vísu stundum innleidt hèr ýmsar útlendar nýjúngar, og sumar góðar, en eg ætla, að þau gæði hafi staðizt hèr um bil á endum við ýmsa aðra annmarka, og eg er fullviss um, að ef Íslendíngar hefði verið í þessari stètt, mundi stjórn landsins hafa orðið þjóðlegri, og breytíngarnar notasælli, þó þær hefði kannske stundum ekki orðið eins bráðar. Eptir þessu get eg ekki, sem sagt, mælt fram með, að nefnd verði kosin í þessu máli, en uppástúngan hefir að öðru leyti svo margar góðar bendíngar, hvernig haga skuli um að fjölga póstgaungum, að eg gef atkvæði mitt fyrir, að hún verði feingin í hendur nefndinni í því máli.

Prófastur Hannes Stephensen: Mèr þykir bezt, að bænarskránni væri skipt þannig, að nefnd yrði sett um hennar fyrri hluta, en hinn feinginn nefndinni í póstgaungu-málinu.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eg verð að láta í ljósi meiníngu mína í stuttu máli um þetta málefni, svoleiðis, að eg verð að óska, að nefndinni, er valin var í gær til að rannsaka póstgaungumálið, verði afhentur seinni hluti bænarskrárinnar til leiðbeiníngar, en að öðru leyti, hvað hinn fyrra hluta hennar áhrærir, er eg fremur á máli og meiníng þíngmannsins úr Skaptafellssýslu, heldur en hinna mikilsvirtu konúngkjörnu þíngmanna, er síðast mæltu, og því ræð eg til, að nefnd sè valin í málið.

Jón Samsonsson: Eg verð að biðja hinn heiðraða forseta að leita þíngsins atkvæða um það, hvort ekki eigi að kjósa nefnd í svo mikilsvert málefni, sem hèr er um að gjöra. Líka verð eg að geta þess, að þetta hefir nokkrum sinnum til umræðu komið heima í hèraði, og að það hefir enn ekki leingra á leið komizt, en nú er, er einasta því að kenna, að einginn hefir gefið sig fram sem hvatamaður þar til.

Assessor Johnsen: Eg leyfi mèr að standa upp aptur, án þess eg þó ætli mèr að bregða út af því, sem hinn háttvirti forseti lagði fyrir, um að eg ekki mætti, sem stendur, ræða um málefnið sjálft, heldur einúngis þar um, hvort setja ætti nefnd í málinu, og þótti mèr því fremur sæma að hætta umræðu minni um málið, sem eg er hèr staddur á þann veg, að eigi sízt eg ætti að láta mèr lynda ákvarðanir hins háttvirta forseta; en þar eð það er nokkurs varðanda fyrir þíngið að vita að hve miklu leyti eigi má ræða um málefnið sjálft, sem ekki ætíð er hægt að komast hjá við inngángs-umræðuna, svo hefði mèr þótt það óskanda, að hinn háttvirti konúngsfulltrúi vildi láta meiníngu sína þaraðlútandi í ljósi, einsog líka, að mèr mætti leyfast að halda áfram ræðu minni, ef það væri ekki fjærri, og ef ekki einúngis þeim kafla uppástúngunnar, sem er um póstgaungur, yrði skotið undir nefnd.

Kammerráð Melsteð: Það var ekki meiníng mín, að maður við inngángs-umræðu málanna ekki mætti fara nokkuð inn í efnið; því þettakann opt að vera nauðsynlegt, til að sýna ástæðurnar, hvar fyrir einn þíngmaður er með eða mót nefnd í málinu. Meiníng mín var þar á móti, að vara við óþarflega laungum ræðum, á meðan sökin ekki hefir til nefndarálits komið.

Seinni partur uppástúngu þeirrar, sem nú er ræðan um, inni heldur margar góðar bendíngar, og því er eg á sama máli sem hinn virðulegi alþíngismaður frá Ísafjarðarsýslu, að bænarskrá þessi eigi að seljast í hendur nefnd þeirri, sem sett hefir verið í málefninu um auknar póstgaungur.

Konúngsfulltrúi: Jafnvel þó eg hefði í huga, að taka ekki til orða í þessari umræðu, meðan málinu var ekki leingra komið, þá vil eg samt ekki skora mig undan, að svara spurníngu þeirri, sem hinn virðulegi varaforseti sneri til mín. Eptir hlutarins eðli verður það að vera löggjafanum mjög svo ervitt, að setja fastar skorður fyrir því, hversu lángt inn í efni málsins umræða sú má fara, sem hnígur að þeirri spurníngu, hvort setja skuli nefnd eða ekki til að rannsaka eitthvert mál, sem upp hefir verið borið. Nú eru í alþíngis-tilskipaninni eingar þvílíkar skorður settar, og fyrir því hygg eg, að það sè að öllu leyti á forseta valdi, að skera úr því, hvenær menn fari yfir rètt takmörk í þesskyns umræðu, svo og hitt, að hver og einn þíngmaður sè til skyldur, eptir alþ. tilsk. 60. gr., að gefa sig undir úrskurð forseta í því efni.

Assessor Johnsen: Eg vona, að þíngið ekki hafi skilið mig svo, að eg á nokkurn hátt hafi ætlað mèr að kvarta yfir ákvörðun hins háttvirta forseta, um að eg ekki færi leingra fram í efni málsins, enda er skylt, að eg nú hlýði því; og skal eg þá láta mèr nægja að gefa það atkvæði í máli þessu fyrst um sinn, að ekki verði sett nefnd til að rannsaka það, að því leyti sem stúngið er uppá að taka amtmanns-embættin af.

Forseti: Eg vil bera það undir úrskurð þíngsins, hvort nefnd á að setja í málinu sèr í lagi, eða því skal vísa til póstgaungu-nefndarinnar, og hvort hún, ef svo yrði, ætti að taka til rannsóknar bæði málefnin, sem um er rædt í bænarskránni.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg held bezt, að þíngið segi álit sitt um það, hvort ekki á að setja sèrstaka nefnd um amtaskipunina eptir bænarskránni.

Forseti bar þetta spursmál undir þíngið, og urðu þá 14 fyrir sèrstakri nefnd, og voru í hana kosnir: prófastur Stephensen og Jón Guðmundsson, hvor með 13, assessor Jónassen með 10, jústizráð Thorsteinsen og stúdent Guttormur Vigfússon, hvor með 8 atkvæðum.

Forseti framlagði enn

69, bænarskrá frá Barðastrandarsýslu um almennar landa-

merkja-skrár; gat hann þess um leið, að það væri í þeim endurskoðaða nýja landsleigubálki gjört seljanda að skyldu, að tilgreina í kaupbrèfinu landamerki jarðarinnar, og mundi því bænarskrá þessi ekki þurfa að takast hèr til greina.

Kand. Jón Sigurðsson: Eg fellst á með hinum háttvirta forseta, að málið bíði hins nýja landsleigubálks.

Jústizráð Thorsteinsen: Það er óvinnanda verk að koma því öllu við, sem bænarskráin fer fram á, og ræð eg þessvegna frá að henni verði gaumur gefinn.

Umboðsmaður Þorvaldur Sivertsen: Eg verð að öllu leyti að fallast á það, sem hinn heiðraði þingmaður Ísfirðinga mælti um málefni þetta.

Eyjólfur Einarsson kvað rèttast að afhenda bænarskrána jarðamatsnefndinni.

Forseti bað þingið skera úr, hvort nefnd skyldi setja í þessu máli, og mælti einginn með því, nema flutningsmaður, og datt svo málið niður.

Forseti lagði fram

70, bænarskrá frá Austurskaptafellssýslu, um betrun á kjörum presta.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg er að vísu flutningsmaður þessarar bænarskrár, og verð eg að álíta nauðsynlegt, það sem hún fer fram á, nefnilega, að bæta kjör prestanna; en mèr þykir ekki tími til að fara fram á það nú, meðan bæði staðir og mensaljarðir eru ómetnar, og endurbót skattalaganna er fyrir dyrum; því á meðan ekki er komið í kring um það, að hvað miklu leyti þurfi að bæta kjör prestanna, nè hvaðan það eigi að taka, þá verð eg að álíta, að ekki sè kominn til þess hentugur tími.

Prófastur Hannes Stephensen: Eg get ekki mælt fram með nefnd í þessu máli, og fellst á það, sem flutningsmaður bænarskrárinnar nú mælti; en komi málið síðar fyrir á þessu þingi, er eg á því, að taka eigi til greina þessa bænarskrá.

Þar einginn af þingmönnum varð til þess að mæla fram með bænarskránni, fèll hún við svobúið.

Forseti lagði fram

71, bænarskrá frá báðum Múlasýslunum, um matníngu prestakalla og í hvaða skileyri prests og kirkjutíund eigi að borga.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eg verð að mæla fram með þessari bænarskrá, því mèr er gagnkunnugt, að mikill efi

á sèr stað í mínu kjördæmi um það, í hvaða skileyri prestar geti heimtað tíundargjald, og rís af því opt og tíðum ágreiningur og óánægja milli hlutaðeigenda, en það varðar miklu, að hjá þessu yrði komizt. Sama er og um það, hvað mat á prestaköllum snertir, því þar þykir glöggva skýrslu um hlynnindi þeirra vanta, og þá um leið þekkingu á því, hvernig þau sèu að gæðum.

Prófastur Hannes Stephensen: Reglugjörðin frá 1782, stiptsyfirvalda úrskurður 1816 og hin nýja löggjöf um tekjur presta og kirkna er nægilega ljós í þessu efni, og því get eg ekki fallizt á, að málið sè feingið nefnd til rannsóknar.

Biskup H. G. Thordersen: Mèr er að vísu kunnugt, að austur í Múlasýslu hefir ágreint um, í hverjum skileyri borga eigi presta og kirkna tíundir, og hefir þaðan komið fyrirspurn um það efni til stiptsyfirvaldanna, en þau hafa sent hana hinu konúnglega danska kansellii til úrlausnar, hvaðan enn þá ekki er komið svar. Bæði af þessu, sem og hinu, að þetta málefni virðist heyra undir það, sem hèr hefir fyrri verið kallað „administratívt“, verð eg að halda, að ei sè nauðsyn til að setja nefnd í því.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Það getur verið, að löggjöfin sè í þessu efni nógu ljós; en hvað um það, um þetta er mikill ágreiningur í minni sveit, og svo mun vera víðar; því er nauðsyn á ljósum úrskurði.

Ásgeir Einarsson: Eg álít, að það spursmál, sem hèr ræðir um, beri að rèttu lagi undir sýslumann og yfirvöld, og er eg því mótfallinn nefnd í þessu máli.

Var þá leitað atkvæða, og mælti enginn með, nema flutningsmaður.

Forseti lagði fram

72, bænarskrá úr Múlasýslum með 48 undirskriptum, um tilsjón með prestum, kirkjum og prestaköllum.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eg ætla, að bænarskrá þessi beri ljósast með sèr sjálf, hvílík nauðsyn sè til, að nákvæmari tilsjón verði framvegis höfð með próföstum, í tilliti til hvernig prestar í allan máta gegni skyldu sinni, bæði sem prestar í andlegum störfum, sem leiguliðar í ræktun og viðhaldi prestsetranna, og sem umsjónar og umboðsmenn kirkna og þeirra peninga. Eg ætla, segi eg, að bænarskrá þessi sýni ljósast nauðsynina til þessa sjálf, þar sem prestar

eru einmitt hvötuðar að henni og höfundar, og hafa sjálfir fundið orsök til að segja í bænarskránni, að þetta væri í góðu horfi. Það má nærri geta, hvað þetta er alþýðu tilfinnanlegt, ef vanrækt í þessu falli á sèr stað, sem ekki er fyrir að taka að sumstaðar kunni að hittast á landi voru. Það má nærri geta, hvað skaðlegar afleiðíngar þetta getur haft fyrir allar framfarir þjóðarinnar, ef skyldunnar er ekki vel gætt hèr í, og enn fremur kemur skaðinn þar af eðlilegast í ljós á prestunum, prestasetrunum og kirkjunum. Eg leyfi mèr að biðja enn ágæta forseta, að mega lesa þessa bænarskrá upp, og er fastlega á því, að kosin sè nefnd til að yfirvega hana.

Kand. Jón Sigurdsson: Eg óska, að bænarskráin sè lesin upp, og þarf hún ekki fyrir það að koma í þíngtíðindin, nema ef ritstjórum sýnist svo.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eg læt mèr lynda, þó hún ekki komi í þíngtíðindin, einasta að þíngið fái að heyra innihald hennar.

Biskup H. G. Thordersen: Hvað það snertir, sem stóð í bænarskránni, að biskup fái mann til að vísitera í sinn stað, þá minnir mig það kæmi fyrir í embættismanna nefndinni, sem sett var um árið hèr í Reykjavík, og fann þá nefndin nægа ástæðu til að hrinda því, svo eg efast um, að alþíng nú geti fundið ástæðu til að halda því fram. En hvað hitt snertir, sem viðvèk prófföstum, þá ætla eg, að flest af því sè í lögum tiltekið, og veit ei betur, en að prófastar breyti eptir því, eins og skylda þeirra býður. Að öðru leyti var svo mart í þessari bænarskrá, að eg treysti mèr ekki til að muna það allt, því þegar eg var búinn að heyra eitt, gleymdi eg hinu á meðan. Annars lízt mèr málefnið svo vaxið, að eðlilegast og náttúrlegast væri að halda sèr um það til biskupsins, sem líklegt er að megi liggja á hjarta, að hin andlega stjórnin í landinu fari sem bezt fram. Af þessu verð eg að mæla á móti, að nefnd verði sett í þessu máli.

Kammerráð Melsteð: Það hefir gengið mèr sem hinum háæruverðuga alþíngismanni, er síðast mælti, um bænarskrá þessa, að eg hafði gleymt því fyrsta, þegar eg heyrði það seinasta. Annars held eg, að bænarskrá þessi felli sig svo algjörlega sjálf, að eingum þíngmanna muni koma til hugar, að setja nefnd í henni. Hún blandar fleirum öldúngis ólíkum málefnum saman: hún biður um sumt, sem þegar er greini-

lega ákvarðað með nú gildandi lögum, sumt aptur, sem heyrir undir yfirvaldanna, en ekki þingsins, aðgjörðir, og loksins biður hún um sumt, sem aldrei hæfilega getur orðið tilskipað með lagaboðum.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eg hefði ekki hikað við að standa upp og gefa málefni þessu atkvæði mitt, ef hinir mikilsvirtu konúngkjörnu þingmenn, er síðast mæltu, hefðu viljað gefa því betri gaum, og fleiri af þingmönnum meðmæli sitt; en vegna þess, að það er nú ekki svo, verð eg að falla frá því, þó mèr þyki málið mikils um vert, en fyrir mína eigin persónu stendur mèr það á minnstu, hvernig með það er farið, og sezt eg því niður og mæli ekki fleira með því.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg læt mèr að sönnu lynda það, sem hinn háæruverðugi konúngkjörni þingmaður andlegu stèttarinnar mælti um skyldur prófastanna, að hafa eptirlit með, hvernig staðirnir eru setnir, og að sjá um, að þeir sèu ekki niðurníddir, en eg þekki til í sýslu, þar sem prófastarnir hafa ekkert eptirlit eptir slíku, og staðirnir eru níddir eins og hverjum bezt líkar, og því hefði eg kannske lagt til, að nefnd væri kosin í þessu máli; en nú gjöri eg það ekki, því mèr fullnægir það, að biskupinn yfir Íslandi hefir sagt, að þetta væri skylda prófastanna, og eg er þess fullviss, að hann muni halda þeim til að gegna skyldu sinni í þessu efni eptirleiðis, þó þeir sumir hverjir hafi ekki gjört það hingað til.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Þar eð þingið getur ekki feingið af sèr að gefa þessu málefni meiri athygli, þá verð eg að láta mèr lynda það, þó eg fyrir mitt leyti áliti það mikilsvert, að því hefði verið betur sint.

Var þá leitað atkvæða þingsins um þetta mál, og voru allir þingmenn í einu hljóði móti nefnd í því.

Forseti gjörði þinginu uppskátt, að fundur ekki yrði haldinn næsta dag, en hann ætlaðist til og óskaði, að nefndarmenn hagnýttu sèr daginn til að ræða nefndarmálefni, og að þeir að öðru leyti flýttu fyrir þeim, sem unt væri, og málin leyfðu, og þó einkum, að frumvörpum stjórnarinnar yrði hraðað, eins og mest mætti verða.

Því næst var fundi slitið.

## 9. Júlí — sjöundi fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykt.

Þá var tekið til undirbúningsumræðu nefndarálit um konúnglegt frumvarp til opins brèfs, um kostnað þann, sem leiðir af kjöri alþingismanna; las framsögumaður það upp, og er það þannig látandi:

### NEFNDARÁLIT

um frumvarp til opins brèfs um kostnað þann, sem leiðir af kjöri alþingismanna framvegis, o. fl.

Þar eð vèr, sem valdir erum í nefnd, til að gefa álit um frumvarp til opins brèfs um kostnað þann, sem leiðir af kjöri alþingismanna framvegis, o. fl., sjáum, að það af stjórnarinnar hálfu í öllu er orðið samkvæmt áliti alþingis, er það gaf 1845 um þetta mál, þykir oss nægja, að þingið allraþegnsamlegast ráði til, að frumvarpið fái lagagildi, og þó að nefndarmenn reyndar sè á því máli, að kjörstjórar hefðu átt að fá borgun fyrir að láta skrifa kjörskrárnar, þykir þeim samt eigi atriði þetta svo áríðanda, að þeir fyrir þá sök vilji ráða til, að 5. grein frumvarpsins sè breytt á þá leið, gegn ákvörðun þeirri, sem þegar er tekin eptir 2 atkvæða mun þingsins, og að því leyti, sem 2. grein frumvarpsins sèr í lagi tekur fram um ferðakostnað til stefnu þeirrar, er kjörstjórnarmenn í Skaptafellssýslu eiga með sèr, eptir 35. grein í alþingistilskipuninni, þá finnst oss það eitt þar við athugavert, að grein þessi að líkindum mundi falla burt, ef málinu um breyting í tilskipun þessari, sem nú er borið upp á þinginu, af stjórnarinnar hálfu yrði ráðið til lykta á þann veg, að þingmenn Skaptfellinga yrðu tveir eptirleiðis, er við álítum það sjálfsagt, að kjörstjórnir þá líka yrðu tvennar í sýslunum, önnur í Vestur- og önnur í Austur- Skaptafellssýslu. Að öðru leyti er sú villa orðin í 1. grein frumvarpsins, að orðinu „ekki“ í upphafi annars kafla hennar er ofaukið, og gefur gagnstæða meiningu þeirri, sem vera á.

Með þessum athugasemdum mælum vèr í einu hljóði með því, að þingið allraundirgefnast aðhyllist frumvarpið.

Reykjavík þ. 6. Júlí 1847.

P. Melsteð. J. Guðmundsson. J. Johnsen.

Framsögumaður assessor Johnsen: Mál þetta og nefndarálit er bæði stutt og einfalt, en þó ætlast nefndin til, að álitsskjal þingsins verði enn styttra, og að athugasemdum þeim, sem færðar eru til í nefndarálitinu, megi sleppa í álitsskjalinu, eins og þeim er varið hverri um sig.

Prófastur Halldór Jónsson: Eg skal ekki neita því, að mèr gat ekki allskostar geðjazt meðferð þingsins á þessu máli í hitt eð fyrra, þó eg þá, af ónógum ástæðum, leiddi mig hjá að taka nokkurn þátt í meðferð þess. Eg hefði ekki verið svo mikið á móti því, þó á kveðið hefði verið, að eingan kjörkostnað skyldi mega reikna; en fyrst nokkuð er reiknað, finnst mèr einnig annað megi reikna, sem sama, ef ekki meiri, sanngirni mælir með. Og skal eg þá í fám orðum leyfa mèr að að láta í ljósi, hvað mèr hefði þótt mega taka til greina og betur fara: Það er að skilja í 1. grein, seinast í fyrra kafla hennar, að kjörstjórar og þeir menn aðrir, sem fyrir kosningum eru, fái ekki fæðispeninga eins fyrir það, þó þeir sèu að starfa sínum minna en eina mílu vegar frá heimilum sínum; þessari reglu er ekki heldur fylgt fyrst í greininni (um kjörstefnuna); en það þykir mèr sanngjarnt, þó ferðakostnaður sè ekki borgaður fyrir minna en 1 mílu vegar. Það þykir mèr í 3. grein ósanngjarnt, að aðstoðarmenn kjörstjóra megi ekki reikna sèr fylgdarmanns kaup (ef þeir annars þurfa hans við). Það er ekki nema tvent til: annaðhvort tekst, eptir 4. grein frumvarpsins, að velja þá svoleiðis, að fylgdarmanns ekki þurfi við, eða hæfir menn fást ekki í grendinni, og þá held eg ekki ætti að gjöra mun á þeim og kjörstjóranum. Þá þykir mèr það, í 5. grein, vera ósanngjarnt, sem í álitsskjalinu líka er tekið fram, að gjöra sýslumönnum það að skyldu, að hafa ókeypis á hendi eptirrit kjörskránna. Og loksins er eitt, sem hvergi hefir verið viðkomið, og það er þetta: mèr þykir sanngjarnt, að þeir menn, sem kjörþingið er haldið hjá, fái þóknun fyrir það, sem þeir við þessháttar tækifæri upp á einhvern handa máta verða að leggja í sölurnar, og tel eg, auk þess sem bugað kann að vera að þingmönnum, sèr í lagi þann jarðusla, sem margir hestar gjöra, og, ef til vill, skemdir á túni og eingi, ef kjörstefnan er haldin um sumartímann, en sè hún haldin um vetrartímann, þurfa ferðamannahestar hey; þetta getur bæzt ofan á þá ósanngirni, sem eg í 1. grein hefi bendt á, viðvíkjandi borgun fyrir störf kjörstjórnarinnar, ef

nefnil. kjörþingið er haldið hjá einhverjum meðlimi hennar. Eptir áðursögðu mundi varla mega álíta ósanngjarnt, þó 1rbdl. væri ákveðinn fyrir hverja 12 menn, sem til kjörþingsins kæmu.

Eg vildi að eins vekja athygli þingmanna á þessum atriðum, en geymi mèr að eins undir því skilyrði rètt til breytingaratkvæðis, að nokkrir af þingmönnum láti í ljósi meiningu sína á þá leið, að þeir finni tilefni til að styðja þetta mál.

Jón Samsonsson: Eg er að öllu leyti hèr í samþykkur þeim heiðraða þingmanni, er nú síðast mælti.

Framsögumaður: Með tilliti til breytingaratkvæða þeirra, sem hinn heiðraði konúngkjörni þingmaður, er nýskeð mælti, hefir farið fram á, verð eg fyrst að geta þess, að atriði það, sem hann vill hafa breytt í 1. grein frumvarpsins, um fæðispeninga og ferðakostnað fyrir kjörstjóra og þá, sem fyrir kosníngum eru, er komið fram í frumvarpinu á þann veg, sem flestir þingmenn kusu í hitt eð fyrra, og virðist það þá svo mega vera enn; en eptir fyrri hluta greinarinnar fá þessir sömu kjörstjórar þó fæðispeninga, að eins er þeim neitað um ferðakostnað, þegar þeir fara skemra en eina mílu. Hitt annað atriðið, að allir kjörstjórnarmenn ættu að eiga jafna heimtíng á sanngjarnlegu endurgjaldi fyrir fylgdarmanns kaup á kjörstefnuferðunum, hefir enn meiri atkvæðafjölda þingsins á móti sèr, og ætla eg það því enn síður eiga við, að breyta 3. greininni á þann veg. En hvað enu þriðja atriði viðvíkur, þá er að vísu nefndin á sama máli og hinn heiðraði þingmaður um það, að kjörstjórar að rèttu lagi ættu að hafa borgun fyrir að skrifa kjörskrárnar, þar sem því ekki verður komið við að prenta þær, en þar eð það má þykja á litlu standa, hvort svo er eða eigi, og þar eð nefndarmönnum þess vegna ekki þótti hlýða, að mæla á móti ákvörðun ennar 5. greinar um þetta efni, þar sem hún þó er tekin eptir nokkrum atkvæða mun þingsins í hitt eð fyrra, urðu þeir líka á því, að bezt færi á að láta hana standa óumbreytta, og það þess heldur, sem ekki er að gjöra ráð fyrir, að kjörstjórar skjóti sèr undan því litla ómaki, sem er við að taka eptirrit af þeim, þegar prentunin þó eigi er fáanleg nema með töluverðum kostnaðarauka fyrir almenníng. Eg ætla það yfir höfuð mjög varúðarvert, að beiðast breytíngar á því aptur, sem þingið einusinni er búið að ráða af, og stjórnin fellst á, og það þess heldur

sem menn sjá, að tillögur þingsins mega sèr meira hjá stjórninni, einkum vegna þess, að óttast má fyrir, að trausti stjórnarinnar á þínginu fari aptur að því skapi, sem það verður hvikulla í meiníngum. Viðvíkjandi loksins ákvörðun þeirri, sem hinn sami þíngmaður saknar, um það, að þeim, sem kjörfundirnir eru haldnir hjá, greiðist borgun fyrir átroðníng af kjörstjórninni og kjósendum, þá ætla eg, bæði að það mundi verða næsta óvinsælt, að demba þvílíkri borgun á almenníng eða bændurna, og eins hitt, að þeim einum beri að borga greiðann, sem þiggja hann, og að þessi átroðníngur að réttu lagi sè almenníngi óviðkomandi.

Að öðru leyti ætla eg, að kjósendur þó líkast til hafi meiri mætur á þeim rètti, sem þeim er veittur með alþíngistilskipuninni, en svo, að þeim geti þótt mikið fyrir, að leggja út nokkra skildínga fyrir þann greiða, sem þeir þiggja á kjörstefnustöðunum, er þeir mæta þar til að færa sèr rètt þenna í nyt, og að eg yfir höfuð álít það fjarstætt, að leggja borgun fyrir þvílíkan greiða og átroðníng á aðra, en sjálfa þá, sem hann þiggja og gjöra, og það því heldur ískyggilegt, sem reikníngar yfir hana frá þeim, sem greiðann láta úti og verða fyrir átroðníngnum, stundum kynnu að verða hærri en fyrir verður sèð, þegar á að taka hana úr opinberum sjóði.

Prófastur Hannes Stephensen: Eg verð að vera samþykkur framsögumanni máls þessa, og ætla, að kjörstjórum og hjálparmönnum þeirra sè næg borgun ákveðin með 1 ríkisbánkadal um daginn, þá er þeir sitja á kjörstefnu, í fæðispeníng og ferðaborgun, ef leingra þurfa að fara en fimtúng þíngmannaleiðar; skemra veg fer maður að morgni, og tefur lítið dagsstörfin. En þar sem hinn heiðraði konúngkjörni þíngmaður ennar andlegu stèttar fór fram á endurgjald fyrir beina þann, er kjósendum kynni gjörður vera af þeim, sem býr á kjörstaðnum, ætla eg þvílíkt óviðurkvæmilegt og hvergi eiga sèr dæmi, nema við moldarstörf að kirkjum, hvar öreigar eiga heimtu á einni máltíð á degi hverjum, sem þeir vinna að því verki. Borgun þessi er svo smágjörð, að eg ætla, að kjósendur geti og vilji greiða hana sjálfir, ef þurfa þykir; enda munu flestir þeir fara svo nestaðir að heiman, að ekki þurfi greiðans við; eg hygg líka, að fæstir þeir, sem aðkomumönnum veita greiða, muni selja vilja göfuglyndi sitt. Eg hefi

sjálfur verið staddur á einu slíku kjörþingi, og þurfti þar einga borgun að taka, því einginn var þar beini veittur.

Stephán Jónsson: Eg er að öllu leyti samdóma þeim tveimur heiðruðu þingmönnum, sem seinast mæltu, og þar að auki sýnist mèr, að illt geti flotið af því, ef farið er að borga staðarhaldara, þar sem kjörþingið er haldið; eg held, að af því gæti leidt, að farið yrði að óska eptir borgun þar sem manntalsþingin haldast, en það verður að vera undir hvers eins frjálsum vilja, hverjar góðgjörðir hann veitir gestum sínum, og er náttúrlegt, að það borgi hver fyrir sig, en ekki það opinbera, og mótmæli eg því öldúngis þeirri uppástúngu, sem þar að hnígur.

Umboðsm. Jón Guðmundsson: Eg held að sönnu, að það sè til hlítar búið að hrinda þeim breytíngum, sem hinn heiðraði þingmaður andlegu stèttarinnar bar upp gegn áliti nefndarinnar, þó vil eg einkum vekja máls á tveimur atriðum, er hann taldi því til stuðnings, að þeim, sem kosníngarþingið væri haldið hjá, bæri þóknun fyri þann átroðníng, nefnilega „að það lendi opt á kjörstjóra eða öðrumhvorum aðstoðarmanna hans“, og að þar í sè eins átroðníngurinn fólginn, með fleiru, þar sem kjörþíng sè haldið, „að opt þurfi að gefa hey hestum kosníngarmanna“. Hvað nú hinu fyrra við víkur, þá mun það sjaldnar að bera, að kjörþingið sè haldið hjá öðrumhvorum aðstoðarmannanna, því lög gera ráð fyrir, að kjörþíng sèu haldin á sem haganlegustum stað, og sem næst miðri sýslu, en ekki er víst, að aðstoðarmenn kjörstjóra búi svo; um hitt atriðið er það að segja, að 24. gr. alþingislaganna leggur fyrir, að kosníngum skuli yfir höfuð vera lokið í septembers mánaði, og þá er þó ekki farið að gefa hestum; enda munu kjörþíng hvergi verða haldin um vetur, þegar ófærð bagar kjósendum frá að sækja þingið.

Kammerráð Melsteð: Mèr virðist frumvarpið vera fullkomlega rèttlætt af þeim þingmönnum, sem nú hafa talað, og má það því vera ljóst, að mótbárur ens heiðraða konúngkjörna þingmanns andlegu stèttarinnar móti því megi sèr ekkert; hans athugasemdir virðast mèr, yfir höfuð að tala, vera ærið smásmuglegar og draga hlutaðeigendur lítið; en þegar reikníngar fyrir þesskonar kröfur koma allir til samans, gjöra þeir töluverða summu, sem varpa verður uppá almenníng. Hèr að auki er þess að gæta, að kjörþíng munu optast vera haldin

á þingstöðum, og getur þá farið, eins og fulltrúi Eyjafjarðarsýslu gat til, að farið verði að heimta borgun fyrir átroðning þann, sem þar af leiðir.

Stephán Jónsson: Þá athugasemd vildi eg gjöra við það, sem hinn heiðraði konúngkjörni þingmaður, er seinast mælti, sagði: að út af því getur borið, að kjörþing verði haldið á þingstaðnum; þannig var það haldið seinast í Eyjafjarðarsýslu á amtmanns-garðinum, og kom þar til eingrar borgunar, og það mun ekki heldur hafa verið vonazt eptir henni.

Prófastur Halldór Jónsson: Þar eð að eins einn af þingmönnum þeim, sem nú hafa mælt, fellst á bendíngar þær um þetta málefni, sem eg áðan bar fram, sleppi eg (eins og eg gjörði ráð fyrir) að geyma mèr rètt til breytíngaratkvæðis. Samt verð eg að minnast lítið eitt á það, sem móti hefir verið mælt: það hefir helzt verið gripið í það, og því helzt svarað, sem eg gjörði minnst úr, að einhverju kynni verða bugað að mönnum á kjörþínginu; þetta vèk eg að eins lauslega á, en gjörði, sem vert var, meira úr þeim jarðspjöllum eða kostnaði, sem hestar þingmanna kynnu orsaka. En sè það smásmuglegt að stínga upp á, að sá, sem kjörþíng er haldið hjá, fái þóknun fyrir átroðníng, þá er þó það, að minni hyggju, enn smásmuglegri og undir eins ósanngjarnari sparnaður fyrir landið, að vilja hlífa fèlaginu til samans við því, sem smásmuglegt þykir að fá sèr til orða, þó einn maður beri. Og þetta er eins ósanngjarnt fyrir það, þó eg þykist vita, að enginn fyrir þá sök mundi færast undan, að kjörþíng mætti hjá honum halda. Hvað skilníngi 1. greinar snertir, þá verð eg að benda þeim heiðraða þingmanni Árnesínga til þess, að í seinna parti hennar er talað um ferðakostnaðinn, en í hinum fyrri um fæðispeníng meðan á störfum stendur, og held eg víst, að sú ósamkvæmni, sem eg nefndi, eigi sèr þar stað.

Kandíd. Jón Sigurðsson: Það eru þó tvö af atriðum þeim, sem í frumvarpinu standa, sem mèr virðast íhugunarverð, og eg verð að geyma mèr rètt til breytíngaratkvæða um þau, ef hinn virðulegi þingmaður hinnar andlegu stèttar lætur það niður falla. Hið fyrra atriði er um ferðakostnað aðstoðarmanna kjörstjóra til kosníngarfunda, þegar þeir eiga kosníngarrètt. Eg var meðal þeirra, sem greiddu atkvæði fyrir því á hinu fyrra þíngi, að þessir menn ætti borgun fyrir ferðir sínar til kjörfundarins, og eg get ekki enn slept þeirri sannfæríngu.

Mèr virðist það auðsætt, að öðruvísi stendur á fyrir þeim en öðrum kosníngarmönnum: kosníngarmenn hafa einúngis rètt á að fara til þíngs, og þurfa ekki að nota þann rètt framar en þeir vilja, en aðstoðarmönnum er það skylda, því þeir eiga störfum að gegna á fundinum. Þessi munur er, að ætlun minni, fullgild ástæða til þess, að ætla aðstoðarmönnum borgun, þar sem hinir, eptir eðli hlutarins, eiga einga.

Annað atriði, sem mèr virðist íhugunarvert, er sú ákvörðun í 5. grein, að sýslumenn skuli „ókeypis“ láta rita eptirrit kjörskránna. Eg veit, að þíngið hefir með þessari ákvörðun ætlað að lètta kostnaði af landinu, en eg óttast, að svo gæti farið, að kostnaðurinn yrði meiri einmitt fyrir þetta. Eg gæti vel ímyndað mèr, að mörgum sýslumanni, þó hann væri í fjarlægð við Reykjavík, kynni að þykja vel kljúfanda að láta prenta kjörskrárnar, og sendi þær þess vegna suður til Reykjavíkur til prentunar. En með þessu móti gæti kostnaðurinn aukizt meira, en þó borguð væri eptirrit kjörskránna. Um þessi atriði verð eg þess vegna, eins og eg þegar sagði, að geyma mèr rètt til breytíngaratkvæða, ef hinn virðulegi konúngkjörni þíngmaður lætur þau niður falla.

Framsögumaður: Eg verð að svara því, sem hinn heiðraði þíngmaður Ísfirðínga nú mælti, á þá leið, að mèr ekki getur skilizt, að sýslumenn ekki hafi meiri sómatilfinníng en svo, að fyrir því sè að óttast, að þeir vilji spara sèr lítið ómak, þegar þeir sjá, að þeir einúngis komast hjá því með því að velta töluverðum kostnaði uppá sýslubúa sína eða almenníng, enda þekki eg marga sýslumenn að öllu öðru. Mèr getur ekki dottið í hug, að þeir fari að gjöra út mann, t. a. m. norðan úr landi, með kjörskrána til Reykjavíkur, til prentunar þar, en held yfir höfuð, að þess sè öllu framar von, að einginn sendi mann á stað í því erindi eingaungu, enda ekki þeir, sem næstir búa Reykjavík, heldur að þeir að eins láti prenta kjörskrárnar, þegar þeir geta sent þær til þess með ferð að kostnaðarlausu. En hvað snertir umtalið, sem varð um fyrstu grein, getur verið, að eg hafi mistalað mig um fæðispeníngana, en með tilliti til hins annars atriðisins, sem nú á að hrekja með sömu ástæðum, sem færðar eru fram af stjórninni, þyki mèr nægja að vísa til þess, sem aptur er talið þar frumvarpinu til gildis í því efni.

Ásgeir Einarsson: Eg verð að fallast á breytíngarat-

kvæði alþingismannsins frá Ísafjarðarsýslu, og hafði einmitt hugsað mèr að bera það upp, ef einginn yrði til þess. Hvað 5. grein viðvíkur, þá hafa sýslumenn einmitt sagt mèr það sjálfir, að þeir hefðu sterkustu hvöt til að láta prenta kjörskrárnar, ef þeim væri gjört að skyldu að skrifa eptirrit þeirra ókeypis, en þó ekki tekinn af þeim sá rèttur, sem þeim er veittur til þessa í alþingistilskipuninni, og er auðsèð, hvað þetta yrði landinu kostnaðarsamara, en þó kjörstjóranum væri veitt sanngjörn þóknun fyrir að rita kjörskrárnar. Breytingaratkvæðið við 1. grein verð eg að álíta sanngjarnt, og má sjá það bæði af ástæðunum, er frumvarpinu fylgja, og svo af því, er konúngsfulltrúi og forseti sögðu hèr á þíngi 1845 um þetta (Alþt. 276—7). En hvað því viðvíkur, er nefndarálitið að nokkru leyti styðst við, og einkum sá heiðraði framsögumaður, gegn því að breyta frumvarpinu, þá virðist mèr það mjög varlega gjörandi, að innræta þíngmönnum þá reglu, að þeir eigi að binda meiníngar sínar rígfastar við það á hinu síðara þíngi, sem þeir hafa verið sannfærðir um á hinu fyrra þíngi; því auk þess að það getur ekki heitið vanvirða að sannfærast við skynsamlegar bendíngar, og að það er fjærskylt öllu mannlegu eðli, að sjá alltíð það rèttasta í upphafi, þá er það hverjum manni auðskilið, að það væri ekki til neins, að leggja frumvörp þau undir þíngið, sem eru sprottin af málum þeim, er þíngið hefir höndlað með áður, ef það jafnan vildi rígbinda sig við þá fyrri meiníngu, hversu skýrar bendíngar sem það fær í ástæðunum, sem fylgja frumvörpunum; mèr finnst þínginu ekki síður skylt, að breyta undangeingnu áliti sínu eptir skynsamlegum bendíngum frá stjórninni, heldur en stjórninni að breyta meiníngum sínum fyrir tillögur þíngsins, og ætti það að vera hin sterkasta hvöt fyrir þíngið að vanda verk sín sem bezt í hvert skipti, að tillögum þess hefir verið fylgt í þetta sinn svo nákvæmlega, sem nokkur maður gat vonað eptir.

Hvað breytíngaratkvæði prófasts H. Jónssonar snertir, viðvíkjandi borgun til þeirra, sem kjörþíngin eru haldin hjá, þá virðist mèr, að margir þíngmenn hafi fært mót þessu gildar ástæður; eg held það megi vera gleðiefni hverjum þeim, sem einlæglega vildi gagn þjóðarinnar, að slíkar samkomur væri haldnar sem optast á heimili hans, sem horfa þjóðinni til jafnmikilla hagsælda sem kjörþíngin.

Framsögumaður: Það er að vísu mart satt í því, sem

hinn virðulegi þingmaður mælti, og einkum gladdi það mig að heyra, eins og eg líka átti von á því þaðan, að það ekki er að hans skapi, að menn telji eptir hvert skildingsvirðið, sem varið er til ferðanna, þegar farin er ferð til að kjósa alþingismann, eða sem úti er látið við kosningarnar. Eg er að vísu ekki fjærri því, að sýslumenn, eins og nefndin hefir viðurkent, eigi náttúrlegan rètt á því, að hliðra sèr hjá ómakinu við að skrifa kjörskrárnar kauplaust, þegar þeir komast hjá því; en þar við er aptur athugavert, að menn líka, eins og við er að búast, stundum gefa eptir rètt sinn, og að enda einskonar sómatilfinníng knýr þá til þess á stundum, en fyrir svo mikilli sómatilfinníngu má hiklaust gjöra ráð hjá kjörstjórum, að þeir kynoki sèr við að olla almenníngi töluverðs kostnaðar, sem þeir með lítilli fyrirhöfn geta fríað hann við, og það einkum þegar það verður kunnugt af þingtíðindunum, til hvers alþing ætlast af þeim í þessu efni.

Kammerráð Melsteð: Mèr virðast ástæðurnar fyrir breytíngaratkvæði því, sem hinn virðulegi þingmaður frá Ísafjarðarsýslu kvaðst mundi halda fram, vera ónógar; þar á móti sýnist mèr, að 1. grein frumvarpsins þræði þann rètta meðalveg í þessu efni, þar sem hún ákveður, að kjörstjórnarmenn skuli hafa 1 rbd. í fæðispeníng, meðan þeir eru á kjörstefnunni. Á kjörfundinn fara þeir, eins og aðrir kosníngarmenn, til að kjósa, þegar þeir annars eiga rètt á því; þeir fara þá öldúngis sama erindis og hinir, og njóta þannig þess rèttar, er þeim mun þykja einna mestu varða. Það er því rètt, að þeir, eins og aðrir kosníngamenn, fari ókeypis á kjörfundinn, en fái hæfilega borgun fyrir starfa þann, er þeir hafa fram yfir aðra kosníngarmenn á kjörfundinum, og þetta er einmitt það, sem 1. grein frumvarpsins ákveður. Hvað áhrærir þá skyldu kjörstjóra, sem til er tekin í 5. grein frumvarpsins, nefnil. að láta skrifa kjörskrárnar ókeypis, þá vil eg ekki ræða mart um það efni, en skýrskota til þess, er framsögumaður hefir þar um rædt.

Í tilliti til þess sem hinn virðulegi alþingismaður frá Strandasýslu lèt í ljósi áðan, verð eg að geta þess, að það er að sönnu fullkomlega rètt, er hann sagði, að þingið ekki er bundið við meiníngu þá, er það í einhverju efni áður kann að hafa aðhyllzt. En það er þessu þingi, eins og öllum slíkum samkomum, mjög umvarðandi, að það ekki án gildustu orsaka

viki frá fyrri meiníngu sinni eða atkvæði, því það skerðir virðíngu þess og álit, og að það aldrei breyti neinu, er það áður hefir fallizt á, nema því að eins að það sè ljóst, að breytíngin sè til hins betra.

Umboðsmaður Þorvaldur Sívertsen: Eg get eingan veginn fallizt á það, að kjörstjórum ætlist borgun fyrir eptirrit kjörskránna; ekki heldur, að aðstoðarmönnum kjörstjóra, sem eiga kosníngarrètt, ákveðist ferðaborgun til kjörþíngsins, því eg óttast fyrir, að yrði þesshättar krðfum gegnt, munði þjóðin, sem nokkrir hafa borið smámunasemi, leyfa sèr að nefna þetta sultarskap.

Prófastur Haldór Jónsson: Það er mèr innileg gleði, að eg hefi hèr heyrt hreift svo mikilli gestrisni, eða að minnsta kosti borið svo mikið traust til gestrisni þjóðarinnar, og þess, að smámuna-andi eigi ekki heima hjá henni. Af þessu hefir mèr líka dottið í hug, hvort ekki mundi mega sleppa öllum kjörkostnaði; vilji nokkur áskilja sèr þar um breytíngaratkvæði, skal eg greiða atkvæði mitt fyrir því.

Stephán Jónsson: Eg er að öllu samþykkur því, er kammerráð Melsteð sagði; en með tilliti til breytíngaratkvæðis tveggja þíngmanna finn eg ástæðu til að áskilja mèr breytíngaratkvæði við 5. grein frumvarpsins, á þá leið, að bætt sè inn í á eptir orðunum, „komið við“: án sèrlegs kostnaðar til sendiferða; því ef það kemur inn í, fyrirbyggir það sendiferðir til prentverksins.

Ásgeir Einarsson: Aðgætandi er það, að ef meðhjálparar kjörstjóra fá einga borgun fyrir ferð sína á kjörþíngið, þá getur svo farið, að þeir fái litla borgun fyrir starf sitt við kjörstjórnina; því þegar kjörstjóri er til að mynda á öðrum sýsluendanum, en velur meðhjálparana nálægt sèr, verður þeim erviðust ferðin á kjörþíngið.

Eyjólfur Einarsson: Eg get ekki ímyndað mèr það um sýslumenn, að nokkur þeirra nefni borgun fyrir eptirrit kjörskránna, og má eg ekki ætla þeim minna en hreppstjórum, sem ár hvert hafa töluverðar skriptir, sem alls ekki eru borgaðar.

Jón Samsonsson: Mèr þykir það næsta kynlegt, að ákveðin sè borgun fyrir hvað eina stórt og smátt, sem hèr að lýtur, en sá skuli þó ekki sanngjarnt endurgjald fá, sem fyrir átroðníginum verður. Eg ætla, ef svo skal vera, að rèttast

væri, að einginn feingi neitt fyrir þann kostnað, sem hèr af leiðir.

Prófastur Hannes Stephensen: Eg er þó þeirrar meiningar, að ekki hæfi að borga kjörstjórnar hjálparmönnum ferð þeirra til kjörþinganna, ef þeir eiga kosníngarrètt; og að því leytinu, sem hinn virðulegi þingmaður Strandasýslu gjörði ráð fyrir, að ske mætti, að hjálparmenn kjörstjóra, þeir er kosníngarrètt eiga, færi á mis við alla borgun, ef þeir ásamt kjörstjóra byggi á sýsluenda, en nær heimili hans en fimtúngi þingmannaleiðar nemi, en yrðu þó að fara lánga leið til kjörþíngsins kauplaust, verður það svarið: að jafnlánga leið eiga fleiri kjósendur að fara, og verða ekki af öðrum reiddir, fremur en hjálparmenn þessir kjörstjóranna.

Eyjólfur Einarsson: Það er ekki nema sjálfsögð skylda, að borga þann greiða, sem manni er gjörður, eins á kjörfundum og annarstaðar.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eg vil geta þess í máli þessu, sem svo mikið og merkilegt er búið um að ræða, að mèr þykja smásmuglegir reikníngar miður sæmandi og þjóðinni ógeðfeldir, og er eg helzt á því að samþykkja frumvarpið.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg get ekki annað álitið, en að til hlítar hafi verið rædt um þetta mál á hinu fyrra þíngi, og mèr getur ekki annað en þókt það eptirtektavert, að þíngmaður Ísfirðínga, og það jafnmerkilegur þíngmaður, skuli nú leggja til, að þíngið skuli nú breyta því, sem með mesta atkvæðafjölda (16 gegn 8) var samþykt af þínginu í hitt eð fyrra, og það í því efni, sem á jafnlitlu stendur; því eg held, að aðstoðarmönnum kjörstjóranna, þeim er ekki hafa kosníngarrètt, standi í rauninni á sama, hvort þeir fá þenna litla ferðakostnað eður ekki. Líkt er að segja um laun sýslumannanna fyrir að skrifa kjörskrárnar, að eg get ekki gjört ráð fyrir þeim svo smásmuglegum, að þeir fari að olla almenníngi kostnaðar með laungum sendiferðum til prentsmiðjunnar, til þess að komast hjá að skrifa fáeinar arkir.

Helgi Helgason: Eg er öldúngis samþykkur því, er þíngmaður Skaptfellínga síðast mælti.

Ásgeir Einarsson: Hvað því viðvíkur, að sýslumenn munu ekki nota leyfi það, er þeir hafa með rèttu til að láta prenta kjörskrárnar, þá skyldi eg ekki fylgja breytíngunni á fimtu

grein fast fram í þessu tilliti, ef einhver getur ábyrgzt, að sýslumenn notuðu sèr ekki áminnzt leyfi.

Framsögumaður: Það væri kannske ofmikið fyrir mig að gángast undir ábyrgð þá, sem hinn virðulegi þingmaður nú ræddi um; en eg held, að þingið hafi ábyrgðina bezt hjá sjálfu sèr í umræðu þeirri, sem orðin er um þetta málsatriði. Viðvíkjandi viðbæti þeim, sem hinn virðulegi þingmaður Eyfirðínga stakk upp á við 5. grein, þá get eg að vísu ekki haldið, að nefndarmenn mundu verða honum mjög móthverfir; en eg held þó naumast, að þörf sè á viðbæti þessum, og að sýslumenn þvert á móti hafi nóga hvöt til að haga sèr í þessu, sem bezt gegnir, í umræðum þeim, sem orðnar eru hèr á þínginu um málið.

Stephán Jónsson: Meining mín var með breytíngaratkvæði mínu, að taka burt allan efa og ótta fyrir sendiferðum, sem búið var að hreifa, með kjörskrárnar til prentunar; en ef mèr svo sýnist, get eg látið það niður falla við seinni umræðu málsins, þó eg hvorugt afráði í þetta sinn.

Prófastur H. Stephensen: Þar sem hinn virðulegi þíngmaður Strandasýslu fór fram á, að einhver tæki í ábyrgð kröfur sýslumanna fyrir eptirrit kosníngarskránna, en framsögumaður vildi að líkindum velta þeim vanda af sèr á þíngið, þá mundi eg, ef einhver kysi sèr viðauka-atkvæði um það efni, að vísu gefa því atkvæði mitt, ef eg ekki óttaðist, að það líktist ölmusum, og yrði því sýslumönnum ógeðfelt viðtöku.

Framsögumaður: Það var reyndar ekki meining mín, að þíngið í vanalegum skilníngi undirgeingist nokkra ábyrgð, eða setti mönnum veð fyrir, að kjörstjórar hlífðu almenníngi við óþarfa-kostnaði út af birtíngu kjörskránna, heldur að það, ef eg má svo að orði komast, hafi svo sterkt „moralskt“ band á kjörstjórunum í þessu efni, sem seinna bilar en öll önnur ábyrgð.

Kammerráð Melsteð: Það er ekki svo vel til fallið, að tala hèr um ábyrgð. Eptir alþíngistilskipuninni er ei heimtað annað af neinum þíngmanna, en að hann tali eptir beztu sannfæríngu, og það á hann að gjöra; þar á móti getur hann ekki tekið ábyrgð á afleiðíngum þeim, sem verða kunna af tillögum hans, þó þær yrðu gjörðar að lagaboðum; enda munu þær og líka því að eins verða teknar til greina við samníngu lagaboða, að þær hafi góðar ástæður fyrir sèr.

Þar einginn tók fremur til orða, kvað forseti þetta mál mundi nægilega rædt til undirbúnings.

Forseti lagði þá fram

73, uppástúngu frá gullsmið Þorgrími Thomsen, viðvíkjandi nefnd til að sjá um betri verkun á saltfiski o. s. frv.

Uppástúngan er svo látandi:

Það er alkunnugt, hversu mjög íslenzkur saltfiskur er fallinn í verði á seinni tímum í útlöndum, einkum á Spáni, hvar þó mest af honum ætíð hefir verið selt hingað til, og framvegis mun selt verða, svo leingi hann annars er útgeingileg vara. Það er einnig alkunnugt, einkum af auglýsíngu þeirri, sem út er geingin frá verzlunarfèlaginu í Barsellóna, og sem birt hefir verið hèr á landi bæði að tilhlutun yfirvalda og eins í Reykjavíkurpóstinum, að lækkun á verði saltfisksins einkanlega hefir orsakazt af illri verkun hèr í landi. Þetta hefir ei einúngis þá verkun, að landsmenn fyrir eintóma vanhirðu missa árins fjár árlega, heldur mun, ef hèr á verður ekki góð, bráð og varanleg bót ráðin, þar að reka, að á íslenzkan saltfisk kemst slíkt óorð í útlöndum, að eingin framandi þjóð leingur vill kaupa hann, og að þannig einn af landsins beztu atvinnuvegum spillist, og að ein af þess helztu vörutegundum geingur öldúngis úr gildi sem verzlunar vara, og sama er að segja um ull og tólg vora, sem og þarf umbótar við. Þetta er því óskipulegar og verr farið, sem íslenzkur saltfiskur, að sögn Spánverja sjálfra, hefir áður, meðan hann var vel verkaður, verið í hærra verði en saltfiskur Noregsmanna, sem nú þar á móti er miklu betur borgaður en íslenzkur fiskur, af því Norðmenn hafa vandað betur verkun hans en Íslendíngar.

Eigi þetta því ekki að verða landinu að mesta tjóni, þarf hèr rammar skorður við að reisa; og sèrhver sá, sem nokkuð þekkir, hvernig til hefir geingið með verzlunina hèr á landi, síðan hún varð að nokkru frjáls, mun viðurkenna, að óprís sá, er í fyrra komst á íslenzkan saltfisk erlendis, og sem nú í ár, eptir eðli verzlunarinnar, aptur kemur niður á Íslendíngum, ekki er nóg aðvörun fyrir þá, þegar nokkuð frá líður, heldur mun, þegar verð fiskjarins aptur dálítið hækkar, af því verkan á honum batnar um sinn, alt sækja í sama horfið aptur, svo að þá verði kaupmenn aptur bráðum óvöruvandari, og landsmenn eins óvandari við sjálfa sig um fiskiverkunina.

Eg fæ því ei betur sèð, en að stjórnin megi skerast í leikinn, ef varanlega bót á að ráða á vandkvæðum þeim, sem nú hefi eg talið.

Það er eptir minni hyggju sèr í lagi með tvennu móti, sem stjórnin getur verkað til varanlegra bóta á meðhöndlun fisksins: fyrst með því, að hvetja menn til að bindast í fèlög til að vanda verkun fisksins; því upphvatningarorð frá stjórninni mundu strax koma mörgum þeim, er annars mundu hälda kyrru fyrir, bæði til að bindast í slík fèlög, og líka til að gerast oddvitar þeirra; og þarnæst með því að fyrirskipa, að sett væri nefnd manna í hverjum verzlunarstað, til að gera úrkast úr fiskinum, áður eða þegar kaupmenn færa hann út í skip sín, svo að allur góður og vel verkaður fiskur yrði sèr, en hinum lakara úr kastað, svo að hann annaðhvort öldúngis ekki yrði út fluttur, eða þá sem lakari vara sèr í lagi. Af þessu mundi bráðum leiða, að kaupmenn annaðhvort ei veittu móttöku illa verkuðum fiski, eða þá einúngis fyrir miklu lægra verð, en gefið væri fyrir hinn vel verkaða fisk, og þannig mundi það verða fyrirbygt, að hin vonda vara spilti fyrir hinni góðu, öllu landinu til skaða.

Eg leyfi mèr því að skora á hið heiðraða alþíng, að láta rannsaka þetta áríðandi málefni, og biðja Hans Hátign konúnginn um, að láta yfirvega, hvort ekki ætti

1) Að láta útgánga upphvatníngu til Íslendínga, að bindast í fèlög til að vanda verkun á saltfiski; og
2) Að láta í öllum verzlunarstöðum tilskipa nefndir manna til að gjöra úrkast úr saltfiskinum, áður eða þegar kaupmenn færa hann út í skip sín.

Reykjavík þann 5. d. Júlímánaðar 1847.

Þ. Tómásson.

Forseti: Efni þessarar bænarskrár er reyndar mikilvægt, en það er þess eðlis, að framkvæmdin verður að líkindum torveld.

Kammerráð Melsteð: Það sem þessi bænarskrá fer fram á, er mjög áríðandi og mikilvægt; eg vil því ráða þínginu til að gefa henni góðan gaum, og velja nefnd til að íhuga hana; held eg 3 manna nefnd sè nóg.

Prófastur Hannes Stephensen: Eg er samfærður um, að full nauðsyn beri til að hamla útflutníngi illa verkaðrar vöru

frá landi þessu, og mæli því með, að nefnd verði kosin í mál þetta; en þar eð í bænarskránni mest er talað um illa verkun saltfisksins, en þó, að mig minnir, drepið á aðrar vörur, þá hygg eg, að vond verkun fisksins í fyrra og lágt verð hans í haust og vetur hafi mest komið af óþurkum í fyrra vor og sjúkleika manna um þær mundir, þar sem landvaran, ull og tólg, hefir í meir en 20 ár verið of illa vönduð; ætla eg því, að nefnd sú, sem kosin kann verða í þetta mál, taki þær vörur eingu síður til greina.

Prófastur Halldór Jónsson: Eg er samþykkur því, sem þingmaður Borgfirðinga nú mælti; en vil þó geta þess, að upp eru farin að koma fyrir norðan samtök um það milli innbúanna, að vörur þeirra verði sem bezt verkaðar.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eg get ekki annað en álitið það nokkurskonar vanvirðu fyrir þjóð vora, ef menn fèllust á, að nefnd væri sett til að rannsaka vörur manna, ept ir að þær eru komnar á verzlunarstaðina; mèr þykir líklegt, að þjóðarandinn og sómatilfinningin sè svo vöknuð hjá mönnum yfir höfuð, að flestir finni sèr skylt að vanda vörur sínar allt betur og betur, en verið hefir áður, og eg get af eigin sannfæringu og vitnisburði verzlunarmanna sjálfra borið vitni um, að ullar og tólgarverkun hefir tekið miklum framförum í Múlasýslu nú undanfarin 3 ár, og svo ætla eg það muni víðar vera á landi hèr; sýnist mèr því ekki þörf á, að mál þetta sè tekið fremur hèr til greina, þar þjóðin mun gæta sóma síns í því falli, og bera umhyggju fyrir því sjálf.

Sveinn Sveinsson: Eg er samdóma þingmanninum úr Norðurmúlasýslu í því, er hann nú síðast mælti. Vöruverkunin hefir á seinni tíð tekið miklum framförum austanlands; en það er næstum eins og það hafi ekkert að þýða, þó menn vandi vörur betur einir en aðrir; því reynslan sýnir, að þeir fá ekki betur vörur sínar borgaðar, nema lakar, þar sem leitazt er við að vanda þær, en hinir sem minna skeyta um það; og því get eg ekki sèð, að til gagns sè að setja nefnd til að rannsaka vörur manna, og það hindrar mig frá að ráða til, að bænarskrá þessi sè fremur tekin til greina.

Stephán Jónsson: Fyrst hèr er um saltfisk að ræða, þá mæli eg ekki móti nefnd, því mèr er verkun þeirrar vörutegundar öldúngis ókunnug.

Prófastur Hannes Stephensen: Þegar hinn virðulegi þing-

maður Norðurmúlasýslu ætlar það löndum vorum vanvirðu, að nefnd verði í kauptúnum kjörin til að meta vörur og kasta þeim úr, er illa þykja verkaðar, verð eg að vera annarar meiningar, og ætla eg, að allra síðaðra þjóða venja beri hèr um vitni, sem slíkar nefndir eiga sèr, og þykja ekki gánga heiðri sínum of nærri.

Gullsmiður Þorgrímur Tómásson: Allir vita, hvað mikið er varið í góða vöruverkun, en um lángan tíma hefir hið gagnstæða hèr viðgeingizt; verð eg því innilega að óska, að nefnd verði kosin í málinu.

Jón Samsonsson: Mèr virðast góðar og gildar ástæður fyrir því, að fiskurinn og aðrar vörur sèu aðgættar; því allir þeir landsmenn vorir, sem vanda vörur sínar, eiga sök á hinum, sem það ekki gjöra, þegar verðið á vörunni er jafnað á einum með öðrum.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Mèr þykir vænt um, að einhver varð til að bera þetta málefni upp hèr á þínginu; því vel væri það, ef komið yrði betri reglu á vöruverkun hèr, og einkum fiskverkun, sem sagt er að einnig sè töluvert ábótavant á saltfiskstöku-búðum kaupmanna sjálfra. Eg segi, að þetta sè vel; en mèr þætti það líka vel fara, að einhver ráð væru lögð til þess, og einhver bæri það upp hèr á þínginu, að litið væri eptir, hvernig kaupmenn vanda vörur þær, er þeir selja okkur; eg vil einúngis taka til lítið atriði af mörgum, sem vekja mætti máls á í þessu efni, og það er brennivínið, sem þeir færa okkur og fá þóknun fyrir að flytja hingað hjá stjórninni; það er nú farið að komast í hámæli, úr hverjum óþverra farið er að brenna það; og það væri líklegt, að farið væri að sjá við, að kaupmenn mættu ekki hafa slíkt á boðstólum, sem er lífi og heilsu jafnskaðlegt og kaup á því eru útdragsöm.

Jústizráð Jón Thorsteinsen: Eg óska, að nefnd verði sett til að íhuga bænarskrána, sem mikil rök munu vera fyrir; og væri það góð byrjun, ef skoðunarmenn feingist til að álíta saltfisk í fyrstu hèr um pláz, og mætti seinna bæta við um skoðun á ull og tólg og fleiri vörum, þegar þess verður beðizt: því þó þess máske ei þurfi með fyrir norðan og austan, hvar vörur eru sagðar betri, þá þarf þess með hèr á suðurlandi.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eptir áliti mínu á máli

þessu og innvortis tilfinning sjálfs míns, á það miklu betur við, að heima í sveitum kæmi menn sèr saman um að velja sèr nefnd þar, hverjir í sinni sveit, til að rannsaka vörur manna; því væri nefnd sett fyrst til þess, eptir að vörurnar eru komnar á verzlunarstaðinn, flyti þar af, að annaðhvort má sá, sem hefir illa vandaðar vörur, láta þær af hendi með niðurfeldu verði, eða flytja þær heim aptur með kostnaði, og baka sèr þar með skömm og skaða, sem fyrirbygt væri, ef rannsóknin færi fram heima í sveitum; mèr þykir því sem fyrri, að það ekki eiga vel við, ef nefnd verður valin til að rannsaka þessa bænarskrá, að hún taki undir álit sitt nokkuð um landvöruna, ull eða tólg; en í tilliti til fisksins, sem eg þekki svo lítið til, hvernig meðhöndlaður er eða verkaður, fellst eg á það, sem þingmenn álíta bezt eigi við.

Konúngsfulltrúi: Þar eð ýms orð af þeim, sem nú hafa verið töluð, geta gefið tilefni til að óttast það, að ekki verði kosin nefnd til að rannsaka þetta mál, þá virðist mèr, að eg eigi, að svo miklu leyti sem eg get, að styðja að því, að mál þetta, sem mèr þykir svo miklu skipta, verði nákvæmar athugað. Eg vil því nú þegar leiða athygli þingsins að því, að árið sem leið fèkk sala á íslenzkum fiski svo ill afdrif á Spáni, þar sem hann hefir verið mest og bezt seldur að undanförnu, að bæði stjórnin og kaupmennirnir máttu bera kvíðboga fyrir, að yrði fiskverkun ekki betri eptir en áður, mundi atvinnuvegur þessi, sem Ísland munar svo mikið um, gánga til þurðar. Svo stóð á, að þegar nokkrir skipsfarmar af íslenzkum fiski voru komnir til Barsellóna, lèt fiskikaupafèlagið þar í borginni halda skoðunargjörð á fiskinum, og varð niðurstaðan sú, að kaupverð það, sem um hafði verið samið að greiða fyrir fiskinn, var talsvert sett niður, og auk þess lèt fèlagið prenta þá auglýsingu í ýmsum frèttablöðum, að ef stjórnin gerði ekki einhverja ráðstöfun fyrir því, að fiskur yrði betur verkaður, svo mundi hann ekki verða keyptur á Spáni. Hvort að nú hin illa reynd, sem á fiski varð í fyrra, hefir komið einúngis af misjafnri verkun, eður einnig af öðrum atvikum, læt eg ósagt; en hitt er þó víst, að hinn íslenzki fiskur er nú á tímum alment haldinn miklu lakari en sá fiskur, sem kemur frá öðrum löndum, t. a. m. frá Noregi, og að fiskverkun hèr á landi hefir farið aptur, eður að minnsta kosti ekki fram, þar sem hún hefir tekið stórum framförum

í öðrum löndum. Þegar nú svo var ástadt, hlaut stjórninni að vera það mjög svo áríðandi, að menn þeir, sem færir væru um að dæma, og sem hefðu nákvæma þekkíngu á allri tilhögun hèr á landi, lètu álit sitt í ljósi um það, hvort þeir sæu nokkurn veg til þess að ráða bót á fiskverkuninni. Hið konúnglega rentukammer hefir og þess vegna tilkynnt mèr, hvað fyrst um sinn hafi verið aðhafzt í þessu efni, og þar hjá haft í ummælum við mig, að eg kæmi þessu máli, ef tækifæri byðist, til umræðu á alþíngi, til þess stjórninni gæti orðið kunnugt álit alþíngis um þetta málefni. Fyrir því var mèr það einkar geðfelt, að á þínginu var borin upp bænarskrá, sem gefur því einmitt tækifæri til að láta í ljósi álit sitt um það, hvað líklegast þyki til að koma góðri verkun að staðaldri á hinn íslenzka fisk, og með því eg þannig vona, að nefnd verði sett til að rannsaka mál þetta, svo geymi eg mèr að svo stöddu að gefa þar um frekari skýrslur, er eg á kost á að veita.

Hreppstjóri Eyjólfur Einarsson: Eg verð að leyfa mèr að geta þess, að saltfiskurinn í Ólafsvík er ekki verkaður af landsmönnum, heldur af kaupmanninum sjálfum, sem þó mun hafa borið sig upp um, að hann hafi selt fiskinn með skaða sínum. Í Flatey er þar á móti fiskurinn hinn bezti, og jafnast enda við Bíldudals, er þó þessi fiskur líka verkaður af kaupmönnum. En hvernig á að fara að setja nefnd til að meta fiskinn hjá kaupmönnum?

Jústizráð Thorsteinsen: Í Noregi þykir kaupmönnum sjálfum mesti hagnaður að hafa skoðunarmenn (*Vragere*), því þegar einn farmur er fluttur úr landi, sem hefir þar skoðunarvitnisburð um, að fiskurinn sè af beztu tegund, þykjast þeir ætíð mega gjöra sèr von um, að fá hið mesta verð fyrir hann í þeim kaupstað, er skipið fer til, í hið minnsta betra en fyrir allan þann, er lakari er fundinn; og því sama óska eg að yrði við komið í hið minnsta hèr sunnanlands, einkum í kaupstöðunum við Faxafjörð.

Prófastur Hannes Stephensen: Ekki virðist mèr það því til hindrunar, að nefndir yrðu settar í kauptúnum, þó verzlunarmenn verki sjálfir meira eða minna vörur sínar, því eins ætla eg þær eiga að leggjast undir álit nefndarmanna og þær aðkeyptu.

Kandídat Jón Sigurðsson: Atriði það, sem hinn virðulegi

þingmaður frá Barðastrandarsýslu hreifði við, verður maður að skoða frá landsins sjónarmiði. Það er auðsætt, að sá fiskur, sem kaupmenn verka, er eins fiskur landsins, eins og sá, sem landsmenn verka sjálfir, og ríður jafnt á, að verkunar á hvorutveggja fiskinum sè gætt. En það er samt sem áður orðin einskonar dagleg venja, að telja ekki landinu verkun á þeim fiski, sem kaupmenn verka, og eg hefi komizt að því, að kaupmönnum sjálfum hættir við að bera alla sökina um illa vöruverkun upp á landsmenn, og stjórnin sjálf hefir stundum látið sèr telja trú um þetta. Það er þess vegna nauðsynlegt, að nefnd sú, sem eg ætla sjálfsagt að sett verði í máli þessu, taki til greina, hvort kaupmenn sè ekki eins sekir í þessu máli eins og landsmenn, svo stjórnin fái sem ljósasta skýrslu um málsins sanna ásigkomulag.

Kammerráð Melsteð: Það hlýtur að vera orðið sèrhverjum þingmanna ljóst, bæði af ræðu hins hæstvirta konúngsfulltrúa, og margra annara þingmanna, að ekki er annað tilhlýðilegt, en að nefnd sè sett í þessu máli. En þar sem talað hefir verið um, að uppáleggja nefndinni að taka fleira til yfirvegunar, en til er greint í uppástúngunni, þá er þetta miður hentugt nú í inngángs-umræðunni. Það má ætla nefndinni, þegar hún fer að rannsaka málið, að hún muni taka til yfirvegunar þau atriði, sem nauðsynlegt er, og í sambandi eru við efnið í uppástúngunni. En þyki þá einhverjum þingmanna nokkuð áskorta í nefndarálitinu, þá er fyrst tími til fyrir hann, þegar undirbúnings-umræða um málefnið fer fram, að koma fram með breytíngaratkvæði sitt þessu viðvíkjandi. Hèr er nú einúngis verið að tala um, að setja nefnd í málinu, og að því ætti þingið að gefa gætur, að velja í hana hyggna og reynda menn, og þá má ætla þeim, að þeir taki til greina þau atriði, sem nauðsynleg eru.

Prófastur Hannes Stephensen: Af því eg man ekki betur, en bænarskráin nefni líka aðrar vörur en fiskinn, ætla eg það skyldu nefndarinnar, að taka þær eingu síður undir umdæmi vörunefndarinnar

Kammerráð Melsteð: Það er þó, að ætlun minni, á móti góðu formi, að tala um það nú, eður að ætla sèr fyrirfram að binda nefndina við vissar skorður; þeim, sem ekki þykir nefndin í áliti sínu hafa tekið nægilega til greina eitthvert það atriði, sem honum þykir miklu varða, gefst ætíð

tækifæri til að ráða bót á því í undirbúnings-umræðu málsins, með því að koma þá fram með breytingaratkvæði.

Forseti skaut því þá til úrlausnar þingsins, hvort nefnd skyldi kjósa, og var það viðtekið af þingmönnum í einu hljóði: Þá var til atkvæða geingið og þessir í nefnd kosnir: gullsmiður Þ. Tómasson með 15, og prófastur Hannes Stephensen og jústizráð Thorsteinsen, hvor með 14 atkvæðum.

Forseti óskaði, að þeir, sem hefðu áskilið sèr breytingaratkvæði, vildu færa sèr þau í dag, því málið um frumvarp til opins brèfs um kjörkostnað til alþingis yrði á morgun rædt til lykta.

Því næst var fundi slitið.

---

## 10di Júlí — áttundi fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá seinasta fundi lesin og samþykt.

Álitsskjal um konúnglegt frumvarp um borgun til kjörstjóra var tekið fyrir til síðustu umræðu og afhent varaforseta, sem var framsögumaður nefndarinnar í því máli.

Við þetta frumvarp hafði 1. Kandídat Jón Sigurðsson áskilið sèr þau breytingaratkvæði, að úr 1. grein skyldu falla burtu þessi orð: „en á kjörstefnufundum þeir einir, sem ekki eiga kosningarrètt“, og úr 5. grein orðið „ókeypis“; og 2. Stephán Jónsson, að í 5. grein væri bætt inn í eptir „komið við“ þeim orðum: „án sèrlegs flutningskostnaðar“.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Áður mál þetta er tekið til ályktunar-umræðu, sem er fyrsta málið, sem tekið verður fyrir til síðustu umræðu á þessu þingi, verð eg að leyfa mèr að venda máli mínu til ens háttvirta forseta og beiðast úrlausnar á einu atriði, til þess að útlista og einskorða nauðsynlega þingreglu í því efni framvegis; en það er, hvort sá, sem hefir borið upp breytingaratkvæði í undirbúnings-umræðu einhvers máls, á ekki frjálst, ef einhver annar þingmaður mælir gegn lögun eður formi breytingar-atkvæðisins og vill fyri þá sök hrinda því, — hvort sá, sem breytingaratkvæðið bar upp, eigi þá ekki frjálst að mega taka til orða til þess að forsvara það og form þess, þó hann sè búinn áður að tala um efni aðalmálsins og megi því ekki ræða um það mál optar eptir 71. grein alþingistilsk.; því það er nú skýlaust; hitt álít eg efasamara, og þó jafnvel að sè leyfilegt; og eg veit,

að það hefir verið leyft á þínginu í Hróarskeldu, en á hinu fyrra þíngi hèr var það þó ekki leyft; eg átti sjálfur í eitt skipti hlut að máli, þegar svo stóð á; þykir mèr því áríðanda að vita vissa reglu í þessu efni framvegis.

Forseti: Eg óska þess, að í því efni, er fulltrúi Skaptfellínga vèk á, verði á þessu þíngi, sem er það fyrsta, og að líkindum einnig hið seinasta, er eg á að stýra, fylgt þeim sömu þíngsköpum, sem árið 1845 voru viðhöfð, það því heldur, sem eg ætla það augljóslega bygt á alþíngistilskipunarinnar 71. grein. Eg neita ekki, að sá, sem ber upp breytíngaratkvæði við undirbúníngsumræðu einhvers málefnis, getur að nokkru leyti álitizt sem framsögumaður þess breytíngaratkvæðis, er hann aðhyllist, en þó er ei annar munurinn á hans og annara mótmælum eða breytíngum á nefndarálitinu, en sá, að hann gjörir sèr meira far en hinir að því, að meiníng hans komi undir úrskurð þíngsins. Víst hefir löggjafinn sèð fyrir, að slík breytíngaratkvæði mundu fyrirkoma á þíngum, og þó segir hann: „Einginn meðlimur má“ — o. s. frv.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Það var, eins og eg mælti áðan, að eg vakti ekki máls á þessari umræðu með tilliti til þessa máls einúngis, heldur með tilliti til hins yfir höfuð, hvaða reglu ætti að fylgja í hverju máli sem er, þegar svo ber að, að einhver vill vefeingja form breytíngaratkvæðisins og hrinda því fyri þá sök; þykir mèr þá hart, ef breytíngaratkvæðið verður að falla fyrir það, að sá, er kvað það upp, má ekki forsvara það; þetta getur nú að borið, eins og allir sjá, bæði í hinum merkilegustu og mest umvarðandi málum, eins og í hinum minni háttar.

Forseti: Eg vil láta lenda við það, er eg síðast mælti, en breytíngaratkvæði þau, er til mín koma í lok undirbúnings-umræðu málefnis hvers, skulu hèr eptir verða strax þíngmönnum kunn, bæði á lestrarsölum og með úthlutuðum eptirritum, þar prentunar þeirra [illegible] eptir sem ástadt er, einginn kostur.

Framsögumaður Assessor Johnsen: Eg ætlaði mèr einmitt, þegar nú mál er komið til ályktunar-umræðu í fyrsta sinn á þessu þíngi, að hreifa atriði nokkru, sem stendur í sambandi við þá spurníngu, er hinn heiðraði þíngmaður Skaptfellínga nú gjörði, þar að lútandi nefnilega, hvort hinn háttvirti forseti ekki álíti það vel fara og varða nokkru fyrir þíngmenn, að listi væri saminn yfir breytíngaratkvæði þau, sem stúngið er

upp á í máli hverju, og listinn festur upp í lestrarsalnum, undir eins og kunngjört er, hvenær málið geingur til ályktunarumræðu. Þetta er siður við umdæmaþíng í Danmörku, hvar þesskonar listar þar að auki eru prentaðir, svo að hver fulltrúi geti haft hann til eptirsjónar, og þannig búið sig undir bæði ályktunarumræðuna, þó að honum um stund kunni að gleymast, hvað farið er fram við undirbúníngsumræðuna, er hann þá um leið á betri kost á að ryfja það upp fyrir sèr, og líka látið meiníngu sína í ljósi, ef honum kynni að sýnast breytíngaratkvæðin annaðhvort betur koma við í annari röð, eða betur sett fram á annan hátt, hvort um sig, en eptir listanum; og er eg að vísu, þegar umræða verður um þesskonar á þínginu, fremur á því, að þíngmenn ættu að eiga kost á að tala optar en einu sinni við ályktunarumræðuna, en þó sjálfsagt einúngis viðvíkjandi spurníngunum um þetta skipulag út af fyrir sig. Annars er eg fyrir mitt leyti ánægður með, að í þessu efni sè farið að á þessu þíngi, eins og forseti hefir ákveðið, en mèr hefir þókt ákvörðun vanta eða reglu um það hingað til; en þegar hún er tekin, virðist líka sem það verði síður áríðandi, er þíngmaður Skaptfellínga fór fram á.

Þegar eg nú vík máli mínu að frumvarpi því, sem hèr í dag er til ályktunarumræðu, þá gjöri eg ráð fyrir, að umræða þessi geti orðið því styttri í dag, sem mèr þókti undirbúníngsumræðan í gær verða vonum fremur laung; enda er nú það, sem í gær fór fram, þíngmönnum í svo fersku minni, að eg ekki þarf að ryfja það upp fyrir þeim eða fara mörgum orðum um það. Það sem í dag er umtalsefni, eru þau þrjú breytíngaratkvæði, er hinir heiðruðu þíngmenn Ísfirðínga og Eyfirðínga hafa mælt fram með við 1. og 5. grein frumvarpsins; en áður en eg sný mèr að þeim, leyfi eg mèr að geta þess, að eg fyrst í dag, er þíngbókin var lesin upp, er orðinn þess áskynja, að eg í gær hefi misskilið hinn heiðraða konúngkjörna þíngmann hinnar andlegu stèttar, sem fór fram á breytíngaratkvæði við 1. greinina, er eg nú heyrða, að meiníng hans var sú, að breyta ætti fyrra kaflanum á þá leið, að kjörstjórar ættu að fá fæðispeníinga, eins á fundum þeim sem þeir halda eptir 18. og 22. grein alþíngistilskipunarinnar, og þá er þeir eru á kjörstefnunni sjálfri, hvort heldur þeir hafa lángan veg eða skamman til hinna fundanna; og er það til merkis um, að fleiri en eg hafa misskilið þíngmanninn, að þíng-

maður Ísfirðínga kvaðst ætla að fylgja þessu breytíngaratkvæði fram, er uppástúngumaður yfirgaf það aptur, en er nú þó kominn fram með einmitt það breytíngaratkvæði við annan kafla greinarinnar, sem líka mèr skildist að hinn konúngkjörni þíngmaður hinnar andlegu stèttar færi fram á; en þar eð þíngmaður þessi, eins og áður er sagt, nú er búinn að yfirgefa sitt breytíngaratkvæði, er það án allra verkana, að þessi misskilníngur er orðinn. Hvað nú viðvíkur breytíngaratkæðum þíngmanns Ísfirðínga, þá held eg það megi álítast vera orðið nokkurn veginn ljóst af umræðunni í gær, að þau sè nægilega hrakin, og ef eg svo má að orði kveða, smásmuglegri en svo, að þíngið að rèttu lagi ætti að fallast á þau, gegn ákvörðunum þeim, sem stjórnin nú er búin að aðhyllast, samkvæmt sjálfs þíngsins tilmælum í hitt eð fyrra, og er ástæða stjórnarinnar, eins og líka þíngsins, til þess, bæði að láta þá eina kjörstjórnarmenn, sem ekki eiga kosníngarrètt, njóta fæðispeníngа og endurgjalds fyrir ferðakostnað á kjörstefnuna (1. grein), og líka til hins að kjörstjórar skyldu semja kjörskrárnar ókeypis (5. grein), sú, að komast hjá nokkrum, jafnvel óþörfum kostnaði. Með tilliti til breytíngaratkvæðis þess við hina 5. grein, að á eptir orðunum „komið við“ mætti bæta inní: „án flutníngskostnaðar“, sem hinn virðulegi þíngmaður Eyfirðínga mælir fram með, þá hafa nefndarmenn síðan í gær borið sig saman um þetta atriði, og eru þeir nú allir orðnir á það sáttir, að breytíngaratkvæði þetta sè vel til fallið, hvers vegna eg, nefndarinnar vegna, verð að mæla fram með því.

Konúngsfulltrúi: Eins og það yfir höfuð var ætlan mín, þegar mál þetta yrði rædt til lykta á fundi í dag, að gefa hinum heiðruðu þíngmönnum uppskátt álit mitt um spurníngar þær, sem mál þetta hefir gefið tilefni til, svo finn eg hvöt til að láta í ljósi þessar mínar athugasemdir nú þegar, áður en umræðan þokast leingra áfram, einkum með tilliti til þess, hversu mikið gildi hinn virðulegi varaforseti, sem framsögumaður nefndarinnar, vildi í ræðu þeirri, er hann nú flutti, láta veita því atriði, að alþíng með miklum atkvæðafjölda árið 1845 rèði til þess, sem stjórnin hefir nú sett í lagafrumvarpið.

Eg vil þá fyrst drepa á efni (Realiteten) breytíngar-atkvæða þeirra, sem upp hafa verið borin. Breytíngar-atkvæði það, sem alþíngismaður Ísfirðínga hefir gjört við hina 1. grein, miðar til þess, að aðstoðar menn kjörstjóra, hvort sem þeir

eiga kosníngarrètt eða ekki, fái jafna heimtíng á fæðispeníngum og endurgjaldi ferðakostnaðar, sem leiðir af kjörfundum. Af ástæðum frumvarpsins hefir alþíng komizt að raun um, að kanselliið hefir fundið talsverða annmarka á því að biðja um lagaboð samkvæmt uppástúngu alþíngis. Það er nefnilega eingin sönn rèttar-ástæða til þess að gjöra slíkan greinarmun sem þann, er alþíng hafði mælt fram með, millum þeirra af kjörstjórnarmönnum, sem ættu kosníngarrètt, og þeirra, sem ekki ættu þann rètt. Þeir, sem kosníngarrèttinn eiga, eru ekki skyldir að mæta á kjörfundum; margir kosníngafærir menn neyta opt ekki þessa rèttar, sem þeir eiga. Þá fyrst eru menn skyldir að sækja kjörfundi, þegar þeir eru kvaddir til kjörstjórnar embættis, og það er þá eingin rèttar-ástæða til þess, að kosníngarrèttur sá, sem þeir eiga, og sem þeim er innan handar að hagnýta sèr ekki, skuli svipta þá endurgjaldi fyrir kostnað þann, sem ferð sú leggur þeim á herðar, er þeir hljóta að fara, af því þeir eru kjörstjórnarmenn. Sú eina ástæða, sem rèttilega virðist mega færa fyrir þessari aðgreiníngu, er eptir ætlun minni sú, að löggjafinn á ekki að gjöra ráð fyrir, að þeir, sem kosníngarrètt eiga, komi ekki á kjörstefnu; en þessi ástæða veikist þó talsvert, þegar þess er gætt, að reynslan sýnir allstaðar, að margir, sem kosníngarrètt eiga, koma ekki til fundar, og þessi reynsla hlýtur að vera kunn orðin löggjafaranum. Þegar þess vegna kanselliið samt sem áður hefir stúngið upp á, og konúngur þókzt geta fallizt á, að ákvörðun sú væri sett í lagafrumvarpið, sem alþíngið hefði ráðið til, svo kemur það án efa einkum af því, að málið snertir útgjöld, sem jafnast skal á landið, og að stjórnin í þesskyns málefnum vissulega vill ógjarna breyta á móti tillögum alþíngis, þegar vandkvædin móti þeim eru ekki öldúngis yfirgnæfandi. Samt sè eg ekki, að frá stjórnarinnar hálfu geti verið nokkuð því til fyrirstöðu, að aðgreiníng sú, sem af alþíngi var gjörð í hitt eð fyrra og síðan sett í frumvarpið, á millum þeirra, sem ættu, og þeirra, sem ekki ættu kosníngarrètt, verði nú látin niðurfalla, þegar tilskipun verður samin til fulls og alls um þetta mál, ef að alþíng, þegar málið er skoðað að nýju, finnur ástæðu til að breyta uppástúngu þeirri, er það áður hefir fallizt á.

Hvað þar næst viðvíkur breytíngaratkvæði því, sem sá hinn sami þíngmaður hefir áskilið sèr við 5. grein, um það að kjör-

stjórar skyldu hafa borgun fyrir eptirrit kjörskránna, þá er í umræðu þeirri, sem nú er orðin um þetta mál, nýtt atriði þess komið í ljós, sem eg ekki man til að aðgætt væri, þegar mál þetta var rædt hèr á þingi árið 1845. Það hefir nefnilega verið sagt, að kostnaðurinn viðvíkjandi kjörskránum, ef til vildi, gæti orðið meiri, feingi kjörstjórar einga borgun fyrir eptirritin, af því þeir mundu þá optar neyta þessa rèttar, sem alþingistilsk. veitti þeim, þann, að láta prenta skrárnar. Þótt menn nú geti hins bezta til um rèttsýni sýslumanna, mundi það þó þykja mjög að líkindum fara, ef einhver þeirra, sem þækti eptirritan kjörskránna helzt til þrautamikil, vildi grípa til rèttar síns, jafnvel þó sá hinn sami mundi heldur hafa kosið að gjöra eptirrit kjörskránna, ef hann hefði átt von á sanngjarnri borgun fyrir það starf. Þess vegna gæti svo farið, að þetta atriði í lagafrumvarpinu yrði þjóðgjöldunum til auknìngar, í stað þess það átti að vera þeim til sparnaðar. En skyldi svo fara, að hinn meiri hluti þingmanna fèllist ekki á breytíngaratkvæði þetta, þá virðist mart vera með því, að fylgt væri breytíngaratkvæði þingmannsins úr Eyjafjarðarsýslu um það, að ekki mætti auka kostnað með sendíngum kjörskránna til prentsmiðjunnar og frá henni aptur, þar eð með því móti væru skorður settar kostnaði þeim, sem leiða kynni af prentun kjörskránna.

Eptir að eg þannig hefi drepið á hin einstöku breytíngaratkvæði, sem borin hafa verið upp í máli þessu, ætla eg að láta í ljósi álit mitt um hið formlega í málinu, eður um hina yfirgripsmeiri spurníngunа, að hvað miklu leyti alþíng, þegar það einusinni hefir beðið konúng um eitthvert lagaboð, og lagafrumvarp þar næst er lagt fyrir þíngið, samið að því skapi sem um hefir verið beðið, eigi að halda fast við þá uppástúngu, sem það eitt sinn hefir gjört, jafnvel þó meiri hluti þíngmanna kæmist að raun um, þegar málið væri rannsakað að nýju, að breyta mætti til hins betra. Og virðist þá, þegar um slíkt er að ræða, það vera æskilegast, að þíngmenn, ef eitthvert mál kemur optar en einu sinni til alþíngis, breyti ekki of opt áliti sínu á málunum, því það gæti dregið til þess, að stjórninni yfir höfuð yrði ervitt að styðjast við tillögur þíngsins. En það er eingan veginn þann veg að skilja, að ekki megi út af þessari reglu breyta; því væri svo, yrði hún að vera bygð á þeirri ástæðu, að alþíngi þækti sèr í eingu mistakast, og getur það að vísu

ekki átt sèr stað, þar eð einginn maður og eingin mannaverk eru algjörð eður óbrigðul. Alþíng getur því vissulega ekki skert virðíngu sína, hvorki hjá þjóðinni eða hjá stjórninni, þó það, þegar það rannsakar eitt mál að nýju, og aðgætir og prófar þær efasemdir, sem gjörðar hafa verið við hið fyrra álit þess á því máli, komist að raun um, að efasemdirnar eru á nægum rökum bygðar, og þá viðurkennir hreint og beint, að það sè nú komið að betri raun en áður. Auk þess er það aðgætandi, að þegar lagafrumvörp þau ásamt með ástæðum, sem alþíng hefir gefið tilefni til, eru aptur borin upp á þíngi, þá er einmitt tilgángurinn sá, að betur sè prófaðar þær efasemdir, sem hafa kunnað að rísa gegn frumvarpinu. Það hefir og alþíngismaðurinn úr Strandasýslu í hinni fyrri umræðu um þetta mál glögglega útlistað. Stundum kann nú að sönnu stjórnin, eins og t. a. m. í þessu máli, að hafa sèð annmarka á uppástúngum alþíngis, en samt sem áður ekki þókt þeir vera svo stórvægir, að þörf væri á í lagafrumvarpinu að breyta út af uppástúngunum; en þá er drepið á annmarkana í ástæðum frumvarpsins, til þess þeir geti orðið að nákvæmara umtalsefni. Ef nú alþíng, þegar slík mál bæri að höndum, að sönnu kæmist að raun um við endurskoðun málanna, að annmarkarnir væru meiri en áður hefði sýnzt, en rèði þó af að láta sitja við sama, og það hefði áður sagt, einúngis til þess að vera sjálfu sèr samkvæmt: þá gæti svo farið, að út yrði gefið það lagaboð, sem bæði stjórninni og þínginu þækti ekki allskostar æskilegt eður tilgánginum samsvarandi.

Hins vegar getur og það borið til, að stjórnin finni svo stóran efa á uppástúngum þíngsins, að ekki hafi orðið komizt hjá því að sleppa þeim uppástúngum. Einmitt þetta hefir borið við í öðru máli, sem er þessu skylt, og sem nú er lagt fyrir alþíng, en það er málið um endurgjald þínghaldskostnaðarins. Það liggur nú í augum uppi, hversu skaðlegt það væri, ef alþíng í þesskyns málum, einúngis til að vera sjálfu sèr samkvæmt, áliti sig bundið við það, sem það áður hefði ráðið til, þannig, að það stæði fast á hinu fyrra, jafnvel þó meiri þorri þíngmanna væri kominn að raun um, að hinar *fyrri* tillögur þíngsins væru á ekki sem beztum ástæðum bygðar.

Þó eg nú þykist að öllu leyti kannast við, hversu mikil þýðíng liggur í orðum þeim, sem hinn heiðraði varaforseti og hinn konúngkjörni þíngmaður, er situr honum til annarar

handar, hafa sagt til styrkíngar sínu máli um það, að hið konúnglega frumvarp, sem er samhljóða uppástúngu alþíngis, öðlist lagagildi: svo hygg eg þó, að eg hafi sannað með þessum athugasemdum mínum, að það sè eingan veginn gagnstætt rèttum grundvallarreglum, þótt alþíng nú við ítrekaða rannsókn þessa máls kæmist að raun um, að annmarkar þeir, sem stjórnin sjálf hefir fundið, væru yfirgnæfandi; og sèr í lagi ætla eg, að alþíng mætti búast við, að ef það tæki til greina breytíngar-atkvæðið við fyrstu grein, þá mundi uppástúngu þeirri, sem þar á yrði bygð, ljúflega verða fylgt af stjórninni.

Framsögumaður: Eg verð að játa það, að ræða sú, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi nú hèlt, var á þá leið, að þínginu má þykja mikið til hennar koma, og að eg fyrir mitt leyti ekki hefði viljað missa hana úr þíngtíðindunum, enda þó meiníngarmunur milli konúngsfulltrúa og mín í þessu máli væri meiri, en mèr af ræðu hans skildist vera. Það er að vísu viðurkent í umræðum þessa máls, ef ekki með berum orðum, þá samt eptir sem umræðurnar liggja við, bæði af þeim hinum mikið heiðraða konúngkjörna þíngmanni hinnar veraldlegu stèttar, sem mælt hefir í málinu, og af mèr, að ákvörðunin í öðrum kafla 1. greinar ekki sè eðli hlutarins sem samkvæmust (principmæleig), nè heldur ákvörðun sú í 5. grein, að kjörstjórar skuli skrifa kjörskrárnar ókeypis; en þegar ekki um meira er að ræða en um atriði þessi hvort um sig, hefir nefndinni ekki þókt eiga við, að taka nú aðra stefnu með ákvarðanir þessar, en það þegar sjálft er búið að taka, þegar þó að hinu leytinu varð sparaður kostnaður nokkur með að halda þeim, og þar eð sèr í lagi ekki verður gjört ráð fyrir, að sýslumenn á þann veg amist við 5. greininni, að þeir vegna þeirrar ákvörðunar hyllist til að skjóta sèr undan lítilfjörlegri fyrirhöfn með því sem optast að láta prenta kjörskrárnar, og undir eins að afla almenníngi töluverðs kostnaðar; enda virðist, sem nóglega sè sèð við þessum leka, með viðbæti þeim, sem vonanda er að þíngið fallist á með breytíngaratkvæði þíngmanns Eyfirðínga, því eg ætla, að það gefi þeim nægilega hugvekju í þessu efni. Að öðru leyti má hver maður fallast á það, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi mælti, um að þíngið lèti sig eigi binda um of af meiníngum þess eða ályktunum í hvert sinni, enda yrði eg að álíta það mikinn ókost á því,

eins og á hverjum einstökum manni, að vera sá þverhöfði, að vilja aldrei breyta meiningu sinni, eða láta sannfærast og leiðast til gagnstæðra meininga og ályktana af gildum ástæðum og kríngumstæðum.

Kandídat Jón Sigurðsson: Það gladdi mig að heyra af hinni seinustu ræðu hins virðulega framsögumanns, að hann hefir þó sannfærzt af orðum hins háttvirta konúngsfulltrúa, um að breytíngar-atkvæði þau, er eg hefi upp borið, eru ekki öldúngis ástæðulaus, svo það lítur svo út, sem hann gjöri minna úr hrakníngum á þeim nú, en þegar hann byrjaði fyrst í morgun. Eg get annars ekki neitað, að mèr finnst það einmitt smásmuglegt, þegar höfðínglundaðir menn, sem eru að segja frá höfðíngskap þjóðarinnar, eru að mæla fram með ítrasta sparnaði í smáhlutum; eða þegar frjálslundaðir menn eins og taka sèr það til, þegar borin eru upp breytíngar-atkvæði, sem að vísu kunna að snerta hin minni atriði málanna, en eru þó bygð á slíkum reglum og ástæðum, sem vel hæfir að íhuga. Það er nú óþarfi að fara mörgum orðum um þau atriði, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi tók fram; en eg get ekki neitað, að mèr þókti það undarlegt, þegar framsögumaður bar fyrir sig stjórnarráðin móti breytíngaratkvæðinu í fyrstu grein, þar sem í ástæðunum stendur með berum orðum, að stjórnin áliti ástæður þess, sem í frumvarpinu stendur, ónógar. Eg þarf ekki heldur að fara mörgum orðum um ástæður fyrir breytíngaratkvæði mínu til fyrstu greinar frumvarpsins, þar eð eg ætla þær sè fullljósar öllum þeim, sem kunna að gjöra mun á rèttindum og skyldum: á rèttindum, sem maður getur notað eða ekki notað eptir geðþekkni, og skyldum, sem maður má ekki vanrækja, heldur verður að uppfylla. Ef að þíngið fer því fram, sem í frumvarpinu stendur, þá sè eg einga ástæðu til að veita kjörstjórum heldur neitt kaup fyrir störf þeirra, því þau eru ekki þeim mun meiri, en störf aðstoðarmanna, að þau eigi meiri laun skilið. Að gjöra mun á þeim finnst mèr vera gagnstætt rèttum jöfnuði. Það eru því, að minni hyggju, full rök til að fallast á breytíngaratkvæði mitt til fyrstu greinar, og fella úr niðurlag hennar.

Sama er að segja um breytíngar-atkvæði til 5. greinar, og það verður eins nauðsynlegt fyrir því, þó fallizt verði á breytíngar-atkvæði hins virðulega þíngmanns úr Eyjafjarðarsýslu. Ástæðan til að breyta er augljós, og það er sú, að ef haldið

verður því, sem nú er, þá verða hinir fjarlægari sýslumenn miklu harðara úti en þeir, sem nær eru. Þeir, sem eru nærri, geta látið prenta, þegar þeir vilja, en hinir geta það alls ekki, ef til vill; því eg held varla, að tími verði til að bíða kannske heilt eða hálft annað ár eptir prentun kjörskránna, en það er ekki ætíð sagt, að prentsmiðjan hafi tækifæri til að prenta kjörskrár frá 20 sýslum, jafnskjótt og þær koma; því opt kann svo við að bera, að yfir standi prentun þeirra bóka, sem landinu ríður mest á, og verði því kjörskránum ekki sint. Það eru því líkindi til, að allir hinir fjarlægari sýslumenn verði neyddir til að láta skrifa upp kjörskrár í sínum sýslum, þar sem hinir nálægari geta látið prenta, og væri þetta töluverður ójöfnuður.

Að svo mæltu fel eg hinu virðulega þingi á hendur breytíngar-atkvæðin til úrskurðar.

Forseti: Eg get ekki annað en fallizt á þau breytíngar-atkvæði, er þíngmaður Ísfirðínga hefir upp borið í þessu málefni, og ætla eg bæði hann og sá hæstvirti konúngsfulltrúi hafi með nægum rökum studt þau. Það eru aldrei smámunir, sem um er að ræða, þegar um rèttindi manna er að gjöra, og að skyldum og rèttindum verði með sanngirni skipt meðal meðlima ens borgaralega fèlags; en það kalla eg ekki sè, í því sem hèr er um að ræða, ef þeir eiga einga borgun að fá, sem máske um lángan veg sækja kjörstefnu til liðsinnis við kjörstjórann eptir skipun hans, enda þó þeir sjálfir hefðu kosníngarrètt á kjörstefnunni, þar það stóð í sjálfra þeirra valdi, hvort þeir nota vildu þenna rètt sinn eður ei. Ójöfnuðurinnn eptir 5. grein frumvarpsins er öllum auðsær milli þeirra sýslumanna, er næstir búa prentsmiðjunni, og hinna, sem lángt eru þaðan, og verða máske í fólksríkri sýslu að skrifa 100 alt að 150 kjörskrár; því ekki kalla eg vel fyrirsèð, ef hver kjósandi ekki hefir eina í höndum.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Þó það megi virðast, sem þegar sè nóg rædt um þetta mál, verð eg að leyfa mèr að fara nokkrum orðum um það, er hinn háttvirti konúngsfulltrúi mælti áðan. Eg felli mig yfir höfuð að tala vel við það, sem hann lèt rædt um, að hve miklu leyti þínginu byrjaði að breyta út af því, er það áður hefði viðtekið með atkvæða-fjölda, eður ekki; og eg held, að einginn hinna heiðruðu þíngmanna, þeirra er í gær lögðu það til, að þínginu bæri fremur að halda

fast við ályktanir sínar, er áður væri gjörðar, hafi með því meint, að aldrei ætti út af því að bera, hvernig sem á stæði, heldur ætti þingið að varast það yfir höfuð, og helzt í þeim málum, sem litlu skipti um; og mèr gat ekki skilizt betur fyri fáum dögum hèr frá, en að hinn háttvirti konúngsfulltrúi legði þetta til sjálfur, og það var, þegar umræðuefnið var, hvort kveðja ætti nefnd til að segja álit sitt um uppboðs-byggíngaskrár á konúngsjörðum; þá skirskotaði konúngsfull-trúinn til þess, að 2 bænarskrám líks málefnis hefði verið vís-að frá á hinu fyrra þingi, og mundi því ekki eiga vel við, ef þingið færi nú að kveðja til nefnd í samkynja málefni. En hvað því viðvíkur, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi sagði um borgun til sýslumanna fyrir eptirrit kjörskránna, og að nú væri að líta á nýtt atriði því til stuðnings, sem ekki hefði komið til umtals á hinu fyrra þingi, en það væri kostnaðurinn, sem leiddi af sendiferðum til að prenta þær: þá verð eg að geta þess, að hinn háttvirti konúngsfulltrúi varð sjálfur fyrstur manna til á hinu fyrra þingi „að vekja máls á því, að það væri skylda sýslumannanna að leysa þetta verk af hendi ókeypis (sjá Alþ. Tíðindi 1845 bls. 276); því nefndin, og í henni var eg þá framsögumaður, hafði lagt til, að sýslu-menn feingju laun fyri þennan starfa, og mælti eg þá í móti konúngsfulltrúa með þeim ástæðum, að alþingislögin leyfðu sýslumönnum að láta prenta kjörskrárnar, þar sem því yrði viðkomið, og væri þeim þó ekki gert að borga prentunar-kostn-aðinn, og fyri þá sök mundi þeim heldur ekki gerast að rita kjörskrárnar ókeypis. Prentun kjörskránna kom því víst til umræðu á hinu fyrra þingi, þó ekki kæmi beinlínis til tals sendi-farar kostnaðurinn með þær. Eg er annars á því, að hefði ekki einmitt hinn háttvirti konúngsfulltrúi sjálfur vakið máls á því, að sýslumenn ættu að vinna þetta ókeypis, mundi þing-ið kannske ekki hafa fallizt á það, þvert í móti tillögum nefndarinnar, þar sem þó ekki varð meiri atkvæða munur. Að öðru leyti er eg enn, fyrir mitt leyti, sömu meiningar og eg var þá; en úr því hinir nefndarmennirnir voru báðir á því, að fallast á frumvarpið, vildi eg ekki láta mig greina á við þá um slíkt lítilræði.

Eg verð líka að svara því fáeinu, sem hinn virðulegi þing-maður Ísfirðinga mælti áðan. Hann taldi það til stuðnings hinu fyrra breytíngaratkvæði sínu, að höfðingskapur sá, sem menn

hèr í gær hefðu talið vissan hjá Íslendíngum, mundi þó ekki vera jafnmikill og orð væri gjört á, ef þeir lètu sig muna að gjalda eins þeim kjörstjórnarmönnum, sem hafa kosníngarrètt, fæðiskaup og ferðakostnað, eins og hinum, sem ekki hafa þann rètt. Mèr finnst nú menn einmitt gjöra ráð fyrir þessum höfðíngskap, eins og hann er, þar sem menn telja víst, að þeir, sem hafa kosníngarrètt, láti sig aungu muna þessa litlu borgun, og fari eins í kjörstjórnarinnar þarfir til þíngsins, og munu þó aðstoðarmenn kjörstjóranna með fram vera bændur. Hinn sami þíngmaður taldi það og vera á litlum rökum bygt, sem ráðið hefði verið af á hinu fyrra þíngi, að ætla sýslumönnum ferðakostnað til kjörþíngsins, þó þeir hefðu kosníngarrètt, en ekki hinum kjörstjórnarmönnunum, því hann gæti ekki sèð, að kjörstjórinn sjálfur mætti ekki eins ferðast ókeypis, eins og hinir, þegar svo stæði á; fyri þessu voru þó færð rök á hinu fyrra þíngi, sem þóktu gild. En þó þetta, snögt á litið, virðist svo, sem þíngmaðurinn mælti, þegar einúngis er litið til ákvörðunarinnar í 1. grein, þá þarf það ekki að virðast svo nú, þegar með fram er litið til 5. greinarinnar, því þar er þeim gjört að rita kjörskrárnar ókeypis fram yfir hina kjörstjórnarmennina, og er þá því síður nú ástæða til að breyta hinni áminnztu ákvörðun í 1. greininni, eða að leiða þaðan slíka ályktun, sem hinn heiðraði þíngmaður gjörði.

Stephán Jónsson: Eg get ekki annað en játað það satt og rètt, sem hinn háttvirti forseti mælti fyrir skemstu, að aldrei væri um lítið að gjöra, þar sem gjöra væri um rèttindi manna; en í tilliti til máls þessa þykir mèr miklu skipta, hvort að kosníngarlög vor standa hèr eptir óbreytt, eður þau breytast á þann hátt, sem menn vona eptir, að meiri hluta manna veitist kosníngarrèttur, því við það aukast skriptir á kjörskránum og það máske svo, að það verði óvinnanda verk fyrir sýslumenn, að skrifa þær ókeypis, og einkum, ef tala þeirra (þ. e. kjörskránna) þyrfti að vera nálægt því, sem hinn háttvirti forseti gat um; en við þá kosníngu, sem á er komin, man eg ekki betur, en að í því hèraði, sem eg er frá, væri ekki nema 1 eða 2 sendar í hvern hrepp, og ef þær hafa verið 2, sem vera mun, þá er það að samtöldu 18, því þar eru 9 hreppar; þetta sýnist mèr ekki óvinnandi, þar sem eg aptur yrði á gagnstæðri meiníngu, ef þær bæði þyrftu að vera talsvert fleiri og stærri.

Konúngsfulltrúi: Með tilliti til þess, sem þíngmaður

Skaptfellinga sagði, verð eg að gjöra nokkrar athugasemdir, þar eð eg ætla, að hinn virðulegi þingmaður hafi ekki með orðum sínum fært sönnur á það, sem hann einkum ætlaði að sanna. Það er að öllu leyti rètt hermt, að fyrir fám dögum síðan, þegar tilrædt varð um það, hvort alþing ætti að kveðja menn í nefnd til að rannsaka nokkrar bænarskrár um breytingu á byggíngar aðferð konúngsjarða, mælti eg móti því, að nefnd yrði kosin, og skírskotaði þá til þess, að alþing fyrir tveim árum síðan hefði ekki þókzt hafa köllun til að taka til aðgjörða bænarskrár samkynja þessum. En þá var allt öðru máli að gegna, en nú er; því þá hneig spurníngin að því, hvað alþíng eptir lögum þeim, sem gilda, hefir rètt til að álíta sem það, er eigi heima meðal ætlunarverka þess. Þegar því alþíng viðurkennir eitthvað vera rètt, þá á slík viðurkenníng náskylt við aðgjörðir dómenda; en þeir geta þó ekki, nema með því móti að lenda í háskalegri mótsögn við sjálfa sig, í eitt skipti sagt, að það sè rètt, sem þeir í annað skipti, þegar eins stendur á, segja að sè órètt. Þar á móti er spurníng sú, sem hèr greinir um, allt annars eðlis; því hèr er einúngis að því spurt, hvaða breytíngar mundu þykja vel til fallnar í lögum, sem eiga að koma út. Eg ætla því, að eg þá, þar sem til var vitnað, hafi haft næga ástæðu til að skírskota til þess úrskurðar, er alþíngið áður hafði álitið vera rèttan, án þess eg fyrir þá sök þurfi að ætla, að þíngið í álitsskrám sínum til stjórnarinnar eigi að álíta sig rígbundið við það, sem það áður hefir sagt.

Enn fremur er það rètt hermt, eins og lesa má í alþ. tíð. frá 1845, bls. 276, að eg var sá, sem fyrstur gjörði þá athugasemd á þíngi, að endurgjald til kjörstjóra fyrir eptirritan kjörskránna væri gagnstæð venjulegum reglum í tekjulögunum. En þá athugasemd lèt eg í ljósi án þess að bæta þar nokkru við um það, hvort eg áliti það vel til fallið eða ekki, að í þessu atriði, sem nú greinir um, væri sem undantekníng frá reglunni veitt sýslumönnum borgun eptir aukatekju-reglugjörðinni, eins og nefndin hafði stúngið upp á; eg hefi einúngis leitazt við, bæði í þessu máli og endrarnær þar sem eg hefi átt kost á, að styðja að því, að mál þau, sem borin eru upp á alþíngi, verði skoðuð á sem flesta vegu að orðið getur; en hitt er auðvitað, að alþíng hefir frjálsar hendur að fylgja þeim ástæðum, sem því þykja rèttastar. Eg get þess vegna enn þá að

öllu leyti kannazt við að hafa sagt hitt, sem eg sagði, án þess á nokkurn hátt að hafa ætlað mèr að koma því til vegar, að alþíng skyldi álíta það eitt rètt, að eingin borgun væri greidd fyrir eptirrit þau, sem nefnd hafa verið.

Framsögumadur: Það lítur svo út, sem ræður nokkurra þíngmanna, og einkum hins háttvirta forseta og hins heiðraða þíngmanns Ísfirðínga, hnígi að því, að það hafi verið meiníng hins hæstvirta konúngsfulltrúa, að það væri bezt ráðið fyrir þíngið, að fylgja breytíngaratkvæðum þíngmanns þessa fram; en aptur er lángt frá, að eg hafi getað skilið konúngsfulltrúa á þá leið, og ætla eg, að fleiri en eg sè á því máli, að ekki hafi breyzt til með ræðu þeirri um hrakníng á þessum breytíngaratkvæðum, og var það fjærri, að eg áðan væri fremur orðinn á því að taka þau til greina en áður. Það sem hinn sami þíngmaður mælti, um að það gæti liðið á svo laungu með birtíngu kjörskránna, ef sýslumenn yfir höfuð lètu prenta þær, að það gæti tekið árs eða jafnvel hálfs annars árs tíma, skil eg ekki hvernig getur náð nokkurri átt; því þó fáferðult sè um land vort, eru ferðirnar þó ekki svo strjálar um það, að þetta geti ekki geingið á styttri tíma, jafnvel þó allir sýslumenn, hversu lángt sem þeir eru settir frá Reykjavík, lèti prenta kjörskrárnar til að hlífa sèr við lítilli fyrirhöfn, en fyrir þessu gjörir þó heldur einginn ráð; og er líku að gegna um það, sem hinn háttvirti forseti mælti, um þessa fyrirhöfn, er hann gjörði ráð fyrir, að kjörstjórar þyrftu að láta skrifa 100 eða jafnvel 150 „exemplör“ af kjörskránum til að senda út um landið; því eptir alþíngis-tilskipuninni verður ekki gjört ráð fyrir, að kjörskrárnar sè sendar út fyrir amtið, og eptir 20. greininni einúngis fyrir svo mörgum „exemplörum“ sem þarf til þess, að kjörskrárnar verði birtar eins og þar segir fyrir, og hinn virðulegi þíngmaður Eyfirðínga hefir skýrt frá að við gángist. Eg hefi enn fremur orðið þess var, að kjörstjórar í suðuramtinu sendu hver öðrum „exemplar„ af kjörskrám kjörþíngis hvers; en að því leyti sem þessu líka kynni að vera svo hagað í hinum ömtunum, eins og von er á, eptir alþíngis-tilskipuninni, verður samt kostnaður sá næsta lítill, sem sýslumenn hafa af að láta skrifa 5—7 „exemplör“ af kjörskránum til þessa.

Kammerráð Melsteð: Eg skal ekki uppihalda þínginu með lángri ræðu, því eg verð að játa, að eg álít það ekki

mjög mikils umvarðandi, hvort þingið fellst á frumvarpið óumbreytt eður með þeim breytingaratkvæðum, sem upp á hefir verið stúngið. Þó virðist mèr, sem fyrsta grein frumvarpsins hafi góðar ástæður að styðjast við, og má það einnig vera auðráðið af því, að stjórnin hefir lagt hana, þannig lagaða sem hún er, fyrir þingið.

Konúngsfulltrúinn hefir að sönnu rètt í því, að eptir straungum rètti ber að gjöra mun á þeim kosníngarmönnum, sem einúngis fara til kjörþíngsins til að velja þar alþíngismenn; því það er einúngis þeirra rèttur að sækja kjörþíngið, en eingin skylda knýr þá þar til. En þess ber einnig að gæta, að þeir aðstoðarmenn kjörstjóra, er kosníngarrètt eiga, hafa bæði skyldu og rètt til að sækja þíngið, og það einmitt þann rètt, sem þeir hafa mestar mætur á, og þetta þykir mèr frumvarpið hafa tekið rèttilega til greina, þar sem þeim er ætlað, eins og öðrum kjósendum, að fara til þíngsins ókeypis, af því þeir fyrst og fremst fara þángað þess erindis að kjósa, eins og aðrir, en þar á móti ákveður þeim tilhlýðilega borgun fyrir starfa þann, er þeim er ætlaður á kjörþíngunum fram yfir aðra kosníngarmenn; og á þeim kjörfundi, er seinast var haldinn í Árnessýslu, reiknaði hvorki eg nè sá af aðstoðarmönnum mínum, er kosníngarrètt átti, nokkurn ferðakostnað til kjörþíngsins. Eg skal enn nú bæta því við, að hafi eg ekki misskilið hinn virðulega alþíngismann frá Ísafjarðarsýslu, þá meinti hann, að kjörstjórar þeir, er ættu kosníngarrètt, ættu að hafa borgun fyrir ferðina til kjörþíngsins, en þetta er eingan veginn frumvarpsins meiníng. Það ætlar þeim eins lítið borgun fyrir þessa ferð, eins og þeim af aðstoðarmönnum þeirra, er kosníngarrètt eiga.

Ásgeir Einarsson: Jafnvel þó mèr þyki hafa verið svo margt rædt um þetta mál í dag, að eg ætlaði ekki við það að bæta, verð eg þó með sem fæstum orðum að minnast á það, sem sá mjög heiðraði framsögumaður hèlt, að alþíngismaður Ísfirðínga hefði misskilið þann háttvirta konúngsfulltrúa í því, að honum þætti ástæður til, að þíngið fèllist á breytíngaratkvæði þau, er upp voru borin. Eg held nefndur fulltrúi hafi ekki misskilið ræðu konúngsfulltrúa í þessu; því þegar konúngsfulltrúi var að sannfæra þíngið um, að hvað miklu leyti það ætti að breyta þinum fyrri meiníngum sínum, sagði hann, að slíkt ætti að vera, þegar það væri æskilegt eða reglulegt, og

getur þetta ekki verið misskilníngur, því eg ritaði strax eptir honum orðin „ønſtelig eller hensigtsmæſsig“, og hafði konúngsfulltrúinn einmitt breytíngaratkvæðin, sem fulltrúi Ísfirðínga bar upp, til að sanna, að þeim ætti að breyta, því það væri samkvæmt réttri reglu; að öðru leyti þykist eg ekki þurfa að fara fleirum orðum um þetta, því eg held þíngið hafi feingið um það nægar upplýsíngar og bendíngar. Því sem sá heiðraði fulltrúi Skaptfellínga vèk að fulltrúa Ísfirðínga í ræðu sinni áðan, viðvíkjandi höfðíngskap Íslendínga, þykist eg ekki þurfa að svara, því mèr finnst það í eingu verulegu hrekja ástæður þær, er sá síðarnefndi fulltrúi hafði framborið. Í tilliti til þess er hèr framfór á þíngi í gær, þegar mál þetta var rædt, get eg þess, að eg þorði ekki að bera upp breytíngaratkvæði viðvíkjandi því, er prófastur Haldór Jónsson nefndi, að öll borgun til kjörstjórnarinnar fèlli burt, því eg óttaðist það gripi of mjög inn í rèttindi manna eptir nú gildandi lögum. Af umræðu þeirri, er varð um orðið „ábyrgð“, er mèr slapp, sè eg með sanni, hvað aðgætnir menn eru um það, sem öðrum þíngmönnum yfirsèst; samt virði eg slíkar bendíngar vel, því þær geta verið og eiga að vera mönnum til góðs.

Framsögumaður: Það er eins og að fleiri bætist við, sem hafa fundið þá meiníngu úr ræðu hins hæstvirta konúngsfulltrúa, að hann fremur sè á því, að þíngið ætti að aðhyllast breytíngaratkvæði þíngmanns Ísfirðínga, og þar eð mèr þykir það nokkuð ískyggilegt, ef margir hafa skilið konúngsfulltrúann á þá leið, að hann hafi haft þann tilgáng með ræðu sinni, að ráða þínginu til að fallast á breytíngaratkvæðin, þykir mèr það nokkurs varðanda fyrir þíngið, að hann vildi gjöra það uppskátt, hvort svo var, áður en geingið er til atkvæðagreiðslu.

Konúngsfulltrúi: Jafnvel þó mèr virðist, að eg hafi áður í máli þessu svo greinilega, sem orðið gat, látið í ljósi álit mitt, og ekki mundi gjörast þörf á að tala það upp aptur, svo vil eg þó, af því tilefni, sem mèr gefst, einúngis bæta því við, að eg í tölu minni einkum hafði fyrir augum að taka það fram, hversu mèr virtist nefndin eður hinn virðulegi framsögumaður málsins hafa lagt ofmikla þýðíngu í það atriði, að alþíng mætti ekki, þegar það rannsakar eitthvert mál að nýju, bregða út af því, sem það áður hefði sagt um sama efni, nema brýn nauðsyn bæri til. Að öðru leyti hefi eg hvorki leyft mèr, nè ætla

í máli þessu að ráða þínginu til að fylgja fremur einu en öðru af því, sem talað hefir verið á þínginu; eg hefi einúngis gefið álit mitt til kynna, og verður þá þíngið sjálft að sjá fyrir því, eptir nákvæma umhugsun, hvað það vill helzt fallast á og setja í álitsskrá sína svo sem það, er eptir ætlan þess sè hið rètta.

Framsögumaður: Eg ætla þá, að öllum sè orðin ljós meiníng hins hæstvirta konúngsfulltrúa, og að það eingan veginn var hans ætlan, að mæla með breytíngar-atkvæðum þeim tveimur, sem meiníngarmunurinn er um. Annars er ástæða nefndarinnar gegn breytíngaratkvæðinu þíngmanns Ísfirðínga einkum sú, að spara almenníngi nokkurn kostnað, og að það yfir höfuð stendur á svo litlu, að þeim sè gefinn gaumur.

Enginn ræddi þá framar í þessu máli, og skaut forseti til atkvæða,

1. hvort alþíngið vildi heldur hafa frumvarpsins 1. grein óbreytta, eða aðhyllast breytíngar-atkvæði þíngmannsins frá Ísafjarðarsýslu; hinu fyrra játað með 16 atkvæðum gegn 7.
2. Vill alþíngið úr 5. grein frumvarpsins fella orðið „ókeypis“? Neitað með 15 atkvæðum gegn 8.
3. Vill alþíngið eptir orðin, „komið við“, í fimtu grein, bæta inn í: „án sèrlegs flutníngskostnaðar“? Samþykt í einu hljóði.

Forseti lagði fram

74, uppástúngu frá alþíngismanni Ísfirðínga, að alþíng beiðist þess, að hinn íslenzki texti á þeim lagaboðum, sem gefin verða Íslandi, hèðan af verði staðfestur með undirskript konúngs og viðkomanda stjórnarráðs, m. m.

Kandid. Jón Sigurðsson óskaði að lesa upp bænarskrána, og var svo gjört; en hún er svo látandi:

„Á fyrri tímum var það stöðug regla stjórnarinnar, að öll eða að minnsta kosti hin merkustu lagaboð, sem snertu þetta land, bæði tilskipanir og opin brèf, voru prentuð og auglýst á íslenzku sèr í lagi, og íslenzkan staðfest með nafni konúngs sjálfs og stjórnarherranna í því ráði, sem stóð fyrir auglýsíngu lagaboðsins. Á þenna hátt eru útbúin mörg lagaboð, og tiltek eg einkum þessi:

1) „Octroy eður kauphöndlunar skilmáli .... til Íslands“, 15. Aug. 1763.

2) „Forordn. áhrærandi þá tilskipuðu Commission á Íslandi, m. fl.“ 15. Maí 1770.
3) „Forordn. um fríheit fyrir þá, sem vilja upptaka eyðijarðir eða óbygð pláz á Íslandi“, 15. Apr. 1776.
4) „Forordn. um garða og þúfna slèttun, m. fl“. 13. Maí 1776.
5) „Forordn. um þann íslenzka taxta og kauphöndlan“, 30. Maí 1776.
6) „Tilsk. um fríheit kaupstaðanna á Íslandi“, 17. Nov. 1786.
7) „Forordn. um þá íslenzku kauphöndlun og skipaferð, 13. Júní 1787, með íslenzkuðum fylgiskjölum.
8) Rentukammers „Plakat“, áhrærandi múlkt þeirra, sem forsóma að mæta, eða þá sýna tráss jarðamats nefndinni, 24. Marts 1802.
9) Plakat, sem aftekur landsleigubálks 12. kap. um heykaup, 19. Sept. 1806.
10) Plakat um frekari ákvarðanir viðvíkjandi kauphöndlun og kaupstöðum á Íslandi, 22. Apríl 1807.

Í tilskipun 20. Marts 1815, um „umbreytt myntarlag og peningagildi á Íslandi“, standa íslenzka og danska saman í tveim dálkum, en íslenzkan í fyrra dálkinum.

Jafnframt þessu var hinum konúnglega landsyfirrètti falið á hendur með kansellíbrèfi 14. Maí 1803, samkvæmt konúngs úrskurði 11. Júlí 1800, að íslenzka tilskipanir og velja þær sem hèr ætti við, og af þessu safni voru prentaðar alls 268 bls. í 8. bl. broti. Þessi ákvörðun stóð þángað til 1831, og komu þá eingar aðrar íslenzkar þýðíngar á tilskipunum; en útleggíngar þessar allar voru prentaðar sem í bók, hver eptir aðra, án undirskripta.

Eptir konúngs úrskurði 26. Okt. 1831, bygðum á uppástúngu hins danska kansellíis, skyldu tilskipanir þær, sem snerta þetta land sèr í lagi, verða jafnskjótt íslenzkaðar í Kaupmannahöfn, og íslenzkan prentuð við hlið dönskunnar, á hverri síðari blaðsíðu. Þessi aðferð hefir staðið þar til nú í vetur, en á þeim lagaboðum, sem komin eru út af atgjörðum hins fyrsta alþíngis, er höfð tvennslags lögun: Rentukammerið hefir öldúngis haldið sèr við hið venjulega form, en kansellíið hefir það einúngis á sumum, á öðrum er aptur danskan sett öll á undan, en íslenzkan á eptir, og þar yfir skrifað, að það sè útleggíng hins „danska frumrits“. En „danskt frumrit“ var ekki auglýst hèr á þínginu, heldur einúngis óundirskrifuð handrit,

sem feingin voru nefndunum, en ekki framar opinber gjörð; enda gat ekki heldur verið til neins að auglýsa þinginu dönsk frumrit, þar eð allmargir þingmanna ekki geta haft þess not, eða borið um, hvort danska og íslenzka sè samhljóða.

Slík meðferð á auglýsingu lagaboðanna er að minni hyggju ekki vel fallin. Eg ætla hún færi til óvissu og ruglings í lögum og rètti landsins, að hún sè ósamkvæm tilgángi konúngs vors og fyrirmælum í alþingis-tilskipuninni og öðrum lagaboðum, og fjarlæg þeirri venju, sem nú er viðhöfð af sjálfri stjórninni í lögum meðbræðra vorra í hertogadæmunum, og sem áður hefir verið, að minnsta kosti um lángan tíma, hèr á landi, eins og eg hefi þegar sýnt.

Ef það er rètt grundvallarregla í lögum að álíta, sem hver maður í landinu hljóti að vita þau lög, sem gefin eru og birt á löglegan hátt, þá er það einnig sanngjörn krafa til stjórnarinnar, að hún ali önn fyrir, að lögin verði löglega birt, og að þau lög, sem birt eru, sèu þau lög, sem í raun og veru gilda í landi. En þegar svo er farið að, sem nú er, þá er að sönnu íslenzkan birt hèr á þingum, en ekki danskan, en ef íslenzkur maður ber fyrir sig það sem í íslenzkunni stendur, af því það er auglýst sem lög og hann ætlar það gilt vera, en annar ber aptur fyrir sig dönskuna, sem er staðfest með undirskriptum, þá verður að líkindum íslenzkan að víkja, þar eð hún hefir einga staðfestíngu, eða með öðrum orðum: íslenzk lagaboð, sem hèr eru auglýst sem gildandi lög, missa allan lagakrapt í þeim atriðum, sem meiníngamunur verður milli hins íslenzka og hins danska texta; en þar af leiðir, að þau lög, sem hèr eru auglýst, verða ekki fullkomlega tryggjandi, af því menn vita ekki með vissu, nær þeim kann að bera á milli við hið svokallaða danska frumrit, sem er gjört gilt með nafni konúngs og undirskriptum hlutaðeigandi stjórnarráðs. Hvílík óvissa hèr af leiði í lögum og rètti landsins, er auðsætt, og það horfir til eingra bóta, þó þessi íslenzka svonefnda útleggíng sè lögð fyrir alþíng; því fyrst er það, sem eg mun þegar leitast við að sýna, ekki samkvæmt tilgángi konúngs vors, sem látin er í ljósi í alþingislögunum, að þingið verði í þessum efnum einúngis yfirskoðari íslenzkra útleggínga, og þar næst er ekki þess að vænta, að þingið geti fyrirsèð öll þau tilfelli, þar sem ágreiníngur kynni að verða í meiníngum manna um skilníng á orðum eða greinum í íslenzkunni í samanburði við dönskuna.

Í tilskipun 11. Júlí 1800, 16. gr., er það boðið, að mál við hinn konúnglega landsyfirrètt hèr á landi skuli fara fram á íslenzka túngu, nema því að eins, að báðir málspartar sè danskir eða norskir menn. Í tilskipuninni um alþíng 8. Marts 1843, 43. gr. er skipað, að allar aðgjörðir alþíngis skuli fara fram a íslenzka túngu; konúngsfulltrúa er einúngis leyft, „ef hann þykist ekki vera fullfær í íslenzku“, að mæla á danska túngu á þínginu, en honum er feinginn aðstoðarmaður til þess að útþýða fyrir þíngmönnum það sem hann hefir sagt. Hvort sem frumvörpin eru flest eða öll samin á dönsku í fyrstu eða ekki (og það eru þau þó ekki ætið), þá eru þau lögð fyrir þíngið á íslenzku; á íslenzku eru þau rædd, og breytíngaratkvæði upp borin, sem stundum kunna að breyta heilum greinum; á íslenzku eru frumvörpin samþykt af þínginu, eða þeim hrundið, í þeirri fullkominni tilætlun, að íslenzkan verði gild og skuldbindandi lög fyrir þjóð vora. Þær grundvallarreglur, sem í þessum lagaboðum og allri þessari tilhögun liggja, verða öldúngis kollvarpaðar, þegar íslenzkar uppástúngur þíngsins verða gjörðar á ný að dönsku frumriti, sem verður síðan gildara en það, sem þíngið hefir í strángasta löglegum skilníngi fallizt á.

Í lagaboðum þeim, sem út koma handa meðbræðrum vorum í hertogadæmunum, er stöðugt fylgt þeirri reglu, að annaðhvort eru lagaboðin gefin út á aðalmáli landanna einúngis, eða þá aðalmálið er látið gánga á undan, en hvorttveggja, bæði þjóðverska og danska, staðfest með undirskriptum, að minnsta kosti síðan konúngsbrèf 14. Maí 1840 ákvað það. Í þessu atriði er hið síðastnefnda konúngsbrèf einkanlega máli mínu til styrkíngar: Þetta konúngsbrèf er einkum handa Slesvík, og það er kunnugt, að mörg eða flest lagaboð handa Slesvík hafa verið samin á þjóðversku, eins og handa Holsetulandi, en eigi að síður hefir konúngur vor skipað, í nýnefndu konúngsbrèfi, (sbr. konúngsbrèf 2. Dec. 1842) að „löggilda dönskuna á tilskipunum og opnum stjórnarráða brèfum með því að setja nöfn þar undir“ (at den danſke Text i Forordningerne og Collegial-Patenterne ſkal gives Authenticitet ved Tilføjelſe af Underſkrifter). Þetta hefir hans konúngleg Hátign boðið, til að vernda og tryggja lög og rèttindi hinna dönsku þegna sinna í Slesvík, og eg er fullviss um, að hann muni ekki neita oss um hin sömu rètt-

indi, svo framarlega sem þingið, eptir skyldu sinni, beiðist þess.

Enn er einn annmarki, þó minna sè í varið, á íslenzkunni á þeim tilskipunum, sem út eru komnar eptir hið fyrsta þing, og það er, að stafsetníng á þeim er ólík; en það væri óskanda, að hún væri sjálfri sèr samkvæm og fylgdi sem næst venjulegri stafsetníngu á voru máli. Þetta atriði virðist mèr einnig eiga að taka til greina, sakir reglunnar, en eg fel á hendur nefnd þeirri, sem eg vona að kosin verði í mál þetta, að stínga uppá, hversu leiðrètta skuli þenna galla og aðra, sem á þessu máli eru, ef hún getur fallizt á uppástúngu þessa.

Samkvæmt því, sem að framan er talið, dirfist eg að stínga upp á, að alþíng sendi konúngi vorum bænarskrá um:

1, að hinn íslenzki texti á þeim lagaboðum, sem gefin verða þessu landi hèðan af, verði staðfestur með undirskript Hans Hátignar og viðkomandi stjórnarráðs, eins og vandi er til á frumritum, og auglýstur annaðhvort sèr í lagi eður á þann hátt, að hann verði löglega gildur sem frumrit.

2, að stafsetníngin á lögum þeim, sem frá stjórnarráðunum koma, verði samkvæm sjálfri sèr og venjulegum reglum.

Reykjavík þ. 9. Júlí 1847".

Uppástúngumaður: Eg skal ekki fara mörgum orðum um þetta mál, þar eð eg vona, að hinir virðulegu þíngmenn verði mèr samdóma um nauðsyn þess, sem um er beðið, og einkum fyrst um sinn að nefnd verði sett í málinu. Eg hugsaði í fyrstu, að stjórnin mundi sjálfkrafa laga þessi atriði, sem hèr eru borin upp, einkanlega þar eð það stendur með berum orðum í ástæðum frumvarpanna, sem fyrir þíngið eru lögð, að þau sè samþykt af konúngi, og eg hefi fyrir mitt leyti ekki getað skilið það öðruvísi en svo, að þau væri samþykt af konúngi vorum í því formi, sem þau eru lögð fyrir þíngið; fyrir þessa sök kom eg ekki þegar á hinu fyrsta þíngi fram með uppástúngu um þetta mál.

Það er einkum þrent, sem íhugunarvert er í þessu *máli*: fyrst hið lagalega, og hefi eg tekið það fram í uppástúngunni svo greinilega sem mèr var unt, en eg leyfi mèr að leggja hèr fram fyrir þíngið tilskipanir þær, sem til eru færðar í uppástúngunni, og þar að auki tvö önnur brèf frá hinu konúnglega

rentukammeri, sem eg mintist ekki á í uppástúngunni, vegna þess eg óttaðist, að menn kynni að mæla það móti þeim, að þau væri sèrstaklegs efnis, en það eru „skilmálar“ fyrir sölu stólagózanna. Allt þetta er með undirskriptum konúngs og stjórnarráðanna. Eg leyfi mèr einnig að leggja hèr fram til sýnis nokkrar tilskipanir, sem gefnar eru handa hertogadæmunum, til merkis um, að tilhögunin er þar hin sama og hèr er beðið um. Hið annað atriði er hið þjóðlega, og er það ekki tekið sèr í lagi fram í uppástúngunni. Hèr er ætlað svo til í lögunum sjálfum, að lagamálið og málið í kirkjum og skólum sè íslenzkt; en ef lagamálið á að vera íslenzkt, þá hljóta lögin sjálf að vera það einnig. Það lítur út sem kúgun á þjóðerni landsmanna, þegar lögin hèr á landi fá ekki fullkomið lagagildi nema á dönsku, og það er skylda þíngsins, og samkvæmt þeim rèttindum, sem konúngur vor hefir mildilega veitt því, að koma þessu í rètt horf, því heldur, sem skriptir á dönsku eru allt af að vaxa hèr í landi, og eg hefi sjálfur heyrt bændur kvarta yfir opinberlega á þíngi, að þeir skildi ekki brèf amtmanns á dönsku, sem sýslumaður las upp fyrir þeim. Hið þriðja atriði er, að nauðsyn er að hafa á þessu fullkomna fasta reglu, og þeirri reglu verður bezt og hagkvæmlegast komið á nú, þegar þíng þetta byrjar; enda er það einmitt þíngsins skylda, að leitast við að koma þeirri reglu á, sem er landsmönnum hèr að skapi, og samkvæm náttúrlegum rèttindum þjóðar vorrar.

Fleiri atriði ætla eg ekki þurfa nákvæmari útskýríngar með að svo komnu, og eg leyfi mèr einúngis að lyktum að stínga upp á 3 manna nefnd í málið, því þó málið sè að minni hyggju áríðanda, þá er það ekki svo umfángsmikið, að í það geti þurft 5 manna nefnd.

Konúngsfulltrúi: Þar eð einginn af þíngmönnum tekur til orða til þess að mæla móti því, að nefnd sè sett í máli þessu, verð eg að ætla, að allir þíngmenn sèu samhuga í því, að nefnd verði kosin. Eg ætla ekki heldur að mæla móti því; þar eð það miklu fremur er mèr einkar geðfelt, að mèr með því móti gefst færi á betur, heldur en nú, meðan málið er ekki leingra á leið komið, að koma fram með það, sem að minni hyggju gjörsamlega verður að hrinda ástæðum þeim, sem í uppástúngu þessari eru bornar fyrir, og að sýna það, að

alþíng hefir ekkert tilefni til að senda bænarskrá til konúngs um aðalefni þessarar uppástúngu.

Forseti óskaði þá, að einhver þíngmanna vildi láta í ljósi meiníngu sína um uppástúnguna, og hvort nefnd skyldi kjósa til að yfirvega hana, og kvaðst hann ætla, að þínginu mundi þykja 3 manna nefnd nægja, þar sem einginn hefði orðið til þess að mótmæla flutníngsmanni. Stephán Jónsson og Eyjólfur Einarsson álitu það, sem bænarskráin færi fram á, mikils umvarðandi, og kváðu því nauðsynlegt að kjósa nefnd.

Í nefnd þessa voru kvaddir kandíd. Jón Sigurðsson með 17, varaforseti með 11 og assessor Jónassen með 10 atkvæðum.

Því næst var fundi slitið.

---

## 12. Júlí — níundi fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykt.

Forseti lagði fram til undirbúníngsumræðu nefndarálit um konúnglegt frumvarp til opins brèfs, um breytíng á þeim tíma, sem á Íslandi þarf til að eignast sveit. Framsögumaður prófastur Hannes Stephensen tók við nefndar-álitsskjalinu, og las það upp þannig látandi.

### NEFNDARÁLIT

um konúnglegt frumvarp til breytíngar 6. greinar Reglug. 8. Janúar 1834.

Þann 2. þessa mánaðar kaus alþíngið oss í nefnd, sem hèr ritum nöfn vor undir, til að yfirvega og segja álit vort um konúnglegt frumvarp til breytíngar ennar 6. greinar reglugjörðarinnar frá 8. Janúar 1834, um stjórn þá og meðferð, sem fyrst um sinn ber við að hafa á ómagamálum.

Þetta konúnglega frumvarp tekur tillögur alþíngis, er það 1845 veitti málinu, svo fullkomlega til greina, að oss virðist breytíngin vera skeð eptir landsins ásigkomulagi og þörfum, að ósk alþíngis; vèr leyfum oss að eins að geta þess, að oss virðist orðfæri frumvarpsins ekki svo greinilegt, sem óskandi væri, og er því tillaga vor, að í 1. grein setjist í stað þessara orða í niðurlagi hennar: „skal hèðanaf aukinn vera til 10 ára“, „skal hèðan af vera 10 ár“.

Niðurlag 2. greinar virðist oss miður skiljanlegt, og ætlum, að betur muni fara að breyta henni þannig:

„Þó skulu allir þeir, sem (1. Júlí 18 . . eða 1. Janúar. 18 . . ) hafa verið svo 5 ár í einum hrepp, að nægilegt sè eptir áminnztri reglugjörð, eiga þar sveit, ef þeir verða þurfandi fyrr, en þeir í þeim hrepp eða öðrum hafa með 10 ára samfleyttri dvöl unnið sèr framfæri".

Þó verð eg, Melsteð, að álíta þessa breytíngu miður nauðsynlega, þó eg neiti því ekki, að hún sè ljósari og skiljanlegri landsmönnum hèr.

Það er því sameiginlegt álit vort, að alþíngið allraþegnsamlegast biðji Hans Hátign konúnginn að leiða frumvarpið í lög með þessum breytíngum: í 1. grein, að fyrir orðin, „skal hèðan af vera aukinn til 10 ára", setjist: „skal hèðan af vera 10 ár". Í 2. grein, að eptir orðin: „ef þeir verða þurfandi" setjist: „fyrr, en þeir í þeim hrepp eða öðrum hafa með 10 ára samfleyttri dvöl unnið sèr framfæri".

Reykjavík 8. Júlí 1847.

Hannes Stephensen. P. Melsteð. J. Guðmundsson.

Framsögumaður: Hèr við hefi eg mjög fáu að bæta, en get ekki annað en látið þínginu það í ljósi, að nefndinni var en mesta gleði að sjá, að stjórnin svo fullkomlega hefir tekið tillögur þíngsins til greina, jafnvel þó hið konúnglega kansellí ekki fyndi fullar ástæður fyrir breytíngu þeirri, sem alþíngið óskaði í þessu efni; kannast það og rentukammerið við, að í slíkum málefnum verði að taka þíngmanna tillögur til greina; þær litlu breytíngar, sem nú af nefndinni eru uppbornar, gjöra ekki enn minnsta meiníngar mun, en áttu einúngis að gjöra málið á frumvarpinu skiljanlegra.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eg get ekki að öllu leyti fallizt á nefndarálitið, vegna þess mèr finnst leiða af því, ef það yrði lögtekið, að 10 ára hreppurinn nái ekki fullkomnu lagagildi fyrr en eptir að þeir menn eru dauðir, sem nú eru komnir til þess aldurs — þegar frumvarp þetta yrði gjört að lögum — sem lög ákveða, að einn eður annar þurfi til að vinna sèr hreppsframfæri; því mèr virðist, að svo muni geta að borið, að margir, sem svo er ástadt fyrir, sèu þegar búnir að vera 5 ár í einhverjum hrepp, þegar þetta er að lögum gjört, en sèu þó ekki síðar nema 2, 3, mest 4 ár í þeim sömu hrepp-

um, og hvergi 10 ára dvölina samfleytt í nokkrum hrepp; þá ættu þeir samt sem áður — og það þó þeir yrðu ekki sveitarþurfar fyrr en eptir 30 eða 40 ár, eptir að 10 ára löggjöfin er gildandi — að rekast heim á 5 ára hreppinn gamla. Þetta mun flestum virðast óviðfeldið, og ef til vill óeðlilegt, að ein lög skuli ekki vera um sama efni á sama tímabili, og það lítur þó svo út, eins og það sè ekki, þar sem svo laungu eptir að 10 ára löggjöfin komst á gáng, eru þó enn þá hreppsómagar, sem verið er að ráðstafa eptir enni gömlu 5 ára löggjöf; þar að auki finnst mèr, ef 10 ára hreppurinn nær ekki með fullkomnu lagagildi til allra, strax og hann er lögtekinn, heldur fyrsta laungu síðar, muni af því geta leidt margslags óreglu og mæðusaman rekstur fyrir sveitarstjórnendur, því það mun ekki ókunnugt, að menn dreifast lángt út um land, og er ekki ætíð svo hægt að spyrja upp hrepp hvers eins, eða koma ómaga þángað, er hann á að vera. Eg fellst á breytíng nefndarinnar við 1. grein frumvarpsins, nl. að orðin, „aukinn til“ (í niðurlaginu), falli burtu; en við aðra greinina verð eg fyrst um sinn að áskilja mèr breytíngar-atkvæði þannig, að í stað 1. Júlí það eður það ár 18.., eða 1. Janúar 18.., skuli vera tilteknir fardagar; ætla eg það tímabil ársins eiga betur við í tilliti til ómaga niðursetu, en hitt, er frumvarpið tiltekur: því hreppstjórum getur orðið það að óþægindum, að taka á móti ómögum laungu fyrir eða eptir það tímabil, er hann hefir ráðstafað í niðursetu í hreppnum; og eptir orðin í sömu greininni, eiga þar sveit, sè sett „ef þeir þá eru orðnir þurfandi (þegar þetta er að lögum gjört), en hver sá, sem þar eptir ekki getur unnið sèr hrepps tiltölu með 10 ára samfleyttri dvöl í einum hrepp, skal hafa framfæri eins og ákveðið var í reglugjörðinni af 8. Jan. 1834 um þá, sem ekki höfðu unnið sèr sveit með 5 ára samfleyttri dvöl“.

En geti hinir virðulegu þíngmenn ekki hallazt að þessu breytíngar-atkvæði mínu, geymi eg mèr þann rètt, að áskilja mèr vara-atkvæði nálægt uppástúngu nefndarinnar.

Framsögumaður: Hinn virðulegi þíngmaður Norðurmúlasýslu virðist, að því er mèr skilst, bera kvíðboga fyrir, að sá sem 5 ár hefir verið í einum hrepp, þegar breytíng í reglugjörðinni nær lagagildi, muni síðan dvelja þar 3 eða 4 ár, og að því búnu hrekjast hrepp úr hreppi, ef til vill leingi, svo aðrir sèu búnir að vinna sèr 10 ára framfærishrepp á meðan, og

verði svo uppi í einu bæði 5 og 10 ára hrepparnir; við þessu verður ekki gjört, meðan það fyrra lögmálið nær til; eg hefði að sönnu með þingmanni þeim óskað, að 5 ára vinnuhreppurinn sem fyrst mætti gleymast, en eg veit líka, að lögin geta hvorki, nè mega verka aptur á bak. Ekki sè eg, að sá í frumvarpinu tiltekni dagur 1. Júlí eða 1. Jan., þegar breytingin verður lögleidd, auki hèr nokkur vandræði; því þó sveitarforstjórar í hans sveit og nálægum sveitum setji ómagana niður í fardögum (hèr á suðurlandi er þeim ráðstafað um veturnætur), þá skil eg ekki, að neinni sveitarstjórn yrði vandræði úr að ráðstafa 1 eða 2 ómögum þá tilnefndu daga; og sá er víst ekki hæfur hreppstjóri, sem þetta er um megn.

Stephán Jónsson: Mèr þókti reyndar vænt um, að þetta mál er komið hèr til umræðu, á þann hátt sem nú er, einúngis til þess að almenníngur kynni að fá betri skilníng á því, en annars kynni að verða. Eg má jafnvel kannast við, að eg, bæði þegar það var rædt hèr á þíngi seinast, og máske allt þángað til eg sá nefndarálitið, hafi verið sömu meiníngar og þíngmaðurinn úr Norðurmúlasýslu, nefnil. að 5 ára hreppurinn gæti með öllu horfið við breytíngu þá, sem nú er um rædt; en síðan hefi eg gjört mèr far um, bæði af tali við löglærða menn og eigin umþeinkíngu, að skýra þetta fyrir mèr, svo eg er fullviss um, að breytíngaratkvæði í þessu máli getur ekkert unnið; því þó maður feingi atkvæði meiri hluta þíngmanna með því, þá yrði það verkunarlaust, af því stjórnin gæti ekki fallizt á það, vegna þess að löggjöfin, eða rèttara breytíng hennar, getur aldrei feingið þann til baka verkandi krapt, að 5 ára hreppurinn verði ekki að vera til, þángað til 10 ára hreppurinn er unninn, þó það verði 50, 60 eða 70 ár; en það atriði, að betra væri að binda breytíngar-tímann við fardaga en aðra daga árs, finnst mèr á litlu ríða, því hægt er hreppstjórum að reikna út meðgjöf ómagans að parti, ef þörf krefði.

Kammerráð Melsteð: Þegar uppástúnga sú, sem gefið hefir tilefni til frumvarpsins, var rædd hèr á þíngi í hitt hið fyrra, hafði eg hvorki atkvæðisrètt hèr á þíngi, nè tækifæri til að tala um málið; en meiníng mín um það er enn nú hin sama sem hún var þá. Eg áleit þá ekki, og álít nú ekki heldur neina brýna nauðsyn bera til að breyta 5 ára hreppnum, því eg hefi aldrei enn nú orðið var við neinar skaðlegar afleiðíngar af honum, síðan hann var upp á boðinn með þeirri 6. grein í reglu-

gjörðinni frá 8. Janúar 1834, og hefi eg þó leingi feingizt við stjórnun fátækra málefna. En samt sem áður mundi eg í hitt hið fyrra hafa gefið 10 ára hreppnum mitt atkvæði, eins og nú frumvarpinu; því eg held þó, eptir sem hèr á landi til hagar, að hann sè hentugri en 5 ára hreppurinn, þegar á allt er litið; og þess vegna er það líka, að svo að segja allir landsmenn, að því leyti mèr er kunnugt, óska þess, að sá tími, sem nú þarf til að vinna framfæri í einum hrepp, verði leingdur. En helzt hefði eg óskað, og bezt mundi það hafa farið, ef stjórnin, þegar 20 ára hreppurinn var afmáður, hefði þá strax tilskipað 10 ára hreppinn; því það er ætíð nokkrum vandkvæðum bundið, að þurfa að breyta löggjöfinni um tímann til að vinna framfærsluhrepp, og sèr í lagi að leingja hann.

Þess er getið í álitsskjali nefndarinnar, að mèr hafi þókt breyting sú, sem nefndin hefir upp á stúngið, vera óþörf, af því mèr þókti frumvarpið mega vera, sem það er. En út af svo litlum ágreiníngi við mína meðnefndarmenn vildi eg þó ekki vera að koma fram með ágreinings-atkvæði, af því hèr var ekki um efni frumvarpsins, heldur einúngis um orðaskipan eða orðfæri að gjöra, eða það sem Danir kalla „Redactionsbemærkninger." Þess er einnig getið í nefndarskjalinu, að mèr þókti ljósari orðaskipan sú, er nefndin hafði upp á stúngið, en sú sem er í frumvarpinu. En þó verð eg að benda til þess, sem eg í nefndinni geymdi mèr rètt til, að úr nefndarinnar uppástúngu við aðra grein frumvarpsins verði að falla burtu orðin „þeim" og „eða", ef hún á að vera rètt (korrekt). Því ef nokkur eptir þeirri nú gildandi löggjöf í einum hrepp hefir unnið framfærisrètt með 5 ára dvöl, getur aldrei orðið spursmál um, að hann verði sveitlægur í sama hrepp með 10 ára dvöl eptir hinni nýju löggjöf. Hann var orðinn þar sveitlægur áður, hvort sem var, og þó hann dvelji þar 10 ár síðar eptir það, hefir það einga verkun hvorki á rètt hans nè sveitarinnar, Hèr getur því einúngis orðið spursmál um, að sá, sem í einum hrepp með 5 ára dvöl hefir unnið framfæri, verði síðar sveitlægur í öðrum hrepp við seinni 10 ára dvöl þar, og getur þetta eins skeð við 10 ára dvöl, eptir að hin nýja löggjöf er geingin í gildi, eins og við þá 10 ára dvöl, sem líður, á meðan það gamla og nýja tímabil mætist; til að mynda, ef einn maður hefir dvalið 2, 3 eða 4 ár í einum hrepp, meðan 5 ára tíminn gilti, og í þeim sama hrepp

síðan í samfellu við hin árin dvelur 8, 7 eða 6 ár, þá á að leggja þessi ár saman, og þegar 10 árin eru komin, hefir þurfamaðurinn unnið þar framfæri; því ekkert það tímabil, sem hann dvelur í einum hrepp, hvort sem það er undir hinni eldri eða yngri löggjöf, á að vera honum ónýtt; þetta er einnig meining frumvarpsins, því 1. greinin ákveður, að tíminn til að vinna sèr framfæri skuli verða leingdur. Fyrri partur 2. greinar býður, að þeir, sem eptir þeirri eldri löggjöf með 5 ára dvöl hafa unnið framfæri í einum hrepp, þegar hin yngri geingur í gildi, skuli þar eiga sveit; en síðari partur tèðrar greinar, að sá, sem síðar (þ. e. eptir að þurfamaðurinn hafði unnið 5 ára hrepp einhverstaðar) dvelur 10 ár samfleytt í einum hrepp, skuli þar eiga sveit, og þessi hreppur gánga fyrir 5 ára hreppnum, og það hvort heldur sem þessi 10 ár líða eptir það sú nýja löggjöf hefir feingið lagagildi, eða um það tímabil.

Að öðru leyti skírskota eg til þess, sem hinn heiðraði framsögumaður og þingmaður Eyfirðinga hafa sagt um frumvarpsins til baka verkandi krapt, og bæti því við, að það væri frábrugðið öllum rèttum lagareglum og lagasetníngum, að vilja nú gjörsamlega afmá þann 5 ára hrepp, sem áður hefir gilt eptir löggjöfinni; og með því væri brotinn rèttur á öllum þeim þurfamönnum, sem eptir henni hafa einhverstaðar unnið sèr framfæri.

Breytíngaratkvæði hins virðulega þíngmanns frá Norðurmúlasýslu var mèr ekki ljóst; en eg skal svara því síðar, ef hann fer því fram.

Framsögumaður: Eg ætla nú eingu orði að svara enum fyrra hluta ræðu hins konúngkjörna þíngmanns, sem nú mælti, því mèr virðist hann hèr óviðkomandi; en það ætla eg, að frumvarpið hafi heldur batnað, en spilzt við orðabreytínguna, hafi það, eptir játníngu ens sama þíngmanns, orðið með breytíngunni ljósara og skiljanlegra: því þó ekki sè eg lagamaður, ætla eg, að það sè fullkomlegleiki laganna, að þau sèu ljós og skiljanleg; mèr virðist, sem einn eigi sèr hrepp bæði eptir enni fyrri og síðari löggjöfinni, ef hann hefir unnið 5 ár í hrepp, þegar breytíngin verður, og vinnur síðar önnur 5 ár í enum sama hrepp, og verður þá fyrst þurfandi; eða hafi hann unnið þar 4 eða færri ár, fyrr en breytíngin verður, en 6 eða fleiri síðar, svo samanlagt verði 10, ætla eg hann eptir greininni eiga þar hrepp; en þetta sè eg ekki af orðum hennar, nema breytt sè þannig, sem nefndin hefir stúngið upp á.

Prófastur Halldór Jónsson: Mèr hefir skilizt, að það sèu orðin „síðar“ og „öðrum“ í 2. grein, sem nefndinni hafi þótt valda misskilníngi; og eg játa það, að breytíng sú, sem hún hefir stúngið uppá, gefur bæði sömu og eins ljósa meiníngu og frumvarpið; en eingu óskiljanlegri finnast mèr þó orð frumvarpsins, og get eg skírskotað til þess, sem hinn konúngkjörni þíngmaður, er nýskeð mælti, talaði um það. Það er ljóst, að orðin: „nema þeir hafi síðar verið 10 ár“, o. s. frv, eru sömu meiníngar, sem þó svo væri orðum hagað: „nema síðar komi sá tími, að þeir þá sèu búnir að vera 10 ár í öðrum hrepp“, sjálfsagt að þeim meðtöldum, sem þeir kynnu hafa verið þar, þegar lagaboðið kemur út. Eg verð því að fallast á frumvarpið óbreytt.

Framsögumaður: Orðið, „síðara“, virðist mèr þó útilykja þann tíma, sem unnið hefir verið í einhverjum hrepp, áður lagaboðið öðlast gildi, en benda til, að 10 ára tíminn byrji þá fyrst, þegar lagaboðið fær gildi.

Assessor Johnsen: Mèr hefir skilizt það fullvel, sem hinn virðulegi þíngmaður frá Norðurmúlasýslu fór fram á í ræðu sinni, enda fór þíngmaður Eyfirðínga svo ljósum orðum um meiníngu bæði sína og hans, viðvíkjandi því, sem þeim báðum, og eg ætla máske fleirum þíngmönnum, þykir að 2. grein frumvarpsins, að eg held það auðsèð, hvaða vandkvæði þeim standa fyrir hugskotssjónum út af henni. Eg skil meiníngu þeirra á þann veg, að þeir ekki hafi ætlazt til annars, en að 5 ára hreppurinn, þegar hann er tekinn af, og 10 ára hreppur settur í staðinn, þá með öllu væri geinginn úr gildi, eða með öðrum orðum, að þeir þurfamenn einir, sem þegar væru komnir undir fátækra forsorgun í einhverjum hreppi, þegar hin nýja breytíng kæmist á, ættu að vera undanskildir hinni almennu nýju reglu, en hinir yrðu að vinna sèr sveit með 10 ára dvöl, jafnvel þó þeir, áður en frumvarpið fær lagagildi, sè með 5 ára veru búnir að vinna framfærslurètt í öðrum hreppi, líkt og í lögum varð eptir reglugjörð 8. Jan. 1834, 6. grein. Hvort sem menn nú skoða tíma þann, sem miðað er við, á þurfamanna hlið, sem nokkurskonar *heföartíma fyrir framfærslurètti*, eða frá sjónarmiði hreppanna, sem *fyrníngartíma fyrir framfærsluskyldu*, þá er það nú sjálfsagt, að hvorutveggjum væri gjör jafnmikil rángindi til, ef lög þau hin nýju, sem breyta rètti þessum eða skyldu, hefðu verkun aptur á bak

til að ónýta þann rètt eður skyldu, sem orðin er eptir enni eldri löggjöf. En þegar menn nú hèr á þíngi fara að horfa í það, að annmarkar geti þó orðið nokkrir við lagareglu þessa, þá fer mèr að koma til hugar, að fyrir þeim vaki sú hugmynd-in, sem í hitt eð fyrra hvatti mig á, að amast við uppástúng-unni um 10 ára hreppinn, jafnvel þó eg þá væri einn um það. Mèr skilst sumsè ekki, hvernig þeim heiðruðu þíngmönnum getur staðið ótti af því, að koma þurfamanni, eptir 10 ára dvöl í einhverjum hreppi, aptur á þann hreppinn, sem var orð-inn framfærsluhreppur hans, áður en 6. grein reglugjörðarinnar var breytt; eg segi, að mèr ekki skiljist þetta, nema því að eins, að fyrir þeim hljóti að vaka sá hinn sami ótti, og enn meiri ótti af 10 ára hreppnum, þegar hann er orðinn algeing-ur í landinu, ótti nl. fyrir því, að sá hinn leingri tími hefir mörg þau vandkvæði í fylgd með sèr, sem komizt verður hjá, ef tíminn er nokkuð styttri. Alþíng bar fyrir sig í hitt eð fyrra, er það bað um, að tíminn yrði leingdur, ásigkomulag í landi hèr, en þetta sèrdeilislega ásigkomulag held eg þó fæst-ir enn hafi sett sèr ljóslega fyrir sjónir. Bænirnar um þetta komu úr sjáfarhreppunum, af því að þángað þyrpast menn þeir frá uppsveitunum, sem ætla sèr lífvænna við sjóinn. Mèr get-ur nú ekki skilizt betur, en að hèr sè þá líku máli að gegna og í Danmörku, þegar hagur landshèraðanna í þessum efnum er borinn saman við hag kaupstaðanna, og að jafnvel á-stæðan fyrir 10 ára hreppi í Danmörku verði að vera að því skapi sterkari þar en hèr, sem hèr er strjálbygðara land, og sjaldnari viðskipti sveita og sjáfarbóndans, en hèraða og bæja-búa þar. Eigi að síður varð það upp á hjá Dönum, er þeir fóru að biðja um leingri tíma, en þeir áður höfðu, til að verða sveitlægir, en það voru 3 ár áður, að þeir á Jótlandi, sem þó einna mest eiga viðskiptin við hertogadæmin, en þar er nú tími þessi 15 ár, en þó nokkuð öðruvísi eða á reiki í Slesvíkur hèraði nokkru (blandet Diſtrict), sem næst liggur Jótlandi sunnanvert við Konúngselfu, báðu um, hvorki 15 nè 10, held-ur 5 ára tíma, á umdæmaþíngi þeirra 1836, að einúngis 6 eða 7 mönnum undanteknum, og í Hróarskeldu, tveim árum seinna, sömuleiðis í einu hljóði, að einum undanteknum. Nú lángar mig til að skýra þínginu hugmynd mína, og að þíng-menn með mèr gætu sett sèr það alvarlega fyrir sjónir, hvaða vandkvæði það þá eru, sem eru samfara hinum leingri tíma,

fremur en hinum styttri; og þó að eg eingan veginn hafi það traust á sjálfum mèr, að mèr takist að sannfæra þá um þetta, eða að það sè ráða bezt, að ráða frá frumvarpinu, held eg þó að þingið eigi það að mèr, að eg ekki þegi, er eg er á þeirri sannfæringu. Mèr hefir þá fyrst um sinn skilizt það á þeim heiðruðu þingmönnum, er eg áður nefndi, að þeir óttuðust þá rekistefnu, sem eptir 2. grein frumvarpsins er að gjöra ráð fyrir, þegar fara á að leita að þeim 5 ára hreppi, sem einhver er orðinn sveitlægur í, áður en frumvarpið fær lagagildi, og það enn þótt hann sè búinn að vera 10 ár eða fleiri þar á eptir í öðrum hreppi; en það er í augum uppi, að þessi rekistefna verður enn meiri og almennari þegar leingra líður frá, og 10 ára hreppurinn einn er búinn að ná festu; þá getur opt borið svo undir, að menn þurfa að fá að vita, í hvaða hrepp, af 3 eða 4, þurfamaðurinn hefir dvalið leingst, og getur verið að hann hafi dvalið allt að 10 árum í þeim öllum, og er þá auðsèð, að það verður því síður auðfundið, hvar 10 árin urðu full, sem leingra dregur að 10 árunum í þeim síðasta; og er ekki óliklegt, að þurfamanninn sjálfan þá sè farið að bresta minni til að segja rètt frá, auk þess, að hann getur verið dáinn; og ber það opt við, að spurníngin ris ekki að síður þá um það, hvaðan taka eigi greptrunar-kostnaðinn eða borgun fyrir hjúkrun á banasænginni; og á þá annað atriði nokkurt hèr næsta skylt við, það nl., að það með 10 ára hreppnum kemur lángt um optar fyrir, að ein sveitin verður að gefa þurfamönnum framfæri og hjúkrun fyrir aðra, þegar þeir eru orðnir svo örvasa (með tímaleingdinni), að þeir eru ekki flutníngsfærir sveita á milli; og þetta ætla eg að miklu optar hljóti að koma fyrir hèr en í Danmörku, eins og eg líka, að því sem eg hefi haft tækifæri til að komast að, ætla það hafa verið mesta ágreiníngsefnið milli hreppanna hingað til, hvernig framfærishreppurinn á að endurgjalda slíkan kostnað. Sè nú þar næst tekið tillit til þurfamannanna sjálfra, sýnist mèr, að enn meira verði í mál þetta varið. Hèr er um manneskju- og fèlagsrèttindi aumingjanna máli að skipta, er þeir ekki leingur eru sjálfbjarga; og er mèr þá spurn um það, hvort það er sanngjarnt eða rètt, að þurfamaðurinn, sem búinn er að vera hálft 10. ár í einum hreppi, má vera til uppbyggíngar mikillar hreppnum, og enda þó hann hafi unnið þar baki brotnu, staðið í öllum skilum, og áunnið sèr hylli manna og velvild, að hann þá

skuli hrekjast þaðan á fæðingarhreppinn, þar sem nú allir, eptir margra ára fjærveru, líta til hans hornauga. Aptur er það aðgætandi, hvaða áhrif sá hinn leingri tími hefir á niðurskiptingu framfærslu-byrðarinnar sveita á milli. Menn sögðu hèr í hitt eð fyrra, að sjáfarhreppunum væri ofþýngt í með 5 ára tímanum, en eingan hefi eg enn þá heyrt taka málstað uppsveitanna; en það virðist mèr ljóst, þegar gjört er ráð fyrir, að menn úr uppsveitunum hörfi að sjónum, þar sem þeir halda, að með hægra móti megi hafa ofan af fyrir sèr, að uppsveitunum þá einnig með 10 ára tímanum verði ofþýngt, og það einkum þeim, sem minnst hafa efnin, og vinna þannig eigi verður boðin eins arðsöm fyrir þá, sem að sjónum hverfa; en hverjir eru nú þessir? það eru einkum þeir lausu og liðugu, já, lausamennirnir, karlar og konur; þegar þeir nú eru komnir að sjónum, leita þeir fyrir sèr, hvar þar er mest ábatavonin; þeir hirða sjaldnast um, að festa sèr niður í 10 ár á einum stað, en þegar þeir verða þurfandi, koma þeir eptir margra ára útivist með það, sem þeir þá hafa meðferðis, aptur til heimkynna sinna, eða fæðingarhreppsins, sem þá er orðinn næsta illa við því búinn, að taka við máske foreldrum og börnum, og að sjá fyrir hópnum. Það er mælt, að betur sè sèð við þeim brögðum, sem hafa geingizt við til að koma mönnum af sèr, þar sem menn óttast, að þeir verði sveitlægir, með 10 en 5 ára tímanum; en eg ætla samt, að fátækra-stjórar muni hafa gát á, þegar fer að líða að 10 árunum, að ekki fari fram úr þeim í hreppnum, þegar hjá verður komizt; en hvernig sem þessu nú er varið, held eg þó, að þetta vandkvæði við 5 ára hreppinn með eingu móti vegi þau upp, sem mèr, eins og eg nú hefi sagt, virðast vera við 10 ára tímann; og yfir höfuð þykir mèr það eptirtektavert, að þetta er eina vandkvæðið, sem mèr hingað til hefir skilizt á þingmönnum að sè við 5 ára tímann, og er það láugt frá, að nokkrar þær kríngumstæður, er leiði af ásigkomulagi lands þessa, og gjöri 10 ára tíma hentugri hèrna en í Danmörku, sè færðar fram; en samt sem áður gjöri eg ekki ráð fyrir, að þetta, sem eg nú hefi mælt, hafi getað sannfært hina heiðruðu þingmenn, heldur öllu fremur fyrir því, að frumvarp þetta fái hèr hagstæðan byr og sigli hèðan fullum seglum; einúngis hefi eg ekki viljað leggjast það undir höfuð að láta uppi sannfæríngu mína.

Stephán Jónsson: Eg hugsaði, að einginn þingmanna

hefði orsök til að taka orð mín svo, að eg væri að finna að nefndarálitinu; eg meinti þau gætu heldur tekizt svo, að eg hèldi með því, þar sem eg sagði, að þó breytíngaratkvæði væri borið upp á móti því, mundi það að eingu koma, því stjórnin mundi ei geta á það fallizt vegna þess, er eg þá lèt í ljósi. Eg fellst vel á það, sem hinn konúngkjörni þíngmaður, er var einn af nefndarmönnum í þessu máli, lèt í ljósi, að betur hefði farið að færa 20 ára hreppinn ofan í 10, þegar hann var færður ofan í 5 ár. En fyrst svo er nú komið, verður ekki úr því bætt með öðru, en færa nú upp í 10 ár. Þeir annmarkar, er fljóta af því, að tímabil þetta 5 til 10 stígur upp, hverfa þó með tímanum, og þá er það sama unnið, sem fært hefði verið frá 20 niður til 10 ára.

Hvað því viðvíkur er hinn heiðraði varaforseti gat þess, að af 10 ára hreppnum mundi það leiða, að ómagamönnum yrði fremur ýtt úr sveitinni, þegar liði að 10 ára tímabilinu, þá hafa menn miklu meiri hvöt til þess, þegar árin eru 5; því þegar að 10 árunum líður, eru börnin komin á fót og síður að óttast fyrir sveitar þýngslum af þeim. En hvað hitt snertir í ræðu sama manns, um skýrslur hjá þurfamönnum sjálfum, um hvar þeir mundi eiga sveit, þá held eg, að menn sjaldan eða aldrei leiti þeirra hjá þeim, því bæði er það, að þeir eru opt gamlir og muna ekki, þó vildu, að gjöra grein á því, og líka stendur opt svo á, að þeir helzt vildu vera þar sem þeir eru, og væru því máske ekki frásagnir þeirra áreiðanlegar. Menn leita þesshátt upplýsínga helzt hjá prestum og í kirkju og ministerialbókum.

Framsögumaður: Eg má játa, að eg hefi ekki getað numið, því síður fest mèr í minni, allt það, er hinn heiðraði varaforseti sagði í sinni laungu töln. Sumt af því hefir fulltrúinn frá Eyjafjarðarsýslu heppilega rekið; fám einum atriðum í ræðu hans vil eg að eins svara, og hræðist eg ekki, að illspár hans fyrir afleiðíngum 10 ára vinnu-tímans fæli þíngið frá að mæla fram með frumvarpinu. Að sveitahrepparnir verði eptir lagaboði þessu þýngra úti, en sjóarhrepparnir, fæ eg með eingu móti skilið; því sú er reynslan, að bæði *bændur* og hjú eru stöðugri í sveitunum en við sjóinn, og kunna menn því allstaðar vel, að forsorga þann örvasa, sem leingi og dyggilega hefir unnið gagn fèlagi því, sem hann loks verður að byrði; að sjó flytja öreigar og uppgefnir til að bjargast

þar, eins og áður hefir verið sagt, og verður þar vinnan að litlum notum. Þar sem mótmælandi talar um lausamenn, mun það, ef til vill, eiga sèr stað í kríngum Reykjavík, en í sjóarhreppum öðrum á það ekki við, og þángað vildi eg mótmælandi hefði líka rent auga; hjá okkur, í hinum sjóarhreppunum, eru lausamenn úngir, og optast eigin uppalníngar okkar, sem vilja lausir vera, ef þeir geta komið því við, en gamla bændur uppgefna fáum við úr sveita hreppunum. Að 10 ára hreppurinn gjöri meiri hrakníng á hinum voluðu, er fjarri sanni, getur og ekki átt við, því optar verða fátækir fluttir, ef 5. hvert ár skal flytja, en ef 10. hvert ár væri vandræðið flutt af hendi; enda una menn betur við að annast þann, sem 10 ár hefir unnið, en hinn, sem 5 ár ein hefir dvalið innan hrepps, og hefir verið hætt við, að sveitarstjórn hafi viljað koma þessum af hendi. Að 10 ára hreppur gjöri flutníng ómaga erviðari, hlýt eg að neita; jafnörðugt er að flytja hinn vanfæra, hvort hann hefir dvalið á 5. eða 10. árið, og kemur sá flutníngur, sem áður er sagt, sjaldnar að. Til málareksturs út af forsorgun gamalmenna, sem annarstaðar verða að alast en á framfærishrepp sínum, þekki eg ekki; hitt veit eg, að hreppur sá, sem eg er í, hefir ljúflega gefið með ómögum sínum norður og vestur. Þar sem mótmælandi líkir saman enum dönsku og íslenzku framfærislögum, þá á það máske ekki allskostar vel við, og hafa þó Danir feingið framfærslutímann leingdan frá 3 til 5 ára, og vildu margir fá hann meira leingdan. Mótmælandi gat þess, að ervitt væri að fá vissu fyrir framfærsluhrepp, þegar hann hefir í fleirum stöðum unnið 10 ár, en þá sker reglugjörðin úr, að hin síðustu 10 ár ráði hrepp. Að farandi sè eptir sögusögn þurfamanns sjálfs um hrepp hans, ætla eg ekki óyggjandi, því hann kann að vera elliær; annars veit eg ekki, hvað mikils lögin meta hans vitnisburð í eigin sök sinni; útfararkostnaður fæst, þó ómagi þegi eða sè dauður frá rèttum framfærsluhrepp.

Assessor Johnsen: Eg skal nú vera fáorður, og yfir höfuð leyfa mèr að skírskota til hvers eins reynslu um það, sem hinn heiðraði framsögumaður nú mælti; en hvað það snertir, að þingmaður Eyfirðínga hafi heppilega „rekið mig í vörðurnar“, og mun það eiga að miða til þess, er hann mælti, að ekki þurfamennirnir sjálfir ættu að skýra frá um verutíma þeirra, þá verð eg að játa það, að þessi hinn virðulegi þingmaður er

alvanur því, að koma fyrir sig heppilega orðum, en aldrei held eg það hafi misheppnazt eins og nú í þessu efni; því ekki man eg betur, en að það enda sè leidt í lög (ef mig minnir rètt, einkum fyrir hertogadæmin), að skýrslu þessarar fyrst og fremst eigi að leita af þurfamannsins eigin munni, en það man eg fyrir víst, að þetta er gjört að reglu, eptir úrskurðum kanselliisins um allt Danaríki. Það er satt, að flestir búsettir menn upp til sveita una þar við búmennskuna um svo lángan tíma, að 10 árum nemi: þeir verða þá sveitlægir þar; en það verða einnig fleiri með 10 ára tímanum, þeir, eins og eg sagði áðan, sem voru þar á lausara lopti, og fluttir eru að sjónum; eins er það einmitt ástæða gegn 10 ára tímanum, að menn þeir, sem úr sveitum koma, verða vinsælli hjá sjáfarbændum, og að þessir uni betur við að vera þeim til aðstoðar, þegar þeir eru búnir að vera þar leingur en skemur, því þá er það auðsjáanlega orðið ránglátara að hrekja þá burtu þaðan á fæðíngarhreppinn, þar sem enginn vill við þá kannast. Annars gat sjálfsagt aldrei annað verið meiníng mín, en að spurníngin einúngis gæti orðið um hin seinustu 10 árin; en þegar um mörg 10 eða næstum 10 er að gjöra, verða þó þau seinustu sönnu 10 varla eins auðfundin og þau seinustu 5, þegar lángt líður frá.

Framsögumaður: Þar sem enn heiðraði varaforseti nú ber fyrir dæmi úr hertogadæmunum, þá veit eg ekki, hvern sönnunar krapt það hefir. Það ætlaði eg, að kirkjubækurnar, í hverjar innfært er, hvenær og hvaðan hver einn kemur í sóknina, og í hverri stöðu hann er þar, og hvenær hann flytur burt, og hvert, mundi sanna betur en sögusögn þurfamanns, hvar hann hefir leingst, eða nógu leingi dvalið til að vinna framfæri.

Ásgeir Einarsson: Mèr gat ekki komið til hugar, að umræða þessa máls yrði svo laung, sem hún er nú orðin, og eg áset ekki að leingja hana mikið. Eg verð að sönnu að viðurkenna, að þegar eg las bæði frumvarpið og nefndar-álitið, urðu fyrir mèr margir agnúar á leið þeirri, er þau stefna eptir; en eg varð fljótt að sannfærast á, að eg gat ekki fundið greiðara veg, en nefndin hafði fundið; eg er líka hræddur um, að hann sè ekki auðfundinn. Eg tók svo meiníngu hins mjög mikilsvirta varaforseta í þeirri laungu ræðu, er hann flutti, að hann vildi ráða þínginu til að falla frá þeirri meiníngu, er það

hafði um þetta mál árið 1845, og stjórnin hefir samþykt með frumvarpi því, er nú er rædt um, enda þó mèr skildist af seinustu orðunum í ræðu hans, að þetta hafði ekki verið hans aðaltilgángur; enda get eg ekki heldur skilið, að nokkur þíngmanna, sem kunnugur er til hlítar á Íslandi, falli frá þessari meiníngu, nema þeir sèu ofkunnugir í Danmörku, sem kynni að villa fyrir þeim sjónir í þessu. Það sem sá mjög heiðraði varaforseti hefir sagt um það, að ef 10 ára framfæris-hreppurinn yrði lögboðinn á Íslandi, mundi hafa skaðlegar afleiðíngar, hlýtur öllum kunnugum mönnum að vera í augum uppi, að ekki getur verið, því það sem menn óttast ymsan erviðleika við breytínguna, hverfur með tímanum; og álít eg það nóglega sannað af umræðum annara hèr á þíngi, og einkum ens heiðraða framsögumanns, því aðalástæða og kostur verður sá við þessa breytíngu, að menn verða ánægðari og ljúfari til að forsorga þann ómaga, sem unnið hefir í hreppnum 10 ár, heldur en hinn, sem ekki hefir gjört það nema 5 ár. Sá mjög heiðraði varaforseti hefir haldið, að umkvartanir þessar sèu sprottnar af ójöfnuði sveitahreppanna og hreppa þeirra, er liggja við sjóarsíðu, og færir það til, að eingar bænarskrár hafi komið um þetta frá uppsveitum 1845, en hinar hafi verið frá hreppum þeim, er liggi við sjó; eg veit það nú, að bænarskrár þessar voru að sönnu þaðan, eins og sjá má af alþíngistíðind. bls. 144; en þó ekki kæmi þá bænarskrá frá hinum hreppunum, er mèr kunnugt, að breytíng sú, er hèr ræðir um, er að alþýðu skapi, þar sem eg þekki til, og margir vildu, að 5 ára framfæristíminn hefði verið leingdur til 15 ára, og styðst meiníng mín við það, að eg hefi átt tal um þetta við marga skynsama menn úr flestum eða öllum sýslum í vesturamtinu, fyrir utan Mýrasýslu eina, og þar að auki frá Húnavatnssýslu. Eg get því með eingu móti vænt, að þíngið verði á öðru máli í ár, í þessu máli, en það var árið 1845, og hefi fullkomlega vissa von um, að stjórnin taki ekki aptur gjöf þá', er hún hefir veitt Íslendíngum með þessu framvarpi, þegar þíngið er nú á sömu meiníngu sem fyrr. Eg þykist nú ekki þurfa að fara fleirum orðum um þessi atriði í ræðu ens mjög heiðraða varaforseta, því eg held þau nægilega hrakin; en orð þau, er komu fram í ræðunni, nl. þessi: „hópur foreldra og barna kemur á hreppinn“ bæði minna mig á og hvetja til að minnast á annmarka þá í niðurlagi 6. greinar í tilsk. 8. Jan. 1834, er margir skynsamir menn hafa

opt rædt um við mig, og eru svo látandi: „börn yngri en 16 ára fylgi föðursins, og ef þau eru óskilgetin, móðurinnar framfærslu átthögum“; hefir mèr því hugkvæmzt að bera upp um þetta breytíngar-atkvæði, ef það væri ekki móti rèttri reglu, og þíngmenn því ekki mótfallnir, og yrði þá breytíngaratkvæðið þannig lagað: í staðinn fyrir orðin: „börn yngri en 16 ára“ setjist einúngis: „yngsta barn“. Ástæður fyrir þessu breytíngaratkvæði eru þessar: þegar fátækir foreldrar hafa dvalið um svo stuttan tíma í einum hrepp, að ekki hafa áunnið sèr í honum ómaga framfærisrètt, en þó alið þar 3—4 börn, ef þá deyr konan, en maðurinn ellihrumur eða fèlaus verður fluttur á sinn framfærishrepp, án þess að sá hreppur hafi neitt eptir af ómegð þeirri, er áminnzt hjón höfðu í verið, verður þetta mjög þúngbært þeim hrepp, er við tekur, og, ef til vill, án þess hann eigi þess von, og á óhægra með að styrkja ekkjumanninn til búskapar, en hreppur sá, er hann var í við búskap. Þó verða enn lakari afleiðíngar af því, þegar einhver stúlka fer úr hrepp þeim, sem hún hefir áunnið sèr framfærisrètt í, og í annan, og elur þar 2—3 lausaleiksbörn, en verður síðan flutt á þann hrepp, er hún hefir áður áunnið sèr; kemur þetta opt að, án þess hreppsbúar þeir af viti, sem stúlkan er hrepplæg í.

Forseti: Hèr er að ræða um frumvarp það, sem stjórnin hefir lagt fyrir þíngið, en ekki um tilskipunina frá 8. Jan. 1834.

Assessor Johnsen: Eg vænti eg megi taka það til mín, sem hinn heiðraði þíngmaður nú mælti, að sumir geti orðið „of kunnugir í Danmörku“, til að geta sèð, hvernig hagar til, og hvað bezt á við á Íslandi; en þó eg ekki haldi, að eg eigi, sem Danir kalla svo, þenna „Douceur“ skilið, þá fýsir mig samt mjög svo að vita, að hverju leyti hèr hagar öðruvísi til en í Danmörku, til þess að hèr, fremur en þar, sè þörf á 10 ára hreppnum. Þínginu ríður þar að auki mjög svo á, að skýra þetta til hlítar fyrir stjórninni, ef hún á að geta sannfærzt, og verð eg fyrir mitt leyti að óska, að þíngmenn, eða þá einhver þíngmanna sýni mèr fram á það ásigkomulag eða kríngumstæður, sem gjöri það nauðsynlegt, að munur sè gjörður milli Danmerkur og Íslands í þessu efni.

Ásgeir Einarsson: Ástæðuna um nauðsyn 10 ára hreppsins bar eg fram áðan, og það held eg sá heiðraði framsögumaður hafi áður gjört; en um það, að Íslendíngar geti sökt sèr ofmikið niður í löggjöf Dana og ýmislegt ástand þar, og

með því mist glöggrar sjónar á Íslands högum, held eg fleiri hafi haldið en eg, og það mun hafa verið ein orsök til þess, að upp var borið hèr á þingi árið 1845, að lögfræði yrði kend við skólann á Íslandi.

Konúngsfulltrúi: Efasemdir þær, sem hið konúnglega danska kanselli hefir haft á því að beiðast samþykkis konúngs á lagafrumvarpi, samkvæmu bænarskrá alþingis, um að leingdur yrði framfærslutíminn, eru glögglega, en þótt í stuttu máli, teknar fram í ástæðum þessa lagafrumvarps. Eptir umræðum manna í dag hèr á þingi, þar sem einúngis hinn virðulegi varaforseti beinlínis hefir talað móti þesskonar breytíngu, verð eg að ætla, að alþíng sè því nær á einu máli um það, að leingja skuli framfærslutímann til 10 ára, jafnvel þó eg ekki geti sèð, að efasemdir þær, sem kansellíið tók fram, sèu á nokkurn hátt hraktar. Eg fæ heldur ekki sèð, að það sè rètt, er hinn virðulegi framsögumaður hefir sagt, að sjáfarhrepparnir verði, ef framfærslutíminn er leingdur, eins og til er ætlazt, lausir við eina byrði, sem þá ekki lendi á sveitahreppunum; það mun og verða ervitt að sanna, að þetta sè svo. Að svo miklu leyti sem varaforseti hafði tekið það fram, að erviðara veiti að finna rèttan framfærsluhrepp, þegar framfærslutíminn væri lángur, hefir framsögumaður eptir minni hyggju ekki fært sönnur á hið gagnstæða; og eg veit af nægri reynslu, að þó menn hafi vitnisburðabækur, og á þær sè ritað, hvenær hlutaðeigendur komi í sóknina og fari úr henni aptur, og þetta sè gjört með allri þeirri nákvæmni, sem ráð er fyrir gjörandi: svo verða þó opt stórir erviðleikar á, þegar leingra líður frá, að komast að sönnu um það, á hvaða tíma og hversu leingi fátækir menn hafi átt dvöl á ýmsum stöðum. En þar eð eg, eins og eg sagði, get gjört ráð fyrir því, að alþíng því nær samhuga muni verða á því að biðja um, að framfærslutíminn verði leingdur til 10 ára, þá ætla eg ekki að fara fleiri orðum um atriði þessi, heldur snúa mèr að nefndarálitinu. Þar eð framsögumaður hefir lýst yfir því, að það hafi ekki verið tilgángur nefndarinnar með breytíngum þeim, er hún hefir gjört við lagafrumvarpið, að breyta nokkru í inntaki þess, heldur einúngis að gjöra orðaskipanina ljósari og skiljanlegri hèr á landi, þá skyldi eg ekki heldur hafa talað fleira um það efni, hefða eg haldið, að breytíngar nefndarinnar mundu gjöra inntak frumvarpsins ljósara; því eg ætla, að stjórnin mundi verða mjög fús

á að fallast á þá uppástúngu, sem næði þessum tilgángi. En eg get nú ekki sèð, að lagafrumvarpið sè öljóst, eður að það mundi verða ljósara, þó breytíngu nefndarinnar yrði fylgt. Hvað breytíngu við 1. gr. frumvarpsins snertir, þá virðist mèr, að löggjafarinn mundi ekki komast rèttilega að orði, ef greininni yrði breytt eptir uppástúngu nefndarinnar. Í frumvarpinu er þannig komizt að orði: „Det Tidsrum af 5 Aar, der, o. s. v., skal for Fremtiden være forlænget til 10 Aar", Hin íslenzka útlegging, „sá fimm ára tími, er menn, o. s. frv., skal hèðan af vera aukinn til 10 ára" svarar eptir mínu áliti nákvæmlega til hugmyndarinnar í hinum danska texta. Nefndin hefir nú stúngið upp á, að þessi orð, „være forlænget til" („vera aukinn til"), skyldu útilátast, og í þeirra stað einúngis setjast orðið „vera". En það er þó ljóst, að löggjafarinn getur ekki boðið, að 5 ára tímabil skuli vera 10 ár, eða hitt, að 10 ár skuli vera 5 ár. Þar á móti er það að öllu leyti rètt til orða tekið, þegar boðið er, að 5 ára tímabil skuli auka eða leingja til 10 ára. Eg fæ nú eingan veginn sèð, hvernig lagagrein þessi yrði ljósari við það, að slept væri orðunum „aukinn til". En skyldu menn samt sem áður verða á því, að gjöra ætti þessa breytíngu á frumvarpinu, þá yrði eptir minni hyggju nauðsynlegt, að einnig væri breytt upphafi greinarinnar, svo hún yrði orðuð á þessa leið: tímabil það, er menn skulu hafa verið samfleytt í einum hrepp til að eignast þar sveit, og sem eptir 6. gr. í reglugjörð frá 8. Janúar 1834 hingað til hefir verið 5 ár, skal hèðan í frá vera 10 ár. En eg sè, eins og eg hefi sagt, ekkert unnið með þvílíkri umbreytíngu; og því vil eg bæta við, að orðin í frumvarpinu eru, *mutatis mutandis*, samhljóða orðunum í 1. gr. opins brèfs frá 6. Nóv. 1839, er leingdi framfærslu-tímann í Danmörku frá 3 til 5 ára, og að þessi lagagrein hefir aldrei, svo eg viti til, verið nokkrum efa undirorpin.

Hvað breytíngu þá snertir, sem nefndin hefir stúngið upp á að gjörð væri við aðra grein frumvarpsins, þá er eg á sama máli sem hinn konúngkjörni þíngmaður hinnar andlegu stèttar, að mèr virðist frumvarpið allt eins ljóst eins og breyting sú, sem nefndin hefir viljað setja í staðinn. Það er einnig hið sama að segja um þessa grein, að hún svarar einmitt orði til orðs til 2. greinar í opnu brèfi frá 6. Nóv. 1839, sem aldrei, svo eg viti, hefir verið misskilið í Danmörku, og það virðist

því svo, sem það sè torveldara að semja svo lög þau, er á Íslandi skulu gilda, að þau verði ekki misskilin, heldur en þau, sem Danmörku eru ætluð. Að svo miklu leyti sem eg annars hefi getað komizt að, í hverju óglöggleiki þessarar greinar frumvarpsins væri fólginn, þá ætla eg, að hann komi af því, að orðið „síðar" hefir verið teingt við tíðarmerki það, sem nefnt er í upphafi greinarinnar (1. Júlí eða 1. Janúar. 18 . . ), í stað þess að það svarar til þess tíðarmerkis, þá hlutaðeigendur „hafa verið svo 5 ár í einum hrepp, að nægilegt sè eptir reglugjörð 8. Jan. 1834". Þegar lagafrumvarpið er þannig rètt skilið, get eg ekki ætlað, að nokkur vafi geti orðið á því, hvernig fara eigi að reikna út framfærslutímann. Eg vil gjöra þetta ljósara með einu dæmi. Sè svo ráð fyrir gjört, að lagafrumvarpið öðlaðist lagagildi frá 1. Júlí 1848, þá hefir sá, sem 1846 með 5 ára dvöl hefir eignazt framfærslurètt á einum hrepp, en eptir það flyzt í annan hrepp og dvelst þar samfleytt í 10 ár, þegar árið 1856, og ekki fyrst árið 1858, eignazt sveit í hinum síðarnefnda hrepp. Eg sè að öðru leyti ekki betur, en að breytíng nefndarinnar lúti að hinu sama. Einúngis verð eg að geta þess, að þar sem í nefndarálitinu segir „fyrr en þeir í þ e i m hrepp eða öðrum" o. s. fr. þá get egekki skilið, hvers vegna hèr er nefndur „þ e i m h r e p p", í hverjum sá, sem um er að skipta, hefir dvalizt um 5 ára tíma. Ágreiníngurinn um framfærslu skylduna getur einúngis risið millum þess hrepps, þar sem hlutaðeigandi með 5 ára dvöl hefir eignazt framfærslurètt, og annars hrepps, þar sem hlutaðeigandi síðar hefir dvalið 10 ár og er orðinn þar sveitlægur. Dvelji maður, sem einhverstaðar eptir lögum þeim, er enn þá gilda, hefir unnið 5 ára hrepp, einnig eptir þá tíð á hinum sama stað, svo að hann dvelur líka þar 10 ár, þá verður eingin spurníng um það, hvort það er 5 ára eður 10 ára dvölin, sem veitir honum framfærslurètt.

Jafnvel þó eg ekki hafi ástæðu til að halda, að það mundi mæta minnstu fyrirstöðu hjá stjórninni að fá breytt orðum frumvarpsins, ef alþíng beiddist orðabreytíngar, sem yrði ljósari en lagafrumvarpið, án þess inntak þess haggaðist, svo get eg þó eptir allt það, er eg hefi sagt, ekki sèð, að orð og efni frumvarpsins sèu orðin ljósari við breytíngu þá, er nefndin hefir stúngið upp á, jafnvel þó eg einnig ekki sjái, að orða-

skipunar-breytíng þessi miði að nokkru öðru en því, sem lagafrumvarpið stefnir að.

Framsögumaður: Eg læt mèr a vísu vel skiljast, það sem enn heiðraði konúngsfulltrúi nú mælti; eg ítreka það aptur, að nefndin vildi í eingu breyta frumvarpsins meiníngu, en henni fundust niðurlagsorð 1. greinar miður samkvæm íslenzku máli; skil eg ekki, að það sè ólógiskt, þó sagt sè, að 5 ára tíminn skuli eptirleiðis vera 10 ár: því 5 ára tíminn er hèr *terminus temporis*, sem 10 ár er einnig. Hvað enni 2. grein viðvíkur, vildu nefndarmenn láta 10 ára hreppinn komast sem fyrst á, sem við ætluðum vera stjórnarinnar vilja; en þessu verður með breytíngunni framgeingt, því með henni verður öllum skiljanlegt, að sá tíminn, sem umliðinn er, þegar breytíngin kemur, leggst saman við þann, sem sá vinnur samfleytt á eptir í sama hrepp; þetta virtist oss orðin „síðar“ og „í öðrum hrepp“ *præcludera*; sá eini lagamaðurinn, sem í nefndinni var, fann greinina ljósari og skiljanlegri eptir en áður.

Konúngsfulltrúi: Jafnvel þó framsögumaður hafi áður sagt með berum orðum, að það hafi ekki verið tilgángur nefndarinnar með orðaskipunar-breytíngu þeirri, er upp á var stúngið, að breyta í nokkru inntaki lagafrumvarpsins, svo virðist hann þó nú að vera á því máli, að, sè breytíngunni fylgt, þá verði niðurstaðan önnur, en ef frumvarpið öðlaðist lagagildi. En eg ætla þó eingu hèr við að bæta, af því eg, nú sem stendur, ekki fæ annað sèð, en að inntakið verði hið sama, hverju sem svo fylgt verður af þessu tvennu.

Framsögumaður: Það var skilníngur nefndarinnar, og við ætluðum, samkvæmt stjórnarinnar meiníngu, að sá sem í einum hrepp ekki hefir dvalið full 5 ár, þegar frumvarpið fær lagagildi, en fyllir þau og önnur 5 til, það eru 10, í sama hrepp, skuli hafa unnið þar sveit; en eptir frumvarpsins orðum skilst mèr 10 árin eigi að telja frá birtíngu frumvarpsins.

Prófastur Halldór Jónsson: Eg get þó enn ekki fundið neinn vafa í orðum frumvarpsins (í 2. gr.), því síður sem „hafi verið“ er umliðinn tími; því þó menn heimfærðu orðið „síðar“ til 1. Júlí 18.. (eða 1. Jan. 18..), þá stendur það líka í nánu sambandi við orðin, sem kríngum það standa, „hafi verið“, sama sem, sè búinn að vera; ef í stað orðanna, „hafi verið“, hefði verið brúkað „sèu“ eða „verði“, þá hefði meiri orsök verið til ágreiníngs um meiníngina; en eins og klausan er lögguð í frum-

varpinu, finnst mèr meiningin vera ljós, þannig, að sjálfsagt sè að leggja saman þau ár, sem einhver hefir verið í sama hrepp rètt fyrir og rètt eptir þann tíma, sem í frumvarpinu er bent til með 1. Júlí 18.. (eða 1. Jan. 18..).

Framsögumaður: Það virðist, sem hinn heiðraði þingmaður, sem nú mælti, gái ekki orðanna: „síðar“, og „öðrum hrepp“.

Stephán Jónsson: Í tilliti til þess, er hinn heiðraði varaforseti óskaði, að einhver vildi benda á þær ástæður, sem mæltu fram með 10 ára hrepp, fremur hèr en í Danmörku, þá væri eg til þess manna fúsastur; en til þess útheimtist, að maður sè jafnkunnugur á báðum stöðunum, og verð eg að játa, að eg er of ókunnugur í Danmörku, til að geta leidt þetta í ljós með nokkrum ástæðum.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Það var einmitt þessu atriði, er þingmaðurinn úr Eyjafjarðarsýslu hreifði úr tölu hins mikilsvirta varaforseta, sem mèr þótti ekki fullsvarað áður, og sem eg ætlaði mèr að svara nokkrum orðum, einkum af því, að hann skoraði svo fast á þingmenn, að koma fram með ástæður fyri því, hvers vegna 10 ára dvöl til framfærslu-rèttar væri fremur nauðsynleg hèr, heldur en í Danmörku. En til þess að geta gjört skýlausa grein fyrir þessu, þurfa menn, eins og hinn heiðraði þingmaður Eyfirðinga sagði, að vera eins nákunnugir ástandinu í Danmörku, eins og á Íslandi; en því mun ekki svör að gefa hèr á þingi. En þó nú hinn mikilsvirti varaforseti þekki betur til, hvernig ástendur í Danmörku, en aðrir þingmenn, þá lítur aptur svo út, sem hann þekki verr, hvernig hèr hagar til í þessu efni; því í hitt eð fyrra bar hann sjálfur fyrstur manna upp það breytíngaratkvæði, að 10 ára dvöl skyldi grundvalla framfærisrèttinn, sá sami 10 ára tími, sem hann nú eptir eins vetrar veru í Danmörku telur hèr óhentugan, af því að hann er talinn óhentugur þar. Eg held því óþarfa að gefa ræðu hans um þetta efni eins mikinn gaum, og hann ætlast til, og ætla líka, að hinn heiðraði framsögumaður hafi að öðru leyti hrakið hana og hvert atriði hennar til fullnustu.

Hinum háttvirta konúngsfulltrúa þókti að vísu ekki til hlítar sannað, gegn því sem varaforseti mælti, hvort sveitahrepparnir yrðu ekki nú, með 10 ára framfærslurèttinum, fyrir jafnmiklum halla og sjóarhrepparnir urðu áður, meðan 5 ára tíminn nægði; því þetta sagði konúngsfulltrúinn, þó það væri

ekki íslenzkað eptir honum. En eg hygg hægt að sanna það: sjóarhrepparnir eru yfir höfuð að tala miklu færri en sveitahrepparnir; svo er það ekki nema rètt einstöku sjóarhreppar, sem fólk úr sveitum helzt þyrpist að, en sárfáir og máske eingir sveitarhreppar, sem fólk leitar ekki úr til þessara fáu sjóarhreppa, sem aðsóknin er helzt að. Nú er það auðskilið, að hinna mörgu ómaga gætir hvergi nærri eins, þegar þeir tvístrast aptur frá sjó til hinna mörgu hreppa, sem þeir eru frá, eins og þeirra gætti áður, þegar þeir úr ýmsum áttum og ótal hreppum lentu á einstöku sjóarhreppum.

Hinn háttvirti konúngsfulltrúi hèlt líka, að það væri ekki til hlítar hrakið úr tölu varaforseta, hvað einkar ervitt væri að komast eptir, hvar ómaginn ætti hrepp, þegar lángt væri umliðið. Mèr getur ómögulega skilizt, að þessi rannsókn verði að nokkru erviðari fyrir það, þó framfærisrètturinn verði 10 ár; ef nokkuð er, þá held eg það veiti heldur hægra. Eg ætla að taka til það tilfellið, sem gjöri rannsókn þessa hvað erviðasta: en það er, þegar gamall ómagi hefir á únglíngs aldri náð framfærslurètti á einhverjum stað, en síðan allt af dvalið í ýmsum hreppum; fyri það, að framfærslurèttar-tíminn er 10 ár, þá þarf þó um 5 ár að rekja skemur aptur fyrir sig, heldur en á meðan 5 ára tíminn gilti. Að öðru leyti hefir hinn heiðraði framsögumaður svo ljóslega útlistað mál þetta, og hrundið því, sem fram hefir verið fært gegn nefndarálitinu, að mèr er ekki unt að bæta fleirum athugasemdum við það.

Assessor Johnsen: Mèr sýnist horfa til þess, að nú fari að koma fram smáhnýflar í umræðum þíngmanna. Hinn heiðraða þíngmann Skaptfellínga verður að ràngminna töluvert, er hann heldur, að eg um vètrarveru tíma minn síðast í Danmörku sè orðinn svo kunnugur kríngumstæðunum þar, að eg nú geti ekki slitið mig frá hugmynd þeirri, að hèr verði að gilda hið sama um 5 ára hreppinn, og þar; því hver sem vill lesa tíðindin frá 1. alþíngi bls. 154—55, sèr þó af þeim, að eg þegar 1845 hafði þá sömu hugmynd, sem eg enn hefi um þetta mál, þó eg þá ekki hefði tækifæri til að skýra hana ítarlegar, og að eg fyrst og fremst rèði frá uppástúngunni um breyting*u* 6. greinar í reglugjörðinni, en bar það atkvæði upp til vara, að tekin yrðu heldur 10 ár, en 15 eða 20, sem uppástúngumaður og nefndin stakk upp á; en þetta einúngis, ef þínginu ekki þækti það nóg að beiðast þess hjá stjórninni, að hún

skoraði á hlutaðeigandi embættismenn um að fylgja 21. grein reglugjörðarinnar stranglega fram. Eins er það harla auðskilið, að í þessu efni ekki ríður á neinum kunnugleik í Danmörku; en þar á ríður, og það sjá allir að er meining mín, að menn viti sjálfir, hvað menn biðja um, eða sjái glögt og segi, að og að hverju leyti þau 10 árin eru hentugri Íslandi, en hin 5: því annars er hætt við, að ekki fari betur, þegar breytt er. Eg verð að bæta því við, að eg bæði á fæðingarhrepp, og líka fyrir laungu hefi unnið framfærslurètt á Íslandi, þó ekki gjöri eg ráð fyrir, að eg þurfi að færa mèr hann í nyt; og líka hinu, að eg ætla, að eg njóti trausts hjá hinum heiðruðu þíngmönnum um svo mikla föðurlands ást, að eg neyti krapta minna til þess að ná þekkingu um hagi landsins og þarfir, ef eg ekki þegar hefi hana, og það þá ekki sízt, þegar á því ríður, að gefa landinu sem haganlegust lög.

Kammerráð Melsteð: Eptir þeirri umræðu, sem nú hefir fram farið, gjöri eg helzt ráð fyrir, að frumvarpið verði samþykt af þínginu að efninu til. Um orðaskipan þess munu nefndarmenn nákvæmar bera sig saman. Verði það þá ei lagað þannig, sem mèr þykir henta, áskil eg mèr rètt til breytíngar-atkvæðis, samkvæmt því, er eg áðan lèt í ljósi hèr á þínginu.

Ásgeir Einarsson: Þegar stjórnin hefir einusinni samþykt álit þíngsins með frumvarpinu, held eg þíngið þurfi ekki framar að spyrja, hvers vegna breytíngarinnar þurfi.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eg hefi dregizt oflángt aptur úr að svara hinum heiðruðu þíngmönnum, er mæltu í móti mèr áðan; því eg verð að játa, að eg man minnst af því marga, er þíngmenn og einkum hinn háttvirti varaforseti sagði fyrir skemstu; enda finnst mèr nú ekki minni orsök til þess fyrir mig að bera það fyrir, heldur en suma hina heiðruðu þíngmenn, sem þó hafa leyft sèr að bera það fram hèr á þíngi, sem ástæðu sèr til afsökunar, að þeir gætu ekki munað það fyrsta, þegar því síðasta væri slept. Eg ætla því að leiða það hjá mèr að fara hèr um fleiri orðum; það er búið víst nóg að ræða um þetta mál; einasta leyfi eg mèr að geta þess, að sèrlegasta ástæðan fyrir því, að eg kom fram með breytíngaratkvæði, var að hreifa málinu á fleiri vegu, svo að ljósara yrði fyrir alþýðu rèttlæti löggjafarinnar, þegar hún birtist, og að hún sæi, að málið hefði verið skoðað að grandgæfilega.

Þetta var einkum meiníng mín, og því er eg ekki fastur á breytíngar-atkvæði mínu, heldur fell frá því að öllu.

Assessor Johnsen: Þó eg gjöri ekki ráð fyrir, að það komi fyrir mikið, verð eg samt að geyma mèr breytíngar-atkvæði á sömu leið sem í hitt eð fyrra, eins og eg áðan veik á, og nú getur átt við.

Framsögumaður: Enn heiðraði varaforseti byggir enn breytíngar-atkvæði sitt á gáleysi og hirðuleysi lögreglustjórnarinnar, og var honum þó á enu fyrra þíngi af yfirvaldi, amtmanni Thorsteinson, skýrt frá, að þessir menn gættu skyldu sinnar, og væru um það áminntir. Breytíngar-atkvæðið þá, hverju það nú fyrirheitna á að vera samhljóða, óskaði 10 ára, eins og frumvarpið nú ákveður.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg verð að leyfa mèr að geta þess, að þegar eg talaði áðan, þá var eingan veginn sú meiníng mín, hversu sem mèr kann að hafa farizt orð, að efa í nokkru, að hinn mikilsvirði varaforseti hefði lagt það eitt til, sem hann væri sannfærður um að bezt færi; og víst ætlaði eg ekki, hvernig sem orðatiltæki mín kunna að hafa fallið að óvörum, að brúka af ásettu nein þau orðatiltæki, sem gætu meidt hann eður hallað þeirri virðíngu, sem hann á skilið af öllum.

Assessor Johnsen: Eg skildi hinn heiðraða þíngmann heldur eingan veginn á þá leið.

Forseti: Þar eð einginn tekur nú framar til máls um frumvarp þetta, þá verð eg að álíta það nægilega rædt til undirbúníngs.

Því næst framlagði forseti álitsskjal nefndarinnar, sem sett var til að yfirvega bænarskrána um uppsiglíngu Sauðárkróks, og afhenti það framsögumanni, prófasti Haldóri Jónssyni; las hann upp álitsskjalið svo hljóðanda:

## NEFNDARÁLIT

### um uppsiglíngu Sauðárkróks.

Þar eð alþíngið hefir 3. dag þ. m. kosið oss undirskrifaða í nefnd til að hugleiða bænarskrá þá, sem til þíngsins er komin frá 205 búandi mönnum í Skagafjarðarsýslu, um að leyfð verði uppsiglíng til verzlunar á Sauðárkrók, leyfum vèr oss að segja upp álit vort um málefni þetta, svo látandi:

Vèr þurfum ekki að fara orðum um þær almennu ástæð-

ur, sem mæla fram með því, að þeir staðir fjölgi, þar sem lausakaupmönnum sè leyft að verzla við landsbúa; því allar þær sömu almennu ástæður, sem mæla með því, að kauptúnum verði fjölgað í landinu, og sem tilgreindar eru í tíðindunum frá fyrra þingi, einkum bls. 355—7, ná einnig hèr til, og það með því meira meðmælanda afli, sem mótmæli þau gegn fjölgun kauptúna, að þau yfir höfuð spilli velvegnan og jafnvel siðferði í grend við sig, eiga sèr eingan stað, þegar að eins er talað um uppsigling til verzlunar.

Vèr víkjum því strax máli voru að því eiginlega umtalsefni, að skýra frá, hvernig tilhagar kríngum Sauðárkrók.

Skagafjarðarsýsla liggur öll kríngum Skagafjörð (sem er hèr um bil 5 mílur á leingd), og fram af honum inn í landið (á að gezka 8 til 9 mílur), þannig, að fjöll aðskilja hana að austan frá Eyjafjarðar og að vestan frá Húnavatnssýslu; en Skagafjarðardalir ná fram í fjöll þau, sem aðskilja norðurland frá suðurlandi. Skagafjarðar-hèrað er mikið breitt og þèttbygt (5 og 6 raðir af bæjum); gegnum það rennur út í Skagafjarðarbotn mikið og alþekt vatnsfall, Hèraðsvötnin, sem verður til af tveimur miklum jökulám og mörgum þverám, klýfur sig á að gezka 2 mílur frá sjó, og rennur beggja megin við Hegranes, fyrir austan það í þremur kvíslum, sem aptur koma saman, og renna í einu lagi út í sjó. Í vatnsfalli þessu er sandbotn, sem mjög breytir sèr, þegar vöxtur er leingi í vötnunum, og þetta ber mjög opt við, jafnvel um hásumartímann, helzt þegar vorið hefir verið kalt, og snjór liggur leingi í fjöllum; verður þá að fara á ferju, ekki einúngis yfir Hèraðsvötnin, heldur einnig yfir annað vatnsfall, sem vestar liggur og Djúpakvísl nefnist (og, ef til vill, fleiri vatnsföll á kaupstaðarleiðinni), en á ósunum eru Hèraðsvötnin aldrei fær nema á ferju, og er þar ærið mikið sund. En þó vötnin á enum fremri vöðunum optar megi heita fær um miðsumartímann, er þó vatnsmegnið ósjaldan svo mikið í þeim, að vörur vökna og skemmast, og svo er það líka mikill krókur fyrir þá, sem utarlega búa, að fara fram á vöð; en allir vita, hvað sjóferðirnar, þó menn vildu grípa til þeirra, eru annmarkasamar og óáreið aulegar.

Af þeirri lögun og því ásigkomulagi Skagafjarðarsýslu, sem nú er á vikið, hyggjum vèr það ljóst, að enir mestu annmarkar sèu á því, að öll sýslan geti sókt til sama kaupstað-

ar, hvar sem hann svo stæði, en því heldur, sem hann nú stendur 2 eða 3 mílur út með firðinum austanverðum. Þessir annmarkar eru án efa með fram orsök þess, að margir bændur úr Skagafjarðardölum fara opt með vörur sínar til Akureyrar, og margir, sem vestan vatna búa í hèraðinu, til Skagastrandar, þó hvorttveggja sè mjög lángt og örðugt. Það virðist því mega fullyrða, að lítið eða ekkert þyrfti að hnekkja höndlun í Hofsós og Grafarós, þó lausakaupmönnum væri leyft að verzla við Sauðárkrók, því þángað væri einmitt þeim hentugast að sækja, sem, hvort sem er, opt fara annað með vörur sínar, en í Hofsós eða Grafarós; og ekki væri það heldur neinn skaði, líklega fremur hagur, fyrir þá kaupmenn, sem þar hafa höndlun, þó sá eini lausakaupmaður, sem vanur er að koma á Hofsóshöfn, verzlaði heldur við Sauðárkrók. Annars má þess líka geta, að verzluninni í Skagafirði verður ekki talið það til gildis, eins og nú er, að þar sèu tveir kaupmenn; það er að vísu svo að nafninu; en þeir tveir eru feðgar, sem, eins og skiljanlegt er, ekki eru landsmönnum betri en einn kaupmaður.

Hvað nú snertir skipaleguna við Sauðárkrók, þá er hún þekt og reynd sem einhver hin ágætasta í öllu tilliti; og er mèr, H. Jónssyni og Jóni Samsonssyni, kunnugt, að hún hefir nýlega, optar en einusinni, verið skoðuð og rannsökuð af innlendum og útlendum mönnum, sem vit höfðu á, og álitu hana í alla staði góða. Og í ferðabók Ólafs Ólafssonar bls. 280 er þess getið, að hún muni vera fullt svo góð sem Hofsóshöfn, að hún sè 5 faðma djúp í miðjunni, en nær landi 3 faðma djúp, og innsiglingin hrein, hverjumegin sem farið sè við Innstalands-sker.

Þar eð nú þannig er ástadt, sem hèr að framan er frá skýrt, að höfnin er góð og liggur hentuglega til aðsóknar, svo verzlun á henni mundi spara mörgum bændum töluverðan ferðakostnað og tímatöf við kaupstaðarferðir, sem því meir er í varið, sem skip koma optast svo seint á Hofsóshöfn, að mestöll verzlun fer fram um hásláttinn (t. a. m. kom skip þar í ár ekki fyr en 22. eða 23. dag nýliðins Júnímánaðar), og þar eð uppsigling á Sauðárkrók, eptir áður sögðu, ekki mundi draga mikið frá Hofsós eða Grafarós, eða hindra það, að verzlunin þar verið gæti staðföst, leyfum vèr oss að mæla fram með því, að þingið beri upp bænarskrá fyrir konúng vorn, um:

**Að öllum lausakaupmönnum verði leyft að sigla á Sauðárkróks skipalegu og verzla þar við landsmenn.**

Reykjavík, 8. dag Júlímánaðar 1847.

H. Jónsson. J. Samsonsson. G. Arnljótsson.

Framsögumaður Prófastur Halldór Jónsson: Eg finn enn ekki ástæðu til að bæta neinu við þetta álitsskjal; að eins vil eg geta þess, að eg hefi hèr fyrir mèr þann stað í ferðabók Ólafs Ólafssonar, sem nefndin hefir skírskotað til, þar sem enn fleira er talið skipalegunni við Sauðárkrók til meðmælis, en nefndin hefir gjört, t. a. m. að Enskir og Hollenzkir muni fyrrum hafa látið skip sín liggja bæði þar og í Gaunguskarðsárósi (þar sem fiskidugga lá allan seinastliðinn vetur); líka hefi eg hèr kort við hendina, þar sem sjá má, að nefndin hefir rètt skýrt frá því, hvað Skagafjörður er langur, hvar kaupstaðurinn stendur og hvernig landslaginu er háttað.

Assessor Jónassen: Það mál, sem hèr er borið upp, er náskylt því, sem borið var upp hèr á þingi í hitt eð fyrra, um það að mega sigla upp Krossvík, Straumfjörð og Þorlákshöfn; og eins og eg þá fann ástæðu til að mæla á móti því, að leyfið veittist í svo rúmum skilningi, eins og beðið var um, en stakk upp á því, að einúngis verzlunarmönnum þeim, sem búfastir væru í Reykjavík, yrði leyft að sigla upp þessar hafnir, af því mèr þókti Reykjavík hvorki eiga nè mega missa af þeim verzlunar hagnaði, sem hún hingað til hafði haft af viðskiptum við þær sveitir, í hverjum þær umræddu hafnir liggja, og eg í annan stað hèlt bændanna hagsmunum fullnægt með því, að þeir kæmist hjá ferðakostnaði og tímatöf þeirri, er kaupstaðarferðinni á aðalverzlunarstaðinn er samfara: þannig verð eg hèr að mæla á móti því, að það hèr umbeðna leyfi veitist öðrum en þeim, sem eiga fasta verzlun á Hofsós, Grafarósi og Skagaströnd, og það af hinum sömu ástæðum, sem þegar voru taldar. Eg fer því heldur þessu á flot, sem stjórnin hefir með því, hvernig hún leyfði að sigla upp hafnirnar, sem eg nefndi, augljóslega vottað, að hún vill ekki þeir löggiltu verzlunarstaðir komist í hnignun og apturför, heldur, svo mikið sem kostur er á, eflist að kröptum og velmegun; en bænarskrár þess eðlis og sú, sem hèr ræðir um, kippa fótunum undan hlutaðeigandi verzlunarstöðum, og það ætla eg sè mjög ísjárvert að stuðla að því, að þeim fari heldur aptur en

fram í velmegun. Það er líka athugandi, að búið er að biðja hèr um frjálsa verzlun, og það eru allar líkur til, að hún veitist, eins og um er beðið, en þá er líka áríðandi, að kraptarnir ekki slitni í sundur, heldur að vörubyrgðirnar, sem fyrir eru í landinu, dragi sig eins og saman á vissa staði, en sèu ekki á sundrúngi, allstaðar og hvergi, því verzlunin verður með því móti kostnaðarsamari og líka bundin meiri tafa og fyrirhöfn.

Eg verð því að vísu fram með bæninni, sem hèr ræðir um, en þó með þeirri hèr tilgreindu takmörkun, og geymi eg mèr þessu samkvæmt breytíngar-atkvæði.

Prófastur Hannes Stephensen: Eg ætlaði eg mundi ekki taka til orða í þessu máli, svo ókunnugur er eg málefni þessu; en þar umræðan virðist nú vera svo almenn, fæ eg ekki orða bundizt, er mèr heyrist, og trúi eg þó varla eyrum mínum, að því bregði fyrir á þínginu, sem væri landið enn skipt í en fornu svo nefndu höndlunar umdæmi.

Jón Samsonsson: Nefndarálitið hefir ekki einúngis tillit til hagsmuna landsmanna, heldur einnig kaupmanna; og meira þykir mèr litið á þeirra hagsmuni, ef lausakaupmönnum er ekki líka leyfð þar uppsigling, við hverja landsmenn með hagnaði sínum og góðum geðþokka hafa átt verzlun.

Framsögumaður: Nokkru af því, sem hinn virðulegi konúngkjörni þíngmaður hinnar veraldlegu stèttar nýskeð mælti, er þegar ánægjanlega svarað; en eg bæti þessu við: Hèr er nú öðru máli að gegna en 1845, þegar Reykjavík var öðru megin, og menn vildu hlynna henni, sem helzta stað landsins, þó eg annars ekki vilji dæma um, á hvað gildum rökum það var bygt. Það er líka óliku meir í það varið fyrir þá landsbúa, sem hlut eiga að máli, að leyfð sè uppsigling einhverstaðar öllum kaupmönnum í Reykjavík, þar sem svo margir hafa verzlun, en þó leyft væri, að kaupmenn í Hofs- og Grafarós, sem ekki eru nema tveir, væri leyft að senda skip sín til sjóverzlunar við Sauðárkrók, og eins þó kaupmenn á Skagaströnd feingi sama leyfi. Það sem hinn sami konúngkjörni þíngmaður sagði, að vörumagnið eða kraptarnir slitnuðu í sundur, ef bænarskránni yrði framgeingt, er ekki á sem beztum rökum bygt, því álitsskjalið gjörir það ljóst, að þetta eigi sèr einnig stað, þó svo standi, sem nú er, þar sem vörur vanalega eru fluttar úr Skagafirði bæði til Akureyrar og Skagastrandar; og ekki slitnuðu heldur kraptarnir fremur í sundur

fyrir það, nema síður til, þó sá eini lausakaupmaður, er vanur er að koma á Hofsós-höfn, verzlaði við Sauðárkrók, því hann tæki þá helzt þær vörur, sem vanar væri að gánga út úr sýslunni til annara verzlunarstaða, og gætu þá kaupmenn í Hofsós og Grafarós því meiri vörum náð í kríng um sig, sem hann síður kæmi í bága við þá. Af þessum ástæðum verð eg enn að vona, að þingið gefi málefni þessu góðan gaum.

Guðmundur Arnljótsson: Það er meiníng mín, og eg held öllum þingmönnum geti verið það skiljanlegt, að mikið er í það varið og næsta þarflegt, að styrkja til þess, að kaup og aðdrættir alþýðu á lífsbjörg sinni og öðrum nauðsynjum yrðu sem hægastir og kostnaðarminnstir, sem mögulegt væri eptir kríngumstæðum, og það því heldur, sem verzlanin nú fer versnandi og verðið á útlendu vörunni hækkar ár frá ári meira heldur en á þeirri innlendu að réttri tiltölu. Það er ekki lítils virði fyrir fátæklínginn og einvirkjann að verða að kosta nokkrum dögum, máske viku eða meira, um sláttar eður hásumartímann, til kaupstaðaferðanna; en eg treysti því, að þingið fallist á álit nefndarinnar í þessu máli, einkum þar eð það er líka nokkurn veginn víst, að Hofsós-kaupmenn munu ei fremur, en að undanförnu, missa vörur fyrir það, þó þetta umtalaða leyfi feingist, þegar bæði hafa lausakaupmenn árlega að undanförnu höndlað á Skagafirði, og líka Skagfirðíngar sjálfir tíðum farið kaupferðir sínar norður á Akureyri.

Framsögumaður: Eg vil að eins bæta því við það, sem eg nýskeð mælti, að það er ekki dæmalaust, að kaupmenn sendi skip úr öðrum fjarlægum kaupstöðum til Hofsóss: man eg þess eitt dæmi fyrir fáum árum, að skip kom þángað frá austurlandi; sè eg nú ekki, hver skaði það væri fyrir Hofsós eða Grafarós, þó þeir, sem annars koma til verzlunar á Hofsós-höfn, verzluðu heldur við Sauðárkrók.

Konúngsfulltrúi: Eg ætla að gjöra einúngis fáar athugasemdir við þetta mál. Þar eð eg þekki ekki af sjálfs míns sjón, hvernig landi er háttað við Sauðárkrók, ætla eg ekki að mæla móti því, sem nefndin hefir talið höfn þessari til gildis. Þó get eg þess, að Lövenörn aðmíráll hefir í ritgjörð sinni, sem allir siglíngamenn álíta óyggjandi, um hafnir á Íslandi, sagt svo um Sauðárkrók, að „höfnin horfi við norðanvindum, en þángað hafi áður verið siglíng: skipaleið sè greið og skerjalaus inn þángað, og geti menn farið beggja megin við Innsta-

lands-sker". Þar eð höfn þessi horfir við norðri, og álíta verður eptir afstöðu hennar á lands uppdrættinum, að með norðanátt sè þar öldugángur mikill við land, svo er þó höfnin naumast að öllu leiti trygg. Samt ætla eg ekki frekar að taka þetta atriði fram, þar eð það einnig er sagt, að skip hafi fyrrum vitjað þángað, og mættu því að líkindum geta farið þángað eptirleiðis. En því einu vildi eg við bæta, að mèr þykir það næsta kynlegt, að nefndin virðist hafa viljað mæla fram með, að alþíng beiddist þess einúngis, að lausakaupmönnum leyfðist að verzla á Sauðárkróki, en þetta leyfi skyldi ekki veita fastakaupmönnum úr næstu kaupstöðum. Þesskyns lög yrðu þá að öllu leyti gagnstæð því, sem viðgeingst, þar sem alkunnugt er, að opt er leyft fastakaupmönnum, sem næstir búa, en ekki lausakaupmönnum, að verzla á þesskonar höfnum. Mèr virðist því, að þesskyns leyfi, sem nú var nefnt, einnig mætti veita í þessu máli, eins og hinn konúngkjörni þíngmaður stakk upp á, án þess menn þó, eins og alþíngismaðurinn úr Borgarfjarðarsýslu virtist að halda, þurfi að óttast, að þar af mundi leiða, að landinu yrði eins og til forna skipt í verzlunarhèröð.

Prófastur Hannes Stephensen: Þar sem eg áður minntist hinna fyrrverandi hötuðu verzlunar umdæma, var það af því mèr virtist skoðunarmáti eins þíngmanns lúta að líkri hugmynd; en eg óttast eingan veginn, að þau muni rísa á fætur aptur; þeirra dagar eru liðnir, frá því verzlanin 1787 var frígefin.

Framsögumaður: Eg get að vísu ekki mótmælt því, sem hinn háttvirt, konúngsfulltrúi mælti, að skipalegan við Sauðárkrók væri opin fyrir norðlægum vindum; en þetta á sèr hèr um bil eins stað um Hofsóshöfn, sem þar á ofan liggur svo miklu utar; fjörðurinn er æði lángur, með fjöllum á báðar hliðar, er því mikið farið að draga úr veðri og sjóargángi inn í fjarðarbotni, þar sem Sauðárkrókur er. Viðvíkjandi orðavalinu í niðurlagi álitsskjalsins, var það eingan veginn meiníng nefndarinnar, að útiloka kaupmenn (í Hofsós og Grafarós) frá verzlun við Sauðárkrók; þvert á móti eru þeir landsmönnum eins velkomnir og hverjir aðrir. Nefndin brúkaði orðið „lausakaupmenn" í yfirgripsmesta skilníngi um alla, sem á sjó verzla, og áleit, að þegar fastakaupmenn senda skip til einhvers staðar til að verzla þar á sjó, sèu þeir þar rètt nefndir

lausakaupmenn; sè þetta ekki rètt að orði kveðið, eða gæti það verið misskilníngi undirorpið, verð eg að áskilja mèr rètt til að laga niðurlagið í álitsskjalinu, eða breyta því svo, að sú hèr greinda meiníng verði ljós.

Jón Samsonsson: Höfnin er góð á Sauðárkrók: þar er smámalar-leir og sandbotn, og innsiglíngin hrein og góð báðum megin við Innstalands-sker, og fullbreið, að vestan hèr um bil þriðjúngur sjóar-viku, og austan margsinnum breiðara, og báðum megin djúpt við skerið, sem vel er sjáanlegt upp úr sjó að jafnaði.

Ásgeir Einarsson: Eg held, þó öllum væri leyfð uppsiglíng á Sauðárkrók, gætu kaupmenn á Hofsós orðið optast fyrstir til þess, ef þeir hefðu nægar vörur.

Stephán Jónsson: Hvað höfnina í Sauðárkrók snertir, get eg ekkert um sagt, því eg hefi aldrei komið þar; en eg efast ekki um, að það muni vera satt, sem nefndin hefir sagt um hana. Hitt er mèr kunnugt, að opt hefir verið farið úr Skagafjarðarsýslu til Akureyrar, og það með talsverðar vörur. Þó nú vegaleingdin kynni að vera meiri til Akureyrar, en til Hofsóss, þá vilja menn opt fara leingri veg, til að komast hjá vondum vötnum og fríast við að sundleggja hesta sína og kaupa ferjur. Kaupmönnunum í Hofsós og Grafarós verður því einginn óhagur gjörður með því, að þær vörur, sem þeir ekki hafa verið vanir að fá, sèu fluttar til Sauðárkróks og seldar þar lausakaupmönnum. Ef hinn konúngkjörni þíngmaður heldur fram breytíngar-atkvæði sínu, að kaupmönnum í Hofsós og Grafarós og á Skagaströnd verði einúngis leyft að hafa sjóverzlun í Sauðárkrók, verð eg að áskilja mèr það breytíngaratkvæði, að kaupmönnum á Akureyri og Siglufirði verði einnig leyft að verzla þar, sem lausakaupmönnum.

Framsögumaður: Með tilliti til þess breytíngar- eða lagfæríngaratkvæðis, sem eg áskildi mèr, var að eins meiníng mín að gjöra meiníng nefndarálitsins vafalausa, og held eg sè óþarfi að gjöra það frekar, en þegar er búið.

Forseti: Þar eð nú einginn tekur framar til máls, álít eg þetta mál fullrædt til undirbúnings.

Var þá upplesið álitsskjal til konúngs um kjörkostnað alþíngismanna, og var það samþykt af þínginu, svo hljóðandi:

Til Konúngs.

Yðar Hátign hefir allramildilegast þóknazt að láta bera undir alþíng frumvarp til opins brèfs, um kostnað þann, sem leiðir af kjöri alþingismanna framvegis, og fl.

Eptir að þriggja þingmanna nefnd, er til þess var valin, var búin að kveða upp álit sitt um þetta frumvarp, hefir málið verið rædt á tveim aðalfundum þingsins, og urðu þær málalyktir, að þingið, eins og það þegar árið 1845 allraþegnsamlegast gaf uppskátt, fèllst á frumvarpið, einúngis með þeim viðauka við 5. grein, að á eptir orðunum: „komið við“ komi orðin, „án flutnings-kostnaðar“, þar eð þingið ber kvíðboga fyrir, að kjörstjórar ella, er þeir eigi fá borgun fyrir að láta rita kjörskrárnar, kynnu, meir en góðu hófi gegnir, að vilja komast hjá þeirri fyrirhöfn með prentun þeirra, og þar með olla almenníngi óþarfs kostnaðarauka til sendiferða með þær til og frá prentsmiðjunni.

Að svo fyrir mæltu leyfir alþíng sèr allraþegnsamlegast að leggja það til í einu hljóði:

Að frumvarpið gángi út sem löggjöf, með þeirri viðbót í 5. grein, að á eptir orðunum „komið við“ sè skotið inn: „án flutnings-kostnaðar“.

Alþíngi, 12. dag Júlí mánaðar 1847.

Allraþegnsamlegast

Th. Sveinbjörnsson. J. Johnsen.

Því næst var fundi slitið.

---

## 13. Júlí — tíundi fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykt.

Forseti lagði fram

73, Bænarskrá frá varaforseta um að seðlar þjóðbánkans verði gjörðir gildandi hèr á landi.

Varaforseti beiddist að mega lesa upp bænarskrána, og var svo gjört; er hún þannig látandi:

„Með tilskipun 30. Marts 1836 var silfurmynt eingaungu gjörð gjaldgeing hèr í landi, og olli því, eins og menn vita, óregla sú, sem komin var á út af peníngabiltíngunni síðustu,

með því svo nefnda vöruverði; en eins og vöruverð þetta og öll sú óregla, sem því var samfara, spannst út af því breytilega og hvikula verði, sem fyrst kúrantseðlarnir, og á síðan ríkisbánkaseðlarnir komust í, undir og á eptir stríðinu, á móti silfri (sjá Tidende for Østifternes Stænderforhandlinger 1835—1836 bls. 225—232), svo er nú allt tilefni til þvílíkrar óreglu horfið, síðan verð þjóðbánkaseðlanna varð eins óbreytilegt og silfurpeninganna sjálfra, eða síðan seðlar fóru að gánga jafnsíðis silfurmynt eptir áskript hvorra um sig (al pari), og þjóðbánkinn þar að auki fór að leysa þá inn með silfurmyntinni, og sömuleiðis allt tilefni til ótta fyrir því, að seðlar aptur gángi niður úr því verði, sem þeim er gefið; enda eru efni þjóðbánkans til að halda þeim í því nú orðin svo vel vaxin og í svo góðum vörzlum og skorðum, bæði af þjóðbánkans eða þjóðarinnar hálfu og stjórnarinnar, að eigi er hægt að úr lagi fari.

Eg þarf nú ekki að leiða þeim heiðruðu alþingismönnum fyrir sjónir, hversu áríðanda það er fyrir land hvert og framfarir þess, bjargræðisvegu og allar athafnir, að það eigi kost á gjaldmeðölum, sem sè hentug og til léttis svo mikils sem verða má fjárviðskiptum manna.

En það má víst fullyrða, að því strjálbygðara og erviðara yfirferðar land nokkurt er, þess meir ríður þjóðinni á að hafa peninga til innbyrðis viðskipta, sem léttir eru meðferðar og litlir fyrirferðar. Eins og högum nú er varið, verður hver sá, sem kaupir jörð eða tekur peningalán, svo nokkru nemi, að leggja til mann og hest undir baggana, og er sama með póstana, þegar kaupverðinu eða láninu verður komið á þá; en það er sjálfsagt, þar eð amtmenn, þúngans vegna, og einkum á vetrum, eða þegar hestum er ófært yfirferðar, verða annaðhvort að takmarka, eða með öllu að banna peningaflutninga með póstunum; og er t. a. m. þeim ómyndugu, sem eiga kost á að setja fé sitt á leigu í jarðabókarsjóðinn, og hinum, sem aptur hirða það þaðan, þegar leigutíminn er á enda og þeir sjálfir þurfa á því að halda, optsinnis bæði bagi og skaði töluverður að þessu. Væri þar á móti um seðla að gjöra, er ekki byrðarauki að þeim, hvort heldur maður stíngur þeim sjálfur í vasa sinn, eða sendir þá með póstunum, auk þess að burðarlaunin þá yrðu miklu minni, en ábyrgðin þó jafnmikil.

Að vísu er jarðabókarsjóðurinn nú sá leigustaðurinn, sem þeir, sem þar á eiga kost, einna helzt komast að, til að ávaxta

fè sitt á, en það er hvorttveggja, að þar á eru orðin fleiri bönd, en áður voru, enda eru auk þeirra, sem nú ekki leingur leyfist að hafa fè sitt á vöxtu þar, þeir ekki allfáir (t. a. m. í vinnufólks-stèttinni), sem, ef til vill, ættu að eiga kost á að ávaxta það lítið, sem þeir afla, og eigi nemur svo miklu, að því verði komið á leigu, eins og bezt horfir við, á móti veði, eða á annan hátt hjá einstökum mönnum, og vilda eg helzt, að þeir þá ættu kost á því í svo nefndum sparnaðarsjóðum; en að sjóðir þessir, hve mikil þörf sem á þeim er, komist hèr á til nokkurra muna og nota, á meðan ekki er öðru að ýta en silfurpeningum, ætla eg næsta tvísýnt, og það einkum vegna vandkvæða þeirra, sem eru á flutningi fjárins fram og aptur yfir lánga og örðuga vegu.

Að því leyti sem land vort jafnan hefir, og að miklu leyti mun hafa verzlunarviðskipti við Dani, er líka að því vísu að gánga, að löndum vorum verði seðlar, eins og högum er orðið varið með þá, eigi síður en silfur útgeingilegir við verzlunarmenn; og á hinn bóginn er þess öll von, að framandi þjóðum, er vèr feingjum við að skipta, öllu fremur leiki hugur á vörum vorum en peningum, og að þeir í annan stað eigi flytji fleiri peninga hèðan, en þeir flytja hingað, þegar hèr lætur betur í ári; enda muni þá hina framandi verzlunarmenn, þegar verr lætur fyrir oss, öllu heldur fýsa að fá borgun fyrir vörurnar í þeirra eigin en okkar silfurpeningum; en hvort sem er, þarf minnstu að varða, þar sem peninga eða seðla verðinu er eins komið fyrir og nú hjá Dönum, og silfur jafnan er fáanlegt hjá þjóðbánkanum fyrir seðla, dalur fyrir dal og skildingur fyrir skildíng: því þar af leiðir aptur, að dönskum verzlunarmönnum eigi eru það meiri útlát að flytja hingað í kaupförum þeirra silfur eða slegna mynt, en seðla, fyrir varníng vorn. En þó að þannig ekki þurfi að gjöra ráð fyrir eklu á silfurpeningum, er seðlar eru gjörðir gjaldgeingir hèr í landi, eða hjá landsmönnum fyrir svo miklum mætum á silfrinu, fremur en á seðlunum, að nokkru sè vogað með leyfi til þess, takmarkalausu: þá veit eg samt ekki, nema landsmönnum kæmi betur, ef þeir ættu að því vísu að gánga, að geta *feingið* silfurmynt fyrir seðla, er þeim biði svo við að horfa, og að nógu vel gæti farið á því, að haga svo til, að jarðabókarsjóðurinn, auk seðla, jafnan hefði svo mikinn forða af silfurmynt, er leyfið væri feingið, sem til hvers tíma þækti þurfa

til að leysa inn með seðla frá þeim, sem heldur kjósa að eiga silfur eða að taka við því sem borgunarmeðali úr sjóði þessum; og ætla eg þetta eina veginn til að styrkja þá fáu á meðal vor, sem móti von enn kynnu að vera veikir í trúnni um óhvikulleik seðla þjóðbánkans, á meðan eigi er feinginn aukabánki (Filialbank) hèr í landi, sem að vísu mætti verða landinu að liði í mörgu fleiru tilliti en þessu, en heldur ekki getur átt heima, þar sem seðlum bánkans er úthýst með öllu.

Að svo mæltu leyfi eg mèr að stínga upp á:

Að alþíng allraþegnsamlegast biðji konúnginn, að Hans Hátign allramildilegast mætti þóknast að afmá 1. og 2. grein í tilskipuninni um peninga-gildi á Íslandi frá 30. Marts 1836; og ætlast eg til, að það verði ítarlegar tekið fram í þíngræðum og rannsókn máls þessa, sem hèr er hlaupið yfir og enn fremur er því til styrktar.

Reykjavík, þann 9. Júlí 1847.

J. Johnsen".

Assessor Johnsen: Eg hefi, eins og í enda uppástúngunnar segir, ætlazt til, að rannsókn og umræður þíngmanna um þetta mál, sem eg vona að sett verði í nefnd, bæti því við, því til styrktar, sem eg í uppástúngunni sjálfri hefi hlaupið yfir. Eg hefi þar farið fæstum orðum um það, hve áríðandi það sè einstökum mönnum og yfir höfuð, að hafa gjaldmeðal, sem er til léttis viðskiptum manna og arðsömum útvegum, og undir eins vikið á, að gjaldmeðal í seðlum gæti orðið eitthvert hið bezta meðalið til að koma sparnaðarsjóðum á hèr í landi; en í niðurlagi uppástúngunnar er einúngis lauslega komið við það atriði, sem eg ætla ekki hvað sízt áríðanda í þessu máli, það nefnilega, að það er undir því komið, að seðlar geti orðið hèr gjaldgeingir, hvort hingað væri fáanlegur aukabánki (Filialbank); en að þessi aukabánki yrði næsta þarflegur, meðal annars fyrir frjálsa verzlun, sem við erum að biðja um, held eg næsta í augum uppi: því opt yrði þá að bera svo undir, að verzlunarmenn framandi þyrftu að gefa út „vexla" fyrir vörur, sem þeir kaupa hèr í landi, og að optar þyrfti á því að halda, að „discontera" vexla þessa (í aukabánkanum).

Eg vil ekki leingja inngángs-umræðu máls þessa með því, að fara út í nákvæma skýrslu um það, hvernig efnum þjóð-

bánkans hagar til, svo auðskilið væri, að ekkert sè á hættu fyrir oss, við að láta seðla hans gánga á meðal vor; því það atriði held eg bezt ætti við, að þeir, sem til þekkja hèr á þingi, gæfu uppskátt með mèr, eptir sannfæríngu þeirra, en læt mèr í þessu tilliti nægja að geta þess, að sá upprunalegi og aðalstofn þjóðbánkans var 6 af 100 rbdölum hverjum, sem allar fasteignir í Danmörku og hertogadæmunum voru virtar, og hefir leiga af þessum stofni síðan árið 1813 runnið inn í þjóðbánkann, en leiga þessi var ákveðin $6\frac{1}{2}$ af 100 dölum hverjum (með hvaða hætti hún hefir verið greidd af skuldunautum eða eigendum fasteignanna, kemur þessu máli ekki eiginlega við). Þar að auki er svo sèð fyrir, að bánkinn jafnan hafi stofn í silfurpeníngum eða silfri á reiðum höndum, sem sè $\frac{1}{3}$ að upphæð gegn öllum þeim seðlum, sem hann gefur út, og það auk annara eigna þjóðbánkans. Meira ætla eg ekki að eg þurfi að mæla að sinni, til þess að mál þetta, hvernig sem fer um það á síðan, að minnsta kosti verði feingið nefnd til rannsóknar.

Forseti skoraði á þíngið að láta í ljósi, hvort nefnd skyldi kjósa til að íhuga það, ei bænarskráin fer fram á.

Assessor Jónassen: Mál það, sem hèr er borið upp fyrir þínginu, er að vísu þess vert, að því sè vandlega gaumur gefinn, áður en atkvæði eru greidd um það, hvort nefnd skuli setja til að rannsaka það, eða ekki.

Því verður ekki neitað, að seðlar eru til mikils hægðarauka, þegar peninga þarf að flytja eður senda hèraða á milli yfir leingri veg, og þvíl.; og eg mundi því í þessu tilliti gefa atkvæði fyrir því, að nefnd yrði sett í málinu, ef ekki væri eitt atriði í því, sem eg er mikið hræddur við; en það er þar í fólgið, að eg óttast fyrir, ef seðlar yrðu hèr gjaldgeingir, að þeir opt mundu verða falsaðir og almenníngur hafa baga af því. Það er alkunnugt, að slíkt hefir opt að borið í Danmörku, og má þá líka gjöra ráð fyrir því hèr í landi, einkum ef frjáls verzlun kemst hèr á við framandi þjóðir. Nú er það að vísu svo, þjóðbánkinn er vanur að endurgjalda slíka seðla, ef þeir eru vel gjörðir og líkir þeim rèttu, en ekki, ef þeir eru svo illa gjörðir, að hægt mætti virðast að geta þekt þá frá hinum rèttu; en láti almenníngur í Danmörku tæla sig í þessu efni, má búast við því, að almenníngur hèr á landi mundi blekkjast öllu fremur á fölsku seðlunum.

Þetta atriði aptrar mèr frá því að mæla fram með því, að seðlar nái hèr inngaungu; því ekki er nein ástæða til þess að óttast fyrir því, að þjóðbánkans seðlum mundi reiða eins af og kúrantseðlunum gömlu, það er að segja, að þeir mundu falla í verði eins og þeir, og almenníngi verði tjón að því. Þessa vegna, sem og hins, að hèr eru, enn þá sem komið er, lítil penínga viðskipti manna á milli í þessu fátæka landi, og penínga sendíngar innanlands fáar, þó nokkrar sèu, sè eg ekki nauðsyn beri til að útvega seðlum hèr gjaldgeingi; og get eg því ekki verið því meðmæltur, að nefnd verði sett til að rannsaka þetta mál.

Jústizráð Thorsteinsen: Það er í minni margra þeirra manna, er enn lifa, hvílíkan skaða og harma menn biðu hèr í landi af þeim gömlu kúrant-seðlum, er fèllu svo úr gildi, að þeir 1813 urðu um stund einasta $\frac{1}{30}$ partur upprunaverðs þeirra. En þó nú ei þurfi að óttast, að þjóðbánkans seðlar falli svo úr verði, þá eru þeir þó ætíð í ferðalögum, og með því að senda þá í svo óveguðu landi, sem Ísland er, yfir ár og vötn, lángt um fremur undirorpnir skemdum, og að þeir geti tapazt, en silfur; og sýnist mèr það fullkomlega vega móti því, hvað silfur er þýngra í flutníngi, að það aptur er minna undirorpið skemdum, og að geta týnzt eða tapazt, og óttast eg fyrir, að seðlar aldrei verði vinsælir hèr í landi, því allt það, er bánkaseðlar heita, verður leingi óvinsælt; og líka óttast eg fyrir, að falskir seðlar komist hèr á gáng frá útlöndum, eins og sá heiðraði konúngkjörni þíngmaður sagði, er seinast mælti; og mæli eg því í móti, að nefnd verði kosin í þessu máli.

Stephán Jónsson: Eg þykist reyndar sjá, að uppástúnga þessi er gjörð í bezta tilgángi, en mèr er kunnugt, að almenníngur vill helzt, að bánkaseðlar komi sèr aldrei fyrir augu, því hann hefir enn í fersku minni hrun þeirra hið fyrra.

Umboðsmaður Þorvaldur Sivertsen: Það var einmitt hið sama, og eg ætlaði mèr að mæla, sem hinn heiðarlegi konúngkjörni þíngmaður, er síðast mælti, framfærði á móti uppástúngu þessari; og get eg því eingan veginn mælt með henni, heldur miklu fremur fráráðið því, að nefnd verði kosin.

Eyjólfur Einarsson: Eg er líka á sama máli, og verð að mæla móti því, að nefnd verði kosin.

Jakob Pètursson: Auk þess sem nú hefir verið fært til

ástæðu móti því, að nefnd verði kosin í þessu máli, leyfi eg mèr að geta þess, að eg veit ekki betur en almenníngur fái silfurpeníinga á flestum verzlunarstöðum norðanlands, ef ekki vantar vörur á móti; en þeir, sem þurfa að borga töluvert til jarðabókarsjóðsins, mundu heldur kjósa að taka ávísunarbrèf til Kaupmannahafnar, sem borgunarmeðal, en að beiðast þess, að brèfpeníngar yrði hèr innleiddir; og mæli eg því á móti því, að nefnd sè sett í málinu.

Varaforseti: Mèr er farið að lítast svo á, að mál þetta eigi hèr ekki á góðu von. Að því leyti sem það er mælt í móti, að seðlar sè gjörðir af þeim, sem ekki eiga með að gjöra þá, þá verður því ekki neitað, að á stundum hefir orðið vart við falska seðla í Danmörku; en bæði er það, að þeir varla nokkurn tíma hafa verið mjög margir, og líka hitt, að menn á seinni tímum hafa komizt upp á, betur en áður, að gjöra þjóðbánkaseðlana á þann veg, að næsta örðugt veitir (ef það annars er mögulegt), að gjöra aðra eins fyrir einstaka menn. Það er mælt, að viðskipti manna sè hèr í landi svo strjál, að ekki sè þörf á seðlum frá sjónarmiði viðskiptanna eða atvinnuveganna í landinu; en eg hèlt, að hèr í lægi einmitt ástæða til að mæla fram með uppástúngunni: því ef viðskiptin eru fá og atvinnuvegirnir, þá held eg sè þörf á að fjölga báðum, og að því hefi eg haldið að mætti styðja, með því að halda uppástúngunni eða seðlunum fram. Því verður ekki neitað, að seðlarnir geta vöknað og þannig skemzt í meðferðinni, silfrið aptur á móti ekki; en þá er það sýnt og sannað, að það aptur hefir aðra galla sem gjaldmeðal, sem seðlar hafa ekki; og liggur þá næst að rannsaka það, hvort gallarnir við seðlana sè þeim mun meiri en við silfurmyntina, að ekki annar hagnaður af seðlunum, fremur en af silfrinu, vinni, og meir en vinni gallamuninn upp, og það var þetta atriðið, sem eg ætlaði nefndinni eða þínginu að rannsaka; og get eg ekki gjört ráð fyrir öðru, en að því einnig takist að kæfa þá óbeit niður, sem enn kynni að loða við hjá landsmönuum gegn öllu því, sem seðla nafni nefnist, þar sem eingin veruleg átylla leingur getur átt sèr stað fyrir þvílíkum óþokka, þegar nú er máli að skipta um þjóðbánkaseðlana.

Forseti: Þeir, sem talað hafa viðvíkjandi uppástúngu þessari, hafa allir verið á móti henni; og vil eg nú skjóta því til þíngsins, hvort nefnd skuli kjósa.

Þá voru atkvæði greidd, og bænarskráin felld með 18 atkvæðum gegn 5.

Forseti framlagði þá

76, Bænarskrá frá þingmanni Skaptfellinga um endurskoðun reglugjörðarinnar 17. Júlí 1782, að svo miklu leyti sem hún höndlar um að leggja lausafè í tíundarhundruð á landsvísu.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg hefi tekið fram í bænarskránni þau helztu atriði, er eg hugði mundu styðja að því, að endurskoðun og breytingu reglugjörðarinnar af 17. Júlí 1782, að svo miklu leyti sem hún talar um lausafjár-tíundarstofn, megi ekki fresta, ef sú breyting að öðrum kosti virðist nauðsynleg; eg verð að halda hana nauðsynlega, bæði eptir reynslu sjálfs míns, og af viðtali því, er eg hefi átt við greindustu menn um þetta. Allir sjá, að það má ekki segjast að draga þessa breytingu, þar sem skattamálið er komið til stjórnarráðanna og verður máske lagt fyrir hið næsta alþing. Það er og annað atriði, sem styður að því, að endurskoðan og lögun tíundarlaganna sè nauðsynleg sem fyrst, þó það sè ekki tekið fram í bænarskránni, þetta: að vart verður því leingi frestað að bæta á einhvern hátt kjör prestanna; en af því þeir munu leingst af hèr eptir, eins og hingað til, hafa tekjur sínar af tíundum, þá er ómissandi, að áður sè komið í kríng um, og á föstum fótum bygð þessi tekjugrein þeirra. Eg verð því að vekja athygli þingsins á þessum atriðum, og mæla fastlega með, að nefnd sè kosin í málið.

Guðmundur Arnljótsson: Eg er öldúngis á sömu meiníngu og hinn heiðraði þingmaður Skaptfellinga í því, að skoða og endurbæta þurfi tíundarlögin, og þar eð alment er álitið, að þörf sè á nýju og rèttara jarðamati, en nú er, þá er af sömu ástæðum nauðsynlegt að gjöra tíundarlögin sem sanngjörnust, því lausafèð, allt eins og fasteignin, verður líklega, og sjálfsagt að nokkru leyti, undirstaða gjaldanna.

Jón Samsonsson: Eg verð einnig að mæla fram með því, að nefnd verði kosin til að yfirvega þetta málefni, því heldur sem eg á næsta þingi, 1845, „frambar þessháttar uppástúngu frá nokkrum af merkari mönnum í Skagafjarðarsýslu, þó henni væri þá ekki sá gaumur gefinn, sem til var ætlað. En nú er því nauðsynlegra að gefa gaum að innbyrðis jöfnuði lausafjártíundar hundraðanna, sem meiri eru líkur til, að lausafjár-tí-

undar hundruð, eins og fasteigna hundruðin, verði líka í undirstöðu skattalaganna.

Prófastur Haldór Jónsson: Eg get ekki annað en verið samþykkur uppástúngumanni í því, að við lausafjártíundar stofninn muni mega finna töluverða annmarka; og þó eg ekki að svo komnu geti haft ljósa og staðfasta meiníngu um, hvort áðurveldlega verði á þeim bót ráðin, verð eg að ráða til, að nefnd verði kosin til að íhuga málefni þetta; og þar ásigkomulag landsins er svo margbreytt, hygg eg, að ekki megi vera færri en 5 menn í nefndinni.

Forseti kvaddi þá til kosníngar í nefnd, og voru þessir kjörnir: umboðsmaður Jón Guðmundsson með 18, Stephán Jónsson með 12 og kammerráð Melsteð, prófastur Stephensen og prófastur Haldór Jónsson, hver með 10 atkvæðum.

Þá var tekið til ályktarumræðu konúngs-frumvarpið um breytíngu á þeim tíma, sem á Íslandi þarf til að eignast sveit eptir 6. gr. í reglug. 8. Jan. 1834.

Í þessu málefni hafði 1. assessor Johnsen áskilið sèr það breytíngaratkvæði: að þíngið ráði frá, að frumvarpið fái lagagildi; en að það, ef þörf þykir, fari þess á leit, að lögreglustjórum sè gefin hugvekja um, að fylgja 21. gr. fátækra-reglugjörðarinnar stránglega fram, eptir ákvörðun hennar. 2. hafði kammerráð Melsteð áskilið sèr breytíngaratkvæði á þá leið: *a*) fyrst og fremst, að lagafrumvarpið verði samþykt óumbreytt. *b*) til vara, að úr breytíngu þeirri, sem nefndin hefir uppástúngið við 2. grein, verði felld orðin: „þeim, eða.“

Forseti: Áður en eg tek fram til ályktarumræðu málefni það, sem rædt var hèr í gær til undirbúnings, um það hvort þíngið eigi nú í ár að biðja konúng vorn um lögmál, er leingi það tímabil, sem þarf til að ávinna sèr framfærslurètt, hvar um þíngið beiddi Hans Hátign í hitt ið fyrra: finn eg mèr bæði skylt og leyfilegt að gjöra þíngið vart við, að einúngis upplestur þíngbókarinnar frá í gær hefir tekið næstum 2 tíma þíngsins í dag, og er það orðið af þeim afarlaungu umræðum, er mál þetta vakti í gær. Eg veit ekki, hvort öðrum fer eins og mèr, að telja málefnið til enna smærri, en hitt er víst, að það í velflestra þeirra enna núverandi þíngmanna nærveru hefir verið hèr áður rædt, og að mörg málefni eru nú á þíngsins höndum flóknari, stærri og meir umvarðandi, en þetta.

Það er langt frá mèr, að eg á nokkurn hátt vilji sporna við frjálsum umræðum þingmanna um málefnin, til þess hefi eg eingan rètt; en bæði staða mín á þingi þessu, skyldur mínar við fósturjörðu og stjórnanda hennar, og umhyggja fyrir áliti og sóma þingsins hvetja mig að láta þingmönnum þann ótta minn í ljósi, að ef tími verður brúkaður að tiltölu til enna stærri málefna, sem til þessa máls í gær, þá er uggvænt um, að meir en helmingur þeirra málefna, er þinginu eru þegar feingin til meðferðar, verði við enda þingtímans óáhrærður; að þingtíðindin vaxi til afarstærðar, án þess þó að verða, að tiltölu, auðugari að efninu til; að prentun þeirra ekki verði lokið fyrr en á næsta ári; að skriptir allar utanþings verði mjög svo misfara við þingtímann, og er það í því falli helzt ísjárvert, ef þýðing alþingisgjörðanna þarf að dragast fram á haust; hvað af því mætti leiða, vil eg ekki sè í minni ábyrgð. Að svo fyrirmæltu afhendi eg málefnið til framsögumannsins frekari flutnings.

Framsögumaður prófastur Hannes Stephensen: Eg kannast við, að nóg sè rædt í þessu máli, og skal eg ekki leingja það; nefndarálitið var í gær upplesið, og mun það öllum þingmönnum í fersku minni; einasta verð eg að fara fáum orðum um breytingaratkvæði ens virðulega þingmanns frá Árness-sýslu, og er það meining mín, að það sè ekki svo algjörlega samkvæmt þinglögunum, er annað er nú uppborið, en í gær var áskilið. Eg man og ekki betur, en einum þingmanna væri í gær bent til þess, að það ekki væri reglugjörðin af 8. Janúar 1834, sem hèr væri verið að ræða, heldur að eins enn fyrri partur hinnar 6. greinar, og var það þó niðurlag hinnar sömu greinar, sem þá var hafizt máls á; en sá virðulegi þingmaður, sem breytingaratkvæðið ber fram, byggir að nokkru atkvæði sitt á 21. grein sömu reglugjörðar. Þess virðist mèr þinginu beri að gæta, að hann í gær hèt breytingaratkvæði samkvæmt breytingaratkvæði sínu í sama málefni hèr á þingi í hitt eð fyrra, og þá var atkvæði hans fyrir 10 árum samkvæmt því konúnglega frumvarpi, sem um er verið að ræða, en nú er breytingaratkvæði hans á þá leið, að löggjöfin um þetta efni sè söm og verið hefir; þetta virðist mèr sýna, að hann er sjálfum sèr ósamkvæmur í þessu, en það er ekki mitt, heldur ens hæstvirta forseta og þingsins að dæma hèr um. Eg segi þetta ekki

af því, að eg hið minnsta óttist, að breytíngaratkvæði þetta nái sigri á þínginu.

Hvað breytíngaratkvæði eins ens konúngkjörna þíngmanns ennar veraldlegu stèttar áhrærir, þá fæ eg ekki varið, að mèr, og eg ætla fleiri þíngmönnum, muni þykja það nokkuð undarlegt, að þessi er sami maðurinn, sem nú ber upp breytíngaratkvæði frá nefndarinnar álitsskjali, er fyrir 4 dögum undirskrifaði það, án þess að geta þess, að hann ágreindi við núorðinn meira hluta nefndarinnar; bið eg enn hæstvirta forseta og þíngið að dæma um, hvort aðferð þessi sè rètt.

Kammerráð Melsteð: Eg finn mèr það skylt, bæði af því sem hinn heiðraði framsögumaður nú sagði, og líka vegna stöðu minnar sem nefndarmaður, að gjöra þínginu grein fyrir, hvers vegna eg þó hafi fram komið með breytíngaratkvæði frá nefndarálitinu. Þegar málið fyrst kom fyrir til yfirvegunar í nefndinni, stúngu meðnefndarmenn mínir upp á þeirri breytíngu í frumvarpinu, sem snerti efni þess eður innihald, og á hverja eg eingan veginn gat fallizt. Eg lèt þá strax í ljósi í nefndinni, að ef þeir hèldi þessari uppástúngu fram, mundi eg víkja frá þeim, segja þínginu ágreiníngs-álit mitt um málefnið, og stínga upp á því breytíngaratkvæði, sem nú hefi eg fram borið. En eptir lángar umræður fèllu þeir frá uppástúngu sinni um efni frumvarpsins, en stúngu þá upp á þeirri breytíngu í orðaskipun frumvarpsins, sem nefndarálitið inniheldur. Eg vildi þá ekki leingur öldúngis skilja við þá, eða gefa ágreiníngs-atkvæði, bæði af nokkurskonar tilhliðrunarsemi, og líka af því, að mèr þykir ótilhlýðilegt, að ágreiníngur um orðatiltæki, sem eingu breyta í meiníngunni, skuli vera gjörður að laungu umræðuefni, og loksins geingið um hann til atkvæða; en þar á móti eingan veginn af því, að eg sæi ekki strax misfellur þær, sem voru á orðabreytíngu þeirri, er meðnefndarmenn mínir vildu gjöra í frumvarpinu; enda lýsti eg því líka strax yfir í nefndinni, að eg mundi hreifa þessu á þínginu, eins og eg líka gat þess í álitsskjalinu, að mèr þætti breytíngin ónauðsynleg. Eg hugsaði líka, að meðnefndarmenn mínir mundu falla frá henni, þegar rædt hefði verið málið til undirbúníngs á þínginu, án þess koma þyrfti til reglulegrar atkvæðagreiðslu um hana, og það því heldur, sem eg ekki betur veit, en að þvílíkar smásmuglegar orðabreytíngar á öðrum þesskonar þíngum sèu annaðhvort samþyktar, án þess atkvæði sèu um

þær felld, eður uppástúngumaður að öðrum kosti falli frá þeim, ef þær fá grunduð mótmæli eða þíngmenn ei vilja aðhyllast þær. En þar eð nú orðabreytíngum þeim, sem hèr ræðir um, hefir verið svo kappsamlega áfram haldið, að meðnefndarmenn mínir eingan veginn hafa viljað frá þeim falla, þó bæði hinn hæstvirti konúngsfulltrúi og aðrir þíngmenn hafi sýnt, hve illa þær eiga við, hefi eg álitið nauðsynlegt að koma fram með mitt breytíngaratkvæði, fyrst nefndarskjalið hefir gjört orðabreytíngarnar að uppástúngu-atriði, svo það gæti leiðbeint þínginu á rèttan veg, og málefni þessu yrði komið í rètt horf.

Assessor Johnsen: Að því leyti sem hinn heiðraði framsögumaður virðist að hafa það á móti fyrsta hluta breytíngaratkvæðis míns, að það ekki í ár, eins og í hitt eð fyrra, er borið upp til vara, þá er það auðskilið, að þetta eingan veginn getur átt sèr stað eptir ásigkomulagi því, sem mál þetta nú er komið í með því konúnglega frumvarpi sem lagt er fyrir þíngið, hvar af það hlýtur að leiða, að eg, eptir sama hugsunarhætti og í hitt eð fyrra, nú verð að ráða frá frumvarpinu; en hvað niðurlag breytíngaratkvæðisins snertir, um að þess sè farið á leit, að hlutaðeigandi embættismenn sè minntir á að fylgja 21. grein fátækra-reglugjörðarinnar stránglega fram, þá er það sjálfsagt, að þessu er bætt við, til að bæta úr þeim bresti, sem tilefnið hefir gefið til kvörtunarinnar yfir fimmárahreppnum; en svo að eg ekki spilli tíma þíngsins með umræðum um þetta atriði, skal eg því fremur falla frá þessum viðbæti við breytíngaratkvæðið, sem eg sè það í hendi mèr, að stjórnin, hvort heldur það kemur fram í því formi eður ekki, mundi taka tilefni af því, til að gefa sýslumönnum þá umræddu hugvekju, ef hún á annað borð, sem eg nú sjálfsagt ekki gjöri ráð fyrir, fèllist á aðal-breytíngaratkvæði mitt. Að öðru leyti hefi eg nú að eins tilefni til að bæta því hèr við, að þínginu var bent til þess fyrir skemstu, að álit þess og sómi væri bundinn við það, að það að vísu viki ekki ástæðulaust frá meiníng sinni, en lèti þó sannfærast af gildum ástæðum, ef fram væru færðar.

Framsögumaður: Eg ítreka það, sem eg áður sagði, að breytíngar-atkvæði það, sem hèr er í dag upp borið, er annars eðlis en það, sem í gær var fyrirheitið. Eg man ekki betur, en amtmaður sá, sem hèr var á þíngi 1845, þaggaði niður umræðu þá, sem þá varð út af enni 21. grein reglugjörðar af 8.

Jan. 1834, með því að tjá þinginu, að lögreglustjórnarar gættu skyldu sinnar, og væru ítarlega um það áminntir; og var þó þá fremur tilefni að ræða um þetta, en nú, þegar ekki virðist um annað tala mega, en það konúnglega frumvarp. Mèr virðist líka vafi á, hvort alþingi beri að taka undir sitt umdæmi þesskonar málefni, sem hin 21. greinin inniheldur.

Kandíd. Jón Sigurðsson: Af umræðum þeim, sem um þetta mál urðu í gær, finnst mèr ekki sannað, að breyting nefndarinnar sè nauðsynleg, eða gjöri frumvarpið nokkru að ljósara; gef eg því atkvæði mitt fyrir frumvarpinu, eins og það er, því mèr finnst það ekki verða misskilið.

Forseti: Þar eð enginn tekur framar til orða um þetta mál, álít eg það fullrædt, og legg því fyrir þingið þessar spurníngar:

1. Vill alþingið biðja konúng um, að frumvarpið fái lagagildi (nefndarálit og breytíngaratkvæði kammerráðs Melsteðs), eða að ráðið sè frá því (breytíngaratkvæði varaforseta)?
   Hið fyrra samþykt með 22 atkvæðum.
2. Vill alþingið biðja um frumvarpið óbreytt (breytíngaratkvæði kammerráðs Melsteðs), eða að því sè breytt (eptir nefndarálitinu)?
   Hið síðara samþykt með 12 atkvæðum.
3. Vill þingið beiðast þess, að í fyrstu grein frumvarpsins fyrir orðin: „skal hèðan af aukinn vera til 10 ára“ setjist orðin: „skal hèðan af vera 10 ár?“
   Neitað með 13 atkvæðum.
4. Vill alþingið fallast á aðra grein óbreytta eður ekki?
   Hið síðara samþykt með 12 atkvæðum.
5. Vill þingið eptir orðin: „verða þurfandi“ setja: „fyrr en þeir í þeim hrepp eða öðrum hafa með 10 ára samfleyttri dvöl unnið sèr framfæri“ (nefndarálitið), eða úr þessu fella orðin: „þeim eða“ (breytíngaratkv. kammerr. Melsteðs)?
   Hið fyrra samþykt með 14 atkvæðum.

Því næst var fundi slitið.

---

## 14. Júlí — ellefti fundur.

Forseti tilkynti þinginu, að kammerráð Melsteð gæti ekki komið á fund í dag. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykt.

Forseti framlagði

77, Bænarskrá frá þingmanni Ísfirðinga um frjálsa verzlun til reynslu og álögulaust strax á næsta ári, og fór um hana svo felldum orðum: þó eg sè viss um, að máli þessu verði flýtt, sem mögulegt er, eins og hin konúnglega prentaða auglýsing í N. 5 með sèr ber, vil eg samt beiðast álits þingmanna um, hvort nefnd skuli setja í þessu máli.

Kand. Jón Sigurðsson: Eg óska að mega lesa upp bænarskrána, ef ske mætti, að þingmenn hefðu ekki kynt sèr hana til hlítar.

Guttormur stúdent Vigfússon: Eg óska líka, að bænarskráin sè upplesin.

Kandíd. Jón Sigurðsson tók þá við bænarskránni, og las hana upp; er hún svo látandi:

„Á alþingi í hitt eð fyrra voru bornar upp bænarskrár frá flestöllum hèruðum lands þessa um fullkomið verzlunarfrelsi, og bar þingið fram fyrir Hans Hátign konúnginn þessa almennu bæn þjóðar vorrar. Af hinni konúnglegu auglýsingu til þingsins sjáum vèr, að konúngurinn hefir mildilega tekið bæn vorri, og vill láta flýta svo rannsóknum um málið, „sem fremst má verða, eptir því hvað málið er mikið og mikils áríðandi“. Þetta er nú að vísu mjög huggunarríkt loforð, og eg er einnig fullviss um, að Hans Hátign konúngurinn hafi eins í þessu máli og öðrum sýnt kröptuga umhyggju fyrir hagsæld þessa lands, jafnvel þó eg ekki fái skilið, hverjar þær mörgu og miklu rannsóknir geti verið, sem hafa getað tafið úrskurð málsins svo, að ekkert atriði þess gæti orðið útkljáð, landinu til hagnaðar, á heilum tveim árum, ef stjórnarráðin hefði kappsamlega framfylgt málinu samkvæmt vilja konúngsins og ósk landsmanna.

En nú eru enn komnir nýir viðburðir að höndum, sem að ætlun minni sýna enn ljósar, ef mögulegt væri, hversu mikla nauðsyn land þetta hefir til fulls verzlunarfrelsis við allar þjóðir. Hin alkunna dýrtíð, einkum á kornvörum, í flestum löndum, og þar á meðal í Danmörku ekki sízt, hefir leidt það af sèr, vegna þess verzlan lands vors er bundin við þetta land einúngis, að hèr hefir orðið, og er enn víða á landinu, hinn mesti skortur á nauðsynjavöru í kaupstöðum; á suðurlandi hefir allt til þessa verið sannarlegt hallæri, og ef guð hefði ekki hingað til gefið bezta ár að öðru leyti til lands og sjáfar, mundi hèr hafa orð-

ið húngursneyð hin mesta. Nú hefir að sönnu nokkur kornvara flutzt hingað til suðurlands, en þó mjög að skornum skamti, og ef heyskapur brygðist og harður vetur með fiskileysi kæmi á eptir, mundi hèr líta út til mikilla báginda, þar eð ekki er annað sjáanlegt, en að kornbyrgðir allar verði tæmdar í haust er kemur. Þó stendur allt enn tæpara á vesturlandi, því í miðjum Júní vantaði þar margar tegundir af nauðsynjavöru, bæði korni og því sem til atvinnu heyrir: færum, tjöru, steinkolum, timbri og salti, og mjög óvíst, hvort meira flyttist; en það, sem fèkkst, var afardýrt og mjög að skornum skamti.

Eg vona að vísu, að hlutaðeigandi embættismenn muni vara í tíma við hættu þeirri, sem að höndum fer, eins og þeim er boðið í tilsk. 13. Júní 1787 II. Kap. 12. og 13. grein; en reynslan hefir sýnt tvent: bæði það, að skýrslur koma stundum svo seint til stjórnarinnar, að hún getur ekki bætt úr skortinum í rèttan tíma, og annað hitt, að þegar svo stendur á, verður kostnaðurinn miklu meiri, en ella mundi.

Hjá þessum annmörkum ætla eg að varanlegast og bezt verði komizt með því, ef frjálsari yrði gjörðir aðflutníngar til landsins nú þegar; enda eru það þessi ráð, sem nú eru lögð til af hinum vitrustu mönnum í flestum stöðum, þar sem líkt ber að höndum. Yrði því ráði fylgt, mætti gjöra ráð fyrir, annaðhvort að embættismenn væntu, að byrgðirnar mundu verða nægilegar á endanum og þá mundi einginn kostnaður verða lagður í sölurnar, þángað til verzlunarfrelsið sýndi sínar góðu afleiðíngar, eða að embættismenn bæri fram kvæinstafi landsmanna eptir konúngsins milda boði, og yrði þá kostnaður sá, sem geingi til að bæta úr neyð þeirri, sem nú er, ekki nema um stundar sakir, einúngis til að forða hallæri til næsta sumars.

Yrði verzluninni aptur á móti ekki breytt í neinu, má gjöra ráð fyrir, að dýrtíð þessi standi að minnsta kosti næsta ár; og eptir því sem hèr er í garðinn búið, mundi hún þreyngja æ fastara að; en það leiddi til þess, að landsmenn yrði að knýja æ fastara á hurðir stjórnarinnar um hjálp, þar eð hún hefir lofað að sjá landinu fyrir vörubyrgðum í tíma, þegar verzlunarmenn þryti (tilsk. 13. Júní 1787. II. Kap. 13. gr.)

Yrði aðflutníngar til landsins gjörðir frjálsari nú þegar, leiddi þar einnig annað gott af, og það er, að menn gæti sèð glögglegar fram á, hverjar afleiðíngar aukið verzlunarfrelsi hefði, og gæti með því móti feingið betri reynslu að styðjast

við; en þetta gæti aptur verið bæði þinginu og stjórninni til beztu leiðbeiníngar til að undirbúa regluleg og hagkvæm verzlunarlög handa landinu. Þessi undirbúníngur yrði því fullkomnari og betri, sem verzlanin hefði frjálsari gáng, því þá gæti menn feingið vissustu og áreiðanlegustu reynslu um þær greinir, sem nú gjöra að líkindum mestan vafa; þá yrði einnig hægast að finna, á hvern hátt landinu og ríkinu væri haganlegast að taka tekjur af verzluninni. Væri þannig að farið, gæti stjórnin undirbúið málið í góðu tómi, og safnað smámsaman reynslu, þángað til tími þækti að binda verzlunina reglulegum lögum.

Eg leyfi mèr þess vegna að stínga upp á, að alþíng beri fram þá þegnsamlega bæn fyrir konúng vorn:

> Að fullkomið verzlunarfrelsi verði veitt að ári komanda til reynslu, án allrar álögu annarar, en nú er, fyrst um sinn, þángað til búin verða fullkomin verzlunarlög fyrir landið, og lögð fyrir alþíng til ráðaneytis.

Reykjavík, 12. dag Júlím. 1847.

Jón Sigurðsson".

Uppástúngumaður: Það er ekki sízt hin konúnglega auglýsíng, og ádráttur sá, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi gaf hèr á þínginu hinn fyrsta dag, um skýrslur þær, sem hann mundi gefa um þetta mál, ef það væri reglulega upp borið, sem hafa hvatt mig til að koma fram með þessa uppástúngu. Eg get vel ímyndað mèr, að sumum kunni að þykja það ónauðsynlegt eða jafnvel óhæversklegt, að koma fram með bæn um verzlunarfrelsi á ný; eg get einkum ímyndað mèr þetta hèr á landi, af því eg veit, að allir hafa hèr svo mikið traust á vilja konúngsins og á hverju hans orði, að þeir leggja jafnvel miklu meiri þýðíngu í það, en í því liggur. Eg veit, að menn hafa tekið hin mildilegu orð í auglýsíngunni á þann veg, sem konúngur hafi þegar lofað að veita landinu fullt verzlunarfrelsi, en þessa þýðíngu verð eg að játa að eg hefi ekki getað fundið í orðunum; eg sè þar er talað um margar og miklar rannsóknir, en eg finn ekkert loforð um, hvenær þær muni verða á enda kljáðar, eða hver málalok þeirra muni verða. Ekki sè eg heldur, að það sè óhæverskt að ánýja bæn vora um verzlunarfrelsi; það verður miklu framar til þess að styrkja hinn góða vilja konúngsins og flýta fyrir afgreiðslu málsins hjá stjórnarráðunum; því

ekki býr konúngur sjálfur til lagafrumvarp um verzlunarfrelsi, heldur gjörir það stjórnarráð hans. Það er ekki heldur ónauðsynlegt að ányja mál, sem öllum þykir mikils varða, þegar málalok verða ekki eins fljót, eins og þörfin krefur. Þetta mál hefir nú þegar dregizt tvö ár; en það er ekki torvelt að finna dæmi um mörg önnur merkileg mál, sem hafa dregizt töluvert leingur, og það þó gjöra mætti ráð fyrir, að stjórnin vildi einmitt flýta þeim eptir megni. Það er alkunnugt, að í opnu brèfi 18. Aug. 1786 og tilskip. 13. Júní 1787 er landi þessu lofað fullkomnu verzlunarfrelsi, sem fyrst að kríngumstæður leyfa, en þær kríngumstæður eru ekki komnar enn, eptir 60 ár; rètt um aldamótin var áformað að koma hèr á kapítulstöxtum, en þeir komu samt fyrst 1817; um sama leiti var farið að efna til tilskipunar um ómyndugra fjárforráð, og landsyfirrètturinn var búinn að semja hana 1803, en hún varð fyrst búin í frumvarpi í hitt eð fyrra. Samt sem áður er eg viss um, að stjórnin hefir opt hugsað um þessi málefni, og viljað þau yrði útkljáð. Það var einnig í ráði eptir aldamótin að koma sýslumönnum á föst laun, og hefir síðan staðið sú klausa í hverju veitíngarbrèfi, að þeir verði að vera viðbúnir breytíngum, en sýslumenn eru samt ekki komnir á föst laun enn, og hefir það þó verið flestra meiníng híngað til, að það væri landinu sparnaður, og rentukammerið hefir, að eg held, verið á sama máli, og sjálfsagt fylgt því fram, svo vel sem því var auðið, til að geta aukið tekjurnar.

Það kann að virðast svo, sem hèr sè gjört í uppástúngunni of mikið úr hættu þeirri, sem landið sè í vegna dýrtíðarinnar. En eg held þó, að menn verði að játa, að það sè ekki gjört. Það er mörgum kunnugt, að ekki er lángt síðan að hèr var farið að sjá á sumu fátæku fólki sökum hallæris, og úr sjáfarsveit einni, ekki fjarlægri, voru menn sendir gagngjört til að klaga neyð manna þar fyrir amtmanninum, og báru þeir sömu fregn þaðan. Eg veit nú að vísu ekki, hvern árángur hefir haft þessi kvörtun, eða hvort stjórnin hefir þegar feingið fregnir um hana, en hitt virðist mèr vera í augum uppi, að ef árferði breytist til hins lakara, þá mundi horfa til mikilla vandræða, einkum í sjóplázunum. Mèr er það kunnugt, að í miðjum Júní mánuði var mesti skortur á vesturlandi, bæði á kornvöru og flestum eða öllum nauðsynjum, sem til atvinnu manna þurfa, og voru ekki líkindi til, að meira flyttist síðan

að töluverðum mun. Undir Jökli leit, að sögn manna, út til enn meiri vandræða, og það gæti verið, að þar væri nú hin stærstu bágindi, þó ekki sè kvartanir komnar hèr fram á þínginu. Kæmi nú harður vetur ofan á og fiskiskortur, þá er sannarlega orsök til að óttast þúngt hallæri, sem ekki sèr fyrir hverjar afleiðíngar kunni að hafa. Þess er því síður að vænta, að kaupmenn bæti úr þessum skorti, sem stjórnin hefir sjálf lýst því yfir (tilsk. 13. Júní 1787. II. kap. 12. gr. í niðurl.), að ekki væri lögð nein „frekari skylda“ á kaupmenn, til að sjá landinu fyrir stöðugum byrgðum, þar eð það væri móti grundvallarreglu frjálsrar verzlunar, en stjórnin ætlaði sèr sjálf að bæta úr, þegar skortur væri (samast. 13. gr.) eptir skýrslum hlutaðeigandi embættismanna. En nú er það tvísýnt, eptir því sem á stendur, hvort þetta getur orðið að notum; því í stað þess að svo er ætlað til 1787, að póstskip fari hèðan í Augúst mánuði, einmitt til þess að greiða fyrir skýrslunum í tíma, þá fer nú ekkert víst skip um þann tíma, og fyrir þá sök geta skýrslur úr mörgum hèruðum komið um seinan, en þar leiðir aptur af, að annaðhvort kemur hjálpin ekki fyrr en um seinan, eða kostnaður til vörusendínganna verður miklu meiri en ella, eins og skiljanlegt er og dæmin sýna, þegar senda á skip seint um haust eða á vetrum svo lánga og hættulega leið.

Um uppástúnguna sjálfa kynni enn að vera nauðsynlegt að geta þess, að þar sem stúngið er upp á, að beðið verði um verzlunarfrelsi án allrar annarar álögu, en nú er, þá er það auðsætt af því, sem undan er geingið, að þar er meint þær einar álögur, sem á innlendum liggja, og er þá helzt að tala um 14 marka gjaldið af hverju lestarrúmi, sem á að gjalda, þegar fluttar eru vörur til annara landa utanríkis; þessu gjaldi vil eg hvorki mæla með nè móti í þetta sinn.

Eg leyfi mèr þá að lyktum að stínga upp á, að kosin verði 5 manna nefnd til að rannsaka uppástúnguna. Mèr virðist það skylda þíngsins bæði við landið og við konúnginn að taka málið til rannsóknar, og eg óttast, að margir kunni að hugsa, og það ekki sízt stjórnin sjálf, að þíngið sè nú orðið annars hugar en í hitt eð fyrra, ef það vill nú eingan gaum gefa uppástúngu þessari, þar sem það beiddi þá nær því í einu hljóði um fullkomið verzlunarfrelsi. Eg ber að vísu fyrir mitt leyti eingan kinnroða fyrir, þó uppástúnga þessi verði felld, en eg bið hina virðulegu þíngmenn að hugsa vandlega um með sjálf-

um sèr, hvort þeir hafi fullnægt skyldu sinni við landið og þjóðina, ef þeir vísa uppástúngunni frá, eða hvort þeir vilja ábyrgjast afleiðíngar þær, sem af því kynni að verða, ef málið fèlli niður að svo komnu.

Varaforseti: Eg er að vísu fullviss um, að hinum heiðraða flutníngsmanni ekki geingur annað en gott til með uppástúngu þessa; en eg get ekki að því gjört, að meiníngar okkar um þetta mál eru öldúngis gagnstæðar. Það á að mæla fram með málinu, að hèr nú er mikill vöruskortur, og einkum á korni. Að hve miklu leyti skortur þessi nú er svo mikill, að kallað verði hallæri, eða til þess horfi, þá verð eg að geta þess, að eg ekki hefi orðið var við það hèrna í suðuramtinu. Það er öllum kunnugt, að skortur mikill hefir verið á kornvöru um alla norðurálfuna næstliðinn vetur. Þegar nú svo er ástadt, og vara þessi þess vegna stígur mjög svo í verði allstaðar, þá virðist mèr, að fyrir því sè ráð að gjöra, að þeir, sem hafa hana til sölu, heldur selji hana nær sèr en fjær, á meðan ekki eru líkindi til, að hún verði borguð betur í þeim löndunum, sem eru í miklum fjarska, og einkum ef svo stendur á, að þar er bjargræðisskortur yfir höfuð, eða þá á þeim vörunum, sem von er á, að kornið sè borgað með, og þetta þá enn meir, þegar eins stendur á með skipleiguna, eins og í ár, er hún er orðin hærri, en hún um mörg undanfarandi ár hefir verið, og það einna helzt vegna korn-eklunnar og flutníganna. Þegar nú máli skiptir um reynslutíma fyrir frjálsari verzlun hèr í landi, þá getur mèr ekki skilizt betur, en að hann sè óheppilegast valinn, er eins stendur á, og eg nú drap á. Mèr skilst líka, að öllu fremur sè að gjöra ráð fyrir ráðstöfunum gegn vöru- eða bjargræðis-skortinum af hlutaðeigandi yfirvalda og stjórnarinnar hálfu, á meðan framandi þjóðir ekki hafa feingið verzlunarviðskipti við oss, en eptir að verzlunin er orðin alveg laus. Meira þykist eg ekki þurfa að mæla fram með meiníngu minni í þessu máli, og ætla eg það öðrum.

Eyjólfur Einarsson: Af því sem allareiðu er mælt, leyfi eg mèr að geta þess, að í kaupstöðum kríng um Breiðafjörð var að sönnu komin nokkur matvara, þá eg fór þaðan, en máske ei meira, en sjötti partur af því vanalega; en þar vantar líka járn, færi og tjöru, og þenna skort álít eg því skaðlegri fyrir sveitir þar, sem þær að mestu eiga að sækja framfæri sitt á sjóinn. En hvert eiga menn að snúa sèr í

neyð þessari nema til alþingis, til að biðja það um að bera fram á ný þarfir og óskir landsmanna fyrir konúng vorn? Mæli eg því með, að nefnd verði kosin, að gefa nákvæma athugasemd um bænarskrá þessa.

Sveinn Sveinsson: Eg játa það, að mart af því, er hinn heiðraði varaforseti nú sagði viðvíkjandi þessu máli, hefir miklar ástæður fyrir sèr, þegar málið er þann veg skoðað; en þegar eg lít til núverandi ásigkomulags lands vors og skoða fleiri síður málsins, get eg ekki annað en ráðið til, að það sè tekið til yfirvegunar, og nefnd valin í því.

Stephán Jónsson: Eg skal ekki neita því, að fyrst þegar eg las þessa bænarskrá, virtist mèr, sem uppástúnga hennar ætti ekki sem bezt við, þegar eg á hinn bóginn hafði tillit til ennar konúnglegu auglýsingar til alþingis; en eptir að eg fór að yfirvega hana betur, og þó einkanlega síðan eg heyrði ræðu uppástúngumannsins, get eg ekki annað en fallizt á, að nefnd verði kosin í málinu. Þess má eg einnig geta, að þegar eg var á ferðinni hingað suður, heyrði eg þess getið í Borgarfirði, að farið væri að sjá á fólki af matvælaskorti sumstaðar hèr sunnanlands. Líka er það fleira en aðflutníngaleysi á matbjörg, sem valdið getur bjargarleysi manna á milli; þannig hefir eptir sögn geingið fjársýki í Múlasýslum og víðar. Að minni hyggju getur það ekki að minnsta kosti spilt fyrir, að nefnd verði kosin.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eg fyrir mitt leyti þori ekki að ábyrgjast, að eg muni ekki, ef til vill, valda þjóð minni skaða, sè svo, eg ráði frá, að mál þetta sè tekið til rannsóknar hèr á þingi af nefnd. Eg veit það, að þjóðinni þykir það miklu skipta, hvaða niðurstaða á því verður, eða hvaða gaum að þingið gefur því eins nú sem í hitt eð fyrra, þegar það var hèr fyrst rædt. Þjóðin æskti þá verzlunarfrelsis, frjálsara en verið hafði, en sú bæn er enn þá ekki heyrð. Eg get því ekki sèð, að þar sè nokkuð verulegt til hindrunar, að þessi bæn sè ítrekuð af þínginu við Hans Hátign konúnginn, ef það er gjört með þeirri hæversku, greind og stillíngu, sem vera ber; og því fremur finnst mèr tilefni til þessa vera, sem bráðari nauðsyn er til, að ráðin sè bót á annmörkum þeim, sem nú einkum eru á verzluninni hèr við land, og sem fleiri þíngmenn frá ýmsum hèröðum landsins hafa látið í ljósi, og sem eg fyrir mitt leyti get ekki dulizt, að svipað hafi verið á aust-

urlandi stundum, að undanförnu, en einkum í vetur, sem strax bryddi á á síðstliðnu hausti, eptir að skip voru sigld; þar var örbyrgðin svo mikil sumstaðar á verzlunarstöðum af allri nauðsynja vöru, að menn feingu fátt, er þeir þörfnuðust; það var ekki kornvaran ein, sem brast, hvar af þó leiddi töluvert volæði manna ámilli, heldur margt fleira, t. a. m. járn, sem vart fèkkst í skeifu, þó á lægi, hvað þá heldur meira. Þetta dirfist eg að bera hèr fram á þingi, og því að eins dirfist eg þess, að eg veit, að það er satt, en ætla, að það á hina síðuna ekki sè tilefni til, að þingið ángri sína fyrri bæn í þjóðarinnar nafni til konúngsins; ætla eg það sèrlegt tilefni til af stjórnarinnar hálfu að flýta verzlunarmálinu, sem mest að auðið er, þar sem þjóðin treystir því fastlega, að þessir annmarkar muni hverfa við frjálsari verzlun. Eg get ekki skilið, að hèr sè nokkuð að óttast, þó það væri gjörð reynd á fyrst, hvort það er tómur hugarburður eða ímyndan, að ástand vort batnaði nokkuð við að leyfa verzlun við framandi þjóðir: tækist nú miður til, en ætlað er, er hægra um hönd fyrir stjórnina eptir á með margt; eða færi svo, að framandi þjóðirnar fyndu sèr einna eða annara orsaka vegna ekki fært að nota leyfið, eða hirtu ekki um það, munu Danir, sem eins eiga rètt á að verzla við oss eptir sem áður, þó leyfið nái til fleiri þjóða, ekki hafa orsök til að yfirgefa oss, enda hygg eg, að þeim sè ekki svo rúmskipað, sem stendur, að þeir eigi hægt með að gjöra það. Þetta færi eg fram, ekki í því skyni að fylgja málinu með kappi í blindni, heldur af því eg meina svo rèttast eptir sannfæríngu. Eg tek það enn fram, að eg þori ekki að ábyrgjast, að þeir menn, er eg mæti hèr fyrir á þingi, álíti mig sýknan saka, eða gætu álitið mig það, ef eg vildi ekki styrkja mál þetta, að það verði rannsakað; og því bið eg hina heiðruðu þingmenn, já eg skora á þá, að þeir íhugi grandgæfilega, áður en þeir greiða atkvæði sitt í því; eg hika því ekki við að ráða til, að nefnd sè sett til að rannsaka það, rannsókn getur þó ekki skaðað.

Ásgeir Einarsson: Eg verð að játa, að ræða sú, er sá háttvirti forseti flutti í gær, fèll mèr svo vel í geð, að eg vildi vara mig við að auka þinginu kostnað með óþarfa tali; samt hafa umræður þær, er nú hafa farið fram, orsakað það, að eg get ekki með öllu neitað mèr um að taka þátt í þeim. Eg verð að sönnu að játa, að konúngleg auglýsíng til alþingis, dagsett 21. Mai 1847, gaf mèr hina beztu von og traust til

vors mildiríka konúngs um þá beztu afgreiðslu á verzlunarmálinu, að því leyti sem hann hefði kunnugleika til, og önnur aðferð hans við þetta land styrkja mig líka í þeirri von; en vegna þess að meiníngamunur var á meðal þíngmanna um einstöku atriði þess, nefnilega, hvort öllum þjóðum skyldi veita uppsiglíngarleyfi á alla löggilta verzlunarstaði í landinu, og svo um sveitaverzlunina, sem þíngmenn greindi mjög á um 1845: virðist mèr, að ef nefnd yrði kosin til að rannsaka uppástúnguna, að hún gæti skýrt stjórninni nákvæmar frá þessum atriðum, eptir það þíngmenn hafa kynt sèr meiníngar hinna skynsömustu manna meðal þjóðarinnar. Menn gætu þá líka rannsakað, hvort því yrði komið við, að setja nægar sóttvarna-stiptanir á fáa verzlunarstaði, ef á þeim væri einúngis leyfð uppsiglíng; en ekki hefir reynslan sýnt, að mislíngasóttinni, sem Danir, en ekki aðrar þjóðir fluttu til okkar í fyrra sumar, yrði varnað, og kom hún þó á þann verzlunarstaðinn, sem ekki er ólíklegt, að hægra hefði verið að varna henni, en víða annarstaðar; þetta var þó ein ástæðan fyrir því, að ekki mætti leyfast uppsiglíng á alla verzlunarstaði; enda hefi eg heyrt alla þá skynsama menn, er eg hefi átt tal við um þetta mál, vera á móti þeirri uppástúngu.

Hvað því viðvíkur, að verzlunarfrelsi komi ekki skattamálinu við, held eg þessu sè ekki þannig varið; því einginn veit enn þá, nema svo kunni að fara, að nokkur tollur verði lagður á verzlunina, sem, ef til vill, gæti gjört nokkra breytíngu á gjaldi landsmanna; enda þó eg ímyndi mèr, að hèr verði ekki settir tollheimtumenn, því hinn háttvirti konúngsfulltrúi hefir fært svo gildar ástæður móti því, sem lesa má í alþíngistíðindunum 1845, bls. 555, í svo fáum orðum, að einginn maður mun geta ímyndað sèr, að nokkrum manni verði unt að gjöra það betur, hversu kunnugur sem hann væri.

Þar eð nokkrir þíngmenn hafa talað um vöruskort, þykir mèr kynlegt, að því hefir verið svarað, einkum af þeim mjög heiðraða varaforseta, á þá leið, að menn hafi í því efni mest augastað á núverandi ásigkomulagi með kornleysið, sem frjáls verzlun mundi ekki hafa bætt úr í þetta sinn; mèr þykir nú þetta líklegt; þó gat það skeð, að aðrar þjóðir hefðu flutt korn til Íslands, þegar þær vissu af kornskortinum í Danmörku, til að mynda frá Austursjónum; en hvað um þetta er, vænti eg ekki eins mikils hagnaðar í kornkaupum fyrir Ísland við frjálsa

verzlan, eins og í mörgum öðrum kaupum, eða að aðrar þjóðir en Danir bæti fullkominn skort vorn með kornflutníngа. En þó eg nú hafi ekki við hendina höndlunarreiknínga til að sanna, að það eru margar nauðsynja-vörur, sem við Íslendíngar þurfum, aðrar en korn, og ekki ríður minna á til að efla með bjargræðis útvegi landsins: þá held eg, að öllum þíngmönnum sè þetta ljóst. Til sönnunar því, sem nokkrir þíngmenn hafa framfært um skort á nauðsynjavörum, gæti eg fært nokkur sönn dæmi, þó eg ætli ekki að taka þau öll fram. Árið 1845 var farið til Ísafjarðarsýslu frá Strandasýslu til að fá járn, steinkol og línur, og sumt af þessu hjá bændum, sem verzlunarmenn höfðu ekki til; var það að sönnu nokkuð brúkað til skipasmíðis, en nokkuð líka til venjulegra búþarfa bænda. Þó eg telji það ekki sem aðalástæðu fyrir vöruskorti, að saltskortur var á Reykjarfirði í fyrra vor, og svo líka á fleiri vörum, þá var þetta mjög bagalegt fyrir bændur; því þó saltið kæmi seint á sumri, var óhægt að nálgast það yfir svo erfiðan og lángau sjóveg, og höfðu margir af slíku mikinn baga. Telja má það til sönnunar vöruskorts á Ísafirði, að sýslumaður Briem keypti töluvert af færum hèr í Reykjavík í fyrra sumar, og flutti vestur í Ísafjarðarsýslu, því þar var skortur á færum í fyrra; og mun hver, sem þekkir nokkuð til í Ísafjarðarsýslu (hvar fiskiveiðar eru að kalla sá mesti bjargræðisútvegur), geta nærri, hver hnekkir það er í bjargræðisveg þessum, þegar færi vantar.

Konúngsfulltrúi: Mèr virðist svo, sem að umræðan sè komin nokkuð út fyrir sín rèttilegu takmörk, þar sem nokkrir hinna virðulegu þíngmanna hafa talað um skort þann, er í ýmsum hèröðum landsins eigi að vera á nauðsynjavöru. Hèr lýtur spurníngin nefnilega ekki að því, hvort aukið verzlunarfrelsi fyrir Ísland mundi yfir höfuð vera þarflegt eður ekki, og hvort koma skuli á þesskonar frjálsari verzlun eða ekki. Alþíng hefir nú í hitt ið fyrra ritað konúngi bænarskrá um það, að landið feingi frjálsari verzlun, og hin konúnglega auglýsíng til alþíngis sýnir, að stjórnin hefir tekið það mál að sèr (gaaet ind paa Sagen), sem og að rannsóknum þeim, sem það mál þarf, „skal flýta, sem fremst má verða, eptir því hvað málið er mikið og mikils áríðandi“. Eptir því sem umræðunni nú er komið, er umtalsefnið einúngis það, hvort það muni koma að haldi að setja nefnd til að rannsaka það, hvort alþíng eigi

að nýju að biðja um, að máli þessu verði flýtt. Eg skil þá eingan veginn, hvernig uppástúngumaður getur ætlað, að alþíng, ef það setur einga nefnd í þessu máli, virðist að falla frá sinni fyrri bænarskrá. Þegar alþíng einu sinni hefir sent bænarskrá og kröptuglega mælt fram með málinu, og stjórnin því næst hefir kunngjört, að hún ætli að koma því á framfæri, þá virðist mèr, að málið sè komið á rètta leið, og að ekki þurfi ný beiðni að koma til. Hvað viðvíkur flýtir þeim, sem búast megi við á afgreiðslu máls þessa af stjórnarinnar hendi, þá veit eg ekki, hversu uppbyggilegt þínginu hefir þótt að heyra uppástúngumann telja öll þau lagaboð, sem kvað hafa verið í áformi að gefa út fyrir laungu síðan, en sem eptir hans áliti hefir verið frestað leingur, en vera átti. Eg svara þessu einúngis með því að benda til hinnar konúnglegu auglýsíngar, sem þínginu hefir verið birt, og sem sýnir fyllilega, hvort lagaboð þau, er Ísland snerta, eru nú lögð afsíðis, eða hvort þeim er komið til framfæris, eins og vera á. Hvort alþíng ætlar nú að setja nefnd eða ekki, verður að vera undir því komið, hvort þíngmönnum þykir það sæma, að menn nú, rètt á eptir það að stjórnin hefir kunngjört, að hún ætli að flýta málinu, sem framast verði, fari þegar í stað að biðja um, að máli þessu verði flýtt. Eg verð í því tilliti að skírskota til orða þeirra, sem nokkrir af þíngmönnum hafa sagt á þá leið, að þeim hafi fundizt, fyrst þegar þeir litu á málið, að það ætti ekki sem bezt við að fara nú aptur að biðja um fljóta afgreiðslu þess. En eg verð þar að auk að skjóta því til álits þíngmanna, hvort þeir haldi, að þesskonar ítrekuð beiðni muni nokkuð geta studt að því, að málinu verði fyrr en ella ráðið til lykta; eg fyrir mitt leyti held það ekki.

En skyldi svo fara móti von, að nefnd verði kvödd í málinu, þá geymi eg mèr, þángað til nákvæmar verður um málið rædt, að sýna og sanna, að þó minna, en venja er til, hafi nú í ár flutzt af nauðsynjavöru og einkum korni, þá getur það eingan veginn komið af því, að verzlunin hefir verið bundin eingaungu til þegna konúngs vors, heldur má þetta eigna ástandi því, sem allstaðar hefir að borið í Norðurálfunni, þar sem því nær í öllum löndum hefir verið hinn mesti vistaskortur og dýrtíð, og á einstöku stöðum jafnvel húngurs-neyð. Íslandi hefir, ef til vill, einmitt nú í ár komið það að góðu, að verzlunarlögin hafa veitt fastakaupmönnum forrètti á ýmsan hátt,

er hefir bundið þá til verzlunar hèr á landi þannig, að þeir hafa orðið að flytja út hingað talsvert af kornvöru, jafnvel þó þeir hefðu getað selt hana við hærra verði í Danmörku. En eg ætla ekki að fara leingra fram í þetta mál, þar eð eg, eins og eg sagði, get ekki álitið, að það eigi að verða að umræðuefni, meðan mál þetta er ekki komið leingra á leið.

Kandíd. Jón Sigurðsson: Þó að ræða hins háttvirta konúngsfulltrúa fullnægði mèr ekki að öllu leyti, þá hefir hann þó tekið eitt merkilegt atriði skýrara fram, en gjört er í hinni konúnglegu auglýsingu, eptir því sem eg hefi getað skilið. Konúngsfulltrúinn sagði, þó það væri ekki íslenzkað eptir honum, að „*Regjeringen er gaaet ind paa*“ að veita verzlunarfrelsi: að stjórnin ætli sèr að veita verzlunarfrelsi. Þetta sest nú, eptir því sem mèr getur framast skilizt, ekki af auglýsíngunni; þar stendur einúngis, að þíngmenn skuli vita, að svo margar og merkilegar rannsóknir þurfi að hafa um þetta mál, að það hafi ekki getað orðið búið; en hverjar þær mörgu og merkilegu rannsóknir sèu, hversu lángt þær sè komnar, hve nær þær muni að líkindum verða búnar, og hver málalok þeirra muni verða á endanum: um það allt fær maður ekkert að heyra.

Þar sem konúngsfulltrúinn bar mèr, að eg hefði talað um „ótilhlýðilegan“ drátt á nokkrum málum, þá var það ekki samkvæmt mínum orðum; eg sagði einúngis frá dæmum, hvernig mál hefði dregizt, sem stjórnin hefði þó að öllum líkindum viljað flýta, en eg lagði eingan dóm á, hvort sá dráttur hefði verið ótilhlýðilegur eða ekki. Eg held það hafi ekki verið um skör fram, að geta þessa atriðis í þessu máli, því eg sè af ástæðunum til hins konúnglega frumvarps um jarðamatið, að rentukammerið kveðst hafa sett verzlunarmálið í samband við skattamálið. Nú er skattamálið ekki komið mjög lángt á veg, eins og allir vita, en ef það á að bíða eptir nýju jarðamati, og svo verzlunarmálið eptir þeim báðum, þá er eg hræddur um það sè ekki án orsaka, þó menn haldi, að þess kunni að verða lángt að bíða. En kannske hinn háttvirti konúngsfulltrúi geti nú þegar fullvissað bæði mig og aðra um, að þessi dráttur verði ekki, og þá yrði nokkuð öðru máli að gegna.

Mótbárur hins virðulega varaforseta sè eg ekki að komi þessu máli töluvert við að svo stöddu. Það er nú svo margsinnis sýnt með reynslunni á mörgum stöðum, að aukið frelsi

á aðflutníngum er bezta meðal við skorti; móti þessari almennu reynslu duga ekkert mótmæli einstakra manna. Þó eg enda vildi viðurkenna, að annað eins ár og þetta kynni ekki að hafa verið sem heppilegast valið til að byrja verzlunarfrelsi, þá er eg þó sannfærður um, að hèr hefði verið miklu minni vöruskortur nú í sumar, en nú er, ef aðflutníngar til landsins hefði verið frjálsir. Menn hafa sagt, að það væri einn mesti kostur á viðskiptunum við Danmörku eina, að hún væri kornland, sem gæti æfinlega látið korn í tè; en reynslan hefir nú sýnt betur en allar röksemdir, að þessu er ekki svo varið: í Danmörku, sjálfu kornlandinu, var tunnan af rúgi nú í vor á 14 rbd., í sama mund sem hún var í Noregi ekki nema á 9 rbd. Þetta er einnig skiljanlegt, því að kornlöndunum sækja allir, einkum þegar þau liggja eins hentuglega við og Danmörk; þess vegna tæmast þau fyrst, því allir selja, þegar verðið hækkar töluvert, en þar af leiðir, að hin löndin, sem kaupa korn, geta haft það með hægra verði en kornlöndin sjálf, þegar svo stendur á.

Að öðru leyti eru þau orð konúngsfulltrúans, að hann mundi seinna skýra nákvæmlegar frá málinu, þegar það kæmi til umræðu, ný hvöt fyrir þíngmenn til þess að kjósa nefnd í málið.

Konúngsfulltrúi: Að svo miklu leyti sem hinn virðulegi uppástúngumaður í ræðu þeirri, sem hann nú hèlt, aptur hefir tekið fram kosti þá, sem fylgdu frjálsari verzlun, þá ætla eg, samkvæmt því sem eg áður sagði, ekki frekar að svara því að sinni. En þar sem hann hins vegar hefir þókzt geta, af orðum þeim er eg talaði í hinni fyrri ræðu minni, ráðið meira en það, sem um fyrirætlun stjórnarinnar er sagt í hinni konúnglegu auglýsíngu, þá verð eg að lýsa yfir því, að eg hefi einga köllun til að gefa nokkra þesskonar frekari auglýsíngu. En þó þykist eg ekki í neinu þurfa að taka það aptur, er eg áður talaði; því þegar í auglýsíngunni stendur, að til afgreiðslu máls þessa um frjálsari verzlun, sem alþíng hafði beðið um, „þurfi svo margar og miklar rannsóknir, að ekki hafi orðið komið neinu frumvarpi þar um til alþíngis í þetta skipti, en flýta skuli svo rannsóknum þessum“, o. s. frv., þá er hèr glögglega gefið til kynna, að verið sè að starfa að málinu, og að búast megi við, að lagafrumvarp verði, þegar búið sè, lagt fyrir þíngið; og fyrir því hefi eg haft gilda ástæðu til að segja, að stjórnin hafi tekið að sèr þetta mál (gaaet ind paa Sagen).

Forseti: Mèr getur ekki annað fundizt, en að umræður sumra þeirra þingmanna, er þegar hafa rædt um þetta efni, hafi verið allt um of á víð og dreif; því hèr er einúngis á það að líta, hvort nefnd eigi að kjósa til að íhuga það málefni, sem fyrir hendi er og áhrærir að biðja konúng um frjálsa verzlun strax að ári komanda, þar sem þó sumir hafa farið orðum um toll, um sveitaverzlun, um sóttvarnarstiptanir, um vöruskort á ýmsum nauðsynjum sumstaðar í landinu, og fleira. En þó nú þetta seinastnefnda ætti sèr stað einhverstaðar og á einstökum vörutegundum, þá má nærri geta, að þeim vöruskorti, sem nú mætti vera eða sem var í fyrra, lèttir ei við alfrjálsa verzlun, þó hún feingist að ári. Hvað málefnið sjálft snertir, þá virðist mèr það illa hugað, að fara nú að herða á því, hverju konúngur sjálfur hefir með berum orðum lofað að flýta. Það er líka enn aðra athugasemd að gjöra við málið, hverri þó enn einginn hefir hreift, og að hverri eg því leyfi mèr að leiða þingsins athygli, að bænarskráin vill láta biðja um þá ena frjálsu verzlun „til reynslu“, þar sem þó alþingið í hitt eð fyrra beiddi um hana óskorað, og með miklum áhuga; mèr virðist því bænarskráin vera miður samkvæm þingsins áliti á málið hið fyrra árið, og láta í ljósi nokkurn efa um, að það sè landinu svo heillavænlegt, er þá var um beðið; því þetta orð, „til reynslu“, virðist að bera það með sèr, að maður að ári liðnu vilji halda frjálsri verzlun, ef hún lukkast vel, en sleppa henni, ef miður vegnar.

Kandídat Jón Sigurðsson: Eg verð að svara með nokkrum orðum því, sem hinn háttvirti forseti nú sagði. Eg sè ekki, að það sè ósamkvæmt því, sem þingið hefir áður farið á flot, þó nú sè samin bænarskrá um verzlunarfrelsi. Auk þess sem aðalefnið er hið sama, þá gæti nefnd sú, sem í málið yrði kosin, breytt forminu á uppástúngunni, ef þingið einúngis fèllist á aðalstefnu hennar, einkanlega ef skýrslur þær feingist hjá hinum háttvirta konúngsfulltrúa, sem þinginu fyndist nægja. Það er öldúngis sjálfu sèr samkvæmt, að þingið fylgi fram máli þessu, þegar þannig er ástadt; því hverjar geta verið þær mörgu og merkilegu rannsóknir, sem hafa getað tafið fyrir málinu í heil 2 ár? Hefði konúngur boðað með berum orðum, að frumvarp um verzlunarfrelsi skyldi verða lagt fram á næsta þingi, þá mundi eg, ef til vill, ekki hafa þókzt hvattur til að bera fram uppástúngu þessa, enda þó sá dráttur væri mèr ó-

skiljanlegur; en þegar nú einginn fær að vita, hvernig málinu líður, en talað er um margar og merkilegar rannsóknir og um að málið sè teingt saman við önnur mál, sem eru einhver hin mestu vandamál hèr á landi og þurfa lángar umræður og mikinn undirbúníng, þá sè eg ekki annað, en full nauðsyn sè til að ánýja hina fyrri bæn.

Það er heldur ekki ósamkvæmt, þó hèr sè talað um verzlunarfrelsi „til reynslu“, því þar í liggur eingin efasemd um, að verzlunarfrelsið sè til gagns. Hèr er farið fram á, að verzlanin verði gjörð sem frjálsust fyrst um sinn, til reynslu; og byggist það á því, að nú sem stendur má kalla, að verzlan landsins sè mjög lítil, við það sem hún gæti verið; en ætti hún að komast upp, yrði að gjöra henni sem hægast fyrir í fyrstu; eg óttast, að ef böndin verða lögð á hana, meðan hún er svo að segja í fæðíngunni, muni þar af geta leidt mikil vandkvæði. Með því að láta verzlunina fá í upphafi sem frjálsastan gáng, geta menn einmitt bezt sèð, hvað við á, hversu haganlegt sè að taka tekjur af henni, og svo framvegis.

Konúngsfulltrúi: Eptir því sem uppástúngumanni nú fórust orð, er að sjá, sem það hafi verið aðal-tilgángur hans með uppástúngu sinni, að geta í umræðu málsins feingið skýrslur hjá mèr um það, hvaða rannsóknir það reyndar eru, sem hafa þarf um þetta mál, hvað lángt þær eru á veg komnar og á hverju nú stendur. Til þess að alþíng af þessari ástæðu ekki skuli ímynda sèr, að það þurfi að kjósa menn í nefnd, þyki mèr rèttast nú þegar að gjöra það kunnugt, að þíngið getur ekki búizt við að fá þesskyns skýrslur frá mèr. Þíngmenn hljóta án efa að vita, að meðan verið er að rannsaka eitthvert mál í stjórnarráðunum, meðan hvorki þau eru búin að gjöra sèr fasta hugmynd um það, á hvern hátt eigi að ráða til lykta höfuðatriðum þess máls, eður konúngur hefir gefið samþykki sitt til, að málið skuli frekar gjörast kunnugt, þá getur ekkert ráðaneytisþíng búizt við að fá skýrslur eður nákvæmari auglýsíngar frá stjórninni um það, hvernig þesskyns stjórnarráða störfum sè tilhagað, eða hvað þau sèu lángt á leið komin.

Prófastur Halldór Jónsson: Mèr getur ekki skilizt, að það sè ekki eins óhult og tilhlýðilegt, að bera það traust til stjórnarinnar, að hún flýti meðferð þessa máls eingu síður fyrir það, þó þíngið fari nú ekki að ítreka sína fyrri bæn um þetta efni.

Og held eg, að ótta fyrir drætti á þessu máli sè ekki rètt að byggja á því, þó ýms málefni hafi, eins og getið hefir verið um hèr í dag, verið að undanförnu til lykta leidd, æði laungu eptir að fyrst var á þeim máls hafizt; því auk þess að þingið hefir feingið konúnglega auglýsíng, viðvíkjandi meðferð þessa máls, finnst mèr yfir höfuð mega gjöra ráð fyrir greiðari og fljótari málalokum nú, eptir að konúngur vor allramildilegast hefir stofnað alþíng í landi voru. Eins er auðsætt, það sem hinn háttvirti forseti hefir tekið fram, að á skorti þeim, sem nú er, verður ekki ráðin bót með því, þó verzlunarfrelsi feingist nú þegar, eða stjórnin flýtti því, sem mest yrði; sá einasti vegur í þessu tilliti, nú sem stendur, held eg sè sá, að hlutaðeigandi embættismenn gæti trúlega skyldu sinnar, ef töluverður skortur lætur sig í ljósi, eða ef svo virðist, sem honum megi kvíða. Loksins álít eg, með hinum heiðraða uppástúngumanni, þó mèr sè raunar ofvaxið um þetta að dæma, að hentugra muni vera, að verzlunarfrelsi byrji á góðum en erviðum árum; því þegar útlendar þjóðir geta selt vörur sínar, t. a m. korn, nær sèr með miklum hagnaði, er varla við að búast, að þær mundu færa oss þær, meðan þær ekki standa í neinu sambandi við oss; en allt öðru máli held eg vera að gegna, þegar þær væru búnar að festa verzlunarviðskipti við oss, því þá hefi eg þá meiníng, að þær ekki, fremur en Danir, kærðu sig um að slíta verzlunarviðskiptin við land vort, þó einhverntíma harðnaði í ári.

Jústizráð Thorsteinsen: Eg er öldúngis samþykkur þeim konúngkjörna þíngmanni hinnar andlegu stèttar, er seinast mælti; því hvaðan skyldi korn flytjast til okkar, meðan korn er svo dýrt í öðrum löndum, hvaðan það mest flyzt? Það er alkunnugt, að korn frá Austursjáarströndum, Praussen og Rússlandi, er mest sókt þángað af framandi skipum, er þurfa kornsins með; og ei ætla eg, að Rússar eða Praussar fari sjálfir að flytja korn til vor, þegar þeir til margra þjóða geta selt það heima hjá sèr dýru verði. Þar að auki sýnist mèr það vera „ópassandi“, að fara nú að biðja konúng vorn um það, sem hann þegar hefir gefið mönnum svo góða von um að fást mundi.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg var líka einn af þeim, sem fèll vel í geð hið mildilega loforð konúngs í auglýsíngunni, fyrst þegar eg las hana, og eg hèlt, að svo búið mætti

nægja. En þegar eg fór að yfirvega þetta betur, og einkum þegar eg las ástæður til frumvarpsins um jarðamatið, þar sem rentukammerið svo að segja með berum orðum gjörir ráð fyrir að teingja verzlunarmálið bæði við skattamálið og jarðamatið, þá virtist mèr þessi mildu orð konúngs vera eins og lítið blys í fjarska, sem ætti lángt í land að bera oss þá birtu, sem til má ætlast; því allir mega sjá, að skattamálið og allt sem er í sambandi með því, er svo margbrotið og umfángsmikið, að víst geta mjög mörg ár liðið, áður það er útkljáð; og eigi ekki frjáls verzlun að komast á fyrri, þá verða þó allir að játa, að hennar er helzt til oflángt að bíða. Í hitt eð fyrra beiddu menn um hana með mesta áhuga og í einu hljóði, og allir álitu hana þá einhverja þá mestu nauðsyn fyrir land þetta; þá var líka sjálfsagt, að menn álíta það jafnmikla nauðsyn, að hún feingist og kæmist á sem fyrst. Því er það einmitt samkvæmt því, er þingið beiddist í hitt eð fyrra, að leiða nú stjórninni fyrir sjónir, að verzluninni megi eingan veginn fresta jafnleingi og það stjórnarráð, sem mestu ræður í þessu máli, virðist að ráðgjöra; og til þess að fara þessu fram, sýnist mèr vöruskortur sá, sem hèr hefir verið í vor, gefa með fram hina öflugustu hvöt. Sjálfsagt er það, að ekki leiddi jafnmikil vandræði af vöruskorti þessum nú, og orðið hefði, ef harðæri hefði verið hèr í landi, og sjálfsagt er líka um það, að frjáls verzlun, sem kemur að ári eður hitt árið, bætir að vísu ekki úr verzlunar vandkvæðum þeim og skorti, sem nú er; en allt um það eru þó þessar ástæður hin mesta hvöt fyrir þingið til að herða á málinu; því ekki mega menn þakka það verzluninni, sem nú er, að vöru og einkum matvælaörbyrgðin í kaupstöðunum í vor olli ekki því húngri og jafnvel mannfalli, sem vafalaust hefði orðið, ef harðæri og fiskileysi hefði verið í landinu. Það er eins og sumum, sem hafa mælt í gegn uppástúngunni, virðist sjálfsagt, að ekki verði vakið máls á þessu öðruvísi en að styggja stjórnina, og fara menn þannig að ræða um og ráðgera, hvaða atriði og stefnu að nefndin muni taka. Mèr finnst hvorki þurfa nè eiga við að ráðgjöra þetta nú; nefndin getur tekið málið fyrir og útlistað það með allri þeirri hógværð, sem skylt er að gæta, og hversu eingan veginn megi fresta því svo leingi, sem nú lítur út að stjórnarráðið hafi í hyggju. Með þessum ástæðum fyrir augum mèr hika eg ekki við að mæla fastlega fram með nefnd, og eg vona að svo verði margir.

Ásgeir Einarsson: Eg hefi nokkuð dregizt aptur úr, að svara því úr ræðu hins háttvirta forseta, er á mig stefndi; það var meiníng mín, að með því að taka uppástúnguna til nefndar yrði bezt rannsakað það, sem meiníngamunur hefir verið um, viðvíkjandi verzlunarfrelsinu; sýndist mèr þetta hefði í mörgu getað skýrt það vandasama mál fyrir stjórninni, að því leyti sem Ísland snertir, og hèlt eg það væri betra nú en síðar. Það er ekki ólíklegt, að mál þetta hafi skýrzt nokkuð fyrir sumum þíngmönnum síðan í hitt hið fyrra, bæði af eigin umhugsun og umræðum við skynsama menn. Samband það, er eg minntist á milli verzlunarfrelsisins og skattalaganna, geta allir sèð hvort er ástæðulaust. Hinum háttvirta forseta þókti vera farið of mjög utan við efni frumvarpsins, en þau atriði, sem á hefir verið minnzt, held eg komi málinu við. Eg veit, að þegar um stjórnarfrumvörp er að ræða, á ekki við að fara út fyrir efni þeirra, en mèr virðist nokkuð öðruvísi varið með einstakra manna frumvörp eða bænarskrár frá alþýðu, sem opt getur orðið nauðsynlegt, að bæði nefndirnar og þíngið yfir höfuð bæti við eða taki úr; í þessum tilgángi verða bænarskrár að verða bornar undir þíngið. En ætti þjóðin ekki von á slíkri aðferð á þínginu með bænarskrár, er mjög hætt við, að deyfast mundi áhugi hennar á því; því hætt er við, að bænarskrár verði fyrst um sinn ekki svo greinilegar, sem hæfa þykir, en geta þó verið nauðsynlegar til að fræða þíngið um ýmislegt.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eg hefi að vísu orðið þess áskynja af ræðum þess háttvirta konúngsfulltrúa, hins ágæta forseta og fleiri hinna heiðruðu þíngmanna, að það þykir ekki allskostar eiga vel við eða vel sæma, að þjóðin fari að biðja konúng á ný um málefni þetta, sem hann hafi nú þegar gefið beztu vonir um. Eg get þó ekki fullkomlega sannfærzt um, að þetta geti verið óleyfilegt eða ósæmilegt; eða hvert á maður að flýja, eða fyrir hverjum bera vandkvæði sín upp, ef ekki fyrir þeim, sem menn bera traust til, að hafi vilja, ráð og vísdóm til að ráða bót á þeim, og einn hefir vald á að bænheyra? En það er vor mildasti konúngur, sem þjóðin ber þetta traust til, þegar það er gjört með tilbærilegri auðmýkt og þeirri hæversku, sem vel sæmir. Þegar svo er að farið, get eg ekki ætlað annað, en að bænin verði náðarsamlega meðtekin, eða að minnsta kosti að hún skaði ekki. Þessa vegna og líka hins, að hinn heiðraði flutníngsmaður málefnis þessa skoraði á

oss þingmenn að takast ábyrgð máls þessa á hendur, ef við rèðum á móti nefnd í því: en eg segi sem fyrr, að eg vil ekki taka þá ábyrgð upp á mig: því er eg enn á því, að það sè valin nefnd í málið; hún getur þá líka bezt látið í ljósi, hvort ráðlegt sè að fara leingra fram, eða hvað lángt.

Jústizráð Thorsteinsen: Hvað hinn heiðraði alþingismaður frá Múlasýslu gat um, að eg hefði sagt það ei vera sæmilegt, að framfylgja nú þessari bænarskrá, þá get eg ei tekið það orð til baka, er eg brúkaði, en raunar var máske ekki góð íslenzka, „ópassandi"; því mèr þykir það ei að síður satt, sem eg hefi mælt, og kalla eg það þrábeiðni, nú að biðja Hans Hátign konúnginn um það sama, sem beðið var um í hitt hið fyrra, og hann hefir allramildilegast svo ágætlega svarað.

Stephán Jónsson: Mèr getur þó ekki betur skilizt, en að nefnd, í hverju máli sem er, sè betur treystanda til að skoða það nákvæmar og á fleiri vegu, en hverjum einstökum manni fljótlega í huga sèr; og þó að nú nefnd sè kosin í eitthvert mál, þá er ekki sagt, að málið komist svo lángt, að konúngi verði send bænarskrá um það; þannig fór það með 2 mál á alþingi í hitt hið fyrra. Og verð eg því enn að vera á því, að nefnd verði kosin í mál þetta.

Konúngsfulltrúi: Hvað það snertir, er þingmaður sá mælti, er síðast talaði, og sem áður er vikið á af þingmanninum úr Norðurmúlasýslu, að það gæti þó ekki orðið til skaða, að nefnd væri sett í máli þessu, þá verð eg þó að benda mönnum til þess, að í dag endar hinn fyrri helmíngur þeirrar tíðar, er alþíng að lögum á að standa, og að margar nefndir hafa verið kosnar til að rannsaka þau mál, sem mörg eru mikils áríðandi og margbrotin; en mjög fáar nefndir hafa enn þá lokið störfum sínum, og einkum er það, að ekki eru komin til þingsins nefndarálit um 2 konúngleg frumvörp, bæði umfángsmikil mál. Skyldi nú fleiri nefndir verða kosnar í mál, önnur eins og þetta, sem án efa mundu viðþurfa hinna helztu starfsmanna á þínginu, þá mundi það enn þá fremur tefja fyrir afgreiðslu hinna málanna. Þetta er einnig aðalástæðan, sem eg hefi haft til að mæla gegn því, að nefnd yrði kosin til að rannsaka þetta mál.

Kandídat Jón Sigurðsson: Eg vil þó geta þess, að á þessu þíngi eru að eins 20 nefndir kosnar, en á hinu fyrra 25 eða 27.

Assessor Johnsen: Eg fæ ekki sèð, á hverju nefnd, þó

hún yrði valin, eða þingið á að byggja nokkra bænarskrá í þessu máli. Að efninu til hefir hinn háttvirti forseti sýnt fram á einn agnúann, sem á því er að fara bænarskránni nú á flot; en það lítur út af ræðum þeim, sem nú eru haldnar, að þeir þingmenn, sem mæla fram með vali nefndar í þetta mál, líti svo á það, sem ástæðurnar megi taka af formi þess eða sambandi því, sem það stendur í við skattamálið, eptir því sem látið er í ljósi af stjórninni í ástæðunum fyrir frumvarpinu til tilskipunar um nýjan jarðadýrleika. En þó að nú sè gjört ráð fyrir, að skattamálið eigi sèr lángan aldur, þá skilst mèr samt ekki, að fyrir því verði gjört ráð, að verzlunarmálið dragist úr hófi hjá stjórninni, eða þá sè látið bíða eptir því, heldur þvert á móti, að bæði málin, og hvort þeirra út af fyrir sig, verði rekin svo fljótt, sem verða má, og verzlunarmálið, svo áríðanda sem það er, fyrri en hitt, ef það verður að taka leingri tíma, og að þingið þess vegna ekki geti komizt hjá að votta nokkurskonar vantraust á stjórninni til þessa, ef það nú fer fram á að biðja um algjört verzlunarfrelsi innan viss tíma.

Kandíd. Jón Sigurðsson: Það er merkilegt að heyra af vörum hins virðulega varaforseta annað eins. Eins og það lýsi vantrausti á stjórninni, þó menn ítreki bæn sína um þau mál, sem manni liggja á hjarta! Þetta geingst við, eins og hann má sjálfur vita, í öllum löndum, þar sem nokkurs er beðið. Það er kunnugra, en frá þurfi að segja, að bæði þing og einstakir menn álíta sèr heimilt að biðja um, bæði að málum sè flýtt, sem mönnum þykir mikið á liggja, og eins að biðja aptur og aptur um það, sem einu sinni er neitað um. Þetta tekur sèr enginn maður til annarstaðar, og enginn leiðir vantraust eða tortryggni út af því, nema þeir, sem vilja leitast við að bæla niður mál þau, sem þeim eru ógeðfelld.

Ásgeir Einarsson: Mèr getur ekki skilizt það, sem sagt hefir verið, að það lýsi vantrausti á stjórninni, að biðja hana að flýta verzlunarmálinu, þar sem það lýsir þó trausti hjá barninu, að það biðji opt og innilega föður sinn.

Þá leitaði Forseti atkvæða þingsins um, hvað gjöra skyldi við bænarskrá þessa, og var hún felld með 13 atkvæðum móti 9.

Þá framlagði Forseti til ályktunar-umræðu nefndarálitið um uppsiglíngu og verzlun á Sauðárkróki. Í máli þessu hafði assessor Jónassen borið upp það breytíngaratkvæði, að ein-

úngis kaupmönnum á Hofsósi, Grafarósi og Skagaströnd yrði leyfð verzlun á Sauðárkróki, og Stephán Jónsson það varaatkvæði, að ef breytíngaratkvæði Jónassens yrði tekið til greina, þá skyldi einnig kaupmönnum á Eyjafirði og Siglufirði vera leyfð verzlun á Sauðárkróki.

Framsögumaður Prófastur Halldór Jónsson: Eg hefi ekki neinu við það að bæta, sem í álitsskjali nefndarinnar og við undirbúnings-umræðu máls þessa er fram komið. Því hefir ekki verið hrundið, og eg hygg, að allir þíngmenn verði að viðurkenna það, að nefndin hafi haft fyrir augunum þær tvær aðalreglur fyrir góðri verzlun, nl. að hlutaðeigandi fastakaupmenn geti staðizt, og að verzlunin verði gjörð svo léttbær og hagstæð landsbúum, sem landslag og aðrar kríngumstæður leyfa. Þess vegna vona eg enn, að þíngið gefi vel gaum málefni þessu.

Forseti: Þar eð einginn ræðir nú framar þetta mál, verð eg að álíta, að því sé hèr á þíngi ráðið til lykta, og vil því spyrja:

Vill alþíngið beiðast verzlunar á sjó í Sauðárkróki fyrir alla verzlunarmenn?

Samþykt með 20 atkvæðum gegn 2, og fèllu þannig breytíngaratkvæði assessors Jónassens og Stepháns Jónssonar.

Síðan var fundi slitið.

---

## 15. Júlí — tólfti fundur.

Forseti kunngjörði þínginu, að varaforseti hefði tilkynt sèr forföll, sem hindruðu hann frá að koma á fund í dag.

Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykt.

Forseti lagði þá fram til undirbúnings-umræðu nefndarálit í málinu um birtíngu konúnglegra frumvarpa fyrir fram, og afhenti það framsögumanni nefndarinnar, prófasti H. Stephensen, sem las það upp og er það svo hljóðandi:

### NEFNDARÁLIT

í málinu um birtíng konúnglegra frumvarpa fyrir fram.

Alþíngið hefir þann 5. dag þ. m. kvadt oss undirskrifaða í nefnd til að yfirvega og segja álit vort um bænarskrár þær,

9 að tölu, með 1073 undirskrifuðum nöfnum, sem til alþingis eru komnar, um að þingið allraþegnsamlegast biðji Hans Hátign konúnginn, að auglýsa fyri frám þau lagafrumvörp, er hann vill kveða alþing til ráðaneytis um.

Bæn þessi var hafin á enu fyrsta alþingi, og þó hún af öllum þeim, sem um hana þar ræddu, að einum fráskildum, þækti mjög nauðsynleg, stóð en stutta stund, sem þá var eptir af þingtímanum, því í vegi, að nefnd yrði þá kosin í málið; var því bænarskráin feld með atkvæðafjölda. En bæði sýna bænarskrár þær, sem nú eru komnar, og það ljúfa og almenna samsinni, sem málið fèkk á þinginu, þegar það var nógu tímanlega uppborið, hversu það þykir áríðandi og heillavænlegt, ef það næði bænheyrslu vors allramildasta konúngs. Það er líka af sjálfu sèr ljóst, hvern ávinníng meðferð merkilegra málefna mundi hljóta, ef hæfilegur og nægur tími veittist þingmönnum til að hugsa þau, og vera sèr úti um allar þær skýrslur og skilríki, sem þörf er á og að þeim lúta; en það yrði því að eins mögulegt, ef umhugsunar og umsvifa tími gæfist hæfilegur: því það stendur stöðugt, að færstir menn eru svo fljótskarpir, að strax sjái það bezta í hverju málefni og alla annmarka, sem við það kunna að koma fram. Vèr vitum, að það er vilji góðrar stjórnar, að lögin verði sett svo fullgjörð og svo samkvæm þörfum þjóðarinnar, sem þeirra á að njóta, sem verða má; vèr vitum og, að þetta muni vera vilji vors vitra konúngs, sem þing þetta hefir skipað sèr til ráðaneytis um setníngu laga þeirra, sem landi þessu eiga að stjórna og farsæla það; vèr erum þess því fullvissir, að kröptugum vilja hans og viturleik muni takast að sjá svo um, að málin nái svo fljótri úrgreiðslu, sem þörf er á þeim til undirbúnings, svo að tillögur þingsins geti orðið svo vel hugsaðar, ljósar og leiðbeinandi, sem þær mega verða; og þetta ætlum vèr með eingu öðru hægar verði til vegar komið, en því, að stjórnin lèti birta það, sem hún ætlar að leggja fyrir þingið, svo rúmum tíma, sem mögulegt er, áður en málin eiga á þingi þessu að skoðast og ræðast, og ekki seinna en missiri fyrir þing hvert. Það er því sameiginlegt álit vort, að þingið eigi allraþegnsamlegast að biðja Hans Hátign konúnginn:

Að skipa, að birt verði, hið fyrsta mögulegt er, og að minnsta kosti missiri fyrir þing hvert, öll þau konúngleg frumvörp, sem ætlað er til að verði borin upp fyrir hið

næsta þíng, bæði þau, sem konúngur sjálfur hefir frá rótum semja látið, og eins þau, er bænarskrár og uppástúngur landsmanna hafa gefið tilefni til.

Reykjavík, þann 12. dag Júlímánaðar 1847.

Jón Sigurðsson. Hannes Stephensen.
Jón Guðmundsson.

Framsögumaður prófastur Hannes Stephensen: Eg ætla eg þurfi ekki einu orði að mæla fram með álitskjali þessu nefndarinnar, eða að styrkja það; því eg ætla þann nú eingan hèr innan þíngs, sem ekki finni, hve æskilegt og nauðsynlegt það væri, ef bæn þessi feingi bænheyrslu, og að stjórnin sjálf láti sèr eins ant um það, að veita hana: því þessi er eini vegurinn til, að þíngmenn fái greinilega sagt álit sitt um mál þau, sem þeim eru feingin í hendur til meðferðar.

Assessor Jónassen: Þegar mál er skoðað í sjálfu sèr, mælir margt fram með því, þar sem það ræður að líkindum, að þíngmenn, ef frumvörp stjórnarinnar væru birt fyrir fram, ættu hægra með að átta sig í þeim og íhuga þau, og yrðu þannig líklega færari um, þegar að þeim kæmi að leggja skynsamar tillögur til málanna; en þegar eg lít á málið einnig frá stjórnarinnar hálfu, sýnast mèr svo margir örðugleikar á því, að eg efast um, að stjórnin geti veitt það, sem um er beðið. Þau mál, sem borin eru upp á alþíngi frá stjórnarinnar hálfu, eru þess eðlis, að þau útheimta lánga og ítarlega rannsókn, áður en þau geta orðið þannig úr garði gjörð, sem vera ber; og þannig mun það verða, að þessum rannsóknum fyrst verði lokið að haustinu eða vetrinum, næst áður en alþíng er haldið, en þá er líka svo ástadt, að frumvörpin geta ekki orðið send út hingað fyrr en að vorinu eptir, rètt á undan alþíngi, og þá þarf aptur að senda þau út um land, og gæti þá opt farið svo, að frumvörpin kæmu þíngmönnum fyrst til handa, rètt um það leiti sem þeir færu heiman að til þíngsins, og yrði þá lítið eða ekkert gagn að því, þó frumvörpin yrðu þannig birt fyrir fram. Mèr virðist sú aðferð, sem nú er við höfð, nefnilega sú, að prenta frumvörpin og hafa þau tilbúin, þegar þíngmenn koma, megi álítast viðunanleg, og eg held það megi fullyrða, að rannsókn málanna ekki hafi haft neinn óhag af því hingað til, að þíngmenn ekki hafa haft leingri tíma til að íhuga málin, en þeir hafa haft. Þetta er meira komið undir

þeirri alúð og kostgæfni, sem þingmenn leggja fram til þess að komast niður í málunum, og einkum og sèr í lagi undir mælir þeirrar þekkingar, sem hverjum einum er veittur, en undir tímaleingdinni. Þar að auki mun optast nær svo ástadt, að þau mál, sem stjórnin lætur bera upp á alþingi, sèu í sambandi við og sprottin af málum, sem áður hafa verið borin upp á þinginu, og þau eru þannig áður orðin kunnug þingmönnum; enda hjálpar það atriði ekki lítið til þess að komast niður í efni hvers máls, sem stjórnin lætur bera upp, að frumvörpunum fylgja ítarlegar ástæður fyrir hverju einu.

Mèr þykir líka mikið varið í þá röksemd, sem áður hefir verið borin upp hèr á þinginu, þegar þetta mál var rædt í fyrra sinni, að þar sem uppástúngur þær, sem þingmenn sjálfir bæru upp, ekki væru fyrir fram birtar, væri ónáttúrlegt að heimta í þessu tilliti meira af stjórninni, en maður heimtaði af sjálfum sèr. Ekki verður það borið fyrir, að þessar uppástúngur ekki sèu eins margbrotnar og örðugar viðfángs, sem þau frumvörp, er stjórnin lætur bera upp; því þær eru opt og tíðum fullt svo vandasamar og margbrotnar, og efni þeirra mikilsvert, og væri því eigi síður umvarðandi, að fá þær birtar fyrir fram; en þessu er þó ekki hreift af nefndinni.

Með tilliti til þess, sem eg þannig hefi tilgreint, virðist mèr þingið ekki eigi að senda konúngi bænarskrá um þetta mál.

Kammeráð Melsted: Eg verð í flestum greinum að vera samdóma þeim heiðraða konúngkjörna þingmanni, er seinast talaði, og játa, að mèr eingan veginn getur geðjazt að uppástúngu nefndarinnar. Það er eins og hún vilji rígbinda stjórnina við vissar skorður, sem mèr virðast mjög óhentugar. Nefndin krefst þess, „að birt verði, hið fyrsta mögulegt er, og að minnsta kosti missiri fyrir þing hvert, öll þau konúngleg frumvörp, sem ætlað er til að borin verði upp fyrir hið næsta þing“. En ef stjórnin gjörði eða gæti gjört sèr þetta að reglu, gæti það haft þá verkun, að tálma fyrir útkomu góðra og áríðandi lagaboða, sem bæði þingið og þjóðin óskaði að sem fyrst mættu útkoma. Það getur nefnilega staðið svo á, að upplýsíngar þær, sem stjórnin verður að fá, og rannsóknir þær, sem gjörast verða, jafnvel af fleiri stjórnarráðum, áður en frumvörpin verða að fullu samin og lögð fyrir konúnginn, verði ei feingnar eða til lykta leiddar, áður en póstskipið fer um haustið frá Danmörku til Íslands, og að frumvörpin verði því stundum ei fullbúin fyrr en

einhverntíma um veturinn, áður en þingið er haldið. Væri nú nefndarinnar uppástúngu fylgt í því, að ekkert frumvarp mætti leggja fyrir alþíng, nema það væri birt hèr missiri áður, mundu slík frumvörp ekki verða borin fyrir hið næsta þíng, heldur fyrst undir það þíng, sem haldið verður 2 árum eptir; og þar af mundi aptur fljóta, að öll slík lagaboð ekki gætu komið út eða geingið hèr í gildi fyrr en 2 árum seinna, en verða mundi eða orðið gæti, ef uppástúngu nefndarinnar væri fylgt.

Eg verð því að stínga upp á því breytíngaratkvæði, að úr nefndarinnar uppástúngu verði felld orðin, „hið fyrsta“, og í staðinn fyrir þau sett „að svo miklu leyti“; og að enn fremur verði úr uppástúngunni tekin orðin „og að minnsta kosti“, samt orðið, „öll“. Það er alment kunnugt, að frá hinum dönsku standaþíngum hafa til stjórnarinnar komið bænarskrár líks efnis og sú, sem hèr ræðir um, og að stjórnin hefir veitt þeim þá áheyrslu, að í Danmörku hafa verið birt fyrir fram nokkur áríðandi og yfirgripsmikil frumvörp, er hlýða þókti að þíngmenn og þjóðin gætu gjört sèr kunnug, áður en þau væru rædd á þíngunum. Eg verð nú að álíta það í sama máta vel fallið, að einstöku yfirgripsmikil og alþýðu mikið umvarðandi frumvörp, eins og til að mynda landsleigubálkur, gætu orðið hèr alþýðu birt fyrir fram; og það mundi stjórnin án efa veita, ef ei væru einskorðaðar á hana þær reglur, er hún stundum ekki getur fylgt, og stundum ekki hlýddi vel, að hún fylgði. Eg vil því ráða nefndinni til að laga uppástúngu sína samkvæmt mínu breytíngar-atkvæði, sem þá ekki þyrfti með; en þíngmönnum vil eg ráða frá að fallast á uppástúngu nefndarinnar, eins og hún nú er löguð, þar eð hún þannig er í alla staði óhentug.

Framsögumaður: Fám orðum að eins vilda eg svara þeim konúngkjörnu þíngmönnum ennar veraldlegu stèttar, sem nú mæltu. Hinum fyrra virtist það til lítils gagns, að frumvörpin væru fyrir fram birt, þegar mál þetta er skoðað á allar hliðar; því fljótt mundu þíngmenn sjá það sanna og rètta í máli hverju, einkum þar ástæður fyrir frumvörpunum eru svo vel teknar fram, og fylgja þeim. Hèr hlýt eg nú að vera allrar annarar meiníngar; því eg ætla, að vèr Íslendíngar sèum yfir höfuð seinir að grípa, og þurfum því nokkurn umhugsunartíma, og þetta virðist mèr daglega sannast á þíngi þessu, en þegar vèr höf-

um hugsað málin og erum komnir til fullrar sannfæringar, erum vèr optast fastir við sannfæringu vora; það virðist því ó-efanlegur sannleiki, að meðferð málanna mundi mikið vinna, ef missiris tími veittist til að hugsa þau, og þetta er án alls efa eins vilji stjórnarinnar og þjóðarinnar. Því var til hlítar svarað, þegar mál þetta var rædt í hitt eð fyrra, sem mótmælandi kom fram með, að það væri ósanngjarnt að krefjast þess af stjórninni, sem innlendir menn hèr ekki gæta sjálfir; en líkt stendur nú á og þá, að ekki er kostur á að birta fyrir fram bænarskrár og uppástúngur frá landsmönnum; það einasta mánaðarrit sem vèr höfum, þessi svo nefndi Reykjavíkurpóstur, mundi ekki geta veitt þeim öllum móttöku eða flestum af þeim, enda mundum vèr þá missa margs af því góða er hann hefir með að fara.

Orð ens konúngkjörna þíngmanns, sem síðar ræddi, voru að vísu nokkru þægilegri eyrum mínum; því mótmæli hans voru nokkuð takmarkaðri, og afstúngu ekki með öllu bænir landsmanna og nefndarinnar; en það fæ eg ekki með honum ætlað, að vinnukraptar stjórnarinnar sèu svo litlir, að það þurfi að valda mikilli töf: því eg ætlaði hún hefði ráð á að láta hin íslenzku málin yfirvega tímanlega, þó um fleira sè að hugsa.

Prófastur Halldór Jónsson: Eg hafði ásett mèr að áskilja mèr rètt til breytíngar-atkvæðis í þessu máli á þá leið, að þíngið skyldi beiðast þess, að þau konúnglegu frumvörp yrðu auglýst fyrir fram, að svo miklu leyti því yrði viðkomið, og ef mögulegt væri, ekki minna en hálfu ári áður en alþíng í hvert skipti er haldið. En þar eð sá konúngkjörni þíngmaður, er síðar mælti, áskildi sèr breytíngaratkvæði náskylt þessu, læt eg mèr lynda að aðhyllast það.

Biskup H. G. Thordersen: Meðan svo stendur sem nú er, að alþíng er haldið annaðhvort ár, verð eg um þetta efni að vera sömu meiníngar sem í hitt eð fyrra, af því eg vegna tímans naumleika og annara erviðleika álít stjórninni varla mögulegt, þó hún vildi, að birta frumvörpin í tíma.

Öðru máli væri að gegna, ef alþíng væri ei haldið nema þriðja hvert ár, og þækti mèr þá líkast eg mundi verða með þessari bænarskrá.

Framsögumaður: Eg sè lítinn eða eingan mun á, hvort 2 eða 3 ár líða millum þess, að alþíng væri haldið; því ekki er svo, sem bænir og uppástúngur þíngsins sèu sendar embættis-

mönnum hèr heim aptur til yfirvegunar; getur mèr því ekki skilizt, að tíminn með nokkru móti sè ofnaumur.

Konúngsfulltrúi: Þegar mál þetta kom til umræðu hèr á þíngi í hitt eð fyrra, gjörði eg nokkrar athugasemdir, eins og hinir virðulegu þíngmenn munu minnast; athugasemdir þessar voru einkum teknar frá sjónarhlið málsins og var tilgángur minn sá, að sýna, að menn gætu ekki hrapað að málinu þannig, að nefndarálit yrði samið og lagt fram í lestrarsalinn þann sama dag, sem kosið var í nefndina, og eptir allt það hefðu menn þó ekki getað á lögskipaðan hátt rædt málið til lykta fyrir lokafund. Það var þar á móti eingan veginn tilgángur minn að sporna á móti því, að mál þetta, þegar það tilhlýðilega gæti orðið undirbúið og rædt, kæmi til nákvæmari rannsóknar og umræðu á þíngi; miklu fremur virðist mèr það æskilegt, að þesskyns málefni, sem við má búast að alþýðu þyki umvarðandi, sè rædd hèr á þíngi, til þess að hugmyndir manna á málunum skýrist og leiðrèttist. En hvaða þýðíngu sem menn nú kunna að hafa gefið þessum áminnztu athugasemdum mínum, þá hefir þó, fyrir þá sök að málinu var slegið á frest í það skipti, unnizt svo mikið, að menn geta nú virt fyrir sèr málið, ekki einúngis eptir sjón, heldur og einnig eptir reynd; reynslan verður hèr, eins og optast nær, hinn bezti leiðtogi. Vèr skulum nú aðgæta, hvað af því hefði leidt fyrir lagafrumvörp þau, er að þessu sinni voru lögð fyrir þíngið, ef þesskyns lagaboð hefði til verið, sem það, er nefndin hefir nú beðið um, og því næst munum vèr geta gjört oss ályktun um það, hvað að líkindum muni leiða af slíku lagaboði, þegar fram líða stundir.

Í þetta skipti hafa 5 lagafrumvörp verið borin upp fyrir alþíngi; þrjú af þeim eru um þau málefni, sem í hitt eð fyrra voru rædd hèr á þíngi, en það eru málin um leingíngu framfærslutímans, um alþíngiskostnaðinn, og um kjörþínga kostnaðinn eptirleiðis. Allir munu játa, að það hefði til einkis gagns verið, þó þessi 3 mál hefðu verið kunngjörð laungu á undan; öll þau atriði, sem taka verður til greina, þegar mál þessi eru rannsökuð, komu þegar til umræðu á þíngi í hitt eð fyrra, og hefir þá hver og einn haft nægilegt tækifæri til að rannsaka þau nákvæmlega. Hin 2 lagafrumvörpin, sem lögð hafa verið fyrir þíngið, um jarðamat og um veiðilög, eru árángur nokkurra mála, sem í fyrra, eins og kunnugt er, voru umræðuefni

nefndarinnar hèr í Reykjavík. Störf þessarar nefndar gátu ekki komizt til Danmerkur, fyrr en í haust er leið, og nokkur af þeim jafnvel ekki, að því sem mèr er kunnugt, fyrr en komið var fram á vetur, laungu eptir að póstskip var farið til Íslands. Þannig var það með öllu ómögulegt, að þessi lagafrumvörp hefðu orðið svo fljótt tilbúin, að auglýsing um þau hefði getað komizt til Íslands með póstskipi. Af þessu leiðir þá það, að hvað þau 5 lagafrumvörp snertir, sem í þetta sinn voru lögð fyrir alþíng, þá hefði það á eingu staðið, hvort 3 af þeim hefðu verið lögð fyrir alþíng eður ekki, og öldúngis ómögulegt að kunngjöra hin 2 fyrir fram, og hefði þess vegna orðið að geyma þessi 2 til næsta þíngs hèr frá, ef lagaboð þetta hefði verið til.

Þessu næst viljum vèr aðgæta það, hvernig að líkindum muni til haga, þegar fram líða stundir. Það er að sönnu ekki líklegt, að opt muni þá verða einmitt eins ástadt sem nú, nefnilega, að málin hafi verið undirbúin af nefnd; en auk þess sem sá venjulegi undirbúníngur málanna opt getur gjört það ófært að hafa lagafrumvörpin tilbúin, haustið á undan að alþíng er haldið, þá verð eg að minnast á eitt atriði, sem nauðsynlega hlýtur að valda því, að stjórnarráðin geta ekki lokið við að semja hin íslenzku lagafrumvörp, fyrr en einmitt veturinn næsta á undan því að alþíng er haldið. Alþíngi er kunnugt, að fulltrúaþíngin í Danmörku eru venjulega haldin einmitt það ár, þegar hèr er ekki alþíng. Fulltrúaþíngin voru þannig haldin þar árið 1846, og verða að líkindum haldin aptur 1848, en alþíng 1847, 1849, o. s. frv. En undirbúníngur þeirra mála, sem borin skulu upp á fulltrúaþíngunum, mun optast að því skapi fá mönnum í stjórnarráðunum nóg að starfa, að ekki er við að búast, að hin íslenzku lagafrumvörp geti, nema ef til vill, orðið undirbúin á sama tíma í stjórnarráðunum, einmitt í því fulltrúaþíngin eiga að byrja störf sín eða eru byrjuð á þeim. Þannig mundi slíkt lagaboð sem það, er nefndin mælir fram með, þegar reynsla umliðins tíma er borin saman við líkindi þess, sem verða mun á ókomna tímanum, verða þess ollandi, að hin íslenzku lög að miklu leyti mundu koma út tveim árum seinna, en vera þyrfti, optast án þess það gagn yrði að, sem þar til samsvaraði.

Svona kemur þetta mál fyrir sjónir, þegar litið er á starfahlið þess. En sè sjónarhlið málsins eingaungu höfð

fyrir augum, þá verða menn vissu lega að játa, að það er margt, sem með því mælir, að mörg lagafrumvörp verði kunngjörð allri alþýðu manna, áður þau eru borin upp á alþingi; það eru til þau mál, sem þannig er háttað, að fyrirkomulag þeirra hefir mikil áhrif á innbyrðis ástand landsmanna og stöðu þeirra yfir höfuð; og má því stjórnin sjálf æskja þess, að lagafrumvörp þau, er að þesskyns málefnum hníga, verði í tækan tíma kunnug landsmönnum, til þess orðið geti tilhlýðileg umræða um þau á undan. Eg álít það þessvegna, jafnvel þó eg í því tilliti ekki hafi köllun til að gefa mönnum nokkra auglýsingu, eingan veginn ómögulegt, að stjórnin kynni að gefa gaum bænarskrá frá alþingi um þetta mál, þegar sú bænarskrá væri takmörkuð á þann veg, sem bent er til í breytíngar-atkvæðum tveggja hinna konúngkjörnu þíngmanna; en hins vegar álit eg það öldúngis ómögulegt, að stjórnin mundi gefa gaum og uppfylla bænarskrá, sem samin væri samkvæmt uppástúngu nefndarinnar. Eg ætla að færa eina ástæðu, og hana næga, fyrir þessari tilgátu minni. Það er án efa mörgum meðal þíngmanna kunnugt, að allmörg af lagafrumvörpum þeim, sem lögð hafa verið fyrir fulltrúaþíngin í Danmörku nú á seinni árum, hafa verið auglýst á prenti nokkrum tíma á undan. Er það gjört samkvæmt konúngs úrskurði, sem lesa má í stjórnarráðstíðindunum frá 1840 bls. 609; leyfði konúngur í þeim úrskurði, eptir því sem fulltrúaþíngin höfðu beðið um, að lagafrumvörpin með ástæðum, eptir að hann hefði samþykt þau, mætti verða heyrum kunnug, þó einúngis „að svo miklu leyti sem kríngumstæður leyfðu, og álíta má eptir ásigkomulagi málanna að gæti orðið þeim til gagns á þíngunum.“ Þessi konúnglegi úrskurður gefur mönnum einskonar vott um það, að konúngur, ef til vill, kynni að álíta þesskyns ráðstöfun hagkvæma, einnig handa Íslandi, og eg get þannig sjálfsagt ekki fundið neitt að því, að bænarskrá þar að lútandi verði send frá alþíngi, þegar hún einúngis er þannig takmörkuð, að hún biður ekki um það, sem menn geta fyrir sèð, að konúngur muni á eingan hátt geta veitt. Það hefði að vísu verið mjög æskilegt, ef nefndin nákvæmar hefði drepið á, hvernig henni virðist að haga skyldi til auglýsíngu lagafrumvarpanna. Í Danmörku gjörist það með því að prenta þau í stjórnarráðs-tíðindunum, þar sem, eins og kunnugt er, fleiri þesskonar auglýsíngar frá stjórninni eru

birtar. Ísland á ekkert þesskonar tímarit. Í því tilliti mundi það vera miklu hægra fyrir einstöku menn, sem senda uppástúngur til alþíngis, að auglýsa þær fyrir fram, þar eð til eru þó nokkur tímarit, og mætti þar setja þesskonar auglýsingar; en þetta hefir þó einginn gjört hingað til.

Að því leyti sem framsögumaður nú sagði, að hann gæti ekki ætlað, að það mundi nokkru spilla, þó alþíng beiddist þess, sem sjá mætti fyrir að ekki gæti feingizt, þá verð eg að mæla þvert á móti slíkri ætlan hans. Eg er sannfærður um, að meiri hluti þíngmanna getur ekki fallizt á þá hugmynd; því eg get ekki annað en álitið það skaðlegt í mesta máta, ef alþíng fylgdi slíkri reglu í bænarskrám sínum til konúngs.

Framsögumaður: Ræða ens hæstvirta konúngsfulltrúa hefir að vísu fullnægt mèr að miklu, og gleðilegt var mèr að heyra, að reskriptið frá 1840 er til, sem heitir fulltrúaþíngunum í Danmörku því, sem alþíngið nú ætlar að biðja um, því það glæðir vonina hjá oss, að sama muni oss veitast. Þar sem konúngsfulltrúinn sagði, að í nefndarálitinu lægi krafa um, að öll mál kæmi missiri fyrir alþíng hvert fyrir sjónir manna hèr í landi, þá er það eingan veginn meining nefndarinnar; hún biður, en krefur ekki, að þetta mætti ske, svo fljótt sem mögulegt er; um ómögulega hluti biður einginn, sem kann að biðja; en annaðhvort verður þetta að ske missiri fyrir þíngtíma ellegar ekki. Vèr vitum, að tvö málin af þeim, sem nú eru lögð fyrir alþíng, komu fyrst á næsta hausti frá embættismanna nefndinni, sem þau átti að undirbúa, og gátu því ekki orðið hèr birt fyrr en í vor, og þókti þínginu vænt um, að málefni þessi þó komu nú þegar til þíngsins, en þannig hagar, ef til vill, sjaldan til; og fleiri voru þau mál, sem nefnd þessi undirbjó, og væntum vèr, að þau verði fyrr birt. Líklegt er það, að mikið sè starfað málum þeim, sem undirbúast til meðferðar standaþínganna, en þó er ætlandi, að það hindri ekki með öllu birtíngar alþíngismálanna, og fulltreystir þíngið góðum vilja stjórnarinnar.

Konúngsfulltrúi: Eg get ekki neitað því, að mèr virðist, að mikið sè dregið úr uppástúngu nefndarinnar, eptir því sem hinum virðulega framsögumanni nú fórust orð. Uppástúngan er þess efnis, að konúngur sè beðinn „að skipa, að birt verði, hið fyrsta mögulegt er, og að minnsta kosti missiri fyrir þíng hvert, öll þau konúngleg frumvörp, sem ætlað er til að

verði borin upp fyrir hið næsta þing", o. s. frv. Eptir öllum reglum hugsunarfræðinnar verður uppástúnga þessi ekki skilin á annan veg, en að ekkert frumvarp megi bera upp á þingi, sem ekki hafi áður verið auglýst að minnsta kosti missiri á undan, og að þannig þau lagafrumvörp, sem ekki hafa þann veg verið auglýst, verði að bíða annars þings. Hefði eg ætlað, að nefndin gæti skilið þetta á annan veg, þá skyldi eg vissulega ekki hafa leidt hjá mèr að hafa tillit til þess í hinni fyrri tölu minni.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Hinn háttvirti konúngsfulltrúi hefir bæði álitið þarflegt, að stjórnin auglýsti nokkrum tíma fyrir fram þau hin merkilegri mál, er leggja á fyrir alþíng, og líka gefið von um, að það mundi fást; eptir því er þá ekki að ræða nema um hin smærri málin, sem kölluð eru; en eg verð að álykta, að stjórnin hafi nóg meðöl í hendi sèr til að auglýsa þau líka, ef hún getur á annað borð auglýst hin stærri og umfángsmeiri málin. En altaf má gjöra ráð fyrir því, að mörg hin smærri málin geti verið þess eðlis, að þjóðinni þyki þau miklu varða og ástæður stjórnarráðanna fyrir þeim, og tel eg þar á meðal málefnið um alþíngiskostnaðinn; meðferð stjórnarinnar í því kom flestum óvart, og mundi því málefni víst hafa getað orðið það hagur, hefði þjóðin haft tómstund og tækifæri til að yfirvega og ræða um það nokkrum tíma áður. Eg tek það því fram aptur, eg verð að álíta stjórninni eins mögulegt að auglýsa fyri fram þau hin minni háttar málefnin með fram eins og hin stærstu og merkilegustu mál eingaungu; eg verð að ímynda mèr hana svo algjörða, að hún geti það og vilji og hafi nóg ráð í hendi sinni til þess. Breytíngar-atkvæðin, sem hèr hafa verið borin upp, virðist mèr því í rauninni ekki stefna að öðru eða sárlitlu öðru en því, sem nefndin hefir stúngið uppá.

Konúngsfulltrúi: Með tilliti til þess að þíngmaður sá, er síðast mælti, hefir bygt orð sín á því, að eg hafi gefið loforð fyrir því, að hin merkilegri málin skyldu eptirleiðis verða fyrir fram auglýst, þá vil eg ekki leiða hjá mèr að geta þess, að eg hefi áður sagt með berum orðum, að eg hefði einga köllun til þess að gefa mönnum þesskyns loforð.

Kandíd. Jón Sigurðsson: Eg hefði ekki vílað fyrir mèr að fallast á það breytíngaratkvæði, sem hinir virðulegu konúngkjörnu þíngmenn hafa upp borið, ef eg hefði ekki dregið aðra

lærdóma af reynslunni, en hinn háttvirti konúngsfulltrúi. En reynslan hefir kent mèr, að það er bæði nauðsynlegt að biðja um, að stjórnar frumvörpin verði birt á undan þíngum, og að biðja um það einmitt með þeim orðum, sem nefndin hefir valið. Eg dreg þetta einmitt af þeirri reynslu, sem komið hefir fram á meðferð mála þeirra, sem undir voru búin á hinu fyrra þíngi, og á undirbúníngi frumvarpanna til þessa þíngs. Það er öllum kunnugt, hversu einföld og óbrotin sum þau mál voru, sem borin voru fram fyrir stjórnina í hitt eð fyrra; það mundi flestum virðast, sem það væri hægðarleikur að útgjöra um þau á hálfri stund; allt fyrir það hefir ekki orðið afgreidt *eitt ein*asta af þeim málum fyrr en nú í vor, nær því að fullum tveim árum liðnum. Eitt af þessum einföldu málum var um friðun æðarfugls; þó það heyrði veiðilögunum til, þókti mönnum það svo mikils áríðanda, að menn vildu flýta því sem mest, og beiddu um, að æðarfugl yrði friðaður sem bráðast; samt sem áður kom ekki lagaboð um þetta fyrr en hin, og fyrir þá sök voru drepnar í fyrra margar þúsundir æðarfugls; þannig var um fleiri mál frá hinu fyrra þíngi.

Nauðsyn til þess að beiðast fljótari afgreiðslu málanna er því augljós, og eigi síður hitt, að ef þess er beðizt í almennum orðatiltækjum, eins og breytíngaratkvæðin fara fram, þá lendir allt við sama og nú er; þess vegna er nauðsyn, að minni hyggju, að biðja um auglýsíngu frumvarpa að minnsta kosti missiri fyrir þíng hvert, því annars verður aldrei „mögulegt“ að auglýsa þau fyrr en um seinan.

Ekki fæ eg sèð það, að þíng Dana geti staðið í vegi afgreiðslu þeirra mála, sem hèðan eru; það væri þó líklegt, að Íslendíngar, eða þeir menn, sem iðuglega fást við Íslands málefni og eru þeim gagnkunnugir, verði fyrir því að fara með alþíngismálin, og koma þau þá ekkert í bága við hin dönsku.

Hinn virðulegi framsögumaður hefir, að mèr virðist, nógsamlega upplýst misskilníng þann, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi að minni hyggju hafði á uppástúngu nefndarinnar, eins og þar væri beðizt þess, að eingin þau frumvörp yrði lögð fyrir þíngið, sem ekki væri auglýst að minnsta kosti misseri áður.

Konúngsfulltrúinn hèlt, að öllu auðveldara væri fyrir einstaka menn að auglýsa uppástúngur sínar, en það held eg sè þvert á móti. Einstakir menn vita allopt ekki, fyrr en til þíngs kemur, hvort þeir komi fram með uppástúngu eður ekki;

þannig veit eg, af minni eigin reynslu, að eg hjóst ekki við að koma fram með neina uppástúngu um læknaskipun eða spítalamálið á þessu þíngi, því eg hafði heyrt, að frumvarp um þetta mál kæmi fram af hendi stjórnarinnar, en þegar það kom ekki, þókti mèr betra en ekki að hreifa við því. Sama er að segja um verzlunarmálið, að ef konúngsfulltrúinn hefði gefið þær skýrslur um mál þetta þegar í upphafi, sem mèr hefðu fullnægt, þá hefði eg að líkindum ekki komið fram með neina uppástúngu um það efni.

Það var eingin hvöt til fyrir nefndina, að minni ætlun, til að leggja nein ráð á, hvernig kunngjöra skyldi frumvörpin, helzt þar eð nefndin vissi, að hèr er ekkert stjórnarblað. Nefndinni þókti það sjálfsagt, að stjórnin mundi hafa nóg ráð til að auglýsa frumvörpin á þann hátt, sem landsmönnum hèr væri haganlegastur, ef það feingist á annað borð, að þau væri auglýst. Eg má játa fyrir mitt leyti, að eg hefi ekki hugsað um þetta atriði sèr í lagi, en eg ímynda mèr, að ef ekki væri annar vegur, mundi hið íslenzka bókmentafèlag vilja styrkja til, að frumvörpin yrði auglýst.

Eg ítreka að lyktum, að orðatiltækin í ályktunarorðum nefndarálitsins eru að minni hyggju rètt valin, og þurfa að vera óumbreytt.

Kammerráð Melsteð: Eg verð þó að álíta það fullkomið óráð, að fylgja nefndar uppástúngunni, eins og hún nú er orðuð; því þar af mundi leiða, eins og eg áður hefi sagt, og hinn hæstvirti konúngsfulltrúi nákvæmlega hefir í ljós leidt, að útkoma góðra og þjóðina mikið umvarðandi lagaboða yrði ótilhlýðilega og nauðsynjalaust hindruð. Í uppástúngunni stendur útþrykkilega, að öll lagaboð skuli birtast hèr í það minnsta missiri fyrir fram, og því getur stjórnin ómögulega fylgt, af því þar af mundi fljóta hindranir þær og vandkvæði, er eg áður hefi talið. Það sem hinn virðulegi þíngmaður hefir sagt um uppástúngur einstakra manna, að þeir nefnilega ekki viti, fyrr en hèr á þínginu, hvaða málefnum eða uppástúngum þar muni verða hreift, og geti því ei sjálfir vitað fyrr en á þínginu, uppá hverju þeir sjálfir áliti sèr skylt að stínga, vegur ekki mikið, og getur í eingu hrundið því, sem eg hefi sagt; því það gildir einúngis um uppástúngur alþíngismannanna sjálfra. Þeir sem búa út um landið, geta ei fyrir fram vitað, hvað á þínginu fram

fer, eða hvað þar muni fram koma; og þeir verða því að semja bænarskrár sínar fyrir fram og senda þær til þingsins. Þar sem einn af nefndarmönnum hefir álitið það litlu varða, hvort nefndar-uppástúngunni eða breytíngaratkvæðinu væri fylgt, þá er þetta eingan veginn rètt skilið. Nefndar-uppástúngan hlýtur, eins og áður er sýnt, nauðsynlega að tálma útkomu margra og áríðandi lagaboða, en breytíngaratkvæðið þar á móti gjörir hana mögulega, og getur þar að auki komið því til leiðar, að yfirgripsmikil lagaboð, sem þurfa lánga íhugun, verði birt hèr almenníngi fyrir fram, þegar því verður við komið. Eg álít það þar að auki tóman óþarfa, og ekki leiða til neins góðs, að ætla sèr að reka eptir stjórninni; eins og eg ekki fæ sèð, að það sè svo áríðandi, að þau lagaboð, sem gilda eiga fyrir alda og óborna, skuli koma út með afarmiklum hraða, eður að þeim sè unnið, svo að segja í fljúgandi hasti. Það ríður miklu meira á, að lagaboð þau, sem gilda eiga um lángan aldur fyrir land og lýð, sèu vel og grandgæfilega skoðuð, heldur en að þeim sè unnið með mjög miklum hraða, því þar um gildir hið fornkveðna, *sat cito, si sat bene,* eður: það skal vel vanda, sem leingi á að standa.

Forseti: Þar eð einginn ræðir þetta mál frekar, lízt mèr það nægilega rædt til undirbúnings.

Forseti: Af því eg hefi hèr nú alla þíngmenn safnaða, vil eg leyfa mèr að bera upp við alþíngið það framvarp frá sjálfum mèr, er síðan í gær dag legið hefir á lestrarsalnum, ásamt 2 brèfum til mín, öðru frá þeim hæstvirta konúngsfulltrúa, öðru frá alþíngisins nú veranda bóksala. Framvarpið áhrærir, að stöðug 3 manna nefnd verði valin meðal þeirra konúng- eða þjóðkjörnu alþíngismanna, er búa í Reykjavík, eða í grend við hana, hver nefnd hafa ætti á hendi að ákveða upplagsstærð alþíngistíðindanna og þeirra verðhæð, samt að semja um prentun þeirra, sölu og sendíngu út um landið. Þetta málefni heyrir sjálfsagt til innri högum alþíngisins, og svo að segja þess húss-og búnaðar-stjórn, og því er það ekki ásetníngur minn með framvarpinu, að með það skuli farið sem bænarskrá, að það sè tvívegis rædt, og svo frv., heldur einúngis, að alþíngið nú strax segi meiníngu sína um efnið og ráði því til lykta, hvar til eg ekki þóktist hafa köllun eingaungu, af því ályktunin átti að gilda leingri tíma en mína forseta-tíð.

Kammerráð Melsteð: Eg þykist vita, að allir þingmenn muni í einu hljóði fallast á uppástúngu hins heiðraða forseta. En áður en geingið er til atkvæða um að velja nefnd, vil eg leiða athuga þingmanna að einu atriði, sem þeim öllum, ef til vill, ekki er svo ljóst. Sú 65. grein í alþingistilskipuninni ákveður, að forseta ekki megi velja í nefnd, og segir, að þetta leiði af ákvörðunum sömu tilskipunar í 49. grein, sem telur upp skyldur forseta á þinginu og felur honum á hendur að stýra aðgjörðum þingsins og málefnanna meðferð á því. Þetta boðorð er nú bæði eðlilegt og vel til fallið; því forseti mundi ei til hlítar geta gætt skyldu sinnar á þinginu, ef hann mætti í nefndir kjósa, því hvorki gæti hann komizt yfir það, og líka mundi þetta koma stundum í bága hvað við annað. En nefnd sú, er nú á að velja í, er alls annars eðlis, en þær, sem kosnar eru til að rannsaka og segja álit sitt um málefnin á þinginu. Hún á einúngis að hafa á hendi utanþings-störf og það einmitt þau, sem eru náskyld þeim störfum, er forseti annars á hendi hefir, og koma eingan veginn í bága við skyldur hans sem forseta. Eg álít því ei einúngis leyfilegt, að velja forseta í þessa nefnd, heldur og einnig nauðsynlegt, að hann sè í hana kjörinn, þar sem um svo fáa er að velja, þar ei verða aðrir í hana kosnir, en þeir menn, sem búsettir eru í eða nálægt við Reykjavík. En af reglu - og framkvæmdarsemi forseta má þess vænta, að hann bæði verði þinginu og nefndinni til mikilla nota, ef hann verður í hana kjörinn. En þar eð eg álít það mjög áríðandi fyrir þingið, að það í eingu breyti út af þeirri reglugjörð, sem því er gefin, og við hverja það er og á að vera bundið, vil eg leyfa mèr að biðja hinn hæstvirta konúngsfulltrúa, að segja þingmönnum álit sitt um þetta málefni, áður til atkvæða sè geingið.

Forseti: Sem alþingismaður gæti eg ekkert haft á móti, að eg væri valinn í þessa nefnd; en það er í öðru tilliti, að eg vildi mælast undan því, því eg er nákominn venzlamaður þess, er hingað til haft hefir á hendi þingtíðindanna sölu, og sem máske framvegis yrði til þess feinginn með betri kjörum, en hann áður hafði, og óttast eg þá fyrir, að velvilji minn til hans, ef við hann væri að semja, yrði í bága við skyldu mína við alþingið og landið. Eg vona því alþingið ekki setji mig í þá stöðu.

Kammerráð Melsteð: Fyrir því mundi eingan veginn þurfa ráð að gjöra, og eg fyrir mitt leyti ber eingan kvíðboga fyrir, að hinn heiðraði forseti mundi verða bókasölumanni vilhallur, þó hann sè honum venzlaður; enda getur hver þingmaður vegið þetta atriði með sjálfum sèr, áður en hann gefur nefndarmönnum sitt atkvæði.

Konúngsfulltrúi: Þar eð til þess var mælzt, að eg lèti í ljósi álit mitt um þetta atriði, þá vil eg geta þess, að þegar borin er saman 49. og 65. grein í alþingis tilsk., þá virðist mèr það laust við allan efa, að það hefir ekki verið tilgángur tilskipunarinnar að banna, að forseti yrði kosinn í þesskonar stöðuga nefnd, sem alþing vildi fela á hendur, einnig millum þinga, að gegna þeim störfum, sem snerta hið innra fyrirkomulag alþingisins og efnahag þess.

Prófastur Hannes Stephensen: Mèr virðist það þarflegt og nauðsynlegt, að föst nefnd sè kjörin til að ákveða fyrir fram, hve mikið prenta skuli af alþingistíðindunum; en mèr virðist minni þörf að fela henni að ákveða verðhæðina eða semja við sölumann; það getur þingið sjálft gjört, þegar það kemur saman; þó er eg þessu fyrir sjálfan mig ekkert mótfallinn.

Forseti: Það eru þó öll líkindi fyrir, að þingtíðindin ekki verði fullprentuð, og því ei sèð fyrir endann á stærð þeirra, fyrri en laungu eptir þingtímann, og eptir stærð þingtíðindanna fer að líkindum verðhæð þeirra.

Prófastur Hannes Stephensen: Þingið getur eins ákveðið verðhæðina, hvort þingtíðindin svo verða stór eða lítil, hèr eptir eins og hingað til; en, eins og eg sagði áður, eg hefi þar fyrir eingin mótmæli um, að nefndinni sè þetta einnig falið.

Forseti: Fyrst enginn mótmælir þessari uppástúngu (því þó þingmaður Borgfirðinga hafi látið efa nokkurn í ljósi viðvíkjandi henni, virðist mèr ekki, að hann gjöri mikið úr honum), þá vil eg óska, að þingið kjósi til þessa starfa nefnd manna af þeim þingmönnum, sem búa í Reykjavík, eða í grend við hana, eins og uppástúngan fer fram á.

Var þá geingið til atkvæða, og þessir í nefnd kvaddir: Jústizíarius Sveinbjörnsson með 18, jústizráð Thorsteinsen með 13 og umboðsmaður Jón Guðmundsson með 11 atkvæðum.

Loksins var lesin upp

1. Allraþegnsamlegust bænarskrá alþingis til konúngs, um leyfi til að sigla upp Sauðárkrók og verzla þar á sjó, svo látandi:

## Til konúngs.

Fyrir alþíng hefir verið framborin bænarskrá, undirskrifuð af 203 búandi mönnum í Skagafjarðarsýslu, sem beiðist þess, að þingið allraþegnsamlegast sendi Yðar Hátign bænarskrá um, að leyfð verði uppsigling til verzlunar á sjó við Sauðárkrók, sem er vík sú af Skagafirði, sem leingst nær inn, vestan Hèraðsvatna.

Mál þetta var feingið 3 manna nefnd til íhugunar, og síðan rædt á 2 aðalfundum, og leyfir þingið sèr nú allraþegnsamlegast að láta álit um það í ljósi á þessa leið. Þínginu fannst það mæla til hlítar fram með bænarskránni, að ef hún feingi Yðar Hátignar allramildustu áheyrslu, þá yrði mörgum bændum sparaður mikill ferðakostnaður og mikil tímatöf við kaupstaðarferðir, og að hins vegar ekki eru líkindi til, að verzlan þeirra tveggja fastakaupmanna, sem höndlun hafa lángt út með Skagafirði austanverðum í Hofsós og Grafarós (sem liggja fyrir sömu höfn), yrði að óstöðugri fyrir það; því margir fara opt, eins og nú er, úr Skagafjarðardölum með vörur sínar til Akureyrar, og margir, sem vestan til búa í firðinum, til Skagastrandar; þó bæði þessir og hinir eigi yfir lánga og örðuga fjallvegi að sækja, kjósa þeir þetta heldur en að sæta skemdum á vörum sínum í Hèraðsvötnunum og fleiri vötnum á kaupstaðarleiðinni, eða að verða að kaupa sèr ferjur og tefjast við það að láta ferja vörur sínar. Þingið fann einnig, að það mætti fremur verða þeim skagfirzku fastakaupmönnum til hags en óhags, ef sá eini lausakaupmaður, sem vanur er að koma á Hofsóshöfn, verzlaði heldur eða með fram á Sauðárkróki. Þar eð þingið þannig varð að álíta bænarskrána á góðum rökum bygða, fèllst það, svo að segja í einu hljóði (með 20 atkvæðum gegn 2), á það, að því bæri að mæla með því við Yðar Hátign, að sjóverzlun yrði leyfð á Sauðárkróki.

Fyrir því leyfir þingið sèr í dýpstu auðmýkt að beiðast þess: Að Yðar Hátign allramildilegast mætti þóknast að veita kaupmönnum og lausakaupmönnum leyfi til sjóverzlunar á Sauðárkróki í Skagafjarðarsýslu og Norðuramtinu.

Th. Sveinbjörnsson. H. Jónsson.

2. Allraþegnsamlegast álit þingsins um frumvarp til opins brèfs um tíma þann, sem þarf til að öðlast framfærslurètt á Íslandi.

## Til Konúngs.

Yðar konúngl. Hátign hefir allranáðugast látið bera upp á alþíngi til þess ráðaneytis frumvarp til opins brèfs um breytíngu á þeim tíma, sem á Íslandi þarf til að eignast sveit eptir 6. grein í reglug. 8. Jan. 1834.

Þíngið kaus 3 manna nefnd til að íhuga þetta mál, og ræddi það því næst á 2 fundum, og þó undir umræðum málsins kæmi fram nokkur meiníngamunur, urðu þó þíngmenn með 22 atkvæðum gegn 1 allir á því, að frumvarpið ætti að leiðast í lög hèr á landi.

Þannig leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast að bera það fram:

Að frumvarpið megi öðlast lagagildi, en þó, með 14 atkvæðum gegn 9, með þeirri breytíngu í orðaskipun, að önnur grein, frá orðinu „þurfandi", hljóði þannig: „fyrr en þeir í þeim hrepp eða öðrum hafa með 10 ára samfleyttri dvöl unnið sèr framfæri".

Th. Sveinbjörnsson. Jónassen.

Því næst var fundi slitið.

---

## 16. Júlí — þrettándi fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykt.

Forseti lagði fram

78, Bænarskrá frá Reykjavíkurbæ, um frumvarp til reglugjörðar fyrir barnaskólann samastaðar, og mælti því næst:

Það er að vísu svo, að bænarskráin í fyrsta áliti einúngis virðist að viðkoma Reykjavík, þar eð hún biður um frumvarp til reglugjörðar fyrir barnaskólann þar, en samt sem áður er það meiníng mín, að alþíngið eigi að gefa henni allan gaum, og ekki held eg hún sè svo sèrstaks eðlis, að henni fyrir þá sök eigi frá að vísa; því bæði er það, að hún viðvíkur mjög svo áríðanda málefni fyrir allan Reykjavíkurbæ, og líka er Reykjavík heilt kjörstjórnar-umdæmi sèr, hvaðan einn fulltrúi er sendur til þíngsins. Óska eg því, að þíngmenn láti í ljósi meiníngu sína um, hvað við skuli gjöra bænarskrá þessa.

Ásgeir Einarsson: Þó bænarskrá þessi sè þess efnis, sem einúngis getur áhrært Reykjavík, er þó innihald hennar

íhugunarvert, og legg eg það til, að þrír menn, sem kunnugir eru í Reykjavík, sèu í nefnd kvaddir til að íhuga þetta mál.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eg verð að leyfa mèr að óska, að bænarskráin sè lesin upp.

Þá var bænarskráin lesin upp, og að því búnu tók til orða

Stiptprófastur Árni Helgason: Mèr hefir verið falið á hendur að koma á framfæri þeirri bænarskrá, sem nú er lögð fyrir þingið; og vil eg því biðja, að henni verði tilhlýðilegur gaumur gefinn, og nefnd valin til að íhuga málið gjör. Að fara þessu á flot er því meiri nauðsyn, sem meiri er þörfin fyrir Reykjavík að fá reglulegan barnaskóla, þar eð hèr er mjög fjölmennur söfnuður. Það mætti og mæla fram með bæninni, að hvergi hèr í landi er hægra að koma barnaskóla á fót; því þèttbýlið er svo mikið, að einginn erviðleiki er fyrir börnin að sækja skólann daglega. Það lítur að sönnu svo út, og eg játa, að svo sè, að barnaskólastiptun í Reykjavík er fyrst og fremst þessu plázi til hagræðis og gagns; en fleiri hèröð geta með tímanum haft þar af gagn: því allir vita, að únglíngar eru ekki fastbundnir við þá staði, hvar þeir uppalast, heldur dreifast víðs vegar út um landið; og hafi þeir í skólanum feingið betri mentun en aðrir, og lært betri siði, svo bera þeir það með sèr, sem þeir á yngri árum hafa aflað sèr, og verða þeim mun uppbyggilegri í sinni stöðu; hvar af margur getur þá gott hlotið. Því bið eg þingið taka málið undir nefndarálit, og ætla eg, að nægja megi, að í þá nefnd sèu valdir þrír menn.

Kandíd. Jón Sigurðsson: Mèr er ekki enn þá ljóst, að það sè til nokkurs gagns, að þingið kjósi nefnd í þetta mál, þó eg viðurkenni fúslega að öðru leyti, að það sè yfrið merkilegt í sjálfu sèr og gagnlegt fyrir Reykjavík og sveitina hèr. Eptir því sem þetta mál er vaxið, virðist mèr bezt eiga við, að nefnd sú, sem sett er til að stjórna barnaskólanum, gjörði uppástúngu um allt fyrirkomulag hans, og það geingi síðan til hlutaðeigandi embættismanna til ítarlegri rannsóknar. Þar sem talað er um bágan fjárhag skólans, þá er þó kunnugt, að gjafasjóður Thorkillii er hèr til, og er ætlaður handa barnaskóla í Gullbríngusýslu; en mèr er reyndar ekki kunnugt, hvort þessi skóli nýtur nokkurs af þeim sjóði eða ekki.

Ásgeir Einarsson: Hvað því viðvíkur, sem flutníngsmaður hænarskrárinnar gat um, að það, sem bænarskráin fer fram

á, gæti verið umvarðandi landsmenn yfir höfuð, þá þykist eg ekki þurfa að svara því að þessu sinni, þar eð það getur komið til umræðu seinna, ef nefnd verður kosin.

Sveinn Sveinsson: Eg er samþykkur hinum virðulega þingmanni frá Ísafjarðarsýslu, og held ekki hlýða að setja nefnd í þessu málefni, þar eð svo margt er komið til þingsins aðgjörða, og hefir það verið álitið nægilegt verkefni.

Ásgeir Einarsson: Þegar eg mælti fram með nefnd í málinu, gjörði eg það, af því eg ímyndaði mèr, að sú nefnd mundi geta undirbúið málið til hlítar, svo það gæti geingið til stjórnarinnar; og þess vegna virðist mèr það enn ísjárvert, að gefa hænarskránni eingan gaum. Þar sem þess hefir verið getið, að málefni þetta sè einkum gagnlegt fyrir Reykjavík, þá held eg, að alþíng ætti að gefa því gaum fyrir það, eins og bæjarstjórnarmálinu í Reykjavík á hinu fyrra þíngi. Eg man það að sönnu, að í hitt eð fyrra var bænarskrá frá iðnaðarmönnum í Reykjavík vísað frá; en þó mèr finnist, sem meiri ástæða væri kannske fyrir því, held eg samt, að það kunni að verða óvinsælt, ef slík aðferð er viðhöfð.

Konúngsfulltrúi: Eg er í aðalefninu samdóma því, er alþíngismaður Ísfirðínga sagði fyrir skemstu. Bænarskrá sú, sem upp var lesin, er þess innihalds, að alþíng skuli biðja konúng um, að barnaskólanum í Reykjavík verði breytt á þá leið, sem skólar eru í Danmörku, en þó með þeim tilbreytíngum, sem hèr eru nauðsynlegar. Alþíngi er, ef til vill, ekki ókunnugt, að skólamálefni eru í Danmörku bygð á öðrum grundvallarreglum, en þeim, sem menn allt til þessa hafa álitið eiga vel við að fylgja í Reykjavík. Í Danmörku er hverjum húsbónda lögð sú skylda á herðar að láta börn sín í skóla, nema hann sanni, að þau hafi með öðru móti næga tilsögn. Gæti hann ekki þessarar skyldu, varðar það sekt. En þessari skyldu er einnig samferða önnur skylda, sem allir verða að gángast undir, og það er að leggja sinn skerf fram í þarfir skólanna, t. a. m. laun kennara, o. s. fr. Í flestum kaupstöðum í Danmörku eru þar að auk á stofn settir alþýðuskólar eður frískólar, og eru þángað send þau börn, hverra foreldrar ekki borga skólagjald, og borgaraskólar (eður einskonar realskólar); eiga börnin í þessum síðarnefndu skólum von á meiri mentun, en fyrir þau verður þá einnig að borga sèr í lagi. Hvort og að hve miklu leyti Reykjavíkur-kaupstað má nú álíta svo

lángt á leið komnm í framför sinni, að hèr yrði komið við líkri grundvallarreglu, hvort öll börn í kaupstaðnum gætu tekizt í sama skólann, eða hvort ekki mundi þörf gjörast að setja á stofn 2 skóla, fyrir þá sök að kenslan þarf að vera sitt með hvoru móti handa börnum þeirra tveggja flokka, sem í kaupstaðnum búa, borgara og tómthúsmanna, í stuttu máli, hvernig öllu skólamálefninu bezt og hentugast verður komið fyrir, það verður eptir minni hyggju ekki vel rannsakað af þeim mönnum, sem ekki þekkja mjög nákvæmlega, hvernig öllu hagar til hèr í kaupstaðnum. Eg ætla þess vegna, að það sè forstöðunefnd skólans, og hún einúngis, sem helzt hlýtur að geta metið það, hve nær tími er til að byrja þá umbreytíngu á skólanum, sem til er bent, og hvernig hún þá á að vera löguð. En þegar þessi forstöðunefnd er komin á þá sannfæríngu, að tíminn sè kominn, þá byrja skal, þá stendur það henni næst að skýra frá áliti sínu á því, hvernig ráða á öllu því máli til lykta; og þegar allir þeir, sem hlut eiga að máli, hafa tilhlýðilega rannsakað það, yrði skóla-nefndin fyrir milligaungu stiptsyfirvaldanna að bera málið upp fyrir hlutaðeiganda stjórnarráði, til þess málið því næst gæti tekizt til venjulegrar meðferðar. Þegar svo málinu skyldi ráða til lykta með lagaboði, yrði að leggja lagafrumvarp þar að lútandi fyrir alþíng. En eins og málið nú er vaxið, sè eg ekki, að alþíng geti frekar tekið það til greina.

Kammerráð Melsteð: Eg er að sönnu sömu meiníngar sem hinn háttvirti forseti, að mál þetta sè þess eðlis, að það geti komið fyrir alþíng, þó það einúngis áhræri bæinn Reykjavík; því þó eitt málefni einúngis komi við einu einstöku hèraði eða sýslu í landinu, ef það er annars svo á sig komið, að um það verður að semja lagaboð, þá heyrir það undir þíngsins aðgjörðir og ráðaneyti. En samt sem áður verð eg að vera á sama máli sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi og þeir þíngmenn, er áður hafa talað, að þíngið, að svo komnu, eigi ekki að taka til aðgjörðar þá bænarskrá, sem nú er fyrir það framkomin. Alþíngismennirnir þekkja svo lítið til, allflestir, hvernig bæta skuli annmarka þá, er vera kunna, nú sem stendur, við barnaskólann í Reykjavík, að þeir munu fá gagnleg ráð geta þartil lagt, og það mundi þess vegna vera til lítils, að þíngið tæki málefni þetta til íhugunar. Til þess að koma barnaskólanum í betra horf en nú er, þarf nákvæma þekkíngu

bæði á skólans högum og ástandinu hèr í Reykjavík. Þessa þekkingu má nú þykja líklegt að skólanefnd sú, er undirskrifað hefir bænarskrána, hafi fremur öðrum, og hún sýnist því öðrum fremur vera kjörin til að semja hentugt frumvarp til reglugjörðar um endurbót skólans. Þessa reglugjörð ætti síðan að skoða nákvæmar hlutaðeigandi yfirvöld og stjórnarráð, og þá fyrst, þegar svo lángt væri komið, mundi það hlýða, að leggja hana fyrir þingið. Sú bænarskrá, sem hèr er framkomin, inniheldur þar á móti eingar bendíngar til, hvernig endurbót skólans skyldi ske, og gefur þingmönnum þess vegna einga nýtanlega leiðbeiníngu. Hèr að auki ættu þingmenn að aðgæta, að á þingtímann er mjög svo liðið, að vart lítur svo út, að þau málefni, sem nú eru þegar fyrir þingið lögð og tekin af því til skoðunar, verði til lykta leidd, og eru mörg þeirra þó mikils umvarðandi. Eg ræð því frá að setja nefnd í málinu.

Forseti: Af því mèr virðist, sem sumir sèu móti, en sumir með nefnd í þessu málefni, þá vil eg skjóta því til atkvæða þingsins, hvort nefnd skuli kveðja um það.

Voru þá atkvæði greidd, og fèll bænarskráin með 20 atkvæðum gegn 3.

Forseti framlagði þá til ályktarumræðu nefndarálitið um birtíngu konúnglegra frumvarpa fyrir fram, með breytíngaratkvæði kammerráðs Melsteðs og prófasts H. Jónssonar.

Framsögumaður prófastur Hannes Stephensen las upp breytíngaratkvæðið, svo hljóðanda:

„Að birt verði, að svo miklu leyti mögulegt er, missiri fyrir þíng hvert þau konúnglegu frumvörp, sem ætlað er til að borin verði upp á því.“

Að svo búnu mælti Framsögumaður: Eg ætla eingum orðum að eyða til skýríngar álitsskrá þessari; hún var hèr á þíngi lesin í gær, og með umræðum manna þá, að mèr virtist, til hlítar skýrð. Hvað áhrærir það upplesna breytíngar-atkvæði tveggja konúngkjörinna þíngmanna, get eg þess að eins, að mèr virðist, sem umræður manna í gær og mótmæli móti nefndarinnar uppástúngu væru helzt á því bygðar, að nefndin vildi eingin þau mál lögð undir alþíngis skoðun, sem ekki væru missiri áður birt þíngmönnum, en þessu er eingan veginn þannig varið; nefndin óskar sjálfsagt, að öll mál yrðu birt fyri fram, en þar sem því ómögulega verður við komið, eins og nú var um þau tvö konúnglegu frumvörp, þá vill nefndin

ekki útiloka þvílík frumvörp, og hún var glöð af, að þau tvö strax nefndu heldur voru lögð fyrir þingið nú, en geymd næsta þingi. En birtingin verður annaðhvort að ske missiri fyrir þing eða ekki: því svo stendur á um skipaferðir millum Danmerkur og Íslands, að ekki er að reiða sig á vetrarferðir. Misskilningur einn virðist því að hafa gefið tilefni til breytingar-atkvæðisins.

Prófastur Halldór Jónsson: Mèr hefði ekki dottið í hug að bera upp breytingaratkvæði, viðvíkjandi málefni þessu, ef eg hefði álitið, að í niðurlagsorðum nefndarálitsins gæti legið sú meining, sem hinn heiðraði framsögumaður nú vill leggja í þau, og sem er samkvæm breytingar-atkvæðinu.

Umboðsmaður Þorvaldur Sívertsen: Eg fyrir mitt leyti hefi ætíð verið á því, og sú èr enn þá meining mín, að auglýsing enna konúnglegu frumvarpa fyrir fram væri mjög mikils varðandi og nauðsynleg. Líka hefi eg verið á þeirri ætlan, að það mundi eingin meinbón, þó slíku væri farið á flot við stjórnina. Þó eg nú fremur sè farinn að veiklast í þeirri síðar nefndu ætlan minni, hygg eg það samt með öllu óhætt að biðja þessa; stjórnin veitir það eina, hvort heldur það er í þessu málefni eður öðrum, sem hún getur, einginn ætlast til meira; en hins vegar mun heldur einginn efast um vilja hennar, að gjöra allt hvað í hennar valdi stendur, til uppfyllingar þessari áríðandi og almennu ósk þjóðarinnar.

Ásgeir Einarsson: Eg hefi ekki tekið til orða í þessu máli fyrri en nú. Mèr gat aldrei dottið í hug, að nokkur mundi mæla á móti uppástúngunni, þegar hún var borin upp á hinu fyrra þingi, og sízt með þeim orðum, sem þá var gjört. Nú er það orðið aðalumræðuefni, hvort stjórnin muni geta fullnægt ósk þeirri, sem nefndarálitið ber fram. Eg fyrir mitt leyti held nú, að stjórninni sè þetta ekki ómögulegt, og hvað því viðvíkur, sem sagt hefir verið, að ef stjórnin fèllist á nefndarálitið, mundi það tálma útkomu nauðsynlegra lagaboða, er fljótt þyrfti að koma út, þá ímynda eg mèr, að stjórnin, þegar svo bæri að, gæti haft sömu aðferð, sem hún hafði með friðun æðarfuglsins, án þess að þurfa að semja þar um frumvarp, er birtast skyldi þjóðinni og leggjast síðan fyrir alþing. Mèr hefir nú skilizt svo nefndarálitið, sem það einúngis óskaði, að frumvörp þau yrðu þjóðkunn, er leggjast ættu undir alþing, og held eg, að það þyrfti ekki að vera því

til fyrirstöðu, þó konúngur einstakasinnum fyrst um sinn legði úrskurð á eitthvert mál, sem kæmi frá alþíngi, eins og gjört var um friðun æðarfuglsins.

Að öðru leyti er eg sömu meiníngar sem sá konúngkjörni þíngmaður hinnar verðslegu stèttar um það, að flýta ekki um of vandamálum. Held eg því optast mundi verða nægur tími til að gjöra frumvörpin þjóðkunnug, áður en þau koma fyrir alþíng. Hvað því viðvíkur, að einginn af þjóðinni hefir auglýst frumvörp á prenti, þá getur að nokkru leyti sú verið orsökin, að alþíngistíðindin komu svo seint til alþýðu; og þar að auki munu ekki margir eiga kost á því, að láta prenta slík frumvörp eða bænarskrár.

Kammerráð Melsteð: Eg skal ekki fara mörgum orðum um þetta mál; það var rædt svo leingi í gær, og er svo ljóst í sjálfu sèr, að það mætti virðast óþarfi. Eg bið þíngmenn einúngis nákvæmlega að aðgæta útleggíngu hins heiðraða framsögumanns á nefndar-uppástúngunni. Hún hlýðir öldúngis upp á breytíngar-atkvæðið, og er því samkvæm, en eingan veginn nefndar-uppástúngunni. Hann segir, að nefndin vilji ekki biðja um, já, að henni hafi ekki komið til hugar að biðja um, að lagafrumvörpin verði birt fyrir fram, nema því yrði viðkomið. Þetta er nú einmitt það, sem breytíngar-atkvæðið biður um; en nefndar-uppástúngan biður fortakslaust um, að öll frumvörp verði birt missiri fyrir fram, og yrði þessu fylgt, hlýtur það að ske, hvort því yrði við komið eða ekki. Eptir þessari útleggíngu hefði því nefndin átt að fallast á breytíngar-atkvæðið, og eg fæ ekki skilið, hvernig hún getur látið það vera, án þess að koma í mótsögn við sjálfa sig; og ef eg hefði getað sèð, að nefndar-uppástúngan hefði í nokkurn máta getað komið saman við útleggíngu framsögumannsins, þá hefði mèr ekki komið til hugar að koma fram með breytíngar-atkvæði framar en hinum konúngkjörna þíngmanni andlegu stèttarinnar, sem áðan talaði. Þeir þíngmenn, sem aðhyllast útleggíngu framsögumannsins, ættu því að fallast á breytíngar-atkvæðið.

Framsögumaður: Það ætlar að verða nauðsynlegt, að lesa upp nefndarálitið, það er þá svona: Að þíngið eigi allra-þegnsamlegast að biðja hans Hátign skipa, að það fyrsta mögulegt er, (þess vegna er ekki um þau málin að tala, sem, eins og nú stóð á um þau tvö konúnglegu frumvörp, ekki verða fyrir fram birt) og í hið minnsta missiri fyrir al-

þíng hvert (því seinna verða þau ekki birt, eptir sem nú ástendur) verði öll konúngleg frumvörp birt, sem fyrir alþíng eiga að berast, bæði þau sem konúngur sjálfur hefir látið semja frá rótum, og þau sem bænarskrár og uppástúngur landsmanna hafa gefið tilefni til. Þannig hefir nefndin hugsað bænina, og bið eg meðnefndarmenn mína að mótmæla, ef þeir hafa annan skilníng lagt í orðin.

Konúngsfulltrúi: Hinn virðulegi framsögumaður sagði nú fyrir skemstu, að hann ætlaði að lesa uppástúngu nefndarinnar; en þegar hann kom að orðinu „öll“, þá hætti hann lestrinum. Að það hafi ekki verið tilgángur nefndarinnar að ráða þínginu til að beiðast þess, sem var öldúngis ómögulegt, það getur mèr vel skilizt. En hèr við er það aðgætandi, að það væri eingan veginn vegna útvortis tálmana ómögulegt fyrir stjórnina að verða við slíkri bæn, sem þeirri, er uppástúnga nefndarinnar fer fram á; þvert á móti gæti þetta auðveldlega gjörzt á þann hátt, að lagafrumvörp þau, sem ekki yrðu auglýst í tækan tíma á undan alþíngi, væri látin bíða næsta þíngs; þesskyns aðferð er einúngis af innvortis rökum ómöguleg, af því hún opt hlyti að hafa í för með sèr bersýnilegar illar afleiðíngar.

Kandídat Jón Sigurðsson: Eg verð að játa, að eg get ekki enn þá skilið uppástúngu nefndarinnar öðruvísi en fyrri; mèr finnst nauðsyn til að nefna „öll“ frumvörpin, því hvers vegna skyldi nefndin taka nokkur undan? og hver átti hún að taka undan? Öll sú undantekníng, sem nauðsynleg er, liggur í orðunum, „að svo miklu leyti sem mögulegt er“; þar með hefir nefndin sýnt, að hún æskti ekki frumvörp útibyrgð frá þínginu, þó þau hefði ekki orðið birt á undan.

Konúngsfulltrúi: Hinn virðulegi nefndarmaður, er nú talaði, hefir víst ekki nýlega lesið uppástúngu nefndarinnar; því hann sagði nú, og tók upp aptur með berum orðum, að í uppástúngunni stæði „að svo miklu leyti, sem mögulegt sè„. En þessi orð standa ekki í uppástúngunni. Þar segir svo: „hið fyrsta mögulegt er, og að minnsta kosti missiri fyrir þíng hvert“. Það er bert, að þessi orð hafa allt aðra þýðíngu.

Forseti: Þar einginn hefir í umræðum málsins komið fram með mótmæli gegn bænarskránni, að einum undanskildum, þá

þarf eg ekki að efast um, að þingið vill, að bænarskrá til konúngs sè samin um þetta málefni; hitt kann að vera nokkrum efa undirorpið, hvernig hún eigi að vera orðuð; og vil eg því spyrja:

Hvort þingið heldur vill fylgja orðum nefndarálitsins eða breytíngaratkvæði þeirra kammerráðs Melsteðs og Haldórs prófasts Jónssonar?

Breytíngaratkvæðið samþykt með 14 atkvæðum gegn 9. Því næst var fundi slitið.

---

## 17. Júlí — fjórtándi fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykt.

Forseti framlagði til undirbúnings-umræðu nefndarálit um vörumat og vörumatsmenn, og afhenti það framsögumanni nefndarinnar, prófasti Hannesi Stephensen; las hann það upp, ásamt frumvarpi til reglugjörðar um vörumat, svo hljóðanda:

### NEFNDARÁLIT
um vörumat á Íslandi.

Hið heiðraða alþíng hefir þann 8. dag þessa mánaðar kosið oss í nefnd, sem ritum nöfn vor hèr undir, til að rannsaka og segja álit vort um bænarskrá þá, sem eg, Þ. Tómásson, hefi borið fram fyrir þíngið, um nauðsyn betri verkunar saltfisks og annara vörutegunda, ullar og tólgar, hèr í landi. Hafa oss síðan komið til handa ýms brèf, bæði frá enu konúnglega rentukammeri og öðrum, þessu málefni til skýríngar og til upphvatníngar reksturs þess.

Erum við allir samhuga á því, að fulla þörf beri til, að lagfæríng mætti komast sem fyrst á verkan ennar innlendu vöru, einkum fisks, ullar og tólks; því margra undanfarinna ára reynsla hefir sýnt, að vörutegundir þessar hafa ofmjög staðið á baki samkynjuðum vörum annara landa; könnumst vèr að sönnu við, að árferði og aðrar kríngumstæður unnu hið fyrra árið mest að því, að saltfiskurinn var þá venju fremur illa verkaður, en verkun annarar vöru er minna, eða ekki undir árferðinu komin.

Þegar vèr nú rekjum apturför vöru-verkunarinnar að upptökunum, þykjumst vèr með sanni finna tvær hennar aðal-orsakir, hvar af hin hèr fyrr talda þó er af hinni síðar töldu

fædd; það er: 1) raung sèrplægni landsmanna og 2) hirðuleysi og ósannsýni verzlunarmanna. Því þannig hefir framfarið um verzlunina í mjög mörg ár, að sá sem mestar hefir flutt vörurnar til verzlunarmanna, hefir að beztum kaupum setið, hversu illa sem vara hans hefir verið verkuð, og hafi einhvern tíma svo við borið, að einhverjum verzlunarmanni, þar sem fleiri eru í sama kauptúninu, hafi blöskrað svo verkun vörunnar, að hann ekki hafi viljað taka hana eða gefa fyllsta verð fyrir, hefir hún geingið ljúflega út hjá öðrum; hefir svo dæmi þeirra leidt þá á sömu afvegu, sem betur höfðu vandað vöru sína, en feingu hana eingu betur selda, ef ekki með þeim mun lægra verði, sem hún var minni, svo þeir einir hafa á hinum síðustu árunum komið með vandaða vöru til kaupstefnu, hvar verzlun fór þannig fram, sem sjálfra sín blygðuðust að selja af hendi illa verkaða vöru, eða hugsuðu um heill þjóðarinnar á ókomnu tímunum.

Oss virðist nú það eina ráð liggja til, að afstýra vandræði því, sem þegar er í komið, og sem horfir til auðnar allri íslenzkri verzlun, en koma henni aptur á framfara veg, hvar undir en mesta heill vor er komin, að eiðsvarnir vörumatsmenn verði settir í kauptún öll, undir hverra skoðun og mat verzlunarmenn allir sèu skyldir að leggja vörur sínar, sem þeir flytja vilja til útlanda, og gjöri það, þegar þeir hlaða skip sín, svo að einnig þær vörurnar, sem þeir sjálfir láta verka, og sem opt ekki eru alllitlar, einkum saltfiskur, eins komi undir mat og þær sem þeir kaupa að, en megi kalla vörumats-mann til að skoða og meta vöru þá, sem þeim er boðin til kaups, ef þá og seljendur greinir á um gæði hennar. Það er því meiníng vor, að amtmenn hvetji innbúa amta sinna til vandaðrar vöruverkunar með umburðarbrèfum, sem innihaldi reglur fyrir rèttri verkun og meðferð enna helztu útfærslu-aura landsins, saltaðs og herts fisks, ullar, tólks, lýsis og æðardúns, eins og þegar er gjört í suðuramtinu, hvað saltfisks verkun áhrærir, með umburðarbrèfi af 28. Apríl í ár; en eiðsvarnir vörumats-menn verði settir í kauptún hvert, sem meti og auðkenni vörurnar, áður þær eru bornar á skip, og með vitnisburðum tryggi það og gjöri óefanlegt, að ekki verði illa verkaðar vörur útfluttar blandaðar saman við enar góðu og velverkuðu, verzluninni til hnekkis. Höfum við samið frumvarp til reglugjörðar um vörumat í kauptúnum Íslands, einkum kríngum Faxaflóa, er gæti,

ef hún reyndist hæfileg, orðið með breytingum þeim, sem ásigkomulag hvers kauptúns gjörir nauðsynlegar, til eptirbreytni í hinum öðrum kauptúnum landsins. Í frumvarpi þessu, sem vèr fylgja látum nefndaráliti voru, höfum vèr gjört ráð fyrir verðlaunum, er þeim veitist, er bezt vanda vöru sína, og ætlum, að þau með hógværum áminníngum yfirvaldanna og góðum ráðum, sem kend yrðu almúgamönnum til betri vöruverkunar, mundi vinna einkar mikið að framförum landsins í þessu efni. Vèr leyfum oss að skýra þínginu frá, hvernig vèr höfum gjört áætlunar-reikníng yfir inn- og útgjöld vörumatssjóðsins; vèr ætlum nefnilega, að út sè flutt ár hvert frá þeim 3 verzlunarstöðum, Reykjavík, Hafnarfirði og Keflavík:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 8000 Skʃ af fiski: vörumats-gjald . . . . . | 1666 rbd. | 64 sk. |
| 1000 — ullar og tólgar: vörumats-gjald . . | 833 — | 32 - |
| 400 tunnur lýsis — — — | 100 — | „ - |
| 300 ℔ æðardúns — — — | 12 — | 48 - |
| | 2612 — | 48 sk. |

Útgjöldin.

| | | |
|---|---|---|
| 1. Laun 2 vörumats-meistara frá Danmörk, hvors 400 rbd. . . . . | 800 rbd. | „ sk. |
| 2. Laun 4 innlendra vörumats-sveina, hvors 150 rbd. . . . . | 600 — | „ sk. |
| Aukaútgjöld . . . . . | 145 — | 80 sk. |
| til verðlauna eptir . . . . . | 1066 — | 64 sk. |
| Jafnaðar-hæð | 2612 — | 48 sk. |

Ætlum vèr, að áætlunar-reikníngur þessi muni sanngjarnlega hár bæði í inn- og útgjöldum, og höfum fyrir oss greinds verzlunarmanns álit um það; vèr vitum og það, að vörumat þetta mundi verða vinsælt verzlunarmönnum, því nokkrir af þeim hafa látið þá ósk sína í ljósi, að vörumatið mætti komast á.

Það er því sameiginlegt álit vort, að alþíngið eigi allraþegnsamlegast að beiðast þess, að Hans Hátign konúngurinn vilji allramildilegast leggja frumvarp til tilskipunar fyrir alþíngið, sem bjóði, að allar vörur, sem flytjast frá landi þessu, verði áður metnar af eiðsvörnum vörumats-mönnum, svo ábyrgð hafist fyrir, að góðar vörur einar verði hèðan fluttar frá Íslandi til annara landa.

Reykjavík, þann 14. Júlí 1847.

Þ. Tómásson. H. Stephensen. J. Thorstensen.

# Frumvarp til Reglugjörðar

um vörumat á kauptúnum Íslands, einkum þessum við Faxaflóa, Reykjavík, Hafnarfirði og Keflavík.

1. grein.

6 skulu vörumats-menn vera í kauptúnunum við Faxaflóa, 2 frá Danmörku kjörnir fyrst um sinn, hörmángara-sveinar, kunnir að greind, ráðvendni og einurð, 4 innlendir menn, með sömu kostum; skulu af þessum 2 jafnan vera í Reykjavík, einn hörmángarasveinn og einn hinna; hinir 4 skiptist á kauptún hin og hafnir, Hafnarfjörð, Keflavík og Voga, hvar einnig fiskur mikill er borinn á skip, eptir því sem í hvert sinn til hagar.

2. grein.

Vörumats-menn skoði nákvæmlega og meti alla vöru þá, er verzlunarmenn láta bera á skip sín og flytja til annara landa, og auðkenni vöru þá, sem góð þykir, eða með vitnisburðarbrèfum, sem þeir fái verzlunarmönnum, tryggi það, að ekki verði útflutt nema góð og duganleg vara.

3. grein.

Fisk allan saltan og harðan, sem góður þykir, merki þeir á sporði með gati þannig löguðu [], en á lýsistunnur brenni þeir auðkenni við spons.

4. grein.

Ull, tólg og æðardún skoði þeir vandlega og meti, vegi síðan og gefi verzlunarmanni hverjum vitnisburðarbrèf um, hve mikið hann flytji af hverri þessara vörutegunda.

5. grein.

Verzlunarmenn allir sèu skyldir að leggja vöru sína alla undir skoðun og mat vörumatsmanna, en gjaldi ella í fèsektir fullt verð vöru þeirrar, er þeir flytja burt frá landi ómetna. Lausakaupmenn skulu undir sömu fèsektir láta vöru sína meta og eiga rètt til að taka vöruna í landi, hvar hún bezt verður skoðuð og metin, og falli sektir þær í sjóð vörumatsins og greiðist jarðabókarsjóðnum. Verzlunarmenn kalli vörumatsmann til að segja álit sitt um vöruna, þegar hann greinir á við kaupanaut sinn, og gjaldi sá skoðunarlaun, sem skoðunar beiddist.

6. grein.

Fyrir skoðun, mat og auðkenni, gjaldi verzlunarmenn þetta kaup: 1 skildíng fyrir £℔ hvert fisks, fyrir £℔ hvert ullar og tólgar 4 skildínga, fyrir lýsistunnu hverja 24 skildínga, fyrir ℔ hvert æðardúns 4 sk.

7. grein.

Vörumat allt fari fram í vöruhúsum verzlunarmanna, um leið og varan er flutt á skip, eða svo stuttum tíma áður sem verða má.

8. grein.

Vörumatsmenn í Reykjavík sèu bæjarfógetanum þar, en sýslumönnunum í öðrum kauptúnum í embættum sínum undirgefnir, og skulu embættismenn þessir skera úr málunum, ef þá og verzlunarmenn greinir á um vörumatið, en amtmenn hafi enn síðasta úrskurð slíkra mála.

9. grein.

Vörumats-menn skulu bækur hafa af amtmönnum fullgiltar, er þeir skrifi í allar vörur þær, er þeir metið hafa fyrir verzlunarmann hvern sèr í lagi, og sendi landfógeta útskrift bókar þessarar þann 31. Des. ár hvert.

10. grein.

Vörumats-menn fái til árlegra launa: hvor þeirra tveggja, sem þurfa munu 1 eða 2 árin fyrstu að kjósast í Danmörku, 400 rbd., en annist sjálfir ferðir sínar, og sèu skyldir að vera hèr frá miðjum Júnímánuði til miðs Septembermánaðar, en hver hinna 4: 150 rbd., sem greiðist þeim af jarðabókarsjóðnum mót endurgjaldi af vörumatssjóði.

11. grein.

Í hinum öðrum kauptúnum landsins skal vörumati haga að boði hlutaðeigandi amtmanns með ráði sýslumanns þess, í hvers hèraði kauptúnið er.

12. grein.

Af afgángsleifum vörumatssjóðar veitist þeim hæfileg verðlaun, sem bezta flytja vöru að verzlunarstöðum.

Framsögumaður prófastur Hannes Stephensen: Þegar eg nú legg frá mèr blöð þessi, kemur mèr ekki í hug með einu orði að mæla fram með þeim eða nokkru einstöku atriði þeirra að svo komnu; eg þykist vita, að viðleitni nefndarinnar, að skýra þetta málefni og skorða það, muni mótmæli hljóta og

þess óska eg líka helzt; því ekki er hèr að búast við neinni fullkomnun, þar sem málefni þetta nú fyrst er hugsað og rædt, að öllu nýtt í þessu landi; það hefir leingi þótt erviðast að brjóta ísinn; en eg ætla að hætta og heyra mótmælin, óska að eins þau verði skynsamleg og skýri málefnið.

Assessor Johnsen: Eg ætla þetta mál muni vera eitt af þeim, sem ekki sè gott að hrapa að; það miðar, eða ætti að miða, til þess að hjálpa við atvinnuvegum landsins, eða til að bæta, og undir eins með aukinni verðhæð, að því skapi sem batnar, að auka varníng þann, sem landið lætur af hendi, eða sem það, ef vel er á haldið, getur látið af hendi við verzlunarmenn. Að minnsta kosti ætla eg, að menn ættu að setja sèr þetta sjónarmið, og að gjöra megi ráð fyrir, að nefndin líka hafi haft það fyrir sèr við meðhöndlan þessa máls. En þó virðist mèr nokkuð vanta á, að það geti komið svo ljóst fram, sem óskanda er, í nefndarálitinu, og virðist mèr, að nokkur fljótaskript sè orðin á því og fylgiskjali þess, og hún svo talsverð, að skjöl þessi eigi verði lögð til grundvallar fyrir bænarskrá í þessu máli. Ekki ætla eg mèr samt að færa sönnur á þetta mál mitt með því, að rífa nefndarálitið, eða frumvarp nefndarinnar til reglugjörðar fyrir ráðstöfun þeirri, sem umtalsefnið er, niður í einstökum greinum skjala þessara, heldur hefða eg óskað að gefa þínginu einúngis í ljós, hvernig eg hefði hugsað mèr að vilja byggja.

Hvað þá fyrst um sinn það aðalatriði snertir, sem nefndarálitið styðst við, að nefnilega skyldan til að leggja vörurnar undir skoðun og mat enna svo kölluðu vörumatsmanna, einúngis skuli liggja á verzlunarmönnum, og það fyrst þá, er þeir fara að hlaða skipin með vörunum, en að þeir, sem vörurnar flytja á kauptúnin, eða landsbúar, aptur eigi að vera undanþegnir þessari skyldu, þá ætla eg, að mjög sè vikið frá áður tèðu sjónarmiði, og að þessi skoðunarmáti nefndarinnar einmitt hvað mest steypi nefndarálitinu. Eg hygg að vísu, að verzlunarmenn uni vel við þvílíka ráðstöfun, eins og nefndin líka býst við; en eg held aptur á móti, að hagnaðurinn af henni verði litill sem einginn fyrir landsbúa eða bændurna, því þá held eg að optast nær muni reka að hinu gamla, að verzlunarmennirnir meti vörurnar síður, en skyldi, eptir gæðum þeirra, úr höndum bændanna, og að þessir opt kunni að verða fyrir hallanum, þó að hinir njóti ágóðans (af vöru-

matinu). Eg er þess vegna á öldúngis gagnstæðri meiníngu um aðalatriði þetta, og ímynda mèr, að skyldan ætti að liggja á þeim einum, sem vörurnar flytja til kauptúnanna, en að verzlunarmenn sjálfir ættu að eiga frjálst, hvort þeir leggja aðrar vörur, eða þær, sem þeir afla sjálfir, undir mat eða ekki; sjái þeir sèr ágóða við það, þarf ekki að skipa þeim, en hinum verður að skipa, sem annars ekki eiga að því vísu að gánga að njóta ábatans, að njóta ágóðans. Hvernig ráðstöfuninni að öðru leyti ætti að koma fyrir, getur verið umtalsefni töluvert, en með tilliti til þess verð eg líka að líta öðruvísi á málið, en nefndin. Þar sem vörumat (*Vrageri*) á sèr stað í Danmörku, eru, að því sem mèr er kunnugt, settir til þess embættismenn af konúngi, ef ekki allstaðar, þá þó víðast hvar, og fá þeir borgun í kaupi því, sem ákveðið er eptir vörumagni vörutegundar hverrar, en naumast nokkurstaðar föst laun; og held eg, að um þetta atriði mætti eins skipa til hèr á landi, og hefir nefndin látið í ljósi álit sitt um upphæð kaupsins eptir vörumagni hverskyns vörutegundar, sem hèr í landi getur komið til umtals, af þeim, sem fluttar eru úr landinu, og ætla eg þá fari öllu betur á því, en að ákveða vörumats-mönnum föst laun, sem ætti að taka úr jarðabókarsjóðnum móti endurgjaldi af þeim svokallaða vörumats-sjóði; því þenna sjóð ætla eg hvergi eiga við, er eg ekki heldur gęt sèð, að safna þurfi í hann til verðlauna fyrir að flytja góðan varníng til kauptúnanna, þegar aðferðin er höfð sú, sem eg áður vèk á; og vil eg láta bændunum nægja, að taka verðlaunin í því hærra verði, sem hinar betri vörurnar eru í hjá verzlunarmönnum, heldur en hinar verri. Þessi verðlaunin held eg að þeim og landinu muni draga drjúgast og verða affarabezt. Hèr er einginn vegur til að fá embættismenn til að takast starf þetta á hendur í öllum kauptúnum landsins; það verða að vera menn aðrir og af lægri stigum á hverjum stað, og verða launin í sumum kauptúnunum, þar sem fleiri eru verzlunarmennirnir og aðsóknin meiri, sjálfsagt stærri en á hinum minni, eptir sama mælikvarða fyrir vörumatskaupinu.

Með tilliti til þeirra vörutegunda, er leggjast áttu undir matið, þá veit eg ekki betur, en að það í Danmörku einúngis eigi sèr stað á þeim vörum, sem eigi koma fyrir sjónir, þegar þær gánga úr einni hönd verzlunarmanna í aðra, vegna um-

búða þeirra eða íláta, sem um þær eru, og er það þá sèr í lagi síld, kjöt, tjara og lýsi í tunnum, og mun vera ákvörðun fyrir (kansellibrèf 28. Nov. 1815), að kjöt, sem flutt er frá Íslandi, sè undirgefið mati í þeim kaupstöðum Danmerkur, þar sem vörumat geingst við. Hèr í landi er nú, eins og við er að búast, nokkuð öðru máli að gegna, og hefir nefndin tekið þær vörutegundir fram, sem ráðstafanin hèr getur átt við, og eg neita því ekki, að það kynni að vera óskanda, að þær allar væri undirgefnar vörumati, einkum þegar frjáls verzlun við framandi þjóðir kæmist á í landinu; en fyrst um sinn ætla eg þó muni vera bezt að fara nokkuð hægt og gætilega í þetta, og eg held, að það um stund ætti að nægja, að taka þá vörutegundina undir mat, sem nú fara verstar sögurnar af, og er það þá fiskurinn, og ætla eg, ef svo væri gjört, að færri yrðu vandkvæðin við ráðstöfunina, en annars að líkindum yrðu. Það er alkunnugt, að fiskur einginn, eða lítill sem einginn flyzt frá öllu norður og austuramtinu, og með tilliti til vesturamtsins, þá hefir aðal-verzlunarmaðurinn þar sagt mèr, að lítið sem ekkert sè flutt þaðan af fiski, nema það sem verzlunarmenn sjálfir afla og verka, en yfir það hefi eg sagt að óþarfi sè að láta vörumatið ná, þar sem tilgángurinn er að vinna landinu gagn með því. Eigi nú þannig skyldan til vörumatsins að vera á bændanna hlið, verða þeir að hafa einhvern aftökustaðinn í kauptúnunum, þar sem matið er, og gjöri eg þá ráð fyrir, að þeir taki ofan við hús nokkurt, þar sem vörumatsmaðurinn ræður fyrir; lætur hann þá vega vöruna, og skilja að eptir gæðum hennar í húsinu, fær bónda á síðan meðkenníngu fyrir því, sem hann tekur við, og nú fer bóndi með lest sína og meðkenníngarseðilinn til verzlunarmanns þess, sem bezt býður í vöruna, þá betri og ena lakari, eptir sem henni er lýst á seðlinum, en verzlunarmaður tekur við seðlinum, og fær seinna hjá vörumats-manni út á hann svo mikla vöru, sem hann ber með sèr að bóndi hafi lagt inn, af sömu tegund og gæðum, hvort heldur er ull, tólg, lýsi eða fiskur, sem nú er að taka til í því rúmi hússins, hvar varan um stund er lögð fyrir, og aðskilin eptir gæðum hennar, og verður hún frá vörumats húsi búin út með stimpli vörumatsmanns, sem undir eins lýsir gæðum hennar.

Eptir að eg þannig hefi vikið á, hvernig eg ímynda mèr að fyrirkomulag ætti að vera á ráðstöfun þessari, læt eg að

sinni þar við lenda, að tjá þinginu frá, að eg vilda láta hana fyrst um sinn eingaungu ná yfir fisk frá Faxaflóa, ef á annað borð þingið yrði á því, að senda konúngi bænarskrá nokkra í þessu máli; en hvort eg fyrst og fremst kýs það eða ekki, skal eg geyma mèr að gjöra uppskátt, þegar þingræður um þetta mál eru komnar leingra á veg, en verði bænarskrá send, þyrfti hún varla að verða mjög laung, nè heldur að fara þeim orðum um orsakirnar til ennar illu vöruverkunar, sem nefndarálitið fer.

Assessor Jónassen: Það þarf ekki að leiða rök að því, að vörumat er gagnlegt og nauðsynlegt, ef vörum þeim, sem búnar eru til í einhverju landi, ekki smámsaman á að fara aptur, og þær að lyktum að verða óútgeingilegar. Þetta er reynslan og til hlítar búin að sanna hèr á landi. Mèr þókti því vænt um það, þegar hèr kom fram á þinginu bænarskrá, sem laut að því, að einhver bót yrði ráðin við þessu vandkvæði; en eg er hræddur um, að nefnd þeirri, sem kosin var til að íhuga málið, ekki hafi tekizt að hitta þann rètta veg í þessu efni, þó mèr líka kunni að sýnast svo, af því eg byggi álit mitt á annari grundvallarreglu, en nefndin hefir gjört.

Hinn heiðraði þingmaður Árnessýslu hefir sýnt fram á ýms þau vandkvæði, sem uppástúngu nefndarinnar eru samfara, og skal eg ekki tefja tímann með því að taka þau upp aptur. Einúngis vil eg taka þau atriði fram, að nefndin ætlast til, að vöruskoðunin fari fram í húsum kaupmanna, rètt áður en varan er borin á skip; en þetta ætla eg sè ógjörníngur, og að kaupmenn eingan veginn mundu gángast undir það. Hvað lausakaupmenn snertir, ætlast nefndin líka til, að vörurnar verði fluttar í land til skoðunar af vörumatsmönnum; en það liggur í augum uppi, að þessu er samfara mikil tímatöf og kostnaður fyrir hlutaðeigendur, líka geta vörurnar tekið skemdum á þessum flutníngi, og mundi því aðferð þessi verða óvinsæl, og mæta mikilli mótstöðu.

Mèr þykir líka sá mælikvarði, sem nefndin hefir tiltekið, nokkuð stórkostlegur og kostnaðarsamur og ísjárverður, að því leyti hann hlýtur að hafa töluverða verkun á verðlag vörunnar.

Til að komast hjá þessum vandkvæðum, held eg því sá vegur mundi beztur, að láta vörumatið vera *fríviljugt*, en ekki *lögboðið*; það verður með þeim hætti vinsælla, og leiðir af sèr allt hið sama gagn, og get eg hèr jafnframt þess,

að eg ætlast til, að vörumatið fari fyrst um sinn einúngis fram, hvað fiskinn snertir, sem hèðan er fluttur til útlanda frá Faxaflrðinum; eg held þannig mundi nægja, að hèr væru tilskipaðir 2 vörumatsmenn, og ættu laun þeirra að greiðast úr opinberum sjóði, og mætti kalla þeim peníngum vel varið; og þar starfi þeirra ekki varir nema lítinn kafla úr sumrinu, held eg laun þeirra væru hæfilega ákveðin með 200 rbd. til hvors þeirra; þessir menn ættu að vera skyldir til að skoða fiskinn hjá hverjum þeim, sem þess beiddist, og sundurdeila honum eptir gæðum og setja merki sitt á hann, og mundu þeir geta komizt yfir að skoða fiskinn bæði í Reykjavík, Hafnarfirði, Vogum og Keflavík. Þar næst ætti stjórnin að láta auglýsa hvervetna, þar sem fiskur frá Íslandi á markað, en þó einkum á Spáni, að fiskamatsmenn væru tilskipaðir í Reykjavík og í höfnunum við Faxaflóa, og um leið hvaða merki einkendu fiskinn, eptir því sem hann væri góður til. Þegar þessi tilskipun væri orðin heyrum kunnug hvervetna, þar sem íslenzkur fiskur á markað, mætti fullyrða, að kaupmenn þeir, sem senda fisk til sölu til útlanda (Spánar), ekki gætu komizt hjá því, að láta skoða fiskinn og aðgreina hann eptir gæðum, áður en hann væri borinn á skip, ef þeir ætluðu að geta selt hann við góðu verði, eða sèr að skaðlausu: því þegar kaupendur vissu, að vörumatsmenn væru tilskipaðir, hlutaðeigendum kostnaðarlaust, mundu þeir jafnan hyggja að því, hvort þessir menn hefðu skoðað og einkent fiskinn eptir gæðum og hafa það í skilyrði, þegar kaupin eru samin fyrir fram, að svo skyldi gjört, og þannig mundi skoðanin verða að almennri nauðsyn. Að þetta mundi verða niðurstaðan, leiði eg af því, að þessu er, að því leyti mèr er kunnugt, þannig hagað í þeim löndum, sem verka fisk og selja til útlanda, eins og Íslendíngar, nefnilega: í Noregi og á Shetlandseyjunum. Á báðum stöðum eru valinkunnir menn tilskipaðir til þess að skoða fiskinn og meta gæði hans, en þetta er þó látið vera komið undir hlutaðeigenda frjálsum vilja; þannig eru á Shetlandseyjunum, hvar mikið aflast af fiski, og mikill saltfiskur er verkaður og fluttur til Spánar, 2 fiskimatsmenn skipaðir af stjórninni, með launum úr opinberum sjóði, og eiga þeir að vera boðnir og búnir til að skoða og einkenna fiskinn eptir gæðum hjá hverjum þeim, sem þess beiðist; þessir fiskimatsmenn voru fyrst tilskipaðir þar á eyjunum, meðan enska stjórnin útbýtti verðlaun-

um fyrir fiskiveiðar þar (því eins og kunnugt er, er mikill fiskur fyrir við eyjar þessar), því verðlaunin voru bundin við það skilyrði, að fiskurinn, sem aflaðist, væri líka forsvaranlega verkaður. Verðlaunin hættu, en skoðunarmennirnir urðu eptir, og stjórnin launaði þeim, eins og áður, úr sínum sjóði. Þessir menn búa nú í Leerwick, og fara þeir heiman að frá sèr í Ágústmánuði (því þá kvað saltfiskur hèr venjulega vera fullverkaður), og til allra eyjanna, og koma við á hverjum bæ, þar sem þeir vita, að fiskur er verkaður, og bjóðast til að skoða hann og sundurdeila eptir gæðum. Eru þeir sagðir fljótir að því verki; en þeir höggva með hamri, sem til þess er gjörður, ferhyrnt merki í sporðinn á þeim fiski, sem góður er; en það er hvervetna gjört heyrum kunnugt, hvar fiskurinn er fluttur til sölu, að fiskimatsmenn eru skipaðir á Hetlandi, og hvernig þeir einkenni þann fisk, sem vel er verkaður.

Þessi aðferð held eg ætti hèr vel við í þessu efni, og að hún gæti, hvað fiskinn snertir, haft allan þann sama árángur, sem ætlazt er til; og að vísu yrði þessi aðferð vinsælli og minni vandkvæðum bundin en sú, er nefndin hefir stúngið upp á, og verð eg því að mæla fram með henni við þingið.

Framsögumaður: Tveir hafa nú þegar rædt mál þetta, og mundu menn ætlast til ærins ágóða þar af; en mèr virðist nú, þegar þeir báðir hafa lokið enni fyrstu ræðu sinni, sem lítið eða ekkert sè unnið, því eg ætla nefndarálitið í eingu skýrt, fremur en það var. Að eg nú fáum orðum svari þeim mörgu, er hinn heiðraði þingmaður fór um þetta mál, sá er fyrri ræddi, vil eg leitast við að fylgja röð þeirri, sem hann flutti ræðu sína í, að því leyti mèr er auðið og eg hefi minni til. Hann sagði þá fyrst, að ekki bæri að flýta máli þessu; en eg ætlaði það einkar mikla þörf, að sem fyrst gæti komið lögun og endurbót á verkun vöru vorrar, þar sem nú horfir til, að verzlan með íslenzkar vörur sè komin að endadægri sínu, og því er hótað, að markaði skuli á Spáni lokað fyrir fiskinum íslenzka, en verzlunarmenn hafa leingi kvartað yfir, að ervitt veiti að selja ullina og tólkinn. Þar sem mótmælandi hefir á orði, að vörumatið ætti bæði að auka og bæta vöruna, þar ætlaði eg, að það væri einasta augnamiðið, að varan gæti batnað, og vaxið í verði. Nefndinni hefir ekki tekizt vel, að dómi hans; við þetta kannast eg nú að vísu, og bjóst við þeim dóminum; en eg verð þó að ætla henni hafi í nýmæli þessu tek-

izt eptir vonum, meðan eingum tekst öðrum betur, eða kemur fram með neitt, sem í nokkru jafnist við uppástúngu nefndarinnar. Auðvitað var það, að fyrst tíminn til að yfirvega þetta vandamál var svo naumur, mundi málið vanhugað, og yfir þeim stutta tíma er opt kvartað á þínginu; en lítið bætir nú settaskriptin mótmælanda um fyrir fljótaskriptinni nefndarmanna. Það voru orð ens heiðraða mótmælanda, að það eina atriðið í uppástúngu nefndarinnar steypti öllu í álitinu, að vörumatið færi þá fyrst fram, þegar vörurnar eru bornar á skip; en það ætluðum vèr að væri uppástúngunnar bezta hlið: þá að eins verður vörumatið mögulegt og vel kljúfandi, annars ekki, en eingan veginn, ef meta skal vöruna, jafnóðum og hún flyzt til kauptúnanna, það verk ætluðum vèr yrði með öllu ókljúfandi; verzlunarmenn einir hefðu notin af því vörumati að ætlun mótmælanda, en það er gagnstætt, þeir bæru þá einir kostnaðinn, sem og er sanngjarnt; og ekki er við að búast, að ábatinn af hærra vöruverði komi fyrr, enn ári seinna, innlendum til gagns; svo hefir það geingið, og svo mun hèr eptir fara. Til vörumats þessa ætlar mótmælandi að byggja muni þurfa stórt hús til að vega og skilja og meta vörurnar í: já, eg ætla það muni stórt þurfa, ef allar vörur, sem flytjast, t. a. m. að Reykjavík, eiga þar að seljast af hendi, skiljast eptir gæðum og kaupenda tölu, og geymast síðan, þángað til fluttar verða á skip; það mætti hèr að vísu verða ógna-hús, með ógnamörgum skilrúmum, og vita nú allir, hvað stóru húsin kosta, og þó mótmælandi einna bezt. Rennum nú huga að því, hvernig vörumat á þessa leið mundi gánga einum vörumatsmanni. Í Reykjavík hefir yfir því verið kvartað, að seint gángi í lestatíðinni að fá vörum skipt, eru hèr þó 14 vörubúðir, og frá 3 til 10 menn, sem þjóna að hverri; ef einn maður ætti nú að hafa þetta starf á hendi, þar sem 30 til 50 lestir koma, ef til vill, á degi hverjum, auk fjölda sjófarenda, sem flytja ýmist fisk eða aðra vöru, þá efa eg ekki, að sumir mættu bíða allt að 3 vikum eptir vöruskiptum sínum, og sjá allir, hvað hagkvæmt það yrði og geðfelt. Að heimfæra til lands vors dæmi Dana, er nú í hverju máli orðinn vani; en svo virðist í þessu máli, sem mörgum öðrum, að dæmi þau, sem þaðan takast, séu hölt á öðrum fæti, og eigi hèr illa við; þar kvað ekki metnar vera nema hinar ósýnilegu vörurnar, en hèr eru allar vörur sýnilegar, nema, ef til vill, eptir skilníngi mótmælanda, lýsi eitt, og þurfa

þær eingu síður að metast. Hinn heiðraði mótmælismaður ætlar, að aðferð nefndarinnar megi að gagni verða, ef hægt er farið og ekki ofmikið tekið fyrir, því vörumat eigi vel við fría verzlun, sem menn vænti bráðum eptir. Sè svo, og því neitar einginn, virðist nauðsyn bera til, að sem mest sè hraðað framkvæmd þessa, svo búið verði í hag fyrir ena fríu verzlun, og ekki verði henni þegar í byrjuninni hnekt með vondum vörum; nægir því eingan veginn að meta fiskinn einn þángað til, því það er viðurkendur sannleikur, að landvaran er eingu betur verkuð en fiskurinn, og er hún miklu meiri og staðfastari eign þjóðarinnar, og henni eingu minni gaumur gefandi; yfir henni hafa verzlunarmenn jafnvel optar kvartað en fiskinum, og það ekki án orsaka. Væri nú eingin vara metin, nema fiskurinn, og hann metinn, þegar verzlunarmenn taka móti honum, ætla eg gagnið lítið eða ekkert; fiskurinn getur spilzt í vörzlum verzlunarmanna, ef lángvinnar rigníngar vilja til, nema stóra húsið eigi að geyma hans, og þá er eingin ábyrgð fyrir gæðum hins mikla fiskjar, er verzlunarmenn sjálfir verka og aldrei þarf að koma undir mat. Hefir þó verzlunarfèlagið í Barselóna í umkvörtun sinni getið þess og haft það eptir skipstjórnarmönnum verzlunarmannanna sjálfra, að fiskurinn frá Vogum sè verstur alls fisks og skemmi hinn betri, sem með honum er fluttur, og þenna fisk verka verzlunarmenn mestallan sjálfir. Um útreið þá, sem fiskur Clausens fèkk í fyrra, er kunnugt, og hafði hann látið verka hann allan sjálfur, sem þar er síður til. Hvað laun vörumatsmanna snertir, skildist mèr svo, sem þessir, að vilja hans, konúnglegu embættismenn ættu eingin laun að fá, heldur kaup í hvert skipti, eptir reikníngi, sem þeir semdu fyri starf sitt; þetta mega nú allir sjá hvort hagkvæmara yrði, heilladrýgra eða hægara í framkvæmdinni, en hin föstu launin. Að verzlunarmenn gjaldi fyrir vörumatið, ætluðum vèr bæði sanngjarnt, því fyrstir hafa þeir gagn af því, enda ætlum vèr útgjald það bærilegt, það er 4 sk. af L℔ ullar og tólks, eða hèr um 1 af hundraði, og eins af fiskinum, og það mundi þeim bætast í verzlun vörunnar erlendis, svo að landsmenn þyrftu ekki þess að gjalda, heldur hljóta fullan hagnað vöru-betrunarinnar. Að öllu þessu yfirveguðu þykist eg hafa fulla orsök til að meina og segja, að mótmælandi þessi hafi lastað, en í eingu lagað, uppástúngu nefndarinnar.

Við uppástúngu hins heiðraða þíngmanns, sem síðar mælti,

hefi eg að eins fáar athugasemdir að gjöra; mèr fèll meiníng hans miklu betur í geð, einkum að því leyti hann stakk upp á að meta vörurnar, en það er fiskurinn einn eptir hans meiníngu, rètt áður þær væru bornar á skip; en hitt sè eg ekki, að 2 menn fái vörumati þessu aflokið á hálfum mánuði, 3 vikum eða jafnvel skemri tíma, því opt viðrar svo, að fiskur er síðbúinn, og ekki fyrr en verzlunarmenn vilja hlaða skip sín; eg ætla, að 10 menn hrykkju ekki til þessara starfa; en þar sem hann sagði, að verðlaun hefðu í fyrstu komið á góðri verkun fisks á Hjaltlandi, það hrekur mótmæli hins mannsins, sem ætlar verðlaunin óþörf; og hafa þó allmargir stjórnendur, einmitt með verðlaununum, komið betri fjárrækt, vöruverkun og verksmiðjum fram í löndum sínum.

Assessor Jóhnsen: Af því, sem hinn heiðraði framsögumaður nú mælti, held eg það sè fátt og lítið, sem eg þurfi að svara öðruvísi, en eg þegar er búinn að svara; en hvað því atriði viðvíkur, sem hann vèk á í ræðu minni um vörumatshúsið hið stóra, þá verða varla eins mörg vandkvæði á því að fá það, eins og hann ímyndar sèr. Það verður að sönnu næsta stórt pakkhús, þar sem vöru-aðsóknin er mikil, en auk þess hagnaðar og vinnu-sparnaðar, sem verzlunarmenn hafa af því að eiga það, og hafa þau not af, sem eg ætlast til, svo hafa þeir líka þann hagnaðinn af því, að þeir eigi þurfa að halda á svo stórum húsum hverr um sig heima við: því opt ber svo undir, að skip þeirra liggja á höfninni reiðubúin til að taka við vörunum, þegar þær koma, og má þá þegar t. a. m. fara að sekkja ullina, og er bundið fyrir sekkinn, og hann krossbundinn (geri eg ráð fyrir), og innsigli eða stimpill vörumats-manns settur á, má þá, hvort heldur vill, strax skipa út, eða flytja vöruna yfir í pakkhús sjálfs verzlunarmannsins. Fyrir þessar sakir er eg sannfærður um, að verzlunarmenn, þar sem fleiri eru en einn, mundu mjög fúslega koma sèr saman um að byggja húsið, en þar sem ekki er nema einn, þarf ekkert að byggja. Eg gjöri að vísu ráð fyrir einúngis einum vörumatsmanni í hverjum verzlunarstað; en það er sjálfsagt, að hann verður að hafa svo marga vinnumenn sèr til aðstoðar, til að taka við vörunum, skilja þær að og koma þeim fyrir í húsinu eptir tegund þeirra og gæðum, sem aðsóknin útheimtir á hverjum stað og tíma, og verður þessum aðstoðarmönnum að borga kaup af þeim lög-ákveðnu

vörumats-tekjum. Annars játa eg, að það getur verið nokkurt efunarmál, hvernig vörumats-mönnum á að borga starfa þeirra, en eg fyrir mitt leyti verð að halda, að sá áður greindi borgunarmáti liggi beinast við og eðlilegast, og hefir nefndin sjálf sýnt, að vörumats-tekjurnar geta orðið töluverðar í Faxaflóa, þó eigi komi mikið af þeim niður á hvern þann, sem borga á. Framsögumaður misskilur mig, er hann ætlar, að eg einkum mæli fyrir ávinníngi verzlunarmanna; eg sagði þvert á móti, að nefndin færi þessu fram, meir en ráðlegt væri eða tilgánginum samkvæmt, en að hún liti aptur oftítið á hagnað landsmanna. Þetta er nú ekki svo að skilja, að eg vilji láta þá eina njóta hagnaðarins, en það, sem eg vildi gjöra skiljanlegt, var það, að þeim, sem vörunnar aflar (Producenterne), eða landinu, má standa það á sama, hvort verzlunarmenn þeir, sem líka afla hinnar sömu vöru, leggja hana undir mat eða ekki, þegar ráðstöfunin á annað borð er tekin um alla aðra vöru, og hafa þá verzlunarmenn líklegast eingan hagnað af, að fara með þeirra eigin afla-vöru til útlanda einkennislausa af vörumatsmanna hálfu, og fer það þá að líkindum, að þeir muni sjá ávinníng sinn í því, að leggja þessa vöru líka undir matið, þegar þeir eiga það frjálst. Sömuleiðis hefir framsögumaður tekið öldúngis skakt í atriði þau, er eg vèk á um vörumat í Danmörku, og þarf eg einúngis að benda til þess, sem eg mælti þar að lútandi, til að sannfæra menn um, að meiníng mín eingan veginn var, að koma því á hèr í landi, sem þar er í gildi í þessu efni, heldur þvert á móti, að margt hvað af því ekki gæti átt hèr við.

Jón Guðmundsson: Mèr finnst líka, að álitskjali og uppástúngu nefndarinnar sè í mörgu ábótavant, og er það nú í slíku vandamáli, sem þetta er. Eg ætla nú fyrst að tala fátt eitt um reglurnar fyri vörumatinu; ekkert er getið um það í álitsskjalinu, hvorki í ástæðum þess, nè niðurlagi, hver að sè tilgángur nefndarinnar með þær, hvort heldur þær eigi að vera stjórninni til leiðbeiníngar, þegar hún fer að semja reglur þær, sem nefndin biður um í niðurlaginu, eða þær eiga að vera þínginu til uppbyggíngar, og eigi svo að gánga hèðan. Mèr þykir annars líklegast, og eg tel það fremur víst, að nefndin hafi ekki samið þessar reglur, heldur hafi hún feingið einhvern til þess, og hann ekki sem laglegastan, en að nefndinni hafi ekki líkað þær, þegar til kom, og aldrei ætlað að brúka þær,

heldur hafi þær slæðst svona óvart með álitsskjalinu; eg verð að ímynda mèr þetta af því, hvernig frá reglum þessum er geingið að allri niðurskipun og öllu fyrirkomulagi; þar er t. d. ekki nefnt á nafn, hve nær eigi að borga launin fyrir vörumatið, eða hverjum eigi að borga þau: þar er að eins drepið á, í greininni um lausakaupmenn, að sá skuli vörumat gjalda, sem vörumats beiðist, en annað ekki nefnt um borgunina; þar er á einum stað að eins drepið á vörumats-sjóð, en ekkert nefnt, hvernig honum eigi að vera fyrir komið, hvernig hann eigi að vera stofnaður, hver eigi að hafa hann undir höndum. Þar er í einni greininni lauslega nefnd verðlaun; en hvernig eigi að útdeila þeim, hver eigi að gjöra það, og eptir hvaða reglum og mælikvarða það eigi að vera, þetta er ekki nefnt. Reglurnar tala um vörumat í kríngum Faxafjörð, og nefndarálitið eins; en þegar til kemur, þá er að eins gert ráð fyrir vörumatsmönnum í Reykjavík, Hafnarfirði, Keflavík og Vogum, en hvorki við Búðir nè i Straumfirði, og mátti þó nefndin vita, að þeir kaupstadir eru hèrna megin við Snæfellsjökul, og því í kríng um Faxafjörð; og þó nefndin vildi fara fram á, að þar væri lítill fiskur til verzlunar, þá er þar þó landvara, en svo er ráð fyrir gjört, að líka eigi að meta hana. En nú vil eg víkja mèr að aðalmálefninu og tilgánginum, sem nefndin hafði fyrir augum og átti að leggja ráð á, en það er: að bæta vörur landsins, svo þær gángi betur út og komist í meira verð. Eg held heldur ekki, að nefndinni hafi tekizt þetta sem bezt; því, hvað leiðir af uppástúngu nefndarinnar, eins og hún er í álitsskjalinu, og reikníngnum, sem þar er settur fram? Árleg inngjöld vörumats-sjóðsins eru eptir honum 2612 rdb. 48 sk. í Reykjavík, Hafnarfirði og Keflavík; nú á að meta alla landvöruna hjá kaupmanni, áður en ullin er sekkjuð og tólkin látin niður, það verður að rífa hana fram úr þraungu og dimmu pakkhúslopti, annaðhvort ofan eða út, svo vörumatsmenn geti skoðað hana og vegið, og gefið kaupmanni síðan skriflegt skýrteini um, hvað mikið þeir flytja út af hverju um sig; þá á að bera vöruna inn aptur til þess að sekkja hana og koma henni í ílát; allir sjá nú, hvað margfalt ómak, kostnað, tímatöf og erviðisauka að kaupmenn hafa fyrir þessu, fram yfir það sem áður var, og leiðir það beinlínis af vörumatinu; auðsèð er, að þeir hafa meir en fjórfalt fyrir við vörumats-menn, og hvaðan munu kaupmenn sjá sèr

borgið fyrir þetta ómak sitt og kostnað og svo fyrir vörumatið sjálft? Ekki skulum vèr leiða okkur í grun, að þeir geti aukið öllum þeim kostnaði á sig án endurgjalds eða skaðabóta, svo mikið þykjast þeir ekki græða á viðskiptum við okkur. Kaupmaðurinn verður því að fá allt þetta einhverstaðar að, en hann fær það hvergi og getur hvergi feingið það, nema að leggja það á vörur okkar sjálfra, það er að skilja fyrir fjórfalt ómak og kostnað sjálfra þeirra, um hálft ellefta þúsund dala og fyrir vörumatið sjálft að auk 2612 rbd. 48 sk., það er árlega í þeim áminnztu 3 kaupstöðum rúmir 13,000 rbd. Nú er auðvitað, að vart er það $\frac{1}{3}$ vöru alls landsins, sem keypt er og útflutt í Hafnarfirði, Keflavík og Reykjavík; kostnaður, sem leiddi af þessu vörumati um alt land, eins og nefndin hefir stúngið upp á því, yrði þá að eins um 40,000 rbd., og lenti honum eingaungu á söluverði varanna. Þetta er lítilræði! Hamingjunni sè lof! þar feingum við þó sýnishorn af þeim umtöluðu tollum, og ef nú virkilegur tollur yrði lagður á vörurnar þar á ofan, þá færi víst að mínka söluverð þeirra töluvert, þó þær væru vandaðri. Eg skal aldrei verja það, það er nauðsyn og mesta nauðsyn, að finna einhver ráð, svo að vörur landsins yrðu vandaðri og kæmust í meira og stöðugra verð; en með slíkri aðferð og slíkum tilkostnaði held eg að allir fingurnir verði jafnir, þegar í lófann koma: eg held standist á kostnaður og ábati, og fáist ekki meira fyrir vörurnar, þó þær verði kannske vandaðri, heldur en fyrir illa verkuðu vörurnar, meðan kostnaðurinn var einginn. Eg held því öllum megi vera ljóst, að nefndinni hafi mikillega mistekizt, bæði að leggja haganleg ráð til um sjálft málefnið, og með alla niðurskipun álitsskjalsins. Eg segi þetta eingan veginn einúngis til álass nefndinni, og sízt hinum heiðraða framsögumanni, sem allir vita að þingið er búið að ofhlaða svo mörgum og mikilvægum málefnum til yfirvegunar, og eg veit og sè, að þetta er það vandamál, sem máske fáum sem aungum hefði tekizt að ráða svo úr, að vel væri.

En að eg nú víki mèr að umræðum þeim, sem hèr hafa orðið í dag um þetta mál, þá verð eg að játa, að eg felli mig hvað bezt við það, er einn hinna heiðruðu konúngkjörnu þingmanna sagði um frjálst vörumat, og mælti með því hèr. Þesskonar vörumat ber þó auðsjáanlega þann kostinn með sèr yfir höfuð, sem mèr þótti hvað mestur gallinn á hinu, er

nefndin stakk upp á, nefnilega að kostnaðurinn getur aldrei orðið eins mikill, og ekki verið beinlínis lagður á verð vörunnar, þegar vörumatið væri frjálst og vörumats-mönnum launað af opinberum sjóði; mætti, ef svo vildi, þeim kostnaði máske aptur jafna niður með öðrum aukagjöldum til jafnaðarsjóðanna, eður á annan hátt sjá hinu opinbera borgið fyrir það. Það var og tekið fram í umræðunum í dag, að vörumat væri einkar nauðsynlegt og ómissandi, áður frjáls verzlun kæmist á; þetta er dagsanna, og ekki að eins vörumat, heldur einnig sveitafèlög til verzlunar; en kæmist þau alment á, og þau hljóta að komast á, þá verður víst minni og jafnvel eingi þörf á vörumati á landvöru. Eg vona, já, er þess fullviss, að þær tillögur og umræður, sem nú sjást af þingtíðindunum um vörumatið og hve mikinn kostnað hljóti af því að leiða, herði á mönnum til sveita, til að stofna slík fèlög og stofna þau sem víðast og sem fyrst. Eg er veikari trúar um, að slík fèlög komist á í sjóplazunum, eða að þeim verði komið þar eins haganlega við. Því vil eg helzt mæla fram með frjálsu vörumati einúngis á fiski nú fyrst um sinn, og ekki víðar í bráð en í kríng um Faxaflóa, eður á þá leið, sem hinn heiðraði konúngkjörni þingmaður, er fyrst stakk upp á þessu, mælti áðan.

Framsögumaður: Þar fèkk þó þingið það, sem það hefir leingi þráð og beðið eptir; en svo fór þó, að ekki kom eitt einasta orð frá þingmanni Skaptfellinga, sem skýrði mál þetta, eða rètti í enu minnsta enar vitlitlu meiníngar nefndarinnar. Þar sem hann ætlar, að nefndarmenn hafi ekki samið reglurnar, sem hann kallar (nefndin kallar það frumvarp til reglugjörðar), þá vil eg í nafni sjálfs míns og meðnefndarmanna, fullvissa þingið um, að frumvarp þetta, svo illa og athugalauslega sem það á að vera samið, er nefndarinnar verk og einkis annars. Hann ætlar, að nefndarmenn þekki hvorki Búðir nè Straumfjörð, sem sèu við Faxaflóa, en hann villist í því, og hefir fljótlega lesið fyrirsögnina fyrir frumvarpinu: þar stendur „einkum þessum við Faxaflóa, o. s.frv. Hann veit ekki, hvort frumvarpið sè ætlað konúngi eða þínginu til leiðarvísis; vil eg þá segja honum, sem sjálfur var einn af þeim er kaus nefnd til að yfirvega mál þetta, þínginu til lèttis í skoðun þess, að frumvarpið var þínginu ætlað og er afhent því. Í frumvarpinu er gjört ráð fyrir, að vörumats-menn sendi landfógeta

árlega eptirrit bókarinnar, svo hann geti sèð, hvort verzlunarmenn hafi goldið rètt vörumatslaunin, og það er tekið fram, hver greiða á það gjald, hvað mikið það er, hvar það á að lenda og hvernig því eigi að verja. Annars feingum vèr hèr sanngjarnan áætlunarreikning, sem víst tekur nefndarinnar áætlunarreikningi fram, hleypur hann að eins til 40,000, og er lítil þóknun til verzlunarmanna fyrir aukinn starfa þeirra og ómak með vöruna fyrir vörumatið eitt; annars hugsaði eg, að vörumatið mundi lítið ómak gjöra verzlunarmönnum, ef ull væri metin, um leið og hún er sekkjuð í vöruhúsum verzlunarmanna sjálfra, en ekki, eptir uppástúngu eins heiðraða þingmanns frá Árnessýslu, metin í vörumats-húsinu, þar sekkjuð, bundið fyrir pokann, og hann svo krossbundinn og burtborinn í vöruhúsið, hvar hann á að lenda, en fiskurinn, jafnótt og hann er fluttur á skip. Við þá meiningu er eg fastur, að ekki þurfi síður að meta landvöruna en fiskinn, því hún er optar verr verkuð en hann.

Assessor Johnsen: Mèr lást það eptir áðan, að lýsa því ítarlega yfir, að hinn heiðraða þingmann Skaptfellinga og mig greinir á einkum um tvö atriði sèr í lagi; og er annað um það, hvort vörumatið ætti að vera frjálst eða þvingað, og hitt um það, á hvern kaupið eigi að leggja; en mèr getur ekki skilizt betur, en að hagsmunanna því að eins sè von af ráðstöfuninni fyrir þá, sem vörunnar afla (Producenterne), bændurna eða land vort, ef þeir verða skyldir til að leggja þær undir skoðun, mat og einkenni vörumats-manna, að minnsta kosti fyrst um sinn, á meðan hún er að leiða afleiðingarnar í ljós; en seinna má, ef ráðlegt þykir, slaka á þvíngun þessari eða skyldu. Eins ætla eg það sjálfsagt, að þeir verði að greiða fyrir vörumatið, sem selja þær til verzlunarmanna, eða með öðrum orðum, að kostnaðurinn verði að leggjast á vörurnar, en þenna kostnað ætla eg að menn og landið muni vinna ríkuglega upp í verðhæð ennar metnu og einkendu vöru, og eru engin vandkvæði á að sjá, hvað hverr á að greiða, þegar lögin eru búin að ákveða upphæðina á því, eptir magni hverrar vörutegundar, sem seld er og keypt, en verzlunarmaður dregur það af í reikningi bóndans, sem hann á að leggja út í þessu skyni, samkvæmt meðkenningar seðli vörumats-manns og löggjöfinni, sem allir þekkja.

Jústizráð Thorsteinsen: Eg vík til þess, er hinn heiðr-

aði þingmaður Skaptfellínga ætlaðist til, að kaupmenn fengju borgun fyrir að láta skoða, velja og sundurgreina þær góðu vörur frá þeim lakari; en það sýnist mèr vera líkt og ef bændur vildu fá borgun fyrir að þvo óhreinindin úr sinni eigin ull, eða fyrir að þurka sinn fisk. Það ætti að vera hvers eins skylda, bæði bænda og kaupmanna, að hvorir fyrir sig gjöri allt sitt til, og spari ekkert ómak, til þess að vörurnar verði sem beztar, og ætlast eg til, að hvorutveggi uppskeri ríkuglega launin í því hærra verði, er þeir geta vænt fyrir góðar vörur; og þó það hið fyrsta árið fèlli mest í kaupmannsins sjóð, þá er eg sannfærður um, að næsta ár keppist hver kaupmaðurinn við annan með að fá sem beztar vörurnar, og það einmitt með því, að borga bændum þær þess betur, sem þeir hið fyrra árið feingu þær betur borgaðar erlendis.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eg viðurkenni, að það væri í allan máta æskilegt, að betri vöruverkun kæmist alment á, en verið hefir; en mèr þykir uggvænt, að það geti skeð upp á þann máta, er nefndin fer fram á, nema, ef til vill, á fiskinum einum, sem eg þekki ekki grant til; enda er nú komið að því, er mèr sveimaði fyrir augum, og eg lítið eitt hreifði við, þegar mál þetta var hèr á þingi fyrir fám dögum í fyrsta sinni rædt: meiníngar manna hafa hèr í orðið næsta sundurleitar um mál þetta yfir höfuð, og furða eg mig ekki á því, þar sem ekki er traustari grundvöllur undir, en hèr er. Eg ætla, að hèr ætti ekki síður við en annarstaðar hið fornkveðna: reynslan er ólygnust. Mèr virðist það ekki óráð, þó byrjað væri með vörumat þetta á litlu svæði fyrst, og það einúngis á fiskinum á verzlunarstöðum kríng um og í grend við Faxaflóa, og sjá svo til, hvernig því reiðir af, áður en leingra er farið fram á það. Hèr er á margt að líta: það mundi einginn smávegis kostnaður, sem leiddi af þessu vörumati, ef það ætti að komast á og verða lögboðið um allt land. Mèr virðist, ef til vildi, að það mundi leiða af sèr tvöfaldan kostnað, hvort heldur aðferð sú yrði viðhöfð, sem í reglum nefndarinnar er fram tekin, eða uppástúngu hins heiðraða varaforseta væri fylgt. Eg tel víst, að verzlunarmenn mundu ekki gleyma kostnaðinum, sem flýtur margvíslega af þessu vörumati, og mundu leggja hann eins og annað víst útgjald á vörurnar, sem kæmi fram í verði þeirra og viðskiptum við landsmenn, og líka taka ómakslaunin þar að auki beinlínis eptir þeim reglum, sem

nefndin hefir stúngið uppá; auk þessa virðist mèr, hvernig sem reynt væri að koma þessu vörumati við eptir uppástúngu nefndarinnar, þá held eg, að sá vegur sè bæði ógreiður og óglöggur, og að sumu leyti ófær, nema ef ske mætti á fiskinum; enda er búið að hrjá og hrekja svo nefndarálitið af sumum þíngmönnum hèr í dag, að eg ætla einginn muni geta fallizt á það, eins og það er nú lagað. Eg leyfi mèr, sem fyrri, að benda til þess eina ráðsins, er eg meina hægt sè að framkvæma þétta með á sveitavörunni, og það er að glæða sómatilfinninguna hjá fólki og stofna sveitafèlög í þessu skyni. Eg ætla, að ef gjört væri sèr far um að leiða menn heima í sveitum til að gæta hagsmuna og sóma þess, sem flyti af betri vöruverkun fyrir hvern einn, sem alla yfir höfuð, og í því skyni tækju sig saman betri menn í hverjum hrepp, að semja einskonar samþyktir eða sveitalög, er hefðu þann tilgáng, að sjá eptir vöruverkun, mundi þetta bráðum færast í lag og verða heilladrýgra fyrir alla, heldur en lögboðin þvíngun; það mundi og koma í veg fyrir óþæginði og kostnað, er leiddi af því, ef einhver færi, eptir sem nú til hagar, að heiman með vörur sínar misjafnt verkaðar, og verða að sleppa þeim með því verði, er verzlunarmenn vildu fyrir þær gefa eptir áliti vörumatsnefndarinnar, eða að öðrum kosti hrekjast með þær heim aptur; eg ætla að þess háttar fèlög mundu geta verkað mikið, því ekki eru allir svo sofandi, að ekki megi vekja þá, ef laglega er að farið. Þar til álít eg, að með fram mundi vera vel til fallið, að stutt ritgjörð væri samin af hyggnum manni í því efni, sem síðan væri látin berast út meðal alþýðu. Eg get með gleði minnzt þess, hverjum framförum vöruverkun hefir á seinni tíð tekið hjá oss þar eystra, og tel eg víst, að fleiri fari á eptir oss, einkum ef sveitafèlögin komast á, og það vona eg; ef þannig yrði að farið, mundu ávextirnir verða notasælli, en af lögboðinni þvíngun með vörumatsnefnd á verzlunarstöðum. En ef þess háttar fèlagsskap yrði ekki viðkomið í sjáarplázum með fiskinn, sem eg þori ekkert um að segja vegna ókunnugleika, þá er eg helzt á því, sem hinn heiðraði konúngkjörni þíngmaður veraldlegu stèttarinnar stakk upp á, að þessi vörumatsnefnd væri einúngis reynd á litlu svæði fyrst, til að rannsaka (vrage) fiskinn á verzlunarstöðunum kríng um Faxabugt og í grend við hana, en að vörumatsnefnd sú væri frjáls, á þann veg sem hann fram tók, og einúngis viðhöfð, þegar nauðsyn krefði.

Eg ætla, að það verði ekki að miklu haft, sem eg hefi nú sagt, en yfir höfuð mun þar reyndin á verða, að þau lögin verða affarabetri og eðlilegri, sem sprottin eru af sóma- og hagsmuna-tilfinníngu, hvort heldur hjá einum manni eða heilli þjóð, heldur en þau sem uppáboðin eru og þvínguð. Eg hallast því fremur að breytíngaratkvæði hins konúngkjörna þíngmanns hinnar veraldlegu stèttar, ef því verður sint af fleirum þíngmönnum, en eingan veginn að nefndarálitinu.

Framsögumaður: Nefndin ætlaði, þegar henni var falið og feingið málefni þetta í hendur, að það væri meiníng og alvara þíngsins, að hugsuð væri upp ráð þau, sem þíngið gæti framborið, til að bæta vöru landsins. En vörubótafèlög þau, sem hinn heiðraði þíngmaður Norðurmúlasýslu talar um að í 3 en seinustu ár hafi bætt þar vöru til hlítar: hann má bezt vita, hvað mörg þau eru, og hvað mikið gagn þau vinna: áður var þeim hreift af þíngmanni Skaptfellínga; vörubótafelög þessi, segi eg, gat nefndin ekki tekið til greina, því hún hugði og hyggur enn, að þau sèu frjáls, megi vinna mikið og lítið að vild sinni, og hætta, þegar þeim sýnist, og standa þau því ekki undir þíngi þessu, og jafnvel ekki undir stjórninni; þar er og eingin vissa fyrir, að verkun sú, sem þau gefa vörunni, bæti hana til hlítar, og mega þeir því, eins og aðrir, búast við að flytja hana frá kauptúnunum heim aptur, ef hún verður ræk, eins og þíngmaðurinn frá Norðurmúlasýslu gjörði ráð fyrir og kveið. Að setja vörumat þetta á litlu svæði, og láta það að eins ná til fisksins, eins og sami þíngmaður berst fyrir, þegar það þó er af öllum játað, að vörur yfir höfuð sèu verri, en skyldi, og þurfi að bætast, það virðist mèr líkast því og vilði bóndi einhver, sem veit, að það er margra alda reynsla, að völlur batnar við teðslu, reyna í nokkur ár á litlum bletti vallar síns, hvort teðslan eykur grasvöxtinn.

Assessor Jónassen: Eg skal ekki tefja tímann með því að orðleingja fremur þetta mál, sem svo ítarlega er búið að ræða af þíngmönnum; eg get þess einúngis, að eg við umræðu þá, sem orðin er, fremur hefi styrkzt, en veikzt, í þeirri sannfæríngu, að sjálfviljugt eða frjálst vörumat (hèr ræðir einúngis um saltfiskinn) eigi betur hèr við, en lögboðið, og eg hlýt því að geyma mèr það breytíngar-atkvæði við álit nefndarinnar:

1. Að þíngið allraþegnsamlegast vilji fara því á flot við stjórnina, að 2 fiskimatsmenn verði skipaðir fyrir Reykja-

vík, Hafnarfjörð, Voga og Keflavík, með launum úr opinberum sjóði hèr um bil 200 rbd. hvor þeirra, sem hafi þá köllun á hendi, að skoða og meta verkun og gæði á fiski á þeim tilgreindu stöðum, hve nær sem þeir eru beðnir; og

2. að þessi skipun síðan verði gjörð heyrum kunnug, hvervetna þar sem íslenzkur fiskur á sèr markað, ásamt þeim einkennum, sem fiskimatsmennirnir gefa fiskinum, eptir því sem hann er góður til.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eg skal nú ekki vera fjölorður; eg vil einúngis leyfa mèr að svara einu atriði í ræðu hins heiðraða framsögumanns síðast. Það er þó óyggjandi, að reynslan í hverjum hlut er óhultust, og svo mun það vera hèr. Það mun því að eins hafa orðið að almennri reglu, að brúka áburð á tún, að einhverjir hafa í fyrstu gjört tilraun með það á litlum bletti, og reynslan á honum komið mönnum á þá sannfæríng, að það væri til hins betra, og að því leyti á dæmið vel við, minni meiníng til styrkíngar.

Framsögumaður: Það virðist nú að vísu, sem breytíngaratkvæðið, sem enn heiðraði konúngkjörni þíngmaður heldur fram, sè í mörgu samkvæmt uppástúngu nefndarinnar; en allir munu hljóta með mèr að sanna, að 2 menn koma því ekki af, og hið fríviljuga mat mundi sjaldnar, en skyldi, verða brúkað, og eingan veginn tryggja betrun vörunnar.

Stephán Jónsson: Eg gat um það, þegar bænarskrá um þetta mál var fyrst borin upp hèr á þíngi, að af því hún talaði mest um saltfisk, sem væri ótíðkanleg verzlunarvara norðanlands, þá vildi eg ekki mæla móti nefnd í málinu; eg vissi líka, að þeir, sem höfðu haft saltfisk til verzlunar, að minnsta kosti næstliðið ár, höfðu orðið fyrir tjóni, ef ekki fyrir óvirðíngu með fram, fyrir verkun hans. Eg neita nú ekki, að verzlunar-vörum fyrir norðan kunni að vera í mörgu ábóta-vant, þó eg meini, að það sè síður en þessari einstöku vöru, saltfiskinum, hèr sunnanlands; en af því mèr finnst nefndarálitið vilja grípa yfir allt land, þá get eg þess, að í frumvarpið, sem nefndarálitinu fylgir, vantar reglur um alla unna tóvöru, sem ekki nemur alllitlu verði norðanlands. Eg ætla mèr nú ekki að fara orðum um, hvernig nefndarálitið þar mundi eiga við, heldur, ef svo kynni fara, að nefndarálitið áynni atkvæði meiri hluta þíngmanna, þá áskil eg mèr breytíngar-atkvæði á þá leið,

að allur Norðlendínga-fjórðúngur sè undanskilinn löggjöf um þetta mál að sinni; því ef það verður álitið þar nauðsynlegt, geta hlutaðeigendur sent bænarskrá um það til næsta þings, með þeim reglum, sem þeim þækti bezt við eiga, og held eg tímadráttur sá hafi eingar skaðlegar verkanir.

Assessor Johnsen: Með tilliti til stefnu þingræðanna í dag um mál þetta yfir höfuð, og þess er eg sjálfur hefi mælt í því, ræð eg það nú af að orða atkvæði mitt á þá leið, að þingið biðji Hans Hátign konúnginn um, að samið sè frumvarp til löggjafar um vörumat í verzlunarstöðum Faxaflóa á fiski, og að frumvarp þetta verði lagt fyrir alþing, þá er það á hèr setu í næsta sinni.

Kammerráð Melsteð: Allir viðurkenna, að málefni það, sem hèr ræðir um, sè mikils umvarðandi. Eg er í þessu tilliti sömu meiníngar, og mèr þækti því mjög illt, ef málið fèlli; en eg óttast þó mjög, að þar að reki, ef málið, þannig undirbúið sem það nú er, kemur til ályktunarumræðu. Eg verð að játa, að mèr ekki heldur geðjast að nefndarálitinu. Þetta segi eg eingan veginn til að álasa nefndinni, því eg held það hafi verið ókljúfandi verk fyrir hana, í þeim flýtir sem hún hefir orðið að vinna að verki þessu, að koma með fullkomið framvarp til vörumats-stiptunar eða vega öll þau atriði, sem þar við eiga að takast til yfirvegunar. Framsögumaðurinn hefir verið ótrauður í því að verja nefndarálitið, og hefir í mörgu tekizt það lipurlega. En mèr þykir þó það að, að hann hefir ekki viljað meta að nokkru gildi þeirra mótmæla, sem fram eru komin, eður taka þau til greina; og þessi atriði eru þó að minni meiníngu mjög svo áríðandi og íhugunarverð. Þessi atriði eru: 1. hvort vörumatið eigi einúngis að gilda um fisk, eður líka um aðrar vörur. 2. hvort það eigi einúngis að gilda fyrir Faxaflóa, eður líka fyrir aðra parta landsins. 3. hvort vörumatið eigi að framfara á vörum bænda, áður þeir fá þær kaupmanni, eður fyrst eptir að kaupmaður hefir tekið móti vörunni, áður en hún er flutt á skip. 4. hvort vörumatið eigi að vera fríviljugt eða lögboðið. Öll þessi atriði eru mjög íhugunarverð, og vant að sjá, hvað velja skal, svo bezt fari. Þessara atriða er ekki getið í nefndarálitinu, og enn síður er þar vegið, hvað mælir fram með þeim eða mót, og það mun varla vera orðið þíngmönnum ljóst af umræðu þeirri, sem fram hefir farið í dag. Mèr virðist því málið nú ekki vera nóglega skýrt eður undirbúið til á-

lyktunarumræðu; eins og því er nú háttað, er ei hægt að hjálpa því við með breytíngaratkvæðum, enda mundi atkvæða greiðslan, ef það, svo undirbúið sem nú er, ætti að koma til ályktunarumræðu, verða svo á sundrúngu, að óvíst er, hvernig hún fèlli. Þar eð málið þess vegna að minni hyggju er ekki nægilega skoðað eða upplýst, hlýt eg að óska þess, að hinn háttvirti forseti, samkvæmt alþíngistilskipunarinnar 70. grein, vildi leita atkvæðis hjá þíngmönnum, hvert nefndin ekki ætti að rannsaka þetta mál að nýju, áður því er til lykta ráðið.

Sveinn Sveinsson: Þar sem hinn heiðraði konúngkjörni þíngmaður, sem nú mælti, lèt í ljósi ósk sína, að nefndarálitinu væri vísað aptur til nefndarinnar nákvæmari yfirvegunar, var einmitt það, sem sveimað hefir í huga mèr að bera upp; nefndarálitið og reglur hennar get eg eingan veginn fallizt á; eins og flestum þíngmönnum, er rædt hafa um málið, lítast reglurnar ópassandi, þá er eg einnig á því, að þær hafi mjög óheppilega tekizt fyrir nefndinni, og svo að segja nái eingri átt, eins lagaðar og þær nú eru. Eg vil einasta tiltaka um eitt atriði. Hvernig geta lausakaupmenn, sem ekkert hús hafa á landi, og sem verzla á þeim stöðum, hvar einginn kaupstaður er, látið taka í landi vörur sínar undir rannsókn af vörumatsnefnd? Slíkt getur ekki haft stað; og enda þó nú lausakaupmenn höndluðu, hvar verzlunarhús eru fyrir, get eg vel ímyndað mèr, að þeim yrði ófáanlegt hús til vöruskoðunar. Eg álít því nefndarreglurnar í tilliti til þessa vera hèr um bil það sama, sem að segja, að eingum lausakaupmanni skyldi framar vera leyft að koma hèr til höndlunar; mín meiníng er því, að nefndin ætti að fá þetta mál aptur til ítarlegri yfirvegunar.

Assessor Johnsen: Mèr þykja það óyndisúrræði, að fara að fyrirmælum 70. gr. í alþíngistilskipuninni um að fá nefndinni málið aptur til nýrrar meðferðar, og það því heldur, sem oss alþíngismönnum ekki veitir af þeim tíma, sem vèr eigum eptir, til þess að geta lokið því af, sem fyrir hendi er, þó að komizt yrði hjá þvílíkum tvíverknaði. Skyldi atkvæði það, sem eg hefi áskilið mèr í málinu, geðjast þíngmönnum flestum, og það geta þeir nú skoðað huga sinn um, ef þeir eigi þegar eru búnir að því, ætla eg heldur ekki, að brýn nauðsyn beri til, að láta málið fara þenna krók á sig.

Kammerráð Melsteð: Hinn heiðraði varaforseti getur varla verið svo viss um, að þíngið fallist á hans breytíngaratkvæði,

að hann þess vegna þurfi að ráða frá því, er eg nýlega stakk upp á; enda held eg, að breytíngaratkvæði hans bæti eingan veginn málið til fullnustu. Eg vil eingan veginn, að 70. grein alþíngistilskipunarinnar verði opt brúkuð; enda mun skjaldan ástanda eins og hèr, að mynda eigi frá rótum nýja stiptun, sem í mörgu er varúðarverð. Mèr þykir mikils varða, að málið ekki falli, og held, að nefndin geti bætt það og skýrt fyrir mönnum, þegar hún hefir tekið þau atriði, er eg áðan nefndi, til yfirvegunar.

Forseti: Að því leyti sem því hefir verið skotið til mín, sem forseta, hvert máleíni þetta eigi ekki aptur að skoða af nefndinni, þá get eg ekki annað, eptir berum orðum 70. gr. í tilskipuninni, en leitað atkvæða þíngmanna um þetta, þar sem 2 af þíngmönnum hafa stúngið upp á því.

Framsögumadur: Eg verð að ætla, og gefa þínginu til kynna, að nefndarmenn munu litlu góðu bæta við það, sem komið er, og því ætla eg til lítils koma, að fá oss það í hendur aptur. Umræður annara hafa líka, að mèr virðist, mjög lítið skýrt málið.

Forseti: Mèr virðist þó, að það, sem rædt hefir verið í dag, geti verið til leiðbeiníngar fyrir nefndina í endurskoðun málsins, og mun hún vilja laga álit sitt eptir því sem bezt á við og haganlegast er; og verð eg þá að skora á þíngið, að það úrskurði, hvort nefndin skuli aptur taka málið til nýrrar yfirvegunar. Og urðu 16 atkvæði gegn 7 fyrir því.

Forseti lèt því næst lesa upp allraþegnsamlegasta bænarskrá þíngsins til konúngs, um birtíngu konúnglegra frumvarpa fyrir fram, svo hljóðandi:

Til konúngs.

Á hinu fyrsta alþíngi var borið upp, að þíngið ritaði Yðar konúnglegu Hátign þegnsamlega bænarskrá um, að Yðar Hátign mætti þóknast að skipa, að birt yrði fyrir fram hin konúnglegu frumvörp og álitsmál, áður þau yrði lögð fyrir þingið. Þessi uppástúnga, sem hið fyrsta þíng gat ekki tekið til meðferðar sökum tímans naumleika, var nú borin upp aptur á þessu þíngi, eptir samhuga bænarskrám úr mörgum hèruðum landsins. Eptir að 3. manna nefnd var kosin í þetta mál, og hún hafði sagt um það álit sitt, var það rædt til lykta á tveim að-

alfundum á lögskipaðan hátt, og leyfir þingið sèr nú að segja upp allraþegnsamlegast álit sitt á þessu.

Það var samhuga álit þingmanna, að nauðsyn væri að bera upp þessa bæn fyrir Yðar Hátign, og að það væri mjög áríðanda og heillavænlegt, ef hún næði mildilegri bænheyrslu.

Þingið ætlar það ljóst, að meðferð margra hinna vandari og merkilegri mála mundi verða miklum mun betri, og þingið, þess vegna öllu betur geta gegnt skyldum sínum við landið og gefið Yðar Hátign betri og heillavænlegri ráð, ef frumvörpin yrði birt fyrir fram, svo að þingmönnum veittist hæfilegur og nægur tími til að hugsa um þau, safna sèr þeim skýrslum og skilríkjum, sem þurfa kynni, og bera sig saman við skynsömustu menn í hèraði sínu. Þingið er fullkomlega sannfært um, að þetta yrði til mikils gagns til að framkvæma sem bezt mildilegan tilgáng Yðar Hátignar með veitingu þings þessa, og til að gjöra rèttarbætur þær, sem Yðar Hátign af viturleik Yðar vilduð kveðja þingið til ráðaneytis um, enn hagkvæmari landinu og vinsælli, en ella mundi kostur á.

Því merkilegri og margbrotnari sem þau mál eru, sem Yðar Hátign ætlast til að leggja fyrir þingið, þess heldur ríður á, að þau yrði birt rúmum tíma fyrir fram; og vegna þess hèr á landi eru enn svo litlar samgaungur hèraða á milli og póstaferðir fáar, þá dirfist þingið að láta í ljósi, að auglýsingin yrði því nytsamari og svaraði því betur tilgánginum, sem hún kæmi fyrri, og að hún gæti því að eins orðið að töluverðum almennum notum, að hún kæmi að minnsta kosti misseri fyrir þing, eður með póstskipi haustið áður.

En fyrir þá sök að stundum kann svo til að haga, að auglýsingu frumvarpa verði ekki komið við svo tímanlega, og Yðar Hátign kynni samt sem áður að álíta nauðsynlegt og samkvæmt óskum og þörfum þjóðar vorrar og þingsins, að eitthvert frumvarp yrði lagt fyrir alþing og lögleidt, sem ekki hefði orðið auglýst þannig, þá vill þingið einúngis óska auglýsingarinnar, þegar mögulegt er, í því trausti, að kröptugum vilja Yðar Hátignar muni takast að sjá svo um, að þetta verði ekki framkvæmd þeirri til tálmunar, sem þingið æskir eptir og ætlar vera nauðsynlega og gagnlega.

Þingið hefir ekki dirfzt að stínga uppá, á hvern hátt frumvörpin skyldi auglýsa, þar eð ekkert eiginlegt stjórnarblað er prentað á voru máli; þetta atriði vonar þingið að ekki geti

valdið neinum vandkvæðum, ef bæn þess öðlast mildilega bænheyrslu.

Alþing dirfist þess vegna allraþegnsamlegast, að bera hèraðlútandi bæn fyrir Yðar Hátign, orðaða, eptir 14 atkvæðum gegn 9, á þessa leið:

> Að birt verði, að svo miklu leyti mögulegt er, misseri fyrir þing hvert, þau konúnglegu frumvörp, sem ætlað er til að borin verði þar upp.

Því næst var fundi slitið.

---

## 19. Júlí — fimtándi fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykt.

Kammerráð Melsteð: Áður en umræða er hafin um málefni þau, er ræða á í dag hèr á þinginu, vil eg vekja máls á einu atriði: því það er nauðsynlegt nú strax að leiða að því þingsins athuga, og eins, að úr því verði greidt. Nú í dag er 19. Júlí, en alþingistilskipunarinnar 39. grein býður, að þingið skuli standa 4 vikur. Sú lögboðna þingtíð er því útrunnin annan miðvikudag, eða þann 28. þessa mánaðar. Það er allt svo, þegar dagurinn í dag og seinasti dagurinn, á hverjum lítið verður gjört, eru frá reiknaðir, einúngis 7 virkir dagar eptir af þingtímanum. Nú eru, eins og þingmenn vita, einúngis fá málefni á enda kljáð, og mörg af þeim mest áríðandi málum eptir, og þar á meðal hið konúnglega frumvarp um jarðamat. Í þessu máli hefi eg verið valinn til framsögumanns, og þó eg gæti lagt saman nætur og daga, verður mèr ekki mögulegt að verða búinn með nefndarálitið í því, fyrr en svo seint, að varla verður mögulegt að ráða því til lykta upp á lögboðinn hátt, í þeirri lögskipuðu þingtíð. Þetta málefni er vandasamt og margbrotið, og þarf ítarlegrar íhugunar við. Margir nefndarfundir verða því að haldast, og ítarleg umræða milli nefndarmanna ske, áður en þeir annaðhvort geti orðið á eitt mál sáttir, eður málið sè orðið svo skýrt fyrir þeim, að þeir geti glöggt vitað, um hver atriði í því þá loksins á greinir. Eg get ekki kennt mèr það, þó þetta mál sè enn þá ekki leingra komið, því eg hefi verið kjörinn í 12 nefndir, og sókt í þeim marga fundi, og dvalið leingi á þeim; og þar að auki er eg framsögumaður í 2 konúnglegum málefnum, er koma fyrir í

þessari viku, og hverra umræða á þinginu tekur mèr því mikinn tíma. Þar að auki eru enn þá óbúin fleiri áríðandi málefni, sem bæði þinginu og þjóðinni mun þykja mikils umvarða, að hèr í þetta sinn verði til lykta leidd, til að mynda, málið um læknaskipunina og breytíngu á alþíngislögunum. Á hinn bóginn er það auðsætt, að á 4 eða 5 dögum má fullræda mörg mál, þegar nefndarálit fyrst eru búin og hafa legið til eptirsjónar í ákveðinn tíma. Eg verð því að skora á hinn heiðraða forseta, að hann fari þess á flot við hinn hæstvirta konúngsfulltrúa, að fá þíngtímann leingdan til 7. Augúst, og eg vona, að einginn þíngmanna muni skora sig undan að dvelja hèr nokkra daga leingur, til þess að mörg áríðandi málefni, sem annars ei mundu geta útkljáðst, verði til lykta ráðin, og að því mun þjóðinni bezt geðjast.

Forseti: Þó eg að mínu leyti sjái fram á, að þíngtíminn muni ekki nægja til að ráða til lykta þeim málum, sem undir aðgjörðir þíngsins hafa verið lögð, t. a m. jarðamats-málið, alþíngis-málið og lækna-málið, þá er þó það því að eins til gagns að leingdur sè tíminn, að þíngmenn ekki fari af þínginu, heldur vilji bíða þínglausna; því eptir 61. grein alþíngistilskipunarinnar verða þó þrír fjórðúngar af tölu þíngmanna að vera við, ef eitthvað skal að ráði gjöra, og eingan af þeim má þvínga til að sitja þíngið leingur en um hinn lögákveðna tíma. En eins og eg held þjóðinni sè það kærast, að sem flest af málefnum þeim, sem upp eru borin á þínginu, verði leidd til lykta, eins vona eg líka, að þíngmenn verði því ekki mótfallnir, að þíngtíminn sè aukinn, svo að náð verði þessum tilgángi.

Kandíd. Jón Sigurðsson: Eg verð að mæla fram með því, að aukið sè nokkru við þíngtímann. Eg verð að geta þess, að eg hefi verið kosinn framsögumaður í tveim málum, spítalamálinu og alþíngismálinu, og sè eg, að þau geta ekki orðið útkljáð í þetta skipti, nema þíngtíminn verði leingdur, eins og hinn konúngkjörni þíngmaður hefir stúngið upp á.

Stephán Jónsson: Eg verð að vera á því, að ekki megi þíngi slita, áður jarðamatsmálinu og kosníngarlaga-málinu sè til lykta ráðið, því þessi mál virðast mèr einkum mikilsvarðandi.

Forseti: Fyrst einginn ræðir þetta fremur, verð eg að snúa mèr til konúngsfulltrúa og spyrja, hvort hann hafi myndugleika af konúngs hendi til að leingja þíngtímann, og ef svo er, verð eg að skora á hann, að fullnægja ósk þíngsins í þessu efni.

Konúngsfulltrúi: Samkvæmt fyrirspurn þeirri, er hinn háttvirti forseti gjörði til mín, vil eg ekki undanfella að svara því, að konúngur hefir leyft mèr að leingja þingtímann, ef þörf krefði, um þá tíð, sem nú er talað um; en það er vitaskuld, að þessi viðbót við þingtímann er veitt því að eins, að svo margir af þingmönnum, sem 61. gr. alþ. tilsk. tiltekur, til þess alþing geti gjört gilda ákvörðun um nokkurt mál, lýsi yfir því, að þeir sèu fúsir á að dvelja hèr þá tíð alla.

Það sem hinn konúngkjörni þingmaður, er þessu máli hreifði, sagði, að nefndarálit í jarðamats-málinu yrði ekki búið þessa daga, þá verð eg að geta þess, að eg hefi ekki fundið ástæðu til að finna að því, að þegnleg málefni, eptir að nefndir hafa lagt álit sitt á þau, yrðu rædd jafnframt hinum konúnglegu málum, sem borin hafa verið undir þingið í frumvörpum, meðan ekki hefir verið annað fyrir að sjá, en að konúnglegu málin yrðu útkljáð fyrir þinglausnir; en skyldi umræðu um hin konúnglegu frumvörp ekki verða lokið á hinum lögboðna tíma, jafnframt hinum þegnlegu málum, og ef ekki væri beðið um viðbót við þingtímann, þá hlyti eg, eptir 49. gr. í alþ. tilsk. í niðurlagi, að snúa mèr til hins háttvirta forseta í því skyni, að nægur tími feingist til að ljúka við hin konúnglegu lagafrumvörp, en skjóta þegnlegu málunum á frest. Og þar eð það, satt að segja, væri mèr ógeðfelt, að þörf yrði á að hætta við þegnlegu málin, svo get eg ekki annað en fyrir mitt leyti álitið það æskilegt, að hæfileg viðbót takist við þinghalds-tímann.

Kammerráð Melsteð: Það er ásetníngur minn, að brúka allan tímann til að undirbúa málið um jarðamatið; en þar að auki er það aðgætandi, að eg er framsögumaður í 2 af konúngsfulltrúanum fyrir alþíngið lögðum málefnum, sem líklega koma til umræðu þessa viku, og þess vegna taka mèr nokkuð af tímanum.

Assessor Johnsen: Það eru að vísu öll líkindi til, að hinn lögboðni þingtími verði ofstuttur, einnig í þetta skipti; en eg hefði þó fremur verið á því, að betur hefði farið, að hreifa eigi þessu máli að sinni. Það var gjört í hitt eð fyrra fyrst þann 24. Júlí, og var tíminn þá leingdur til hins 5. dags Ágústmánaðar. Hvort nú tímann þarf leingri í ár, eða til 7. dags næsta mánaðar, verð eg að láta ósagt; en það sýnist mèr hæglega gæti borið að, ef menn eru of bráðlátir með tímaleing-

inguna, að hann seinna reynist annaðhvort ofstuttur, eða þá leingri en þörf krefur. Eg er því helzt á því, að fresta ákvörðuninni um þetta efni enn þá í nokkra daga, eða þángað til það verður sèð fyrir með meiri vissu, en eg held að enn þá verði, hversu mikið nauðsynlega þarf að leingja þíngtímann.

Forseti: Mèr virðist auðsætt, að hinn lögskipaði þíngtími ekki nægi til að útkljá þau málefni, sem undir þíngið hafa verið borin, því einúngis 4, og þau hin smæstu, eru til lykta leidd, og önnur 4 lögð til lesturs og umræðu; en nefndarálit í 12, hvar af sum eru hin flóknustu, eru enn þá ekki til mín komin. En þar eð álitsskjalið í jarðamats-málinu fyrst mun koma seint í þessari viku á lestrarstofuna, hvar það þarf að vera í 3 daga, og síðan ræðast á tveimur fundum, getur það ekki orðið útkljáð á þeim lögboðna þíngtíma.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Það er nógur tími til að ákveða seinna, hvað laungum tíma þarf við að bæta; það sèst glöggvast, þegar menn sjá, hver mál verða eptir undir þínglok. Eg á lángt heim, og heimilishagir mínir eru þess háttar, að eg má ekki vera að heiman; óskaði eg því helzt, að sem minnst yrði aukinn þíngtíminn. En ríði hèr á nokkrum vandamálum, þá vil eg ekki vera móti því, að tíminn sè aukinn, ef þeim þannig verður ráðið til lykta.

Sveinn Sveinsson: Eg verð að vera á sama máli og þíngmaðurinn, er síðast mælti; það stendur eins á fyrir mèr og honum; eg hugsaði líka það mundi nægja, að leingja þíngtímann til 3. dags í Ágústmánuði.

Forseti: Sum málin eru margbreytt og hafa ekki verið rædd fyrri, og taka því lángan tíma. Það stendur á sama, hvort beðið er um, að tíminn sè leingdur nú, eður seinna; því verði málefnin fyrri útkljáð, þá þarf tímans ekki með. Eg tek því þíngsins vegna boði konúngsfulltrúa um, að þíngið verði leingt til 7. Ágúst.

Forseti lagði þá fram nefndarálit um konúnglegt frumvarp viðvíkjandi endurgjaldi alþíngiskostnaðarins, og fèkk það í hendur framsögumanni kammerráði Melsteð, sem las það upp svo látanda:

# NEFNDARÁLIT

um frumvarp til opins brèfs um það, hvernig endurgjalda skuli hinum konúnglega jarðabókarsjóð alþingiskostnaðinn, og önnur þar við riðin útgjöld.

Alþíng hefir kjörið oss undirskrifaða í nefnd, til að segja álit vort um frumvarp til opins brèfs um það, hvernig endurgjalda skuli hinum konúnglega jarðabókarsjóð alþingiskostnaðinn og önnur útgjöld, sem þar við eru riðin.

Þannig tilkvaddir leyfum vèr oss því að skýra þínginu frá áliti voru um nefnt frumvarp á þessa leið:

Fyrsta grein í frumvarpinu ákveður, að fæðispeníngar alþíngismanna og ferðakostnaður, sömuleiðis annar sá kostnaður, er af alþíngi leiðir og ekki skal lenda á ríkissjóðnum eptir þeim í greininni tilgreindu konúngsúrskurðum, skuli, meðan ekki er önnur ráðstöfun gjörð, endurgjalda jarðabókarsjóðnum, sem geldur tèðan kostnað í bráð, á þann hátt, að $\frac{2}{3}$ pörtum af öllum kostnaðinum skuli jafna á allar jarðir í landinu eptir þeim dyrleika, sem þær hafa í jarðabókinni 1760, en $\frac{1}{3}$ parti á lausafjártíundar hundruðin; og í annari grein er ákveðið, að það, sem jafnað er á jarðarhundruðin, skuli leiguliðar greiða, en eigendur endurgjalda þeim.

Ákvarðanir þessar virðast oss nú í ýmsum greinum vera mjög mörgum annmörkum bundnar, og skulum vèr nú leiða að þeim athuga þíngsins.

Það er af öllum viðurkent, bæði stjórninni, alþínginu og þjóðinni, að sá núverandi jarðadýrleíki, eður sá, sem jarðirnar hafa eptir jarðabókinni frá 1760, sè svo óáreiðanlegur og frábrugðinn jarðanna virkilegu gæðum og verðhæð, að ómögulegt sè að leggja hann til grundvallar fyrir nokkur opinber útgjöld, án þess að af því rísi auðsjáanlegur ójöfnuður og þar af leiðandi óánægja. Þetta er svo opt og eptirtakanlega í ljós leidt, og alment viðurkent, að oss þykir óþarfi að leiða nú ítarlegri röksemðir að því.

En af þessu leiðir aptur, að oss þykir ófært að leggja mestan hluta alþíngiskostnaðarins á svo óáreiðanlegan stofn; því þó þessi skipan eigi ekki að vera nema fyrst um sinn, og þó gjaldið, sem hèr er rædt um, ekki sè svo fjarska mikið að upphæð, er þess þó að gæta, að þegar leggja á saman kostnaðinn fyrir tvö, eða, ef til vill, þrjú þínghöld, verður hann tilfinnanlegur fyrir landsbúa, og jafnvel óbærilegur fyrir marga,

þegar hann skal greiða eptir öldúngis raungum og ósanngjörnum gjaldstofni,

Af ástæðum frumvarpsins er það að ráða, að mensalgóz prestanna eigi einnig að taka þátt í gjaldi þessu, og það þannig, að þó leiguliðarnir greiði gjaldið, eiga þó prestarnir, eptir annari grein frumvarpsins, þó þeir sèu ekki eigendur, heldur að eins njóti ágóðans af mensalgózinu, að endurgjalda þeim það aptur, því annars yrðu leiguliðar á kirkjujörðum harðara úti, en landsetar á öllum öðrum jörðum í landinu. En nú er það af öllum viðurkent, að tekjur presta hèr í landi eru, yfir höfuð að tala, mjög litlar, og sumra það svo mjög, að þeir eiga við örðugan og þraungvan kost að búa. Skyldi nú þar á ofan eiga að leggja á þá, eða tekjur þeirra, nýjar álögur, þá væri það beinlínis á móti því, sem nú er ósk og viðleitni þjóðarinnar og stjórnarinnar, nl. að kjör presta yrðu bætt. Og þessar álögur á prestana eru því ótilhlýðilegri og ósanngjarnari, sem þeir, *qua beneficiarii*, eingan kosníngarrètt eiga eptir þeim nú gildandi kosníngarlögum; en væri aptur á hinn bóginn hið beneficerða góz í landinu undanþegið gjöldum þessum, mundu þar við yfir 11,600 hundraða af allri fasteign í landinu verða laus við þann kostnað, sem þó virðist rètt, að allir landsbúar taki þátt í eptir rèttri tiltölu.

Eptir 1. grein frumvarpsins skal jafna $\frac{2}{3}$ pörtum af öllum kostnaðinum á allar jarðir í landinu eptir þeim dýrleika, sem þær hafa í jarðabókinni 1760. En eptir þessari reglu er ómögulegt að fara, vegna þess mikill fjöldi jarða á landinu er ekki metinn til nokkurs dýrleika eða hundraðatals í tèðri jarðabók. Eptir yfirliti því yfir allan dýrleika jarðagózins á Íslandi, sem gjört var af nefnd þeirri, sem saman kom í Reykjavík árið sem leið, er hundraðatala jarða þeirra, sem ekki fundust í jarðbókinni 1760, og þess vegna varð að taka eptir jarðamatsbókunum frá 1801—1805, til samans 4495 hundr.; og þar það nú er alkunnugt, að jarðamatið í þessum bókum yfir höfuð er svo lágt, að það eptir rèttu lagi að minnsta kosti mætti hækka um $\frac{2}{3}$ parta, svo mun óhætt að fullyrða, að hundraðatal þessara jarða eptir rèttu mati mundi verða allt að 7000 hundr. Ekki finnst heldur í nefndri jarðabók neitt tiltekið um dýrleikann á því fyrrverandi Hólastólsgózi, sem einnig var að dýrleik yfir 7000 hundr. Þar fyrir utan er mestur hluti af þeim fyrrverandi Skálholtsstóls-jörðum talinn til dýrleika, ekki ept-

ir jarðabokinni 1760, heldur eptir registri nokkru, er samið var 1785, sem bæði er ofhátt sett í sjálfu sèr, og frábrugðið þeim reglum, sem fylgt hefir verið við mat allra annara jarða í landinu.

Ef því ætti að fylgja frumvarpinu, mundi mikill partur af jörðum landsins verða undan þeginn gjaldi því, er það ákveður, og mestur hluti kostnaðarins þannig verða lagður öldúngis ójafnt á landsbúa, og þar að auki mundi dýrleiki mjög margra jarða verða svo óviss, að þar af mundi rísa mikil misklið og margar prætur.

Hundraðatal þeirra jarða, sem enn þá eru konúngseign í landinu, er eptir bók Johnsens um jarðatal á Íslandi næstum 9000 hundr. Sá hluti kostnaðarins, er lagður væri á þetta góz, væri rètt til málamyndar fyrir konúngssjóðinn; því ef sýslumaður krefðist þessa kostnaðar af konúngslandsetum eins og öðrum, en konúngssjóðurinn endurgyldi hann landsetunum aptur, þá yrði þetta ekkert verulegt endurgjald, heldur gæfi konúngssjóðurinn það, svo að segja, út með annari hendi, sem hann tæki inn með hinni; en að öðrum kosti, eður ef konúngslandsetunum ei væru útgjöld þau, sem hèr ræðir um, endurgoldin af eiganda hálfu, eins og til er ætlazt um aðra landseta, yrðu þeir harðara úti, en allir aðrir leiguliðar í landinu.

Af ástæðum þeim, sem nú eru taldar, virðist nefndinni það vera öldúngis ógjörandi, að byggja mestan hluta útgjalda þeirra, er leggja skal á landsbúa til að endurgjalda jarðabókarsjóðnum alþingiskostnaðinn, á svo óáreiðanlegan og óvissan gjaldstofn, sem sá núverandi jarða dýrleiki er eptir jarðabókinni 1760.

Ekki getur nefndinni heldur litizt það tiltækilegt, að leggja meira af þessum kostnaði á lausafjárhundruðin, en til er tekið í frumvarpinu, og virðist henni ónauðsynlegt að leiða hèr framar rök til þess, þar eð það var nógsamlega gjört á seinasta þingi, bæði í álitsskjali því, er þingið allraþegnsamlegast sendi konúnginum, og líka í nefndarálitinu og umræðum þingmanna um málefni þetta í það sinn.

Nefndin fær ei heldur sèð, að nú beri svo brýna nauðsyn til strax að endurgjalda jarðabókarsjóðnum þenna kostnað, að grípa verði til þeirra óyndisúrræða, að veita svo óhentugu lagafrumvarpi, sem þessu, lagagildi; þar á móti telur nefndin ekki

á því nokkurn efa, að landsbúar seinna meir betur gætu borið þenna kostnað, þó hann yrði meiri, þegar búið væri að finna vissari og áreiðanlegri gjaldstofn; og leyfir nefndin sèr í þessu tilliti að láta í ljósi þá meiníngu, að það mundi verða landsbúum miklu hollara og viðunanlegra, þegar búið væri að koma skattalögunum í rètt horf, og fundinn væri rèttur skattastofn, að leggja alþíngiskostnaðinn á gjaldþegnana ásamt öðrum opinberum gjöldum, sem fast skattgjald, heldur en að jafna honum niður árlega, eins og sakamálakostnaði og öðrum slíkum óvissum útgjöldum; því slíkar niðurjafnanir eru hjá alþýðu mjög óvinsælar, og mörgum annmörkum bundnar, einkum þegar gjöld þau, er jafna skal niður, eru mikil að upphæð, og þess vegna nema töluverðu fyrir sèrhvern gjaldþegn.

Af öllum þessum orsökum getur nefndin ei annað en ráðið þínginu til:

Að biðja allraþegnsamlegast Hans Hátign konúnginn um, að frumvarpinu verði ekki veitt lagagildi.

Reykjavík, þann 15. Júlí 1847.

Jón Sigurðsson. J. Guðmundsson. Hannes Stephensen. P. Melsteð. J. Johnsen.

Framsögumaður mælti: Eg hefi eingu við að bæta það, sem í álitsskjalinu stendur, fyrr en eg heyri umræður þíngmanna þar að lútandi.

Konúngsfulltrúi: Athugasemdir þær, sem eg, eptir stöðu minni á þínginu, þykist þurfa að gjöra í tilliti til nefndarálits þess, er nú var borið upp, hygg eg rèttast að láta nú þegar í ljósi, og eg ætla þá fyrst að leiða athygli hinna virðulegu þíngmanna að því, hvaða eptirköst það mundi veita, ef alþíng fèllist á uppástúngu nefndarinnar, og stjórnin gæfi því gaum. Nefndarálitið miðar til þess, að alþíng ráði frá, að lagafrumvarpið öðlist lagagildi. Nefndin byggir þar með á því, að það þyki æskilegra, að endurgjald alþíngiskostnaðarins bíði, þángað til búið er að koma skattalögunum í rètt horf, og fundinn er rèttur skattastofn. Nú skulum vèr aðgæta, hve nær sá tími komi, að þetta verði allt komið í kríng. Af ástæðum til lagafrumvarps þess, er lagt hefir verið fyrir alþíng, um nýtt jarðamat, mun þíngmönnum vera kunnugt, hvernig menn hafa hugsað sèr að haga til jarðamatinu. Það er að sönnu ekki afráðið, að sú tilhögun verði nákvæmlega fyrirskrifuð, þar eð

beðið er eptir áliti því, sem alþíng leggur á málið, áður en nokkuð verður fast ákveðið; en eg verð þó að gjöra ráð fyrir, að svo verði til hagað, sem á er vikið. Í ástæðunum er gjört ráð fyrir, að meta skuli jarðirnar á einu sumri. Geti nú reglur þær, sem virðingarmenn eiga að hafa, og sitt hvað annað, sem á undan þarf að gjöra nokkrar ákvarðanir um, orðið samið og tilbúið í vetur, sem kemur, svo ættu reglur þessar, o. s. frv. að koma hingað til lands að vori. Þá er nú mikill efi á því, hvort sýslumenn um allt land geti feingið reglurnar svo snemma, að virðingar menn verði nefndir, gjörðar-bækur feingnar, virðingum lokið, aðgjörðir virðingarmanna búnar að liggja til sýnis mánaðar tíma, mótmæli þau, sem til hefðu verið fundin, útkljáð, og gallarnir leiðréttir, allt að sumri komanda. En þó nú þetta gæti átt sèr stað, er þó ráð fyrir því gjört í ástæðum frumvarpsins, að jarðamats-bækurnar, ef til vill, verði ekki fyrr sendar frá amtmönnum til rentukammersins, en með póstskipi um veturinn þar á eptir. En þá getur enginn hugsað til, að búið verði í rentukammerinu að yfirfara bækurnar, rètta villur þær, sem á kynnu að vera, og síðan semja lagafrumvarp um brúkun jarðamatsins fyrir sumarmál 1848 — 49, svo að borið yrði upp frumvarpið á alþíngi 1849. Það má því virðast, sem full vissa sè fyrir því, að mál þetta, um að lögleiða nýtt jarðamat, geti eingan veginn orðið búið til alþíngis fyrr en ár 1851. Annað mál er það, hvort málið um breytíngu skattalaganna skyldi geta orðið á enda kljáð í sama mund sem jarðamats-málið; eg get þessa að eins lauslega, af því nefndin virðist að hafa gjört ráð fyrir, að hvorttveggja mundi verða samfara, og hefir hún þá ekki með öllu kveðið rètt að orði. En þetta snertir að öðru leyti ekki þetta mál, þar eð eg tala hèr einúngis um það, hversu fljótt hið nýja jarðamat framast geti orðið svo búið, að menn geti farið að fylgja því. Eptir því, sem nú hefi eg sagt, geta menn með eingu móti, ef stjórnin fèllist á uppástúngu nefndarinnar, búizt við endurgjaldi alþíngiskostnaðarins fyrr en eptir ár 1851. Væri nú svo, að málið yrði þá á enda kljáð, yrði það þínghaldskostnaður frá 1845, 1847 og 1849 ásamt með þínghaldskostnaði árið 1851, sem menn þá ættu að jafna niður á landið, í stað þess að menn, ef nú þegar gætu geingið út lög um niðurjöfnun þessara útgjalda, hefðu nú ekki önnur eða frekari gjöld að greiða, en þau, sem þínghöldin í hitt eð fyrra og

nú í ár hafa kostað. Eg get nú ekki annað en ætlað, að það mundi verða gjaldþegnum miklu erviðara, þegar langt liði frá, að lúka skuldagjaldi þessu þreföldu, jafnvel þó fundin væri hin bezta undirstaða fyrir niðurjöfnun þess, heldur en ef nú þegar væri byrjað á því að gjalda skuldina fyrir hið eina þinghald, enda þótt bygt væri á lakari undirstöðu. Eins og nefndin nú hefir sagt, að það væri „öldúngis ógjörandi að byggja mestan hluta útgjalda þessara á svo óáreiðanlegan og óvissan gjaldstofn, sem sá núverandi jarðadýrleiki er eptir jarðabókinni 1760“, eins virðist mèr það mögulegt, jafnvel allliklegt, að menn, þegar fram liða stundir, þegar jarðamatið er komið í betra horf, lýsi þá yfir því, að það sè öldúngis ógjöranda eptir þeirri undirstöðu að jafna niður skuld þeirri, er allt til þess tíma hefði safnazt fyrir, að minnsta kosti frá 3, eða, ef til vill, frá 4 eða 5 þinghöldum.

Eg hefi á alþingi í hitt eð fyrra sýnt með rökum, að ekki verði hjá því komizt, að landið sjálft beri þenna kostnað. Orð mín þar að lútandi má lesa í alþ. tíð. frá 1845, bls. 407 o. s. frv., og þarf eg því síður að taka þau upp aptur, sem alþingið hefir sjálft í álitsskjali sínu til konúngs (alþingistíð. bls. 585) ekki einúngis játað, að þetta hljóti þannig að vera, heldur einnig, að þetta mál krefjist skjótra úrræða. Nefndin hefir ekki heldur að þessu sinni borið móti því, að gjald þetta hljóti að borgast af landinu; en allt fyrir það lýtur uppástúnga hennar að því að fá gjaldfrest, sem leidt gæti til þess, að landinu væri ómögulegt að greiða skuldina. Á hinu fyrra þingi fundu þó þingmenn aðra aðferð, sem greiða mætti á kostnaðinn. Jafnvel þó nú nefndin ráði frá að lögleiða frumvarpið, ræður hún þó ekki þinginu til að fallast á hina fyrri uppástúngu þess, um 4 pCto gjaldið af fasteign, þegar eigenda skipti verða, að líkindum af þeirri ástæðu, að nefndinni hefir sjálfri þókt sú uppástúngan miklu ósanngjarnari, en sú, sem nú er ráðið frá; því það liggur í augum uppi, að ef þetta 4 pCto gjald væri lögboðið um stundar sakir (interimistisk), lenti það eptir tiltölu að eins á fáum jarðeigendum, þar sem þó gjald, sem lagt væri á menn eptir jarðabók þeirri, sem enn gildir, þótt margt megi að henni finna, lenti á flestum jarðeigendum. Mèr virðist því, að fyrst nefndin gat ekki fundið neitt annað betra ráð, en það, sem lagafrumvarpið bendir á, en fann þó, að það ráð var svo í alla staði ónógt, að það þurfti nauðsyn-

lega að lagast og umbreytast, svo hefði nefndin átt að rannsaka og gjöra uppástúngu til alþíngis um það, hvernig þá helzt væri kostur á að laga gallana á frumvarpinu.

Eg ætla nú að skoða þá annmarka, sem nefndin hefir fundið á lagafrumvarpinu, og eg ætla þá um leið að benda til, hvernig eg hygg að nefndin hefði getað gjört uppástúngu um það, að rýma burtu nokkrum af þessum annmörkum.

Nefndin hefir þá fyrst borið það fyrir sig, að jarðabókin frá 1760 sè óáreiðanleg og frábrugðin jarðanna virkilegu gæðum og verðhæð. Látum það nú gott heita, því er heldur ekki neitað, að jarðabókin frá 1760 sè óáreiðanleg; þess vegna er og starfað að því, að fá, svo fljótt sem verður, annað jarðamat; það á ekki að fara eptir jarðadýrleika þeim, sem í jarðabókinni stendur, leingur en þángað til nýtt jarðamat er komið á, og stjórnin mundi fáanleg til að taka til greina þær athugasemdir, sem alþíng kynni að gjöra, til þess að bæta úr brestum þeim, sem eru á jarðabókinni, svo þeirra gætti því síður.

Enn fremur hefir nefndin fundið það að lagafrumvarpinu, að eptir því yrðu líka mensaljarðir að taka þátt í gjaldi þessu. Mèr þykir það nú kynlegt, að þegar nefnd sú, sem á alþíngi 1845 var kjörin til að rannsaka þetta sama mál, reyndi til að benda á annan útveg til að ná þessum kostnaði, til þess ekki þyrfti að jafna honum niður, þá hèlt nefndin í álitsskjali sínu, eins og lesa má í alþíngistíðindum þess árs, bls. 403, „að víst mætti leggja nokkuð aukaútsvar til endurgjalds alþíngiskostnaðinum á lausafè prestsstèttarinnar og annara embættismanna; því þeim er alþíng til liðs, sem öllum öðrum, og á það mundu og allir slíkir menn fúsir“. Nú þar á móti, þegar einúngis er spurníng um að láta hið beneficerada góz prestanna bera sömu byrði, sem með niðurjöfnun alþíngiskostnaðarins skyldi leggja á allar aðrar jarðir í landinu, þá þykir nefndinni það öldúngis ótilhlýðilegt og ósanngjarnt, að rýra kjör prestanna með því að láta þá taka þátt í alþíngiskostnaðinum, einkum þar eð þeir, sem beneficiarii, ekki hafa kosníngarrètt.

Þá getur nefndin og þess, að svo margar jarðir sèu til, sem ekki sèu metnar til hundraða í jarðabókinni. Dýrleiki jarða þessara segir nefndin að sè, í jarðamats-skjölum frá 1801—1805, settur til 4495 *c*, en þar hjá heldur nefndin, að hefði í skjölum þessum verið fylgt þeim venjulegu reglum, mundi dýrleiki jarða þessara hafa náð allt að 7000 *c*. Þessi

eyða í jarðabókinni, sem nú var bent til, er að vísu mikill galli, þegar fara á eptir henni; en þó er gallinn ekki svo stór, að hann með öllu skuli hamla mönnum frá að brúka hana, meðan ekki fæst annað betra. Vera má, að nefndin hefði getað hitt á eitthvert ráð, er bætt hefði nokkuð úr þessum bresti; til dæmis vil eg einúngis geta þess, ef nefndin hefði stúngið uppá því, að, þegar jafna ætti á þessar jarðir, þá skyldi fara eptir jarðamatinu frá 1801—1805. Þó er það eingan veginn ætlun mín að skýra frá því, að hvað miklu leyti þetta úrræði, sem eg benti á, mundi eiga vel við eða ekki. Hvað nú viðvíkur Hólastóls-gózi, sem ekki er heldur metið til hundraðatals í jarðabókinni frá 1760, þá gætu menn, ef til vildi, stuðzt við jarðabók Árna Magnússonar, er, að því sem mèr er kunnugt, þykir vera góð og gild, hvað þær jarðir snertir. Hvað meiri hluta Skálholtsstóls-jarða snertir, sem ekki finnst heldur metið í jarðabókinni frá 1760, þá mun alþíngi vera kunnugt af ástæðum lagafrumvarpsins, að það hefir ekki verið tilgángur stjórnarinnar, að jarðir þessar skyldu vera lausar við þenna kostnað. Að ráða bót á því, sem jarðabókinni, eins og nú var drepið á, er ábótavant með tilliti til þessa jarðagóz, mundi að líkindum ekki vera svo ervitt, þar eð dýrleikinn er tilgreindur í jarðabók þeirri, sem til er um allt jarðagóz þessa biskupsstóls árið 1785, og landskuld sú, sem þar er ákveðin, kemur heim við landskuld þá, sem nefnd er í jarðabókinni frá 1760.

Eg vík nú máli mínu að athugasemdum nefndarinnar um konúngsjarðir. Viðvíkjandi þeim þykir nefndinni það ísjárvert, að þaðan fæst enginn alþíngiskostnaður endurgoldinn, ef konúngssjóðurinn skyldi endurgjalda konúngslandsetum aptur það, sem á þá væri niðurjafnað. Eg þykist hafa gildar ástæður til að halda, að það hafi ekki verið áform stjórnarinnar, að leiguliðar á konúngsjörðum skyldu sjálfir greiða þenna kostnað, fremur en aðrir leiguliðar í landinu, þar eð þeir yrðu þá harðara úti en aðrir. En skyldi alþíngi virðast það ísjárvert um of, að konúngssjóður tæki upp á sig þenna hluta útgjaldanna, þá getur alþíng skoðað það mál betur og sagt álit sitt um; og því verður heldur ekki neitað, að það er eitt atriði, sem mælir með því, að konúngslandsetar beri sjálfir þessa byrði, þar sem nefnilega alþíngistilsk. 3. grein veitir leiguliðum á þjóðjörðum og beneficeruðu gózi, þegar þeim er bygð jörðin

æfilángt, kosníngarrètt og kjörgeingi, þó þeim rètti sè að sönnu þreyngri takmörk sett, en þeim, sem jarðeigendum er veittur.

Þannig hefi eg þá minnzt á athugasemdir þær, sem nefndin hefir borið upp, til að staðfesta ætlun sína um, að ekki megi leggja á fastagózið þann hluta af kostnaðinum, sem lagafrumvarpið ætlast til. Hvað þar á móti snertir þann hluta kostnaðarins, sem eptir lagafrumvarpinu ætti að leggja á lausafè, þá þarf eg ekki að fara þar um fleiri orðum, þar eð nefndinni þykir að sönnu ekki tiltækilegt að leggja meira af þessum kostnaði á lausafjárhundruðin, en til er tekið í frumvarpinu, en lætur hins vegar ekki í ljósi nokkra efasemd á því, að fylgt verði frumvarpinu í þessu atriði.

Að svo mæltu er það enn þá eitt, sem eg vildi minnast á, og sem eg vil biðja alþingið vel að hugleiða. Þegar stjórnin lagði frumvarp þetta undir álit alþingis, þá gat ekki tilgángur hennar verið annar en sá, að fá hreina og beina uppástúngu um það, hvernig máli þessu yrði á sem hagfeldastan og beztan hátt ráðið til lykta. Gjöri nú þingið einga þess kyns uppástúngu, en láti sèr einúngis nægja að benda út í bláinn og út í óvissu hins komandi tíma, þá eru öll líkindi til, að stjórnin finni sèr skylt að ráða málinu á þann veg til lykta, sem henni þykir bezt eiga við. En skyldi nú svo fara, þegar þess kyns lög væru orðin til, að þau þættu ekki eiga alls kostar vel við ástand lands þessa, þá mun alþing sjálft, þá mun landið allt játa, að ekki stjórninni, heldur alþingi er um slíkt að kenna.

Kammerráð Melsteð: Þegar nefndin gekk til starfa sinna og fór að athuga frumvarpið, gjörði hún það með þeirri viðurkenníngu, sem þing þetta áður hefir í ljósi látið, að landið ætti að borga alþingiskostnaðinn, og með þeim ásetníngi, að samþykkja frumvarpið, ef hún fyndi það vel lagað, en annars bæta það, ef þess væri kostur. En hvorugu þessu gat nefndin komið við. Samþykt gat hún ekki frumvarpið, af því gjaldstofn sá, á hvern leggja mátti mestan hluta kostnaðarins, var í alla staði svo óviss og óáreiðanlegur, að eingin töluverð opinber útgjöld verða á honum bygð, eins og í nefndarálitinu er greinilega sýnt og talið. Ekki heldur gat nefndin bætt frumvarpið, án þess að semja nýtt frumvarp frá rótum; en það er hvorki auðgjört, og til þess fann nefndin ekki heldur að svo

komnu hvorki hvöt nè skyldu, og það því síður, sem stjórnin nú hefir fyrir sèr álit hins fyrra alþingis um, hvernig kostnaðurinn mætti fást endurgoldinn. Það var ei heldur auðgjört, að koma saman meiníngum manna í nefndinni um gjaldstofninn, þar sem sumir nefndarmenn máske heldur vildu fylgja hinni fyrri uppástúngu þíngsins, meðan aðrir, og þar á meðal eg, heldur vildu byggja á þann grundvöll, sem frumvarpið hefir lagt, ef hann ekki væri svo óviss og óáreiðanlegur, eins og í nefndarálitinu er sýnt og sannað. Skyldu nú þíngmenn heldur vilja ráða til að borga alþíngiskostnaðinn strax, en slá því á frest, eins og nefndin hefir upp á stúngið, og koma í því tilliti fram með breytíngaratkvæði, er á góðum rökum sèu bygð, mun nefndin gjarnan taka þau til yfirvegunar milli undirbúníngs- og ályktunar-umræðu í málinu, og má þá skýra það þannig fyrir þínginu, að atkvæði verði greidd. Eptir að eg nú hefi skýrt frá þessu, skal eg nú víkja mèr að hinum helztu atriðum í ræðu hins hæstvirta konúngsfulltrúa. Konúngsfulltrúinn heldur, að jarðamatið og skattamálið verði ekki komið í kríng fyrr en í hið minnsta eptir 3 þíng, og að kostnaðurinn mundi þá verða orðinn svo mikill, að landinu yrði þúngbært að greiða hann. Eg fyrir mitt leyti held nú, að konúngsfulltrúinn hafi rètt í því, að skattamálinu ei verði fyrr ráðið til lykta, en hann hefir tiltekið; en nefndin sá gjörla og yfirvegaði, hvílíkur óhagnaður það er fyrir landið, að slíkur dráttur skuli verða á borgun alþíngiskostnaðarins. En nefndin hèlt, að landinu væri betra að gjalda þann áfallna kostnað ásamt með þeim, er seinna á fellur, þegar fundinn væri rèttur og áreiðanlegur gjaldstofn, en að gjalda hann nú eptir öldúngis óvissum og óáreiðanlegum gjaldstofni, þó hann með undandrættinum yrði meiri að upphæð, því nefndin taldi sèr vissa von um, að stjórnin mundi ei heimta þann kostnað allan, er saman hefir dregizt fyrir fleiri ár, endurgoldinn í einu, heldur mundi honum, ásamt með þeim áfallandi kostnaði fyrir þínghald hvert, verða jafnað niður á fleiri ár, svo þolanlegt yrði fyrir landið að greiða það, sem ár hvert væri álagt. Þetta hefir stjórnin optar en einu sinni gjört í Danmörku, og sömu línkindar mun hún láta þegna sína á Íslandi njóta. Konúngsfulltrúinn hefir haldið, að betra væri að borga kostnaðinn strax eptir lakari gjaldstofni, en að gjalda hann seinna, þegar betri gjaldstofn væri fundinn, og gjalda þá meira í einu. Eg fyrir mitt leyti get nú ekki

fallizt á þessa meiníngu; eg held það yrði betra að gjalda hinn áfallna kostnað, þó hann safnaðist töluvert fyrir, ef honum yrði skipt á fleiri ár, þegar rèttur gjaldstofn væri fundinn, en að greiða hann nú strax, ójafnt og óhentuglega álagðan; og er það auðvitað, að þegar nefndin hefir talað um, að rèttur gjaldstofn væri fundinn, þá hefir hún ekki þar með meint, að einúngis væri uppá honum stúngið hèr, heldur og, að hann væri samþyktur af stjórninni, því fyrri verða eingin útgjöld á hann lögð. Eg get ei heldur kannazt við, að málinu sè komið í mjög mikið óhorf fyrir það, þó nefndin hafi ekki getað aðhylzt eða bætt frumvarpið; því stjórnin hefir enn þá uppástúngu þíngsins frá í hitt eð fyrra fyrir sèr, og getur gjört við hana hvað hún vill, þó nefndin áliti sèr ei skylt að taka hana til íhugunar eða ræða um hana í þetta sinn. Það er án efa rètt og stendur stöðugt, sem nefndin hefir sagt um prestana, að þeir yrði miklu harðara úti en aðrir landsbúar, ef þeir ættu að borga kostnaðinn fyrir leiguliðana á mensalgózinu; því þá ættu þeir ei einúngis eins og aðrir að borga kostnaðinn af lausafè sínu og prestsetrinu, sem þeir sitja á, heldur og einnig af mensaljörðunum, og þetta er því ósanngjarnara, sem gózið er ekki þeirra eign, en afgjaldið af því þeirra embættislaun, og það víða hinn mesti partur af embættislaunum fátækra presta, og væri því órèttara að skerða hann, þar sem þeir, sem prestar, hvorki hafa kjörgeingi nè kosníngarrètt. Þó að á hinu fyrra þíngi hafi verið talað um að leggja nokkur útgjöld til alþíngiskostnaðarins á lausafè presta, kemur það þessu máli ekkert við, því þá var einúngis ræðan um að láta þá taka nokkurn þátt í alþíngiskostnaðinum, en ekki að ofþjaka þeim með honum fram yfir aðra landsbúa. Konúngsfulltrúinn hefir meint, að þó allt jarðagózið í landinu ekki sè metið til dýrleika, mundi nefndin þó hafa getað fundið ráð til að meta þær. Þetta fannst nefndinni öldúngis ófært; hún gat eingar þær reglur til þess fundið, sem brúkandi væru, og ekki hefðu vakið óvissu, þrætur og misklíðir. Þó hún hefði viljað fylgja jarðamatsbókunum frá 1801 til 1805, þá er það alkunnugt, að jarðamatið í þeim er yfir höfuð að tala mikils til of lágt, og þar að auki afar misjafnt. Nefndin gat nú ekki fundið reglur þær, eptir hverjum dýrleiki þessara jarða ætti að hækkazt, svo rèttur jöfnuður á yrði, eða svo landsmönnum mundi geðjazt að, og til Árna Magnússonar jarðabókar gat nefnin ekki heldur vísað, því í

hana vantar öldúngis allt jarðamat í allmiklum parti landsins. Það kann að sönnu ekki að vera ósanngjarnt, að konúngur borgi alþíngiskostnaðinn fyrir landseta sína, af því þeir hafa lífsfestu til jarðanna; en þann hluta kostnaðarins, sem þeir hefðu átt að gjalda, fær konúngssjóðurinn þó ekki endurgoldinn, og þetta gat nefndin ei annað en talið galla á frumvarpinu, þar eð alþíngiskostnaðurinn, eptir réttri tiltölu, ætti að borgast af öllum, án þess þó að hún gæti bætt úr þessum galla, þegar ákveðið er, að aðrir leiguliðar skuli hafa endurgjald af landsdrottnum; en um þetta endurgjald mun fara eins og áður hefir geingið um tíundirnar; honum mun af flestum landsdrottnum, þegar fram líða stundir, verða dembt á landsetana endurgjaldslaust. Konúngsfulltrúinn hefir sagt, að nefndin hafi viðurkent, að $\frac{1}{3}$ alþíngiskostnaðarins ætti að gjaldast af lausagózi. Þetta er nú að vísu rétt, en það bætir þó ekki úr málinu, því þegar sá gjaldstofn, sem leggja átti á mestan hluta kostnaðarins, var óviss og óáreiðanlegur, gat nefndin ekki fyrir það aðhylzt frumvarpið. Að lyktum hefir konúngsfulltrúi sagt, að stjórnin hafi, með því að leggja frumvarpið fyrir þíngið, viljað fá afgjörandi svar, og ef það ei fáist, sé það þínginu, en ekki stjórninni, að kenna, þó hún grípi til þeirra ráða, til að fá kostnaðinn borgaðan, sem þínginu síðan eða landinu ekki geðjist að, og skorar því konúngsfulltrúinn á þíngið, að vísa á, hvernig kostnaðinn skuli gjalda. Þessu vil eg svara á þá leið: að aðrir þíngmenn geta, hver fyrir sig, sagt, hvern kost þeir í þessu tilliti vilja kjósa; en eg fyrir mitt leyti vil heldur, að stjórnin fari því fram, er henni þykir tiltækilegast, en að gefa atkvæði mitt til þess, er eg ekki get álitið sanngjarnt eða réttvíst.

Jón Samsonsson: Eg verð að leyfa mèr að geta þess, að uppástúnga sú, sem alþíngið gjörði í þessu efni 1845, var líka heima í hèraði almennast álitin einhver hin æskilegasta fyrst um sinn, af öllum öðrum en þeim mönnum, sem vildu að alþíngiskostnaðurinn borgaðist með þíngfararkaupinu gamla, sem eru hálfir skattar. En þar menn vænta breytíngar á skattalögunum, og máske þess, að sýslumenn verði settir á föst laun, þá fellur að líkindum sú ástæða fyrir alþíngiskostnaðar greiðslunni eptirleiðis.

Assessor Jónassen: Eg held það hefði þótt fyrirsögn, þegar konúngur mildilegast veitti Íslandi að eiga þíng einu sèr, að það yrði þvílík vandræði með kostnað þann, sem þar

af leiddi, eins og nú er framkomið. Á hinu fyrra þíngi lèt stjórnin þíngið segja álit sitt um það, hvernig þessi kostnaður yrði greiddur af landinu, en álit þíngsins gat ekki geðjazt stjórninni, og fór það og að vonum; en fyrst svo er komið, þá skal eg gæta reglunnar, að tala eigi illa um þá, sem dauðir eru. Nú er þetta mál borið upp að nýju af stjórninni, og þíngið hefir kosið 5 af þess vitrustu og beztu mönnum í nefnd til að íhuga og rannsaka málið, en álit þeirra er þannig, að þeir ráða frá, að stjórnarinnar frumvarp um endurgjald þessa kostnaðar öðlist lagagildi, svo að hèr er eingu nær en áður, en sama úrræðaleysi, sömu vandræði, eins og í fyrra sinni, og það eru þannig allar líkur til, ef þessu fer fram, að það líði leingi, áður en þessum kostnaði geti orðið lokið, og safnast hann þannig fyrir og verður að mikilli summu. Það er nú að vísu svo, að ýms vandkvæði eru á málinu, eptir því sem hèr hagar til, þegar kostnaðinum skal jafna niður á landið eptir frumvarpinu, en þessi vandkvæði eru þó i raun rèttri minni en þau, sem fljóta af því að safna kostnaði þessum fyrir ár frá ári, og er því betra, að leggja nokkuð í sölurnar til þess að komast hjá þeim. Frumvarpið ætlast til, að tveir þriðjúngar alþíngiskostnaðarins greiðist af fasteign eptir hundraða tali, og þriðjúngur af lausafè. Þó vandkvæði sèu að vísu á þessari aðferð, einkum af því jarðadýrleikinn er víða svo óáreiðanlegur og óviss, þá má þó fullyrða, að þessi undirstaða verði þó sú bezta sem fundin verði. Það er líka sú bót í máli, að jarðadýrleikinn á bráðum von á lagfæríngu, svo ójöfnuður sá, sem af honum leiðir, eins og hann er nú sem stendur, á sèr ekki stað nema um stundarsakir; það má líka koma hèr til greina, að kostnaðurinn ekki er reyndar mjög mikill, þegar aðgætist, að það koma tæplega 4 sk. á hvert hundrað, þegar honum, eins og hann var seinast að upphæð, er skipt niður á jarðir og lausafè, eins og frumvarpið ætlast til, og má það gjald ekki heita ókljúfandi fyrir landsbúa, og að vísu er það ekki áhorfsmál hjá því, sem að safna alþíngiskostnaðinum fyrir, því með því móti verður hann fyrst þúngbær, og hefir hinn hæstvirti konúngsfulltrúi sýnt ljóslega fram á þau vandkvæði, sem þar af mundi leiða, og rekið þær ástæður, sem af nefndinni èru færðar fyrir því, að borguninni sè skotið á frest að sinni, þar til lagfæríng geti komizt á jarðadýrleikann, þar sem þessi lagfæríng að öllum vonum eigi enn þá lángt í land.

Eg vil því mæla fram með því, að þingið aðhyllist frumvarp stjórnarinnar, þó máske með þeirri breytíngu, með tilliti til þess, hvað jarðadýrleikinn er óáreiðanlegur, að sinn helmíngur borgist af hverju, jörðum og lausafè, þó eg ekki sè svo fastur á því, að þetta sè það rètta hlutfall, að eg finni nægа ástæða til að bera í því tilliti upp breytíngaratkvæði við frumvarpið.

Eyjólfur Einarsson: Þó eg sè öðrum þíngmönnum miður fær um að láta meiníngu mína í ljósi um alþíngiskostnaðinn, þá leyfi eg mèr að geta þess, að eg var í efa um, þá eg kom heim í hèrað af fyrra þíngi, hvernig sýslubúar tækju þeim gjaldmáta, sem samþyktur var þá. En mót von minni voru allir, sem eg átti tal við, með þann gjaldmáta ánægðir, einkum heldri menn. En þegar gjaldmáti þessi er ei af stjórnarráðunum antekinn, áskil eg mèr breytíugaratkvæði á þá leið, að $\frac{3}{4}$ kestnaðarins eða $\frac{2}{3}$ leggist á afgjald jarða, en $\frac{1}{4}$ eður $\frac{1}{3}$ á lausafè; vona eg að flestum þíngmönnum virðist, að ei megi meira leggja á þann fjárstofn; eg vænti líka, að flestir þíngmenn kannist við, að afgjald jarða sè sanngjarnari undirstaða en hundraða talan ein.

Framsögumaður: Tveir af hinum virðulegu þíngmönnum af bændastèttinni hafa sagt, að mörgum hafi vel geðjazt að uppástúngu þíngsins árið 1845, um að alþíngiskostnaðurinn skyldi leggjast á verð jarða, þegar þær færi að eignarskiptum. Eg vil ekki mótmæla þessu; en hitt veit eg, að mörgum, og þar á meðal mörgum vitrum mönnum í landi þessu, ekki hefir líkað hún, og það einmitt af þeim rökum, sem til er bent í ástæðunum fyrir frumvarpi því, sem hèr er nú að ræða um. Hinn konúngkjörni þíngmaður, er áðan talaði, hefir sagt, að konúngsfulltrúinn hafi hrakið nefndarálitið. Eg skildi ekki ræðu hans á þann veg, heldur miklu fremur svo, að nefndarálitið mundi að hans meiníngu, hvað ástæðurnar í því snertir, í mörgum greinum vera á góðum rökum bygt. Það, sem konúngsfulltrúinn fór fram á, var þar á móti, að nefndin hefði átt að greiða úr þeim vandkvæðum, sem mundu fljóta af að fylgja frumvarpinu, og að þíngið ætti að vísa á veg til þess, að alþíngiskostnaðurinn feingist endurgoldinn.

Assessor Johnsen: Á meðan ekki er leingra komið fram í mál þetta, vilda eg einúngis víkja fám orðum að atkvæði hins heiðraða þíngmanns Barðstrendínga, um að láta alþíngiskostnaðinn lenda á afgjaldi jarðanna; og verð eg þá að halda,

að þetta sè eitthvert hið óhönduglegasta verkfæri, er brúkað verði til útgjalda álögu. Menn vita, að allmargir leiguliðar, ef ekki allflestir, ekkert byggíngarbrèf hafa, og er þá að leita skýrslu þeirra um upphæð landskuldar og leigna, og eptir henni að skuldbinda landsdrottinn, og þó að jarðeigandi búi í nánd, svo að til hans verði náð, sem mjög opt ekki er kostur á, er það næsta uggvænt, að sú skýrsla, sem þá yrði að nægja af hans munni, yrði áreiðanlegri, þegar líka gjaldið á að lenda á honum.

Það voru, meðal annara, þessi vandkvæðin, sem gjörðu, að menn urðu að sleppa þessum gjaldstofni, þegar menn fóru að reyna sig á honum hèr í landi, en hann var, eins og menn vita, undirstaðan fyrir tukthúss-tollinum gamla. Hann fèkk strax svo margar misfellur og kvartanir hlutaðeigenda við að stríða, að stjórnin neyddist til að lètta nefndum tolli af honum aptur, að rúmum 30 árum liðnum (konúngs úrsk. 9. Nóvb. 1796), og þókti þá vera orðið mál á því.

Forseti: Eg vil leyfa mèr að fara fáum orðum um þetta. Á þíngi 1845 stakk eg uppá því fyrst og fremst, að helmíngur alþíngiskostnaðarins væri goldinn af hverju fyrir sig, fasteign og lausafè, en frumvarpið vill láta vera $\frac{2}{3}$ á fasteigninni og $\frac{1}{3}$ á lausafènu. Þenna mismun vil eg ekki fá mèr til orða; einasta held eg, að vandkvæði þau, sem væru á framkvæmd frumvarpsins, vegna þess að svo margar jarðir hafi einga hundraðatölu í jarðabókinni 1760, megi leysa á ofur-einfaldan hátt. Leggi menn jarðabókina 1760 til grundvallar, hvað þær jarðir snertir, sem hundraðatölu hafa þar, þá held eg menn geti á þeim jörðum, sem einga hundraðatölu hafa, lagt þá landskuldarhæð og kúgildatölu til grundvallar, sem jarðabók þessi uppkveður, þannig að 30 álna landskuld og 1 kúgildi jafnist við 5 hundruð, 60 álna landskuld og 2 kúgildi við 10 hundruð, o. s. frv. Eg vil ekki gjöra þetta að breytíngaratkvæði að svo stöddu, hvar til eg máske, eptir minni stöðu, eingan rètt hafi. Einúngis hefi eg viljað setja þetta fram, til að gefa öðrum tækifæri til umræðu hèr um.

Prófastur Hannes Stephensen: Mèr getur ekki annað sýnzt, en að þínginu bæri að hafa í huga meiníngu þá, sem nefndin í máli þessu í hitt eð fyrra aðhyltist, og þá sigraði hjá þeim sömu þíngmönnum, sem nú eru, með miklum atkvæða fjölda. Nefndin sem nú var kjörin til að fara með málið, hefði

helzt haldið við sömu meiníngunа og gjört sömu uppástúng-una aptur, af því hún, eg veit um mig og fleiri af nefndar-mönnum, áleit hana tiltækilegasta og sanngjarnasta, eins og enn er komið skattgjalds lögunum, og hún er bezt fallin til að vernda lausafèð, eins og ítarlega er sýnt og sannað í nefnd-arálitinu og umræðunum 1845, það er nú og af tveimur þíng-mönnum, sem rædt hafa í málinu, sagt, að hún hafi geðjazt bezt landsmönnum, og þykist eg vita, að svo hafi víðast ver-ið; en það ætlaði nefndin núna, að ekki væri farandi fram á sömu uppástúnguna, fyrst henni var svo þvert tekið og hún að eingu höfð af stjórnarráðunum. Þess verð eg að geta fyr-ir mig, og sama hefir líka, ef til vill, verið fleirum nefndar-mönnum í hug, að eg hefði fúslegar aðhylzt frumvarpið, ef nú væri ekki breyting skattlaganna fyrir hendi, og mönnum væri sýnt ofan á það, að fasteigninni mundi ætlað að bera miklu frekari álögur, en að undanförnu hefir verið; hefði þetta ekki verið nefndinni hugfast, mundi hún, eða þá fleiri nefnd-armenn, hafa barizt fyrir því helzt, að ekki yrði kostnaði af þínghaldinu bylt af fasteigninni yfir á lausafèð. Eg er enn sem fyrri stöðugur við þá meiníngu, að þíngkostnaðinn eigi, eins og nú stendur á, allan að leggja á fasteignina; en þegar eg rendi auga fram á ókomnu tíðina, og álögur þær, sem fast-eigninni eru fyrirhugaðar, dró það nokkuð úr vilja mínum, til að halda fram enni fyrri meiníngu minni, og jafnvel til að að-hyllast frumvarpið; og þetta er nú orsökin til, að eg áskil mèr það viðauka-atkvæði, ef frumvarpið fær atkvæði þíngsins, eða nokkur uppástúnga, sem líkist því, að það lagaboð gildi ekki leingur, en þángað til ný skattalög verða lögleidd.

Guðmundur Arnljótsson: Jafnvel þó mèr geti ekki geðj-azt sem bezt að áliti nefndarinnar í þessu máli, þar sem það bendir ekki á nokkurn veg eða reglu, eptir hverri alþíngis-kostnaðurinn skuli greiðast af landinu,— því mèr þykir mikið í-skyggilegt að safna svo mikilli skuld á landið, sem leiðir af mörgum þínghöldum, og hver mun geta sagt hvað mörgum, ef svona er að farið?— þá verð eg þó að vera nefndinni samdóma í því, að ógjörlegt virðist að leggja alþíngiskostnaðinn, einkum meiri part hans, á fasteignina, eptir þeirri hundraðatölu, sem nú er á henni, eptir jarðabókinni frá 1760, eins og frumvarpið til-tekur, því eg hefi fyrir augunum, að í þeim bygðarlögum, sem eg þekki, eru ekki einúngis 40, heldur 60 og jafnvel allt að 80

hundr. ekki betri eða nytjameiri heldur en 10 hundr. í annari jörðu, og fer þá að verða vart við ójöfnuð. Eg get því ómögulega mælt með eða gefið atkvæði mitt fyrir því, að töluverður tollur sè lagður á þann gjaldstofn, sem lítið sem ekkert hefir til að bera nema nafnið, eins og segja má um mörg fasteignar hundruðin sem stendur. En þar sem eg verð að álíta flesta eða alla þingmenn færari en mig til að finna og frambera þá breytíngu á frumvarpinu, sem vel ætti við og væri sanngjörn, ætla eg ekki að fara fleiri orðum hèr um í þetta sinn.

Jón Þórðarson: Mér finnst næsta ísjárvert að fallast á uppástúngu nefndarinnar, því þá hlyti kostnaðurinn að safnast upp á landið, þar til búið væri að löggilda jarðamatið og máske skattgjaldið, hvað mèr þykir líkast að ekki verði búið fyrri en eptir 5 þínghöld, svo kostnaður sá væri þá orðinn allt að 30,000 dala, þar til gæti svo á staðið, að árferði væri þá orðið miklu bágara heldur en það er nú, svo gjaldþegnar annaðhvort ekki gætu borið þá byrði, eða ofþjökuðust þar undir; eg áskil mèr því breytíngaratkvæði á þá leið, að frumvarpið fái lagagildi, þó þannig: að þeir $\frac{2}{3}$, sem eptir frumvarpinu eiga að leggjast á jarðadýrleikann eptir jarðabókinni af 1760, sèu lagðir á afgjaldsupphæð þeirra, eins og hún er í hvert skipti, þá kostnaðinum ber að jafna niður, og þess vegna, að í frumvarpsins 1. grein, í stað orðanna: „eptir þeim dýrleika sem þær hafa í jarðabókinni 1760," sè sett: „eptir þeirra afgjaldshæð; og þá eigandi sjálfur býr á jörð sinni, metist afgjald hennar að jöfnuði við aðrar jarðir jafndýrar í hreppnum"; og í 2. grein: í staðinn fyrir orðið „jarðahundruðin" sè sett: „jarðirnar", og við niðurlag þessarar greinar sè bætt við orðunum: „án þess nokkrir samníngar milli jarðeiganda og leiguliða megi hèr á gjöra breytíngu." Mèr finnst mikið sanngjarnara að hafa afgjald jarðanna fyrir undirstöðu þessa gjalds, heldur en jarðadýrleikann, sem víða hvar er öldúngis ósamsvarandi gæðum eða afgjaldi þeirra; eg sè ekki heldur, að það sèu svo mikil vandræði (eins og sumir af hinum heiðruðu þíngmönnum hafa látið í ljósi) að finna afgjaldsupphæðina, því hreppstjórar geta teiknað upp afgjald hverrar jarðar á hreppskila þíngum, og mèr finnst, að þetta væri öldúngis auðvelt í mínum hrepp. Hvað því viðvíkur, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi mælti í tilliti til konúngslandsetanna, þá finnst mèr ósanngjarnt, að þeir verði

fyrir harðari kostum en aðrir landsetar, því þó sumir af þeim hafi kosníngarrètt og kjörgeingi, þá virðist mèr einginn eigi að kaupa þennan rètt, heldur sè þessi rèttur kominn undir þeim takmörkum, sem stjórnin uppá einhvern máta hlýtur að fastsetja; en jarðarskattur sá, sem alþíngið 1845 stakk upp á, og mèr virðist að sumir þíngmenn sèu meðmæltir, er að mínu áliti einhver sá ósanngjarnasti, og eg held víst, það sè einhver skýla fyrir hugarsjón allra þeirra manna, sem mæla fram með þessari uppástúngu. Eg held það væri mikið ráðlegra og undir eins mannvænlegra fyrir hvern jarðareiganda að gjalda eitthvað í lifanda lífi, heldur en að láta taka það allt af niðjum sínum eptir sig dauðan, og stundum máske tvisvar.

Prófastur Halldór Jónsson: Það eru nú framkomin mörg mótmæli bæði gègn hinu konúnglega frumvarpi, og gegn nefndarálitinu. Og hvað nú viðvíkur anmörkum þeim, sem nefndin hefir þókzt finna, og, að mínu áliti, í raun rèttri fundið við frumvarpið, þá virðast mèr þeir svo miklir, að mèr hefði valla þókt ísjárvert að fallast á nefndarálitið, ef eg hefði getað sèð, að allir annmarkarnir mundi hverfa með biðinni; mèr hefði því síður þókt þetta ísjárvert, sem gjald þetta, eins og einn konúngkjörinn þíngmaður hefir vikið á, ekki er svo afarmikið í samanburði við hundraðatöluna, sem það yrði lagt á, og Hans Hátign konúngurinn kynni leyfa, að því áfallna væri skipt niður á fleiri en eitt ár. En, sumir af þeim nefndu annmörkum eru þess eðlis, að þeir hverfa ekki, þó drátturinn feingist; þannig verða eins seinna sömu annmarkar, sem nú, á því, að leggja nokkuð af alþíngiskostnaðinum á konúngseignirnar; annaðhvort yrði nefnilega ríkissjóðurinn eða leiguliðarnir að bera þetta gjald, og, hvað viðvíkur því beneficeraða gózi, sem prestarnir eiga að hafa af nokkurn part af embættislaunum sínum, þá mun líkt verða ástadt seinna, sem nú, að það verði, eptir rèttum grundvallarregum, að vera undanþegið þessari byrði. Það er allt annað mál, þó gjald þetta, eptir tiltölu, væri lagt á lausafè þeirra og eignarjarðir; kirkjujarðirnar eiga þeir ekki, heldur hafa af þeim meira eða minna af embættislaunum sínum; og sè eg einga sanngirni og eingan rètt í því, að leggja skatt á laun þeirra embættismannanna, og það einúngis þeirra, sem svo lítið hafa, margir hverjir, að það er fundin óumflýjanleg naudsyn að bæta kjör þeirra. Þess vegna verð eg, ef þíngið aðhyllist heldur hið

konúnglega frumvarp, en nefndarálitið, að geyma mèr rètt til breytíngaratkvæðis, þeirrar meiníngar: að það beneficeraða jarðagóz verði undan-þegið alþíngiskostnaðinum.

Jón Þórðarson: Prestar, sem hafa mensaljarðir, eru optast bezt launaðir og mættu gjarnan taka þátt í þessum kostnaði. Mèr hefði verið næst skapi að stínga uppá því, að allir embættismenn landsins (að frá skildum þeim, sem hafa laun fyrir innan 200 rbd.,) og þeir, sem eiga timburhús í kaupstöðum, bæru ásamt öðrum innbúum landsins, þennan kostnað, en eg fór eptir frumvarpinu sjálfu, en gjörði einga nýa uppástúngu; alþíng er fyrir alla landsmenn, en ekki fyrir einn fremur en annan, og þess vegna virðist mèr það sanngjarnast, að allir tækju þátt í kosnaðinum, hver eptir sínum kröptum, hvert heldur það er að þakka embættisstöðu, dugnaði eða auðlegð.

Framsögumaður: Mèr finnst ræða hins virðulega þíngmanns frá Rángárvallasýslu vera orðin nokkuð reikul. Í fyrra sinni vildi hann, að alþíngiskostnaðurinn skyldi leggjast á afgjald jarðanna. Nú sýnist mèr ræða hans lúta að því, að prestarnir einna helzt skuli gjalda hann, og það, að því skapi meira eða minna, eptir því sem þeir eru harðari eða linari í tekjum sínum. Einn af þeim heiðruðu nefndarmönnum hefir áður sýnt, hversu óhentugur gjaldstofn jarðaafgjaldið er, og eg gjöri ráð fyrir, að þíngið muni ekki aðhyllast svo óvissan gjaldstofn. En að íþýngja prestunum, framar en öðrum, með því að leggja kostnaðinn á embættistekjur þeirra, er auðsjáanlega svo rángt og ósanngjarnt, að ekki verður á það fallizt, og sèr í lagi, þegar gætt er að því, að prestarnir hafa ekki kosníngarrètt.

Jústitsráð Thorsteinsen: Eg get ei neitað, að það kemur mèr svo fyrir, sem hvað sè á móti öðru, að þjóðin hefur beðið vorn allramildasta konúng um, að gefa landinu þjóðþíng, en þó eru nú vandræði orðin um að svara kostnaði þeim, sem af þínginu leiðir; og er slíkt þó bágindi, og ílla lízt mèr á að safna skuld á skuld ofan, hvert heldur er um heilt land að gjöra, eða um einn einstakan mann; og óvíst er, að þá þyki lèttara að borga loksins allt í einu, en þó smátt og smátt væri goldið, jafnvel ekki eptir þeim bezta gjaldstofni fyrst í stað; og þar nú er úr vandræði að ráða, vil eg að mínu leyti fallast á meiníngu þess háttvirta forseta, að framvarpið fái meðhald, svoleiðis: að helmíngur sè lagður á fasteign og helm-

íngur á lausafè; en þó svo, að þvílíkt lagaboð gildi einasta þángað til ný jarðabók verður samin, og þar við betri gjaldstofn fundinn.

Assessor Johnsen: Mèr gat ekki skilizt betur, en að hinn virðulegi varaþíngmaður Ránggvellínga, sem líka mælir fram með jarðaafgjaldinu, sem gjaldstofni fyrir alþíngiskostnaðinum, ætlaðist til, að hann samt ætti að vera laus við samkomulag jarðeiganda og leiguliða, er hann vill bæta þeim orðum við 2. grein frumvarpsins í þessu skyni: „án þess að gjaldið þó sè bundið við samkomulag“; en þá fæ eg ekki sèð, hvar á verður bygt. Eg held það þvert á móti sjálfsagt, að hèr ekki yrði farið eptir öðru, en einmitt samkomulagi milli jarðeiganda og leiguliða, og að öll byggíngin ella hljóti að detta um sjálfa sig, ef því ekki verður neitað, að jarðarafgjaldið sè undir þessu samkomulagi komið. En þá er eptir að vita, hvaða samkomulag eigi sèr stað í þessu efni, og það til sèrhvers tíma. Menn vita, að það geíngur upp og niður; í harðæri, eða þegar jörðin verður fyrir áföllum, slakar jarðeigandi til við leiguliða í afgjaldinu; þegar aptur batnar í ári, eða jörðin tekur töluverðum bótum, færir hann afgjaldið upp. Það er enda ástundum svona laust og bundið milli partanna, einkum þegar ekkert er byggíngarbrèfið, svo að leiguliði er í nokkrum vafa um landskuldarhæðina, þángað til hann kemur með landskuldina heim til jarðeiganda, kann þessi þá að vilja fá nokkru meira, eða og að gjöra sig ánægðan með nokkru minna, en hinn ætlaðist til. Það eru þessi vandkvæði, með fleirum, sem menn eru búnir að reyna við þenna gjaldstofn meðal vor, og þættu mèr það undur, ef menn ekki væru búnir að láta sannfærast af þeirri reynslu um, að það með öllu er frágángsmál, að fara nú að reyna sig á honum aptur.

Stephán Jónsson: Mèr þykir mjög ískyggilegt, og eg held öllum almenníngi, að safna alþíngiskostnaðinum, sem skuld ár frá ári. En um það, hvernig uppástúnga hins fyrra þíngs hafi fallið alþýðu í gèð, mun við eiga orðtækið „að svo er margt selt og keypt, að sitt líst hverjum“, og svo fèll það í minni sveit sumum vel, en sumum ílla, en hver flokkurinn hafi verið stærri, ríður á eingu, þar uppástúngan mun mega álítast algjörlega fallin. Eg tala því heldur um hitt, sem nú er fyrir hendi, og er þá auðsèð, að hvort heldur hundraðatal jarðanna eptir jarðabókinni af 1760, eða afgjaldið, sem eigendum er goldið, er

tekið til grundvallar, þá hefir hvort um sig mikla annmarka, þó ei sè hægt að fá þær metaskálir, sem sýna misvigtina; eg fyrir mitt leyti held, að það valdi ekki meira ránglæti, þó afgjaldið, fremur en hundraðatalið, væri haft til undirstöðu; fyrst ekki sýnist annar kostur en leggja á lausafèð, mætti það ekki vera nema að $\frac{1}{3}$, ef gjaldið er lagt á alla fasteign í landinu, en ef það legðist einúngis á bændaeignir þá kæmust eigendur þeirra svo hart út af því, að mèr sýnist í því tilfelli yrði að leggja sinn helmínginn á hvort. Þar svo margir eru búnir að bera upp breytíngaratkvæði, og sumir líkt því, sem eg mundi hafa gjört, ætla eg að sleppa því að sinni.

Prófastur Halldór Jónsson: Eg verð enn að vera á sömu meiníngu, sem eg hefi áður verið, að betur hlýði að leggja að eins þriðjúnginn af alþíngiskostnaðinum á lausafèð, en tvo þriðjúnga á fasteignina; og finnst mèr á það meðfram mega líta í þessu tilliti, að þó nokkuð gángi frá, mundi jarðahundruðin sem honum skyldi jafna á, verða fleiri, en lausafjárhundruðin; og líka er það athugandi, að 1 meðaljarðarhundrað mun í kaupum og sölum vera hèrum bil á við 2 lausafjárhundruð. Hinn virðulegi framsögumaður hefir þegar ánægjanlega svarað því, sem þíngmaður Ráng vellínga nýskeð fór fram, um embættislaun prestanna, einkanlega að því leyti þau borgast af kirknajörðum; því einu vil eg við bæta, að ef þessar jarðir ættu, eptir tiltölu, að bera alþíngiskostnaðinn, og ábúendur þeirra að hafa aðgáng að prestunum, þá væri í raun og veru sama gjald tvisvar tekið af einum og sama stofni, því allir vita, að prestarnir yfir höfuð verða að lifa af búskap, vegna þess að laun þeirra eru svo lítil; nú renna gjöld þeirra, og hvað helzt afgjald af kirknajörðum, inní búið, og auka lausafjártíundina; er því skiljanlegt, að gjaldið væri tvisvar tekið, ef þeir ekki einúngis af búi sínu, heldur einnig af mensalgózinu, ættu að svara til opinberra þarfa.

Jakob Pètursson: Mèr þykir miklu máli skipta, hvort tveim þriðjúngum af alþíngiskostnaðinum er jafnað niður á allar jarðir í landinu, eins og stendur í frumvarpinu, ellegar þær opinberu eignir eru þar frá undanteknar, eins og nokkrir af þíngmönnum, sem hèr hafa talað, vilja uppástanda, hvar af þá leiðir: að gjald þetta lendir eingaungu á bændaeignunni, sem draga mundi töluvert úr afgjaldi þeirra til eigand-

ans, og þær svo gánga niður úr verði fyrir þessar álögur, ekki minna en þó 4 pCto afgjald hefði verið lagt á við sölu þeirra; sýnist mèr því, ef þetta hefði framgáng, að ekki mætti leggja á þær nema einn þriðja part af skatti þessum, en $\frac{2}{3}$ á lausafè.

Prófastur Hannes Stephensen: Eg verð þó að gjöra eina athugasemd við það, sem þingmaður Rángvellinga áðan mælti, því til forsvars, að sanngjarnt væri að prestar gyldu einnig þingkostnað af kirkna jörðum þeirra, að það væru einmitt góðu brauðin, hvar mensalgóz væri til muna, en hann villist í þessu, og lítur hann máske til þess hèraðs eins, sem honum er næst, því víða veit eg sárfátæk brauð, hvar kirkjujarðir þó eru nokkrar, og þeirra afgjald er þar því nær einasta atvinna prestanna.

Framsögumaður: Hinn háttvirti forseti hèlt, að leysa mætti úr því með hægu móti, hvernig jarðir þær, sem eingan dýrleika hafa í jarðabókinni 1760, skyldu skuldsetjast til að borga alþingiskostnaðinn, nl. með því að taka hverjar 30 álnir af landskuldinni og eitt kvíildi, og láta þetta svara til 5 hundraða; og líka hèlt hann að bezt mundi fara að leggja helminginn af kostnaðinum á fasteign, en helming á lausafè. Þessu úrræði í tilliti til jarðamatsins mætti sumstaðar máske koma við, en hvergi nærri allstaðar, því það tiltekna eptirgjald og kvíildatala svarar sumstaðar í landinu að sönnu til 5 *c*, en hvergi nærri allstaðar; á allmörgum stöðum er ekki meira en 30 álna eptirgjald eptir hver 10 *c* eður fleiri, og ekki fylgir þeim þar meir en eitt kvíildi. Eins og hinn konúngkjörni þingmaður andlegu stèttarinnar nýlega sagði, skil eg ei, að meir en $\frac{1}{3}$ af kostnaðinum megi leggja á lausafè, því væri meira á það lagt, mundi sá partur landsins, hvar lausafjártíund er há, verða fyrir ofmiklum halla. Jarðarhundruðin eru líka, eins og hann sagði, miklu dýrari og þar hjá óstopulli eign, en lausafjárhundruðin. Mèr er það ei ljóst, hvort forseti eptir anda alþingistilsk. má bera upp breytíngaratkvæði; en það skiptir hèr litlu máli, því mèr skildist ekki betur, en einn af þeim heiðruðu konúngkjörnu þingmönnum veraldlegu stèttarinnar fèllizt á ræðu forseta, og tæki hans breytíngaratkvæði að sèr.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Margir af þingmönnum hafa hèr á þingi í dag, sem fyrri, látið í ljósi mismunandi meiníngar um þetta mál, og held eg verði að leiðast úti strauminn

með þeim. Eg get ekki dulizt þess, að eg álít það ekki einúngis skyldu þjóðarinnar, heldur einnig sóma hennar, að greiða gjald það, er leiðir af alþíngi, og verð eg að segja fyrir mig, að mèr þykir, sem því ætti að vera lokið, eða sem allrafyrst lokið þaðan, er það á að greiðast, en eingan veginn safnað fyrir; getur margt milliborið, að það verði ekki affarabetra eða skapfelðara, að því sè safnað fyrir, heldur en goldið jafnóðum og það fellur á. Eg get því ekki fallizt á nefndarálitið eins lagað og það er; en ef þíngið fellst á, að gjald þetta skuli greiðast af fasteign og lausafè, þá er eg fremur á því, eins og í frumvarpinu er fram tekið, að það sè einúngis $\frac{1}{3}$ af lausafè, en $\frac{2}{3}$ af fasteigninni, en eingan veginn eins og sumir þíngmenn hafa kveðið upp, að helmíngur kostnaðarins skyldi lenda á lausafènu, og jafnvel $\frac{2}{3}$ partar hans: það liggur í augum uppi, hversu að sum hèröð á landinu eða landsfjórðúngar yrðu þá fyrir áþreifanlegum órètti, en það á þó ekki að vera; þíng þetta er öllum landsmönnum jafnt gefið, því ætla eg, að allir eigi, að tiltölu til efnahags hvers eins, að leggja sinn skèrf til að greiða kostnaðinn, sem af því leiðir.

Eg fyrir mitt leyti er frekast á, að afgjald fasteigna sè áreiðanlegri grundvöllur fyrir gjaldi þessu en hundraðatala jarða, sem nú er; því ætla eg, að hinum heiðraða varaforseta hafi ekki tekizt sem heppilegast orðavalið, er hann í mótmælum sínum gegn þíngmanni Rángvellínga kallaði það „óhentugt verkfæri“. Þetta óhentuga verkfæri, er hann svo kallar, á miklu betur við og er sannigjarnara en svo, að það geti kallazt óhentugt, því það er virkilegt, en ekki ímynðað, það er gjald, tekið af gjaldstofni þeim, sem sannarlega er til á því tímabili, sem það á að greiðast, og þess vegna rèttvíslega og hentuglega tekið; en þar á móti sè hundraðatala jarða, eptir því sem nú er, lögð til grundvallar fyrir gjaldinu, ætla eg það sè ekki alls kostar rèttvíst, því það eru jarðir til, sem eru svo eða svo dýrar, til að mynda 20, 30, 40 hundr., en sem ekki gelzt eptir meir en $\frac{1}{3}$ eður helmíngur venjulegs afgjalds, og sè eg ekki, að það sè rèttvíst eður hentugt, að gjalda af þeirri eign til opinberra þarfa, sem maður hefir eingan arð eður afnot af, því það er ekki annað en ímynduð eign; þar sem hann telur mikinn örðugleika á því að komast eptir afgjaldinu, þá ætla eg það sè heldur ekki ókljúfandi, með því að sýslumenn á manntalsþíngum tækju þíngsvitni, eins og nú er gjört í Múlasýsl-

um, hvað sem víðar er, um gjald það, er klausturjarða landsetar gjalda; eg held líka, að það megi að miklum stuðningi verða í þessu falli, að fara eptir byggíngarbrèfum ábúenda; því það er eingan veginn vel grundað, er hinn sami þíngmaður sagði, að fáir sem eingir leiguliðar hefðu byggíngarbrèf, það er þvert á móti; þar sem eg tilþekki, þá eru nú flestallar, ef ekki allar, jarðir bygðar með byggíngarbrèfi. Eg held, að það sè rèttast að leggja afgjaldið af fasteigninni til grundvallar fyrir alþíngiskostnaðinum. En að því leyti er snertir jarðir, sem ekki eru metnar til hundraðatals í jarðabókinni af 1760, þá er eg á máli hins háttvirta forseta, að 30 álna og kúgildis afgjaldið svari 5 hundr. og áskil eg mèr breytíngaratkvæði á þá leið, að það sè einúngis $\frac{1}{3}$ af lausafènu en $\frac{2}{3}$ af fasteigninni.

Forseti: Það sem þíngmaður Norðurmúlasýslu nú mælti, er öldúngis samkvæmt því, sem frumvarpið fyrirskipar. Að öðru leyti vil eg geta þess, að þó eg ekki viti til, að alþíngistilskipunin banni forseta að gjöra breytíngaratkvæði, þar sem 49. grein hennar leyfir honum að taka þann þátt, sem hann vill í umræðum málefnanna, þá samt ætla eg ekki að gjöra úr meiníngu minni breytíngaratkvæði, heldur bar eg hana upp í því skyni, ef einhverr vildi fara henni fram. Eg er samþykkur varaforseta í því, að torvelt sè að fá fulla vissu fyrir núverandi afgjaldshæð jarðanna, og því er það, að eg hefi viljað leggja jarðabókina 1760 til grundvallar hvervetna, fyrir það fyrsta. Ekki get eg óttast fyrir því, að uppástúnga mín, þó hún feingi framgáng, riði neitt í bága við seinni ráðstafanir í skattalögunum, því það konúnglega frumvarp, sem hèr er um að ræða, segir með berum orðum, að það, sem nú verði að ráði gjört um alþíngiskostnaðinn, skuli að eins gilda, „meðan ekki er önnur ráðstöfun gjörð“, og skil eg það svo: meðan skattalög og jarðamat ekki er komið í betra horf, en enn þá er.

Stúdent Gutormur Vigfússon: Eg leyfi mèr að leiðrètta fyrrtöluð orð mín þannig, að $\frac{2}{3}$ kostnaðarins leggist á jarða afgjaldið, en $\frac{1}{3}$ á lausafè

Assessor Johnsen: Mèr þykir nú helzt horfa til þess, að þíngmenn þeir, sem ekki fallast á tilmæli nefndarinnar, þá til bráðabyrgða annaðhvort halli sèr að frumvarpinu, eins og hinn háttvirti forseti hefir ráðið til, og fyrir því má nú álítast að vera komið fram atkvæði eins hinna konúngkjörnu

þingmanna veraldlegu stèttarinnar, eða þá að því, að leggja helming alþingiskostnaðarins á jarðadýrleikann og helming á lausafèð, eins og annar konúngkjörinn þingmaður ennar sömu stèttar hefir farið fram, og það verð eg að álita tiltækilegra, þar eð gallar þeir, sem taldir eru á dýrleikanum, eins og hann nú er á sig kominn, sem gjaldstofni útaf fyrir sig, þó hverfa nokkuð að því skapi, sem minna yrði lagt á hann. Verði nú annaðhvort af þessu upp á, verð eg að vísu að játa, að mèr, eptir kríngumstæðunum, geðjast vel að þeim máta, sem forseti fór fram á, til að koma þeim jörðum undir álöguna líka, sem ekki eru metnar til dýrleika, því það er með þeim hætti einskorðað, eptir hverju fara á, ef jarðabókin segir frá afgjalds upphæðinni á þeim, og verður hún þá ekki að sínu leyti öllu óáreiðanlegri, en dýrleikinn á hinum, sem hann hafa, eptir jarðabókinni eða jarðabókunum; en þar við er aptur aðgætanda, að á sumum jörðum segir hvorki frá dýrleika nè heldur frá afgjaldi jarðanna í jarðabókunum. Hvað nú ætti að taka til bragðs með þær jarðirnar í þessu efni, yrði verra úr að ráða, og held eg, að þingið ekki hafi önnur ráð, en láta bæði það vera undir stjórninni komið, og líka hitt, hvernig greiða ætti úr þeim vandkvæðum, sem nefndin hefir talið á frumvarpið eða tilætlun þess í öðrum greinum, og sèr í lagi á hluttekníng lènsjarða presta í gjaldinu.

Guðmundur Arnljótsson: Skyldi nú svo fara, að meiri hluti þingsins fèllist á, að frumvarpið feingi lagagildi, verð eg að áskilja mèr breytíngaratkvæði svoleiðis, sem eg hefi áður látið í ljósi, nefnilega, að hundraðatal jarðanna er svo fjarskalega ósanngjarnt; þar að auki má það sjá á orðum frumvarpsins, að það hefir verið stjórnarinnar meiníng, að allar jarðir á landinu tækju þátt í kostnaðinum eptir tiltölu, en því mundi svo að eins verða við komið annmarkalítið, að mjög hátt væri ekki lagt á fasteignina.

Sèra Þorsteinn Pálsson: Það er að vísu komin fram býsna mörg breytíngaratkvæði þegar; en síðan eg fór að glöggva fyrir mèr breytíngar-atkvæði þíngmannsins úr Ráng-árvallasýslu, hefir mèr dottið í hug að áskilja mèr einnig breytíngaratkvæði á þá leið: að $\frac{1}{8}$ alþíngiskostnaðarins yrði lagðir á fasteignar-hundruðin, þegar búið væri að fá upphæð þeirra allra eptir bendíngu hins háttvirta forseta, og $\frac{2}{8}$ á lausafjár-hundruðin, en $\frac{1}{8}$ á inntekt allra embættismanna.

Framsögumaður: Það verður ei með sanni sagt um þann heiðraða alþingismann, er seinast talaði, að hann sè ofmildur við embættisbræður sína. Fyrst vill hann láta leggja $\frac{4}{5}$ parta alþingiskostnaðarins á jarðarhundruð þeirra eptir tiltölu; þarnæst $\frac{2}{5}$ parta hans á lausafjárhundruð þeirra, og seinast $\frac{1}{5}$ part kostnaðarins á þeirra embættislaun. Það sjá nú allir, hvað þetta er ósanngjarnt, að íþyngja þannig prestum fram yfir aðra, þar sem kjör margra þeirra þó eru bág og þurfa endurbótar við. Þetta ráð er því með öllu svo ótiltækilegt, að eg tel það víst, að þingmenn fallist ei á það.

Þingmaðurinn úr Norðurmúlasýslu heldur það megi gánga greitt að leggja kostnaðinn á jarðarafgjaldið, því það megi árlega taka um það þingsvitni, eins og gjört er um klausturjarðir í Múlasýslum; en þó þessu megi nú koma við um einar 30 jarðir, yrði þó úr því óbærilegur rekstur og málaleiðing, ef það ætti að gjörast um allt land; þar að auki næðist með því eingin stöðug vissa, því afgjaldinu er breytt á mörgum jörðum árlega, og öll þau ár, sem eg hefi verið sýslumaður, hafa komið til mín fleiri umkvartanir frá landsetunum, að jarðarafgjöldin væru hækkuð við þá. Ný þingsvitni þyrftu því að takast um afgjaldið árlega, og þó yrði vegna hinna iðuglegu breytínga á afgjaldinu loksins óvíst, hverju fylgja ætti.

Sèra Þorsteinn Pálsson: Eg þóktist ekki þurfa að taka það strax fram, að eg undanskildi frá þessu gjaldi alla þá embættis menn, sem ekki hefðu 300 rbdl. inntekt.

Jón Þórðarson: Mèr getur ekki skilizt, hversu það skuli vera ómögulegt, að uppspyrja afgjald jarðanna, því þó landsdrottnar færi að banna landsetum að segja rètt til afgjaldsins, þá væri það mesta háskaspil fyrir landsdrottinn sjálfan: því ef hann samþykti slíkt, þá kynni landsetinn að nota sèr þetta, og gyldi hann honum kannske aldrei hærri landskuld framar. En sè það satt, sem 2 hinir heiðruðu þingmenn lètu í ljósi, að sumir landsdrottnar hefðu sinn leigumála hvort ár, og að hann færi vaxandi við sama mann, eða að landsetar vissu ekki, hvað mikið þeir ættu að gjalda, fyrr en þeir kæmu með gjaldið til landsdrottins (eg get ekki ætlazt til, að slíkir landsdrottnar sèu margir), en væri svo, þá sýndist mèr það vera æskilegt, að slíkt yrði opinbert með því, að landsetar segðu til leigumála ábúðarjarðar sinnar á ári hverju. En það sem hinn heiðraði framsögumaður mælti fyrir skemstu í tilliti til mín, að uppástúnga

mín væri á reiki, þá sýnir hún sig sjálf, en eg held að nefndin hafi eingu síður verið á reiki, eða réttara sagt í ráðaleysi, fyrst hún gat eingan veg fundið, hvernig borga skyldi alþingiskostnaðinn.

En þar sem hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga talaði um mína daufu sjón á prestaköllunum, og færði til dæmi, því til sönnunar, að það væru ekki alltíð betri brauðin, sem mensaljarðirnar lægju undir: þá held eg, að hann dragi dæmið af brauði því, sem máske er í hans sýslu og töluvert jarðagoz liggur undir, en söknin ekki utan 8 bæir, þess vegna hlýtur það að vera eitthvert það hægasta, og undir eins hefir verið talið með betri brauðum.

Framsögumaður: Það er öldúngis átyllulaust, að hinn virðulegi þingmaður, er seinast talaði, bregður nefndinni um, að álit hennar hafi verið á reiki. Álit nefndarinnar og uppástúnga eru föst og ákvörðuð, og miða hvorutveggju að einu takmarki. Það er líka misskilningur, þegar þingmaður þessi samlíkir lausafjárframtalinu við skýrslurnar um jarða-afgjöldin. Eptir grundvallarlögum landsins um tíundina, er fjár-framtalið skýrsla undir eið. Ef nú skýrslurnar um jarðar-afgjöldin ætti að eiðfesta bæði af leiguliðum og máske líka jarðeigendum um land allt, þá mundi slíkt leiða til svo mikillar og iðuglegrar vanbrúkunar eiðsins, að þingið mun aldrei til þess ráða.

Prófastur Hannes Stephensen: Hafi eg sagt áður, að þingmaður Rángvellínga væri sjóndapur, þegar hann er að skoða kjör prestanna, þá má eg játa, að ræða hans en síðasta getur ekki breytt áliti mínu um þetta. Í hèraði mínu er ekkert prestakall, hvar 8 bæir sèu að eins, þar eru fæstir bæir 25. En þar eru 2 brauð, sem hafa flestar kirkjujarðir, næst besta brauðinu þar, og eru þó fátækust brauðin vegna fæðar og fátækdóms bændanna; brauð þessi eru Saurbær á Hvalfjarðarströnd og Melar í Melasveit.

Konúngsfulltrúi: Eptir því sem mönnum hafa nú farizt orð um þetta mál, virðist mega gánga að því vísu, að meiri hluti þingmanna muni ekki verða á því með nefndinni, að skjóta á frest endurgjaldi kostnaðarins, þángað til betri undirstaða sè feingin til niðurjöfnunar. Jafnvel þó eg nú eingan veginn kvíði því, að þingið muni fallast á uppástúngu nefndarinnar, þá er samt eitt atriði, sem hinn virðulegi framsögumaður hefir getið um, er eg þarf að drepa á. Framsögumað-

ur hefir sagt, að nefndin hafi gjört ráð fyrir, að konúngur mundi ekki láta jafna öllum kostnaðinum, sem safnazt hefði saman, þángað til búið væri að útkljá málið, niður á þjóðina í einu, heldur að fást mundi frestur þannig, að greiða mætti kostnaðinn smátt og smátt. Eg verð hèr um að gjöra þá athugasemd, að það að vísu kæmi aldrei til máls, að jafna svo miklum gjöldum á í einu, eins og þau mundu verða, sem leiddu af þínghaldskostnaði fyrir mörg þíng. En þó nú svo væri, að mjög lángur gjaldfrestur feingist, mundi það þó verða ofþúngar álögur að greiða þann kostnað, sem safnazt hefði saman um mjög mörg ár. Meðan einúngis einn þínghaldskostnaður stendur sem skuld hjá þjóðinni, verður sá kostnaður, sè hann ásamt öðrum útgjöldum, ef til vill, greiddur á 2 ára tímabili, ekki ókljúfandi fyrir landsmenn; en ef kostnaði fyrir 4 eða 5 þínghöld yrði skotið á frest, og honum skyldi skipta niður á 10 ár, mundu þó slíkar álögur, sem um svo lángan tíma hefðu saman dregizt, verða mönnum miklu tilfinnanlegri. Það er einnig á góðum rökum bygt, sem einn þíngmaður sagði, að þá gætu verið komin harðæri, sem mundu gjöra mönnum það óbærilegt að greiða um mörg ár þenna aukna kostnað.

Í hinni fyrri ræðu minni gat eg þess, að eg hefði álitið það rèttara, ef nefndin, í stað þess einúngis að benda á þá galla, sem á því væru að jafna niður alþíngiskostnaðinum á þann hátt, sem lagafrumvarpið segir fyrir, einnig hefði reynt til að sýna, hvernig bezt yrði ráðin bót á þessum göllum; þess vegna var mèr einkar geðfelt, að hinn háttvirti forseti benti á þá leið, sem sýnist að muni liggja fram úr flestum af þeim torfærum, er nefndin sýndi mönnum ofan á. Því hefir einginn móti mælt, að fara megi þessa leið, heldur hefir hinn virðulegi varaforseti miklu fremur studt þetta mál, þó með lítilli tilbreytíngu. Eptir því sem hann segir, mundi að sönnu öllum torfærum ekki verða burtu rudt með þessu móti, þar eð þó eru til nokkrar jarðir svo á sig komnar, að hvorki finnst í jarðabókinni nefndur dýrleiki þeirra eða afgjald. En það eru þó að vísu einúngis fáar jarðir í samanburði við aðrar, sem þannig er háttað, sem einnig sýnist mega ráða af einni athugasemd, sem stendur í bók þeirri, er hinn virðulegi varaforseti hefir fyrir skömmu gefið út um „jarðatal á Íslandi“, bls. 53; þar af sèst, að jarðabókin frá 1760 tilgreinir landskuldina, en ekki dýrleikann, á öllum þeim jörðum, sem áður lágu undir

Skálholts-stól. Eg hygg, að þannig hafi verið bent á þann veg, sem greiði mönnum för fram úr þeim helztu torfærum, er nefndin hafði fyrir augum.

Assessor Johnsen: Mèr láðist þó eptir áðan, að minnast á eitt atriði, sem mig greinir á um við hinn háttvirta forseta, með tilliti til mátans, að finna dýrleika jarðanna, þar sem hann ekki er til eptir jarðabókunum. Þær segja stundum alls ekki frá kúgildatölunni, jafnvel þó þær greini um landskuldina, enda stendur landskuld og kúgildatala opt eingan veginn í vissu hlutfalli hvor við aðra, heldur en enn þá viðgeingst; og yrði eg þess vegna að ætla það tiltækilegra, að fara eptir landskuldinni eingaungu, en eptir hvorutveggju, þar sem dýrleikann vantar.

Áður en málið geingur til ályktunar-umræðu, leyfi eg mèr annars, svo að eg ekki verði misskilinn, að gera þá grein fyrir atkvæði mínu í því: að eg sjálfsagt fyrst og fremst mæli með áliti nefndarinnar, en fallist stjórnin eða þingmenn flestir ekki á það, þá til vara, að þingið mæli fram með því við Hans Hátign konúnginn, að helmingur þingkostnaðarins leggist á jarðadýrleikann, en helmingur á lausafjárhundruðin, eða að þriðja lagi, að tveim þriðjúngum á jarðadýrleikann, og að einum þriðjúngi á lausafjárhundruðin; og ætlast eg þá til, að hlutaðeigandi stjórnarráð greiði úr þeim vandkvæðum, sem í nefndarálitinu og umræðum þingmanna eru talin á því, að leggja þessa undirstöðu fyrir endurgjaldi alþingiskostnaðarins, eins og líka að þeir af þingmönnum, sem það má mestu varða, beri upp þau atkvæði, er sèr í lagi hníga að breytíngu frumvarpsins, með tilliti til lènsjarða prestanna.

Framsögumaður: Máti sá, sem forseti hefir upp á stúngið, kann máske víða að verða til leiðbeiníngar; en ef reikna ætti kúgildatöluna, eins og hann hefir tiltekið, þá á það víða ekki við. Á suðurlandi er kúgildatalan að sönnu víðast hvar lík því, sem hann hefir tilgreint, en á norðurlandi eru þau að tiltölu miklu færri, máske allt að helmíngi. Þar er því, vegna þess að ekki meir en eitt kvíildi optast nær fylgir 10 hundr., landskuldin að því skapi hærri, eða borguð í betri aurum en fyrir sunnan, hvar töluverður partur landskuldanna víða er borgaður með peníngum eptir svo kölluðu gömlu lagi, þannig: að ein spesía er tekin fyrir tvöfalt eða máske þrefalt fleiri álnir í landskuldina, en hún gildir eptir almennilegu landauraverði.

Kandíd. Jón Sigurðsson: Hèr eru nú komin á flökt svo mörg breytíngaratkvæði, að eg held það verði bágt að segja fyrir, hvert þeirra lífseigast muni verða. Það er einnig von, að meiníngamunur verði í slíku máli, sem þetta er, því það mun optast verða svo, þegar menn eiga að ráðgast um að leggja á sig skatta, að menn eiga bágt með að finna trèð, sem menn vilja hánga á. Menn hafa látið í ljósi, að þeir hefði viljað, að nefndin hefði tekið öðruvísi í þetta mál. Eg held, að nefndin hafi gjört það, sem henni bar: hún hefir rannsakað frumvarp það, sem henni var feingið í hendur, sýnt annmarka þess, og ráðið þínginu frá að fallast á það. Eg verð að leiða athuga þíngsins að því, að í hitt eð fyrra komu fram nær því öll hin sömu breytíngaratkvæði og nú, og fèllst þíngið á ekkert þeirra, en 18 atkvæði móti 5 samþyktu þá uppástúngu, sem gjörð var. Eg hefði viljað óska, að stjórnin hefði fylgt þessari uppástúngu fyrst um sinn, því eg hefi komizt að raun um, að fleiri eru henni meðmæltir, en mótmæltir, hèr á landi, en það er víst, að hver álaga sem valin verður, þá mun hún ekki falla öllum í geð. Nefndin mun nú, gjöri eg ráð fyrir, skoða nákvæmar þessi breytíngaratkvæði, sem fram eru komin, og leitazt við að finna eitthvað það, sem hún gæti ráðið þínginu til að fallast á, ef frumvarpinu yrði ekki að öllu frá ráðið. Mèr sýndist þá liggja næst, að skoða á ný hina fyrri uppástúngu, sem þíngið fèllst á með svo miklum atkvæðafjölda, og sjá, hvort ekki mætti gjöra hana aðgeingilegri fyrir stjórnina, því eg ætla, að það megi sýna með ljósum reikníngi, að gjald þetta mætti vel hrökkva til þíngkostnaðar, þó það væri lægra, en upp á var stúngið í hitt eð fyrra; þíngkostnaður var þá metinn meira, en hann hefir reynzt. Eg hefi sannfærzt um það af umræðu við marga menn, sem nákunnugir eru hèr, að ekki þyrfti að óttast neinar skaðlegar afleiðíngar af hundraðsgjaldinu, og einkum ekki það, að það stæði jarðakaupum og sölum í vegi. Væri þetta leidt ítarlegar fyrir sjónir, vona eg stjórnin tæki það á ný til nákvæmari rannsóknar.

Ásgeir Einarsson: Mèr virðist, að umræður manna, og einkum breytíngaratkvæði, sèu orðin nokkuð margbrotin, og held eg, að menn megi gæta að sèr að villast ekki í þeim, þegar til atkvæða er geingið, og að á nefndarálitið verði fallizt að höfuðefninu, sýnist mèr ekki útlit fyrir. En af umræðunum virðist mèr, að hugir manna sèu farnir að hneigjast að breytíngar-

atkvæði því, er eg bar upp hèr á þingi árið 1845 um þetta efni, og ætla eg, að eg mundi gefa atkvæði mitt á þá leið; en það furðar mig, hvað þingmenn mæla nú með því, að leggja alþingiskostnaðinn á lausafèð, en mæltu svo fastlega á móti því árið 1845, og held eg þetta geti verið sprottið af nokkrum misskilningi á því, að gjaldið yrði fjarska hátt á fasteigninni, og þori eg ekki að svo stöddu að segja neitt víst um það, þar eg hefi ekki óyggjandi reikninga fyrir mèr nú, en ef hinum háttvirta forseta þækti það ekki móti rèttri reglu, að vísa málinu til rannsóknar í nefndinni á ný, held eg hægast yrði að glöggva sig á þessu og öðru, og vil eg því fara sem fæstum orðum um það, sem rædt hefir verið hèr í dag; en þó verð eg að geta þess á ný, að mig furðar stórlega, hvað menn eru nú farnir að mæla fastlega með því, að leggja nokkuð af alþingiskostnaðinum á lausafèð, þar stúngið hefir verið upp á, að leggja $\frac{2}{3}$ á það, og get eg ekki annað sagt um þessa uppástúngu, en að hún sè sú viðbjóðslegasta og hryllilegasta, sem borin hefir verið upp í þessum sal. Mèr er það ekki kunnugt, að svo mikið hafi lètzt gjöld af lausafènu síðan í hitt hið fyrra, og sízt um allt land, að þessu væri á flot farandi; enda vona eg, að einginn þingmanna fallizt á það. Það mætti margur halda, sem þekkir kríngumstæður mínar, að eg væri ekki fjárs míns ráðandi, þar eg mæli svo með, að alþingiskostnaðurinn sè lagður á jarðeigendur, en í þessu þykist eg hafa sanngirnina fyrir augnamið; jarðeigendur hafa hingað til komizt lèttara af, en flestir aðrir, þar þeir hafa þurft að gjalda mjög lítið af svo notalegum og fyrirhafnarlitlum inntektum, sem jarða-afgjaldið er, og held eg, að þolandi yrði fyrir þá, að bera gjald þetta að mestu eða öllu, þángað til skattalögin verða samin (allir munu skilja, að eg undantek einga, sem privat-eignir eiga, þó embættismenn sèu). En hvað því viðvíkur, að það mundi verða ófært, að ná þessum skatti, þá ætla eg ekki að fara um það neinum orðum nú; því ef nefndin rannsakar málið á ný, munu finnast til þess einhver ráð. Þar sem því hefir verið hreift, að leggja alþingiskostnaðinn jafnt á allar jarðir, þá held eg það sè nægilega hrakið; það sjá líka allir, hvað sanngjarnt það væri, að leggja skatt á spítala og fátækra eignir og svo fátæk prestaköll, sem upp eru bætt; um kóngsjarðir hefir nefndin líka sýnt það ljóslega.

Framsögumaður: Það er víst eintómur misskilningur, sem

hefir komið þeim virðuglega alþingismanni til að óska leitað atkvæða um, að vísa álitinu til nefndarinnar aptur. Til þessa úrræðis má ekki taka nema í ítrustu nauðsyn; því annars mundi það óendanlega tefja málanna meðferð á þinginu. Hèr stendur nú allt öðruvísi á, en í fyrra dag, þegar nefndinni var falið á hendur að rannsaka málið að nýju. Þá var ræðan um, að stofnsetja hèr á landi nýja stiptun, öllum óþekta og mörgum vafasemdum og vandkvæðum undirorpna. Þá komu líka fram í undirbúnings-umræðunni mörg atriði og margar uppástúngur um mátann, hvernig stiptan þessari yrði bezt fyrirkomið, sem ekki var talað um í nefndarálitinu, og ekki voru til fullnustu skýrðar fyrir þingmönnum. Hèr er þar á móti öllu öðru máli að gegna. Hèr liggur fyrir þinginu konúnglegt frumvarp, skýrt og greinilegt, samt ástæður fyrir því, er sýna, á hverju það er bygt. Nefndin hefir einnig gefið skýrt og greinilega álit sitt um frumvarpið til kynna, svo hèr getur enginn vafi verið um málefnið. Þeir, sem vilja fallast á uppástúngu nefndarinnar, vita, að hverju þeir eiga að gánga; en hinir, sem ekki vilja fallast á hana, geta komið fram með breytíngar-atkvæði sín, og til þeirra gæti nefndin tekið tillit milli undirbúnings- og ályktunar-umræðu, og máske lagað þar eptir uppástúngu sína, áður en síðasta umræða hefst. Eg vona því, að einginn einn þingmaður gefi uppástúngu þingmannsins úr Strandasýslu sitt atkvæði.

Ásgeir Einarsson: Ef að nefndin tekur til greina þau breytíngaratkvæði, sem upp hafa verið borin, skal eg ekki halda fast með því, að nefndarálitinu sè vísað til nefndarinnar aptur.

Framsögumaður: Eg vildi enn bæta því við það, er eg áðan sagða, að það væri óforsvaranleg tímatöf, að fá málið nefndinni aptur til íhugunar, og á því síður við, sem nú hefir verið beðið um að leingja alþingistímann, og hèr er um konúnglegt frumvarp að ræða.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg held það vafalaust, að hinn heiðraði þingmaður úr Strandasýslu fari hèr næsta villur vegar: hann ímyndar sèr, að hin mörgu og margbreyttu breytíngar - og vara - atkvæði sem hèr hafa verið borin upp í dag, sèu næg ástæða til þess, að aptur sè vísað til nefndarinnar álitsskjali hennar; en hann gætir þess ekki, að það er sitt hvað, að nefnd útlisti málefni það, sem henni er feingið, og uppástúngu þá, sem hún kemur sèr saman um að fylgja fram,

með óljósum og ónógum ástæðum, eða að þingmenn eptir á beri upp um málefnið og aðalstefnu þess margbreyttar meiningar og atkvæði í allri annari stefnu, en nefndin hèlt að bezt væri; en hafi nefndin útlistað og bygt á nægum rökum uppástúngu sína, þá hefir hún gjört allt, sem henni bar að gjöra málinu til undirbúnings. Eg ætla ekki að sleppa strax umræðunni um öll hin sundurleitu breytíngaratkvæði, sem hèr hafa verið borin upp í dag; þau sýna það og sanna, fremur öllu öðru, að uppástúnga nefndarinnar sè tiltækilegust af öllu, sem úr er að ráða. Eg er að vísu einn af þeim, sem álít það vafalaust, að Ísland eigi að borga kostnað alþíngis síns, og ekki fresta þeirri borgun, þar til komin er á tilfinnanleg skuld, sem krafizt yrði, þegar vest gegnir og harðæri eru máske komin, sem auðveldlega getur aðborið. En eg sè ekki allt um það, hvað til ráða skal verða, og eg held, að fæstir viti það, eptir því sem hèr hafa farið umræður í dag, og sinn leggur til hvað. Eg skal nú tala fátt um uppástúnguna í hitt eð fyrra, fyrst stjórnin er henni fráhverf; en eg skil ekki, að ekki megi draga svo úr henni, að ekki megi lækka svo hundraðsskatt þann, að hann væri aðgeingilegri fyrir stjórnina; eg skil ekki, að stjórnin geti verið því fráhverf, að fallast á líkt gjald hèr til opinberra þarfa, sem hún hefir gjört að lögum í Danmörku öldúngis í sama efni. Allir vita, að hún launar embættismönnum sínum mýmörgum að $\frac{1}{3}$, $\frac{1}{2}$, og máske meira sumum, með aukatekjum af seldum og keyptum fasteignum; og þeir, sem gá vel að aukatekju-reglugjörð Dana frá 1814, og lögunum um stimplaða pappírinn (því gjaldið, sem þar er ákveðið, er líka af keyptum og seldum fasteignum), munu komast að raun um, að þetta gjald er ekki alllítið. Væri nú dregið svo úr hundraðsgjaldi því, er hèr var stúngið upp á, að ekki yrði meira en því svarar, sem ákveðið er í aukatekjur í Danmörku, þá skil eg ekki, að stjórnin geti verið því móthverf. En að sú uppástúnga hafi orðið svo vinsæl, sem nokkur uppástúnga um nýjar álögur getur orðið, held eg bæði sè hægt að sanna, hvað sem einstakir menn segja í gegn henni, og líka sè það auðráðið af hinum margbreyttu tillögum hèr í dag, að ekkert af því muni verða vinsælla, þar sem sitt vill hverr, og öðrum þykir óráð, sem hinn segir bezt. Eitt var það, er svo að segja öllum á þíngi kom ásamt um 1845, eins og hinn heiðraði þíngmaður úr Strandasýslu tók fram, en það var, að ekkert mætti

leggja á lausafèð. Nú virðist, sem þingmenn sèu sannfærðir um hið gagnstæða, þar sem þeir stínga upp á að leggja ¼, ⅓, ½, ⅔ kostnaðarins á það. Eg veit nú ekki, og skil ekki, í hverju að svo hefir breyzt hagur landsins og lausafjárins, að þetta sè nú tiltækilegt, að nú sè tilefni til að breyta út af því, sem allir neituðu í hitt eð fyrra. Svo er enn ósannað, að sá hlutinn, sem menn vilja leggja á fasteignina, lendi ekki í rauninni á lausafènu; hafi eigendurna munað um tíundina, og látið leigulìðana borga hana af fasteigninni, mun líkt fara um þetta gjald. Eg held því, að ekkert af því, sem hèr hefir verið stúngið upp á í dag, verði vinsælla nè affarabetra en hundraðsgjaldið, sem fyrr var stúngið upp á, og meiningar manna um hvað eina verði viðlíka margbreyttar, og tillögur þingmanna hèr eru sundurleitar.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eg áleit það varla leyfilegt hèr á þingi, að nefna á nafn uppástúnguna, sem gjörð var 1845 um 4 pCto afgjaldið til endurgjalds alþingiskostnaðarins, því bæði er það, að stjórnin hefir ekki hreift við henni í frumvarpinu, því síður tekið hana til greina eður fallizt á hana, og þar að auki hefir nefndin ekkert orðað hana fremur en annað, sem aldrei hefir til verið. En vegna þess eg heyri suma þingmenn nú nýlega vera farna að hreifa við henni og gefa henni vitnisburð, ætla eg ekki heldur að draga mig í hlè, ef það kynni að koma sèr í einhverju betur, og segja stuttlega frá, hversu mönnum leizt á uppástúnguna þar eystra, og var það þannig, að flestum fèll hún vel í geð, að því leyti sem hún stefndi á fasteignir og jarðeigendur, en þó vóru þeir, er virtist hún ekki alls kostar vel fallin, sökum þess að gjaldið gæti á stuttum tíma lent opt á sömu eigninni, og væri því óeðlilegt, einkum ef það skyldi verða bráðabyrgðar álaga. Eg ætla ekki að skýra neitt frá að svo komnu, hvernig mèr sjálfum geðjast að henni.

Forseti: Þar sem þingmaður Strandasýslu skoraði á mig að leita atkvæða um það, hvort nefndin skyldi taka við málefninu til nýrrar meðferðar, þá skildi eg svo síðustu orð hans, að hann væri í efa um, hvort hann skyldi framfylgja því eða ekki. Hann verður því að lýsa yfir, hvað hann ætlar af að ráða.

Ásgeir Einarsson: Af því, sem sá heiðraði fulltrúi Skaptfellinga nú mælti, þykir mèr mest nauðsyn á, að nefndin rann-

saki málið á ný, því eg þykist viss um, að ekki verður fallizt á nefndarálitið.

Kandíd. Jón Sigurðsson: Hinn virðulegi framsögumaður hefir sýnt það ljóslega, að það á eingan veginn við, að vísa þessu máli til nefndarinnar aptur. Nefndin hefir þegar gjört það, sem henni var falið á hendur að gjöra: hún hefir rannsakað frumvarpið, og hennar álit er, að ekki sè til þess ráðanda; nefndin hafði einga ástæðu til að fara að búa til nýtt frumvarp, eða að fara að hugsa upp breytíngaratkvæði, sem einhverjum þíngmanni kynní að detta í hug að stínga upp á. Nú mátti nefndin búast við tvennu: annaðhvort að þíngið fèllist á álit nefndarinnar, eða og að það jafnvel samþykti frumvarpið, þvert á móti nefndinni; þegar þetta tvent var til, var því síður ástæða fyrir nefndina til að gjöra neinar uppástúngur. En því minni ástæða er nú til að vísa málinu aptur, þegar nefndin lýsir því, að hún er fús til að taka til greina breytíngaratkvæði þau, sem upp eru borin, og rannsaka þau ítarlegar.

Framsögumaður: Hinn virðuglegi þíngmaður blandar því víst saman, og skilur ekki, hver mismunur er á, að vísa einu máli til nefndarinnar aptur til nýrrar meðferðar, og því, að nefndin milli undirbúníngs og ályktunar-umræðu taki tillit til breytíngar-atkvæðanna og þess, sem fram hefir komið í undirbúníngs-umræðunni. Þegar málinu er vísað heim til nefndarinnar aptur, fylgir þar af, að hún verður að semja um það nýtt álitsskjal; það þarf að liggja til eptirsjónar fyrir þíngmenn í lögskipaðan tíma, og síðan verður að hefja um það nýja undirbúníngs-umræðu, áður en breytíngaratkvæðum verður hreift og ályktunar-umræða fari fram.

Sveinn Sveinsson: Eg get ekki skilið, að nokkur fallist á það, að vísa málefni þessu aptur til nefndarinnar; að því verður töluverð tímatöf, og þó eru menn að biðja um að leingja þíngtímann. Uppástúnga sú, sem gjörð var 1845 um endurgjald alþíngiskostnaðarins, þókti mönnum tiltækileg fyrst um sinn, og eg fyrir mitt leyti vil, að hann verði endurgoldinn sem fyrst.

Forseti skoraði þá aptur á þíngmann Strandasýslu, að hann annaðhvort framfylgdi eða fèlli frá því, að málinu væri vísað aptur til nefndarinnar.

Ásgeir Einarsson: Eg hefi máske misskilið framsögumann, þegar hann sagði, að nefndin mundi taka breytíngar-

atkvæðin til rannsóknar, en eg get ekki skilið, að hún geti tekið hæfilegt tillit til þeirra, ef málinu er ekki aptur til hennar vísað, og óska því atkvæða þingmanna um það.

Var þá geingið til atkvæða, og uppástúngu hans hrundið með 22 atkvæðum.

Forseti: Þar eð nú enginn ræðir framar þetta mál, þá álít eg undirbúnings-umræðu þess lokið.

Forseti framlagði þá til undirbúningsumræðu nefndarálit um bókasafn handa alþingi, og fèkk það í hendur framsögumanni Kandídat Jóni Sigurðssyni, sem las það upp, þannig látanda:

## NEFNDARÁLIT

um uppástúngu viðvíkjandi bókasafni handa alþingi.

Þann 6. þessa mánaðar hefir þetta hið virðulega þíng kosið oss í nefnd, til að rannsaka uppástúngu frá mèr, Jóni Sigurðssyni: „að þíngið sendi Hans Hátign konúnginum bænarskrá um, að stofnsetja mætti og síðan auka bókasafn af þesskonar bókum, útlendum og innlendum, sem þínginu eru nauðsynlegastar“.

Nefndin er öldúngis samdóma uppástúngunni um það, að hin mesta nauðsýn sè á, að þíngið gæti eignazt safn af bókum þeim, útlendum og innlendum, sem nauðsynlegastar eru handa þíngmönnum, og gæti orðið þeim til styrktar við störf þeirra, og að bókasafn þetta yrði smámsaman aukið. Eptir því sem á stendur, hefir þíngið nú eingar slíkar bækur, nema nokkuð af þíngtíðindum Dana, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi hefir útvegað, en hin mesta nauðsyn ber til, að þíngið ætti Schovs og Rosenvinges tilskipana-safn, Fogtmanns og Ussings konúngsbrèfasafn og stjórnarráðatíðindin, og þar að auki aðrar valdar góðar bækur um ýmsar greinir stjórnfræðinnar yfir höfuð, um hagi og efni bæði lands vors sèr í lagi og Danmerkur og hinna skyldustu landa í grend við oss.

Kostnaður til safns þessa heldur nefndin að ekki gæti orðið minni en að minnsta kosti 300 dala í fyrstu, og síðan 100 dala til hvers þíngs. Nefndin finnur að sönnu, að þetta er reyndar oflágt tilætlað, en henni þykir samt ísjárvert að svo stöddu, að stínga upp á meiru, af því hún vonar með fram, að hið mesta af hinum innlendu bókum kynni að gefast bókasafninu, eptir að það væri á stofn sett.

Að öðru leyti virðist nefndinni það tilhlýðilegt og samkvæmt reglu þeirri, sem sett er í tilsk. 15. Maí. 1834 88. gr., að kostnaður sá, sem til bókasafnsins geingur, verði goldinn á sama hátt sem annar alþíngiskostnaður.

Til þess að velja bækurnar, sjá um kaup hinna útlendu bóka, band, og sendíngu hingað, geymslu þeirra á hentugum stað, forstöðu á láni bókanna, o. s. frv., virðist oss að þíngið yrði að velja tvo eða þrjá þíngmenn, og ætlum vèr, að þann starfa mundi ekki þurfa að borga sèr í lagi, en nauðsynlegt er, að til þess væru kosnir þeir einir, sem næstir búa þíngstaðnum, þar eð þeir eiga hægast með að sjá um þessi efni, eptir því sem þörf krefur, og semja við umboðsmann eða bóksala í Kaupmannahöfn um kaup og sendíngu hinna útlendu bóka.

Nefndin ræður því samhuga þínginu til:

1, að alþíng sendi Hans Hátign konúnginum bænarskrá um, að stofnsetja mætti, og síðan auka, bókasafn af þesskonar bókum, útlendum og innlendum, sem þínginu eru nauðsynlegastar.

2, að þíngið biðji um, að til bókasafnsins verði varið: í fyrstu til stofnsetníngar þess 300 rbd., og síðan til hvers þíngs 100 rbd.

3, að kostnaður til bókasafnsins greiðist á sama hátt og annar alþíngiskostnaður.

Reykjavík 15. Júlí 1847.

P. Melsteð. Jón Sigurðsson. J. Johnsen.

Framsögumaður Kandídat Jón Sigurðsson: Eg þykist ekki þurfa að fara mörgum orðum um þetta mál, því allir munu vera á því, að það sè mikils umvarðandi. Einúngis kann sumum að virðast, sem öll atriði þessu máli viðvíkjandi sèu ekki tekin fram í álitsskjalinu, eins og þörf væri á, en það ætla eg umræðum þíngmanna. Hvað kostnaðinn snertir, þá sá nefndin reyndar, að hann væri í minna lagi, ef fullnægja skyldi þörfum alþíngis, en hún þorði þó ekki að taka meira til að svo stöddu.

Kammerráð Melsteð: Eg verð einnig að styðja þetta mál, því allir verða að sjá, að bækur eru ómissandi fyrir þíngmenn, en þeir eiga eingan kost á að flytja með sèr bækur aðrar eins og Schovs tilskipana-safn eður Fogtmanns kon-

úngsbrèfa-safn, og fleiri bækur sem þínginu eru nauðsynlegar. Eins eru líka óhægindi og tímatöf að því, að fara út um bæ að fá sèr bækur að láni, í hvert skipti sem þeirra þarf með.

Umboðsmaður Þorvaldur Sívertsen: Eg fyrir mitt leyti verð að mæla með uppástúngu nefndarinnar um bókasafnið, sem mjög nauðsynlegri; einúngis vildi eg geta þess, að mèr virðist, sem nefndarálitið ekki hafi tekið fram um húsrúm fyrir bókasafnið, hvort hún ætlaðist til það gæti orðið í skólahúsinu, eða hvar annarstaðar.

Framsögumaður: Það er að sönnu satt, að húsrúmið er ekki tekið fram í álitsskjalinu, en nefndinni þókti það ekki varða miklu, enda munu ekki verða vandkvæði nein á því, þegar leyfið er feingið og bækurnar komnar. Ætla eg, að rúm verði fáanlegt í bókhlöðu skólans eða stiptisins, að minnsta kosti fyrst um sinn.

Kammerráð Melsteð: Mèr sýnist eingin þörf á að ákveða neitt um húsrúmið, því nefnd sú, sem kosin var til að hafa umsjón með öllu því er tíðindunum viðvíkur, mun einnig verða fús á að taka að sèr umsjón þessara bóka, þegar á þarf að halda, og sjá þeim fyrir húsrúmi.

Framsögumaður: Þess er einnig að geta, að í nefndarálitinu er gjört svo ráð fyrir, að kosnir verði menn til að sjá um bókasafnið; er þá þessum mönnum ekki vorkunn að sjá um geymslu bókanna, að minnsta kosti þángað til ítarlegri ráðstöfun yrði gjörð.

Forseti: Þareð einginn ræðir framar þetta mál, álít eg það fullrædt til undirbúnings.

Því næst var fundi slitið.

---

## 21. Júlí — sextándi fundur.

Forseti tilkynti þínginu, að kammerráð Melsteð hefði tjáð sig hindraðan frá að koma á fund. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykt.

Ásgeir Einarsson: Eg man ekki eptir því, að jústizráð Thorsteinsen áskildi sèr breytíngaratkvæði með berum orðum, og óska eg, að ef nokkur þíngmaður man þetta, að hann þá segi það strax opinberlega. Eg tala um þetta þess vegna, að

breytíngar-atkvæði mitt var ekki tekið til greina, og fannst mèr eg hafa eins mikinn rètt til þess, að bera upp mitt breytíngar-atkvæði, og sá áminnzti þíngmaður sitt.

Forseti: Það er þó í upplestrinum fram komið frá 2 þíngsins meðlimum, varaforseta og kammerráði Melsteð, að þeir hafa skilið svo, eins og eg, að jústizráð Thorsteinsen hafi áskilið sèr breytíngar-atkvæði; en þar á móti finnst það ekki um þíngmanninn frá Strandasýslu, hvers ræðu-tilgángur einúngis var, að fá málinu vísað aptur til nefndarinnar, og gat hann því ekki haft þann tilgáng, að koma með breytíngar-atkvæði, sem í undirbúníngs-umræðu.

Kandíd. Jón Sigurðsson: Eg man fyrir mitt leyti ekki, að jústizráð Thorsteinsen áskildi sèr með berum orðum nokkurt breytíngar-atkvæði; þetta er ekki af því, að eg álít einmitt rètt, að jústizráð Thorsteinsen fái að bera það upp, en eptir sömu reglu virðist mèr þíngmaðurinn úr Strandasýslu eiga rètt á að bera fram sitt breytíngaratkvæði.

Forseti tók fram til undirbúníngs umræðu nefndarálit um konúnglegt frumvarp til veiðilaga handa Íslandi, og afhenti það varaforseta, sem nefndin hafði kosið framsögumann í máli þessu, las hann upp nefndarálitið þannig hljóðanda:

## NEFNDARÁLIT

### um frumvarp til veiðilaga á Íslandi.

Frumvarp það til veiðilaga á Íslandi, sem nefndarmönnum þeim, er hèr undirrita nöfn sín, er falið á hendur að segja upp álit sitt um, styðst yfir höfuð og í einstökum ákvörðunum þess, við það, sem aðalgrundvallarreglu, að landeigandi eða sá, sem geingur í hans stað, eigi veiðirètt allan á jörðu sinni, og svo lángt sem lóð jarðarinnar nær, og er það, að aðalreglu þessari til, frábrugðið bæði ákvörðunum Jónsbókar um veiðirèttinn í Landsleigubálki 58. kap. og einkum þeirri venju, sem fyrir laungu er komin hèr á og enn loðir við, að veiði landdýra og fugla allflestra, allvíða átölulaust, er hèr tíðkuð af hverjum sem vill iðka hana, hvar sem er, og hvort heldur á eigin lóð eða annara, einúngis með takmörkunum þeim, sem eiga við eptir konúngs úrskurði 17. Júlí 1816.

Nefndarmönnum ber nú að vísu öllum saman um það, að þessi hin nýja grundvallarregla sè að hlutarins eðli, og að það liggi næst að skoða veiði á landi hverju sem náttúrleg eignar-

not, er sè samfara eignarrèttinum, en aptur verður það þó eigi varið, að bæði hinar völtu ákvarðanir Jónsbókar í þessu efni, og einkum venja sú, sem nýskeð var minnzt, hefir innrætt þjóðinni gagnstæðan hugsunarhátt; enda eru, að ætlan okkar Jónassens og Jóns Guðmundssonar, töluverðir annmarkar á því, nú aptur að kæfa hugsunarhátt sumra með beru banni gegn veiði á annars landi leyfislaust. Við ætlum það sumsè nær því óvinnanda, í svo strjálbygðu landi sem Ísland er, að koma lögum yfir bann þetta eða band á frjálsum veiðirètti, og einkum fyrir eigandann, þar sem jarðir hvervetna eru svo viðlendar, að færa sèr það í nyt; en verði nú ekki hjá því komizt, að lögin verði að ósekju brotin niður í einstökum greinum, sem minna þykir í varið að halda í gildi, er mjög hætt við, að hinar aðrar, sem meira ríður á, smámsaman verði eins kraptlitlar, þar sem eitt lagabrotið svo að segja helgar hið annað. En jafnvel þó nú yrði gert minna úr þessum annmarka við löggjöf þessa, virðist þeim sömu nefndarmönnum aptur vera annað vandkvæði við hana, sem eigi er minna í varið, það nefnilega, að færri verða til að leggja fyrir sig skotveiðar en áður, og eru þeir helzt til offáir hèr í landi, enn sem komið er, og það svo mjög, að sumar sveitir einga eiga skyttuna til að liggja við gren, eða skjóta refi, sem þó er svo áríðanda fyrir fjárrækt landsins, auk þess að þeim fáu, sem skotveiði vilja nema, gæti orðið það nokkur bjargræðisstyrkur, öðrum að bagalausu, ef þeim væri hann frjáls eins og hingað til. Svo ætla þeir og, að svo þraung og straung takmörkun í veiðirèttinum, frá því sem verið hefir, muni verða mjög óvinsæl, leiða til meinbægni, og verða rík uppspretta til þrætu og lögsókna. Fyrir þessar sakir hefðu nefndarmenn verið fúsastir á, að friða einúngis rjúpur og álptir í hreiðrum eða sárum fyrir skotveiði á annars lóð, auk æðarfugls og sela nærri látrum og lögnum, álptirnar vegna þess þannig, að arður er töluverður að eggjum þeirra og fjöðrum, en aptur líka að álptahömum, ef þær mætti veiða á öðrum tímum, og eins er því varið með rjúpnaveiði á vetrum, einkum á skógarjörðum. En þar eð við þó hins vegar verðum að játa, að töluverðar ástæður líka eru fyrir grundvallarreglu frumvarpsins, látum við okkur um sinn nægja, að hafa bent þíngmönnum á annmarka þá, sem við þannig höfum talið á henni.

Aptur virðast meira hluta nefndarinnar þessir annmarkar,

þegar á allt er litið, eigi svo mikilvægir, sem þeir í fljótu áliti kynnu að virðast.

Meiri hlutinn verður fyrir fram að leiða athygli þingsins að því mikilvæga atriði við þetta mál, að sá hinn áðurnefndi hugsunarháttur manna hèr í landi um sakleysi ótakmarkaðs veiðirèttar yfir höfuð, hefir máske hvað mest valdið því, að bann það, sem hefir legið við skotum æðarfugla og sela í látrum, hingað til hefir orðið svo affaralítið, er hið almenna frelsi með mörgum hætti hefir opnað launskyttum veg til yfirskota og afsökunar, og er sama að segja um annarskonar veiði þessara arðsömu skepna í laganna banni; en þetta atriði virðist meira hlutanum varða svo mikils í máli þessu, að það eitt ætti að vera nóg, til að helga grundvallarregluna, þar eð vèr þykjumst sannfærðir um, að þessi grundvallarregla muni koma hugsunarhætti manna á rètta stefnu, og í þessari grein ætlum vèr það auðsætt; því hvað því viðvíkur, að löggjöf þessari eigi verði komið hèr við, þá ætlum vèr hvorki, að það verði sagt með fullum sanni, nè heldur búizt við skeytíngarleysi hjá mönnum yfir höfuð um þessi eignarnot þeirra, að þeir eigi verndi þau, eins og þeim er kostur og þörf á í hvert sinni, og þó því verði ekki ætíð komið við, sakir víðlendis jarðanna, að með öllu verði spornað við áreitni launskyttanna, hagar samt óvíða svo til, að lagabannið ekki geti notið sín fyrir þá sök, auk þess, að bannið hlýtur að ávinna það af sjálfu sèr, að menn síður voga að breyta í gegn því, þegar hegníngarinnar er von; og er það enn fremur sjálfsagt, að það getur ekki orðið næg ástæða gegn nokkru lagaboði, sem að öðru leyti má álítast þarflegt, að vegur er til að smeygja sèr hjá því einstaka sinnum, eða að af því geti leidt prætu. Það er sjálfsagt mikilsvarðanda, að skyttur sèu fáanlegar til að skjóta refina, eins og líka hitt, að mönnum lærist að fara með byssu, svo að hver geti fært sèr þann bjargræðis styrk í nyt, sem hafa má af skotveiði, ef hún væri stunduð til hlítar hèr í landi; en meiri hlutinn heldur líka, að eingan veginn sè skotið loku fyrir þetta, þó að grundvallarreglu frumvarpsins sè fylgt, heldur muni það miklu fremur hvetja eigendur og ábúendur til að nota veiðirètt sinn, einkum þar eð það er í þeirra sjálfs valdi, að leyfa öðrum að skjóta á sinni lóð, og þó einhver kynni að verða svo meinbæginn, að hann gefi ekki leyfi þetta, sèr öldúngis að skaðlausu, þegar þess er farið á leit, og það enda mót þóknun nokkurri af skotmönnum,

þykir meira hlutanum þetta eingin ástæða til að raska réttri grundvallarreglu; en af þessu leiðir aptur, að það eingan veginn getur orðið skotlistinni til fyrirstöðu hèr í landi, að hver eigi einkaráð á veiðinni á sinni lóð, eins og líka svo ber að vera, að hver sè leyfisverður fyrir sínu.

Við greinir frumvarpsins, hverja út af fyrir sig, hefir nefndin komið sèr saman um breytíngar þessar.

Við 2. gr. Þar eð þeir bæði geta verið fleiri og færri, sem afrètt eiga saman (en optast nær eru þeir búendur, og ekki að eins „heimilisfastir"), ætlum vèr betur fari, að í stað orðanna, „sem heimilisfastir — þeim", komi, „þá eiga þeir veiði"; og þannig hefir nefnd sú, er sett var eptir konúngs úrskurði 23. April 1845, reyndar ætlazt til.

Við 3. gr. Þar eð orðin, „því það eru netlög hans" í 16. grein, falla úr, eptir uppástúngu nefndarinnar hèr á eptir, þykir hèr eiga við, á eptir orðinu, „stórstraumsfjörumáli", að setja, „og eru það netlög hans"; og sömuleiðis, til enn meiri skýríngár, við enda greinarinnar: „þar sem er varp, nótaveiði eða uppidráp, fer um það, sem síðar segir".

Við 4. gr. Fyrir þá sök að nefndinni þykir fara bezt á því, af ástæðum þeim, sem færðar eru til fyrir frumvarpinu, að ábúandinn einn njóti veiðarinnar, sem notarèttar, er óaðskiljanlegur sè frá jörðunni, stíngur hún upp á, að kaflinn í grein þessari, „Nú byggir maður jörð—jarðeiganda", falli úr, er hún ætlar, að eiganda, sem opt er í miklum fjarska, sè veittur allur sá rèttur, sem honum að rèttu lagi ber, ef aptur á móti, í staðinn fyrir orðin, „en sèr má hann — sína", eru sett þessi orð, „að staðaldri, án leyfis jarðeiganda", líkt og framantèð nefnd stakk upp á, en að ábúandinn eigi kost á að ljá þenna notarètt öðrum út í frá um stundar sakir, eða hve nær sem það má vera jarðeiganda að skaðlausu, en honum er aptur í sjálfsvaldi, ef honum svo þóknast, að skora nákvæmar á um þenna leyfisrètt ábúanda (sem hèr eigi þykir þurfa að taka ítarlegar fram), í byggíngarbrèfinu.

Við 5. gr. Þar eð bezt virðist fara á því, að lög þessi láti samkomulag um skaðabætur, þar sem því verður komið við, án þess að draga úr þeirri vernd eignar- eða veiðirèttarins, sem landinu ríður mest á, vera óáhrært, og öldúngis undir þeim komið, sem skaða bíður og skaða gjörir,

og það þar að auki optast nær verður launskyttunni ómögulegt að sanna, að tiltekin upphæð skaðabóta sè boðin fram, hefir nefndin álitið rèttast, að seinni kafli greinarinnar, „Nú beiðist — ákveðnar“, falli niður, er hann líka, eptir sem nú var vikið á, getur gefið tilefni til þrætu og meingjörða af hálfu hins áreitta, sem annars yrði komizt hjá. Af breytíngum við 4. grein leiðir, að í staðinn fyrir orðin, „þá veiðir hann landeiganda“, verður að koma, „þá veiðir hann þeim, sem á jörðu býr“.

Við 7. gr. Ordin: „þótt eigi hafi hann leyfi jarðeiganda til“, þykja bæði óþörf og líka móthverf breytíngu nefndarinnar við 4. gr.

Það er margreynt hèr í landi að temja hreina, en aldrei hefir það heppnazt, því hafi þeir ekki veslazt upp í húsunum á vetrum, þá hafa þeir hlaupið aptur á fjöll upp, er þeim hefir verið hleypt út á vorin. Þessi dýr eru því ekki að neinu öðru líði hèr á landi, en að veiðinni til, en á henni eru miklir örðugleikar, er þau hlaupa víðs vegar og eru svo stygg og fljót á fæti, að varla er vinnanda, nema tækifæri sè sætt, að ná þeim eða skjóta þau. Þar sem þau eru flest, en það er á norðausturlandinu við fjallgarða þá, sem næstir liggja Þíngeyjar- og Múla-sýslum, eru þau enda orðin búendum að tjóni, síðan þau fjölguðu svo mjög, að þau nú hittast þar mörg hundruð í hópum saman. Þegar harðnar á, koma þau í þessum hópum niður í bygðina, og leita sèr fæðis, með því að krapsa upp rótina, þar sem jörð liggur undir snjó og klaka, og kveður svo mikið að jarðuslanum, á þeim stöðum sem þau þannig leggja undir sig, að rótin seint eða aldrei nær að gróa aptur. En mesta tjónið er þó það, að þau eyða grasatekju, þar sem þau halda til. Fyrir þessar sakir hefir nefndin, sem í þessu atriði leitaði sèr upplýsíngar hjá þíngmönnum þeim, sem bezt þekkja til, álitið sèr skylt, að stínga upp á viðbæti nokkrum við grein þessa, er svo hljóði: „Hreina er og leyft að elta og veiða, hvar sem stendur“.

Við 8. gr. Orðunum i grein þessari: „ef hreppstjóra þykir nauðsyn til bera“, og, „talsverðan“, seinna í greininni, virðist nefndinni ráðlegast að sleppa, sem bæði óþörfum, og

máske ollandi nokkrum vafa, er fremur aptri en auki refaveiðina,

Við 12. gr. Þar eð það er upplýst í nefndinni, að hrognkelsanet sumstaðar eru lögð snemma í Martsmánuði, og að æðarfuglinum þá þegar eigi sè borgið fyrir þeim, ef þau liggja of nærri landi, stíngur nefndin upp á, að greinin byrji þannig: „Frá byrjun Martsmánaðar".

Við 14. gr. Nefndarmenn hafa flestir orðið á því, að eigi sè gjöranda að afmá reglu þá, sem hefir verið í gildi eptir úrsk. 17. Júlí 1816, um að banna skot á öllum tímum ársins, í þeirri tilteknu grend við friðhelguð eggver æðarfugla, og að byrjun greinarinnar því og verði þessi: „Enginn má, nema naudsyn beri til", o. s. frv., en að seinasti kafli greinarinnar um hin eggverin aptur á móti sè orðaður á þessa leið: „Ef skotið er frá Aprílmánaðarlokum til 1. dags Ágústmánaðar í eggveri", o. s. frv.; enn fremur, að eigi sè ástæða nú, heldur en það þókti vera 1816, að undanskilja herskipaskot banninu, og að seinasta kafla greinarinnar þar að lútandi því sè slept, eins og líka sú áður greinda nefnd hefir gjört; og virðist það þess heldur eiga við, sem greinin í upphafi tekur svo til orða: „nema nauðsyn beri til"; enda mundi eptirdæmi það, sem yrði gefið með þvílíkri undantekníngu, verða mjög skaðlegt friðun þeirri á æðarfugli, er frumvarpið fer fram, eins og líka reynslan hefir sýnt.

Við 15. gr. Í uppástúngu þeirri, sem nefndinni er feingin til meðferðar frá Barðastrandarsýslu, er því farið fram, að eingan sel megi skjóta á nokkrum tíma árs, nema með rá og skutli, á öllum Breiðafirði, og er enn sama farið fram í skrá nokkurri frá sömu sýslu, til nefndar þeirrar, sem að framan er getið, og undirbjó veiðilög þessi í fyrra, og eru þær kríngumstæður, sem að selaveiði hníga yfir höfuð, ítarlega teknar fram í skrá þessari. Þá er stúngið upp á því í bænarskrá, sem vísað var til sömu nefndar aðgjörða og borin var upp á alþíngi í hitt eð fyrra, frá Strandasýslu, að seli skuli friða á þann veg, að eingan látrasel megi skjóta, en þar á móti mætti skjóta vöðu- og annað farsela- eða geingðarselakyn, þó með þeim hætti, að sá, sem farsel skyti, skyldi sýna hann tveim vottum, til sönnunar því, að látraselur ekki sè skotinn, og það undir

sektir. Svo-er þess og óskað af beggja þeirra nefndu sýslna hálfu, að mál um þessi efni sè rekin sem opinber mál. Þegar uppástúngur þessar eru bornar saman hvor við aðra og við aðgjörðir nefndarinnar í Reykjavík í fyrra, ætlum vèr, að bezt muni vera að þræða nokkurn meðalveg milli mismunandi kringumstæða og meiníinga manna á ýmsum stöðum, þannig, að veiðirèttur landeiganda að vísu rýmkist nokkuð, úr því sem frumvarpið ákveður, en þó eigi svo, að úr hófi gángi, og ætlar hún það koma bezt heim við friðun látranna yfir höfuð, þó ýmislega kunni að haga til, á einn, og rètt þeirra manna út í frá, sem verða að eiga kost á að hagnýta sèr atvinnuvegi landsins á þann veg, að einstöku mönnum eigi sè ofmikill bagi að, á hinn bóginn, að í staðinn fyrir kallann í grein þessari: „Nú skýtur maður landsel“—„fjórðúngur mílu í milli“, sè sett: „Einginn má skjóta landsel eða útsel á fjörðum eða víkum, þar sem látur eru eða lagnir, nær en hálfa mílu frá látri eða lögnum, en ef skotið er, eignist“ o. s. frv.

Við 16. gr. Með hliðsjón af því, sem nú var sagt, hefir nefndin fallizt á, að breyta grein þessari á þessa leið: að í staðinn fyrir, „60 faðma“, sè sett, „hundrað faðma tólfrætt“, og á eptir „stórstraumsfjörumáli“, sè bætt við: „þar sem nótlög eru, en þó eigi nær látrum eða eggveri en áður segir“; að orðunum, „landeigandi — netlög hans“, sè slept (smbr. við 3. grein); að orðinu „netlögum“ seinna sè breytt í „nótlögum“; að á eptir orðin, „12. greinar“, sè skotið inn í: „Skutulveiði skal heimil, hvar sem stendur“; í staðinn fyrir, „þar sem venja er — í vaðinn“, sè sett: „þar sem menn eru að skutulveiði, má ekki skjóta nær með byssu en svo, að óvilhöllum mönnum eigi þyki skaði að, og aldrei í vaðinn“, og að „1 rbd.“ sè breytt í „5 rbd“; þetta síðasta einkum með tilliti til verðhæðar sela þeirra, sem veiddir eru með skutli, og þar með hins mikla óskunda, sem af skotinu hlýzt, er þeir fælast við það.

Við 21. gr. Við enda greinar þessarar heldur nefndin rèttast að bæta við orðunum: „fyrst um sinn“, þar eð bæði búnaðarlög ný og rekalög fyrir landið eru í vændum.

Samkvæmt framanskrifuðu er það álit nefndarinnar, að frumvarpið eigi að öðlast lagagildi með þessum breytíngum:

Við 2. gr. Að í stað orðanna, „sem heimilisfastir“ — „þeim“, komi: „þá eiga þeir veiði“.

Við 3. gr. Að á eptir orðinu, „stórstraums-fjörumáli“, sè bætt inn í: „og eru það netlög hans“, og við enda greinarinnar: „þar sem er varp, nótaveiði eða uppidráp, fer um það, sem síðar segir“.

Við 4. gr. Að kaflí þessi, „nú byggir maður jörð — jarðeiganda“, falli úr, og að í staðinn fyrir orðin, „en sèr má hann“ — „sína“, sè sett: „að staðaldri, án leyfis jarðeiganda“.

Við 5. gr. Að seinna kafla greinarinnar, „nú beiðist — ákveðnar“, sè slept, og að í staðinn fyrir orðin í fyrra kaflanum, „þá veiðir hann landeiganda“, verði sett þessi orð: „þá veiðir hann þeim, sem á jörðu býr“.

Við 7. gr. Að orðin, „þótt eigi hafi hann leyfi jarðeiganda“, falli niður, og að við enda greinarinnar sè bætt: „Hreina er og leyft að elta og veiða, hvar sem stendur“.

Við 8. gr. Að orðunum í grein þessari, „ef hreppstjóra þykir nauðsyn til bera“ og seinna, „talsverðan“, sè kipt burt.

Við 12. gr. Að greinin byrji þannig: „Frá byrjun Martsmánaðar“, o. s. frv.

Við 14. gr. Að byrjun greinarinnar sè þessi: „Einginn má, nema nauðsyn beri til“ o. s. frv., og að í staðinn fyrir orðin, „ef skotið er á þeim tíma árs“, sè sett: „ef skotið er frá Aprílmánaðarlokum til fyrsta dags Ágústmánaðar í eggveri“ o. s. frv.

Við 15. gr. Að í staðinn fyrir þenna kafla greinarinnar, „nú skýtur maður landsel — fjórðúngur mílu í milli“, sè tekin þessi orð: „Einginn má skjóta landsel eða útsel í fjörðum eða vikum, þar sem látur eða lagnir eru, nær en hálfa mílu frá látri eða lögnum, en ef skotið er, eignast“ o. s. frv.

Við 16. gr. Að í staðinn, fyrir orðin, „60 faðma“, sè sett: „hundrað faðma tólfrætt“, og á eptir „stórstraums-fjörumáli“, sè bætt við: „þar sem nótlög eru, en þó eigi nær látrum eða eggveri, en áður segir“; að orðunum, „landeigandi — netlög hans“, sè slept; að orðinu „netlögum“ sè breytt til „nótlögum“; að á eptir orðin „12. greinar“ sè skotið inn: „skutulveiði skal heimil, hvar sem stendur“; að í stað orðanna, „þar sem venja er — í vaðinn“, komi:

„þar sem menn eru að skutulveiði, má eigi skjóta nær með byssu en svo, að óvilhöllum mönnum eigi þyki skaði að, og aldrei í vaðinn“; og að „1 rbd“ sè breytt í „5 rbd“; og

Við 21. gr. Að við enda greinarinnar sè bætt: „fyrst um sinn“. Um orðaskipun í frumvarpi þessu ætlar nefndin betur fara:

í 5. gr. „sektast“ fyrir „sekst“ (og eins í 13. og 14. grein); „ríkisbánkadölum“ fyrir „ríkisdölum“, (í 14 gr. „ríkisbánkadal“ fyrir „ríkisdal“), og „einu sinni“ fyrir „um sinn“, (og eins í 18. grein).

í 8. gr. „rbd“ fyrir „rd“ og eins í 12. 13. 14. og 15. gr.

í 13. gr. „En ef hann verður sekur eptir dómi optar en einu sinni“ fyrir: „En ef — sekur um“.

í 14. gr. „Sektir liggja þar að auki við“ fyrir: „það er auðvitað, að sektir liggja við“.

í 15. gr. „Jarðeiganda“ og „jarðeigandi“ fyrir „landeiganda“ og „landeigandi“, og „honum“ fyrir „landeiganda“ seinast í greininni.

Reykjavík, þann 16. dag Júlímánaðar 1847.

Jón Sigurðsson. J. Johnsen. J. Guðmundsson.
Th. Sívertsen. Th. Jónassen.

Framsögumaður assessor Johnsen: Fyrir fram verð eg að geta þess, svo að komizt verði hjá misskilningi, að breyting nefndarinnar við 2. grein hefir misskrifazt og misprentazt, og voru þau orðin, sem nefndin ætlaðist til að fella úr, þessi: „ber veiði þeim — þeim“, svo að greinin yrði þannig látandi: „Á afrèttum, sem fleiri eiga saman, eiga þeir veiði, er afrètt eiga“. Annars eru nokkrar af breytingum þeim, sem nefndin hefir farið fram á, þegar orðnar umræðu efni í ástæðunum fyrir frumvarpi veiðilaga þessara, og væri það yfir höfuð mjög æskilegt, að komizt yrði hjá, að taka þær ástæðurnar upp aptur, hvort heldur þær eru með eða mót breytingum nefndarinnar, sem þegar eru teknar þar fram, og þingmönnum eru kunnugar af því, sem hver þeirra hefir fyrir sèr prentað, svo að menn, að því leyti sem unt er, einúngis færi nýjar ástæður með eða mót frumvarpinu eða nefndarálitinu; og skal eg fyrir mitt leyti reyna til að stytta þingræðurnar með þessum hætti. Nefndin hefir vikið frá frumvarpinu, einkum um selaveiði, og stúngið upp á þar að lútandi breytingum í 15. og 16. grein,

sem henni einkum hafa þókt vafasamar, sumpart af því, að sumir nefndarmenn eigi þekkja grant til selaveiða; en nefndarmönnum kom það ásamt að breyta greinum þessum, eins og þeir hafa mælt fyrir, eptir að þeir meðal hinna heiðruðu þingmanna, sem bezt þekkja til veiði þessarar, eptir tilmælum þeirra, voru búnir að segja þeim frá, hvernig hagaði til með hana á ýmsum stöðum landsins, líkt og nefnd sú, er sett var eptir konúngs úrskurði 23. Apríl 1845, líka varð að taka nokkurt tillit til uppástúngna þeirra og skrifa, er hún hafði í höndum um þetta efni, án þess hún þó þyrði að fara leingra í takmörkun veiðirèttarins yfir höfuð með tilliti til selanna, en gjört er í frumvarpinu (frumv. bls. 40—41); en þetta hlaut þó nú að verða í nefndarálitinu, þar sem nefndarmenn höfðu frásagnir kunnugra þingmanna sjálfra að styðjast við, og er af frásögnum þeim auðráðið, að selaveiði gæti orðið mjög arðsamur atvinnuvegur landsins, ef menn yrðu svo heppnir að hitta þann máta, sem bezt ætti við, til þess að arðurinn yrði svo mikill, sem kostur er á. Í þessu skyni þókti nefndinni það áríðanda, að landsmönnum yrði skýrt frá, hvernig tilhagar með veiði sela yfir höfuð, og ef eg má svo að orði komast, með lífsháttu selanna, þar sem selaveiði einna mest er stunduð, en það er í vesturamtinu; og þar eð skrá sú úr Barðastrandarsýslu, er send var embættismannanefndinni í fyrra, sem undirbjó veiðilög þessi, greinilega skýrir frá þessum atriðum, urðu nefndarmenn á því, að vel væri tilfallið, að lesa helztu atriði hennar upp hèr á þínginu, og birta þau almenníngi í þíngtíðindunum, svo að kríngumstæðurnar og aðferðin skýrðist fyrir þeim landsmönnum öðrum, sem á sama hátt kynnu að geta haft not af þessari enni arðsömu selaveiði. En skrá þessi er, að því leyti sem nefndin ætlar þörf á að birta innihald hennar, svo látandi:

„Selakyn þau, er vèr Breiðfirðíngar höfum arð af, eru um þessar mundir að eins tvö, nefnil. láturselur og útselur. Láturselurinn fer að sækja að láturstöðvum sínum á góu og einmánuði, og kæpir um það leiti er sauðfè ber, elur síðan kópa sína við skerin, þángað til 8 til 10 vikur eru af sumri, fara þá mæðurnar fyrst að svelta þá, því næst að forðast þá, köllum vèr það að villa kópana undan sèr; flæmast þeir þá víðs vegar og halda til helzt við útskerín. Fullorðni selurinn heldur sèr kríngum stöðvar sínar fram á vetur, eða

þangað til ísar fara að bægja honum í burtu, fer hann þá út um flóa og hefst þar við kríngum ísspángir, þángað til fram á kemur og hann fer að leita látranna aptur. Veiðiaðferðin að afla kópanna er talin bezt sú, að byrja selalagnir í fardagaviku, og stunda þá veiðina með selanótum, með þeirri alúð, að kópur sè aldrei lifandi í nót stundu leingur, og helzt sú veiðitilraun við 4, mest 5 vikur, og eptir þann tíma eru kóparnir, þó nokkrir sèu eptir óveiddir, svo veiðivarir, að þeir nást ekki. Frá því vorlagna tími er á enda, þykir það látur og veiðispjöll, að brúka nokkra veiðitilraun við lagnaskerin, en menn láta selinn njóta þar sem mest næðis og friðar. Útselurinn er allt annars eðlis. Þegar líður að haustinu, fer hann að elska eyjar þær eða sker, sem hann ætlar að kæpa í, forðast menn þá allar umferðir um uppidrápsskerin, því þar af styggist selurinn; kæpir hann um og eptir veturnætur, og elur kópa sína á skerjum uppi, hvar þeir á tilteknum tíma eru drepnir fyrirhafnarlaust.

Arður sá, sem af selaafla með þessum hætti verður, er lángt um hagfeldari og meiri, en hann sýnist, og er hann þó tölurverður árlega; því svo má ætlast til, að hverr einn vorkópur verði að meðaltali 1 rbd. 48 sk. virði, en hverr útselskópur 4 rbd., og verður það ei alllítill arður, og ei er um of hermt, að selaafli verði hèr á Breiðafirði og í kríng um hann, að verðaurum frá 4 til 5 þúsund dala, eða þar yfir, á ári hverju.

Þegar vèr þannig með fæstum orðum höfum minnzt á selakyn þau, er vèr höfum arð af, og getið eðlis þess og veiðiaðferðar, er við þau hefir brúkuð verið frá alda öðli, og sem hefir gefizt svo vel, að vorkópurinn er og hefir verið eins viss undan látursels-urtunni, eins og lambið undan ánni, og útselskópurinn eingu óvissari en notin af snemmbærunni, svo mörgum þykir það jafnmikill skaði að missa urturnar (selamæðurnar), sem ærnar, og skera jafnvel selanæturnar utan af þeim, til að gefa þeim líf, ef þær ínetjast, sem skjaldan er, og að hinu leytinu leggja blátt bann fyrir allt dráp á fullorðnum útsel á haustum: þá leyfum vèr oss virðíngarfyllst að snúa athuga yðar, háttvirtu nefndarmenn, að drápsaðferð þeirri, sem farin er að tíðkast á selunum, er reynslan sýnir að er svo skaðleg fyrir þessi vissu hlunn-

indi, að þeirra munu lítil eða eingin not að fárra ára tíma, ef öflugar skorður eru ei viðreistar.

Drápsaðferð þessi eru selaskotin, sem byrjuð voru á einstöku stað hèr á Breiðafirði fyrir rúmum 20 árum, en af því þau voru ei viðhöfð nema stöku sinnum, og optast nær fyrir landi þess, er skaut, þá gáfu menn þeim ekki eins mikin gaum, og vera átti, þángað til skotamenn tóku svo til að fjölga og veita yfirgáng, að til mestu ófara miðaði; fóru menn þá að höfða mál gegn þeim og láta þá sæta fjársektum; en því að eins varð því viðkomið, að sannað yrði, þeir hefðu í látri skotið; og þó opt hafi svo skotið verið, verður það ei sannað nema einstöku sinnum, hafa þeir því eptir sem áður haldið fram selaskotunum og ábatavonin knúð ávallt fleiri og fleiri til að leggja iðn þessa fyrir sig; leit svo út á næstliðnum vetri, sem selamenn myndu eyða sel að miklu leyti með skotum, hefdu menn ekki reist öflugar skorður fyrst um sinn með innbyrðis samtökum móti því.

Skotmenn þeir, er leggja seladráp fyrir sig, hafa sèr til málsvarnar líkar ástæður og æðarfuglsmorðíngjarnir (sjá alþ. tíðindin bls. 293); þeir segja, að einginn geti helgað sèr selinn, sem sè út um sjó; menn viti ei, hvort eða hvar frá látri hann sè; nóg sè til af selnum, þó fáeinir týni talinu; hlunnindamean hafi ei rètt til að meina sèr atvinnuveg þennan, meðan þeir sanni ei beinlínis, að þeir spilli veiði þeirra, og meðan löggjöfin banni ekki að skjóta seli. Nokkrir, sem vægara fara, þykjast vera á skotaferðum eptir vöðusel, af hverjum þeir fá þó ekki nema hèr um bil mest $\frac{1}{10}$ part að tiltölu við látur- og út-selinn; þá bera þeir það og fyrir sig, að skotment sè bæði þörf og fögur, og landsmönnum sè fyrirmunað að veiða hana, þegar þeim sè meinað að leita þannig atvinnu á þann hátt, er sè nokkur aflavon. Þessar varnarástæður ætlum vèr ei á góðum grundvelli bygðar.

Fyrst er það, að þó að ei verði með vissum einkenníngar merkjum sannað, að hinn skotni selur sè frá þessum eða hinum láturstöðvum hlunnindajarðanna, þá eru þó óhrekjanlegar ástæður fyrir því, að sá selur, sem skotinn er, sè frá látrum kominn; því einmitt tími sá, sem helzt er til skotanna brúkaðnr, er sá, á hverjum selirnir geta ei verið, eða vilja ei vera samkvæmt eðli sínu við láturstöðvarnar, og sækja

því til útsæsins, hvar skotamenn eru fyrir þeim og drepa þá hrönnum. Af þessu hlýtur selurinn að eyðast, eingu síður en fènaður, væri farið að brúka líka aðferð við hann. Að skotamenn hafi rètt til að spilla og eyða þannig svo arðmikilli skepnu, sem selurinn er, virðist oss rángt og ótilhlýðilegt, jafnvel þótt þeir, eptir því sem nú er ástadt, geti opt skotið sér undan lagasektum.

Að menn segjast hiklaust mega veiða vöðuselinn, haf- eða geingdar-selinn með skotum, því hann gefi hèr ekki arð af sèr, þá er það móti því, að trauðlega geta menn ætlað nokkurri skyttu þá nærfærni og alúð, þegar menn líta til reynslunnar að undanförnu og skjótræðis þess, er brúka þarf til að skjóta sel, að hún, þar sem eins lítið er til að fá, eins og hèr, af geingdarselnum, sleppi frá sèr úr góðu færi bæði látur- eða landsel og útselum; þar að auki er hèr í grend svo háttað, að óvíða verður skotið til sela, nema við og nærri nótalögnum og varpeyjum, hvar bæði láturselur og æðifuglinn eru nálægir, er hvorttveggja heldur sig inn á fjörðum, líka svo á vetrum, þegar ei banna því meiri ísalög. Hèr eru sjógrynníngar og ætaleysi fyrir vöðusel, svo mikið fátt kemur hèr af honum, og að eins á tvo firði framan af vetrum. Loksins eru það líka skotin, sem styggja svo vöðu- eða geingdar-selinn, þótt hann væri til, að ef hann mætir þeim, verður eigi hugsað til að veiða hann á rá eða í nótum, sem þó er töluverður bjargræðisvegur, ef lukkazt getur, og hefir hingað til orðið landinu notasælli en arður skotnu selanna, þegar á allt er litið.

Ekki sjáum vèr heldur, að landinu sè svo mikið gagn að skotmentinni, þó hún sè fögur og nytsöm, að tilvinnandi sè, að hún sè iðkuð og æfð til þess einmitt að eyða og spilla einum þeim arðmeiri hlunnindum landsins, einkum hèr, hvar æðarvarpinu er þá líka hætta búin af skotunum. Hèr er því svo ástadt, að vèr ætlum ei verði gjörð aðgreiníng á að skjóta fremur eitt selakyn en annað, og annaðhvort verði að friða allan sel, eða eingan. Væri leyft að skjóta allan sel, hve nær og hvar sem hittist, mundi á 5 til 10 ára fresti selur gjöreyðast innfjarða, og sá, sem lífs af kæmist, mundi flýja til yztu útskaga og ósa, og hafast við sem fjærst manna bygðum, og yrði þá ei verr farið með þá gagnsemi, er friðaður selur veitir, og um hvern gamall orðsháttur er til, laungu áður

en skot tíðkuðust: „flest er safi hjá selveiði.“ Væru selaskot leyfð á veturna eða nokkurn tíma af vetrinum, yrði loks hin sama endalyktin, því þegar hlunninda eigendur sæu, að aðrir myrtu selinn hjá sèr og við land sitt á annað borð, og selveiði þeirra væri á förum, hvort heldur er, færu þeir að láta skjóta sjálfir, til þess um stund að ná í einhvern arð; þá mundu og rísa sífeld mál og illdeilur manna á milli út af skotunum, eins og þegar er farið töluvert að brydda á, svo arðurinn, sem verða átti til viðreisnar og velmegunar, eyddist í illdeilum og málsóknum til niðurdreps. Enn fremur má þessa geta, að allur þriðjúngur þeirra sela, sem skotnir eru, næst ekki, því ýmist flýja þeir með blóðrásinni, eða sökkva, áður til þeirra verður náð, og skotaveiðin við selinn, svo vara og vituga skepnu, er hin skelfilegasta, hrellíngarmesta og stopulasta.

Það er því vort sannarlegt álit og sannfæríng á reynslu bygð, að eingin veiði-aðferð verði eins viss, hagkvæm og stöðug, eins og nóta-veiði fyrir láturselinn, uppidrápið fyrir útselinn og ráin eða næturnar fyrir vöðu- eða haf-selinn, og lögin eigi því að vernda og friða allskonar sel fyrir öllum skotum á öllum ársins tíma, í hið minnsta hvar svo stendur á, eins og þar sem vèr allir eigum heimkynni.

1. Að eingan sel, af hverju kyni sem er, og hvern árstíma sem er, megi með nokkurs slags skotvopni, að rá og skutli fráskildu, skjóta á öllum Breiðafirði, eins og ræður Látrabjarg norðvestan fram, og Búlandshöfði sunnanvert.
2. Að öll afbrot gegn þessari friðun selsins ákærist og sè eins meðfarið sem opinber pólití-mál, og sekt til fátækra, auk annara sekta eptir ástæðum, verði ei gjörð minni, en hinn skotni selur verður metinn að verðaurum.“

Að öðru leyti má eg fyrir mitt leyti játa, að þekking mín um selaveiði er næsta lítil, enda geri eg ekki ráð fyrir öðru, en að nokkuð fari að standa í mèr, þegar að því kemur, að halda uppi svörum vegna nefndarinnar, einkum um þetta atriði, og er það þá einasta bótin, að hèr eru aðrir, sem eg vona að dyggilega rói á borð með mèr, þegar að selaveiðinni kemur.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg verð að leyfa mèr að taka nokkuð glöggvar fram athugasemdir þær, sem 2 okkar nefndarmanna hafa vakið í nefndarálitinu gegn frumvarpi þessu,

og verð eg, áður en eg bendi að sjálfu frumvarpinu, að láta í ljósi, hverja stefnu og aðalaugnamið eg ímynda mèr að slík lög eigi að hafa; og þó það verði ekki hinum heiðruðu þíngmönnum til mikillar uppbyggíngar, sem ekki er von, þar sem eg er ólöglesinn maður, þá verð eg að gjöra það samt, til þess að finna nokkurn stað athugasemdum mínum gegn frumvarpinu sjálfu.

Eg ímynda mèr þá, að við hvert einstakt lagaboð sem er, eigi jafnan að gæta þess, að það vaki yfir helgi laganna, yfir höfuð að tala, og eigi það því að banna það eina og bjóða, sem öllum er auðskilið að sè verulegt og á nokkru standi. Fari lögin nú að bjóða eða banna það, sem allir sjá að á eingu stendur, og sè þar til ónáttúrlega hörð og smásmugleg, þá álíta menn það á eingu standa og smámuni eina að brjóta þau. Of hörð og of smásmugleg lög brjóta því um þvert helgi sjálfra sín, og helgi laganna yfir höfuð.

En hvað nú viðvíkur lögum um rèttindi manna sèr í lagi, þá eiga þau fyrst og fremst að gá nákvæmlega að innbyrðis jöfnuði rèttinda þeirra og hagsmuna, sem þeim er ætlað að tryggja. Þar sem eins manns rèttindi fara í bága við margra óhag, þá mega opt og tíðum rèttindi þess eina víkja, til þess að ekki verði óhagur mörgum. Eg vil taka hèr eitt dæmi til: maður á góðar eingjar, og einginn má hvorki slá þær nè troða með yfirferð, en þó má eigandi til að þola, að lagður sè yfir þær alfaravegur. Sè nú slíkur jöfnuður milli rèttindanna flestum óglöggur, og geti lögin ekki skýrt hann, þá eiga þau heldur að leiða það hjá sèr og láta það óákvarðað, en að þau skipi það eður banni, sem hlýtur að verða þeim að fótakefli, en að þau ákvarði það, sem ekki einskorðar og skýrir nein rèttindi, heldur veldur að eins þrætum og misklíðum, sem aldrei voru til áður.

Þegar eg fer nú að skoða frumvarpið eptir þessum athugasemdum, þá leggur það bann við því, er til þessa hefir alment verið álitið saklaus brúkunarrèttur, sem mörgum hefir orðið að góðum bjargræðisstyrk, en eingum einstökum manni til meins. Þar til leggur það þetta bann á með ónáttúrlegum strángleika, þar sem veiðimaður má með eingu móti elta skepnuna inn á annars lóð, skepnuna, sem hann er búinn að ná rèttri eign á á sinni lóð með fyrirhöfninni og skotinu. Lagaboð þetta sviptir menn þannig þeim hagsmunum, sem

mörgum hefir orðið að haldi, án þess að tryggja öðrum til handa samsvarandi rèttindi eður veita þeim þau, veitir því eingum eiganda þau rèttindi, sem hann meti nokkurs verð, en opnar augu hans, ef hann er svo gjörður, til öfundar, misklíðar og málssókna, sem aldrei voru áður, af því einginn áleit sèr áður gjört rángt til. Lagaboð þetta, að því leyti sem það friðar ekki eingaungu þau rèttindi, sem eru veruleg og auðsèn og sèrhverjum eiganda arðsöm, t. a. m. æðarvarp, selaveiðar og þesskonar, verður því alment álitið óverulegt og smásmuglegt; það verður álitið ónáttúrlega strángt, og því verður aldrei nè í öllum greinum framfylgt, sem skyldi; þess vegna leiðast menn til að yfir troða það fyrst í hinum smásmuglegu og óverulegu atriðum þess, en síðan fara menn að yfirtroða það og brjóta í gegn því í þeim greinum, sem meira er um vert, t. a. m. friðun æðarfugla og selaveiða, af því lagaboðið var of smásmuglegt og of strángt með fyrsta.

Að þessu vildi eg vekja athuga þingsins, áður menn fara ítarlegar að ræða þetta mál og ráða af atkvæða greiðsluna. Hèr ræðir um að girða fyri saklausan brúkunarrètt, að leggja hapt á skotmentina, sem bæði er fögur í sjálfu sèr og getur komið að margföldu haldi, ef svo má standa, sem nú er; hèr ræðir um að svipta mann hagsmunum, án þess að veita þá aptur öðrum, um verndun verulegra rèttinda, um helgi þeirrar verndunar og helgi laganna yfir höfuð.

Stephán Jónsson: Hinn virðulegi þingmaður Skaptafellssýslu hefir í tölu sinni útlistað það, er eg vildi sagt hafa, miklu betur en eg sjálfur hefði getað gjört. Einúngis eitt atriði vildi eg taka fram, en það er í 6. grein um eltíngar-rèttinn, þar sem stendur: „sama liggur við“, o. s. frv; þetta finnst mèr geta skilizt eins um sjó sem land, nl. þau orðin: „eða fer þángað, sem hann á ekki veiði, til að sækja dýr eða fugla, er þar gefast upp“. Þessa ákvörðun álít eg óbrúkandi, og vil eg færa dæmi að því úr bænarskrá þeirri, sem nýlega var lesin upp. Hún segir nefnilega, að allur þriðjúngur farist þess sels, sem skotinn er, og vil eg játa því, að opt sè það töluvert, en eg er viss um, að það yrði miklu meira, ef ákvörðun greinarinnar nær gildi óbreytt. Menn elta opt skotinn sel máske viku sjáfar, og það upp að löndum, og væru þeir selir eptir frumvarpinu tapaðir, sem stefnu taka að landi, og hvorki skotmanni nè landeiganda til nokkurs gagns. Eg áskil mèr

því breytíngar-atkvæði hèr að lútandi þannig, að bætt sè við endann á 6. grein: „nema hann geti fært sönnur á, að hann hafi sært þá skepnu á sèr frjálsum stað“; því opt má svo við bera, að með skotmanni sèu fleiri menn að samslags veiði.

Eg verð einnig að minnast lítið eitt á 12. grein. Eg get ekki glögglega skilið, hvort varpeiganda á að vera fullkomlega frjálst að leggja hrognkelsanet nær veiðiplázi sínu, en 200 faðma tólfræð, eins og öðrum er bannað í greininni; ef svo er, álít eg það eiga illa við, því ef eiganda ætti að vera það frjálst, ætti það líka að vera öðrum, og virðist mèr þetta þurfa að leiðrètta.

Við 9. grein þykja mèr orðin, „þar sem óvilhöllum mönnum sýnist vel til fallið“, ofsterk, og hefði heldur viljað, að þar stæði, í staðinn fyrir „vel til fallið“, „ekki óráðlegt“; og er það af því eg álít allar upphvatníngar til upptöku nýrra varplanda mjög svo nauðsynlegar, og eg held, að þessi ákvörðun tèðrar greinar gæti orðið hindrun fyrir upptöku varplandsins og friðlýsíngu, þar sem eigi verður með vissu fyrir sèð, að viðleitnin muni heppnast.

Jakob Pètursson: Af ræðu þeirri, er sá heiðraði þíngmaður Eyfirðínga hèlt hèr næst á undan, heyrði eg, að honum þykir á líkan hátt og mèr, síðari partur 6. greinar frumvarpsins vera harla ónáttúrlegur og óþægilegur, að því leyti sem hann kynni að geta náð til selaveiðar; en þar þessi kafli greinarinnar stefnir beinlínis að þeim manni, sem særir dýr eða fugla á sínu landi, og eltir í annars manns land, eða fer þángað, sem hann á ekki veiði, til að sækja dýr eða fugla, sem þar gefast upp, lítur svo út, sem bann þetta grundist á því, að veiðimaður gæti þá um leið skotið dýr eða fugla í því landi, ef hann hefði byssu meðferðis. En til þess að hann tapi ekki veiðinni, máske aungum til nota, og tortryggni fyrirbyggist, sýnist mèr nægja, að við enda greinarinnar sè bætt: „nema hann skilji eptir byssuna á sínu landi“, og kýs mèr breytíngaratkvæði samkynja þessu.

Prófastur Hannes Stephensen: Þó eg sè einginn veiðimaður, leyfi eg mèr fáum orðum að fara um frumvarp þetta og meðferð nefndarinnar á því: mèr virðist þá fyrst það vera aðal-augnamið lagaboðs þess, sem hèr liggur fyrir oss í frumvarpi, að friða með öllu þær skepnurnar, sem landi þessu eru gagnsamastar, en það er nú æðarfuglinn talinn; og er hann einnig

af frumvarpinu friðaður, án þess nefndin átelji það; en þá kemur mèr til hugar selurinn, bæði látraselur og útselur, sem er fleiri jarða hlunnindi en æðarvarpið, og að samtöldu eins arðsamur landinu, og virðist mèr frumvarpið í því sjálfu sèr ósamkvæmt, er ekki er sama friði yfir honum lýst og æðarfuglinum; hlýt eg því að kjósa mèr breytíngaratkvæði á þá leið, að selur allur hèr við land, nema farselur, verði friðaður jafnt og æðarfuglinn.

Mèr sýnist nefndin, fyrst hún fellst á frumvarpið, ekki vera sjálfri sèr samkvæm, er hún í 7. greininni bætir hreinum við bráðdýrin, refa og birni, því með eingu móti fæ eg skilið, að það eina dýrið af hinum viltu hjá oss, sem nokkur feingur er í, eigi ekki landeiganda eign að vera, meðan það dvelur í landi hans, þegar hver smáfuglinn er það, og það mundi mèr finnast ósanngjörn lög, sem gæfu mèr rètt til að sækja þann til sekta, sem grátitlínginn drepur eða veiðir við útkjálka lands míns, en byði mèr að líða átölulaust, að hreinninn væri lagður við velli af óviðkomanda manni við tún mitt. Það hefir mèr sagt verið af trúverðum manni, uppöldum í Norðurþíngeyjarsýslu, að mikið hafi fellt verið af dýrum þessum á öræfunum millum Mývatnssveitar og Norðurmúlasýslu, og það svo, að hjarðir þeirra sèu miklu færri og þunnskipaðri orðnar. Eg tek það upp aptur, að mèr með eingu móti finnst það hæfa, að löggjöf sú, sem bannar að skjóta jafnvel enn minnsta fugl í annars landi að óvilja hans, leyfi hverjum sem vill að drepa hreininn, hvar sem hann verður staddur.

Mig furðar á breytíngu þeirri, sem nefndin hefir gjört við 12. grein frumvarpsins; það er öllum kunnugt, sem til æðarfuglsins þekkja hèr á suðurlandi, að hann kemur fyrst um eða eptir sumarmál, seinustu daga Aprílsmánaðar, þá sezt hann upp um litla stund, fer svo að viku fresti allur aptur, og kemur fyrst í miðjum Maímánuði aptur, býr þá um sig og verpir; nú væri það óhagkvæmt, ef hrognkèlsaneta lagnir væru bannaðar, þar sem þær eru feingvænlegastar, en það er sem næst landi og ekki sízt hólmunum, meðan þær fá eingan skaða gjört þeim fuglinum, sem friða á, og er þetta eð mesta óráð og til mesta hnekkis fiskiveiðunum; ætti því frumvarpið að standa óbreytt í upphafi ennar 12. greinar, þar sem enn virðulegi þíngmaður Eyfirðínga bar efa fram um, hvert eigandi væri meintur, þar sem í sömu grein seigir „má eingi maður leggja“,

því bæði er eigandi maður og vill heita það. Aptur í 15. grein frumvarpsins finnst mèr ákvörðunin ósanngjörn, er svo kveður að orði: „ef selur er skotinn að ólögum, eignast landeigandi veiðina“, því hèr er athugandi, að ef jarðeigandi hefir lèð leiguliða sínum selaveiði ábylis hans, þá hefir hann eingu síður en landeigandi skaða af skotum ofnærri látrum hans; gjöra má ráð fyrir, að úngur leiguliði sè nýkominn til jarðar, og selaveiði á ábýli hans verði spilt af yfirgángi annara, þá líður hann tjón um ábúðartíð sína af þeim spjöllum, en landeigandi fyrst, þegar hann byggir aptur jörðina með afföllum; það er því sanngjarnt og að mínu viti rètt, að báðir, landeigandi og leiguliði, taki jafnan hlut í sekt þeirri, sem á óheimila veiði fellur, en það er hèrna veiðin; því áskil eg mèr það breytíngaratkvæði, að orðin í 15. grein, „þá eignast landeigandi veiðina“ breytist þannig: þá eignast landeigandi hálfa, en leiguliði hálfa veiðina.

Stephán Jónsson: Það var ekki meiníng mín, að eigandi væri nokkuð annað en maður, og eg hugsaði, að orð mín yrði ekki tekin svo; en hèr er þráðurinn í meiníngunni slitinn í sundur, og ekki lesið nógu lángt, og eg get ekki betur skilið, en að orðin, „annars manns“, bendi á annan en eiganda sjálfan, en það verður hver að dæma eptir sínum skilníngi.

Framsögumaður: Eg geri ekki ráð fyrir, að eg þurfi að fara mörgum fleiri orðum, en þegar er búið að fara í ástæðunum fyrir frumvarpinu og í nefndarálitinu, um það, hvort sú en nýja grundvallarregla frumvarpsins sè hentug landi voru eða ekki; enda eru þeir þíngmenn, sem nú hafa látið í ljósi, að eigi muni svo vera, enn sem komið er, einúngis orðnir tveir, og heldur þá hinn heiðraði þíngmaður Skaptfellínga, að það sè til lítils gagns að banna eða hjóða það í lögum, sem eigi getur miðað til að vernda veruleg rèttindi, heldur að það þvert á móti einúngis leiði til öfundar og meinbægni, að veita jarðeiganda eða ábúanda eingaungu veiðirètt þann, sem frumvarpið nú ætlast til. Að rèttur þessi ekki sè verulegur, þykir mèr bágt að skilja, er það þó varla verður sagt, að eignarrètturinn, sem rèttindi þessi standa í óaðskiljanlegu sambandi við, eigi sè verulegur. Eigi heldur er ástæða fyrir því, að þau eða lögin, sem helga þau, gefi tilefni til meinbægni, sem áður ekki átti sèr stað, þó því á hinn bóginn eigi verði neitað,

að sumir sèu svo breyskir, að synja öðrum þess, sem á þeirra valdi er að synja, þó að þeim einginn skaði geti orðið af leyfinu, og er þess þá allra sízt von, að þeir verði margir, sem synja leyfisins, ef þeir eingan hagnað hafa af því. Þeir af nefndarmönnum, sem eigi hefir verið um aðalgrundvallarreglu frumvarpsins, hafa líka orðið að viðurkenna, að ástæður sè töluverðar fyrir að halda henni.

Með tilliti þar næst til mótmæla þeirra, sem komin eru fram gegn einstökum greinum frumvarpsins, þá er því hreift af þingmanni Eyfirðinga, að í 6. gr. vanti ákvörðun um, hvort elta megi dýr, sem skotið er á sjó; og held eg þá fyrir mitt leyti, að eigi þurfi að banna að elta t. a. m. skotinn sel, inn að þeim takmörkum, þar sem jarðeigandi eða ábúandi á veiðina á sjó út, eða þegar ekki verður neinn óskundi að því við selalátur, lagnir eða friðhelg veiðilönd jarðeiganda, og virðist þá eigi meiri ástæða til að leyfa öðrum að elta dýrið inn fyrir þessi takmörk, en annars yfir höfuð inn á land annars manns. Hvað það snertir, sem þingmaður Norðurþingeyinga fer fram á, að bæta við sömu grein: „nema hann skilji byssuna eptir á sínu eigin landi“, þá ætla eg, að þessi viðbætir mundi bæta næsta litið úr; því sè dýrið eða fuglinn ekki skotinn banaskoti, þá er hætt við, að veiðimaður eigi bágt með að gleyma byssunni eða að elta hann byssulaus, en sè það skotið til dauða, þarf hann varla að fara lángt; og yrði þessi viðbætir þannig einúngis tilefni til yfirskota handa launskyttunum, og naumast til nokkurs gagns.

Við 7. grein er þess af þingmanni Borgfirðinga getið, að nefndin, með viðbæti sínum við hana, setji hreina jafnsiðis óargadýrum. Auk þess að nú þessi aðfyndni eigi hrekur ástæður nefndarinnar fyrir viðbætinum, svo kemur hann heldur eingan veginn þannig við, að nefndinni verði brugðið um þetta; en þegar hinn sami heiðraði þingmaður játar, að „plógur“ sè mikill að hreinum, er þeir verða skotnir, þá virðist mèr, að hann að efninu til verði nefndinni næsta samdóma, því nefndin hefir líka sagt, að ekki sè annað gagn að hreinum, en að veiðinni til. Að öðru leyti hefir þingmaðurinn leidt hjá sèr að hrekja ástæður nefndarinnar fyrir ákvörðuninni eða viðbætinum.

Við 9. gr. ræður þingmaður Eyfirðinga til, að í stað orðanna, „sýnist vel til fallið“, komi orðin: „eigi sýnist það frá-

ráðanda"; en með þessum hætti verður eingin vissa feingin fyrir því, hvort full ástæða sè til að friðlýsa staðnum sem eggveri, eða til að leggja það band á veiðirètt nábúans, sem leiða verður af friðlýsíngunni. Eg ætla því, að eigi sè mælanda með þessari breytíngu.

Við 12. gr. hefir hinn sami þíngmaður vakið efa á því, hvort bannið gegn því að leggja hrognkelsanet á þeim tiltekna stað og tíma líka nái yfir eiganda eggversins; og verð eg að vera þíngmanni Borgfirðínga samþykkur, að því leyti sem hann ætlar, að svo sè: því bæði er það, að frumvarpið fer því fram, að friða æðarfugl gegn allri áreitni, hver sem í hlut á, og hvar sem stendur, og líka er þessi skilníngur 12 greinarinnar auðdreginn af sambandi því, sem hún stendur í við 11. greinina. En þar sem þíngmaður Borgfirðínga hefir mælt á móti breytíngu nefndarinnar á byrjun ennar sömu greinar, verð eg að skírskota til þess, sem nefndin hefir sagt að sè upplýst um, að hrognkelsanet sumstaðar, t. a. m. fyrir vestan, sè lögð í byrjun Martsmánaðar, og að æðarfuglinn þá þegar sè kominn á kreik í kríng um eggverin. Aðrar ástæður fyrir breytíngunni get eg eigi fært, og ætla eg þeim, sem kunnugri eru en eg að staðhæfa þær ítarlegar; en sè breytíngarinnar þörf fyrir nokkurn kafla landsins, þykir mèr sjálfsagt, að hún verði að gilda fyrir land allt, þar sem um æðarfugl og nytsemina af honum fyrir landið er máli að skipta.

Að því leyti sem hinn sami þíngmaður, eins og Barðstrendíngur, fer fram á það, að friða seli yfir höfuð, eins og æðarfuglinn, þá þykir mèr að vísu líklegt, að mikið mæli fram með því; en þar eð mig vantar reynslu til að geta mælt með þessu eða mót, öðruvísi en nefndin hefir gjört, ætla eg þíngmönnum þeim, sem betur þekkja til um selaveiðina, að koma fram með þær ástæður og þau atkvæði, sem hníga að breytíngu nefndarálitsins í þessu tilliti.

Loksins hefir sami þíngmaðurinn fundið það að 15. gr., að hún eignar landeiganda veiðina í kafla þeim, sem byrjar með: „Nú skýtur maður landsel — veiðina", og vill hann, að helmíngur veiðarinnar falli í jarðeiganda, en helmíngurinn í ábúanda skaut. Nú er það einmitt þessi kaflinn, er nefndin álítur að eigi að falla úr, og hefir hún sagt, hvað hún ætlist til að komi í staðinn, en við þessu hreifir þíngmaðurinn alls ekki, nè heldur lætur í ljósi, hvort honum fellur þessi breyting

nefndarinnar í geð eða ekki; og er það enn fremur, eptir breytíngu nefndarinnar við 4. gr., sjálfsagt, að það er ábúandi jarðar en eigandi ekki, sem ætti heimtíng á veiðinni, eptir þeim ávikna kafla í 15. greininni, nema því að eins að eigandi hefði gjört nokkra takmörkun eða undantekníngu í byggíngarbrèfinu, með tilliti til veiðirèttar þess, sem nefndin ætlar ábúanda einum.

Jón Samsonsson: 8. greinin ætlar nú að verða út undan, en þar sem hún talar þó um refa-veiðina, verð eg að geta þess, að mèr virðist, að refa-veiði ætti ekki að takmarkast við leyfi landeiganda eður ábúanda þess, sem sjálfur ekki brúkar veiði-tól til þess, heldur ætti öllum að vera heimilt að eyða refum, hvar sem kostur er á. Eg hefi nýlega sannfrètt frá einni sveit, að refar eyðileggi þar á nokkrum bæum við fjallgarðinn, árlega hèr um bil frá 20 til 30 kindur á bæ. Og svo er nú ástadt í Skagafirði, að þaðan hefir verið með töluverðum kostnaði feinginn maður frá Eyjafjarðarsýslu, til að eyða þess háttar dýrum, hvar sem hann getur. Það hefir líka komið þar til orða, að vel mundi tilfallið, ef hreppstjórar eður önnur yfirvöld kæmi því til leiðar, að stofnaðir yrði sveitarsjóðir til launa og upphvatníngar þeim, sem veiða þessi dýr; og meina eg því, að það ætti að vera heimilt, hvar sem stendur, annarstaðar en þar sem skotin eru bönnuð, vegna friðhelgi annara skepna.

Prófastur Hannes Stephensen: Hafi mèr skilizt rètt útleggíng niðurlags 6. greinar, eptir því sem enn virðulegi framsögumaður gaf hana, þá er hún þessi: að leyfilegt sè á sjó að elta sel eða fugl særðan inn yfir merki þau, er helga öðrum manni veiðirètt, þó ekki megi það á landi; þetta virðist mèr ósennileg útleggíng, því ekki ætla eg, að nokkur löggjöf hafi 2 reglurnar í einni og sömu löggjöfinni, og getur það, sem auðskilið er, orðið að miklu meira tjóni landeiganda, að eltur sè selur inn yfir veiðimark annars, en fugl eða dýr á landi yfir landamæri. Um hreindýrin er eg að öllu ósamþykkur nefndinni; þó eg segði, að nefndin hefði sett hreininn í flokk óarga eða bráðdýranna, sagði eg þar fyrir ekki, að hún hefði gjört það eptir náttúrufræðisreglum, því vitað hefir nefndin, að hreininn er klauf-, en ekki kló-dýr. Það verð eg aptur að ítreka, að æðarfugl sækir að landi seint í Apríl-mánuði, en kemur að staðaldri í miðjum Maímánuði, og þó 1 eða 2 æðifugl-

ar kynni 2. eða 3. hvert ár að slæðast í hrognkelsanet fyrir útgaungu Martsmánaðar, vegur sá skaði með eingu móti mót skaða þeim, sem fiskiveiðar hafa af vanrækt hrognkelsaveiðarinnar. Það fæ eg ekki skilið, að breytíng sú, sem nefndin hefir viljað gefa 15. greininni, hnekki í hinu minnsta breytíngaratkvæði mínu, því meiníngin verður hin sama, að veiðin (eða sektin fyrir lagabrotið) falli til landeiganda; en það er mín full sannfæríng, að leiguliði eigi jafnt að úppskera mót landsdrottni fyrir þann liðna órètt.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Þó eg megi játa, að eg beri minna skyn, en flestir hinna heiðruðu þíngmanna, á málefni það, sem hèr er verið að ræða um, dirfist eg þó að hreifa mótmælum gegn hinum velæruverðuga þíngmanni Borgfirðínga, þar sem hann vildi hafa hreina undir sama rètti og þær skepnur, sem mest eru friðaðar; þíngmanni þessum þókti nefndin hafa ekki sem rèttast sett hreinana í flokk óargadýranna (þar sem þau þó væru klaufdýr, en ekki klódýr), og þau gæfu þó Þíngeyíngum og Múlasýslumönnum töluverðan plóg, sem eg tek fyrir ard, og væru altso meir til gagns en skaða. Eg vil stuttlega skýra þíngmönnum frá, hvernig ástadt er með dýr þessi, nú sem stendur: þau halda saman í stórum flokkum; a sumrum eru þau inn við jökla, mest í urðum, og lifa þar af mosa, hvar mjög íllt er að komast að þeim, nema ef ske mætti með ráðum og kænsku, því fljótlæti þeirra líkist meir fugla en ferfættra dýra; þegar haustar að, slá þau sèr nær bygðum í hundraðatali, jafnvel þúsunda, og lifa þá mest á mosa og fjallagrösum, og þegar fyrst koma hörkur, þokast þau nær mannabygðum. Væri nú veiðirètturinn á þeim svo takmarkaður, sem annara dýra, sem sami þíngmaður fer fram á, er eg viss um, að einginn maður gefur sig til að fara af stað, til að reyna að vinna þetta fljóta dýr, í von um að honum takist það, í sínu eigin landi, áður en það kæmist inn í landareign annars manns, ef að hann getur ekki vænt að verða þess eigandi eptir allt ómakið .Eg álít þau sèu ekki ránglega sett í flokk óargadýranna, að því leyti sem þau gjöra meiri skaða, en svari arði þeim, er menn hafa, enn sem komið er, af þeim; þau eru þegar búin að gjöreyða enum dýrmætu fjallagrösum, sem öllum mönnum, og einkum hinum fátæku, hefir verið næsta mikil hjálp að til lífsbjargar; og ætla eg það sè aungvu minni nauðsyn að friða þau (grösin), en dýr þessi, og

eg held, að það væri rèttast, að setja út verðlaun til að vinna þau, sem mest yrði; (vart mun vera að hugsa til að venja þau, og að menn í því skyni vildu hlífa þeim, í von meira arðs af þeim, sem eg ekki neitaði, að mikill væri, ef menn gætu hugsað að eignast þau sem aðrar hjarðir, er væru viss eign hvers eins fyrir sig; en ekki er því svar að gefa); þau skaða mikið, en gagna ekkert, og því er eg fastur á, að það eigi að vera heimilt hverjum, sem vildi og gæti og hvar sem er, að drepa þau.

En hvað því viðvíkur, er hinn heiðraði þingmaður Skaptfellinga hreifði í ræðu sinni, þeirri er hann hèlt í dag, þá er eg honum öldúngis sámdóma í því, að lögin spilli helgi sinni, ef þau eru svo þraungvuð, að þau svo að segja leiði til yfirtroðslu í því, sem mikið er áríðandi, að þeirra sè gætt, með því að leggja bann á það, sem minna er um vert, en sem þau ná ekki til, kríngumstæðanna vegna, að varðveita. Virðist mèr því, að allt það, sem lögin trauðlega geta sèð um, að ekki verði eptir sem áður yfirtroðið, vegna þess þau eru of nákvæm, eigi að vera undanskilið þessari löggjöf; ætla eg mèr því að stínga npp á, að 6. grein frumvarpsins verði úrfeld eða breytt svo, að úr henni dragist mesta haptið, er hún leggur á veiðirèttinn.

En í tilliti til athugasemda þeirra, er þingmaður Eyfirðínga gjörði við 12. greinina, get eg ekki betur sèð, en hann hafi rètt að mæla, að minnsta kosti, að eigandi álíti það, sem þar stendur, ekki til sín meint; það ætti því að breytast, og takast meiníngin skýlaust fram, svo einginn vafi yrði á, til hvers meint væri; og enn fremur álít eg, að athugasemd þingmannsins úr Skagafjarðarsýslu um refana sè ekki fjærri; jafnvel þó nefndin hafi gætt þess flesta í því falli, þá ætla eg ekkert sè ofgjört, sem miðar til að eyða þeim; hverjum manni ætti ekki einúngis að vera heimilt að drepa þá, sem optast og víðast því yrði viðkomið, helður ætti að upphvetja menn sem mest til þess með ýmsu móti; það er ekki ætíð svo hægt að fá skyttur á greni, því einginn telur það sèr ávinníng, að liggja á þeim; eg álít í alla staði ógjörlegt að takmarka veiðirèttinn á nokkurn hátt, í tilliti til refanna, eins og eg álít það yfir höfuð, þar sem um hin smærri rèttindi er að skipta; því áskil eg mèr breytíngaratkvæði á þá leið, að frumvarpið verði ei

lögleidt fyrst um sinn, nema hvað æðarfugl, álptir í hreiðrum og sárum, og látrasel áhrærir.

Prófastur Hannes Stephensen: Þegar eg las byrjun 12. greinar, datt mèr ekki í hug að lesa leingra til að leita að mótsetníngu til þess, sem í upphafinu stendur, „einginn maður“, og fellst eg nú fúslega á meiníngar þeirra þíngmannanna frá Eyjafirði og Norðurmúlasýslu, en eg verð líka nú að áskilja mèr það breytíngaratkvæði, að úr falli orðin „annars manns.“ Þíngmenn bið eg um það að dæma, hvort hreinar eptir skýríngu ens virðulega þíngmanns frá Norðurmúlasýslu sèu rètt nefnd óarga dýr, eða ekki heldur nytsöm dýr. Þó þau lifi á mosa og eyði jafnvel nokkrum fjallagrösum, eru þau þó nytsamari og meiri eign, þegar feld eru, en smáfuglinn.

Stephán Jónsson: Þegar eg áskildi mèr breytíngaratkvæði, gleymdist mèr að taka fram og bæta við: „nema þar sem látur eru.“ Um 12. grein hefir þíngmaður Borgfirðínga áskilið sèr breytíngaratkvæði, og sleppi eg því frekara umtali um hana, og eins um það, er eg hefi á vikið við 9. grein, þar mèr þykir það síður áríðandi.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eg verð að vera fastur á því, hvað sem hinn heiðraði þíngmaður Borgfirðínga segir, að það ætti hverjum manni heimilt að vera, að veiða hreindýr, hvar sem er, og með hverju helzt móti er yrði; það er hægt að fá það inn í löggjöfina, þegar þess er orðin þörf, að friða þau; enn sem komið er, er það ekki, því þau eru til talsverðs skaða, en einkis gagns. Hinir virðulegu þíngmenn úr Þíngeyjarþíngi geta sjálfir bezt látið í ljósi, hvort þau eru drepin þar til stórs ábata; eg ætla, að það sè ekki, og eingan veginn svo það jafnist við skaða þann, sem af þeim leiðir, og sem verður þeim mun meiri, sem þau fjölga meira.

Umboðsmaður Þorvaldur Sívertsen: Eg skal nú ekki tefja þíngmenn leingi. Eg vildi einúngis geta þess, að mèr eingan veginn getur borið saman við hinn heiðraða þíngmann Borgfirðínga, þar sem hann sagði, að æðarfuglinn kæmi ekki að varpeyjum fyrr en í lok Aprílmánaðar; því fyrir vestan, og allstaðar hvar eg til þekki, heldur æðarfuglinn til, við og um kríng varplöndin, og á fjörðum þeim, hvar þau liggja, allt árið eða mestan hluta þess, nema ísalög hreki hann í burtu. Þannig er það á Breiðafirði öllum. Hvernig því hagar í Borgarfirði, þar um þori eg ekkert að fullyrða.

Prófastur Halldór Jónsson: Mèr skildist það, sem hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga nýskeð mælti, að nefndarálitið bætti ekki úr því, sem honum þótti áfátt við 15. grein frumvarpsins, um að landeigandi eigi þann sel, sem skotinn er á friðhelgum stað; en þegar eg ber saman 4. og 15. grein frumvarpsins, skilst mèr ekki, að þörf sè á því breytíngaratkvæði, sem hann áskildi sèr, á þá leið, að landseti skyldi eiga helmínginn; því eg ímynda mèr, að sú grundvallarregla sè höfð fyrir augunum við þá áviknu ákvörðun í 15. grein, að sektin eða skaðabæturnar tilfalli þeim, sem fyrir skaða hafi orðið fyrir það, að veiðirèttur hans var kreinktur; nú fylgir veiðirèttur eigninni, en eigandi getur eptir 4. grein lèð hann ábúanda; og að því leyti sem brotið væri á móti þessum ábúandans rètti, og honum skaði gjörður, í sama hlutfalli held eg sjálfsagt, að honum bæri bæturnar, þó 15. grein, eptir grundvallarreglunni fyrir veiðirèttinum, áskilji þær landeiganda.

Eyjólfur Einarsson: Því, sem sá heiðraði þingmaður frá Dalasýslu sagði fyrir stuttu, er eg að öllu samþykkur, að í staðinn, „frá Aprílmánaðar byrjun“ sè „til Aprílmánaðar loka“; því á þeim tíma er fugl optar kominn hjá mèr kríngum varpeyjar. En aðgætandi er, að í rauðmaganet veiðist fuglinn helzt, en í grásleppunet er það sjaldnar; er það opt hjá mèr eigi yfir 2—3 fugla á vori, sem í þeim hafa flækt sig, en fleiri í hin netin, sem opt hafa verið lögð, jafnvel á góu, og tekin úr sjó, þá fugl er alkominn að eyjum, svo ei flæki sig í þeim.

Kandíd. Jón Sigurðsson: Það eru einúngis fáein atriði í máli þessu, sem eg skal leyfa mèr að drepa á í fám orðum. Það er þá fyrst um grundvallarreglur þær, sem frumvarpið er bygt á, og tvo af hinum virðulegu nefndarmönnum hefir nokkuð greint á við meira hlutann, eins og sjá má af nefndarálitinu og umræðum hins virðulega þingmanns úr Skaptafellssýslu, sem ætlar, að frumvarp þetta, ef það yrði lög, mundi einmitt spilla því með smásmuglegum ákvörðunum, sem það ætlaði að bæta. Eg get ekki skoðað mál þetta öðruvísi en svo, að veiðirètturinn sè einskonar eignarrèttur, sem stjórnin er skyld að vernda, og vill vernda mót árásum annara manna út í frá. Þær ákvarðanir, sem til þessa virðast nauðsynlegar, eru aldrei smásmuglegar, því þær vernda mikilvæg rèttindi og tryggja. Verkanir slíkra laga koma fram öldúngis á sama hátt og þeirra laga, sem gefin eru til að tryggja og vernda eignarrèttinn: Lögin banna að

taka frá öðrum, það sem hans er; þegar þetta boð er brotið, getur hver sá, sem mist hefir eign sína, ákært það, og krafizt laganna verndar; en hann má leyfa öðrum að hagnýta eign sína eptir samkomulagi, og hann getur undanfellt að gánga veg laganna, og draga annan fyrir dóm, þegar honum þykir sèr ekki gjörður svo mikill skaði, að vert sè að ákæra það. En þó hann gjöri þetta, þá viðurkenna samt allir, að hann eigi hlutinn, því það er gamalt orðtæki, sem öllum er innprentað hèr á landi, að „hver er leyfis verður fyrir sínu.“ Þetta hefir einnig, eptir því mèr er framast kunnugt, verið viðurkent einnig um veiðirèttinn, því þó sumir hafi kallað veiðar á annara löndum „saklausan brúkunarrètt, sem eingum hafi orðið mein að,“ eins og hinn virðulegi þíngmaður úr Skaptafellssýslu tók til orða, þá er það samt víst, að þegar þeir hafa verið fundnir að veiðum á annara lóð, hafa jafnvel þeir viðurkent, að þeir væri ekki á frjálsu svæði, og að landeigandi væri jafnvel leyfis verður fyrir lóð sinni.

Hèr er þá tvent til: annaðhvort að láta allt gánga fram reglulaust, svo að hverjum sè frjálst að veiða, hvar sem hann er staddur, hvar sem hann vill, á sinni lóð eða annara. Þá getur aflinn vaxið, og hver getur tekið svo mikið sem hann hefir dugnað til; en eg óttast að svo gæti farið, áður lángt um liði, að afli landsins vaxi ekki eins mikið að tiltölu, eins og menn kynni að ímynda sèr; eg ætla þvert á móti, að svo kynni að fara, að mikill afli eyddist fyrir landinu á fám árum, og væri ekki hægt að bæta fljótlega aptur. Annað ráð er það, að taka fasta reglu, en binda hana einúngis við tvö atriði, eins og þíngmaður Skaptfellínga vill, en binda hana þar svo stránglega, sem orðið getur. Slik regla sýnist mèr verða eins og fleigur í allri hinni löggjöfinni, því þar eru tvær veiðitegundir rígbundnar svo fastlega, að tekið er út yfir allt, en öll önnur veiði er jafnfrjálfs öllum, á hverri lóð sem er, hvort heldur á sjálfs manns lóð eða annara. Frumvarpið vill aptur á móti byggja á rèttum grundvelli fasta reglu, sem gángi jafnt yfir, og takmarki sèrhvað eina atriði, eptir því sem þörf er á til verndar rèttindum manna og atvinnuvegum landsins til eflíngar, en þar sem slíks er ekki þörf, vill það rýmka regluna skynsamlega. Þenna tilgáng hafði nefndin einnig fyrir augum, þegar hún rannsakaði frumvarpið.

Hinn virðulegi þíngmaður úr Skaptafellssýslu tók það enn

til dæmis, að hann sagði, að bóndi „mætti til að láta ríða yfir eingjar sínar“; en þetta er ekki rètt: bóndi á sannlega rètt á að reka burt af lóð sinni hvern þann, sem vill ríða yfir eingjar hans til að gjöra honum skaða; en hitt er satt, að standi svo á, að leggja verði alþýðuveg yfir eingjar hans, þá verður hann að láta til svo mikið úr landi sínu, sem til þess þarf.

Eg skal nú fara fáeinum orðum um nokkur hin einstöku atriði, sem til orða hafa komið. Það er þá fyrst breytíngaratkvæði hins virðulega þíngmanns úr Borgarfjarðarsýslu, að friðhelga að fullu og öllu þau selakyn, sem hèr eru stöðug við land, útsel og landsel. Eg get ekki fallizt á þetta, því mèr þykir það takamarka veiðirètt óskynsamlega. Eg þekki marga firði, þar sem er mikið af landsel, og útselur nokkur, en hvorki nótlagnir nè uppidráp; þar væri með þessu móti bjargir bannaðar, eða töluverður afli, sem ekki kreinkir nokkurs manns rètt, öldúngis fyrirbygður, án þess nokkrum manni væri hagnaður að, því sá selur, sem á þessum fjörðum er, er sannarlega hvorki kominn úr Breiðafirði nè Faxafirði. Hèr virðist mèr frumvarpið og nefndin fara rèttan meðalveg: verði lagnir ekki hafðar á þessum fjörðum, nè uppidráp, þá er veiðin frjáls, eins og hún á að vera þar, sem allir eiga jafnan rètt, en sè það af hirðuleysi, að þar eru ekki lagnir eða uppidráp, þá getur hver ábúandi tekið upp á því, sem vill, á jörð sinni, og látið skoða veiðistaðinn og friðhelga, og þá geingur veiði hans undir vernd tilskipunarinnar.

Annað atriði er nokkuð vafasamara, og að minni hyggju eitt hið vafasamasta, ef til vill, í öllu frumvarpinu, og það er 6. greinin, um að elta dýr eða fugla inn á annara manna lóð. Þegar þetta er bannað, má svo virðast, sem þar með sè lagt band á atvinnuvegu manna, og eptir því sem á stendur hèr á landi, þar sem margar jarðir eiga fjarska mikið víðlendi, má svo virðast, sem sliks banns mundi ekki verða mögulegt að gæta. Samt er auðsætt, að eltíngarleyfi þetta má ekki vera ótakmarkað; væri það ótakmarkað, þá mundi hver einn, sem skyti á annars manns lóð, hafa nóg fyrir sig að bera. Hitti bóndi hann úti í högum með byssu, og spyrji, hvernig á ferðum hans standi, mun hann verða fljótur til svars: eg var að elta tóu, eða fugl, eða hvað sem honum kann að detta í hug; þá getur hinn eingu svarað, nema beðið hann að fara

í friði. Sú eina undantekníng virðist mèr vel tilfallin, sem nefndin hefir stúngið upp á, og hinn virðulegi þíngmaður úr Norðurmúlasýslu mælti með, og það er um hreindýrin; þau eru reyndar mest á fjöllum uppi, lángt frá bygðum, en þau eru svo frá á fæti, að einginn getur lagt í eltíngar við þau, nema hann megi búast við að komast í landeignir ýmsra manna í ýmsum hèruðum, sem að fjöllunum liggja, að minnsta kosti hagalönd þeirra. Það væri því hið sama, eins og að banna alla hreindýra-veiði, að leggja bann á að elta þau í annara lönd; en við því er ekki hætt, sem hinn virðulegi þíngmaður Borgfirðínga gjörði ráð fyrir, að þau lèti elta sig heim undir tún. Það er því meiri orsök til, að gefa hreindýra-veiðina lausa, sem það er orðið fullljóst fyrir laungu, að dýr þessi eru eingan veginn til þess gagns, sem stjórnin vænti sèr í fyrstu, þegar þau voru flutt híngað, því það er alkunnugt, að stjórnin ætlaðist til, að þau skyldi æxlast hèr, og verða tamin, og fyrir þá sök voru gefin verðlaun fyrir flutníng þeirra híngað, og sterkt bann lagt við að veiða þau; en nú hefir reynslan sýnt, að þau eru til eingra nota, nema þau sè veidd, en til mikils skaða.

Þar sem hinir virðulegu þíngmenn úr Skagafjarðarsýslu og úr Norðurmúlasýslu óskuðu þess um 8. grein, að meira yrði gjört til að hvetja til refaveiða, en í frumvarpinu stendur, þá virðist mèr þetta ísjárvert; að minnsta kosti er mèr ekki enn orðið það ljóst, að meira þurfi í því skyni en það, sem nefndin hefir stúngið upp á.

Prófastur Hannes Stephensen: Þar sem enn virðulegi þíngmaðnr Ísfirðínga gat þess, að selir lægju árið út á þeim stöðum, hvar selaveiði ekki er tíðkuð, og það væri einginn skaði selaveiðarmönnum, þó hann væri á þeim stöðum skotinn, þá ættu þíngmenn að gæta þess, að æðarfugl er friðhelgur, hversu lángt og leingi hann er frá varpeyunum, og má með aungum veiðibrellum drepast; því hygg eg hinu sama eigi fram að fara við selinn, sem eins er arðsamur landi voru, og ef hann, eins og þíngmaðurinn sagði, liggur árum saman á sömu stöðvum, þá kæpir hann þar, og ætti þar ekki látraveiðin að vanrækjast. Að hreindýrin ekki verði drepin nema með því að elta þau inn á annara manna land, skil eg ekki; eg hefi sjálfur sèð hreina-flokk niðri í bygð, hrakinn af fjöllum fyrir hörkum, illviðrum og hagleysu, og það í Borgarfirði, hvar þó ekki er eins harðviðrasamt og í Norðursýslunum. Því

væri andi þessa lagaboðs sjálfum sèr sundurþykkur, ef það leyfði framanda manni að skjóta hreindýr eða veiða við túngarð minn, en bannaði honum að granda annari skepnu á yztu landsendum mínum.

Framsögumaður: Því er nú ágætlega lètt af mèr, að mæta nokkrum þeim mótmælum, sem eru komin fram síðan áðan af þingmanna hálfu gegn frumvarpinu og nefndarálitinu, og hefir hinn heiðraði þingmaður Ísfirðinga farið svo greinilegum og ljósum orðum um aðal-grundvallarreglu þá, sem hèr er umtalsefni, að þingmönnum mega vera þau nóg, til að geta sannfærzt um nauðsyn og nytsemi hennar í lögunum. En að því leyti sem þingmaður Norðurmúlasýslu hefir hreift því sem breytingaratkvæði, að veiðirètturinn ekki sè takmarkaður um of, eða að því leyti það varðar litlu, hvort hann er eignaður jarðareiganda eða öðrum, þá sè eg ekki, hvernig því verður komið við, að halda þessu fram sem breytingaratkvæði, þegar það er ótiltekið, hvað fella ætti úr, eða setja ætti í staðinn. Þingmaður Borgfirðinga virðist mèr að misskilji mig, að því leyti sem rædt varð um, að í 6. greinina vantaði ákvörðun um, hvort elta mætti sel, ef skotinn væri á sjó; því ekki ætlaðist eg til, að leingra mætti elta en svo, að ekki yrði óskundi að, þar sem látur eða lagnir eru, nè heldur yfir höfuð leingra, en tekið er til, að jarðeigandi eigi veiðirètt út á sjó (eptir 16. greininni eða nefndarálitinu, annaðhvort 60 eða eitt hundrað og tuttugu faðma). Hvort nú reglan á að vera önnur en þessi, þar sem um veiði á sjó er að gjöra, geta þingmenn látið í ljósi og greidt atkvæði um, en þetta ætla eg að leiði af orðum og fyrirkomulagi frumvarpsins, þegar 6. greinin er borin saman við ákvarðanirnar í 15. og 16. greinunum. Annars var það ætlun mín áður, ekki einúngis að benda til ennar 4., heldur líka til breytingar nefndarinnar við ena 5. grein, til að sýna, að nefndin ætlaðist til, að ábúandinn yrði aðnjótandi ennar ólöglegu veiði eptir 15. grein. Sami þingmaðurinn hefir enn talið það til mótmæla gegn viðauka nefndarinnar við 7. greinina, að það sè hart fyrir bóndann, að verða að horfa á, að annar elti og veiði hreina við túngarðinn. - En þó nú ekki kunni að vera skaði búinn af því, að hreinar komi niður í bygð, á sumum stöðum, eða hagnaður fyrir almenníng þar, af leyfi til að skjóta þá, hvar sem stendur: þá verður það eigi að síður nauðsynlegt, að öllum sè veiðin frjáls, þar sem það er full-

sannað, að almenníngi væri tjón búið, ef hún ekki væri frjáls, eins og færðar eru sönnur á með tilliti til Múla og Þíngeyar sýslnanna, og er þá hætt við, að Borgfirðíngar verði að vera undir enni sömu lagareglunni, þar eð varla á við að gefa þeim önnur lög í þessu efni.

Þar sem þíngmaður Skagfirðínga stíngur upp á, að safna sjóði til verðlauna og upphvatníngar refaveiðum, þá ætla eg, að uppástúnga þessi eingan veginn eigi hèr við, því frumvarpið á ekkert skylt við það, sem viðvíkur sveitastjórn, og getur það einúngis verið undir sveitarstjórn komið, hvort safna ætti í þvílíkan sjóð.

Mótbárur þær, sem seinna eru komnar fram gegn breytíngu nefndarinnar á 12. grein, eru þegar hraktar nógsamlega af þíngmönnum Dalasýslu og Barðstrendínga. Eg kannast við það, að orðin, „annars manns“, geta valdið misskilníngi, ef eigi er gætt að sambandinu milli þessarar og 11. greinarinnar; og skal eg ráðfæra mig við hina nefndarmennina um það, hvort þeir eigi að fallast á að sleppa þeim, en það ætla eg sjálfsagt, að eins eiganda, sem öðrum, sè óleyfilegt að leggja hrognkelsanetin á þeim tíma árs, sem tekinn er til, eða nær eggveri, en til er tekið, og er það að minnsta kosti samkvæmt tilgánginum með friðhelgi æðarfuglsins.

Prófastur Hannes Stephensen: Þar hinn virðulegi framsögumaður nú skaut skilníngi niðurlags ennar 6. greinar til þíngmanna útleggíngar, þá virðist mèr það vottur þess, að lögmálið sè hèr of þúngskilið, er lagamaður ræður ekki í meiníngunа, og ætla eg það ofverk flestra þíngmanna, og þá heldur allra almúgamanna, sem undir þessum lögum eiga að lifa; en lögin ætlaði eg ætti að vera öllum sem skiljanlegust. Þar sem hann hafði eptir mèr, að mèr þækti órètt að elta hreindýrin að vallargarði mínum; (en eg sagði, ef þau væru veidd við vallargarð minn, komin þángað sjálfkrafa) þá meina eg það líka órètt. Hinn virðulegi konúngkjörni þíngmaður ennar andlegu stèttar hèlt, að þegar saman væru bornar hin 15. og 4. greinin, ætti leiguliði alla selveiði þá, sem annar ránglega veiðir í hans leigulandi; en þessu fæ eg ekki samdóma verið, því landeigandi líður einnig tjón á eign sinni, og getur það tjón hans meira orðið en leiguliðans, einkum ef hann býr ekki nema skamma stund á jörðinni; ætti því eptir breytíngaratkvæði mínu veiðin að skiptast millum þeirra að helmíngi. Þar sem

þingmaður Eyfirðinga tók það breytingaratkvæði, að ekki mætti elta sel særðan yfir veiðimark, þar sem látur er, verð eg að taka það viðauka-atkvæði, að ekki megi elta þángað sel, er útselir liggja með kópum sínum á haustum, nema vilji þingmaðurinn taka það inn í atkvæði sitt.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg verð að svara því fáeinu, sem hinn heiðraði þingmaður úr Ísafjarðarsýslu mælti áðan, og sveigði að hinni fyrri ræðu minni gegn frumvarpinu. Hann taldi það eitt til stuðnings því, að frumvarpið ætti að lögleiða óbreytt, að allir mundu viðurkenna og ættu að viðurkenna, að hver væri leyfis verður fyrir sínu; þetta er dagsanna, en það á ekki heima í þessu máli, því menn hafa yfir höfuð ekki álitið veiðirèttinn, þó á sjálfs lóð væri, fyrir sitt, menn hafa álitið hann sèr með öllu bagalausan. Hann sagði líka, að það væri nauðsynlegt í þessu efni, sem öðru, að hafa fasta reglu sem yfirgrípi allt; en því svara eg, að það er betri eingin regla, en sú, sem til ills eins leiðir og lagabrota, og sem því er óhafandi. Þegar fara á að hafa þesskonar strángar reglur, sem yfirgrípi allt, þá vill einatt koma fram þetta gamla: *Summum jus summa injuria.* Hann sagði það yrði fleig ur í löggjöfinni, að friða einúngis æðarfugl og sel, en ekki annað; en af því lögin með því móti vernda auðsèn og verulegrèttindi, þá tel eg það fleig í verndun þessara rèttinda, ef farið er að friða það, sem ómögulegt er að friða, þar sem er veiði á allskonar smáfuglum. Það er áður búið að reyna sig á slíkri strángri löggjöf, sem þessari, og hvað það gefst vel: það átti hèrna um árið að fara að friða þorskaneta lagnir í Njarðvíkum og Keflavík á tilteknu sviði, þar átti að hafa við almenna reglu, sem yfirgripi allt, og þó var þar um mikilsverð rèttindi að tefla, bæði einstakra manna og yfir höfuð, og hægra var hèr aðstöðu, en víða annarstaðar, að vaka yfir þessum reglum, þar sem sýslumaðurinn var svo nærri. En hvernig fór? Ein málssóknin rak aðra út af þessu, svo að sýslumaðurinn átti aldrei frið á sèr; mýmargir, og meðal þeirra hinir tilsettu umsjónarmenn, brutu aptur og aptur, voru *dæmdir* sekir og urðu fyrir straffi og útlátum aptur og aptur; af málarekstri þessum leiddi svo margra hundrað dala kostnað fyrir jafnaðarsjóðinn í suðuramtinu, að hann var að borga þær skuldir jarðabókasjóðnum (því þaðan var tekinn kostnaðurinn til láns fyrifram) frá því 1817—19 til þess 1838 eða jafnvel 1840.

Svona fór nú um þessa almennu reglu, sem átti að yfirgrípa allt og fylgja átti fram með mesta strángleika.

Það virtist, sem hinn sami heiðraði þíugmaður hálfvegis kviði fyrir að tala um rèttinn til að elta sært dýr inn á annars lóð, og það var von; bæði er rèttur þessi í sjálfu sèr svo náttúrlegur, og svo lúta flestar umræður manna og breytíngaratkvæði hèr í dag að því, að sá rèttur haldist. En hinn heiðraði þíngmaður leiddi gild rök að því, sem og satt er, að með þeim rètti fær lögjöf þessi ekki staðizt; hún verður því að afmá hann og banna.

Vèr skulum nú snöggsinnis líta á bann þetta út af fyrir sig, til þess að skoða hvað rèttlátt það er. Veiðimaður hefir gjört ferð sína að heiman, og er búinn að eltast við dýr heilan dag og særa það, hann er því með hinum fullkomnasta rètti búinn að helga sèr dýrið: það var á hans lóð, og hann er með tímaspilli og fyrirhöfn búinn að vinna það, en það dregst hálfdautt einum faðmi leingra, og inn fyri landamerki annars manns; þá á sá dýrið, en ekki hinn, sem hafði fyrir því ómak og kostnað, því hann má ekki elta það inn á hins lóð. Allir sjá nú, hvað þetta er ránglátt í eðli sínu, en þó er það víst, að eigi löggjöf þessi að koma að nokkru liði, þá verður þessi ákvörðun að vera óbreytt, eins og þíngmaðurinn sagði. En fyrst nú löggjöfin, og það jafn-vafasöm og ísjárverð löggjöf, sem þessi er, verður að standa og falla með slíku ránglæti, þá álít eg það vafalaust, að hún eigi að falla og ekki standa.

Framsögumaður: Þíngmanni Borgfirðínga þykir enn vanta nokkuð á það, að eg skilji, eða gjöri þíngmönnum skiljanlega 6. greinina.

Eg hèlt nú, að allir mundu sjá, að grein þessi reyndar, eptir orðaskipuninni, einúngis á við veiði á landi, en landeigenda er líka eptir frumvarpinu gefinn nokkur veiðirèttur á sjó út, eins og nokkur kafli sjáfarins væri hluti landjarðarinnar, og eru það eptir 3. greininni 60 faðmar, eða það sem kölluð hafa verið netlög, sem þó áður eptir Jónsbók voru takmörkuð á annan hátt, en eptir 16. greininni eptir frumvarpinu líka 60 faðmar, en eptir nefndarálitinu 120 faðmar; og ætla eg eins öllum að sjá, að eigi megi elta skotinn sel inn fyrir þessi takmörk. Meira efunarmál kann það að vera, hvort leyft sè að elta byssuskotið dýr á sjónum inn að þessum takmörkum, þar sem látur eða lagnir eru eða eggver, eða nær landi, en

leyfð eru skot á þessum stöðum, og mælir það í móti leyfinu, að það mundi gefa tilefni til undanbragða og yfirskota af hálfu launskyttanna, og þannig verða þeim enum friðlýstu stöðum að tjóni. Annars skil eg ekki, hvernig þingmaður Skaptfellinga getur ætlað, að frumvarpið eða aðal-grundvallar-regla þess standi og falli með 6. greininni, auk þess að eingin veruleg mótmæli virðast komin fram í gegn henni, nema að því leyti, að í hana þykir vanta ákvörðun um, hvort elta megi dýr, sem skotið er á sjó, inn á landhluta annars manns, eða ekki, eins og eg nú vèk á, og verða þeir, sem sakna ákvörðunar um þetta, að koma fram með það, sem þeim þykir betur eiga við, og það nú þegar, áður en undirbúningsumræðunni lýkur, eins og það yfir höfuð væri óskanda, að þingmenn áður ítarlega skýri þau breytingaratkvæði, er þeir ætlast til að verði umtalsefni við ályktunar umræðuna, svo og að þeir þingmenn, sem hafa sitt hvað að athuga við fleiri en eina grein frumvarpsins, þá gjöri athugasemdir þeirra í röttri röð, eptir sem greinirnar koma fyrir í frumvarpinu.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg vil gjöra hinn heiðraða framsögumann varan við, að þeir þingmennirnir úr Eyjafjarðarsýslu og Norðurþingeyarsýslu hafa borið upp breytingaratkvæði við 6. gr., um að mega elta dýrin bæði á sjó og landi.

Prófastur Hannes Stephensen: Mèr virðist enn virðulegi framsögumaður ekki hafa enn til hlítar skýrt 6. greinina, eða hvort fremur megi elta sel og fugl á sjó, en dýr á landi, inn yfir veiðimark annars; þá hlýt eg að óska þessarar skýringar, ef grein þessi á að verða að lögum.

Helgi Helgason: Eg get ekki annað en verið samþykkur hinum heiðraða þingmanni Borgfirðinga, hvað selinn snertir; því það væri skaðlegt og mundi olla málaferlum, ef ekki er tekið greinilega fram í löggjöfinni, að ekki megi elta sel inn fyrir annars manns takmörk.

Prófastur Hannes Stephensen: Þar eð þingmaður Eyfirðinga ekki tók það viðauka-atkvæði, sem eg kaus mèr fyrir skemstu við 6. grein, ítreka eg það, sem eg þá mælti.

Sveinn Sveinsson: Eg býst ekki við, með ræðu minni að gjöra það byrgt, sem aðrir þingmenn hafa gjört óbyrgt, þessu málefni viðvíkandi; en af því sem fram er farið í dag, vil eg leyfa mèr að stínga upp á, að frumvarpið verði

ekki löggildt fyrst um sinn, nema hvað æðarfuglinn og látraselinn áhrærir; því eg er hræddur um, að veiðifrelsið sè helzt til um of takmarkað í frumvarpinu, í tilliti til einstakra manna hagsmuna, móti margra manna þar af leiðandi óhagnaði.

Ásgeir Einarsson: Í umræðum, þeim, er orðið hafa hèr á þingi í dag, hafa þeir tekið mestan þátt, sem kunnugir hafa verið hvers kyns veiðiskap. En um aðalákvörðun um veiðirèttinn yfir höfuð, einkum á landi, hefir þá 2 virðuglegu þingmenn frá Ísafjarðar og Skaptafellssýslum nokkuð greint, og fellst eg á meiningu hins fyrr nefnda um það atriði, einkum á landi, því mèr virðist ekki um mikið að gjöra af þeirri veiði, þegar búið er að undanskilja það, sem 2 af nefndarmönnum hafa tilgreint. En í tilliti til breytíngaratkvæðis ens heiðraða þingmanns Borgfirðínga, verð eg að geta þess, að mèr virðist hann hafa fært gild rök fyrir breytíngaratkvæði sínu, eptir því sem víðast stendur á, þar sem eg til þekki, einkum á Breiðafirði, í Strandasýslu og sumstaðar í Ísafjarðarsýslu. Bænarskrá sú, er kom hèr til þings árið 1845 frá Strandasýslu, sýnir, að það var almenn ósk manna þar, að látraselur yrði gjörsamlega friðaður, en af því eg fèkk þá ekki að lesa hana upp, óska eg að fá það nú, og held eg hafi til þess eins mikinn rètt og sá heiðraði framsögumaður, að lesa upp aðra hænarskrá líks efnis, og er mèr því annara um þetta, sem eg held, að forseti alþingis 1845 hafi ekki dæmt rètt um hana, sem sjá má af alþingistíðindunum, bls. 39; er þó líklegt, að honum hafi verið hugað um þetta mál, því hann gat þess á embættismanna fundinum í Reykjavík 1839, að almenníngur hafi opt kvartað yfir óskunda af skotum, sjá nefndartíðinda fyrri deild, bls. 163. Það er því mín sannfæríng, að meira mundi leiða gott en illt af því, að friða látrasel fyrir öllum skotum, þar sem eg þekki til; en að því verði viðkomið um allt land, efast eg mjög um, og því mun nefndinni hafa þókt betra, að fara þann meðalveg, er hún hefir haldið að væri næst flestra meiningu, en að friða látra- og út-sel í einstaka hèröðum, þar sem það ætti bezt við, þó bænarskráin frá Barðastrandarsýslu óskaði þess; en hvort þingmenn vildu fallast á breytingaratkvæði ens heiðraða alþingismanns frá Borgarfjarðarsýslu, væri æskilegt að heyra nú þegar.

Forseti: Enginn tekur nú framar til orða, og álít eg því undirbúningsumræðu máls þessa lokið.

Þá framlagði forseti til síðustu umræðu málefnið um bókasafn handa alþingi.

Framsögumaður kandíd. Jón Sigurðsson: Þar eð ekkert breytíngar-atkvæði er komið fram í undirbúnings-umræðu þessa máls, og engin mótmæli gegn því, þá þykist eg ekki þurfa að tala framar fyrir því, en komið er.

Forseti: Fyrst enginn tekur til máls, þá vil eg spyrja: Vill þingið senda konúngi bænarskrá samkvæmt álitsskjali nefndarinnar?

Samþykt í einu hljóði.

Því næst var fundi slitið.

---

## 22. Júlí — seytjándi fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykt.

Ásgeir Einarsson: Áður en málefni þau eru tekin til umræðu, sem nú eru fyrir hendi, verð eg að minnast á það, er framfór hèr á þíngi í gær viðvíkjandi breytíngar-atkvæði því, er jústizráðið segist hafa áskilið sèr í alþíngiskostnaðarmálinu, og svo því, er eg bar upp í sama máli, vegna þess því fyrr nefnda var veitt móttaka, en mínu ekki. Eg get ekki munað til, að sá áminnzti þíngmaður áskildi sèr breytíngar-atkvæði með berum orðum. Það er nú ekki mitt að dæma um, hvort þessi aðferð er sem skipulegust; en að eg hreifi við þessu, er mest í þeim tilgángi, að það geti síðar orðið öðrum til viðvörunar. Eg vil nú ekki þræta þess, að breytíngar-atkvæði mitt hafi ekki verið sem reglulegast uppborið eptir ákvörðun 69. greinar alþíngistilskipunarinnar, þegar hún er tekin í strángasta skilníngi; en sama virðist mèr og um hið áminnzta breytíngar-atkvæði; óska eg því, að bæði þessi atkvæði fái sama árángur, að þau annaðhvort falli sem ógild bæði og verði ekki framlögð til atkvæða greiðslu, eða fái bæði rètt til þess; og fer eg ekki um þetta fleirum orðum, því eg vona, að forseti gæti að öllu því, er miðar til viðurhalds góðrar skipunar á þínginu, samkvæmt 49. grein alþíngistilskipunarinnar.

Forseti: Eg hefi áður bent þíngmanninum úr Strandasýslu til þess, að af 2 ræðum enna helztu þíngsins meðlima

gat eg ei betur skilið, en að þeir hefðu álitið, sem hinn nefndi þingmaður hefði áskilið sèr breytíngar-atkvæði.

Kandíd. Jón Sigurðsson: Mèr hefir líka skilizt svo, sem jústizráð Thorsteinsen hafi ekki með berum orðum áskilið sèr neitt breytíngar-atkvæði í þetta sinn, sem um er talað, og vilda eg gjarnan samfærast um, hvort eg hefi tekið rángt eptir því, eða ekki.

Forseti: Sá konúngkjörni alþingismaður getur bezt sjálfur sagt, hvort hann hefir upptekið meiníngu mína til að gjöra hana að breytíngar-atkvæði sínu.

Jústizráð Thorsteinsen: Eg sagðist fallast á uppástúngu forseta og gjöra hana að mínu breytíngar-atkvæði.

Kandíd. Jón Sigurðsson: Eg vil biðja hinn háttvirta forseta að spyrja skrifara þíngsins að þessu; þeir eru kosnir af þínginu, með fram í því skyni, að þeir geti borið vitni, þegar ágreiníngur verður um slík efni, sem þetta.

Forseti: Það er þíngmanninum úr Ísafjarðarsýslu kunnugt, að þíngið hefir ekki þá hraðskrifara, sem eru vissir um að geta náð hverju orði, sem talað er, og verður því þíngið, enn sem komið er, að reiða sig með fram á sögusögn þess, sem talar. Að öðru leyti hefi eg ekkert á móti, að skrifararnir lýsi yfir því, sem þeir muna í þessu falli, en má einasta geta þess, að sá, sem meiníngu mína bar fram, gjörði hana einúngis að vara-atkvæði sínu.

Kandíd. Jón Sigurðsson: Eg skil þó ekki, að hinn háttvirti forseti geti neitað mèr um að leita atkvæða hjá skrifurum, því þeir eru valdir embættismenn þíngsins, og þeim ber að trúa í slíkum efnum; eg óska einúngis að fá að vita, hvort eg hefi tekið rètt eptir eða ekki.

Prófastur Halldór Jónsson: Eptir ræðu hins konúngkjörna þíngmanns þóktist eg að vísu vera í nokkrum vafa um, hvort hann hefði áskilið sèr breytíngar-atkvæði, en þegar eg á ræðum 2 þíngmanna heyrði, að þeir hefðu skilið hann svo, þókti mèr það ekki leingur vafasamt.

Assessor Jónassen: Mig minnir, að breytíngar-atkvæðið væri ekki áskilið sèr með berum orðum; en það man eg, að þíngmaðurinn sagðist helzt aðhyllast það, sem forseti hefði uppástúngið.

Kandíd. Jón Sigurðsson: Hèr er nú einmitt spursmálið um, hvort þíngmaðurinn hafi áskilið sèr breytíngar-atkvæði með

berum orðum; því hafi hann ekki gjört það, þá átti þing maðurinn úr Strandasýslu sama rètt og hann.

Kammerráð Melsteð: Eg man raunar ekki með vissu, hvernig mèr hafa farizt orð, því eg var heldur ekki við upplestur þingbókarinnar; en það man eg, að jústizráð Thorsteinsen sagðist fallast á meiningu forseta, og þá áleit eg hann hafa rètt til að taka að sèr breytíngar-atkvæði hans; og kann eg þá að hafa farið um það fyllri orðum, að jústizráðið tæki að sèr breytíngar-atkvæði forseta; en ekki man eg, að jústizráðið sjálfur með berum orðum geymdi sèr rètt til að framkoma með það.

Forseti: Þegar eg tek fram til ályktunar-umræðu málefnið um alþíngiskostnaðinn, og afhendi það framsögumanni til flutnings, verð eg að geta þess fyrir fram, að í málefninu eru framkomin mörg breytíngar-atkvæði, og þar á meðal eitt þríliðað frá nefnd þeirri, er átti að íhuga málið frá upphafi. Þessi breytíngar-atkvæði eru öll komin inn í þær spurníngar í málefni þessu, er legið hafa þíngmönnum til eptirsjónar. Það er einúngis eitt atriði í öðrum lið af nefndarinnar breytíngar-atkvæði, er eg hefi ekki dregið inn í spursmálin, en það er um 3 pro Cento af afgjöldum jarða, af því eg ætla það eingan fót hafa í þeim umræðum, er á undan eru geingnar í málefninu.

Breytíngaratkvæði í alþíngiskostnaðarmálinu:

1) Varaforseta,
fyrst og fremst: að álit nefndarinnar sè tekið til greina.
Til vara: að helmíngur alþíngiskostnaðarins sè lagður á jarðadýrleikann, og helmíngur á lausafjárhundruðin;
eða að öðrum kosti: að kostnaður þessi að tveim þriðjúngum leggist á jarðadýrleikann, en að einum þriðjúngi á lausafjárhundruðin.

2) Prófasts Haldórs Jónssonar,
Til vara: ef þíngið ekki aðhyllist nefndarálitið, að hið beneficeraða jarðagóz verði undanskilið alþíngiskostnaðinum.

3) Þíngmannsins úr Barðastrandarsýslu:
1. að í staðinn fyrir 4 rbd. af 100 rbd., eptir samþyktum fyrra þíngs, sèu 2 rbd. af 100 rbdl. af örfum og gjöfum, og $\frac{1}{8}$ af afgjaldi fasteigna, $\frac{1}{4}$ af lausafè.
2. ef þessi uppástúnga ei fær meðhald þíngmanna, þá að $\frac{1}{8}$

borgist af afgipt fasteigna og ¼ af lausafè fyrst um sinn.

4) Varaþingmanns Húnvetninga:

Að seinni partur í 1. grein frumvarpsins breytist þannig, að helmíng af öllum kostnaðinum skal jafna á allar jarðir á landinu eptir þeim dýrleika, sem þær hafa í jarðabókinni 1760, en hinn helmínginn á lausafjárhundruðin.

5) Varaþingmanns úr Rángárvallasýslu:

Að frumvarpið fái lagagildi, þó þannig: að þeir ⅔, sem eptir frumvarpinu eiga að leggjast á jarðadýrleikann eptir jarðabókinni af 1760, sèu lagðir á afgjaldsupphæð þeirra, eins og hún er í hvert skipti, þá kostnaðinum ber að jafna niður; og að því í frumvarpsins 1. grein í stað orðanna: „eptir þeim dýrleika, sem þær hafa í jarðabókinni 1760“, sè sett: „eptir þeirra afgjalds-upphæð; og þá eigandi sjálfur býr á jörð sinni, metist afgjald hennar að jöfnuði við aðrar jarðir jafndýrar í hreppnum“; og í annari grein, í staðinn fyrir orðið: „jarðarhundruðin“ sè sett, „jarðirnar“, og við niðurlag þessarar greinar sè bætt við orðunum: „án þess nokkrir samníngar milli jarðeiganda og leiguliða megi hèr á gjöra breytíngu“.

6) Þíngmannsins úr Borgarfjarðarsýslu:

Ef þíngið fellst á, að alþíngiskostnaður leggist að meiri eða minni hluta á fasteign landsins, að lagaboðið þá gildi ekki leingur, en þángað til ný skattalög koma í gildi.

7) Þíngmannsins úr Súðurþíngeyjarsýslu:

Að ⅛ alþíngiskostnaðarins leggist á fasteignarhundruð, að undanskildu öllu beneficeruðu gózi; ⅛ á lausafjárhundruð, og ¼ á inntekt þeirra embættismanna, sem hafa 300 rbd. laun og þar yfir ár hvert.

8) Jústizráðs Thorsteinsens:

1. að frumvarpið fái lagagildi, þó með þeirri viðbót, að þar sem í jarðabókinni af 1760 einginn jarðadýrleiki er tiltekinn, sè farið eptir þar greindri afgjaldshæð í landskuld og kúgildatali, þannig: að 30 álna landskuld og 1 kúgildi sè látið samsvara 5 hndr. í

jörðu, og að nú verandi 2. grein frumvarpsins breytist þessu samkvæmt.

2) Fái það fyrra ei framgáng, þá leggist helmingur alþingiskostnaðar á fasteign eptir framanskrifuðum reglum, en hinn helmingur á tíundberandi lausafé.

9) Nefndarinnar:

1. fyrst og fremst, að frumvarpinu verði frá ráðið.
2. Til vara: að ¾ alþingiskostnaðarins leggist á allt það jarðagóz í landinu, sem er konúngs og bænda eign (en önnur fasteign öll sè undanþegin), þannig: að 3 rbd. gjaldist af hverju 100 rbd. virði, af afgjaldi jarðanna, bæði landskuldum og leigum, og greiðist af jarðeigendum, og að ¼ kostnaðarins leggist á allt lausafé, sem framtalið er til tíundar.
3. að þessi gjaldmáti kostnaðarins standi eigi leingur, en þángað til ný skattalög eru komin á.

Framsögumaður kammerráð Melsteð: Þar eg ekki finn, að vara-atkvæði nefndarinnar sè komið á atkvæðalista þann, er forseti hefir lagt fram á lestrarstofuna, vil eg spyrja hann að, hvort hann ætli að láta þingið ganga til atkvæða um það eða ekki.

Forseti: Eg vona, eins og eg nýskeð sagði, að allt finnist í spursmálunum, er leggjast eiga fyrir þingið til andsvara, að undanskildu því atriði um Procentgjaldið, af því það eptir minni sannfæríngu stríðir gegn 71. grein alþingistilskipunarinnar, að um það greiðist atkvæði, sem við fyrstu umræðu málsins ekki var útrædt.

Framsögumaður. Eg verð þó að meina, að meiri hluti nefndarinnar hafi rètt til að krefjast þess, að þingið sè látið ganga til atkvæða um vara-atkvæði það, sem eg hans vegna bar upp fyrir forseta í fyrra dag, og honum var í gær skriflega afhent. Eg hafði meiri hlutans vegna, þegar eg sá, að meiri hluti þingmanna ei mundi fallast á aðal-uppástúngu nefndarinnar við undirbúnings-umræðu málsins, með berum orðum getið þess, að nefndin mundi taka til yfirvegunar breytíngaratkvæði þingmanna, og taka það máske að sèr, sem henni geðjaðist bezt að. Nú hefir meiri hlutinn tekið að sèr breytíngaratkvæði þingmannsins úr Barðastrandarsýslu, sem miðar til að leggja alþingiskostnaðinn á afgjald jarðagózins; en þar hann ekkert hafði ákveðið um mátann, upp á hvern kostnaður þessi

skyldi takast af jarða-afgjöldunum, tilgreindi meiri hluti nefndarinnar mátann, hvernig þeir ¾ partar kostnaðarins skyldu borgast af afgjöldum jarðanna, og eg get ei annað en álitið, að meiri hlutinn hafi haft til þess fullkominn rètt; þó skal eg fyrir mitt leyti ekki hafa á móti því, að þessi máti, eður þau orð vara-atkvæðisins, sem tala um, að 3 af hundraði skuli greiðast af jarða-afgjöldunum, ekki komi undir atkvæðagreiðslu, ef hinir nefndarmenn eru því samþykkir.

Forseti: Eg hvorki get, nè vil standa inni fyrir því, að það breytíngar-atkvæði komi fyrst til atkvæða, sem heimtað er að komi það. Allir kynnu að vilja krefjast þessa, og eitthvert verður þó að verða fyrst. Mèr nægir að benda þeim heiðraða framsögumanni til 74. greinar alþíngistilskip. í því falli. Eg verð að játa, að mig skortir reynslu og æfíngu, máske líka þekkíngu til að raða spursmálunum svo niður, sem bezt fer, þó eg hafi ásetníng til þess, máske líka fleirum en mèr kynni að mistakast þetta. Að öðru leyti ætla eg ekki, að neitt sèrlegt væri á móti, að 3 pCto gjaldsmátinn yrði áhrærður í ástæðunum til bænarskráarinnar til konúngs, einasta getur það atriði ekki komið meðal þess, sem um er beðið.

Framsögumaður: Það er að sönnu víst, að forseti eptir alþíngistilskip. 49. og 74. grein hefir rètt til að ákveða, hvernig haga skuli spurníngunum, en hann hefir eingan rètt til að ákveða innihald atkvæðanna, því það er undir nefndunum og þíngmönnum sjálfum komið. Væri þessu ekki þannig háttað, gæti hvorki nokkur nefnd eða nokkur þíngmaður feingið það sett undir atkvæði, er hann óskaði, ef að forseta ekki líkaði það; og þá væri sèr í lagi framsögumanni næstum ómögulegt, nefndarinnar vegna að bera upp nokkuð tilbreytt (modificeret) atkvæði, ef hann fyrst ætti að sameina nefndarmenn um það, og ef hann síðan ekki gæti feingið það sett undir atkvæði, ef forseti hefði nokkuð móti innihaldi þess. Það er þíngið, en ekki forseti, sem hefir rètt til að fella þvílík atkvæði.

Forseti: Það er hægt að sjá það fyrir, að ef í einu tilfelli er farið að brjóta gegn alþ. tilsk. 71. gr., með því að taka við því til atkvæðagreiðslu, er aldrei var áhrært við undirbúnings-umræðuna, þá er allri góðri þíngreglu í því efni lokið. Ályktarumræðan verður að halda sèr við undirbúnings-umræðuna, og atkvæðagreiðslan byggist á hvorutveggjum. Mèr er einasta um þíngregluna að gjöra, en ekki um efni þessa at-

riðis í breytíngaratkvæði nefndarinnar, og vona eg þessi umræða nú ei leingur hindri þíngstörfin í dag.

Kandíd. Jón Sigurðsson: Eg get þó ekki skilið betur, en að nefndin hafi rètt á að vænta, að uppástúnga hennar, sem hún hefir einmitt komið með til að fullnægja ósk þíngsins, og bygt á breytíngaratkvæðum þeim, sem fram voru komin í málinu, yrði tekin til atkvæða. Það er að vísu satt, að 74. grein gefur forseta vald á, hvernig hann ber mál undir atkvæði, en eg get samt ekki neitað, að mèr geðjast ekki vel sú aðferð, sem hèr hefir verið höfð, bæði á hinu fyrra þíngi og þessu, að bera atriði málanna upp fyrir þíngmönnum í spurníngum, eins og þegar verið er að spyrja börn, í stað þess að taka uppástúngur og breytíngaratkvæði, og bera þau upp orðrètt, eins og þau koma fram á þínginu. Annað atriði er það, að mèr finnst nauðsyn á, og að þíngmenn geti með sanngirni krafizt þess, að hèr væri lögð á borðin að minnsta kosti 4 eða 5 eptirrit breytíngaratkvæðanna, svo menn þyrfti ekki að gefa atkvæði sitt í blindni. Þetta er nú ekki gjört í þessum málum, sem hèr eru tekin til ályktunar í dag, og eru í öðru mörg breytíngaratkvæði, en í veiðilögunum var nú fyrst áðan lagður fram „katekisations-listi“ með einum 20 spurníngum, sem maður á að svara eptir heyrn og eptirtekt. Eg má játa, að eg á yfrið bágt með að gefa atkvæði, þegar þessi aðferð er höfð, og eg ætla að sumum öðrum af þíngmönnum gángi ekki betur.

Forseti: Það er alþíngismanni Ísfirðínga kunnugt, að á þínginu 1845 eingin breytíngaratkvæði nè spursmálslisti var framlagður, þíngmönnum til lesturs. Eg vil ei fást um, hve sanngjarnt er, að heimta meira af mèr, eða að eg láti skrifa af hvorutveggju afskriptir handa hverjum þíngmanna, því hèr er ei, sem erlendis, kostur á að láta prenta hvortveggja; þó hefi eg í alþíngiskostnaðar-málinu, er mèr þókti svo mikilsvert, látið afskriptir af hvorutveggju liggja á lestrarsalnum, og líka í veiðilaga málefninu, þó eg ei gæti lagt það síðar nefnda upp fyrr en í morgun, þar eð málið var til undirbúnings-umræðu í gær.

Kandídat Jón Sigurðsson: Þetta kom til orða hèr um daginn, og var því lofað þá af forseta hálfu; þess vegna hófst eg máls á því.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Þegar eg vakti máls á

þessu, skilði eg forseta á þá leið, sem hann hefði lofað eptirritum af breytíngaratkvæðum á þínginu.

Framsögumaður: Eg vil nú reyna til með fám orðum að skýra málefni þetta nokkuð fyrir þíngmönnum. Í fyrra sinni, þegar það var rædt hèr á þíngi, gat eg þess, að nefndin hefði geingið til starfa sinna með þeirri viðurkenníngu, að landið ætti að borga alþíngiskostnaðinn, og með þeirri sannfæríngu, að landið mundi geta borgað hann, þó hann safnaðist fyrir um nokkur ár. Nefndin hèlt, að það mundi verða betra fyrir gjaldþegnana, þó kostnaðurinn þannig safnaðist fyrir, seinna meir að greiða nokkuð meira eptir áreiðanlegum vissum og rèttvísum gjaldstofni, en nú að borga minna eptir öldúngis óáreiðanlegum, óvissum og ójöfnum gjaldstofni. Nefndin var einnig sannfærð um, að hin milda og vitra stjórn, er vèr lifum undir, mundi ei krefja allan hinn áfallna kostnað í einu, heldur skipta honum á fleiri ár, svo greiðslan yrði þolanleg. Nefndarmenn ræddu sín á milli opt og ítarlega alla þá gjaldstofna, er þeim gátu hugsazt, og sèr í lagi alla þá gjaldstofna, sem komið hafa til umræðu hèr á þínginu, bæði nú og fyrri; en þeir fundu svo mikla annmarka við sèrhvern þeirra, að þeir eptir sannfæríngu sinni ekki gátu ráðið þínginu til að leggja á þá alþíngiskostnaðinn. Þetta var ástæðan fyrir aðaluppástúngu nefndarinnar.

Við undirbúníngsumræðu málsins varð nefndin þess vör, að meiri hluti þíngmanna vildi heldur borga alþíngiskostnaðinn strax, en láta mikla skuld safnast fyrir, þó þeir annars væri nefndinni samþykkir í því, að nú sem stendur væri ekki nema um mjög óhentuga gjaldstofna að velja. Þó nú nefndin ekki að öllu leyti gæti litið á mál þetta, sem hinir aðrir þíngmenn, gat hún þó ei annað en virt og mikils metið það hugarfar, af hverju ósk þíngmanna, um borgun kostnaðarins sem fyrst, var sprottin. Þíngmenn vildu nefnilega, að hvorki þeim eða þjóðinni yrði núið því um nasir, að þeir sýndu tregðu í að borga kostnaðinn til þeirrar stiptunar, sem þeir allir meta mikils, og sem þeim öllum er hjartakær. Í þessu tilliti hafa nú nefndarmenn öldúngis það sama hugarfar, sem hinir aðrir þíngmenn; en í öðru tilliti hefir nefndin nokkuð annað álit á málefninu en þeir. Það virðist nefnilega, sem margir, ef ei allflestir þíngmenn hugsi, að stjórnin muni strax, eins og stránguur lánardrottinn, krefja allan þann áfallna kostnað í einu ásamt

með þeim, er þá áfellur; og þeir, sem þannig líta á málið, hafa rètt í því, að þetta gæti orðið þúngbært, ef ei óbærilegt, fyrir landsmenn. Nefndin þar á móti var sammfærð um, að hin vitra og milda danska stjórn ei mundi leggja þennan kostnað á landið öðruvísi eður eptir öðrum reglum, en hver önnur skattgjöld, nefnilega upp á þann máta, sem væri hentugastur, sanngjarnastur og þolanlegastur fyrir gjaldþegnana.

Þegar nú nefndin sá, hver vilji þingmanna var, áleit hún það skyldu sína að styðja að því, að þessum vilja yrði framgeingt á þann bezta og hentugasta hátt, sem nú er kostur á, þar sem úr vöndu er að ráða, og í þessu tilliti framkom nefndin með vara-atkvæði sitt, sem er svo hljóðandi: „að ¾ alþingiskostnaðarins leggist á allt það jarðagóz í landinu, sem er konúngs og bænda eign (en önnur fasteign öll sè undanþegin), þannig: að 3 rbd. gjaldist af hverju 100 rbda virði af afgjaldi jarðanna, bæði landskuldum og leigum, og greiðist af jarðeigendum, og að ¼ kostnaðarins leggist á allt lausafè, sem framtalið er til tíundar“. Nefndin hèlt, hvað og svo reynslan mun sýna, að atkvæðafjöldi þingmanna mundi fást fyrir þeim gjaldmáta, er nefndin áliti hentugastan af þeim, sem um er að gjöra; en ef nefndin eingan slíkan gjaldmáta vildi styðja, má óttast fyrir því, að í svo óvissu efni, þar sem sitt vill hver og einn heldur þetta rètt og annar hitt, að allt mundi verða á sundrúngu, atkvæðafjöldi kannske verða fyrir því, sem sízt skyldi, ellegar þá fyrir eingu, og málið þannig falla móti vilja þeirra flestu þingmanna. Þegar nú nefndin hafði þennan tilgáng, skilur hún hvorki, að það geti verið rètt, að meina henni að koma fram með vara-atkvæði sitt, eður að það geti verið annað en stór óhagnaður bæði fyrir þingið og málefnið sjálft, ef það ekki feingist, að það væri tekið til greina. Nefndin fèllst helzt á breytíngaratkvæði það, sem þingmaðurinn úr Barðastrandarsýslu hafði komið fram með, að leggja þingkostnaðinn á afgjald jarðanna; því þessi stofn er virkilega til, og þegar hann er tekinn, er ei lagt á annað en það, sem gjaldþegnarnir virkilega eiga, og þeir þess vegna geta greidt gjöld af. Um jarðadýrleikann eða hundraðatal jarðanna verður það þar á móti ekki sagt, að það, eins og nú er ástadt, sè allstaðar til, nema sem hugarburður og einúngis að nafninu til. Því það er víst, og öllum þingmönnum kunnugt, að þar gefast 60 hundr. jarðir, sem hvorki eru betri í tilliti til afgjalds og

verðhæðar en aðrar, sem ekki eru nema 10 hundr. eða jafnvel 5 hundr. að dýrleika. Ætti nú kostnaðurinn að leggjast á hundraðatalið, sjá allir, hvað það væri ósanngjarnt, og hvað það mundi verða óþolandi fyrir suma gjaldþegna, ef kostnaðurinn ætti að jafnast á hundruðin, eins og þau nú eru. En um afgjald jarðanna má segja það sama, sem um lausafjárhundruðin, að það er til, og því er, eptir vara-atkvæði nefndarinnar, gjaldið einúngis lagt á virkilegan og verulegan, en ekki að nokkru leyti einúngis á ímyndaðan gjaldstofn. Það var nú eðlilegt, að nefndin ekki strax, áður undirbúnings-umræðu málsins sleit, gæti komið fram með vara-atkvæði sitt; því nefndarmenn urðu að bera sig saman um það, og semja um það bæði sín á millum og við aðra þingmenn, er höfðu látið á-þekkar meiníngar í ljósi; en fyrir það gat nefndin ei tapað rètti sínum til að koma fram með atkvæðið, þar það var grundað bæði í undirbúníngsumræðunni, breytíngaratkvæðum annara þingmanna og í því, að nefndin með berum orðum hafði geymt sèr rètt til að yfirvega þau og fallast á eitthvert þeirra til vara.

Eg vil nú skýra þínginu frá ástæðu þeirri, sem nefndin hafði til að stínga upp á því, að kostnaðurinn greiddist af jarða afgjaldinu með 3prC., eður þannig: að 3 rbd. greiddust af hverjum 100 rbd. afgjaldsins. Kóngseign hèr í landinu er 8785 hundr., bændaeignin 64,088 hundr., að samtöldu 72,873 hundr. Nefndin gjörði ráð fyrir, að afgjaldið af hverju hundraði upp og niður yrði 1 rbd. 24 sk.; og þetta er ríflega í lagt, því embættismanna nefnd sú, er átti fund með sèr í Reykjavík árið sem leið, reiknaði afgjaldið af hverju hundraði til jafnaðar 1 rbd. 48 sk., og voru þó í þeirri nefnd þeir menn, er víðast þektu til um allt land. Eptir áætlun nefndarinnar yrði því afgjaldið af því áður tilgreinda jarðagózi 91,093 rbdl. rúmir; 3prC. þar af yrðu árlega hèr um 2732 rbd. 80 sk. eður í 2 ár 5465 rbd. 64 sk. Þegar hèr til kemur $\frac{1}{4}$ partur lagður á lausafèð, nl. 1366 rbd. 24 sk., yrði í 2 ár borgað alls 6831 rbd. 88. sk. Alþíngiskostnaðurinn seinast var 6640 dalir, þar frá gánga eptir ágezkun, fyrir seld alþíngistíðindi, 640 dalir, verða þá eptir 6000 dalir. Eptir áætlun nefndarinnar geingu því af rúmir 800 dalir hver 2 ár; en þetta ætlar nefndin eingan skaða vera, því bæði er nokkur ógoldinn alþíngiskostnaður þegar áfallinn, og líka er hægt að geyma þann, sem yfir hefir í eitt

skipti, og greiða með því síðar, það sem borga ætti, og það gæti jafnvel farið svo, að afgángurinn í 2 eður fleiri ár drægist svo saman, að seinna meir í eitt skipti ekki þyrfti að leggja meir en 2 pCto. á jarða afgjaldið. Að nefndin stakk upp á því að leggja þetta hundraðsgjald á afrakstur jarðanna, kom af því, að afgjaldsupphæðin ekki er viss eður fast ákveðin, upp á sama máta sem jarðar og lausafjárhundruðin, svo að á hana verði jafnað niður eptir skildíngatali ⅔ pörtum af alþíngiskostnaðinum. Þannig yrði nú með vara-atkvæði meiri hluta nefndarinnar vegur greiddur fyrir því, sem bæði er vilji þíngsins og stjórnarinnar, að vísað yrði strax á þann máta, hvernig alþíngiskostnaðurinn nú strax feingist endurgoldinn. Feingist nú þessari varauppástúngu nefndarinnar skotið til atkvæða, og feingi hún, sem eg vona, töluverðan atkvæðafjölda á þínginu, væri málefninu komið í það bezta horf, sem mögulegt er eptir málavöxtum; annars er eg hræddur um, að að því muni reka, að allt verði á sundrúngu og málið fái ei framgáng.

Konúngsfulltrúi: Ræða sú, sem hinn virðulegi framsögumaður nú hefir flutt, virðist mèr bera þess ljósan vott, að það hefði verið þarflegt, til þess mál þetta feingi tilhlýðilega umræðu, að nefndin hefði tekið það til ítarlegri rannsóknar, og það hefði síðan verið rædt á þíngi, áður en til ályktar-umræðu og atkvæða hefði komið. Það sýnist því að hafa verið gildari ástæða fyrir uppástúngu þíngmannsins úr Strandasýslu þar að lútandi, heldur en nefndin og alþíngið vildi þá viðurkenna.

Framsögumaður hefir nú sagt, að nefndin hafi aðhyllzt breytíngar-atkvæði þíngmannsins úr Barðastrandarsýslu um það, að alþíngiskostnaðurinn skyldi jafnast niður á landskuldagjald jarðagózins að ¾, og á lausafèð að ¼, en að nefndin þar hjá, hvað aðferð þá snertir, er við ætti að hafa, til þess að uppástúnga þessi yrði framkvæmd, ekki hefði getað fundið önnur úrræði, en að stínga upp á 3 pCento gjaldi af landskuld jarðanna.

Mèr virðist það liggja í augum uppi, að þessi aðferð, að koma til leiðar uppástúngu breytíngar-atkvæðisins, innibindi í sjálfri sèr nýja uppástúngu; því breytíngar-atkvæðið fer einúngis því á flot, að skipta niður alþíngiskostnaðinum eptir einum fast ákveðnum mælikvarða, þar sem viðurauki nefndarinnar miðar til þess, að koma á föstum skatti að staðaldri, sem menn fyrir

fram geta ekki um sagt með vissu, að hvað miklu leyti eður ekki hann komi heim við alþingiskostnaðinn.

Það hefði nú að vísu verið æskilegt, að þingmenn hefðu skoðað huga sinn um, hvort ekki mætti finna einhverja aðra aðferð til þess að jafna þinghaldskostnaðinum á landskuldargjaldið. Eg hefi nefnilega, með því að hugsa um mál þetta, þókzt geta fundið aðra aðferð en þá, sem nefndin stingur upp á, og sem mèr virðist miklu auðveldar leiða menn að takmarki því, er menn hafa sett sèr. Þar eð nú enginn þingmanna má taka optar til orða en einusinni á þingi í dag í þessu máli, og þar eð það þó væri mjög áríðandi undir hinn síðasta úrskurð máls þessa að vita, hvað þingmenn yfir höfuð álíta fært og hagkvæmt í þessu tilliti, þá hefi eg ætlað, að eg nú þegar ætti að skýra frá, hvernig eg hefi ímyndað mèr að jafna mætti niður kostnaðinum. Eg vænti með því móti að gjöra hvað í mínu valdi stendur, til þess stjórnin eigi kost á að meta, að hvað miklu leyti uppástúnga sú, sem svo virðist sem mjög margir fallist á, megi álítast gjörleg eða ekki.

Eg hefi nú ímyndað mèr, að hreppstjórar gætu á haustin á hreppastefnum samið nafnaskrá um allar jarðir í hreppnum, og við sèrhverja jörð, þar sem nokknr ábúandi er, sett upphæð landskuldarinnar. Við þær jarðir, sem eigandi byggi sjálfur á, mætti setja meðaltölu þeirrar landskuldar, sem goldin er af öllum öðrum jörðum í hreppnum í samanburði við dýrleika þeirra. Hreppstjórar allir skyldu senda skrár þessar sýslumönnum, þeir því næst yfirfara þær og leiðrètta, ef þyrfti, og senda amtmönnum. Þegar amtmenn hefðu skoðað þær, skyldu þeir senda stiptamtmanni skrárnar, til þess feingizt gæti jafnvel þann sama vetur yfirlit í einu yfir allt landskuldargjald á öllu landinu. Þegar nú þannig væri vitað, hversu mörg hundruð allar landskuldir væru samtals, þá mætti með auðveldum reikningi finna, hversu marga skildinga greiða skyldi af hverju landskuldar hundraði, til þess að upphæð gjalds þess, er meðþyrfti til að endurgjalda alþingiskostnaðinn, feingist náð með niðurjöfnun á næsta vori.

Á þenna hátt virðist mèr að einfaldast sè og auðveldast, að breytíngar-atkvæði það, sem nefndin styðst við, fái framgáng, þannig, að menn nái því takmarki, að einn tiltekinn partur af alþingiskostnaðinum verði lagður á landskuldir, og einn tiltekinn partur á lausafjarhundruð; þar sem menn hins veg-

ar hafa einga vissu fyrir, að með því 3 pCento gjaldi, sem nefndin hefir bent á, mundi nást þesskonar ákveðinn partur af alþingiskostnaðinum.

Jafnvel þó nú ekki geti orðið greidd atkvæði um það, hvernig alþing áliti rèttast, að niðurjöfnuninni verði hagað, svo hefi eg þó ætlað, að eg ætti að skora á þingmenn, þegar þeir ræða málið í dag, að minnast á þetta atriði. Ef nefnilega alþingið, eins og eg býst helzt við, eptir því sem mönnum hafa farizt orð, skyldi, þegar til atkvæða verður geingið, verða með miklum atkvæðafjölda á því máli, að vilja mæla fram við stjórnina með frumvarpi þessu, um að alþingiskostnaðinum verði skipt niður að $\frac{3}{4}$ á landskuldagjald, og $\frac{1}{4}$ á lausafjárhundruð, og ef stjórnin, sem eg þó álít mögulegt, án þess eg geti gefið um það nokkra fullvissu, skyldi gefa gaum að uppástúngunni, þá væri það mjög áríðandi fyrir stjórnina að vita, hvernig þingmenn alment vildu álíta rèttast, að öll upphæð landskulda-afgjaldsins yrði fundin, og hvernig niðurjöfnuninni skyldi til haga.

Framsögumaður: Eg get í fám orðum svarað því, er hinn hæstvirti konúngsfulltrúi nú sagði. Eg get ei fullkomlega viðurkent, að 3 pCto afgjaldið sè annað en nákvæmar tiltekinn máti, upp á hvern alþingiskostnaðurinn greiðast skuli af jarða-afgjaldinu; þar á móti get eg eingan veginn kannazt við, að hann sè nýtt sèrstakt atriði, er ekki megi koma til umræðu. Þessi máti hefir einnig svo ítarlega komið til umræðu, að eg skil ei annað, en hans megi geta í áliti því, er þingið sendir konúnginum; og eg álít það jafnvel mjög óhentugt, að hann ekki komi þar til umtals: því eg get ei skilið, að stjórnin geti haft þvílíkar mætur á niðurjöfnun afgjaldsins, og þvílíka óbeit á 3 pCto afgjaldinu, að hún nauðsynlega hljóti að velja hinn mátann, en hafna þessum. Það er ekki heldur svo árennilegt, að meta jarða-afgjaldið, sem sumt er borgað í peníngum ýmislega teknum, og sumt í landaurum, er innbyrðis eru mjög misjafnir að verði, til hundraða á landsvísu, því hèr er mælikvarðinn eða meðalhundraðið ekki auðfundið. Heldur mætti það máske takast eptir verðlagsskránni að meta afgjöldin til peníngaverðs, eður til svo eður svo margra 100 dala; en þá yrði alþingiskostnaðurinn, sem á slíka peninga upphæð yrði lagður, eptir eðli sínu, ekki annað en pCto afgjald. Eg bið þingmenn þá, sem máske hafa ætlað sèr að gefa atkvæði fyrir því, að þingkostnaðurinn yrði lagður á jarðarhundruðin,

af því þeir sáu ekki beinan veg til þess, hvernig hann yrði greiddur af jarða-afgjaldinu, að gæta þess, að nú er bæði af konúngsfulltrúanum og meiri hluta nefndarinnar bent á fleiri máta, hvernig þetta megi takast; og eg skal geta þess, að aðferð sú, til þess að fá fyrir fram skýrslur um upphæð jarðaafgjaldsins, sem konúngsfulltrúinn hefir bent á, er í sjálfu sèr auðveld og samkvæm þeirri, er eg hefi hugsað mèr, og annars viðgeingst.

Stephán Jónsson: Eg gat ekki sèð þann örðugleika, sem aðrir sáu á því að leggja alþíngiskostnaðinn á afgjald jarðanna, eins og eg gat um seinast, þegar þetta mál var rædt. Mèr gátu þá ekki skilizt þeir annmarkar, sem menn þá töldu á þessum gjaldstofni; en nú, síðan eg hefi heyrt talað um ástandið í suðuramtinu, hefir það skýrzt fyrir mèr, og vil eg stuttlega skýra frá, hversu því er varið í minni sýslu, og eg held víðar norðanlands. Þar segir hverr jarðeigandi hreppstjóra frá, hversu mikið eptirgjald og leigur hann taki af jörðum sínum, og í hverju það er goldið, og metur hreppstjóri þá eptirgjaldið til hundraða eptir verðlagsskrá, og er það hundraðatal ritað í sveitarbókina, og af því tekið víst útsvar til fátækra eptir þörfum sveitarinnar, meira eða minna eptir sanngjarnri tiltölu við lausafè hans; sömu reglu er fylgt með tilliti til þeirra, sem búa á sjálfs eign. Þessu er það samkvæmt, að ef einhverr kaupir jörð, verður hann að segja hreppstjóra glögglega til afgjalds hennar. Einu gildir því, í hverju goldið er; hreppstjóri metur það allt til hundraða eptir verðlagsskrá, svo hlutaðeiganda getur ekki orðið skaði að gjaldmátanum, þó í margbreyttum aurum sè goldið. Því sýnist mèr þessi gjaldstofn vera miklu hentugri og vissari en hundraðatalið, og ræð eg því til, að hann sè brúkaður, en hinum hafnað, sem óhentugum með öllu.

Framsögumaður: Mèr er kunnugt það, sem þíngmaður Eyfirðínga nú mælti; það er gömul regla fyrir norðan, og hefir reynslan sýnt, að hana má vel nota.

Eyjólfur Einarsson: Þegar rædt var mál þetta síðast, man eg glöggt, að þegar eg hafði borið upp breytíngaratkvæði mitt, sagði sá heiðraði varaforseti, að mèr hefði ófimlega tekizt; en þegar eg heyrði mótbárur hans, virtust mèr þær ekki öllu fimlegri. Hann segir, að flestar jarðir sèu bygðar munnlega, og að landskuldir breytist máske árlega; til hvorugs

þekki eg í vesturamtinu; en hvað hèr viðgeingst syðra, veit eg ekki. Vestra, þar eg þekki bezt til, eru flestar jarðir bygðar skriflega; þar að auki er það allra landsdrottna venja þar, að kvittera landseta sína, þá afgjald er borgað. Sè eg því ei betur, en hreppstjórar geti vel gefið áreiðanlega vissu fyrir núveranda afgjaldi jarða í hreppum þeirra; ætla eg þeim ei minna, en að vita afgjald bænda ár hvert, áður þeir jafna aukaútsvar í hreppum sínum.

Jón Samsonsson: Eg verð að vera á þeirri meiníngu, að mikið hægt verði að ná fullkominni vissu fyrir landskulda upphæð á öllum jörðum í Skagafjarðar-sýslu, og það nú á næstkomanda ári; það getur hreppstjóri hver í sínum hreppi, svo hægt mun þá verða að sjá, hvað hundraðsgjaldið gefur af sèr í þennan kostnað, á sama hátt og hinn hæstvirti konúngsfulltrúi lèt í ljósi.

Jón Þórðarson: Eg felli mig að mestu leyti við breytíngaratkvæði nefndarinnar, og verð þess vegna ekki ófús til að veita því atkvæði mitt; það er að vísu frábrugðið mínu breytíngaratkvæði, að því leyti að $\frac{1}{4}$ eiga að leggjast á fasteignina, en eg fór eptir frumvarpinu, að það væri $\frac{2}{3}$; þetta þykir mèr nú minnst vert, og máske það sè ekki ósanngjarnara; aptur sýnist mèr, að þar sem breytíngaratkvæði nefndarinnar tiltekur 3 rbdl. af 100 rbdla afgjaldsupphæð fasteigna, að það ætti ekki að koma til atkvæðagreiðslu, heldur að þessir $\frac{3}{4}$ alþíngiskostnaðarins hvíldi á afgjaldsupphæðinni, en að tekið væri fram í álitsskjali þíngsins, að eptir áætlunarreikníngi mundu jarðaeigendur þurfa að láta hèr um bil 3 rbdl. af 100 rbdla afgjaldsupphæð. Þegar mál þetta var rædt til undirbúníngs, þá virtist mèr, að hinn heiðraði varaforseti hefði dregið þá meiníngu út af ræðu minni, að eg vildi koma í veg fyrir samkomulag milli landsdrottna og leiguliða. Þetta er eintómur misskilníngur hans, því hèr gat ekki verið um annað samkomulag að tala, en hvað alþíngiskostnaðinn snertir, og var meiníng mín í því falli samkvæm frumvarpinu, en sá viðauki, sem eg vildi að væri við niðurlag annarar greinar, átti einmitt að vera til þess, að landsdrottnar því síður köstuðu þessari byrði upp á landsetann.

Kandíd. Jón Sigurðsson: Hinn virðulegi framsögumaður hefir svo ljóslega útskýrt vara-uppástúngu nefndarinnar, að eg þarf ekki að fara um það fleirum orðum. Eg get þess ein-

úngis, að nefndin hafði fyrir sèr, auk breytíngar-atkvæða þeirra, sem hèr voru komin fram, uppástúngu nefndar þeirrar, sem sett var í hitt eð fyrra til að rannsaka skattalögin o. fl., en sú uppástúnga var einmitt bygð á því, að nefndin ætlaðist til, að alþíngiskostnaðurinn yrði talinn meðal landsins vissu útgjalda. Nefnd þessi gekk það leingra, að hún stakk upp á skatti, 5 af hundraði af afgjöldum jarða, og gjörði ráð fyrir, að það gjald yrði 4500 rbdala á ári. Aðferðin til að taka skatt þenna af gjaldþegnum, sú er nefndin stakk upp á, mun hafa verið svipuð þeirri, sem hèr hefir komið til orða, en eg ætla ekki nauðsyn til að taka það atriði ítarlegar fram. Þar sem svo leit út, sem það hefði helzt orðið uppástúngu nefndarinnar í þessu máli að ásteytíngarsteini hjá hinum háttvirta forseta, að hún hafði einmitt stúngið upp á 3 af hundraði, þá er eg ekkert mótfallinn því, að þetta atriði geti komið í ástæður álitsskjalsins til konúngs, en þá verður, að eg ætla, að leita atkvæða um það. Annars vildi eg leiða athygli þíngmanna að því, að bezt mundi vera að sameina sig um að fylgja sem næst uppástúngu nefndarinnar, því yrði það ekki gjört, má óttast, að þau kynni að verða málalokin, sem fæstir vildi.

Guðmundur Arnljótsson: Eg verð að leyfa mèr að geta þess, að þegar eg áskildi mèr breytíngar-atkvæði við undirbúnings-umræðu þessa máls, var það einúngis með því fororði, ef þíngið fèllist á, að alþíngiskostnaðurinn væri tekinn af hundraðatali jarðanna, eins og það nú er; en þar á móti fái frumvarpið ekki meðhald þíngsins í þessum pósti, fellur mitt breytíngar-atkvæði burtu. En varauppástúnga nefndarinnar geðjast mèr vel, og mun eg fallast á hana.

Prófastur Haldór Jónsson: Þar eð breytíngar-atkvæði nefndarinnar hefir þann annmarka, sem um hefir verið rædt, að því er samfara ný ákvörðun, þá er það vel, að vegur verði fundinn til að ná hèr um bil sama augnamiði, þó sú nýja ákvörðunin ekki gángi til atkvæða. Þennan veg hefir hinn háttvirti konúngsfulltrúi vísað á, og sè eg einga óvinnanlega hindrun fyrir því, að þessum vegi megi fylgja; en þegar búið væri að ná skýrslum um afgjald jarðanna, neita eg því ekki, að mèr þyki síður árennilegt, að fylgja hundraðatali afgjaldsins, en að leggja kostnaðinn beinlínis á hið sanna afgjald jarðanna, og stendur þá á litlu, hvort þetta er og heitir viss tiltekinn procent-skattur, eða því í hvert sinn er jafnað niður eptir þörfum.

Framsögumaður: Eg er heldur á þeirri meiníngu, eins og nú eru málavextir, að leita eigi atkvæða hjá þíngmönnum um, hvort ekki megi koma inn í álitsskjal þíngsins útlistun aðferðar þeirrar, sem meiri hluti nefndarinnar heldur við eigi að hafa, þegar leggja skal alþíngiskostnaðinn á jarða-afgjaldið, þó það verði þar ekki gjört að uppástúngu, hvers máske ekki viðþarf, þó eg haldi, að það í sjálfu sèr hefði verið bezt fallið.

Konúngsfulltrúi: Þar eð nokkrir hinna virðulegu þíngmanna, sem til máls hafa tekið, hafa talað á þá leið, að þeir fèllust á breytíngaratkvæði nefndarinnar, finn eg þörf á að gjöra aptur þá athugasemd, að hafi eg skilið það rètt, sem hinn heiðraði forseti sagði áður, þá er það ekki áform hans, að láta greiða atkvæði um meira af uppástúngu nefndarinnar, heldur en það, sem væri samhljóða þeim breytíngaratkvæðum, er menn höfðu áskilið sèr. Hafi eg misskilið orð þau, sem hinn háttvirti forseti fór um það efni, þá leyfi eg mèr að vænta þess, að hann tali þar um nákvæmar. En þar eg nú gjöri ráð fyrir, að uppástúnga nefndarinnar um 3 pCento gjald af landskuldum komi ekki til atkvæða, þá verð eg að álita það æskilegt, að þíngmenn þeir, sem hèr á eptir ætla að tala um þetta mál, láti ekki einúngis í ljósi álit sitt yfir höfuð á uppástúngu nefndarinnar, heldur einnig tali ítarlega um það, á hvern hátt þeim hluta af nefndar-uppástúngunni, sem styðst við breytíngar-atkvæði það, sem á undan er komið, bezt verði komið til leiðar.

Þar sem eg að öðru leyti í tölu minni hèr að framan gat þess, að ákveða mætti landskuldargjaldið til hundraða, þá var það eingan veginn áform mitt að láta í ljósi ætlun mína um, hvort eg hèldi rèttara, að landskuldir yrðu ákveðnar til hundraða og álna, eða til peninga í rbdl. og skildíngum.

Prófastur Hannes Stephensen: Það virðist nú, sem hugir manna á þínginu lúígi að því, að aðhyllast þá meiníngunа, sem nefndin hefir gjört að breytíngar-atkvæði sínu, að $\frac{3}{4}$ partar þíngkostnaðarins leggist á afgjald konúngs- og bænda-jarða landsins, en $\frac{1}{4}$ partur á allt framtalið lausafè. Hinn hæstvirti konúngsfulltrúi leiddi þínginu ljóslega fyrir sjónir, hversu auðvelt mundi að fá vissu um afgjalda hæðina frá hreppstjórum senda til sýslumanna, frá sýslumönnum til amtmanna, frá amtmönnum til stiptamtmanns, og þá væri lèttur reikníngur, að jafna þeim $\frac{3}{4}$ pörtum kostnaðarins á afgjald þetta. Hinn virðulegi framsögumaður áhrærði helztu annmarkana við það, að

reikna jarða-afgjaldið til hundraða, og þetta er það, sem eg vildi með fám orðum leitast við að skýra og taka betur fram. Allir vita, að það er víða í landinu venja, að greiða hálfa landskuld í fríðu eða í landaurum, en hálfa í peníngum eptir gömlu lagi, með spesíu fyrir 30 álnir, og mundi það valda miklum ójöfnuði, ef sá ætti jafnmiklum álögum að svara af hundraði hverju jarða-afgjalds síns, sem þannig tekur gjaldið, eins og hinn, sem tekur það í fríðu eða fríðvirðum aurum einum. En þá ber einnig á það að líta, að sumir áskilja landskuldargjald í vissum skileyrir, en sumir ekki; getur svo farið, að einn fái afgjöldin í enum beztu aurum, t. a. m. í sauðum, en annar í enum lökustu, t. a. m. sjóvetlíngum eða öðrum prjónasaum; kúgilda-leigurnar eru allstaðar áskildar í smjöri. Allir sjá nú, hverjum ójöfnuði landskulda gjaldið, þannig lagað sem á er drepið, hljóti að valda; því er það meiníng mín, að hreppstjórar ættu að virða afgjald hverrar jarðar til peninga, eptir þeirri verðlagsskrá, sem í hreppi hverjum gildir, eða þar sem verðlagsskrárnar ekki ná til, eptir samngjörnu sölulagi; með þessu, og með þessu eina mótinu, fæst jöfnuður sá, sem æskilegur er, og hèr má ekki vanta.

Forseti: Þar eð sá hæstvirti konúngsfulltrúi skorar á mig til andsvara um, hvort til atkvæða eigi að gánga um 3 pCto afgjaldið, þá verð eg að svara því með berri neitun, og meina, að eg hafi til þess fulla ástæðu, eins og eg áður hefi sagt, í ákvörðunum 71. greinar alþíngistilskipunarinnar. En það er ekki einúngis það, að eg ætla framvarp nefndarinnar í þessu eina tilliti sè, hvað forminu viðvíkur, ótakanda af þínginu, sem aldrei áður hefir um það rædt, heldur ætla eg það líka að efninu til ekki sem bezt hugað, því einginn getur með vissu sagt, hvort þetta hundraðsgjald hleypur annaðhvort meira eða minna en ¾ alþíngiskostnaðarins nemur; en það ætla eg, að sèrhverr gjaldþegn, ekki sízt þeir fátækari meðal þeirra, geti með öllum rètti heimtað, að ekki sè krafið meira af þeim, en þeir í hvert skipti eiga að endurgjalda jarðabókarsjóðnum.

Framsögumaður: Það er náttúrlegt og samkvæmt boðum og anda alþíngistilskipunarinnar, að forseti ráði þessu. Eg læt mèr og nægja, að álit nefndarinnar um mátann, hvernig greiða eigi alþíngiskostnaðinn af jarða-afgjaldinu, komi inn í álitsskjal þíngsins, eður þess verði þar getið; og eg vona, að því verði ei þaðan bægt, því þar til sè eg eingar gildar orsakir, og svo

getur farið, að málefnið líði töluverðan halla, ef því verður frábægt.

Assessor Johnsen: Mèr þykir nú að vísu horfa til þess, að sama verði upp á fyrir mèr hèr á þinginu, og þegar er orðið í nefndinni, að eg fari nokkuð einförum með sannfæringu mína og tillögur í þessu máli; en þó get eg ekki leidt hjá mèr að drepa á nokkur atriði, sem mèr virðast vera því máli til stuðnings, að gjaldstofn sá sè einhver hinn ótiltækilegasti, sem aðrir nefndarmenn nú hafa hallað sèr að til vara og til bráðabyrgða, auk þeirra atriða, sem þegar eru tekin fram í undirbúnings-umræðunni, bæði af mèr og þeim heiðraða framsögumanni, sem þá studdi það mál mitt í alla staði.

Framsögumaðurinn hefir í dag enn fremur viðurkent örðugleikana, sem eru á því, að ná rèttri upphæð á gjaldstofni þessum, og hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga hefir ljóslega skýrt frá nokkrum þessara örðugleika, að því leyti einkum, sem vörutegundir þær snertir, sem landskuld er greidd í, og eru margar þeirra, og fleiri en hann taldi til, aldrei virtar til peninga í verðlagsskránni; þessar gjaldtegundir verða þá hreppstjórar að meta, og það margar hverjar að handa hófi, og hver hreppstjórinn eptir sínum mælikvarða. Framsögumaður segir sjálfur, að peningarnir sèu ýmislega teknir í landskuldina, og er það svo mjög dagsanna, að sumir jarðeigendur taka spesíuna á 30, en aptur aðrir á 25, 20, 15, 12, og niður að 10 álnum, og er breyting á þessu líka iðugleg hjá sama landsdrottni. Varaþingmaður Rángvellinga hefir öldúngis misskilið mig, er hann ætlar, að eg hafi brugðið honum um, að hann vildi vera samkomulagi um jarða-afgjaldið milli jarðeiganda og leiguliða í vegi. Þar á móti hljóta allir að ráða það af ræðu hans og minni, að eg í þessu tilliti fann að því við hann, að hann ei ætlaðist til, að láta samkomulag þetta ráða upphæð gjaldsins, eða gjaldstofnsins, og var það þess vegna, að mèr ekki skildist, á hverju tèður þingmaður þá ætlaði að grundvalla hann. Sami þingmaðurinn ætlaðist samt til, að afgjaldsupphæðin á þeim jörðum, sem eigendur búa á sjálfir, fari eptir afgjalds upphæð á jafndýrum jörðum í sveitinni, sem bygðar eru öðrum; en þær eru víða margar jafndýrar, og þó er afgjaldið sitt hvert og ýmislega greidt á þeim öllum, enda þó þær allar líka kunni að vera jafnar að gæðum. Hinn hæstvirti konúngsfulltrúi hefir nú að vísu hjálpað þessu töluvert við, með því að leggja það

ráð á, að þegar svo stendur á, skuli fara eptir meðalupphæð afgjaldsins af þeim öllum; en þó er annmarki töluverður enn eptir við þetta, þar eð einn leigumálinn er tíðkaður í einni sveitinni, og annar í hinni, auk þess að mesti mismunur er á honum í enum stærri hèruðunum og fjórðúngum landsins á jafndýrum jörðum, og liggur þá í augum uppi, hversu góður jöfnuður verður á gjaldþegnum innbyrðis, og það í þeim sveitunum, sem næst liggja hver annari. Jöfnuðinum er þannig eingan veginn komið á, þó að náð verði fullri vissu um afgjald jarðanna, eins og þíngmaður Skagfirðínga ætlar. Framsögumaður ætlar, að margar 60 hundraða jarðir ekki sèu betri að arðinum til, en þær sem einúngis eru 10 hundr., og enda 5 hndr. annarstaðar að dýrleika. Eg vil nú að vísu ekki dæma um, hvort þetta er fullkomlega rètt hermt eða ekki, en það verð eg þó að halda, að ekki sèu þvílík dæmi fleiri en svo, að þau verða að álítast sem undantekníngar; en hvernig sem nú því er varið, þá ætla eg ekki, að misfellurnar yrðu stærri við að jafna, á að gizka, 2 rbskum af alþíngiskostnaðinum árlega niður á hundrað hvert af svo ójöfnum dýrleika jarðanna, en híngað til hefir þókt við að greiða af honum tíundina, og það því síður, sem menn eru orðnir þessu svo vanir hèr í landi, eins og allir vita. Þá er enn einn agnúinn við gjaldstofn þann, sem meiri hluti nefndarinnar nú mælir fram með í vandræðunum, og það er það, sem eg held allir megi gjöra ráð fyrir, og líka er gjört ráð fyrir hèr á þínginu, að jarðeigendur flestir munu færast undan gjaldinu, og reyna til að velta byrðinni yfir á leiguliðana, og sèu leiguliðar ekki fáanlegir til að gángast undir byrðina með góðu, eða eptir frjálsu samkomulagi við jarðaeigendurna, munu þessir ekki láta eptir liggja, að leita annara bragða, til að skjóta sjálfum sèr undan byrðinni; en þá sjá nú allir, undir hve misjöfnum kjörum þeir leiguliðarnir verða, sem búa á bændaeignunum (og, ef til vill, líka á konúngsjörðunum), og hinir, sem búa á lènsjörðum prestanna, eða þeim fátækra- og þjóð-jörðum öðrum, sem nefndin vill hafa undanþegnar gjaldinu.

Það er að vísu svo, sem hinn heiðraði þíngmaður Ísfirðínga mælti, að embættismannanefnd sú, sem í fyrra átti setu í Reykjavík, til að gefa álit sitt um nýtt fyrirkomulag á sköttum hèr í landi, og meðal hverra eg líka var, stakk upp á aukagjaldi nokkru af gjaldstofni þeim, sem nú er umtalsefnið, en

þingmenn munu líka flestir hafa haft tækifæri til að sjá, að eg líka þá þegar var þessum gjaldstofni með öllu móthverfur, og mér getur ekki skilizt, að þess sè að vænta, að stjórnin aðhyllist hann, þó ekki sè nema um stundar sakir, eins og honum í alla staði er varið, þegar hún nákvæmar íhugar, hvað móti honum mælir og aptur mælir fram með því, af illu til, heldur að taka jarðarhundruðin sem undirstöðu fyrir eigi meiru en helmíngi kostnaðarins, þegar allt það er borið saman, sem farið hefir fram í máli þessu frá upphafi. Annars sjá þíngmenn, að eg reyndar hefi þurft að áskilja mèr einúngis það atkvæðið til vara, að helmíngur kostnaðarins yrði greiddur af jarðadýrleika og helmíngur af lausafjárhundruðum, ef nefndarálitið eigi nær flestum atkvæðum, þar eð frumvarpið sjálft útheimtir, að greidd sè atkvæði um það í annan stað, hvort tveir þriðjúngar skuli lenda á dýrleikanum.

Framsögumaður: Hinn heiðraði varaforseti reyndi kostgæfilega til að finna ókosti þá, er væri sameinaðir vara-uppástúngu nefndarinnar. Þessum parti af ræðu hans álít eg óþarft fyrir mig að svara, því eg óttast ekki fyrir, að hann muni fá marga af þíngmönnum á sitt mál. En hinn heiðraði varaforseti hefir ekki heldur drepið á þá kosti, sem breytíngaratkvæði hans, nl. að leggja kostnaðinn á jarðarhundruðin, yrðu taldir til gildis. Eg vil því ekki heldur fara mörgum orðum um ókosti þess. Það er eingan veginn ofhermt, sem eg áðan sagði, að til væri ei allfáar 60 hundraða jarðir, sem hvorki væri betri að gæðum, verðhæð eða afgjaldi, en sumar 10 hndr. jarðir aðrar, eptir þeim dýrleika sem nú er, eður jafnvel 5 hndr. jarðir, þegar um eyja jarðir eður sèrlegar hlunnindajarðir er að gjöra, og sjá þá allir heilvita menn, hve ósanngjarnt það er, að láta einn gjalda 6, eður jafnvel 12 sinnum meira, en honum ber eptir rèttum jöfnuði við aðra. Þegar svo er ójafnt og ósanngjarnlega skipt gjaldinu, getur það auðveldlega að borið, að margir gjaldþegnar geti ómögulega undir því risið. Varaforseti hèlt, að stjórnin mundi aldrei geta fallizt á vara-uppástúngu nefndarinnar; eg held hann geti ekki haft neina vissu fyrir sèr í þessu tilliti; en hvað um það er, þá held eg, að það sè gott fyrir landið og gjaldþegna þess, að stjórnarráðin fari ekki eptir tillögum varaforseta í þessu málefni. Það er án efa misskilníngur varaforseta, þegar hann heldur, að gjald þetta muni að lokum lenda á leiguliðunum, því eptir vara-uppástúngu

meiri hlutans á gjaldið að krefjast af jarðeigendum, sem ætíð munu verða færir um að greiða það, en ekki af leiguliðum, sem stundum kunna að vera öreigar og gjaldþrota.

Þingmaðurinn úr Rángárvallasýslu hefir án efa ekki meint, að afgjaldið af þeim jörðum, sem eigendurnir sjálfir búa á, skyldi metast, eptir því sem það er á öðrum jafndýrum jörðum í sveitinni, einsog varaforseti hefir hermt, heldur meinti hann, eptir því sem eg skildi orð hans, að afgjaldið af slíkum jörðum skyldi meta eins og af öðrum jörðum í sveitinni, er líkar væri hinum að gæðum.

Þorvaldur Sívertsen: Eg stend nú ekki upp í því skyni, að eg ætli að fara að mæla á móti þeim, sem vilja, að alþingiskostnaðurinn borgist, því eg er á því líka, og eg vil hann borgist sem allra fyrst, og jafnóðum og hann fellur á, því eg hefi alla mína daga haft viðbjóð á skuldasafni og þess afleiðingum, og hefi það enn; eg stóð ekki heldur upp í þeim tilgángi, að eg hefði í huga að halda lofræðu yfir uppástúngur þær, sem fram hafa komið á þínginu, og lotið að því, að sleingt væri mestu eður miklu af alþingiskostnaðinum á lausafèð, á hverju nú hvíla ærnar álögur; það skyldi þá heldur hafa átt að vera líkræða yfir þá uppástúnguna af þessum, sem kölluð var hèr í þingsalnum en hryllilegasta, því eg hefi komizt að því, að hún muni vera fallin í blessaðan værðarblund, og rísi aldrei upp úr þessu, sem betur fer. En eg vík heldur til hins, er eg ætlaði að drepa á, að mèr hefir ætíð sýnzt, og sama virðist mèr enn, eptir allt það mikla, sem þó hefir rædt verið um þetta mál hèr á þingi, að alþingiskostnaðurinn eigi hvergi heima, nema á fasteigninni, og það á afgjaldinu, en ekki því mjög ójafna hundraðatali; eg skil ekki betur, en þegar fasteignir hafa rèttindi, hljóti skyldur að hvíla á þeim; allir vita, að kosníngar eru bundnar við fasteignir, alþíngis-setan líka; alþíngið 1845, þetta alþíng, og það sem haldast á 1849, hvað sem leingur verður, eru öll orðin til við jarðeignina, og hvað er þá rèttara, en að kostnaðurinn hvíli á tilveru-stofninum, sjálfsagt á meðan önnur útgjöld hvíla lítið þar á. Eg þykist ekki þurfa að fara hèr um fleirum orðum, því eg tel það víst, og hefir skilizt ræður margra þíngmanna á þá leið, að atkvæði þíngsins hnígi þar að, hvar álagan verður sem allra minnst á lausafènu, svo að skelkur

þjóðarinnar fyrir ávöxtum þeim, er spretta mundu af setu jarðeigara einsamallra á alþingi, hverfi með öllu.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Það eru nú flestir þingmenn búnir að aðhyllast vara-uppástúngu nefndarinnar, og líka þeir sumir, sem voru búnir að áskilja sèr breytíngaratkvæði á aðra leið. Einn situr við sinn keip, það er hinn mikilsvirti varaforseti. Hann heldur, að stjórnin fallist aldrei á uppástúngu nefndarinnar, sem hann hefir fundið margt að, en hinn heiðraði framsögumaður er nú búinn að hrinda mótbárum hans að mestu eður öllu leyti; hann heldur, að stjórnin verði miklu fúsari á að fallast á, að lagt verði á hundraðatölúna eptir uppástúngu sjálfs hans; mèr þykir ekki ólíklegt, að stjórnin yrði miklu fúsari á þetta, einkum ef hún feingi að sjá skjalið með breytíngaratkvæðum hans, þar sem hann biður 1) um, að frumvarp stjórnarinnar verði fellt: 2) um að það nái lagagildi: 3) um hvorugt. Það var annars eitt, sem hinn mikilsvirti varaforseti hafði fyrir ástæðu gegn nefndarálitinu, sem mèr þykir þörf á að svara. Hann hèlt, að ef nokkur hluti kostnaðarins væri lagður á afgjald jarðanna, þá mundi sá hluti lenda á leiguliða, en ekki jarðeiganda; en hver ástæða er nú fyrir því, að þetta lendi fremur á leiguliðunum fyrir það, þó jafnað sè á afgjaldið, heldur en þó jafnað væri á hundraðatöluna eptir hans uppástúngu? Eg held öldúngis eingin. Varaforseti sagðist annars vera hræddur um, að hann yrði viðlíka einmana með breytíngar-atkvæði sín á þínginu, eins og í nefndinni, og eg held, að það hafi lagzt rètt á hann; en þá, sem einmana fara úr miklum flokki, get eg ekki huggað með öðru en því, að þess fleiri verða til að segja „guðsfriði“ á eptir honum.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Mótbárur þær, sem hinn heiðraði varaforseti hefir komið fram með gegn uppástúngum manna til að greiða alþingiskostnaðinn, álít eg hraktar til hlíta svo vel af hinum háttvirta framsögumanni, sem enum virðuglega þingmanni Skaptfellínga; finn eg því ekki ástæðu til að taka þær til greina fremur en annað ósamanhángandi rugl, eins og eg líka vona, að eingir þingmanna láti sig leiða til að gefa meðmæli uppástúngum hans í þessu efni; þegar mál þetta var rædt hèr á þíngi til undirbúnings, lèt eg í ljósi mátann, er eg hugði rèttast að greiða gjald þetta eptir, nefnilega, að það skyldi fyrst um sinn greiðast meiri hluti þess, eður $\frac{2}{3}$ partar, af afgjaldi fasteigna, en $\frac{1}{3}$ partur af lausafè; hafa fleiri

enna heiðruðu þingmanna viðurkent, að þessi undirstaða sè rèttvísari en hundraðatala jarðanna til að greiða gjaldið eptir, og hafa gild og góð rök verið til þess færð, einkum af hinum háttvirta framsögumanni, og líka hefir hinn ágæti konúngsfulltrúi sýnt ljóslega í tölu sinni, þeirri er hann nú hèlt síðast, hversu tiltækilegt þetta væri í alla staði, og hefir hann bent mönnum til mátans, hvernig þetta mætti framkvæma og hver niðurstaða þar á yrði; fellur mèr fyrir mitt leyti betur sú aðferðin, en hin, er nefndin hefir stúngið upp á og látið í ljósi, að ákveða víst afgjald af hundraðsgjaldi (nl. 3 prCto af 100rbd. inntekt). En þó eg geti ekki sèð, að nokkuð sèrlegt væri á móti þessum greiðslumáta, hefir verið sýnt fram á, að honum mundi ei framgeingt verða; en þó svo sè, virðist mèr vel til fallið, að hans sè getið í álitsskjali nefndarinnar, svo að sjáist, hvað afgjaldið mundi hèr um bil verða að upphæð af hverju hundr., inntekt eða afgjaldi, og alþýða fái vitneskju nú þegar um, að það sè ekki svo hátt gjald, sem hver einn þarf að borga í þessu skyni, þegar því sè svona tilhagað, eins og margur hefir hugsað. Þær tálmanir, er hinn heiðraði þingmaður Borgfirðínga bar fyrir gjaldgreiðslu þessari, voru ekki að ætlan minni á góðum rökum bygðar; og sýndi hinn virðulegi þingmaður Eyfirðínga glöggvast fram á, hvernig slíkum hindrunum væri auðvelt að ryðja úr vegi, með máta þeim, er hann benti á og sagði að brúkaður væri hjá þeim þar nyrðra, til að útreikna allar gjaldsortir, hversu ólíkar þær annars væru, til jafnrar undirstöðu viss gjalds.

Assessor Johnsen: Eg stend nú ekki upp til þess að mæla framar í máli þessu sjálfu, sem eg heldur ekki á kost á; ekki heldur sjálfs míns vegna, en eg verð að skjóta því til úrlausnar hins háttvirta forseta, hvort þingmaður Norðurmúlasýslu gæti góðrar þingreglu, er hann varar þingið við, að láta ekki „ósamanhángandi eða ógrundað rugl“ annars þingmanns „leiða sig afvega í máli þessu.

Forseti: Það er sjálfsagt, og eg ætla það megi leiða af alþingistilskipunarinnar 71. grein, að einginn alþingismaður má stíla ræðu sína á neinn einstakan alþingismann. Það eru frambornar ástæður og meiníngar, sem hrekja skal með ástæðum, ef þær sýnast ekki rèttar, en ekki sá sjálfur, sem talar, þó hann kynni að sýnast að hafa ekki rètt fyrir sèr.

Ásgeir Einarsson Helzta orsökin til þess, að eg tek til

orða í þessu máli, er sú, að sá háttvirti konúngsfulltrúi hefir óskað, að þíngmenn lètu meiníngar sínar í ljós um það. Eg þykist nú vorðinn fullvis um, að flestir þíngmenn muni fallast á, að alþíngiskostnaðurinn verði lagður á afgjald fasteignanna að ¾ pörtum, og hitt á lausafèð, og ætla eg mèr að aðhyllast þessa uppástúngu, þar breytíngar-atkvæði mitt fèkk ekki inngaungu um náðardyrnar Eg get þess fyrst, að eg styrkist alltaf í þeirri meiníngu, að rèttast og bezt sè að leggja alþíngiskostnaðinn á afgjald fasteignanna, og held eg menn þurfi ekki að óttast, að eingin ráð verði til að ná honum fyrir það, því sá háttvirti konúngsfulltrúi hefir bent mönnum á svo greinilegan máta til þess, að hver skynsamur bóndi getur skilið, og er það merkilegt af útlendum manni; og má ætla, að hann sè ekki síður kunnugur stjórnarreglum Dana, en hver annar hèr á þíngi, og gæti því borið um, hvort stjórnin mundi fallast á uppástúngurnar eður ekki, er hèr að lúti. Eg vil einúngis geta þess, hvað reglur þessar snertir, að það gæti stundum átt vel við, að hreppstjórar hefðu 2 menn sèr til ráðaneytis, ef ágreiníngur risi af því, hvað hátt afgjald skyldi metast af ábýlum sjálfseignarbænda. Þó mèr sè ekki kunnugur sá mikli mismunur, sem getið hefir verið á peníngum og öðrum aurum, sem látnir væru í landskuldir, held eg allvel mætti fara, að hreppstjóri metti aura þessa til rbda eptir verðlagsskránni. Hvað því viðvíkur, er sá heiðraði framsögumaður hefir mælzt til, að 3prCto. gjaldmátinn, sem nefndin stakk upp á í breytíngaratkvæði sínu, mætti setjast í álitskjal þíngsins, þó ekki væri geingið til atkvæða um það, þá held eg, að af þessu mundi ekkert íllt hljótast, en stjórnin sæi þá allar reglur, er til hefði verið bent um þetta.

Eg vona, að eg þurfi ekki að benda þíngmönnum til að taka nú þær hentugustu uppástúngur, sem fyrir hendi eru, og ekki heldur vara þá við að teingjast breytíngaratkvæði því, sem landlæknirinn frelsaði úr hinum óskipulega fæðíngarstað, um leið og hann gekk við faðerni þess.

Sveinn Sveinsson: Sá niðurjöfnunar-máti borgunar alþíngiskostnaðarins, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi lèt í ljósi, virðist mèr hinn auðveldasti, og veit eg ekki betur, en það hafi verið, og sè meiníng margra þíngmanna nálægt því sem hann framfærði; en hvað því viðvíkur, sem hèr hefir verið hreift við um 3 pCto skattinn, virðist mèr ekki vera alls kostar

nauðsynlegt, þar hin aðferðin mun flestum þykja aðgeingilegri.

Helgi Helgason: Eg verð að láta þá meiníngu mína í ljósi, viðvíkjandi því málefni, sem hèr er nú um rædt, eptir því sem sá háttvirti framsögumaður nefndarinnar hefir frædt mig um, að eg er að öllu leyti samþykkur breytíngar eða vara-atkvæði hans. En hvað viðvíkur því, að geta feingið nákvæma skýrslu um afgjald jarðanna, ætla eg, að hreppstjórum veiti það lètt, hverjum í sinni sveit, hvort heldur það er reiknað til rbda. og skild., eða þá til hundraða og álna.

Konúngsfulltrúi: Þar eð umræða málsins er svo lángt á leið komin, að nú verður að líkindum geingið til atkvæða, verð eg enn einúngis að geta þess, að það sem hèr hefir verið talað í dag, hefir enn fremur sannfært mig um, að það var satt, er eg áður sagði, að það hefði verið þarflegt fyrir þetta mál, ef nefndin hefði tekið það aptur. Því jafnvel þó það sè líklegt, að sú aðferð, sem eg hefi bent á, með tilliti til niðurjöfnunar ¾ hluta alþíngiskostnaðarins á landskuldargjaldið, verði af alþíngismönnum álitin tiltækileg, svo mun þó stjórnina, ef hún fellst á uppástúnguna í öllum smáatriðum ákvarðana þeirra, sem gjöra þyrfti, vanta þær bendíngar, sem einúngis hefðu getað feingizt, ef nefndin hefði, áður en málið var komið svo lángt á leið sem nú, komið þessu atriði til umræðu. Það hefir þar að auki í umræðu málsins ekki verið drepið hið minnsta á þann hluta í uppástúngu nefndarinnar, sem lýtur að því, að leggja skuli alþíngiskostnaðinn eingaungu á konúngsjarðir og bænda-eign, en undanþiggja allar aðrar jarðir.

Hins vegar hafa nokkrir þíngmanna, og einkum nokkrir af nefndarmönnum, látið það álit sitt í ljósi, að uppástúngu nefndarinnar um 3 pCto gjald af landskuldargjaldinu mætti geta í inngángi álitsskjals þíngsins. Þetta virðist mèr þó ísjárvert. Það geta þó ekki orðið greidd atkvæði um uppástúngu þessa; menn geta því ekki feingið neina vissu um það, hversu margir af þíngmönnum hefðu verið á því, að mæla fram með uppástúngunni, og eins og eg hygg, að það sè gagnstætt venjulegum reglum, að minnzt sè á þá uppástúngu í álitsskjalinu, sem eingin atkvæði hafa verið greidd um, svo mundi það, þó þessa yrði þar getið, ekki hafa nein áhrif á stjórnina, þegar hún legði úrskurð á málið. Ástæðu þá, er þíngmaðurinn úr Norðurmúlasýslu bar fyrir sig, að þjóðinni með því móti

af þingtíðindunum gæfist kostur á að meta, hversu mikill hluti af landskuldar-afgjaldinu hèr um bil mundi gánga til alþingiskostnaðarins, get eg nú eingan veginn tekið gilda; því þess háttar vitneskju gæti þjóðin ekki feingið af álitsskjali þingsins til konúngs, heldur þar á móti á þann hátt, að það, sem talað hefir verið um málið í umræðu þess á þingi, og einkum það, sem framsögumaður hefir sagt, verður auglýst í alþingistíðindunum.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til orða, þá vil eg spyrja þingið:

1. Vill alþing strax biðja um lög til niðurjöfnunar alþingiskostnaðarins, eða ráða frá allri ákvörðun þar um? Hið fyrra samþykt með 18 atkvæðum.
2. Vill alþing biðja um frumvarpið óbreytt, eða með breytíngum? Hið síðara samþykt með 22 atkvæðum.
3. Vill alþing, að lagður sè allur alþingiskostnaður á fasteignina, eður líka á fleiri gjaldstofna? Síðara samþykt með 20 atkvæðum.
4. Vill alþing leggja meira eða minna alþingiskostnaðarins á allar jarðir á landinu? eða hafa hið beneficeraða og mildra stiptana góz undanþegið? Hið síðara samþykt með 20 atkvæðum.
5. Vill alþing leggja helmíng kostnaðarins á fasteignina, eða meira en helmíng? Hið síðara samþykt með 20 atkvæðum.
6. Vill þingið þá leggja á fasteignina $\frac{2}{3}$ kostnaðarins eða $\frac{3}{4}$? Hið síðara samþykt með 17 atkvæðum.
7. Vill alþing leggja hinn $\frac{1}{4}$ hlutann, sem ekki er lagður á fasteign, á lausafèð eingaungu, eða $\frac{1}{8}$ alls kostnaðarins á þá embættismenn, sem hafa 300 rbd. til launa eða þar yfir? Hið fyrra samþykt með 20 atkvæðum.
8. Vill alþingið leggja að hundraðatali og afgjaldshæð jarðabókina 1760 til grundvallar, eða á afgjaldshæð jarðanna, þegar álagið skeður? Hið síðara samþykt með 19 atkvæðum.
9. Vill alþing óska, að löggjöf um þetta gildi að staðaldri, eða ekki lengur en þángað til ný skattalög koma í gildi? Hið síðara samþykt í einu hljóði.

Guttormur Vigfússon: Eg vil biðja þingið, og einkum hinn heiðraða varaforseta, að taka orð mín ekki svo, sem þau

væru sprottin af illri rót, eða miðuðu til að skerða virðingu þá, er hann á skilið

Assessor Johnsen: Eg er í allastaði ánægður með þessa játning, er hún kæmi fram í þingtíðindunum, og er hinn virðulegi þingmaður og eg eins góðir vinir eptir, sem áður en hann mælti þeim orðum, er mèr þótti þörf að átelja.

Forseti tilkynti þinginu, að landlæknir Thorsteinsen væri kallaður til sjúklings, og yrði því að fara frá þingstörfum í dag.

Forseti lagði þá fram til síðustu umræðu nefndarálit um konúnglegt frumvarp til veiðilaga handa Íslandi. Í þessu máli hafa þessi breytingaratkvæði verið uppborin.

Breytingar-atkvæði

1) þingmanns frá Borgarfjarðarsýslu:
   *a.* að selur allur hèr við land, nema farselur, verði friðaður fyrir skotum jafnt og æðarfugl.
   *b.* að úr fellist úr 12. grein orðin: „annars manns".
   *c.* að orðin í 15. grein: „þá eignast landeigandi veiðina", breytist þannig: „þá eignist landeigandi hálfa, en leiguliði hálfa veiðina".
2) Viðauka-atkvæði við breytingar-atkvæði þingmanns úr Eyjafjarðarsýslu:
   „eða inn yfir rètt veiðimark, hvar útselir liggja á haust með kópum sínum".
3) Þingmanna úr Múlasýslunum:
   að frumvarpið verði ekki löggilt fyrst um sinn, nema hvað æðarfugl, álptir í hreiðrum og sárum, og látrasel álrærir.
4) Þingmanns úr Eyjafjarðarsýslu:
   að bætt sè við endann á 6. grein, „nema hann geti fært sönnur á, að hann hafi sært þá skepnu á sèr frjálsum stað; þó má einginn elta særðan sel, þángað sem er selalátur eða uppidráp sela".
5) Þingmanns úr Norðurþingeyjarsýslu:
   að við enda 6. greinar bætist við þessi orð: „nema hann skilji eptir byssuna á sinni eigin lóð".

Framsögumaður assessor Johnsen: Þó að umræðurnar yrðu hèr nokkuð á víð og dreif í gær, er mál þetta var hèr til undirbúnings, gjöri eg samt ekki ráð fyrir, þær þurfi að verða mjög á stángli eða lángar í dag, er það nú er komið hèr til ályktunar. Eg ætla það nefnilega sjálfsagt, að breytingar þær,

sem nefndin hefir stúngið upp á í einstöku greinum frumvarpsins, en einginn enn þá hefir mælt í móti, nú ekki í dag verði umræðuefni, nè heldur þau atriðin, sem í gær voru rædd, en þó ekki eru komin nein breytíngar-atkvæði um að hálfu hinna heiðruðu þíngmanna; og skal eg því einúngis leyfa mèr að víkja máli mínu að breytíngar-atkvæðum þeim, sem komin eru fram í því, og nú eru umtalsefni, undir eins og eg les hvert þeirra upp út af fyrir sig, til að skýra þíngmönnum þýðíngu þeirra, og afleiðíngar þær, sem að minni ætlun verða þeim samfara, ef þeim hlotnast atkvæði meira hluta þíngmanna.

Breytíngar-atkvæði það, sem þíngmennirnir frá Múlasýslunum hafa kosið sèr um, „að frumvarpið verði ekki löggilt fyrst um sinn, nema hvað æðarfugl, álptir í hreiðrum og sárum og látrasel áhrærir," miðar sjálfsagt til að steypa enni nýju grundvallarreglu frumvarpsins, sem nóg varð rædt um í gær, og má eg þá fyrst um sinn geta þess, að margar þær greinir í frumvarpinu, sem þíngmenn þessir vilja halda, standa í því innbyrðis sambandi við hinar, sem þeir vilja sleppa, að ákvarðanir verða að vanta um þau atriðin, sem þeir fella sig við, ef hinum ákvörðunum er slept. Þannig er t. a. m. í 11. og 13. greinunum skírskotað til 5. greinarinnar um sektir, ef brotið er á móti þessum tveim greinum í tilliti til æðarfuglsins, og er þá auðsætt, að annað þyrfti að koma í staðinn fyrir þá ákvörðun í 5. greininni, er þíngmennirnir ætlast til að falli niður, en þessu hafa þeir gleymt. Eptir atkvæðinu yrði í annan stað, að sleppa þeim ákvörðunum í 10. og 14. greinunum, sem hníga að friðhelgi eggvera annara fugla en æðarfugls, og þar eð þíngmennirnir ekkert hafa borið fram, er geti komið í staðinn, lítur svo út, að þeir ætlist til, að allt drösli, eins og verða má, með þessi eggverin, og að þau verði í allra valdi. Í þriðja lagi nefnir frumvarpið, eptir ákvörðunum þess og tilgángi, álptir ekki á nafn, en þíngmennirnir vilja láta friða álptir í sárum og hreiðrum, en hvernig eða með hverjum reglum, hefir enn þá ekki verið rædt orð um. Þíngmennirnir ætlast þá til, að stjórnin finni þessar reglur og þær kríngumstæður, sem hníga að þeim, án allra leiðsagna, og þykir mèr þá, að menn ætlist til meira af stjórninni, er menn halda, að hún geti skapað allt þetta í hendi sèr, svo vel sem þörf er á, heldur en á stundum hefir orðið vart við, og það hèr á þínginu, að menn ætlist til, þegar rædt hefir orðið

um þekkingu stjórnarinnar á þeim frábrugðnu kríngumstæðum um margt hvað á Íslandi. Nei, það fer svo fjærri, að stjórnin finni af eigin ramleik þessar reglur, eða geti gjört sèr ljósar þær kríngumstæður, sem þar að hníga, að eg er viss um hún yrði öldúngis í ráðaleysi, ef meiri hluti þíngmanna fèllist á þetta breytíngar-atkvæði. Í fjórða lagi leiðir það af hinu sama breytíngar-atkvæði, að sleppa yrði 7. og 8. greinunum um birni og refi, og er þeim, sem vilja steypa þessum ákvörðunum frumvarpsins, þá orðið betur við þessi dýrin, en eg held að þau eigi skilið. Í fimta lagi fer breytíngar-atkvæðið einúngis fram á friðun látraselsins, meðal sela kynanna, og ætlast þannig til, að því sè með öllu slept, sem frumvarpið (16. gr.) og nefndin hefir tekið fram um vöðusel og annan farsel, selveiði í nótum, með rá og með skutli, og má þeim þíngmönnum, sem ekki vilja hafa neinar ákvarðanir um þessa selaveiði, þá þykja minna til hennar koma en öðrum.

Eptir þessu, sem eg nú hefi sagt, held eg, að þíngmenn þeir, sem borið hafa fram það áður greinda breytíngar-atkvæði, hafi átt eptir að íhuga, að þeir með því öldúngis láta stjórnina í ráðaleysi, ef þíngmenn mót von skyldu aðhyllast það.

Af þeim breytíngum, sem bornar eru upp við 6. greinina, ætla eg, að viðbætir þíngmanns Norðurþíngeyínga, „nema hann skilji eptir byssuna á sinni eigin lóð,“ bæti næsta lítið úr, og verði mjög kraptlítill, eptir því sem þar um varð rædt í gær, og sama máli held eg að gegni um viðbætir þíngmanns Eyfirðínga, „nema hann geti fært sönnur á, að hann hafi sært þá skepnu á sèr frjálsum stað,“ og er það einmitt vegna þess, að ómögulegt verður að sanna því um líkt, að ákvörðun greinar þessarar er orðin til, og hlýtur að standa óhögguð. Þar sem hinn sami þíngmaður enn fremur bætir því við: „þó má einginn elta særðan sel, þángað sem er selalátur eða uppidráp sela,“ þá kemur að vísu þessi viðauki heim við það, sem eg sagða í gær, og má að því leyti álítast óþarfur, sem sama leiðir af öðrum ákvörðunum frumvarpsins, en aptur víkur viðbætir þíngmanns Borgfirðínga við þetta: „eða inn yfir rètt veiðimark, hvar útselir liggja á hausti, með kópum sínum,“ töluvert frá því, er eg lèt í ljósi í gær, og gjörir það að verkum, að ákvörðun 3. og 16. greinarinnar um netlög jarðarábúanda, verða þýðíngar og kraptlaus í tilliti til eltíngarrèttarins á

sjónum, allstaðar þar sem útselir eigi liggja á hausti með kópum sínum, eða ekki er látur eða uppidráp sela.

Breytíngar-atkvæði þíngmanns Borgfirðínga við 12. gr. um, að orðin: „annars manns," sè feld úr, hafa allir nefndarmenn nú aðhyllzt, og ber mèr nú þannig einúngis að mæla fram með því. Hvort breytíngar-atkvæði sama þíngmanns við 15. gr. getur staðizt eða ekki, er hann vill, að „landeigandi eignist hálfa, en leiguliði hálfa veiðina," og að orð frumvarpsins, „þá eignast landeigandi veiðina," aptur á móti sè feld úr, verður að vera undir því komið, hvort þíngið fellst á tillögur nefndarinnar um að fella allan þann kafla í grein þessari niður, sem orðin standa í, og að taka það aptur inn í greinina, sem nefndin ræður til, eða ekki, og hefir þíngmaðurinn enn þá eingu orði hreift um það, hvort honum geðjast að breytíngu nefndarinnar eða eigi.

Hvað loksins viðvíkur því atkvæði þíngmanns Borgfirðínga, „að selur allur hèr við land, nema farselur, verði friðaður fyrir skotum jafnt og æðarfugl," þá getur mèr ekki fullkomlega skilizt, hvernig þá á að friða selinn öðruvísi, en frumvarpið og nefndin fer fram á, eða hvort það er ætlun þíngmannsins, að eigi megi skjóta nær nokkrum sel, öðrum en farsel, heldur en til er tekið um skot í ákveðinni fjærlægð frá friðhelgum eggverum æðarfugla, og ætla eg þetta, ef svo er, kannske nokkuð fjarstætt.

Konúngsfulltrúi: Lagafrumvarp það, sem hèr er umræða um, snertir það mál, sem svo er háttað, að nákvæman kunnugleika þarf til þess, hvernig tilhagar í ýmsum hèruðum landsins, til þess að dæma um, ekki einúngis að hvað miklu leyti grundvallarregla sú, sem er undirstaða frumvarpsins, heldur einnig hinar einstöku ákvarðanir mega virðast eiga vel við. Þar eð eg má ekki treysta því, að eg sè svo gagnkunnugur landsháttum, og þar eð það einkum má vera stjórninni áríðandi, að fá um mál þetta, áður en því verður ráðið til lykta með lagareglum, allar nauðsynlegar skýrslur frá þíngi þessu, sem ráð er fyrir gjörandi að þekki hversu til hagar um allt land, þá hefi eg ekki þózt þurfa að taka þátt í umræðu máls þessa hèr á þíngi, meðan málið var í undirbúníngi. En áður en málið kemur í dag til ályktar-umræðu og atkvæða, þykir mèr við eiga, að gjöra nokkrar almennar athugasemdir, sem

þó geta, ef til vill, orðið til nokkurrar leiðbeiníngar til að leggja réttan dóm á málið yfir höfuð.

Aðal-grundvallarregla sú, sem lagafrumvarp þetta er bygt á, og sem á er minnzt í 1. grein, nefnilega sú, að veiðiréttur yfir höfuð að tala skuli eingaungu fylgja lóðinni, er að sönnu, eins og tekið er fram í hinum prentuðu ástæðum frumvarpsins (neðst á 23. bls), samkvæm þeirri grundvallar-reglu, sem gilt hefir eptir Jónsbókar landsleigubálks 7. og 57. kapítula. En það er þíngmönnum kunnugt, að grundvallarregla þessi hafði í sjálfri Jónsbók, einkum í Llb. 58. kapítula, þegið svo margar undantekníngar, að vaninn gjörði það smátt og smátt að reglu, að menn álitu yfir höfuð öllum frjálst að veiða dýr og fugla, að einstöku fuglategundum undanskildum, sem einmitt voru með berum orðum kallaðir friðhelgir, til að mynda fyrst og fremst æðarfugl, og að nokkru leyti rjúpur og álptir, jafnvel þó það, hvað þessar tvær síðar nefndu fuglategundir snertir, hafi verið sjaldgæft, að banni því, sem lagt var við að drepa þær á annars manns lóð, væri hlýdt. Þegar nú tilskipan sú, sem í ráði er að gefin verði út, miðar til þess að breyta reglu þeirri, sem komin er á með vananum, þá hafa menn, þegar tilskipanin var samin, verið mjög varkárir á að leyfa undantekníngar frá aðal-grundvallarreglunni. Menn hafa án efa óttast, að yrðu undantekníngar of margar, þá mundi svo fara hér á eptir sem híngað til, að undantekníngar yrðu að reglum, og reglan að undantekníngum. Lagafrumvarpið hefir einúngis undanskilið birni. Nefndin hefir farið leingra, með því hún hefir ráðið til þess, að hreindýr yrðu og undanskilin. Alþíngismenn úr Skagafjarðar og Norðurmúlasýslum hafa einnig talað á þá leið, að refar yrðu einnig undanskildir reglunni. Loksins hafa fleiri þíngmenn mælt fram með því, að leyfa skyldi þeim, er sært hefir dýr eða drepið, að elta það inn á annars manns lóð.

Eg hygg nú, að þess fleiri sem undantekníngarnar verða frá hinni almennu reglu, þess auðveldara muni afleiðíngin verða sú, að reglu þessarar verði heldur ekki gætt, þegar tilskipan þessi, sem nú er í smíðum, er komin út. Hittu menn einhvern á veiðum á annars manns lóð, mundi hann með hægu móti geta borið fyrir sig ýmsar átyllur, sem leystu hann undan öllum átölum, t. a. m. að hann væri að veiða birni, refa,

hreindýr, eður væri að elta dýr eður fugl, sem hann hefði skotið á.

Hvaða grundvallarreglu sem menn nú taka, hvort heldur veiðirèttur verður takmarkaður við lóð, ellegar veiðirèttur verður gefinn frjáls allstaðar, nema einstöku dýrategundir undanskildar, svo verða þó nokkrir annmarkar á, eptir hverri reglunni sem breytt er. Sè veiðirètturinn takmarkaður, er það bæði gagn og gaman fyrir landsdrottna, að vita, að hann er verndaður fyrir því, að hver og einn geti geingið til veiða inn á lóð hans; en þá má hann líka sætta sig við það, að refar verða færri veiddir og hreindýr; hann verður þá að sætta sig við það, að dýr þessi gjöri honum, ef til vill, nokkurn meiri skaða. Sè veiðirètturinn öllum frjáls, þá má, ef til vill, gjöra ráð fyrir því, að unnin verði fleiri skaðsamleg dýr, svo og fyrir hinu, að meiri verði aðdrættir manna á vistum, en ella mundi; en þá verða landsdrottnar að láta sèr lynda, að þeir, sem veiða, fari í þeim erindum inn á lóð þeirra. Það er þannig undir því komið, að meta hag og óhag hvorn á móti öðrum, og það er einmitt til þess að útheimtist nákvæm þekking á, hvernig í hverjum stað hagar til.

Hins vegar geta menn ekki að ætlan minni með rökum sagt, að innbyrðis rèttindi landsmanna sèu fremur reglubundin, fremur lögákveðin, hvort málinu er til lykta ráðið eptir þessari grundvallarreglunni eða hinni. Rèttindin eru allt að einu lögákveðin, þegar lögin leyfa öllum að veiða og skjóta, svo framt veiði sú er álitin saklaus, eins og þegar veiðin er með öllu bönnuð öðrum en landsdrottnum. Spurningin er einúngis sú, hvað hagkvæmast sè, svo að búast megi við, að lögunum, sem út verða gefin, verði fylgt, Því ef lögin byðu eitthvað, sem öllum virtist eiga miður við, svo enginn bæri sig upp, þó brotið væri í móti lögunum, þá væri betra, að þau lög væru ekki kunn orðin. Þeim yrði þá einúngis fylgt endrum og sinnum, einkum, ef til vill, þá, þegar einhver þæktist fá færi á að skaða þann, sem hann af öðrum rökum vildi gjöra einhvern óskunda. Skyldi því nokkur meðal þíngmanna ætla, að lagafrumvarp þetta, hvað aðal-grundvallarreglu snerti, væri óhagkvæmt, þá mundi eg í hans sporum, í stað þess að ráða til undantekninga frá aðal-reglunni, heldur fallast á breytíngar-atkvæði þíngmanna úr Múlasýslum, sem fer því fram að ráða með öllu frá lagafrumvarpinu. Eg get ekki verið á því»

sem hinn virðulegi framsögumaður hèlt, að stjórnin mundi, eins og hann kvað að orði, „verða öldúngis í ráðaleysi“, ef meiri hluti þíngmanna fèllist á þetta breytíngar-atkvæði. Eg ætla, að stjórnin allt um það mundi geta áttað sig á því, hvað hún, þó svo færi, skyldi til ráðs taka.

En eg gjöri nú ráð fyrir, að lagafrumvarp þetta, sem er samið að öllu leyti samkvæmt uppástúngu þeirri, sem gjörð er af löglærðum mönnum úr öllum landsfjórðúngum, verði álitið af meiri hluta þíngmanna hagkvæmt og eiga vel við, eptir því sem tilhagar á landi hèr. Um leið og eg þess vegna einúngis leyfi mèr að biðja þíngmenn, fyrr en þeir greiða atkvæði sín, að hyggja að því vandlega, að þeir, sem vilja, að grundvallarregla frumvarpsins öðlist lagagildi, verða einnig að sætta sig við afleiðíngar þær, sem grundvallarregla þessi hefir í för með sèr: þá vil eg einúngis gjöra fáar athugasemdir við einstöku breytíngar þær, sem nefndin hefir gjört á sumum greinum frumvarpsins, þar eð eg að öðru leyti held, að yfir höfuð sè ekkert sèrlegt því til fyrirstöðu frá stjórnarinnar hálfu, að farið verði eptir þeim uppástúngum, sem meiri hluti þíngmanna kynni að fallast á.

Í 12. grein frumvarpsins hefir nefndin stúngið upp á, að tímabil það, sem bannað væri að leggja hrognkelsanet í nánd við varplönd, skyldi byrja 1. dag Marzmánaðar, í stað þess sem frumvarpið segir, frá Aprílmánaðar lokum. Viðvíkjandi þessari ákvörðun verður það, eins og þíngmaður Borgfirðínga hefir rèttilega sýnt ofan á, að vera undir því komið, hvort gagn það, sem fæst með því að hlífa æðarfugli við að lenda í neti, getur jafnazt við það tjón, sem fiskiveiðum væri búið, ef menn gjörðu fiskimönnum erviðara fyrir að fá beitu þá, er þeir þurfa til veiða sinna; því það er alkunnugt, að minnsta kosti hèr sunnanlands, að hrognkelsa innifli eru stórum brúkuð til beitu handa þorskfiski. Áður en alþíngismenn greiða atkvæði sín með þessari breytíngu nefndarinnar, verða þeir því að vera sannfærðir um, að sá skaði, sem af ákvörðun frumvarpsins mundi leiða fyrir friðun æðarfugls, væri yfirgnæfandi.

Hvað uppástúngu nefndarinnar við 14. grein snertir, vil eg geta þess, að því harðara sem menn vilja gjöra bannið móti skotum í nánd við varplönd, og því fastara sem menn vilja að því verði fylgt, þess heldur verða menn að varast að láta bannið ná einnig til þeirra árstíma, sem öllum virðist óþarft; því

annars kostar er við að búast, að brotið verði að ósekju móti banninu í þeim greinum, sem snerta þessa síðar nefndu árstíma, og að það leiði menn á þá venju, að brjóta á móti slíku banni á öllum árstímum. Að því leyti sem nefndinni enn fremur virðist, að ekki sè meiri ástæða nú en fyrri til að undanskilja herskip frá þessari ákvörðun, þá ætla eg, að þessi athugasemd nefndarinnar sè bygð á misskilníngi. Af ástæðum frumvarpsins sèst nefnilega, að það hefir verið álitið sjálfsagt, að öll þessi ákvörðun gildir ekki, og hefir þess vegna ekki gilt um herskip. Foríngjum þessara skipa er nefnilega lagt fyrir eður gjört að skyldu í reglugjörðum þeim, er þeir hafa fyrir sèr, að hleypa af fallbyssum, þegar svo á stendur, og geta því ekki, þegar svo er ástadt, álitizt bundnir við lög þau, sem fyrir aðra eru gjörð. Þar á móti ætla eg, að allar líkur sèu til þess, að stjórnin muni, ef alþíng beiðist þess, sjá svo um, að herskipa-foríngjum þeim, er híngað koma við land, verði lagt fyrir að skjóta ekki, nema brýn nauðsyn beri til.

Framsögumaður: Hinn hæstvirti konúngsfulltrúi hefir skýrt svo ljóslega, sem verða má, frá því, sem mælir með og mót aðalgrundvallarreglu frumvarpsins, og varð niðurstaðan sú, að ekkert þækti líklegra, en að þíngið fellist á hana; einúngis varar hann við ofmörgum undantekníngum frá henni, og er að því leyti samþykkur nefndinni um, að 6. greinin standi óhögguð, og sömuleiðis, að 8. greinin um refina haldi sèr, líkt og nefndin ætlast til; enda eru eingin breytíngaratkvæði komin fram við þessa grein. Það, sem konúngsfulltrúa og nefndinni ber á milli, er um þá undantekníngunа frá reglunni, sem nefndin vill hnýta aptan við 7. greinina, viðvíkjandi hreinunum; en þó að nefndin í alla staði sè á sama máli og konúngsfulltrúi, um að ekki fari vel á því, að hafa ofmargar undantekníngar, varð hún þó að álíta, að brýn nauðsyn bæri til þessarar undantekníngar, eptir þeim ástæðum, sem þegar eru færðar fyrir henni.

Eg geri að vísu ekki ráð fyrir, að stjórnin að sínu leyti verði ráðalaus, jafnvel þó þíngmenn búi mál þetta svo úr garði, að henni verði rádavant, en eg efast um, að menn geti reidt sig á, að það verði alls kostar haganlegt landinu, sem menn láta hana einráða um í þessu efni, þegar fara á að reyna það eptir á, og að þíngmenn þá kannske aptur fái tilefni til að

iðrast þess, að þeir lètu hana taka til sinna ráða, og leiddu hjá sèr að leggja á ráðin sjálfir, eins og hún ætlaðist til.

Með tilliti til breytíngar nefndarinnar á upphafi ennar 12. greinar, þá situr það ekki á mèr að mæla meira, en þegar er mælt fram með henni, er eg sjálfur hefi átt hlut í að semja frumvarp þetta í fyrra; og játa eg, að það sè torvelt, að vega jöfnuðinn milli skaða þess, sem sumstaðar kann að leiða af breytíngunni fyrir fiskiveiðarnar, og gagnsins af henni fyrir eggver æðarfuglanna, en verð þó að ætla, að hún sè nauðsynleg að þessu leytinu.

Viðvíkjandi enda 14. greinar verð eg þó að gjöra þá athugasemd, að mèr er það nokkurn veginn kunnugt, að herskip eigi hafa notað sèr þann rètt, er konúngsfulltrúi ætlar að þau hafi haft eptir hinni eldri löggjöf, fremur öðrum, til að vera undanskilin banninu, og má eg fullyrða, að það hefir komið fyrir í Reykjavík, að formaður á herskipi nokkru dönsku hèlt sèr ófært að skjóta úr fallbyssu, er honum af gagnkunnugum lagamanni var sagt frá, hvaða bann lægi við skotum á skiplegu Reykjavíkur yfir höfuð.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Það hlýtur að varða mestu, að geta hitt á það, sem haganlegast er fyrir landið yfir höfuð, frá hvaða sjónarleiti sem helzt að mál þetta er skoðað. Hinn háttvirti konúngsfulltrúi benti þínginu í ræðu sinni til þessa stefnumiðs. Sè nú svo, að þíngmenn hafi ekki svo ljósa hugmynd um mál þetta, eða nægilega þekkíngu um alt land, að þeir sèu sannfærðir um, hvað gagnlegast eða skaðlegast sè í þessu efni fyrir það, held eg rèttast væri að skjóta því fram af sèr í þettað sinn, að gefa atkvæði til löggildíngar þessa frumvarps, nema í þeim greinum, sem eingan greinir á um (svo sem um æðarfugla og látraseli, með fleiru). Að vísu veit eg það, að margir enna heiðruðu þíngmanna hafa góða þekkíng á þessu máli, en margir eru og, sem mega játa, að hún sè allt of lítil til þess, að þeir geti sagt, að hún sè næg um land allt, eptir þess margvíslegu tilhögun, og þeir eptir á sèu sannfærðir, að þeir hefðu unnið löndum sínum meira gagn en skaða, ef það yrði löggilt, eins og það er. Eg er sannfærður um, að nefndin hefir gjört sitt bezta til, að mál þettað væri sem ítarlegast rannsakað eptir kríngumstæðum, en allt um það ætla eg það hafi hvorki tekizt henni nè þíngmönnum, enn sem komið er, að hitta upp á það hagkvæmasta fyrir

landið allt yfir höfuð; þess er og varla von. Það var fyrir skemstu hèr á þíngi viðurkent af öllum, að mesta nauðsyn væri til, að málefni þau, og einkum en konúnglegu lagafrumvörp, væru auglýst ekki seinna en missiri áður en þau ættu að ræðast og til lykta leiðast á alþíngi, í þeim tilgángi að landsmenn, og einkum þíngið, feingi rýmra tóm og tækifæri til að bugsa og ræða ítarlegar málin. En færi nú svo, að þíngmenn hèldu því framm, að þetta frumvarp, sem hèr ræðir um, yrði lögtekið, ætla eg þíngið yrði sjálfu sèr næsta ósamkvæmt, þar sem hèr er þó ræðan um eitthvert hið mesta vandamál, yfirgripsmikið, og sem snertir rèttindi allrar þjóðarinnar, en sem menn mega játa að þeir hvorki höfðu nægan tíma til að rannsaka til hlítar út í allar æsar, nè nákvæma þekking til sèrhvers landspláz einstöku kríngumstæða, og hljóta því að viðurkenna, að þeir hafi flasað að ályktunum sínum í blindni, án þess að vera eptir á vissir um, hvort þeir gjörðu yfir höfuð rètt eða rángt, gagn eða skaða. Eg er því fastur á, að frumvarpið ætti ekki að fá lagagildi fyrst um sinn, nema í tilliti til æðarfugla, álpta í hreiðrum og sárum, og látrasela; hitt annað ætti að bíða að fastsetja með lögum, fremur en verið hefir, þar til þíngið hefði öðlazt ítarlegri og nákvæmari þekking alls ásigkomulags landsins í þessu falli. Eg ætla það geti ekki orðið ópokkasælla, nè í nokkru háskalegt, þó leingra væri ekki farið framm að sinni í þessu efni. Konúngi vorum mundi meira um það gefið, sem landsins föður, að frumvarpi þessu væri vel ráðið til lykta, og að vèr undirsátar hans hittum upp á því, sem hagkvæmast er fyrir oss, en hvað fljótt er unnið að því.

Stephán Jónsson: Heiði breytíngar-atkvæði þeirra þíngmannanna frá Múlasýslum tekið yfir nokkuð meira, en það gjörir, hefði eg máske orðið því samþykkur; en það grípur yfir of lítið. Það sem framsögumaður hèlt, að breytíngar-atkvæði mitt mundi koma að litlu gagni, þá mun það nú verða að vera svo, einkum ef því verður ekki gaumur gefinn af þíngmönnum. En þó er þess að gæta, að opt ber svo undir, einkum við selveiði, að fleiri menn sjá til, þegar skotið er. Það er opt á landi hèr, að snjór liggur á jörðu og lýsir slóðum, og um þann tíma árs væri líka dýraveiði helzt stunduð, ef hún annars væri stunduð, og mundi það opt hjálpa til að leiða í ljós, hvar skotið hefði verið; og er þá hart og ísjárvert, ef skotmaður skal missa veiðinnar, þar sem þess háttar röksemdir benda til, að

hann hafi byrjað hana í lagaleyfi í frjálsum stað. Eg vil því skýra það fyrir þeim, sem þykir frumvarpið of strángt, að þó lítil bót sè að gánga inn á breytíngar-atkvæði mitt, þá er þó lítið betra en ekkert. Í tilliti til breytíngar-atkvæðis hins heiðraða þíngmanns frá Borgarfjarðarsýslu er þess að gæta, að mèr virðist ómögulegt fyrir skyttur að geta sèð, af hverju selakyni sá er, sem hann ætlar að skjóta á, því þá sèr ekki nema á höfuðið, og er hvert þeirra öðru líkt, svo þó hann aldrei vildi skjóta annað en farsel, mundi hann annaðhvort mega vera án veiðinnar, eða vera í óvissu um, af hverju kyni selurinn væri, þángað til hann næði honum, og er því ósanngjarnt, ef þessi friðun fær lagagildi. Hvað hrognkelsaveiðina snertir, geðjast mèr betur að frumvarpinu en nefndarálitinu, því hrognkelsaveiði norðanlands byrjar í Marzmánuði, en er að mestu enduð í Maímánaðarlok.

Prófastur Hannes Stephensen: Eg ætla, að það sè einhver en mesta prýði og sómi hvers manns, að hann sè staðfastur og sjálfum sèr samkvæmur í dómum sínum; hvílík prýði og sómi væri það þá ekki þíngi þessu, sem telur nú 24 limi, ef það varðveitir þessa fögru eiginlegleika! Og þessi hugsan var það, sem kom mèr til að tala í gær nokkur orð um frumvarp það, sem fyrir oss liggur, og nefndarálitið, sem um það er samið, af því mèr virtist hvorugt varðveita sama andann frá upphafi til enda, heldur nær því hafa aðra hugsun í einni greininni en annari. Á þessari hugmynd minni byggjast breytíngar-atkvæði þau, sem eg þá áskildi mèr, og ber mèr nú að rèttlæta þau gegn átölum ens virðulega framsögumanns. Eg áleit í gær, og álít enn, þínginu skylt, að útvega selnum, bæði látra- og út-sel, sömu friðhelgi og æðarfuglinum; því hvers vegna er æðarfuglinn friðaður, nema fyrir þeirra gagnsmuna sakir, sem landið hefir af honum? Þegar það nú er víst, að fleiri hafa arð af selveiði, en af æðarvarpi, í landi hèr, og eingu er minni arður hans en æðarfuglsins, að öllu saman lögðu, þá sè eg ekki, hvers vegna menn friða fuglinn meir en dýrið, nema menn skyldu elska hann meir en það, og skil eg það ekki. Þar sem framsögumaður ætlar breytíngar-atkvæði mitt um þetta efni ófullkomið, og að eg tiltaki ekki, hvernig selur eigi að friðast, og tali að eins um, að ekki megi skjóta nær látrum eða uppidrápsstöðum en eggveri, þá er það hvorki meining mín, nè liggur í orðum mínum. Eg hefi sagt, „að sel-

ur allur hèr við land, nema farselur, friðist fyrir skotum jafnt og æðarfugl. Nú má eptir frumvarpinu og nefndarálitinu hvergi skjóta æðarfugl, hversu lángt sem hann er frá varpplázi, og liggja sektir við, ef út af er brugðið; sama meinti eg vera ætti um selinn, og hygg eg nægi til að aptra mönnum frá seladrápi; því þó 48 sk., sem lagðir eru við æðarfugl hvern, sem af ásetníngi er drepinn, þyki máske lítil sekt fyrir selsdráp, þar sem svo miklu meiri feingur er í honum en fuglinum, þá jafnast það svo, að nægja má, þegar hinir óvilhöllu mennirnir fara að meta skaðann. Hinn hæstvirti konúngsfulltrúi hefir veitt meiníngu minni um enn fyrsta part 12. greinar, hrognkelsaveiðina, samsinni sitt, og er það því meira vert, sem hann er kunnugri, hvernig tilhagar á suðurlandi. Þess ber að gæta, að margar þúsundir þorska veiðast á þessum kjálka lands, allstaðar þar sem þorskanet ekki brúkast, mest megnis á beitu þá, sem af hrognkelsunum fæst; skyldu menn vanrækja þenna atvinnuveg, eða spilla honum að munum, af hræðslu fyrir að 1 til 10 æðarfuglar kynni að flækjast í hrognkelsanetin, það ætla eg skaðlegt og heimskulegt. Mèr er ókunnugt, hvernig tilhagar á Breiðafirði, og veit ekki, hvort þar er stunduð þorskaveiði um þann tiltekna tíma, eða hvort hrognkelsa ræksnin eru þar brúkuð sem beita fyrir hann; en það ætla eg, að sá sárlitli skaðinn, sem þar má af veiði þessari hljótast á æðarfuglinum, sè of dýrt bættur með tjóni því, sem leiðir af breytíngu frumvarpsins á öllu suðurlandi. Þar sem framsögumaður hèlt eg hefði ekki lesið 15. grein, eða nefndar-breytínguna við hana, villist hann, því breytíngin hljóðar svona: „nú skýtur maður landsel — fjórðúngur mílu í milli“; fyrir þessi orðin á að koma: „einginn má skjóta landsel eða útsel á fjörðum eða víkum, þar sem látur eru eða lagnir, nær en hálfa mílu frá látrum eða lögnum, en ef skotið er, eignast, o. s. frv. Nú spyr eg, hvort landeiganda ekki sè eignuð veiði þessi en óheimila, og það ætla eg ósanngjarnt, en ætla leiguliða beri hún hálf, vegna skaða þess, sem hann einnig líður. Meiníng sú, er þíngmaður Norðurmúlasýslu nú bar upp, um að fráráða frumvarpinu, sýnist heldur í ótíma uppborin, þar sem nefndin hefir ráðið til að aðhyllast það, með nokkrum breytíngum, og einginn þíngmanna hefir látið aðra meiníngu á sèr heyra. Eg býst við, að frumvarpið verði viðtekið með eða án breytínga; og tek eg það upp aptur, sem eg sagði fyrri, að þínginu beri að halda

sömu reglum í gegnum allt frumvarpið, og muna til þess, að þess verður getið, sem gert er.

Eyjólfur Einarsson: Við umræðu þessa máls í gær gat eg þess, að þó fugl væri opt kominn að eyjum í byrjun Aprílmánaðar, tel eg einga nauðsyn að fylgja þar nefndarálitinu, einkum þegar það er á móti eður stendur í vegi atvinnuvegi annara pláza; er eg því vel fallinn á, að þar sè fylgt frumvarpinu, og hefi líka getið þess, að hrognkelsaveiði er bæði fyrir grásleppur og rauðmaga. Eg er veiði þessari gagnkunnugur, þar sem hún er tíðkuð árlega hjá mèr; veit eg ei til, að grásleppuveiði hafi gjört þar nokkurn skaða, því fuglinn flækir sig skjaldan í jafnstórriðnum netum. Rauðmaganet eru mikið smáriðnari, og því flækir fuglinn sig meir í þeim; eru þau lítið brúkuð hjá mèr, einkum eptir það fugl er kominn að eyjum. Hvað friðun sela viðvíkur, þá er eg sá, sem færði bænarskrá til þingsins frá Barðastrandarsýslu um að friða algjörlega selinn; var það móti sannfæringu minni, að takmarka svo mjög frelsi manna, og sè eg ei betur, en skotlistin með öllu tapist, þegar aldrei má hleypa úr byssu, eiganda til gagns, svo ef skjóta þarf gripfugl, eður ef tóa kemur í varp, verður að fara í aðra sveit og sýslu að fá skyttu, ef þar er til, sem opt ei getur komið, fyrr en skaðinn er máske óbætanlegur. Er eg því alfallinn á, að fylgja nefndarálitinu í því efni.

Framsögumaður: Eg læt mèr skiljast, það sem hinn virðulegi þingmaður Norðurmúlasýslu sagði, að stjórnin mun láta það eitt koma fram við oss, sem hún álítur til gagns; en það er nú einmitt þetta, sem hún nú gjörir, er hún býður okkur veiðilög þessi; hún álítur þau til gagns, og nokkrir af enum helztu landsmönnum vorum hafa ætlazt til að verða landinu að liði með þeim, eins og þau nú eru lögð fyrir þingið, og er ekki orðin raun á öðru enn þá, en að flestir þingmanna líka álíti þau hentug landinu, með fáeinum breytingum.

Að því leyti sem þingmaður Eyfirðinga ætlar viðbætir sinn við 6. greinina að gagni á vetrum, þá skal eg ekki neita, að svo kunni að vera; en það er aptur athuganda, að lög þessi ættu að gilda bæði sumar og vetur, og verður að öðru leyti sá tíminn leingri á árinu, er spor manns eigi verða rakin í snjó, en hinn, að þau megi rekja.

Þingmaður Borgfirðinga ætlar þann kaflann styttri í 15.

gr., sem nefndin ætlast til að falli úr, en hann í raun og veru er; hann byrjar með þessum orðum: „Nú skýtur maður landsel“, og endar þannig: „eignast sjóður sveitar þeirrar veiðina“; og geri eg þannig ráð fyrir, að breytíngar-atkvæði þíngmannsins við þessa grein sè komið fram fyrir þá sök, að hann eigi glögt gat sèð það af nefndarálitinu, sem hefir misskrifazt um þetta atriði, hvað nefndin ætlaðist til að fèlli úr. Annars heyrist mèr nú á nefndum þíngmanni, að hann ekki ætlist til, að selir sèu friðaðir fyrir skotum á þann veg, að bannað sè að skjóta í sömu fjarlægð frá þeim hèr við land, og bannað er að skjóta frá eggverum æðarfugla, þó einginn sè æðarfugl drepinn með skoti; en þá skilst mèr nú ekki, hvernig hann getur ætlazt til, að sektirnar sèu þær sömu, ef selur er skotinn, sem lagðar eru við skot, sem bönnuð eru yfir höfuð með tilliti til enna friðhelgu æðarfugla.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg lèt þegar í nefndarálitinu í ljósi athugasemdir mínar gegn frumvarpi þessu, og útlistaði þær í undirbúnings-umræðunni í gær. Úr því nú eru borin upp breytíngar-atkvæði í þeirri stefnu, sem þessar athugasemdir mínar hníga að, þá held eg það sè með öllu sjálfu sèr samkvæmt, þó eg fallist á breytíngar-atkvæði þessi, enn þótt eg væri einn nefndarmaðurinn. Það hefir víst verið fleirum þíngmanna, en mèr, gleði að heyra, hve ljóslega hinn háttvirti konúngsfulltrúi útlistaði mismuninn á rèttar-ástandi því, sem nú er með þeim frjálsa veiðirètti, er tíðkazt hefir til þessa, og því, sem mundi verða, ef frumvarp þetta með öllum sínum óvanalegu og straungu atriðum yrði leidt í lög. Það er einnig auðráðið af því, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi sagði, að allt er undir því komið, hvernig hèr hagar til yfir höfuð, hvort rèttarástandið að þjóðinni sè hagfeldara. Eptir því sem eg þekki til, verð eg enn að vera á því, að það sè miklu hagfeldara, sem er, en það sem verða mun, ef frumvarpið er gjört að lögum. Eg veit ekki til, að nokkur maður hafi borið sig upp undan, að rèttindum sínum hafi verið hnekt með hinum frjálsa veiðirètti yfir höfuð, nema í þeim greinum einum, sem breytíngar-atkvæðin nú taka til að friða, og eru menn þó hèr á landi ekki svo fúsir á að sjá á bak rèttindum sínum, eða þola, að þeim sè hallað í neinu, sem á nokkru stendur, að menn hefðu þá ekki borið sig upp undan því eður ritað um það bænarskrá úr einhverju hèraði. Eg verð því að vera

á því, sem þingmaðurinn úr Norðurmúlasýslu sagði áðan, að maður sitji ekki neitt sèrlegt af sèr, þó maður hraði sín ekki með að fá frumvarpið lögleidt; því sèu margir á því, að þess sè þörf, þá sjá þeir nú af þingtíðindunum, að stjórnin muni vera fús á að veita þá bæn, ef hennar væri farið á flot með bænarskrá. En sè frumvarp þetta gjört að lögum, og eigi það að koma að nokkru liði, þá hefir mèr alt af verið það ljóst, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi mælti, að ekki mætti gjöra á því neinar sèrlegar breytíngar eður draga úr einstökum greinum þess. Því hirði eg nú heldur ekki um yfir höfuð, að reyna að hrinda þeim smávegis breytíngar-atkvæðum, sem upp hafa verið borin í þessu máli; þó vil eg lítið eitt minnast á það breytíngar-atkvæði hins heiðraða þíngmanns Borgfirðínga, er fer fram á að friða allan sel fyrir skotum, nema vöðusel einan, því þetta kann að þykja nokkuð ákjósanlegt í fyrsta áliti. En þess ber að gæta, að þó það væri sannað til hlítar, sem þó er ekki, að eins mikill arður mætti verða að selaveiðum um land alt, ef þeir væru til hlítar friðaðir, eins og er að æðarvarpi, þá verða menn að gá að því, að margfalt meiri arður er að því, að skjóta sel, en að skjóta æðarfugl, sem eínginn plógur er að, svo teljandi sè; aptur er víða hinn mesti arður að selaskotum, þar sem þó svo stendur á, að aldrei verður til neins liðs að friða lagnarveiði, og eingum er þess vegna mein að þeim skotum. Þar til held eg því verði aldrei komið við með góðu, að friða selinn á þann hátt, sem upp á er stúngið; eg skil ekki, að hægt verði að þekkja útsel eður vöðusel frá látrasel, eins og þíngmaður Eyfirðínga sagði áðan, heldur verði jafnan hver selshausinn öðrum líkur.

Hinn heiðraði þíngmaður, er eg nú nefndi, beiddi mig að tjá þínginu, að sèr hefði gleymzt, þá hann mælti áðan, að geta þess, að þó frumvarpinu yrði hrundið að þessu sinni, þá væru menn þó ekki lagalausir um veiðirèttinn yfir höfuð, þar sem Llb. 58. kap. mundi enn þá vera í gildi í þeim efnum.

Sveinn Sveinsson: Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um mál þetta; hinir virðulegu þíngmenn úr Skaptafellssýslu og Norðurmúlasýslu hafa glögglega framsett þær ástæður, sem við Múlasýslumenn höfðum fyrir breytíngar-atkvæði okkar; samt vil eg enn láta í ljósi þann þánka minn, að ef þíngmenn hèr styðja að þessum þraungva veiðirètti, muni þeir máske mega eptir á (eins og máltækið hljóðar) naga sig í

handarbökin, af því að hafa unnið svo brátt að fullkominni löggildíng frumvarpsins, þar sem mèr sýnist hèr ríða ofmikið í bága hvort við annað, einstakra manna hagsmunir og margra manna gagn. Eg skil ekki, hvernig menn eiga að breyta, þegar selur kemur á vorin á þeim nafnkunna hafís inn á firði og víkur, nema annaðhvort að missa af þessari dýrmætu lífsbjörg (selnum), eða skjóta hann; því lítið mun veiðast af honum upp á annan máta, þegar hann liggur á ísnum, og það getur þó vel að borið, að þetta sè rètt nálægt þeim friðlýstu veiðistöðum. Þingmaður Barðastrandarsýslu hefir nú og svo látið í ljósi þá meiníng sína, að almennings gagn væri ekki svo auðsjáanlegt við mjög takmarkaðan veiðirètt á selum, og virðist hann því að vera fremur á máli þeirra, er ekki vilja hafa þann rètt mjög þraungvaðan; og eins og þingmaður Borgfirðínga hefir ekki viljað setja hrognkelsa-veiðinni mjög þraung takmörk vegna þar af leiðandi óhagnaðar fyrir marga, má sama segja um selveiðina og fleiri veiði.

Umboðsmaður Þorvaldur Sívertsen: Eg held það ætli nú að fara að koma fram misskilníngur um 12. greinina í frumvarpinu; eg er orðinn þess fullkomlega áskynja, að margir þíngmenn skilja hana svo, að hvergi megi leggja hrogukelsanet þann umtalaða tíma. Eg verð samt að játa, eg skildi hana aldrei svo, og skil ekki enn; mèr getur að sönnu skjátlað hèr í, en vona mèr virðist það til vorkunar. Eg var í nefndinni og var einn þeirra, sem rèði til að breytt yrði orðunum, „frá Aprílmánaðar lokum“, í „frá Marzmánaðar byrjun“, og hèlt eg, að af því þyrfti ekkert tjón að verða, því hver einn mætti þó leggja net þessi við sitt eigið land, þó honum væri bannað það leyfislaust við annara, og eiga kjörin við sjálfan sig, hvort hann metti meira baga þann, hann liði af því, ef 1, 2 eða 3 æður flæktust í net hans allt vorið, eður missir þann af bjargræði, hann hefði, ef hann ekki legði netin. Hefði eg skilið greinina öðruvísi, eða á þá leið, að einginn mætti leggja hrognkelsaband nær sínu eigin landi nè annara, en 2 hundruð faðma tólfræð, þá hefði mèr víst heldur dottið í hug að fara fram á það í nefndinni, að tíminn, sem leggja mætti netin, væri færður leingra fram, heldur en til er tekið í frumvarpinu, en ekki aptur á bak; því allir vita, í hið minnsta var mèr það fullkunnugt, að minnst veiðist hrognkelsa fyrir Aprílmánaðarlok, og hitt líka, að ískyggilegt væri að svipta jarðar-ábúanda

rètti til þess mikla bjargræðis fyrir hans eigin landi, sem hrognkelsaveiðin gefur. Mèr virðist þetta annars ljóst í greininni, þó ástæðurnar sýnist máske heldur nokkuð frábrugðnar, þar hún segir: „má enginn maður leggja hrognkelsanet eða önnur veiðinet nær eggveri annars manns friðhelgu," o. s. frv., og seinna í greininni stendur: „að eigandi eggversins skuli taka net upp, en láta þau laus við hinn seka". Hver mundi nú hèr eigandi eggversins, þegar hinn seki hefir lagt fyrir sínu eigin landi? og hvernig á þá að skipta honum í 2 persónur, og hver að taka upp netin? Eg kem þessu ekki saman eptir þeim skilníngi greinarinnar, er sumir aðrir hafa farið á flot; ef eg skildi nú greinina rètt, ætla eg, að hinn velæruverðugi þíngmaður Borgfirðínga hefði lítinn hagnað gjört hrognkelsaveiðinni með uppástúngu sinni að taka burt orðin, „annars manns."

Hvað 14. greininni viðvíkur, verð eg að renna auga til hennar líka, og þess, sem fært hefir verið á móti breytíngum nefndarinnar í byrjun hennar; get eg þess fyrst, að bann móti skotum við varpeyjar um eina 3 mánuði ársins, er að ætlun minni lítils vert, eptir sem fullupplýst er hèr á þíngi af mèr og öðrum æðavarpi nákunnugum mönnum; mèr er það líka óskiljanlegt, og það er nokkuð hjákátlegt, í hverju skyni nú skyldi vera farið að rýmka um skotfrelsi kríngum varplönd, æðarvarpi til auðsjáanlegs tjóns, fram yfir það sem verið hefir í 30 ár, síðan kóngsbrèfið 17. Júlí 1816 kom út, sem fullyrða má að hafi verið þokkasælt og heilladrjúgt fyrir þann arðsama bjargræðisveg, æðarvarpið, og allstaðar, það eg til veit, sýnt þess vott, að því væri fylgt, og yrði hæglega fylgt, hvað eggverin snertir, en hins vegar er verið að verndа æðarfuglinn, sem bezt verður, og sem engin tvímæli eru á, að mesta nauðsyn til beri.

Framsögumaður: Það gleður mig að heyra, að hinn heiðraði þíngmaður Skaptfellínga hafði svo mikla ánægju af ræðu konúngsfulltrúa í máli þessu um grundvallarreglu frumvarpsins, og skilst mèr það vel; en þá hefða eg fyrir mitt leyti þó haft meiri ánægju af henni, hefði eg sèð, að þíngmaðurinn hefði látið sèr segjast betur við hana, en eg heyri að hann enn þá gjörir: því hann lætur sèr ekki skiljast það, sem eg held að allir þíngmenn hafi mátt þreifa á, að konúngsfulltrúinn einmitt mælti með grundvallarreglunni og frumvarpinu, en eingan veginn á móti því. Það, sem þíngmaður Suðurmúlasýlu nýskeð vèk á

um selaveiðar á hafis, kann að eiga við í hans bygðarlagi, en á sèr víst óvíða, sem hvergi, annarstaðar stað í landinu. Að því leyti sem hinn virðulegi þingmaður Dalasýslu nú aptur er orðinn á þeirri meiníngu, sem hèr varð til rædt um í gær, að 12. greinin rèttskilin ekki nái yfir eigandann sjálfan, þá ætla eg að honum skjátlist í þessu, og má eg enn fremur færa sönnur á mál mitt, með að benda til 19. greinarinnar, sem leggur opinbera málssókn við, ef breytt er á móti 12. grein, eins og hinni 11.; en báðar komast greinir þessar þannig að orði: „einginn má," „einginn maður má;" en annars er það sjálfsagt, að löggjafinn, eða þeir, sem samið hafa greinina, gjöra ráð fyrir því, sem vanalegast er, að menn áreiti aðra, en eigi gjöri sjálfum sèr óskunda þannig, að það opinbera eigi sök á.

Ásgeir Einarsson: Hinn virðulegi þingmaður Norðurmúlasýslu hefir bent mönnum til þess að slá máli þessu á frest, þángað til menn feingju betri upplýsíngar. Eg get nú ekki fallizt á uppástúngu þessa, og held, að þingið gæti alldrei forsvarað þá aðferð fyrir þjóðinni. Eg veit ekki, hvernin hægra er að fá upplýsíngar, en þegar kunnugir menn eru komnir frá flestum eða öllum hèröðum landsins; líka hafa bænarskrár komið um selafriðun frá Barðastrandar og Strandasýslum, og held eg þær skýri fullgreinilega frá því, hver nauðsyn ber til þess. En að bænarskrá kom ekki um friðun álpta frá Barðastrandarsýslu, veit eg ekki hvað hefir orsakað; því eg vissi til, að um þetta var verið að skrifa þar. Mig furðar mikið, að þingmaður Barðstrendínga heldur, að fullkomin friðun landsela á Breiðafirði mundi minna bata en skaða, þó feingizt hefði; en bænarskráin þaðan sýnir þó ljóslega, hver nauðsyn beri til þessa. Eg er þessu næstum eins kunnugur á Breiðfirði og í Strandasýslu, og hefði nefndinni þókt tiltækilegt að fráskilja nokkurt hèrað í þessu, var Breiðifjörður bezt til þess fallinn; bænarskráin sýnir það líka, og mèr er kunnug almenn ósk þaðan um slíkt. En hvað því viðvíkur, er nefndur þingmaður hefir talað um hrognkelsanetin, þá er eg nokkuð í vafa um aðalmeiníngu hans, þegar honum þykir óhætt að leggja grásleppunet nærri varplöndum, en ekki rauðmaganet, og veit eg varla, hver ætti að halda vörð á því, hver netin væru brúkuð, þegar sá er einúngis munur þeirra, að ekki eru jafnstórir möskvarnir. Sá virðulegi þingmaður Eyfirðínga hefir fært það mót breytíngaratkvæði fulltrúa Borgfirðínga, að ekki yrði þektur látra- og

farselur hvor frá öðrum á sundi, en eg get í þessu skírskotað til bænarskráarinnar frá Strandasýslu 1845, því hún beiðist, að bannað sè að skjóta allan landsel allstaðar og á öllum tímum, en leyft að skjóta geingdarsel, sem að lit og sundlagi sè auðþektur frá hinum fyrrtalda, og á þetta að skiljast um vöðu- og gransel (því annað selakyn kemur þar ekki í geingdum); en til að taka af ágreiníng um þetta, beiðist bænarskráin, að hver, sem geingdarsel hefir skotið, sè skyldugur að sýna hann tveimur vitnisfærum mönnum, svo víst sè, að látra selur sè ekki skotinn, og þókti beiðendum þetta það einhlítasta ráð að varna öllum ágreiníngi í þessu, og voru þó margir kunnugir selaveiðinni og sjálfir veiðimenn, er hlut áttu að máli. Hvað viðvíkur veiðirèttinum yfir höfuð, einkum á landi, þá hefir mönnum þókt það eina vert að skilja undan, sem ekkert verulegt gagn er að, og get eg ekki ætlað neinum kristnum manni þá meinbægni, að banna slíka veiði sèr að skaðlausu, þegar leyfis er leitað um þetta, og mèr eru svo meinsamir menn ókunnugir.

Forseti: Það virðist, sem 2 ólíkar meiníngar sèu hèr í stríði á þínginu, sú er mælir með alfrjálsum veiðirèttí manna, hvar sem er, og hin, er vill binda hann vissum takmörkum, og láta hann fyrir hvern einstakan ekki ná út yfir takmörk lóðar hans. Sú en fyrri hefir fyrir sèr lángan óvana, grundvallaðan á þeirri afargömlu Jónsbók, þó að ákvarðanir hennar í ýmsum greinum ekki sèu alls kostar samhljóða, virðist líka, sem frjálsari, í fyrsta áliti aðgeingilegri, þó eg ætli, að frelsi það, hún berst fyrir, í sjálfu sèr sè megnasta ófrelsi, þegar málið er skoðað frá þeirri hlið, hverra eignarnotum hún vill raska. Allir vita, að eignarrèttindi eru ómissandi í því enu mannlega fèlagi; en að notarèttur sè eignarrèttindum samferða, ef þau eiga að vera nokkurs virði, er auðsætt, en veiðirèttur á eigin lóð er ei annað en einstök grein notarèttarins á lóðinni. Eg þarf ei að fara mörgum orðum um þetta, því eg get skírskotað til þess, er þíngmaður Ísfirðínga mælti um það efni, við undirbúnings-umræðu þessa málefnis. Eg þarf og varla að kvíða því, að frumvarpsins aðalástæða, hófleg takmörkun annarlegrar veiði, sigri ei hèr á þínginu, þar eð eg ætla, að ei sèu fleiri en 3 eða 4, er vilja mæla með óbundinni veiði, að mestu leyti hvar sem stendur. Sumir af þessum vilja þó hafa nægar takmarkanir, ei að eins hvað æðarfuglinn

snertir, heldur vilja og láta bandið á veiðinni líka ná yfir hreiður-alptir og látursel, og þíngmaður Eyfirðínga hefir jafnvel látið í ljósi, að enn fleiri dýr kynnu að mega koma undir friðun, og mætti þá svo fara, að þau en friðuðu dýrin sýndu regluna, en sú en óbundna veiði yrði undantekníngin. Þess má nú gæta, að sú eptiræskta friðun hreiðurálptanna flýtur beinlínis af frumvarpsins ástæðum, nema eigandi lóðar þeirrar, hvar álptirnar verpa, drepi þær sjálfur. Það er sagt, að sú en frjálsa veiði gefi meiri arð og ábata, en þetta fæ eg ei skilið, þegar hverjum eiganda er leyft að veiða á eigin lóð, í hið minnsta er ekki hægt að sanna þetta með neinum glöggum reikníngi, og víst mundi ei þurfa að óttast það, að skytturnar fækkuðu, þó veiðirèttindin væru takmörkuð við eigin lóð, því ef nokkuð væri í aðra hönd, mundi margur sá eigandi og ábúandi, sem nú ekki á byssu, af því óviðkomandi taka alla veiði frá honum, fara að læra að fara með byssu, til þess að nota sèr hlynnindi jarðar sinnar. Þar af má geta þess til, að það er lítil ástæða fyrir mótbáru þeirri, er þíngmaður Suðurmúlasýslu hefir hreift um sel þann, er kemur á hafísum að norðurlandi; komi þessir selir svo nærri landi, að þeir komi í lóðhelgi lands nokkurs, eru allstaðar, hvar sem er, lóðareigendur eða ábúendur fyrir, en ef utar er, þá er veiði selanna þar öllum heimil. Þíngmaðurinn frá Norðurmúlasýslu hefir farið því fram, að bezt mundi að ráða frá frumvarpinu að svo stöddu, af því ókunnugleiki kynni að olla því, að þíngið tæki það ráð upp, er ei væri sem haganlegast; en í því falli má eg geta þess, að í nefnd þeirri, er í fyrra undirbjó þetta veiðilaga frumvarp, sátu menn bæði frá Norður-, Vestur- og Suður-landi, og hèr á þessu þíngi sitja þjóðkjörnir menn frá flestöllum hèruðum landsins, og fæ eg því ei sèð, að alþíngið eigi eða megi berja sèr um ókunnugleika. Það sem þíngmaður Borgfirðínga mælti um hrognkelsaneta-lagnirnar, er að minni meiníngu rètt og satt, og ætla eg lítil ástæða sè fyrir þeirri breytíngu, er nefndin hefir gjört á frumvarpsins 12 gr., að breyta, „frá Aprílmánaðarlokum“ í „frá byrjun Marzmánaðar“, sem hèr er hávetur.

Enginn ræddi nú málið framar, og lèt þá forseti ganga til atkvæða um þessar spurníngar:

1. Vill þíngið ráða frá löggildíngu þessa frumvarps fyrst um sinn (Guttormur Vigfússon, Sveinn Sveinsson) eða biðja um það

sem lög með nauðsynlegum breytingum (nefndin, prófastur Stephensen, Jakob Pètursson, Stephán Jónsson)? Hið síðara samþykt með 17 atkvæðum.

2. Á 2. grein að haldast óbreytt, eða á hún að breytast eptir uppástúngu nefndarinnar? Hið síðara samþykt í einu hljóði.
3. Á í þriðju grein að fylgja frumvarpinu eða breytingum nefndarinnar? Hið síðara samþykt í einu hljóði.
4. Á fjórða grein að standa óbreytt, eða úr fella miðpart fyrra hlutans og breyta honum seinast (nefndin)? Hið síðara samþykt í einu hljóði.
5. Á fimta grein að haldast, eða úrfelling og breyting að ske eptir nefndarálitinu? Hið síðara samþykt í einu hljóði.
6. Á sjötta grein að haldast, eða við hana að auka? Hið fyrra samþykt með 13 atkvæðum.
7. Vill þingið hafa 7. grein óbreytta, eða með viðauka nefndarinnar? Hið síðara samþykt með 19 atkvæðum.
8. Vill þingið fella úr áttundu grein orðin, „ef hreppstjóra“ o. s. fr., og „talsverðan“? Því játað í einu hljóði.
9. Vill þingið, að bönnuð sè hrognkelsaneta lagning undir varphólmum frá lokum Aprílmánaðar (frumvarpið), eða frá lokum Febrúarmánaðar? Hið fyrra samþykt með 14 atkvæðum.
10. Vill þingið fella úr orðin, „annars manns“, í tólftu grein (prófastur H. Stephensen), eða láta þau standa? Hið fyrra samþykt með 16 atkvæðum.
11. Vill þingið í upphafi 14. greinar fella úr orðin, og breyta „ef skotið er á þeim tíma árs“ í „ef skotið er“ o. s. fr., (nefndin)? Samþykt með 18 atkvæðum.
12. Vill þingið hafa herskipaskot bönnuð? Samþykt með 21 atkvæði.
13. Vill þingið, að allur selur hèr við land sè friðaður fyrir skotum, nema farselur (prófastur Stephensen), eða halda ákvörðun frumvarpsins með breytingum? Hið síðara samþykt með 21 atkvæði.
14. Vill þingið breyta 15. grein eptir uppástúngu nefndarinnar, eða ekki? Játað með 19 atkvæðum.
15. Vill þingið auka sektina 1 rd. í enda 16. greinar til 5 rbda? Samþykt með 16 atkvæðum.

16. Vill þingið að öðru leyti fylgja frumvarpsins 16. grein, eða breytingum nefndarinnar? Hið síðara samþykt með 19 atkvæðum.
17. Vill þingið bæta við enda 21. greinar: „fyrst um sinn“? Samþykt með 20 atkvæðum.

Eptir svarinu upp á 6. spurníngu fèllu úr þessar spurníngar:

Vill þingið auka við enda hennar orðunum, „nema hann skilji eptir byssuna“ o. s. fr. (Jakob Pètursson)? og

Vill þingið auka við greinina (Stephán Jónsson, og viðauka-atkvæði prófasts Stephensens)? Og enn eptir svari uppá 14. spurníngu:

Vill þingið, að orðin í 15. grein, „þá eignast landeigandi veiðina“, breytist (að uppástúngu prófasts Stephensens) í: þá eignast landeigandi hálfa, og leiguliði hálfa veiðina?

Því næst var fundi slitið.

---

## 23. Júlí — átjándi fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykt.

Var þá tekið til undirbúnings-umræðu málefnið, að hvað miklu leyti þær konúnglegu tilskipanir, sem út eru geingnar á árunum 1845 og 1846 fyrir Danmörku, gætu átt við á Íslandi, og las framsögumaður kammerráð Melsteð upp álitsskjal nefndarinnar í því máli.

### NEFNDARÁLIT

um, hver af þeim lagaboðum, sem út hafa komið fyrir Danmörku árin 1845 og 1846, eigi að fá lagagildi á Íslandi.

Alþíng hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd til að íhuga og segja álit vort um það, hver af þeim árin 1845 og 1846 útgeingnu lagaboðum fyrir Danmörku væru þess eðlis, að hagfelt mundi, að þeim yrði veitt lagagildi á Íslandi.

Eptir að vèr höfum íhugað og granskoðað þetta mál, leyfum vèr oss að gjöra álit vort uppskátt um það á þessa leið:

Oss virðist það vera í augum uppi, að af þeim hèr tilgreindu lagaboðum geti einúngis orðið spursmál um, að heimfæra til þessa lands tilskipunina frá 8. Jan. 1845, sem afmáir tekjuskattinn eptir tilsk. frá 12. Jún. 1770, og um tilsk. frá 21·

Maí 1845 um breytíngar á erfðalöggjöfinni. Öll hin lagaboðin, sem komið hafa út fyrir Danmörku á því tiltekna tímabili, þykja oss ekki geta komið til umtals í þessu efni, eða með minnsta móti átt við hagi Íslands, þar sem þau öll standa í sambandi við, eða ítarlega ákveða málefni, sem snerta Danmörku út af fyrir sig; þykir oss ekki þörf á að leiða þessu til sönnunar ítarlegri röksemdir.

Hvað nú fyrst snertir tilsk. frá 8. Jan. 1845, þá er það að vísu svo, að tilsk. 12. Júní 1770 er að miklu leyti geingin úr gildi hèr í landi, síðan konúngur með úrskurði sínum 26. Sept. 1838 gjörði skipun um afgjaldið af sýslunum, frábrugðna þeirri, er áður var, því þá hætti tekjuskattinum í flestum sýslum; en þó gildir nefnd tilskipun enn þá um þá sýslumenn sem sátu í embættum, þegar úrskurðurinn kom út, að því leyti hundraðsskatturinn af embættistekjum hlutaðeigandi sýslumanns, og hið gamla eptirgjald eptir sýslurnar er minna, en svarar eptirgjaldi því, er eptirleiðis er ákveðið, og virðist oss því einsætt, að tilskipunin fra 8. Jan. 1845 eigi hèr vel við, því annars nytu þeir embættismenn, sem enn þá eiga að lúka hèr embættistekjuskattinum, ekki sömu rèttinda eða lèttis, eins og konúngurinn hefir veitt öðrum embættismönnum sínum í ríkinu. Einnig virðist oss, að við þetta standi í nákvæmu sambandi afdráttur sá, sem hèr á sèr stað, og hvílir á launum einstöku embættismanna, t. a. m. amtmanna og landsyfirrèttarins meðlima; því afdráttur þessi ætti að falla niður, um leið og tilskipan frá 8. Jan. 1845 er heimfærð til þessa lands, þar eð allar hinar sömu ástæður, sem mæla fram með aftekningu embættistekjuskattsins bæði í Danmörku og á Íslandi, eiga hèr við, og aftekning þessa afdráttar styrkist líka við opið brèf frá 30. Des. 1845, sem aftekur afdrátt þann af tekjum nokkurra embættismanna, sem ákveðinn var með konúngsbr. frá 10. Apr. 1745.

Hvað því næst áhrærir tilskipunina frá 21. Maí 1845, þykir oss það eingum vafa undirorpið, að tilskipun þessi eigi að fá hèr lagagildi, þar eð hún bætir úr mörgum þeim misfellum og ójöfnuði, er kom fram eptir hinni gömlu og hingað til gildandi löggjöf um arftöku og arfgeingi, einkum í síðulínum. Vèr hyggjum því, að löggjöf þessi muni koma Íslandi í góðar þarfir, hvar erfðir síðan 17. Febr. 1769 hafa farið eptir fyrirmælum NL. 5—2. En þegar þessi rèttarbót er lögleidd á Íslandi, er það jafnframt ljóst, að þær ákvarðanir hennar, sem standa í

sambandi við sèrstakan erfðarètt og arfgeingi í Danmörku, sem ekki á sèr stað hèr í landi, hljóta að fellast úr, eins og vèr líka síðar munum leyfa oss að stínga upp á einstöku breytíngum í nokkrum þeim ákvörðunum tilskipunarinnar, sem að öðru leyti geta átt hèr heima, og skulum vèr nú fara fám orðum um hvorutveggju þessi atriði.

Í annari grein tilskipunarinnar er það ákveðið, að laganna 5—2—29, eptir hverri karlmaður tekur helmíngi stærri lóð en kvennmaðnr, skuli vera óbreytt. En foreldrum er þar á móti leyft að gjöra dóttur jafna syni, eða á annan hátt auka þann arfahlut, sem henni ber, þó svo, að hann verði ei stærri en arfahluti bróður. En nefndinni þykir það betur fallið, og ætlar, að það muni vera meir að skapi landsmanna, að það sè í þessari grein skýlaust boðið, að dætur taki jafnan arf við syni, og þá yrði og þessi grein samkvæmari ákvörðunum 4. og 5. greinar hèr á eptir, heldur en í hinni dönsku tilskipun.

Verði annari grein tilskipunarinnar breytt á þann veg, er vèr höfum stúngið upp á, er það sjálfsagt, að í 4. grein verða að fellast úr orðin frá, „og án þess“ — „er arf lætur eptir sig.“

Úr 9. grein verða að fellast orðin: „eða ef hann er úr sjómannaliði með því að útvega fríunarbrèf“, því þau eiga hèr ekki við; og sömuleiðis orðin, „þetta gildir þó einúngis“ — „sèrlegar arftökureglur eru gefnar.“

Í staðinn fyrir tilvísunina til D. laga í niðurlagi 11. greinar hyggur nefndin rèttara væri að bæta í stuttu máli við greinina innihaldi lagaboða þeirra, er hún til greinir, þar eð þau með öllu eru ókunnug alþýðu á Íslandi, og hafa hèr aldrei birt verið, ellegar setja í enda greinarinnar: skulu slíkar gjafir ógildar vera.

Þar eð nefndin heldur, að sú ákvörðun, sem byrjun 15. greinar inniheldur, um að bóndi, sem missir konu sína, sè ekki skyldur að skipta með börnum, hvort sem þau eru myndug eða ómyndug, ekki eigi alls kostar vel við á Íslandi, og geti leidt til misbrúkunar, óánægju og ýmsra vankvæða: virðist henni bezt fallið, að bóndinn, eptir lögunum, einúngis hafi rètt til að sitja í óskiptu búi, meðan börnin eru ómyndug, en þegar eitt þeirra eða fleiri verða myndug og óska skipta, ætti hann að vera skyldur til þess, nema hann, að feingnum upplýsíngum frá hlutaðeigendum, öðlist leyfisbrèf hjá hlutaðeigandi amtmanni til að sitja í óskiptu búi, og samkvæmt þessu ætti því

upphaf greinarinnar að breytast, eins og líka orðin, „bæjarráðið í Kaupmannahöfn og annars“, seinna í greininni, ættu úr að fellast.

Í stað þeirra lagaboða, sem vitnað er til í niðurlagi 9. greinar, verður nú hèr að skírskota til tilskipunar frá 18. Febr. þ. á. um stjórn á eignum ómyndugra manna á Íslandi.

20. greinin í tilskipuninni verður einnig að breytast, því þar eð tilskipun frá 21. Jún. 1799 aldrei hefir verið lögleidd hèr á landi, þarf hennar hèr ekki að geta; þar á móti mætti minnast á það hèr, að konúngs-úrskurður 21. Júlí 1808, er fríar fátæka handiðnamenn í Reykjavík frá að borga leyfi til að sitja í óskiptu búi, skuli framvegis vera ógildur.

Í staðinn fyrir orðin, „kansellíið“ og „kansellíisins“, í 22. grein, virðist nefndinni hèr eiga að setja amtmaður og amtmannsins; því það þykir of örðugt að leita þesskonar leyfis, sem greinin talar um, suður til Danmerkur, og það er líka samkvæmt eldri ráðstöfunum, að veita amtmönnum hèr, vegna fjarlægðar landsins, leyfi til að ráða þesskonar lofum, sem amtmenn mega ekki ráða fyrir í Danmörku, t. a. m. að veita hjónum skilnaðarskrá.

Verði 2. grein þessarar tilskipunar breytt á þann hátt, er nefndin hefir stúngið upp á, hljóta orðin, „auk rèttar þess“ — „arfahlut dætranna“, að fellast úr 23. grein.

Í stað þess, sem boðið er í niðurlagi 24. greinar, um birtíngu stefnu þeirrar, er þar ræðir um, verður hèr að ákveða, að hana skuli birta í blaði því eða tímariti, sem hèr kemur út í landinu.

Vegna þess að stimplaður pappír er ekki lögboðinn hèr í landi, hljóta orðin, „og má hafa til þess í bráð óstimplaðan pappír“, að fellast úr 25. grein.

Af því 26., 27., 28. og 29. grein áhræra þann erfðarètt, sem er sèrstakur fyrir Danmörku, og ekki á sèr stað á Íslandi, og þess vegna eiga hèr ekki við, verða þær að fellast úr tilskipuninni, og sömuleiðis 31. grein, er inniheldur ákvarðanir um stimplaðan pappír, sem ekki eiga við á Íslandi.

Í stað þess, að 32. grein vísar til aukatekjureglugjörðarinnar fyrir Danmörku frá 22. Marts 1814 § 96, verður hèr að vísa til aukatekjureglugjörðarinnar fyrir Ísland frá 10. Sept. 1830 § 38; en orðin frá „og sömuleiðis“ — „í tèðri reglugjörð“

fellast úr, og sömuleiðis niðurlag greinarinnar, sem ekki á hèr við, af þeim ástæðum, sem áður eru taldar við 20. grein.

Líkt og ákveðið er í 33. grein fyrir Danmörku, heldur nefndin, að tilskipuninni hèr fyrst ætti að veita lagagildi um þann arf, er fellur eptir 1. Okt. þess árs, þá tilskipunin er löglega birt á manntalsþingum um vorið eða sumarið áður.

Eptir að nefndin nú þannig hefir vikið á þær breytíngar, með hverjum hún ætlar að löggilda eigi tilskipunina frá 21. Maí 1845 hèr á Íslandi, vill hún nú með fám orðum minnast á þá íslenzku útleggíngu af tèðri tilskipun, sem lögð hefir verið fyrir þíngið. Þessi útlegging er, yfir höfuð að tala, góð og greinileg; en þó bregður fyrir í henni einstöku orðum, sem nefndinni virðast ekki alls kostar heppilega valin, og breyta mætti til hins betra. Þó tilgreinir nefndin þessi orðatiltæki hèr eingan veginn í þeim tilgángi, að ræða skuli um þau hèr á þínginu, og enn síður, að greiða skuli um þau atkvæði, heldur einúngis til þess, að þeir menn, hverjum stjórnin felur á hendur seinast að semja tilskipunina á íslenzku, hafi þau sèr til eptirsjónar, og geti tekið bendíngar nefndarinnar til greina.

Í enda 6. greinar er orðið, „umhverft“, óviðfeldið, og mætti setja í stað þess, og eins á hinn bóginn.

Í 7. grein eru orðin, „men at hvis kun een af disse Linier er til, da den hele Arv tilfalder denne“, ekki útlögð, og mætti þýða þau þannig: en sè annar leggurinn einn uppi, tekur hann allan arf.

Í 8. grein færi betur að setja púnkt eptir orðið, „framan“, og snúa svo greininni upp þaðan þannig: Takmark það, er lögin stundum setja við 7. mann, á sèr því upp frá þessu ekki stað.

Í 10. grein ætti í stað orðanna, „óskiptu búi“, að standa fèlagsbúi; fyrir orðið, „almennt“, ætti að setja yfir höfuð að tala; fyrir „röksemd“ sönnun; fyrir „sèrlegar upplýsíngar“ sèrleg skýrteini; fyrir „traustið“ trúverðugleika; fyrir „ástandi“ ásigkomulagi; fyrir „það“ því; fyrir „vinir“ nákunníngjar; einnig ætti í staðinn fyrir orðið, „skiptaforstjóri“, er kemur fyrir bæði í þessari grein og víðar í útleggíngunni, ætið að setja skiptaráðandi.

Í staðinn fyrir orðið, „arfahluti“, í 11. grein og víðar, ætti að setja erfðahluti; fyrir orðin, „skuldbundið til“, skyldað

til sem skuldunautur; og fyrir orðin, „verður ófært um“, vinnst ekki til.

Í 13. grein ættu orðin, „upp í föður og móðurarf sinn eða annanhvorn“, að fellast úr, en setja aptur: upp í arf sinn eptir föður og móður eður annaðhvort þeirra.

Orðið „sè“ í byrjun 14. greinar ætti að fella úr, en í stað þess koma orðin, skal vera; fyrir „afstanda“ afsala sèr; fyrir „við þann“ þeim; og fyrir „þokkabót“ og „bótalaust“ endurgjald og endurgjaldslaust.

Fyrir orðin, „hafa tillit til þess“, í 15. grein, ætti að koma miða við þann; og fyrir orðin, „með fleiri afkomendum“, millum fleiri afkomenda.

Í staðinn fyrir orðið, „ómerkt“, í 16. grein, ætti að koma ógilt; fyrir orðin, „er eins undirkomin“, erundir sömu kjörum; og fyrir orðin, „fyrirfram af búinu, áður nokkur skipti fari fram“, af óskiptu búi.

Fyrir orðið „ferst“ í 17. grein, ætti að setja hverfur.

Í stað orðanna, „skynsöm og góð búkona“, í 18. grein, ætti að setja: ráðdeildarsöm kona, er kunni vel að fara með fè sitt.

Í 19. grein eru orðin, „3 Almindelighed“, ekki útlögð, og þyrfti því að bæta við eptir orðin, „fjármuni búsins“, nema nauðsyn beri til.

Í stað orðsins, „framvegis“, í byrjun 21. greinar, ætti að setja orðið, eptirleiðis.

Samkvæmt því er nefndin hèr að framan hefir tilgreint, leyfir hún sèr að ráða alþingi til að biðja allraþegnsamlegast Hans Hátign konúnginn um, að hèr á Íslandi verði veitt lagagildi

1. Tilsk. 8. Jan. 1845, sem afmáir tekjuskattinn eptir tilsk. 12. Jún. 1770, og að um leið verði aftekinn afdráttur sá af launum nokkurra embættismanna hèr á landi, sem boðinn er með tilskipunum 31. Jan. 1691 og 23. Febr. 1692.
2. Tilsk. 21. Maí 1845, um breytíngar í erfðalöggjöfinni þannig:
   *a.* að í annari grein tilskipunarinnar verði skýlaust boðið, að dætur taki jafnan arf við syni.
   *b.* að úr fjórðu grein verði feld orðin, „og án þess“ — „er arf lætur eptir sig.“
   *c.* að úr níundu grein verði feld orðin, „eða ef hann er úr sjómannaliði, með því að útvega fríunarbrèf“, og orð-

in, „þetta gildir einúngis“ — „sèrlegar arftökureglur eru gefnar.“

*d.* að í staðinn fyrir tilvísunina til dönsku laga í niðurlagi 11. greinar, væri við greinina annaðhvort stuttlega bætt innihaldi þeirra tilvitnuðu lagaboða, eður einúngis orðunum, skulu slíkar gjafir vera ógildar.

*e.* að í stað þeirra lagboða, sem til er vitnað í niðurlagi 19. greinar, verði skírskotað til tilskipunar frá 18. Febr. þ. á. um fjárforráð ómyndugra á Íslandi.

*f.* að 20. greinin í tilskipuninni verði úr feld.

*g.* að úr 22. grein verði úr feld orðin, „Kanselliið“ og „Kansellíisins“, og í stað þeirra sett orðin, amtmaður og amtmannsins.

*h.* að úr 23. grein fellist orðin, „auk rèttar þess — arfahlut dætranna“.

*i.* að í stað þess, sem boðið er í niðurlagi 24. greinar, verði hèr ákveðið, að stefnuna skuli birta í blaði því eða tímariti, er hèr kemur út í landinu.

*k.* að úr 25. grein fellist orðin, „og má hafa til þess í bráð óstimplaðan pappír“, og allur seinasti liður þessarar greinar.

*l.* að úr tilskipuninni fellist 26., 27., 28., 29. og 31. grein.

*m.* að í 32. grein verði vísað til aukatekjureglugjörðarinnar fyrir Ísland frá 10. Sept. 1830 §. 38 í stað hinnar dönsku aukatekjureglugjörðar; og að orðin „ og sömuleiðis“ og til enda greinarinnar, fellist úr.

*n.* að tilskipunin fái lagagildi á Íslandi frá 1. Okt. þess árs, þá hún er birt á löglegan hátt á manntalsþingum um vorið eða sumarið næst áður.

*o.* að 18. grein breytist þannig, að bóndi eptir lögum einúngis hafi rètt til að sitja í óskiptu búi, meðan börnin eru ómyndug; en þegar eitt þeirra eða fleiri verða myndug og óska skipta, ætti hann að vera skyldur til þess, nema hann öðlist leyfisbrèf hjá amtmanni til að sitja í óskiptu búi.

Reykjavík, þann 19. dag Júlímánaðar 1847.

P. Melsteð. Th. Jónassen. Jón Sigurðsson.
H. G. Thordersen. J. Johnsen.

Framsögumaður Kammerráð Melsteð: Eg hefi fáu við álitsskjalið að bæta; eg skal einúngis benda þíngmönnum til þess, að tilskipanin frá 21. Maí 1845 hefir í mörgu breytt til ens betra af hinum eldri híngað til gildandi erfðalögum, einkum hvað arfgeingi í síðulínunum snertir. Áður var það undir hendíngu og einstakra manna dauðsföllum komið, hvern arf síðulínu-erfingjarnir eður útarfarnir feingju, og eitt dauðsfall gat í því tilliti gjört hina mestu breytíngu. Eg vil skýra þetta fyrir þinginu með einu dæmi: Einn faðir, sem á 24,000 rbd., á tvo sonu; annar þessara á eina dóttur, en hinn á 3 syni. Nú deyr faðirinn, og sonurinn, sem dótturina átti, er dáinn á undan honum. Nú tekur dóttirin, eptir þeim híngað til gildandi lögum, þann arf, sem föður hennar hefði borið, nl. 12,000 rbd.; en hefði nú föðurbróðir hennar líka verið dáinn undan föðurnum, þá hefði hún og synir hans öll erft eins og syskini og þannig ekki feingið nema $\frac{1}{7}$ af öllum arfinum eður 3428 rbd. í staðinn fyrir 12,000 rbd.; en synirnir þar á móti feingju nú hver 6856 rbd. í staðinn fyrir 4000 rbd. Við þessum biltíngum er nú gjört í hinni nýju erfðalöggjöf, því eptir henni helzt arfurinn altaf í sama legg, og afkomendurnir taka ætíð þann arf, sem foreldri þeirra hefði borið. Hin nýja löggjöf er og svo mikið sanngjarnari í tilliti til þess, hvernig móðir á að erfa barn sitt, og gjörir rètt hennar í þessu tilliti jafnan föðursins, eins og vera ber. Áður erfði faðir, þegar móðir var dauð, barnið einsamall, en móðirin erfði ekki nema eitt systkina, eða eins og bróðir, ef bróðir var til, en eins og systir, ef ekki var bróðir til. Nú þar á móti tekur hvort foreldranna, sem lifir, hálfan arfinn eptir barn sitt, en syskinin halfan. Tilskipanin nýja inniheldur líka náttúrlegri ákvarðanir um bróðurlóð hins eptirlifandi ektamaka, en áður var; því þá þurfti að skila henni aptur, ef ekkillinn giptist aptur. Tilskipanin inniheldur líka hentugari og nákvæmari reglur fyrir því, hvernig börn skuli innfæra í búið, eður þeim verða reiknað í arf það fè, sem þau fyrir fram hafa feingið af foreldrum sínum. Einnig hefir tilskipanin rýmkað mikið rètt ekkjumanns og ekkju til að sitja í óskiptu búi. Áður þurfti að kaupa til þess leyfisbref, en nú þarf þess ekki. Loksins hefir tilskipanin gefið mönnum rýmri rètt til að gjöra arfleiðsluskrár, en áður var, og staðfestíngarbrèf upp á þær þarf nú ekki að kaupa, heldur

einúngis sjá um, að arfleiðsluskrárnar sèu rèttar og í því formi gjörðar, er tilskipanin býður.

Nefndin hefir felt úr tilskipuninni einúngis þær greinir, atriði og klausur, sem ekki áttu við hèr á Íslandi, en á breytíngum hefir hún eingum upp á stúngið, nema tveimur, nefnil. í 2. og 18. grein. Í 2. grein tilskipunarinnar er það ákveðið, að dætur í niðurstígandi línu ekki skulu erfa meira en helmíng á móti bræðrum, en foreldrunum þó vera leyft, að gjöra þær jafnar við þá. Nefndin hefir þar á móti upp á stúngið, að lagagrein þessi með berum orðum skyldi á kveða, að dætur í niðurstigandi línu skyldu taka arf jafnt við syni. Þetta er bæði í sjálfu sèr það sanngjarnasta og rèttasta, og eg veit ekki betur, en það sè lögtekið hjá öllum norðurálfunnar þjóðum, nema Dönum og Norðmönnum, að Englandi undanteknu, hvar *primogeniture*, eða frumgetníngar-rètturinn, enn nú er gildandi, þannig, að elzti sonur, í hið minnsta í mörgum tilfellum, tekur allan arfinn. Nefndin var í þessu efni öll á einu máli, og hún veit ei betur, en að flestir, ef ei allir, þíngmenn sèu það líka, eins og það líka mun vera beztu og hyggnustu mönnum þjóðarinnar geðþekkast. Hèr sitja á þínginu eintómir karlmenn, en eg gjöri samt ráð fyrir, að þeir gleymi ei kvennfólkinu, sem situr heima. Sú önnnur breytíng, sem nefndin hefir upp á stúngið, er við tilskipunarinnar 18. grein. Þar er boðið, að bóndi hafi rètt til að sitja í óskiptu búi, hvort börn eru myndug eða ómyndug. Þessi ákvarðan er í mörgu tilliti ísjárverð, og getur leidt til illra afleiðínga. Nefndin hefir því upp á stúngið, að bóndi einúngis skyldi hafa þennan rètt, meðan börnin eru ómyndug, en þegar eitt af þeim eða fleiri verða myndug og óska skipta, skyldi hann sækja um leyfi til þess hjá hlutaðeigandi amtmanni, sem ætíð mun veita það, þegar sanngirni mælir fram með því.

Auk þeirra 2 tilskipana, sem nefndin þannig hefir upp á stúngið að hèr yrðu innleiddar, vil eg enn nefna opið brèf kanselliisins frá 22. Júli 1845, um að lífrentur og uppeldisstiptanir frá 1842 skuli koma í stað hins almennilega ekkjukassa frá 1. Sept. 1845. Það verður nú nauðsynlegt að innleiða þetta lagaboð hèr í Íslandi, þar embættismönnum hèr er líka gjört það að skyldu, að setja inn í tèða stiptun fyrir ekkjur þeirra. En þar eð niðurlag þessa opna brèfs segir, að nákvæmari ákvarðana megi vænta um reglur þær, er fylgja skuli, nær sett

er inn í tèða stiptun, vildi nefndin ekki stínga beinlínis upp á, að það væri hèr innleidt, meðan ákvarðanir þessar eru hèr ekki auglýstar. Hún hèlt það nægja, að aðgjörðir þingsins bæru það með sèr, að menn hèr óskuðu þess, að þessar ákvarðanir yrðu hèr auglystar á íslenzku.

Stephán Jónsson: Eg verð að játa, að eg er í alla staði ófær til að ræða þetta mál, en fyrst einginn tekur til orða, ætla eg stuttlega að láta meiningu mína í ljósi. Eg hefi að eins farið fljótlega yfir reglugjörðina, sem lögð var í lestrarsalinn um þetta mál, sem þó er mikils um vert. Að því leyti sem eg hefi getað athugað nefndarálitið og breytíngar þær, er það hefir gjört, falla þær mèr að mestu eða öllu vel í geð, einkum hvað það snertir, að gjöra dætur jafnar sonum í arftöku, og held eg margir foreldrar mundu óska eptir þeirri löggjöf. Það var einúngis eitt, sem eg var í efa um, hvort nefndin hefði breytt til betra eða ekki, og það var í 18. greininni, um það, hvort það mundi hafa betri afleiðíngar, að þegar einn erfingi væri orðinn myndugur, gæti hann heimtað skipti, þó margir erfingjar væru í ómegð, og hefi eg opt með viðkvæmu tilliti litið til þess, að barn nýfædt eða á fyrsta ári hefir ekki fengið meiri arf en annað fulltíða, sem ekki heldur gat orðið eptir lögunum. Úr þessu hefði nú reyndar mátt bæta með því að fá leyfisbrèf til að sitja í óskiptu búi, því þá hefði það foreldrið, sem leingur lifði, betur getað uppalið ómegð sína; en sá örðugleiki hefir verið á, að leyfisbrèf til að sitja í óskiptu búi hafa verið svo dýr, að mjög fáir, og að minnsta kosti eingir fátæklíngar, hafa verið færir um að kaupa þau. Úr þessum örðugleika bætir nú ekki nefndarálitið eða reglugjörðin, að því leyti sem þar er ekki nefnd borgun leyfisbrèfanna. Feingi eg nú vissu fyrir, að leyfisbrèf þessi feingjust annaðhvort með litlu eða eingu verði, þá felli eg mig vel við breytíngu nefndarinnar; annars verð eg að áskilja mèr breytíngaratkvæði, samkvæmt því er eg hefi látið í ljósi, áhrærandi 18. greinina.

Framsögumaður: Nefndin minntist ekkert á borgun fyrir leyfisbrèf þessi, af því hún áleit það sjálfsagt, að þau mundu fást ókeypis; því það sem konúngur vor hefir veitt öðrum þegnum sínum með sjálfri löggjöfinni, mundi hann ekki láta þegna sína á Íslandi þurfa að kaupa leyfi til, þó það verði látið koma undir yfirvaldanna umsjón og leyfi, hvort ekkjumenn

megi sitja í óskiptu búi, þegar börn eru orðin myndug og óska skipta, ellegar ekki. Nefndinni þókti betra og hentugra, að yfirvaldið skyldi veita leyfi til þessa, þegar kríngumstæðurnar mæla fram með því, heldur en að það ætíð takmarkalaust skuli vera leyft með lögunum sjálfum; því þó sanngirni og kríngumstæður mæli opt fram með því, að ekkjumaðurinn megi sitja í óskiptu búi, þó eitt eða fleiri af börnunum sè myndugt, þá er það á hinn bóginn opt líka mikið ósanngjarnt, að hann haldi inni fyrir myndugum börnum þeim arfi, er þau þurfa nauðsynlega á að halda.

Stephán Jónsson: Eg verð að játa, að það er öldúngis rètt og samkvæmt minni meiníngu, er sá heiðraði framsögumaður sagði, að það væri allt undir kríngumstæðum komið, hvort nauðsyn væri fyrir hlutaðeiganda að sitja í óskiptu búi, og ætti það með fram að vera komið undir fleiri manna áliti og kannske hlutaðeigandi yfirvalds; en með því eg þykist nú vera búinn að fá vissa von um, að leyfisbrèfið muni fást ókeypis eða með litlu verði, fell eg frá breytíngar-atkvæði því, er eg áðan áskildi mèr.

Konúngsfulltrúi: Með tilliti til þess að hinn virðulegi alþíngismaður úr Eyjafarðarsýslu hefir óskað að fræðast um það, hvort nokkuð sè goldið fyrir leyfisbrèf þau til að sitja í óskiptu búi, sem amtmenn veita samkvæmt tilsk. 21. Maí 1845 18. grein, vil eg ekki láta hjá líða að geta þess, að í Danmörku er ekkert goldið fyrir þess kyns leyfi, eins og ekki heldur fyrir nokkurt það leyfisbrèf, er amtmenn gefa út í sjálfs síns nafni.

Um uppástúngur þær, sem nefndin hefir gjört í áliti því, sem nú er komið hèr til umræðu, hefi eg einúngis fátt eitt að segja. Að því leyti nefndin hefir ætlað, að tilsk. frá 8. Jan. 1845, um að afmá tekjuskatt embættismanna, yrði leidd í lög á Íslandi, þá get eg einúngis þess, að eg veit ekki betur, en að það hafi verið ætlan og áform stjórnarráðs þess, er hlut á að máli, að skattur þessi, hvað Ísland snertir, yrði afmáður einúngis á þann hátt að tilkynna tollheimtumanni þeim, er skattinn ætti að taka, að hann skyldi ekki krefjast hans; en að öðru leyti sè eg ekki, að nokkuð geti verið að því, þó alþíng fylgi í þessu atriði uppástúngu nefndarinnar.

Hvað 24. grein í tilskipun frá 21. Maí 1845 snertir, um stefnu-auglýsíngar í stiptsblöðum, þá er það eðlilegt, að breyta

þyrfti þessari ákvörðun; en eg ætla ekki, að það yrði hag kvæmt, ef lögboðið yrði, eins og nefndin hefir stúngið upp á, að prenta skyldi auglýsíngar þessar í blaði því eða tímariti, sem út kæmi hèr á landi; því að sönnu er mèr kunnugt, að bæði hefir hèr verið til Klausturpóstur og Sunnanpóstur, en þeir eru nú báðir dauðir, og eingin vissa er fyrir því, hversu leingi Reykjavíkurpósturinn verður á ferð um landið.

Nokkuð fleiri orðum þarf eg að fara viðvíkjandi athugasemdum nefndarinnar um orðfæríð á útleggíngu tilskipunar frá 21. Maí 1845. Því jafnvel þó eg gæti geingið fram hjá athugasemdum þessum, þar eð nefndin hefir sjálf lýst yfir því, að hún hafi ekki gjört þær í því skyni, að þær skyldu koma til umræðu á þíngi eður lenda í bænarskrá alþíngis, þá hygg eg þó, að eg eigi vegna eptirkomandi tímans að tilgreina ástæður þær, hvers vegna eg held að athugasemdir þessar hefðu átt að vera með öllu úti látnar úr álitsskjali nefndarinnar.

Þegar stjórnin samkvæmt konúngsúrskurði frá 10. Novembr. 1843. beiðist álits þíngsins um það, hverjar af tilskipunum þeim, sem út hafa komið fyrir Danmörku, muni geta átt vel við á Íslandi, þá gjörir stjórnin ráð fyrir, að flestir meðal þíngmanna, einkum þeir menn, sem sèu valdir í nefnd til þess að segja álit sitt um það mál, sèu að minnsta kosti svo vel að sèr í dönsku, að þeir geti kynt sèr tilskipanir þær, sem út eru gefnar fyrir Danmörku, og eptir því gjört sèr ímyndun um, hverjar tilskipanir sèu vel fallnar til að lögleiðast hèr á landi. Ef stjórnin gjörði ekki ráð fyrir þessu, þá yrði það nauðsynlegt, að öll lög, sem kæmi út handa Danmörku, yrðu án undantekníngar lögð út á íslenzku, til þess alþíngi veittist kostur á að skera úr því, bæði hverjar tilskipanir væru ekki fallnar til, og hverjar vel fallnar til að lögleiðast á Íslandi. En það er nú í augum uppi, hversu mikið starf, bæði óþarflegt og kostnaðarsamt, mundi útheimtast til þess að útleggja allar danskar tilskipanir á íslenzku. En meðan þannig aðferð stjórnarinnar er bygð á þeirri tilgátu, að alþíngismenn kunni svo mikið í danskri túngu, að þeir yfir höfuð geti dæmt um, hverjar danskar tilskipanir eigi við að lögleiða á Íslandi, hefir þó stjórnin með fram gjört ráð fyrir, að þeir mundu vera nokkrir meðal þíngmanna, sem ekki gætu að fullu kynt sèr einstakar ákvarðanir í tilskipunum þeim, sem þíngið vildi lögleiða hèr á landi, nema því að eins að þær væru útlagðar.

Fyrir þá sök lætur stjórnin semja útleggíngu og senda þínginu af þeim tilskipunum, sem stjórninni virðist að muni einnig geta átt vel við á Íslandi.

Tilgángurinn með þessar útleggíngar er þannig allur annar, en með útleggíngar á tilskipunum þeim, sem koma út til fulls og alls fyrir Ísland, eður á frumvörpum þeim, sem lögð eru undir álit alþíngis. Orðfærið á tilskipunum þeim, sem út koma, á ekki einúngis á frumritunum, heldur einnig á útleggíngunum, svo reglulega og nákvæmlega sem unt er, að leiða í ljós vilja og meiníngu löggjafarans með ákvörðunum tilskipananna; og lagafrumvörpin eru ætluð til þess að vera undirstaða þeirra tilskipana, sem síðar koma út sem lög. Utleggíngar þessar verður því að semja með allra mestu alúð og nákvæmni. Þar á móti er tilgángurinn allur annar með útleggíngar tilskipana þeirra, sem lagðar eru fyrir alþíng, til þess það segi álit sitt um þær, þar eð útleggíng þessi er gjörð í því skyni, að alþíngismenn, og að líkindum ekki nema nokkrir þeirra, hafi hennar not.

Eins og nú tilgángurinn er ólíkur, svo er og aðferð sú, sem við er höfð á þessum tvenns kyns útleggíngum, öldúngis ólík. Tilskipanir þær, sem gefnar eru út handa Íslandi, svo og lagafrumvörp þau, sem borin eru upp á alþíngi, eru nú útlögð á íslenzku, eins og þíngmenn að líkindum vita, af embættismanni einum í Kaupmannahöfn, sem er fæddur á Íslandi, og sem þykir vera færastur til að hafa það starf á hendi. En hvað tilskipanir þær, sem gefnar eru út fyrir Danmörku, snertir, og sem nú eru umtalsefni, þá hefir kansellíið hingað til beðið mig að sjá um, að þeim yrði snúið samsvarandi tilgángi þeirra. Eptir tilgángi þeim, sem eg nýlega gat um að væri með útleggíngu þessara tilskipana, getur sjálfsagt hver maður, sem kann bæði málin, útlagt þær, og því hefi eg látið einn af hinum ýngri Íslendíngum í Kaupmannahöfn hafa það starf á hendi. Þar eð nú nefndin sjálf játar, að útleggíng þessi sé yfir höfuð góð og greinileg, þá hefir hún fullkomlega náð sínum tilgángi; meira eiga menn ekki að heimta af henni, þar eð hún er ekki ætluð til þess, að á henni skuli verða bygð sú útleggíng, sem seinna meir yrði gjörð á tilskipun þeirri, sem um þetta málefni kann að verða gefin út handa Íslandi. Hèr af leiðir og, að til er einúngis eitt exemplar af útleggíngu þessari, sem er ætlað til þess að geymt verði í

skjalasafni þingsins, eptir að þingmenn hafa brúkað það eptir þörf.

Eptir það, sem eg þannig hefi sagt, verð eg að álíta, að athugasemdir þær, sem nefndin hefir gjört um orðfærið á útleggingu þessari, sèu öldúngis óþarfar; því athugasemdirnar verða með öllu óskiljanlegar stjórninni, sem ekki hefir neitt exemplar af þeirri útleggingu í höndum, sem athugasemdirnar eru gjörðar um; og þessi útlegging verður heldur ekki kunn þeim embættismanni, sem seinna verður falið á hendur að útleggja tilskipun þá, sem út verður gefin. Mèr virðist enn fremur, að það eigi ekki heldur vel við, ef embættismaður þessi væri minntur á, þegar hann legði tilskipanina út, að fylgja þessari útleggingu, sem hèr hefir verið framlögð, og sem þannig er til orðin, eins og nú hefir verið sagt. En þegar þannig athugasemdir nefndarinnar eru ekki til nokkurs gagns, þá eru þær jafnvel skaðlegar, því þær auka störf nefndarinnar, sem betur væri varið til annara málefna; upplestur þeirra á þinginu eyðir tíma fyrir því, sem betur mætti til annars verja; og innfærsla þeirra í þingtíðindin eykur vöxt tíðindanna án nokkurs gagns fyrir lesendur, sem ekki heldur verður útleggingin kunnug.

Eg hefi þannig þókzt þurfa að gjöra þessar athugasemdir, til þess að koma því til leiðar, að aðferð þeirri, sem nefndin nú hefir við haft, yrði eptirleiðis, þegar eins er ástadt og nú, breytt á annan veg.

Framsögumaður: Það ætlar að sannast hèr á nefndinni hið fornkveðna orðtæki: margt fer öðruvísi, en ætlað er. Nefndin ætlaði að vinna þinginu í hag, en eingum gjöra skaða, þegar hún gjörði þær athugasemdir við einstöku orðatiltæki í íslenzku útleggingunni yfir dönsku tilskipunina um erfðir, sem nefndar álitsskjalið inniheldur og konúngsfulltrúinn nú hefir rædt um. Á fyrra þingi urðu hèr lángar umræður um þesskonar *orðatiltæki*. Þetta ætlaði nefndin að fyrirbyggja. Það getur nú verið, að nefndarmönnum þeim, er álitsskjalið hafa undirskrifað, geti skjátlazt í því, að sjá rètt, hvað „ópassandi“ sè eða ekki; en hitt veit eg, að þeir höfðu eingan ásetning til að koma fram með neitt það, sem ópassandi væri og enn síður það, sem skaðlegt kynni að geta orðið Eg er að sönnu konúngsfulltrúanum samdóma í því, að það eigi ekki við, að þrátta um orð í útleggingu frumvarpanna, því þeim kann að

verða breytt á marga vegu, áður en þau verða að gildandi lögum. En hèr er öllu öðru máli að skipta. Hèr er ræðan um konúnglega tilskipun, hverrar texti eingum breytíngum getur orðið undirorpinn í öllum þeim greinum, sem óbreyttar verða lögleiddar á Íslandi, og þetta gildir um þær allflestu greinir í tilskipuninni. Íslenzka útleggíngin, sem fyrir þíngið var lögð, er, eins og nefndin hefur sagt, yfir höfuð að tala greinileg og góð, og nefndin gat ei ímyndað sèr annað, en að henni mundi síðar verða fylgt. Einúngis komu fyrir í henni einstöku miður heppilega valin orðatiltæki. Þessum óskaði nefndin að breytt yrði, og benti til, hvernig það mætti gjöra, svo betur færi. Þetta hèlt nefndin að stjórninni gæti ei annað en betur líkað; og nefndin fær ómögulega sèð, hvernig þetta getur heitað „ópassandi.“ Nefndin vissi ei heldur, og gat jafnvel ekki ímyndað sèr, að ekkert uppkast væri til af þessari útleggíngu hjá stjórnarráðunum. Að öðru leyti má eg geta þess, að einginn hefir ætlazt til, að íslenzk útleggíng af öllum þeim dönsku tilskipunum, sem út hafa komið árin 1845—46, þó þær væri lagðar fyrir þíngið, skyldi einnig vera framlögð. Eg álít í þetta sinn þann rètta meðalveg vera þræddan, þar sem einúngis var framlögð íslenzk útleggíng af tilskipunum um erfðir.

Kandídat Jón Sigurðsson: Ef nokkur tímaspillir eða órými í alþíngistíðindunum verður að þessu máli, þá er það samlega hinum háttvirta konúngsfulltrúa sjálfum að kenna. Hèr er lögð fyrir þíngið og feingin nefndinni íslenzk þýðíng á tilskipun, eða tilskipun á íslenzku, án þess neitt hafi verið sagt um, hvernig á henni stæði, nema að nefndin ætti að segja, hvort hún væri hèr hæfileg, og hvort hana mætti lögleiða í því formi, sem hún var. Eg má segja fyrir mitt leyti, að eg las tilskipunina á íslenzku, og hugsaði um, hvort þær greinir, sem í henni standa, ætti vel við hèr á landi eða ekki, og eg fèllst á, að það ætti vel við, sem nefndin hefir tekið; eg gjörði ráð fyrir, að umræðan yrði um það eitt, sem lagt var fram á íslenzku: um tilskipunina á dönsku gat ekki umræða orðið. Þó ekki væri til á íslenzku nema þessi eina, sem hèr er lögð fyrir þíngið, þá getur það eingum vandkvæðum sætt, því það mundi vera vinnanda verk að skrifa hana upp og senda stjórninni aptur, jafnframt og beðið er um að íslenzkan verði lögleidd, með þeim breytíngum, sem þíngið æskir. Þetta ætla eg gæti orðið einmitt til flýtis og hægðar, en ekki tímaspillis, því

væri sent frumvarp á ný til þingsins, gæti löggjöf þessi dregizt um 4 ár, en nú gjöri eg þó ráð fyrir, að takast mætti að koma út lagaboðinu á tveim árum, til næsta þings.

Á hinu fyrra þingi var hin sama aðferð höfð; þá var lögð fyrir þingið íslenzk þýðing á tilskipunum þeim öllum, sem líkindi þóttu til að yrði hèr lögleiddar. Af þessum tók þingið eina, um áminníngar-ræðu áður en eið skal vinna fyrir rètti; þingið fèkk þá menn, sem það treysti bezt, til að laga ræðuna svo, að hún ætti við hèr á landi; henni var þess vegna allri breytt, á þann hátt sem hentugast þókti, og þingið sendi síðan þetta íslenzka frumrit (því eg kalla það frumrit, þó eg sjái, að stjórnin hafi síðan kallað það útleggíngu) til stjórnarinnar, og er það síðan leidt í lög. Á sama hátt gæti stjórnin tekið til greina álit þingsins um tilskipun þá, sem hèr er um að ræða, og væri þá alls enginn tímaspillir að meðferð nefndarinnar.

Konúngsfulltrúi: Að því leyti sem þingmaður sá, sem nú talaði, drap á það efni, hvaða mál eigi að álíta sem aðalmálið á tilskipunum þeim, sem gefnar eru út handa Íslandi, þá ætla eg ekki í þetta skipti að fara þar um fleiri orðum; því um það atriði hefir verið borin upp bænarskrá hèr á þingi, og nefnd verið kjörin til að íhuga málið, og mun því síðar verða færi á að tala um það efni.

Þar á móti þykir mèr nauðsyn til bera að leiðrètta sumt af því, sem þessi hinn sami þingmaður sagði um sum atvik, sem átt hafa sèr stað, en ekki á þann veg sem honum fórust orð. Hann hefir nefnilega sagt, að allar þær dönsku tilskipanir, sem í hitt ið fyrra voru lagðar fyrir alþíng, til þess það segði álit sitt um, hvort þær ættu við á Íslandi, hafi verið útlagðar á íslenzku. Þetta var ekki svo; því það voru þvert á móti mjög margar tilskipanir, sem menn gjörðu sèr í lund að aldrei mundi verða hugsað til að lögleiða á Íslandi, og sem þess vegna ekki voru íslenzkaðar, fremur heldur en nú í ár þær tilskipanir, sem eins var ástadt um. Þær munu enn vera til í skjalasafni þingsins, og mun hinn háttvirti forseti geta þar um borið vitni. Þingmaðurinn hefir enn fremur sagt, að í nefndinni hafi ekki getað verið spurníngin um annað, en um tilskipun þá, sem lögð var fram á íslenzku máli; þetta er ekki heldur rètt, því nefndin hefir einmitt beðið um, að lögleidd yrði tilsk. frá 8. Jan. 1845, sem ekki var útlögð. Að lyktum

hefir hann sagt, að tilsk. um erfðir frá 21. Maí 1845 hafi einúngis verið í höndum nefndarinnar í íslenzkri útleggíngu; en þetta hefir heldur ekki getað þannig verið, þar eð eg hefi áður afhent forseta eitt exemplar þessarar tilskipunar á dönsku, eins og allra þeirra tilskipana, sem hafa verið gefnar út handa Danmörku árin 1845 og 1846.

Kandíd. Jón Sigurðsson: Konúngsfulltrúi og þíngið verður að afsaka vankunnáttu mína, að eg þekki ekki í sundur það, sem hann og stjórnarráðin hafa látið þýða, þó eg hafi íslenzkuna fyrir mèr, ef ekki stendur skrifað á þýðíngunni, hverr hana hefir látið gjöra. Eg miðaði einúngis við íslenzkuna, því hana eina hafða eg fyrir mèr.

Forseti: Eg vildi óska, að ræðurnar hvyrfi nú aptur að málefninu.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Mèr þykir ekki nema eitt athugandi, ef alþíng biður um að lögleiða hèr tilskipun frá 8. Jan. 1845 um aftekníngu tekjuskatta á Íslandi; en stjórnin er annars sjálf farin að aftaka hann smámsaman hèr. Tekjuskattur hefir hèr verið tvennslags: $1\frac{1}{3}$ rbds. af launum embættismanna, sem nú er hætt að taka, nema af launum dómendanna í landsyfirrèttinum og af nokkrum hluta af launum amtmanna, og eru þetta smámunir, eins og allir sjá; eg ætla, að stiptamtmaðurinn sè fyrir skemstu búinn að fá lausn frá þessum afdrætti launanna. Hinn tekjuskatturinn eptir tilsk. 12. Júní 1770 var tekinn af launum margra embættismanna, en því er nú hætt; af vissum tekjum sýslumanna, og óvissum tekjum þeirra, þegar þær numdu 100 rbd. og meiru, og af 5 helztu prestaköllum í landinu. Það er nú ekki svo að skilja, að eg hafi neinar mætur á slíkum tekjusköttum yfir höfuð. En eg verð þó að gjöra þíngið vart við eitt, sem mèr þykir athugavert í þessu efni. Konúngs úrskurður frá 26. Septbr. 1838 breytir eptirgjaldi sýslnanna framvegis, og setur yfir höfuð að tala á þær talsvert hærra afgjald, en áður var, en það afgjald á að koma í stað bæði sýslugjaldsins gamla og tekjuskattsins, sem áður var, en sem með úrskurðinum er framvegis aftekinn, þá sýslumanna skipti verða. Af föstum tekjum sýslumanna er því tekjuskatturinn að nokkru leyti tekinn, þó það sè ekki beinlínis, þar sem sýslugjaldið er ákveðið hærra fyrir tekjugjaldið, sem áður var. Nú eru að vísu sýslumanna skipti orðin víðast í landinu, síðan úrskurðurinn kom út, en þeir fáu, sem

eptir eru með hinum gömlu kjörum og gjalda hinn lögboðna tekjuskatt beinlínis, eru fyrir það ekki undir þyngri kjörum, heldur mildari, en hinir nýju, af því þessir fáu eldri gjalda aptur svo lítið sýslugjaldið. Eg sting því upp á því breytingar-atkvæði, að ef þingið vill biðja um, að tilsk. 8. Jan. 1845 nái lagagildi á Íslandi, þá sè það með því fororði:

Að undanteknum tekjuskatti af föstum tekjum sýslumanna, frekar en hvað ákveðið er í konúngsúrskurði frá 26. Sept. 1838.

Framsögumaður: Það sem þingmaður Skaptfellínga nú mælti, viðvíkur mèr sjálfum persónulega, og vil eg þess vegna ekki svara því, heldur yfirláta þinginu að skera úr milli uppástúngu nefndarinnar og þess breytíngar-atkvæðis, er hann þykist ætla að koma með.

Enginn tók nú framar til orða, og kvað því forseti málið nægilega rædt fyrir fram.

Var þá tekið til undirbúnings-umræðu málefnið um afnám mannslána, og tók framsögumaður, prófastur Hannes Stephensen, við álitsskjali nefndarinnar og las það upp, en það hljóðar svo:

## ÁLITSSKRÁ.

Nefndarinnar, sem kosin var til að rannsaka bænarskrá um aftöku eða breytíngu mannslána, og segja álit sitt um hana.

Þann 7. þessa mánaðar hefir hið heiðraða alþíng kosið oss, sem skrifum nöfn vor hèr undir, í nefnd, til að rannsaka og segja álit vort um bænarskrá, er eg, Hannes Stephensen, bar upp á þíngi frá 30 innbúum Borgarfjarðarsýslu, um að aftekin yrðu hin svo kölluðu mannslán, ellegar að þau mættu greiðast með 20 álnum á landsvísu ár hvert.

Þegar vèr hugsum þetta mál, kemur fyrst til skoðunar uppruni mannslána og aldur, og er það ljóst, að kvöð þessi hefir fyrir siðaskiptin verið viðtekin á eignum stólsins að Skálholti, því biskupar þar áttu útveg mikinn á stólsins jörðum í veiðistöðum, flestum í Gullbríngusýslu og víðar, og skylduðu landseta stólsins til áróðurs skipa sinna, og hèlzt venja þessi og skyldukvöð við, þángað til konúngsvaldið á dögum Knúts hirðstjóra Steinssonar, hèr um 1556, dró, að nauðugum Gísla biskupi Jónssyni í Skálholti, undir sig 8 enar beztu útvegsjarðir stólsins á Seltjarnar- og Álptanesjum, fyrir Bjarnarness-eignirnar í Hornafirði, og aptur á hirðstjórnardögum

Páls Stígssonar 1562, 19 útvegsjarðir stólsins í ýmsum hreppum Gullbríngusýslu fyrir Viðeyarklausturs og Ögmundar biskups-jarðir nokkrar í Borgarfirði, og hèlzt mannsláns-kvöðin við á jörðum þessum, þángað til útvegur konúngs var seldur, eptir konúngl. Resol. 12. Desbr. 1769; en síðan hefir hver landseti á jörðum hans í Gullbríngu og Snæfellsness-sýslum goldið mannslánið með 1 rbd. árlega, eptir Resol. 13. Júní 1787, sem, þángað til peningaverðið breyttist við frjálsari verzlun 1787, samgilti 21⅓ álnar. Á jörðum þeim, bæði konúngsins og stólsins, sem seldar hafa verið, hefir mannsláns kvöðin verið reiknuð með öðrum afrakstri jarðanna, og þær seldar með þeim mun hærra hundraðatali, og eru mannslánin þannig fullu verði keypt af kaupendunum, og þeirra sönn eign, sem ekki verður án sanngjarns endurgjalds af þeim tekin; á bændaeignum hafa mannslánin í veiðistöðum innleiðst, bæði á grasbýlum og tómhúsum, að dæmi stóls- og konúngs-jarðanna, og hafa jarðir þær, bæði í sölum og arfaskiptum verið fyrir það dýrra seldar og metnar, en annars mundu þær, og eru mannslánin á þeim eins fullkomin eign jarðeigendanna þessara og hinna fyrrtöldu. Það er annars til sönnunar máli þessu, að Magnús Stephensem segir í riti sínu, Gamni og Alvöru, bls. 117, um nokkur þegnskyldu útgjöld, o. s. frv., að mannslánið sè selt með stólsjörðunum, og hafi hækkað þeirra verð, en hann seldi jarðirnar sjálfur að boði stjórnarinnar; og í erindisbrèfi jarðamats-nefndarinnar 2. Ág. 1800 er þeim boðið að leggja mannslán og aðrar kvaðir saman við annað jarðar-afgjald, og meta eptir því dýrleikann.

Kvöð þessi, þannig undir komin og heföuð í meir en 300 ár, virðist oss því ekki verða aftekin með nýju lagaboði án samsvaranda endurgjalds; og þar sem samníngar eru ákomnir millum manna, um að kvöð þessi verði greidd með skipsáróðri eða formennsku, verði þeim samníngi ekki raskað, nema að vilja semjendanna sjálfra.

Á hinu leytinu virðist oss kvöð þessi eiga illa við frjálslyndi þjóðar vorrar og þessara tíma hugsunarhátt, og vitum, að hún er næsta óvinsæl, því það er ætlan flestra, að hún standi búnaðar heill og þrifum þeirra í vegi, sem kvöð þessari eru ánauðugir; vèr erum líka allir nefndarmenn á því máli, að hinir duglegu og aflageínu formennirnir líði tjón við það, að láta hálfan arð skips eða báts, sem þeir fara með, af hendi

við landsdrottinn, en þar við er þó athugandi, að þeir hafa og eingan kostnað fyrir skipunum sjálfum eða útgerð þeirra í öndverðu, nè viðhaldi þeirra síðar, nema, eptir því sem venja er til, að eins fyrir hálfum veiðarfærum, heldur hvílir kostnaður þessi allur á landsdrottnum og þeim hálfa arði, sem í þeirra sjóð rennur. Þar á móti ætlum vèr, að hinum fátæku, atorkulitlu, miður hlutgefnu, sè hagræði í að eiga vísan bátinn eða skipið hjá landsdrottni, vísa bótina, þó þetta bilist, brotni eða missist með öllu; má hèr um margt það sama segja, sem sagt hefir verið fyrir og á móti hinum föstu kúgildum jarða.

Af ástæðum þeim, sem hèr eru fram taldar, ætlar nefndin, að þingið eigi allra þegnsamlegast að biðja Hans Hátign konúnginn:

> Að aftaka mannslánin í landi hèr, sem skyldukvöð, er krafizt verði lokin í skipsáróðri, en að það gjalda megi með 20 álnum í gildum aurum eða verði þeirra eptir gildandi verðlagsskrá, án þess þó að lagaboð þetta hnekki þeim samníngum, sem þegar eru gjörðir.

Reykjavík, 20. dag Júlímánaðar, 1847.

H. Stephensen. P. Melsteð. Á. Einarsson.

Framsögumaður, prófastur Hannes Stephensen: Eg þykist að svo komnu eingu þurfa að bæta við það, sem álitsskráin sjálf inniheldur, því hún tekur nokkurn veginn greinilega fram, hvernig mál þetta er vaxið, hvað með því tali og mót; geymi eg mèr því að fara fleirum orðum um það, þángað til fram kynnu að koma mótmæli þingmanna.

Jón Þórðarson: Mèr þykir það ekki vera illa tilfallið, að nefndin hefur rakið æfisögu mánnslánanna, en þó hefir henni gleymzt að geta um faðerni þeirra, eða af hvaða rót þau sèu sprottin. Mèr fyrir mitt leyti skilst ekki betur, en að eigingirni eða misskilníngur á náttúrlegum rèttindum frjálsra manna hafi verið undirrót þeirra. Þar sem nefndin segir, að mannslánin sèu afrakstur jarðanna, þá er það að vísu satt, þar sem þau eru sannur ávinníngur fyrir þá, er mannslánin hafa, hvernig sem þau eru feingin. Ekki skil eg það, að mánslánin hafi getað selzt sem innstæða jarðanna, því það hefði verið að selja frelsi allra þeirra, sem á jörðunum hafa seinna búið; og held eg þetta sè fremur ímynduð, en sönn eign, og hafa þeir því keypt það, sem í rauninni var ekkert; eiga þeir því ekkert

endurgjald skilið, og verða að hafa sín laun út tekið. Nefndin segir, að sjálfseigendur hafi tekið mannslánin upp eptir dæmi stólsjarðanna, og sèu þau orðin þeirra eign; þetta sannar nú ekkert, en sýnir einúngis, að menn eru fúsir á að taka það upp, sem höfðíngjarnir gjöra, án þess að íhuga, hvort það er rètt eða rángt. Þar sem nefndarálitið getur um, að jarðamatsnefndin frá 2. Ágúst 1800 hafi reiknað mannslánin með hundraðatali jarðanna, þá sannar þetta ekki heldur rètt mannslánanna; því hefði hundraðatalan við þetta orðið of há í samanburði við það, sem jörðin mátti skuldsetjast, þá var það ekki nema eintómt nafnið. Nefndin segir sínu máli til sönnunar, að konferenzráð M. Stephensen segi, að mannslánin hafi verið seld með stólsjörðunum. En eg held þvert á móti, að eigendum þeirra eptirleiðis hafi verið bannað að nota sèr þau. Það mælir kannske nokkuð með því, að samníngar milli myndugra manna haldist þeirra tíð; en það held eg væri skaðlaust, að þessir samníngar þyrftu ekki að tálma aftöku mannslánanna; því mèr virðist það vera nauðúngarkostir. En þar sem hinn heiðraði framsögumaður, að því leyti sem hann er einn af nefndarmönnum, vill láta hefðina rèttlæta þessa kvöð, þá get eg ei betur sèð, en hann sè nokkuð ósamkvæmur sjálfum sèr, þar sem hann 1845 var meðmæltur þeim íslenzku hefðarlögum; en mèr sýnist það vera hið sama, hvort mannslánin eru 3000, 300, eða 3 ára, þau ættu samt að afleggjast, ef þau eru ósanngjörn. Eg vil skírskota til þess, sem hinn háæruverðugi þíngmaður hinnar andlegu stèttar spáði um mannslánin við inngángs-umræðuna, að þau mundu afleggjast smátt og smátt af sjálfsdáðum; og skildi eg svo orð hans, sem sá frjálsari þeinkíngarmáti, er á seinni tíma er farinn að koma í ljós, mundi ei leingur vilja búa undir ófrelsi mannslánanna. Eg áskil mèr því breytíngar-atkvæði á þá leið, að mannslánin sèu aftekin með öllu án nokkurs endurgjalds, eður með nokkrum breytíngum, þar sem samníngar eru á komnir.

Framsögumaður: Hinn virðulegi varaþíngmaður frá Rángárvallasýslu lætur sèr vænt um þykja, að nefndin hefir sagt æfisögu mannslánanna, en mislíkar, að ekki er fundin rótin, af hverri þau eru sprottin, og ætlaði nefndin þó, að hið síðara væri greinilegar fram tekið en hið fyrra, þar sem sagt er, að enir katólsku biskupar í Skálaholti hafi skyldað landseta stólsins til áróðurs skipa sinna. Að þeir hafi af

eigingirni gjört þetta, vil eg nú ekkert um segja; því mèr er það ókunnugt, hvort ekki hafi þeir gefið landsetunum upp af landskuldargjöldum kvaðarinnar virði, eða ekki. Konúngar voru það ekki, sem fyrstir lögðu mannsláns-kvöðina á, því hún er eldri en jarðeign konúnga í landi hèr; en þeir hèldu kvöðinni áfram, eptir að þeir eignuðust jarðirnar, frá 1556 fram á þenna dag. En hvort nú rót mannslánanna er af eigingirni sprottin, eða ekki, virðist mèr litlu skipta; því auðvitað er, að samníngar millum landsdrottna og leiguliða hafa verið þeirra upptök, og eru enn í dag, og eg ætlaði, að hinum viljuga mundi enginn órèttur ske; að Magnúsi Stephensen hafi mátt vera kunnugt um, hvernig jarðir stólsins, sem hann var látinn selja af hálfu stjórnarinnar, voru metnar og seldar, ætla eg ekki of hermt, eingum gat þar um kunnugra verið en honum. Þar sem þíngmaðurinn talar um endurgjaldið, sem nefndin hefir ætlað að sanngjarnt sè að taka, yrði, eptir uppástúngu hennar, mannsláns - kvöðin aftekin sem vinnukvöð, þá fer hann þar um þeim orðum, að þeir, sem kvaðarinnar hafa notið, „eigi að hafa sín laun út tekið“; en því er þó gaumur gefandi, að einhver kann að hafa keypt jörð með þessari kvöð, og kvaðarinnar vegna greidt fyrir hana meira gjald, en annars mundi hann gjört hafa, rètt áður en kvöðin er aftekin og það án endurgjalds: sá hefir þó varla laun sín út tekið, heldur virðist mèr hann gabbaður í kaupinu. En þar sem sami þíngmaður ber mèr á brýn hviklyndi í því, að eg í hitt ið fyrra hafi mælt á móti hefðinni, en tali nú með henni, þá bið eg hann aðgæta, að það voru hefðarlögin dönsku, sem eg mælti á móti, en íslenzk hefðarlög tala um 100 ár sem leingstan hefðartíma, og með þeim mælti eg, en hèr eru nú 300 ár og þar yfir. Að mannslánin sèu ósanngjörn og ill, þar um vil eg ekkert tala, en allir nefndarmenn hafa álitið sanngjarnt, að þau væru endurgoldin, ef aftekin yrðu; það var líka beiðni þeirra, sem bænarskrána höfðu samið, sem fyrir nefndinni lá, og henni var af þínginu feingin til meðferðar.

Umboðsmaður Þorvaldur Sívertsen: Eg held mèr ætli nú að farnast viðlíka og þeim, sem hafa átt að gjalda mannslánið í skips áróðri, að verða seinn til skips, og fá því fáa í hlut. Mèr hefir annars geingið líkt og þeim virðulega varaþíngmanni Rángvellínga, að mèr fèll í allra bezta máta við nefndar-uppástúnguna, hefði eg ekki lesið hana alla; mèr lík-

ar hún vel, að því leyti hún fer fram á, að aftaka mannslánskvöðina; hún hefir leingi verið ópokkasæl, og margra dugnaði og velmegun til niðurdreps, en fáum til gagns nè léttis, nema máske einstöku ónytjúngum; hún er líka gamall menjagripur höfðíngja-ríkisins hèr á landi á fyrri tímum, sem þá gjarna mætti gleyma flestir hafa haft ýmugust á henni, og enda stjórnin sjálf sýnist hafa haft nokkurskonar óbeit á kvöð þessari, því minni mig rètt, hefir stjórnin, fyrir 60 árum síðan, veitt fullkominn ádrátt fyrir því, að mannslánin skyldu aftakast.

Hins vegar get eg eingan veginn fallizt á nefndar uppástúnguna, lesi eg hana alla og komizt þar að, sem hún stíngur upp á 20 álna endurgjaldi fyrir mannslánið árlega; því stjórnin sjálf hefir þó áður fastsett, eins og nefndin sýnist játa, að mannsláuið borgaðist með 1 rbd. á heilbýlum og ½ rbd. á hálfbýlum (Resol. 13. Júní 1787), og má eg fullyrða, að meira er ekki goldið af konúngsjörðum í Snæfellsnessýslu, og mun hvergi vera goldið; en að umbreyta 1 rbd. í 20 álnir, væri að þrefalda eða jafnvel fjórfalda álögu þessa á landsetunum, og ætla eg það ekki neinum þíngmanni, að gefa atkvæði með því. Á beneficeruðu gózi getur verið að greidt sè 20 álnir í mannslán, því fyrir því þykjast heimtendur hafa heimild í konúngs-úrskurði 29. Jan. 1785; þó hafa greindir menn og merkir hermt mèr, að sumstaðar væri mannslánið greidt á gózi þessu með 10 álnum, sumstaðar með spesíu eða 2 rbd., og sýnir það fullkomlega, að vafi hafi á verið, hvað rèttast væri, enda veit eg ekki, hvort 20 álnirnar eru nær nefndum konúngsúrskurði, en 90 skildíngar, og er líka á því, að gjald þetta hafi aldrei heyrt til þeirra gjalda, sem snúa mátti úr peníngum í landaura, heldur mundi dalur hafa átt að snúast í dal, og skildíngur í skildíng við peníuga-breytínguna 1815; þao getur nú verið, að mèr skjátli í þessu, en eg vona mèr virðist það þá til vorkunar. Vegna þessa ætlaði eg nú að bera upp breytíngaratkvæði fyrir því, að mannslánin yrði afiekin með öllu, án endurgjalds, en hinn virðulegi varaþíngmaður frá Rángárvallasýslu hefir tekið af mèr ómak. En skyldi nú þíngið ekki aðhyllast hans uppástúngu, leyfi eg mèr til vara að bera upp breytíngar-atkvæði á þá leið, að mannslánið aftakist allstaðar á landi hèr, en 1 rbds. endurgjald komi í staðinn, þó þannig, að það ekki hnekki samníngum þeim, sem nú þegar eru gjörðir milli nú verandi landsdrottins og leiguliða.

Assessor Johnsen: Það hefir farið fyrir mèr eins og hinum virðulega þingmanni Rángvellínga, að eg ekki hefi getað fallizt á skýrslu nefndarinnar um þýðingu mannslánanna á hinum seldu Skálholtsstóls jörðum og þeim konúngsjörðum, sem seldar eru og mannslánin áður vóru á, þar sem nefndin í nefndarálitinu segir, að þau sèu seld og keypt og orðin sönn eign kaupendanna ásamt með jörðunum; því að vísu er það svo, að mannslánin komu til greina, er stjórnin lèt setja dýrleika á stólsjarðirnar, áður en þær voru seldar, en seldar voru þær með þeim skilmála af seljanda eða stjórnarinnar hálfu, „að eigi framar mætti heimta þau af jörðum þessum, þó þær seinna meir yrðu seldar eða bygðar öðrum“; og sama ætla eg megi segja um kvöð þessa af konúngsjörðum þeim í Gullbríngu, Kjósar og Snæfellsnessýslum (af Arnarstapa umboði), sem hún lá á, og seldar eru síðan, að minnsta kosti af þeim, sem seldar hafa verið á enum seinni tímunum, og virðist mèr þá, að eingan veginn verði sagt, að mannslánin sè eignarrèttindi þeirra, sem nú eiga jarðir þessar, og ætla eg miklu fremur, að það sè töluverðum efa undirorpið, hvort eigendurnir nú geta áskilið sèr þessa kvöð af jörðunum, jafnvel þó hún yfir höfuð kunni að geta álitizt þess eðlis, að hana megi áskilja af öðrum bænda eignum, og jafnvel þó konúngur enn þá sjálfur taki við endurgjaldi fyrir hana af lèiguliðum þeirra konúngsjarða, er hún áður lá á, í fullum skilníngi eða *in natura*, og mun það endurgjald vera komið á, um það leitið að konúngsverzlanin hèr í landi tók enda, eða þegar verzlanin var gefin laus við Dani, með tilskipun 13. Júní 1787, og skipastóll konúngs-verzlunarinnar var seldur, og sýnir sú nefnda tilskipun, að konúngur þá þegar hafði í hyggju að aftaka kvöð þessa með öllu, er hún í 2. gr. ens 3. kap. kemst svo að orði: „að konúngur vonist eptir tillögum yfirvaldanna um það, hvernig það svo kallaða mannslán með tímanum verði tekið af og takmarkað, og ætli hann sèr fyrir sitt leyti að afmá það á hans eigin jörðum“. Fyrir hverjar sakir þetta nú eigi er gjört, enn sem komið er, með öðrum hætti, en eg nýskeð sagða, læt eg ósagt; en að stjórnin þá þegar hafi haft óbeit á þessari kvöð, eins og eg líka held að hún eigi skilið eptir eðli sínu af hverjum sem helzt öðrum, því sýnist mèr enn fremur vera lýst yfir, èr verzlunarmönnum í sömu tilskipuninni, 2. kap. 5. gr., er bannað, að láta þá húsmenn róa á þeirra vegum, sem sjálf-

ir eiga bát, er verzlunarmennirnir fá sér sjáfarjörð til eignar eða byggíngar til fiskiveiða. Að öðru leyti virðist mèr mál þetta standa í svo nákvæmu sambandi við búnaðarlög þau, sem við eigum í vændum, að hentugast sè, að láta það bíða, þángað til frumvarp til þeirra verður lagt fyrir þíngið, og er þess líkast til von, er það verður haldið í næsta sinni; eða þá í annan stað, að þíngið, ef það sendir Hans Hátign bænarskrá um þetta mál, þá einúngis beiðist þess, að þær ákvarðanir, sem þíngið nú fellst á, verði teknar til greina, er frumvarpið til búnaðarlaga handa Íslendíngum verður samið, og á málið þá heima meðal ákvarðananna um innbyrðis skyldur og rèttindi jarðeiganda og leiguliða.

Framsögumaður: Hinn virðulegi þíngmaður Árnessýslu vildi með ræðu sinni sanna það, að mannslánin væru hvorki seld nè keypt með stólsjörðunum, heldur væri dýrleiki þeirra hækkaður með mannsláns-kvöðinni, áður en eða þegar þær voru seldar, og seldar síðan með því skilyrði, að framvegis mætti ekki mannslán af þeim taka. Eg fæ nú ekki annað sèð, en að hver, sem þannig talar, beri stjórninni það á brýn, sem hjá öðrum mundi ekki kallað vera rèttlæti, eða sem hreinust viðskipti; því það virðist, sem þá sè selt það sem ekki er til, og þetta veit eg hann vill ekki sanna með orðum sínum. Það játa eg annars, að honum er kunnugra um en mèr, hvernig jarðir eiga að seljast og kaupast. Það er vafalaus meiníng mín, að stjórnin hafi á hinu selda stólsgózi aftekið mannslánin sem skyldukvöð, er krefja mætti í vinnu, en ekki ætlazt til, að kaupandi mætti ekki taka borgun þá fyrir, sem stjórninni sjálfri þótti sanngjörn, og hún hefir með lagaboðum frá 1785, hvað beneficeraða gózið áhrærir, og 1787, hvað hennar eigið góz snertir, ákveðið til 20 álna; en þó nú landsdrottnar og leiguliðar hafi síðan samið um skipsáróður, þá hefir stjórnin ekki blandað sèr þar í, heldur en aðra samníngа fullveðja manna. Nefndinni gat ekki fundizt sanngjarnt, henni fannst það um of kreinkja sannan rètt eigenda, að biðja um, að aftekin yrðu mannslánin án endurgjalds; en hitt vildi hún, að þíngið beiddi stjórnina um, að mannslán yrðu aftekin sem vinnukvöð. Þar sem það er borið fyrir, sem sönnun þess, að stjórninni sè ekki um mannslánin, að í verzlunar-tilskipaninni sè verzlunarmönnum bannað að semja við bændur þá, sem sjálfir eiga útveg, að þeir setji hann í landi, en rói útveg

verzlunarmanna, það sannar ekkert annað, en að stjórnin vildi, að landsmenn sjálfir ættu útveginn, svo verzlun þeirra gæti aukizt; stjórnin hefir líka bannað hirðstjórum og öðrum útlendum þjónum sínum að kaupa hèr fasteignir í landi, en ekki bannað það innlendum mönnum. Fyrirheit það, sem gefið er í sömu tilskipan 1787, um að konúngur ætli að aftaka mannslán á jörðum sínum, sannar eins lítið, því það hefir ekki ræzt á þeim 60 árum, sem síðan eru liðin. Það var ekki nefndarinnar meining, þegar hún eptir bænarskráarinnar fyrirmælum mælti fram með því lögmætasta endurgjaldi, sem hún þekti fyrir mannslánin, 20 álnum, að þar fyrir röskuðust þeir samníngar, sem á eru komnir millum stjórnarinnar og landseta hennar.

Kammerráð Melsteð: Eg er því ekki kunnugur, hvernig hagar til um mannslánin, þar sem þau tíðkast, og get því lítið um þau sagt. Það eru einúngis 3 atriði í þessu máli, er eg vil benda þínginu til. Þíngið verður að varast að fallast á þær tillögur, sem grípa inn í eignarrèttindi manna, og því verður það einnig að varast að ráða til að aftaka mannslánin endurgjaldslaust. Það verður að varast að ráða til þess, að skerða frelsi manna til að gjöra samníng um það, sem er lögum og góðum siðum samkvæmt; því þegar frjálsum mönnum er það bannað, mega þeir ekki leingur frjálsir heita. Og loksins vil eg geta þess, að á stólsgózinu í Árnessýslu voru mannslánin, eins og aðrar kvaðir, gjörð að hundruðum og álnum á Skálholtsstólsjörðunum gömlu, og hækkuðu þannig dýrleika jarðanna. Og þar eð nú hvert hundrað og hver alin af dýrleika slíkra jarða svarar til vissrar upphæðar af því verði, sem jörðin er metin til, þegar eigenda skipti verða á henni, fara mannslánin þar í eiginlegasta skilníngi að kaupum og sölum; og er það náttúrlegt, þó konúngur byði þar, að mannslánin skyldu hætta á þessum jörðum eptirleiðis, því þau voru þar geingin inn undir dýrleika jarðanna, og seld kaupendum fyrir tilsvarandi verð.

Assessor Johnsen: Mèr er það óskiljanlegt, hvernig hinn heiðraði framsögumaður getur skilið það sem prettí og svik af stjórninni, að hún tekur þau ráð af kaupanda, í söluskilmálunum fyrir jörðunum, að mega fá mannslánin af þeim, enda þó hún láti þau koma til greina meðal annara afgjalda jarðanna, til að leggja á þær dýrleikann. Að stjórnin átti ráð

á, að leggja dýrleika á stólsjarðirnar (sem eingan dýrleika áður höfðu), og það eptir hverjum þeim mælikvarða sem henni þóknaðist að hafa við, geta nefndarmenn þó naumast efazt um, og þá eingu fremur um hitt, að hún gat selt jarðirnar, þegar það var búið, og án alls tillits til dýrleikans, mannsláns-lausar, og þessu fara nú sölu-skilmálarnir fram, og er dómur þess manns, er réði fyrir sölunni, eingu merkari um þetta atriði, eða þýðingu söluskilmálanna, en annara, sem eiga kost á að þýða þá; en þeir voru, þegar salan fór fram, prentaðir, og munu nú vera í höndum enna flestu eigenda Skálholtsstólsjarða. Að stjórnin og sérhver frjálslyndur maður megi hafa óbeit á mannslánunum, ætla eg næsta eðlilegt; því hvað getur verið óeðlilegra en það, að jarðareigandi eigi rétt á að þraungva leiguliða sínum, sem sjálfur á bát, er hann vill halda út til fiskiveiða og sér til bjargræðis, til að láta bátinn standa uppi og til að róa á vegum jarðeigenda? Þessu er nú eigi orðið svo varið með þau mannslánin, sem enn loða við konúngsjarðirnar, heldur greiða nú leiguliðarnir á þeim endurgjald fyrir mannsláns-kvöðina, eins og enn heiðraði þingmaður Dalasýslu sagði, með 1 rbd. af heilli jörð hverri, og hálfum af hálfri jörð, o. s. frv.; en hvernig endurgjald þetta er áskilið meðal bænda, eða af þeim jörðum, sem eru bændaeignir, er mér það eitt kunnugt orðið, sem nefndin sjálf segir frá.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Mér finnst heldur ekki, að nefndin hafi geingið nógu fast að mannslánunum; nafnið sjálft er viðbjóðslegt; menn geta þolað að heyra talað um hestlán eða merarlán, en mannslán! það er óþolandi orð hverjum frjálsum manni. Mér finnst því nefndin hafa geingið linlega að, og ekki prædt þá stefnu, sem stjórnin sjálf hefir bent á, því hún hefir skýlauslega látið í ljósi óbeit sína á mannslánunum, eins og hinn heiðraði varaforseti ljóslega sannaði af lagastöðum þeim, er hann las upp. Mér getur heldur ekki fundizt, að 2 hinir heiðruðu nefndarmenn, er hafa viljað sanna, að mannslánin hafi verið seld með Skálholtsstólsjörðum, hafi tekizt að hrinda ástæðum varaforseta gegn þessu. Látum svo vera, að rentukammerið hafi hækkað hundraðatal jarðanna fyrir mannslánin, það má vel vera; en skilmálarnir segja með berum orðum, að kaupandi megi ekki taka mannslánin; hvað er þá annað, en að kaupanda er á sjálfsvaldi, hvort hann vill meta og kaupa jörðina með því hundraðatali, sem

hækkað er fyrir það, sem aldrei á framar að nota. Eg vil leyfa mèr að gjöra þetta ljósara með einu dæmi: eg læt bjóða upp stórt hús; eg segi: húsið er stórt, eins og þið sjáið piltar; en þó þið kaupið það, þá áskil eg, að kaupandi fái aldrei að njóta þriðjúngs þess að innanverðu. Ímyndi kaupandi sèr allt um það, að hann kaupi allt húsið og megi hafa full not þess þvert í móti skilmálunum: nú, hann um það, ef hann vill kaupa húsið, sem það væri allt í hans valdi, og kaupa þannig, sem menn segja, „köttinn í sekknum", það varðar mig ekki um; hann á samt aungan rètt á því, sem undan var skilið, og mátti gefa því gaum, þegar hann keypti.

Nefndarmenn hafa víst viljað útlista vankvæðin og annmarkana við mannslánin, sem bezt að þeir höfðu faung á, en þeir hafa verið of ókunnugir um allt land til þess að gjöra það til hlítar. Eg vil gjöra mikinn mun á því, hvort mannslánin eru bygð á gömlum venjum, jarðabókum, máldögum, og hafi þannig nokkuð til að styðjast við, eða þau eru svo að segja nýkomin á fyrir eintómis ágeingni manna. Eg vil gjöra mun á því, hvort mannslánið, sem á sèr stað að fornum skjölum og jarðabókum, á einhverri jörð er tekið eitt sèr, eða hvort búið er að stykkja þá jörð í sundur í 6 býli eður fleiri, og tekið sitt mannslánið af hverju býlinu.

Eg vil því aftaka mannslánin öldúngis við ábúanda skipti; ábúandi og eigandi jarðar geta orðið ásáttir um afgjaldið, og að hve miklu leyti beri að hækka það fyrir mannslánið, sem af er tekið; þetta er samkvæmt frjálsum samníngum; en þar sem mannslán er rètt tekið af jörðu eptir jarðabókum, o. s. frv., og gjörðum samníngum, vil eg leiguliði endurgjaldi það með sanngjörnu skipsáróðursgjaldi, eptir því sem í þeirri sveit tíðkast; þar sem mannslán eru svo að segja nýkomin á, en jarðabækur nefna þau ekki, vil eg þau hverfi án endurgjalds nú þegar, því eigendur höfðu aunga átyllu til að krefjast þeirra; þar sem eigendur eru búnir að parta í sundur jörðina, sem er mannslán á að fornu, vil eg að ábúendur, sem nú eru, greiði ekki allir saman nema 1 mannslán. Því verða breytíngaratkvæði mín þannig:

1. Mannslán sèu með öllu afmáð án endurgjalds við ábúenda skipti.
2. Ábúendur á jörðu, sem mannslán fylgir að gamalli venju, og skuldbundnir eru til þess með byggíngar samníngum,

mega greiða í stað mannslánsins alment og sanngjarnt skipsáróðursgjald, eptir því sem í þeirri sveit tíðkast.

3. Þar sem mannslánanna er ekki getið í jarðabókum, skulu þau þegar hverfa án alls endurgjalds.
4. Þar sem mannslán eru ákveðin á jörðu eptir jarðabókum, en nú er sú jörð stykkjuð í sundur í mörg býli, og mannsláns krafizt af hverju, skulu allir ábúendurnir til samans ekki svara nema endurgjaldi eins mannsláns á áður sagðan hátt.

Framsögumaður: Eg má þó játa, að en seinni tala ens heiðraða varaforseta hefir ekki getað sannfært mig; því ef stjórnin skyldi hafa lagt mannslánin með öðru eptirgjaldi jarða sinna til grundvallar við mat þeirra til dýrleika, síðan selt jörðina með þeim dýrleika, og sagt síðan við kaupanda: þetta sel eg þér fullu verði, en þú mátt nú samt ekki brúka það, þó eg hafi bæði brúkað það, meðan eg átti, og síðan selt þér: þá virðist mèr þetta sjálfu sèr gagnstætt. En þar sem þingmaður Skaptfellínga heldur, að mannslánsnafnið sè hneykslanlegt, og hljómar í eyrum hans, líkt og hestlán eða merarlán, eins og hann kemst að orði, þá er ekki um þetta að tala, heldur en annað, sem tilfinninguna snertir, sem svo er misviðkvæm; hefði eg þó hugsað, að ekki hefði hann látið nafnið eitt hindra sig frá að þiggja hjálp af manni, þegar honum hefði legið á, sem mætt mun honum hafa, eins og öllum öðrum. Hann fór nú líka fram og hinn þingmaðurinn, að hver verði að sjá um sig, og gæta sín að kaupa ekki köttinn í sekknum; til þessa fæ eg eingu öðru svarað, en að eg býst við menn hefðu sízt ætlað sig þurfa þessarar stöku varkárni, þegar við stjórnina var að skipta. Hans fyrsta breytíngaratkvæði er, að aftaka mannslánin mót sanngjörnu endurgjaldi, sem hann ætlar hverr geti feingið með því að hækka landskuldina; en eg veit ekki, hvort þetta yrði betra en 20 álna borgunin: því hvar eru takmörk þessarar hækkunar? Hitt finna allir, hversu ósanngjarnt sè að taka mörg mannslán á einni jörðu; það fer þá að líkjast okri. Sama þingmanns 3. varaatkvæði var að taka mannslánin af án endurgjalds; það getur því að eins átt sèr stað, þegar jörð með mannsláni verður seld hèr eptir, svo að kaupandi viti þetta, og gefi þeim mun minna fyrir. Eg hlýt að ætla, að nefndarálitið sè, fyrir mótmæli þessi öll, enn þá óhrakið.

Assessor Johnsen: Eg held, að greinarmunurinn milli nefndarinnar og mín, um þýðingu og eðli mannslánanna á stóls og konúngs jörðunum, sè orðinn til fyrir þá sök, að þeir byggja sína meiníngu á eintómu áliti manns þess, sem rèði fyrir sölu stólsjarðanna, hvar á móti eg byggi mína meiníngu á hlutarins eigin eðli; og þó að eg nú ekki geri ráð fyrir, að mèr takist að sannfæra hinn heiðraða framsögumann um, að skilningur minn í þessu efni sè hinn rètti, þá ætla eg samt, að flestum muni skiljast það, sem hann ekki lætur sèr skiljast, að maður eigi ráð á að selja öðrum jörð með þeim skilmála, að kaupandi ekki eigi það, sem seljandi átti, og er undan þegið í sölu-skilmálunum eða sölubrèfinu, og svo var nú með mannslánin, sem seljandi einmitt tók undan, er jarðirnar voru seldar, en aldrei seldi með þeim; og ætla eg það sömuleiðis öllum auðskilið, að seljandi geti áskilið við kaupanda um þau not, er hann má hafa af eigninni, og að kaupandi hvorki eigi nè megi njóta þess, sem er undan skilið eignarnotunum í sjálfu kaupbrèfinu, í lagaleysi, jafnvel þó seljandi sjálfur hafi notið þess áður, og er sá samningur, sem seljandi og kaupandi þannig koma sèr saman um, orðinn í alla staði órjúfanlegur, undir eins og kaupandi veitir kaupbrèfinu með kaupaskilmálunum, sem hann stendur í, móttöku.

Með tilliti til þess, sem eg sagða áðan, áskil eg mèr það atkvæði í máli þessu, að þingið biðji konúng um, að taka tillögur þess um mannslánin í þetta sinn til greina, er hann allranáðugast lætur bera frumvarp til búnaðarlaga á Íslandi undir þingið.

Framsögumaður: Eg má enn játa, að eg ekki fæ betur skilið orð eins heiðraða varaforseta, en hann segi, að mannsláns-kvöðin hafi hækkað jarðadýrleikann og líka verð jarðanna, og þar um er erindisbrèf jarðamats-nefndarinnar frá 2. Ág. 1800, sem af stjórninni var gefið 15 árum seinna, ljósastur votturinn; en hafi stjórnin skilið mannslánin í leigu jarðanna, hefir hún líka selt þau með jörðunum.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Mèr kann að hafa orðið mismæli, þegar eg tók fram 3. atriði breytíngar-atkvæðis míns, eptir því sem mèr skilst nú á hinum heiðraða framsögumanni; en meiníng mín var sú, og það ætlaði eg að segja, að þar sem mannslán eru nýkomin á, þ. e. ekki getið í jarðabók-

um, þá skuli þau hverfa nú þegar án endurgjalds, því eg hèlt, að ekki þyrfti að endurgjalda það, sem ránglega væri tekið.

Umboðsmaður Þorvaldur Sívertsen: Jeg ætlaði einúngis að svara því, sem hinn mikilsvirti konúngkjörni þingmaður, kammerráð Melsteð, sagði fyrir stuttu, að þingmenn mundu vart verða ósanngjarnari, en beiðendur mannsláns aftökunnar, um endurgjaldið, og benda þingmönnum á, að beiðendur eru allir, að því sem eg hefi næst komizt, á Akranesi eða í Borgarfjarðarsýslu, hvar þeir hafa vanizt 20 álna endurgjaldinu, og þókt gott að sleppa með það, því annars hefðu þeir ekki óskað þess, og viljað það heldur af tvennu, en skipsáróðurinn; biðja þeir því vægðar sjálfum sèr, en öðrum ekki, sem lèttari hafa byrðina, og mildari húsbændur; en það vita menn, að sá sem er vanur þúngum búsifjum, þykir lèttbært það, sem hinum, er vanizt hefir góðu, þykir næstum ópolandi.

Framsögumaður: Það er rètt, sem hinn virðulegi þingmaður Dalasýslu segir, að allir eru þeir Akranesíngar, sem undirskrifað hafa bænarskrána, og þeir hafa beðizt þess, að mannslán mætti borga með 20 álnum, af því þeir vissu, að það var lögleg borgun, sem með konúngs úrskurðum er ákveðin bæði á konúngs og kirkna jörðum (því til 20 álna svarar 1 rd., eða þó heldur 90 sk.), að þeir vilja heldur gjalda þær, en láta mannslánið úti í skipsáróðri eða formennsku; en í hinu villist hann, að þeir sèu vanir 20 álna gjaldinu, því þeir sem ekki hafa getað róið eða farið með bát, veit eg ekki til að nokkurntíma hafi þurft út að svara hinu minnsta í mannsláns borgunar skyni.

Jón Þórðarson: Ræða hins heiðraða framsögumanns hefir enn betur styrkt mig í þeirri sannfæríngu, að mannslánin væru ekkert verulegt gjald jarðarinnar, þar sem hann sagði, að eingin borgun væri tekin af landsetanum fyrir mannslánið, þó hann gæti ekki, eða væri eptirgefið að róa á vegum landsdrottins. Þetta sýnir, að það er tekið af honum sjálfum, en ekki af jörðinni. Það er einúngis einn hreppur í minni sýslu, hvar mannslánin hafa tíðkazt frá gamalli tíð. Þar eru mannslánin eptir ábúanda tölu, hvers vegna landsdrottnar hafa geingizt fyrir því að byggja sömu jörðina sem flestum; enda eru leiguliðar þessa hrepps taldir með þeim fátækustu í sýslunni, og held eg það sè mest mannslánunum

að kenna, því að öðru leyti mun hreppurinn í sjálfu sèr vera einhver með þeim betri. Eg get því ekki betur sèð, en það væri ávinníngur bæði fyrir landsdrottna og leiguliða, að mannslánin væru aftekin.

Framsögumaður: Þegar þíngmaður Rángvellínga segir, að mannslánið sè einginn verulegur partur jarða afgjaldsins, af því eg sagði, að það væri á Akranesi ekki borgað í aurum, þegar leiguliðinn ekki getur róið eða farið með bát, þá athugar hann ekki, að það er á frívilja landsdrottins, að gefa svo mikið eptir, sem hann vill, af rètti sínum, eða jarðarskuldunum. Í veiðistöðum eru tómthús innan um grasbýlin, þar geldst eingin landskuld af, heldur húsaleiga, og hún getur ekki vaxið, þó mannslán takist af, eða húsmaðurinn hætti að róa á vegum húsbónda síns.

Ásgeir Einarsson: Eg held, að formanni nefndarinnar og hinum öðrum nefndarbróður mínum þyki eg linur háseti í mannslánanefnd þessari, að eg skuli ekki enn þá vera staðinn upp til að styrkja mál þeirra, og eg stend nú ekki upp í þeim tilgángi, og það getur ekki verið, að þíngmenn hafi kosið mig í því skyni, að þeir hafi vænt eptir mikilli liðsemd af mèr, þar eg hafði hvorki mentun nè kunnugleika til að bera í þessu máli, og mun það eina hafa hvatt þíngmenn til þessa, að eg mælti fram með nefnd í málinu, því eg hèlt, að með því móti mundi sannleikurinn í þeim atriðum, er vafasöm kynnu að virðast, bezt leiðast í ljós, og gleð eg mig við það, að eg held eg hafi haft um þetta rètta meiníngu. Eg verð þó að geta þess, að við nefndarmenn, er ekki vorum þessu vel kunnugir, höfðum ekki aðrar skýrslur en þær, er framsögmaður hafði feingið, og ætluðum þær á góðum rökum bygðar; okkur gat ekki heldur dottið í hug, að beiðendur hefðu verið svo staklega hirðulausir, að útvega sèr aldrei neina upplýsíngu, ef þeir hèldu sèr órètt gjörðan, og það því síður, sem við vissum þeir voru nálægir skynsömum, lögfróðum og kunnugum mönnum, og eg fyrir mitt leyti get ekki ætlað slíkum mönnum þá þagmælsku, að þeir hefðu aldrei bent beiðendum þessum, hefðu þeir sèð sannan rètt þeirra undir fótum troðinn. Nefndarmenn gátu því einga ástæðu fundið til að fara leingra í þessu máli, en beiðendur óskuðu, þegar það var samkvæmt skýrteinum þeim, er nefndin hafði við að styðjast; en það sem sagt hefir verið, að stjórnin hafi haft óbeit á mannslánum

þessum, þykir mèr mjög undarlegt, því eg held stjórnin hefði þá haft ráð með að taka þau af, hefðu þau ekki verið bygð á einhverjum rèttindum.

Það, sem sagt hefir verið hèr á þingi í dag, að 4 mannslán væri á einni ábýlisjörð, sýnir, að það getur varla haft stað, að þau hafi öll verið keypt með henni, og lítur svo út sem jarðareigandi hafi búið sèr þau lög til sjálfur, og er bágt við því að gjöra; eg ætla nú ekki að fara um þetta fleiri orðum, en vona, að einginn liggi á liði sínu, að gefa nauðsynlegar og áreiðanlegar upplýsingar í máli þessu.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eg þekki að vísu lítið til málefnis þess, sem hèr er umræðuefni, en það hefir skýrzt nokkuð fyrir mèr af því, sem hèr hefir í dag fram farið á þingi. Mannslánunum er talið til gildis, að þau sèu „300 ára gömul“, að þau sèu „frjáls samníngur“ og að þau sèu seld með „stólsjörðunum; en móti þeim ætla eg megi telja, að þau sèu ónáttúrleg og óviðurkvæmileg, sem lnekki þrifum og búnaðarheill: þessum orðum talaði framsögumaður, og þetta lýsir því, að kvöðin er ónáttúrleg. Syndin er þó eldri, en kvöð þessi, þó gömul sè, og þó er verið að reyna til að lnekkja henni, og afmá hennar skaðlegustu verkanir, en við hana finnst mèr þetta eiga eitthvað skylt. Eg skal samt ekki fara leingra út í þetta efni; það situr ekki á mèr að fara að prèdika, einkum þar sem framsögumaður er víst til þess miklu betur fallinn; en samfæríng mín er sú, að mannslán sèu ekki á eins góðum grundvelli bygð, eins og mörg önnur gjöld, t. a. m. landskuldir og leigur: því það er grunur minn, að þau sèu ekkert látin rýra afgjald jarðanna, sem þau fylgja. En hvað því við víkur, að beiðendur, sem allir búa á Akranesi og eru mannslánum undirorpnir, hafa stúngið upp á endurgjaldi fyrir mannslánin, sem þeir óska aftekin, og ekki minna en 20 álnir, þá held eg fyrir þeim hafi vakað máltækið, „af tvennu illu taktu það minna“, því þeir hafa væntanlega ekki búizt við, að geta losazt við hvorutveggja.

Framsögumaður: Eg ætla eingu að svara töku ens virðulega þingmanns frá Norðurmúlasýslu, en einasta benda þinginu til þess, að tvent af því, sem hann hermir úr ræðum mínum, hefi eg ekki talað: 1. að mannslánin væru ónáttúrleg og ill; í nefndarálitinu, sem eg las upp, stendur, að þau eigi illa við frjálslyndi þjóðar vorrar og þessara daga hugsunarhátt,

og eru það ekki síður orð meðnefndarmanna minna, en mín, og öll önnur, en þingmaðurinn tekur upp; og í 2. stað, að eg hefði sagt, að (30) Akranesíngar, sem þessari kvöð væru ánauðugir, hefðu undir skrifað bænarskrána; en þar til svara eg, að af þeim 30 sem undir hafa skrifað bænarskrána, eru 6 eða fleiri, sem lausir eru sjálfir við kvöð þessa, og eiga hana sumir þeirra að öðrum. En því, sem þíngmaðurinn talaði um syndina, svara eg að eins því, að syndum bera gjöld.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Viðvíkjandi því sem framsögumaður bar mèr á brýn, að eg hefði sagt „ósatt", er eg sagði hann hefði talað þeim orðum, sem eg til greindi, þá ætla eg að svara því á þessa leið: hann sagðist hafa lesið þetta upp úr nefndarálitinu, en eg held, að maður geti ekki lesið upp, svo annar heyri, án þess að tala.

Jón Samsonsson: Eg verð að fallast á það, sem sá heiðraði þíngmaður Árnessýslu hefir sagt í þessu máli, að bezt mundi tilfallið vera, nefnilega, að það verði tekið til greina, þegar landbúnaðar-lögin verða endurbætt.

Nú kvað forseti frumræðu máls þessa lokið, þar sem enginn tæki fremur til orða.

Loksins var lesin upp allraþegnsamlegust bænarskrá þíngsins til konúngs um bókasafn handa alþíngi, og fundu þíngmenn ekki að.

## Til Konúngs.

Einn af þíngmönnum hefir borið upp þá uppástúngu, að alþíng sendi Yðar Hátign allraþegnsamlegasta bænarskrá um, að stofnsetja mætti og síðan auka bókasafn af þesskonar bókum, innlendum og útlendum, sem þínginu eru nauðsynlegastar.

Þíngið kaus 3 manna nefnd til að rannsaka þetta mál, og eptir að nefndin hafði sagt um það álit sitt, var það rædt á tveim aðalfundum á lögskipaðan hátt.

Þíngmenn voru allir samdóma um það, að mikil nauðsyn væri, að þíngið gæti átt safn nokkurt af nauðsynlegustu bókum, sem það hefir vantað híngað til; er það ekki einúngis söfn af tilskipunum ríkisins og konúngsbrèfum, svo og stjórnarráða tíðindin, sem eru öllum þíngmönnum ómissanda, heldur væri einnig naudsyn á safni af völdum góðum bókum um ýmsar greinir stjórnfræðinnar yfir höfuð, um hagi og efni, bæði lands vors sèr í lagi, og Danmerkur og hinna skyldustu landa í grend við oss.

Kostnaður til safns þessa ætlar þingið að ekki geti minni orðið en 300 rbd. í fyrstu, til að stofna safnið með, og síðan 100 rbd. til hvers þings.

Samkvæmt reglu þeirri, sem ákveðin er í tilskipun 15. Maí 1834, 88. gr., leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast, að stínga upp á, að kostnaður þessi til bókasafnsins verði goldinn sem annar alþingiskostnaður.

Samkvæmt þessu dirfist þingið allraþegnsamlegast samhuga að biðja Yðar konúnglega Hátign:

1. að Yðar Hátign vildi allramildilegast leyfa, að stofnsetja mætti og síðan auka bókasafn af þesskonar bókum, útlendum og innlendum, sem þinginu eru nauðsynlegastar.
2. að til bókasafns þessa megi verja, í fyrstu til stofnsetníngar þess 300 rbd., og síðan til hvers þings 100 rbd.
3. að kostnaður til bókasafns þessa greiðist á sama hátt sem annar alþingiskostnaður.

Því næst var fundi slitið.

---

## 24. Júlí — nítjándi fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykt.

Var þá tekið til undirbúnings-umræðu málefnið um festu og uppboð konúngs jarða, og las framsögumaður, umboðsmaður Jón Guðmundsson, nefndarálitið, þannig látanda:

### NEFNDARÁLIT

um uppboð til afgjalds og festu á konúngsjörðum í Íslandi.

Hið heiðraða alþíng hefir kvadt oss undirskrifaða í nefnd, til þess að íhuga og segja álit vort um 2 bænarskrár, sem til þíngsins eru komnar, aðra frá Skagafjarðarsýslu, en aðra frá Strandasýslu, sem báðar lúta að því að biðja um, að aðferð sú, sem nú er við höfð við byggíngu konúngsjarða hèr á landi, samkvæmt fyrirskipunum hins konúnglega rentukammers í brèfum þess frá 26. Marts 1842 og 6. Maí 1843, nefnilega, að bjóða þær upp til afgjalds og festu á uppboðsþíngum, og að goldið sè eptir þær í tómum peníngum, verði aptur kölluð, en umboðsmönnum gjört að skyldu, að byggja jarðirnar duglegustu og efnabeztu mönnum, þeim er fást, og gángast vilja

undir, í stað festu gjaldsins, að leysa af hendi jarðabætur þær, er helzt þykir þörf á, og tilteknar sèu í byggíngarbrèfunum. Er því og farið fram í annari bænarskránni, að þeim skilmála, er nú fylgi byggíngarbrèfunum á klaustrajörðum í Skagafjarðarsýslu, að leiguliðar sè skyldir að segja þeim lausum $1\frac{1}{2}$ ári áður en þeir flytja í burtu, sè breytt á þá leið, að hann verði lögum og landsvenju samkvæmur.

Leyfum vèr oss nú að láta í ljósi álit vort um þetta mál á þessa leið:

Nefndin hlýtur að viðurkenna, að bænarskrár þessar eru sprottnar af góðri rót; þeir, sem hafa undirskrifað þær, eru að miklu leyti málið óviðriðnir, hyggnir og dugandis bændur, klerkar og aðrir merkismenn (alls að tölu 278), sem leiddir af þeirri sannfæríngu, að aðferð þessi við byggíngu konúngsjarðanna mundi verða ræktun þeirra og allri meðferð til torlegðar, þegar framm í sækti, og konúngssjóðnum að lyktum til tjóns, hafa borið málefni þetta fram fyrir þíngið, í þeirri von og trausti, að alþíng mundi finna, að málið ætti það skilið, að því væri gaumur gefinn; og vèr skynjum ekki betur, en að þeir hafi haft góða ástæðu til þess að ætla þínginu, að það mundi taka málið að sèr. Vèr getum, því er það, ekki betur sèð, en að festugjald það og uppboð konúngsjarðanna, sem nú er farið að tíðkast og fyrirskipað er af stjórnarráðinu, hljóti að hafa allar þær skaðlegu afleiðíngar, sem bænarskrárnar taka fram; því bæði liggur það í augum uppi, að skilyrði fyrir því, að jarðirnar verði vel setnar og ræktan þeirra fari vaxandi, er góður ábúandi, svo er það einnig ljóst, að þetta atriði getur ekki komið, og kemur ekki, að því er reynslan sýnir, til greina, þegar ábúandinn er tekinn úr flokki þeirra, sem á uppboðsþíngi bjóða mest við jörðinni, og er þannig, að voru áliti, því skilyrði hafnað, sem oss virðist að allt sè undir komið í þessu efni; en ef þetta er svo í raun og veru, þá er hitt auðsèð, að aðferð þessi hlýtur að vera skaðleg fyri konúngsgózið. Það er enn fremur alkunnugt, að jarðeigendur hèr á landi, sem þó þekkja hag sjálfra sín, hvorki eru vanir því yfir höfuð, að taka festu, nè heldur hafa til þessa látið sèr koma til hugar, að láta bjóða upp jarðir sínar til ábúðar og afgjalds á uppboðsþíngum, heldur hafa þeir, sem eru hyggnastir þeirra, látið sèr helzt ant um það, að jarðirnar byggist dugandis mönnum, sem rækti þær og sitji, eins og bezt má verða; og þykir oss mega

fullyrða, að þetta muni verða happadrjúgara, en þótt afgjaldinu sè hleypt upp fyrir stundar sakir töluvert meir en áður var: því að því má vísu gánga, að þetta verði umhverft, þegar frá líður og jarðirnar eru komnar í vanrækt.

Það er og eitt, sem vèr, eins og í annari bænarskránni er tekið fram, teljum víst að illt muni leiða af uppboðunum á konúngsjörðunum, en það er þetta, að enn þótt hyggnustu jarðeigendur muni gjöra sèr far um að byggja jafnan jarðir sínar hinum duglegustu og passasömustu mönnum, þó við minna gjaldi sè, þá er samt sem áður hætt við því, að þeir jarðeigendur, sem síður líta á sóma sinn og gagn jarðarinnar til frambúðar, heldur en talsvert aukið gjald í bráð, muni einnig taka upp þessa skaðlegu aðferð, og bjóða upp jarðir sínar fyrir sem mest gjald að verða má; er við þessu því hættara, sem hitt var víst, að hin milda meðferð stjórnarinnar á leiguliðum sínum til skamms tíma, hefir gefið mörgum jarðeigenda lofsvert og heillaríkt eptirdæmi í því efni.

Hvað nú viðvíkur festugjaldinu, þá virðist oss það sè mjög ísjárvert yfir höfuð að taka það hèr á landi, en ógjörningur, þegar upphæð þess er ekki bundin neinum föstum reglum, heldur látin vera komin undir tilviljun, keppni, þörf, og svo mörgu öðru; því auðvitað er það, að festugjaldið höggur optast nær töluvert skarð í bústofn og bjargræðisstofn þeirra, er bjóða það, og gjörir þá að því skapi miður færa um að standa í hæfilegum skilum við jörðina. Þess vegna virðist oss og, að það, sem bænarskrárnar stínga upp á, en það er, að festugjaldi þessu sè breytt í jarðabætur, sem árlega eigi að leysa af hendi, eptir því sem ákveðið sè í byggíngarbrèfunum, sè vel til fundið, og mundi það af sèr leiða verulegt og varanlegt gagn, einkum til frambúðar, og því þykir oss vert, að þíngið mæli fram með því við stjórnina; því vèr teljum víst, að sú endurbót jarðanna, sem af þessari byggíngar-aðferð hlýtur að leiða, yfirgnæfi margfaldlega hag þann, sem að festugjaldinu er í svipinn, eins og það er nú tekið. En að því leyti sem vèr hljótum að fallast á uppástúngu bænarskránna, að því sem um festugjaldið ræðir, eins verðum vèr, og fremur, að vera á sama máli um uppboð jarðanna til ábúðar og árlegs afgjalds; því allt það, sem mælir móti festugjaldinu, mælir einnig gegn uppboði jarðanna til sem mests afgjalds, með fleiri og auðsènari annmörkum.

Það er og eitt, sem hið konúnglega rentukammer hefir fyriskipað í hinum áminnztu brèfum sínum, er vèr hyggjum að gjöri öllum hinum fátækari landsetum á konúngsjörðunum óvinnanda að standa í góðum skilum, einkum þegar búið er áður að hleypa upp gjaldinu á uppboðsþíngi miklu hærra, en áður hefir verið; en það er, að gjalda skuli allt í peníngum eptir verðlagsskránni, landskuldina eptir meðalverði, en leigurnar eptir smjörverði. Vèr játum, að þetta getur aldrei orðið mjög tilfinnanlegt fyrir hina efnabetri ábúendur; en hitt vitum vèr, að hinir fátækari fá opt og tíðum sárlitla peninga hjá kaupmönnum: þeir þurfa, því er það, meiri kornvöru að tiltölu við vörubyrgðir sínar, heldur en hinir; en til þessa hefir verið við það óvinníngur, að fá hjá kaupmönnum að eins eintómis matvöru og peninga út á það, sem inn hefir verið lagt. Þessa þyrftu þó hinir fátækari, ef gjaldlag þetta skyldi haldast.

Þessar ástæður, sem vèr höfum talið gegn festu og uppboði á konúngsjörðum til ábúðar á uppboðsþíngum, og gegn byggíngaraðferð þeirri, er stjórnarráðið hefir fyrirskipað í þessu efni, eru leiddar af eðli hlutarins og kríngumstæðum lands þessa, og höfum vèr jafnframt haft augastað á því, sem oss virðist í raun og veru hljóti að vera hagfeldast og affarabezt fyrir konúngsjarðir hèr á landi og konúngssjóðinn sjálfan, ekki svo mjög í bráð, sem til frambúðar, þegar frá líður. Oss finnast því ástæður þessar vera þess eðlis, að þær mættu virðast einhlítar til að sanna, að aðferð sú, sem hèr ræðir um, á byggíngu konúngsjarðanna, sè ekki viðhafandi, hvort sem litið er til torlegðar þeirrar, sem jarðirnar bíða af því sjálfar, eður tjóns þess, er konúngssjóðurinn verður fyrir, þá frá líður, eður hnekkis þess, sem af henni leiðir fyri efnahag og atorku ábúenda.

En vèr skiljum heldur ekki betur, en að aðferð þessi sè ekki samkvæm þeim lagaboðum, sem oss eru kunn um þetta mál; og nefnum vèr þá einkum tilskipun frá 15. Maí 1705, sem enn þá er hèr í fullu gildi, en þar segir konúngur: „að það skuli vera öllum hússbændum, og þeim, er hafi konúnglegt góz undir umboði, streingilega fyrirboðið að leggja upp á bændurna á gózinu nokkurn nýjan þúnga, fram yfir það sem frá alda öðli hafi goldizt af tèðum jörðum“, og leggur konúngur bætur við, ef út af þessu sè brugðið. Þetta lagaboð virðist oss berlega láta í ljósi, að konúngsjarðir eigi ekki að byggja fram yfir forngildu, yfir höfuð að tala; en auðvitað er, að

þetta atriði getur ekki orðið tekið til greina, þegar jarðirnar eru boðnar upp við opinbert uppboð.

Annað lagaboð viljum vèr og tilgreina um það, í hverju gjalda skuli eptir jarðir, en það er kóngsbrèf frá 28. Maí 1777; er það lagaboð hèr einnig í fullu gildi, og er þar að eins skipað, að gjalda eptir jarðirnar í „góðum og gildum aurum og fríðu, (gode og giæve Varer, forsvarlige Varer og Kreaturer);" og hyggjum vèr því gagnstætt þessu lagaboði, að einskorða gjaldið eintómis í peníngum, sem öllum þorra konúngs landseta er mjög svo erfitt, en mörgum því nær ómögulegt úti að láta.

Þá viljum vèr að síðustu skírskota til hinna gömlu landsleigulaga (Llb. II. kap.) um, hve nær ábúandi skuli segja lausu ábýli sínu við hússbónda. Stjórnarráðið telur að vísu sjálfsagt í brèfi sínu frá 6. Maí 1843, að lögin hafi tiltekið svo stuttan frestinn, af því að þar sè gjört ráð fyrir byggíngu jarðanna með áratali, en ekki með æfifestu, og leggur því á vald amtmönnum, að ákveða nægilegan frestinn til að segja lausri jörðinni; en sjálfsagt er sú meiníngin, að frestur sè svo lángur, að koma megi við, að bjóða upp jörðina, að minnsta kosti um jól. Þannig mun það vera undir komið, sem Skagfirðíngar bera sig upp undan í bænarskránni, að ábúendum þar er gjört að skyldu, að segja jörðunni lausri $1\frac{1}{2}$ ári fyrir þá fardaga, er þeir ætla í burtu. Vèr gjörum nú sjálfsagt ráð fyrir, að uppboði á jörðum muni linna, eptir því sem vèr höfum leidt rök að hèr að framan; en hvernig sem á þetta atriði er litið, finnst oss, að jafnlángur frestur, og yfir er kvartað í bænarskránni, sè hvorki bygður á nauðsyn nè nægum rökum; enda hefir hvorugur hinna amtmannanna, að því er vèr til vitum, ákveðið frest þenna svo lángan, þó þeir hafi fylgt fram uppboðunum. Vèr játum samt, að frestur sá, sem landsleigulögin ákveða til að segja lausri jörðinni, sè bæði stuttur og óhentugur með æfifestu ábúð. En af því vèr hins vegar teljum víst, að þessu muni verða breytt til bóta, þegar hin nýju og endurskoðuðu landsleigulög koma undir álit þíngsins og stjórnarinnar, leiðum vèr hjá oss að fara fleiri orðum um þetta atriði, eða að kveða upp um það nokkra sèrstaka uppástúngu.

Vèr hyggjum þannig, að þessu málefni verði bezt skipað með því, að fela umboðsmönnum konúngsjarðanna að byggja ábýlin, samkvæmt því sem bænarskráin frá Strandasýslu leggur til, þeim duglegustu og efnabeztu mönnum, sem til þeirra

bjóðast: að festan, ef henni annars er haldið, sè tekin og áskilin með jarðabótum, eptir því sem ákveðið er í byggíngarbrèfunum að árlega skuli af hendi leysa; og erum vèr á því, að á þann hátt megi festan vel haldast, en þó svo, að umboðsmaður sè skyldur að bera allt slíkt, með röksamlegri nppástúngu, undir hlutaðeiganda amtmann, sem vèr ætlum geti útvegað sèr svo nákvæma þekkíngu á ásigkomulagi jarðanna, að hann geti haft það eptirlit með aðgjörðum umboðsmanna, sem vera ber, svo allt fari í góðu lagi.

Þíngið fól oss nefndarmönnum, á sjötta fundi sínum, að segja álit vort um bænarskrá eina frá 6 konúngs landsetum í Álptafirði, er þíngmaður Ísfirðínga hafði til flutníngs; beiðast þeir þess, að þeir fái að gjalda, sem fyrri, 90 sk. fyrir hverja landskuldarvætt af jörðunni, en ekki annaðhvort eina á fyri hverja vætt, eður eptir verðlagsskránni, eins og nú sè nýfarið að heimta. Nú hyggjum vèr hèr sè ekki nema tvennu svör að gefa, að þessi hækkun á landskuldargjaldinu sè annaðhvort tekin þvert í móti byggíngarskilmálum þeirra, en þá sè hlutaðeigendum innan handar að bera sig upp undan því á lögboðinn hátt við yfirvöldin, sem undan öðrum skilmálarofum, eður að gjald þetta er tekið beint eptir byggíngarskilmálunum, en þá eru það gjörðir samníngar, sem einginn getur raskað á annan hátt, en að þeir segi sjálfir lausum ábýlum sínum. Fyri þessar sakir getum vèr nefndarmenn ekki gefið bænarskrá þessari neinn gaum.

Samkvæmt því, er vèr höfum fært til hèr að framan, verður það álit vort, að alþíng eigi að ráða til og bera upp fyri konúng vorn:

1. Að hætt sè að bjóða upp konúngsjarðirnar til afgjalds og festu.
2. Að hætt sè að einskorða leignagjald og landskulda í peníngum, heldur að eins í góðum og gildum aurum.
3. Að umboðsmönnum sè falið að byggja jarðirnar þeim duglegustu og efnabeztu mönnum, er í stað festugjalds leysi af hendi árlega þær jarðabætur, sem í byggíngarbrèfunum sèu ákveðnar, eptir ráðum umboðsmannsins og fyrirlagi hlutaðeiganda amtmanns.

Reykjavík, þann 20. dag Júlímánaðar 1847.

J. Samsonsson. J. Guðmundsson Th. Jónassen.

Framsögumaður, umboðsm. Jón Guðmundsson: Eg verð að leyfa mèr að lesa upp bænarskrána úr Strandasýslu, ef ekkert verður móti því haft; hún er vel samin, og tekur glögglega fram annmarka þá, sem leiða af uppboðunum.

Eg verð nú þessu næst að leyfa mèr að útlista, bæði hvaða álit nefndin hafði á máli þessu, og hvaða skoðunarmáta hún ímyndaði sèr að þingið hefði á því, þegar það kaus nefnd, þar sem þá þókti vafasamt, hvort málefnið ætti að felast nefnd eður ekki. Hèr er ekki að ræða um neina þá „administratív" ráðstöfun, sem framkvæmd er í bráð, sem kemur fram í einstöku málefni eða við einn einstakan mann, heldur er það ráðstöfun, sem gildir yfir allt land fyrir alda og óborna, sem búið er að skrifa á móti frá yfirvöldum landsins, sem stjórnarráðið vill allt um það ekki víkja frá, eins og auðráðið er af brèfi þess frá 12. Maí 1846, og því má álíta fyriskipun þessa sem annað lagaboð með laga-afli; því gat nefndin ekki annað haldið, og ekki betur skilizt, en að sú væri meining þingsins, að það ætti að leiða stjórninni fyrir sjónir, hvað miklar og margfaldar afleiðingar til ens verra að af þessu mundi leiða, einkum þegar fram í sækti, fyrir konúngsjarðirnar, fyrir sjóð konúngs, fyrir allt landið. Þenna skoðunarmáta áleit því nefndin sèr skylt að hafa fyrir augum, og þaðan hefir hún leidt ástæður sínar og uppástúngur.

En vegna kjördæmis þess, sem hefir kosið mig til ens heiðraða þings, verð eg enn fremur að bæta við nokkrum athugasemdum, er sýna, hvað sanngjarnleg og sjálfri sèr samkvæm að er aðferð stjórnarráðsins í þessu efni. Rentukammersbrèfið frá 26. Marts 1842 leggur fyrir að bjóða hverja jörð upp til afgjalds, sem ekki sè boðin í forngildan (den normerede Afgift). Menn skyldu nú ætla, að sama jarðabókin, nefnilega sú frá 1760, mætti í þessu efni, sem öðru, þegar eptir jarðabókum á að fara, gilda yfir allt land; en það er ekki. Í Vesturskaptafellssýslu (en meginpartur af fasteign þar eru klaustra - jarðir), reiknar stjórnarráðið ekki forgilduna eptir jarðabókinni frá 1760, heldur eptir skoðunargjörð nokkurri frá 1769. Uppruna og æfisögu þessarar skoðunargjörðar má lesa í alþingistíð. frá 1845 bls. 69; hún er að nokkru leyti samin án beinlínis skipunar, hún er vefeingd með kóngsbrèfi frá 5. Apr. 1774, hún er ónýtt með 2 síðari skoðunargjörðum, sem fram fóru yfir jarðirnar 1774, og aptur 1777 — 1779, að skipun

sjálfs konúngs og stjórnarráðanna, og að síðustu er hún aptur-kölluð af rentukammerinu sjálfu í brèfi til stiptamtmannsins 1787, þar sem sagt er, að hún sè óbrúkanleg („ikke anvendelig") á Íslandi.

Þessa skoðunargjörð grefur samt hið konúnglega rentukammer upp eptir rúm 60 ár; og af því að þar er gjaldið ákveðið miklu hærra en í jarðabókinni af 1760, og hærra en í nokkurri jarðabók, sem áður var til, þá segir stjórnarráðið, að eptir henni skuli telja forngilduna á jörðum, telur það skoðunargjörð þessa góða og gilda, því að hið „norska kammer", hafi staðfest hana í öllum greinum 1772, 2 árum áður en að konúngsbrèf ónýtti hana og skoðunargjörðir síðari, sem að konúngsskipun fóru fram yfir jarðirnar. Vona eg þetta sýni enn þá ljóslegar, hve aðferð rentukammersins er sjálfri sèr sundurleit í þessu efni.

Að öðru leyti ætla eg ekki að ræða frekar um mál þetta að sinni, fyrr en mèr gefst tilefni til þess af umræðum þingmanna.

Konúngsfulltrúi: Þegar tilrædt varð um það, hvort kjósa skyldi nefnd manna til að rannsaka mál þetta og halda því leingra fram hèr á þingi, þókti mèr það laust við allan efa, að málið ætti sèr ekki stað meðal þingstarfa, og þá leiddi eg rök að því, er eg sagði. Hinn meiri hluti þingmanna varð ekki á mínu máli, og fyrir því neyðist eg nú til að fara leingra fram í mál þetta, og get eg þá ekki komið mèr undan því að leiða þau skýrteini í ljós, sem enn betur munu sýna það og sanna, að sök þessi hefði ekki átt að koma hèr til umræðu, og að henni er eingan veginn þannig varið, að ástæða sè til þess fyrir þingið að senda nokkra uppástúngu eður bænarskrá til konúngs.

Hinum virðulegu þingmönnum hefir að vísu, eins og mèr, mátt þykja það kynlegt, að jafnvel þó nefndin ráði þinginu að beiðast breytíngar á aðferð þeirri, sem við er höfð á byggíngu konúngsjarða samkvæmt brèfum hins konúnglega rentukammers frá 21. Marts 1842 og 6. Maí 1843, þá skýrir þó nefndin þingmönnum alls ekkert frá inntaki brèfa þessara. Eg ímynda mèr þó, að nefndin hafi haft brèf þessi í höndum, að minnsta kosti hefir hún ekki leitað til mín í því skyni að fá skýrteini um inntak þeirra. Jafnvel þó eg verði að taka það upp aptur, að mèr þyki það ekki eiga sèr stað í aðgjörðum þings-

ins, að leggja nokkurn úrskurð á um brèf þessi, þá þykist eg þó hafa köllun til að skýra þínginu nokkuð gjör frá inntaki þeirra, sem þannig hefir verið kvartað yfir.

Rentukammers-brèf frá 26. Marts 1842 býður það, sem almenna reglu, þegar konúngsjarðir á Íslandi sèu bygðar, að bjóða skuli jarðirnar á uppboðsþíngi, að svo míklu leyti sem hin ákveðna landskuld (forngildan) ekki sè boðin af þeim manni, sem að jörðunni vill komast. Enn fremur æskir stjórnarráðið að fá álit um það, hvort það sè ekki vel til fallið, ef vegur væri til, að gjöra öllum leiguliðum jafna kosti, og fá tekjur sem bezt samsvarandi jarðanna gæðum handa konúngssjóðnum, einnig að bjóða á uppboðsþíngi þær jarðir til byggíngar, þegar þær verða lausar, sem virðast má að sèu frá fornu of lágt metnar til afgjalds, eptir því hvaða arð þær veita ábúendunum; og hugði rentukammerið, að þegar svo væri á stadt, þá ætti að áskilja forngilduna sem árlegt eptirgjald, en á uppboðsþínginu bjóða festu til jarðanna; og til þess að ekki skyldu liðlèttir menn lenda á jörðunum, hèlt rentukammerið, að í uppboðs-skilmálunum mætti áskilja sèr rètt til að kjósa hvern sem vildi af þeim þremur, er hæst hefðu boðið. En eins og áður er sagt, um þessi atriði var að eins beðizt að fá álit, en þar á móti var ákveðið, að jafnan sè gjört að skilyrði, að afgjaldið sè goldið eptir meðalalin í verðlagsskránni.

Rentukammers-brèf frá 6. Maí 1843, takmarkar skipun þá, sem nefnd er í brèfinu hèr á undan, um að reyna uppboð til þess að forngilda náist, með því þetta brèf gefur amtmönnum vald á, eptir því sem ástadt sè, að ákveða, hvort reyna skuli uppboð eða ekki. Auk þess felur rentukammerið amtmönnum á hendur að setja í byggíngarbrèf þau, sem þeir gefi eptirleiðis, þann skildaga um uppsagnar-frestinn, er þeim þyki sem bezt muni svara tilgánginum.

Um málefni það, sem hèr greinir um, og einkum um það, hversu óhagkvæm væru þessi byggíngar - uppboð á jörðum, höfðu embættismenn hèr á landi nokkrum sinnum ritað ástæður þær, sem þeir báru fyrir, voru að mestu allar hinar sömu, sem þær, er nú eru tilgreindar í bænarskránum og í álitsskjali nefndarinnar. Á mál þetta er enn minnzt í rentukammers - brèfi frá 12. Maí 1846, sem hinn virðulegi framsögumaður hefir getið, en í nefndarálitinu er ekki drepið á það.

Brèf þetta ítrekar það aptur með berum orðum, að amtmönnum sè gefið í sjálfs vald að ráða því, hve nær setja skuli jarðirnar til uppboðs, og hve nær selja megi þær á leigu án uppboðs. Rentukammers-brèf þetta getur þess að öðru leyti, að uppboðin virðist gefa meiri vissu fyrir, að eingin óregla eigi sèr stað, heldur en uppástúngur og tillögur umboðsmannanna, og biður að athugað sè, að hve miklu leyti það muni hagkvæmt, að jarðir þær, sem forngilda er goldin eptir, verði boðnar upp, þegar þær losna, jafnvel með lægra afgjaldi, en áður hafi verið ákveðið.

Þetta er í fám orðum inntak hinna þriggja rentukammersbrèfa, að svo miklu leyti sem þau snerta þetta mál; eg get, eins og við má búast, ekki sagt frá öllu inntaki þeirra, af því brèfin eru laung og tala um önnur atriði. Hvort nú amtmennirnir, eptir að þeir voru gjörðir sjálfráðir um þetta, hafa þókzt hafa ástæður til, opt eða sjaldan að láta bjóða jarðir á uppboðsþíngum til byggíngar, þar um segi eg ekkert; eg get þannig ekki gefið nein óræk skýrteini um það, hvernig til hefir verið hagað um þetta á ýmsum stöðum, heldur einúngis um ákvarðanir þær, sem gjörðar hafa verið, og sem menn mælast nú til að af sèu teknar.

Í álitsskjali sínu hefir nefndin talað um þau 3 ýmislegu atriði, sem kvartað er um í aðferð þeirri, sem nú er við höfð, nefnilega um byggíngu jarðanna á uppboðsþíngi, þar næst um eptirgjalds-mátann, og að síðustu um uppsagnar-frestinn, sem ákveðinn er í byggíngarbrèfunum. Nefndin hefir fyrst tekið það fram, hvernig henni þyki aðferð sú, sem nú tíðkast, vera óhagkvæm: og má svo virðast að öðru leyti, sem nefndin hafi í því máli, sem á tvent var að líta, einúngis litið á aðra hlið þess, og flutt málið af þeirri hálfu, í stað þess hún, ef hún hefði valið sèr rètt sjónarmið, hefði að minni hyggju átt að lýsa bæði kostum og löstum á aðferðinni; og því næst fer hún að sýna, hversu aðferð þessi megi álítast gagnstæð lögum þeim, er gilda. Eg ætla nú að farà gagnstæða leið, og tala fyrst um það, hvað lögmætt sè; því sè það sannað, að aðferð sú, sem um er kvartað, sè ólögleg, þá þarf ekki um hitt að spyrja, hvort það sè hagkvæmt eður ekki.

Vèr viljum þá fyrst aðgæta það, hvort nokkuð sè ólögmætt í aðferð þeirri, sem um er kvartað í nokkrum af þeim

3 greinum, og minnist eg þá fyrst á það, að jarðirnar eru boðnar til byggíngar á uppboðsþíngi, sem ætti að leiða það eptir sèr, að afgjald jarðanna kynni að verða hærra en það, sem verið hefir á jörðunum frá fornu, og þykir nefndinni það gagnstætt tilsk. 15. Maí 1705. Hin fyrsta grein tilskipunar þessarar, þar sem bannið ætti í að standa, segir svo: „1. Er hèr með alvarlega bannað öllum húsbændum og þeim, sem hafa kunna nokkuð af fasteignum vorum eður jörðum að umboði, að leggja á bændur þeirra neinar nýjar álögur, yfir það fram, sem á jörðunum hefir legið frá alda ödli, en ef móti er brotið, skulu konúngi goldnar bætur þrefaldar að upphæð við það, sem þessar hinar nýju álögur eru að verðlagi". Nú veit eg það að vísu, að sumir hafa skilið svo lagagrein þessa, að hún ætti ekki við um annað en konúngsjarðir; en hver sá maður, sem með athygli les greinina, einkum þegar inngángur tilskipunarinnar er borinn saman við hana, mun gánga úr öllum efa um, að greinin nær til allra landsdrottna, og þess vegna eins til einstakra manna jarða, eins og til konúngsjarða. Eg veit nú ekki til, að menn, að minnsta kosti á seinni tímum, hafi haldið, að lagagrein þessi gæti bannað nokkrum einstökum jarðeiganda að byggja jörð sína með þeim skilmálum, sem hann hefir getað orðið ásáttur um við þann mann, sem að jörðunni hefir flutt, án tillits til þess, hvort afgjaldið hefir verið meira eður minna en það, sem áður hefir verið goldið eptir þá jörð. Lög þau, sem það bönnuðu, væru og í mörgu tilliti svo varúðarverð, að menn geta ekki ætlað, að það hafi verið áform löggjafans, þegar það leiðir ekki nauðsynlega af orðum laganna. Þessu er ekki heldur að minni hyggju þannig háttað, og hefir, eins og eg sagði, yfir höfuð ekki verið þann veg skilið, þar eð menn geta allvel skilið tilskipunina þannig, að það er einúngis bannað landsdrottnum eður jarðeigendum að leggja nokkrar þýngri álögur á herðar leiguliðum þeim, er að jörðunum eru fluttir, heldur en þeir þángað til höfðu átt að svara, án þess þetta skyldi banna jarðeigendum, þegar ábúenda skipti yrðu, að semja við þá menn, sem þá flyttu á jarðirnar, um landskuld þá, er þeir ættu að svara. Menn væru að öðrum kosti opt í vandræðum með að finna, hvaða afgjald mætti álíta sem það, er frá fornöld hefði verið goldið eptir jörðina; það er svo opt talað um það hèr, hversu erfitt sè að vita, hver sè hin rètta jarðabók eða af-

gjalds regla. Með því, sem nú er til greint, hygg eg að eg hafi fært ástæður gegn því, sem nefndin hefir ætlað, að það mundi vera ólögmætt, að bjóða jarðir til byggíngar á uppboðsþíngi, eður þannig, að meira yrði goldið eptir jarðirnar, en verið hefði að fornu. En þó menn einmitt álitu þetta ólögmætt, þá verð eg að geta þess, að hið konúnglega rentukammer hefir, eins og eg áður hefi sýnt, aldrei boðið að bjóða jarðirnar á uppboðsþíngi til byggíngar, þegar svo hefir á staðið, að forngilda hefir verið boðin, og fyrir því getur það eingu tali tekið, að brotin hafi verið lög á mönnum með reglum þeim, er rentukammerið hefir gefið í þeim atriðum, er hèr ræðir um. Hvað nú þessu næst snertir eptirgjalds-mátann, þá get eg eingan veginn skilið, hvernig nefndinni hefir getað hugsazt, að í konúngsbrèfi 18. Maí 1777 væri nokkurt bann við því, að áskilið væri, þegar leiguliði flytur að jörðu, að hann greiddi landskuldargjald sitt í peníngum eptir verðlagsskráar meðalalin. Konúngsbrèfið segir, „að leiguliðar skuli annaðhvort koma landskuldum sínum í kúrantmynt, ef ekki sè ákveðið, að goldið sè í tilteknum landaurum *in natura,* eður að öðrum kosti, ef þeir gjaldi í öðrum aurum eður lifandi fè, skuli þeir greiða þá eina aura, og ekki aðra, sem álíta megi eptir lögum og landsvenju góða og gilda, og sem hægt sè að verzla og koma í peninga“. Konúngsbrèf þetta er þannig gefið einúngis til að sporna við því, að leiguliðar gjaldi illa aura; það gjörir jafnvel ráð fyrir, að leiguliði, þegar svo er á stadt, komi landskuldinni í peninga, og það hefir ekki í sèr fólgið hið minnsta bann móti því, að menn semji um, að landskuld sè greidd í peníngum. Hvað nú að lyktum snertir uppsagnarfrestinn, þá hefir nefndin bent á Jónsbókar landsl. bálks annan kap., sem þá lagagrèin, er ætti að vera því til fyrirstöðu, að áskilinn væri leingri uppsagnarfrestur, en frá nóttunni helgu til fardaga. Svo segir í Jónsbók: „ef maður segir ei lausa jörð manns fyrir nóttina helgu, þá skal hann hafa þá jörð, ef landsdrottinn vill halda honum, á hendur þá 12 mánuði, að slíkri leigu, sem áður var mælt“. Það er bert, að lagagrein þessi mælir einúngis fyrir þá almennu reglu, hvað gjöra skuli, ef leiguliði segir ei lausri jörð þeirri, er hann býr á, fyrir jólanótt, en bannar hins vegar eingan veginn landsdrottni og leiguliða að semja um annan uppsagnar-frest. Þessu hefir nefndin ekki heldur farið á flot; og þar eð nefndin sjálf þar að auki játar, að

uppsagnarfrestur sá, sem nefndur er í landsleigubálki, sè bæði stuttur og eigi illa við um lífsfestu, þá ætla eg ekki að orðleingja fremur um það atriði.

Eg hefi þannig sannað, að ekki geti verið efi á um það, að aðferð sú sè lögmæt, sem um er kvartað. Eg sný nú máli mínu að hinu, hvort hún sè hagkvæm; og eg ætla þá fyrst að minnast á það, hvort það geti álitizt hagkvæmt, að bjóða konúngsjarðir til byggíngar á uppboðsþíngi. Til þess álit manna í þessu efni sè á rökum bygt, útheimtist nauðsynlega, að menn hafi um lángan tíma í hvert eitt skipti aðgætt afleiðíngarnar af hvorritveggja byggíngar-aðferðinni, bæði að byggja jarðir án uppboðs og með uppboði; það er af þessum dæmum að menn skulu læra, hvað rèttast er. Fyrir þá sök hafa menn þeir, er hlut eiga að máli, nú um lángan tíma verið að velta þessu máli fyrir sèr, og, meðan því er ekki ráðið til lykta, hefir rentukammerið falið amtmönnum á hendur að ráða því, hve nær bjóða skyldi jarðirnar á uppboðsþíngi, þar eð ætlandi er, að þeir geti bezt úr því skorið, eptir því sem í hvort skipti er á stadt, hve nær þetta sè hagkvæmast. Eg get ekki, eins og gefur að skilja, haft í höndum nokkurt yfirlit yfir það, sem reynslan híngað til hefir getað kent mönnum í þessari grein; en eg ætla þó, að eg verði að skýra þínginu frá einu dæmi, sem sýnir það berlega, hvílíkur hagur að því var, að bjóða eina jörð til byggíngar á uppboðsþíngi. Eg verð að taka það upp aptur, hversu illa mèr fellur, að alþíngið, með því að ráða það af, að taka mál þetta til aðgjörða sinna og umræðu, hefir knúð mig til að tala um þess kyns smá-atriði, er eg fyllilega sè að ekki eru þess eðlis, að þau eigi að verða umtalsefni á alþíngi. Dæmi það, sem eg ætla nú að tala um, er að öðru leyti máli þessu mjög nákomið, með því þess er getið í rentukammersbrèfi því frá 26. Marts 1842, sem um hefir verið kvartað, og hefir, ef til vill, verið þess ollandi, að reglur þær voru settar, sem nú er kvartað undan. Fyrir hèr um bil hálfum tug ára var umboð á Kirkjubæar-klaustur-jörðum feingið í hendur nýjum umboðsmanni. Litlu síðar tók hann til byggíngar heimajörð klaustursins, og var henni að vísu vel í sveit komið fyrir hann; eptirgjaldið var hið sama, sem verið hafði í tíð þess manns, er þar hafði búið næst á undan, og voru það 80 álnir. Með hverri heimild þetta hefir gjörzt, get eg ekki sagt; einúngis segir svo í rentukammersbrèfi því, sem

áður er getið, að hann hafi öldúngis einga heimild haft til að taka jörðina til ábúðar fyrir svo lítið eptirgjald, og skuli því reyna til að bjóða hana á uppboðsþíngi til byggíngar, ef umboðsmaður ekki vilji, eptir að þess hafi verið farið á leit við hann, gjalda landskuld eptir jörðina samkvæmt skoðunargjörð frá 1769. Þetta vildi umboðsmaður ekki, og jörðin var boðin upp. Þá komst afgjaldið í 305 álnir. Að jörðin hafi miður verið setin fyrir það, þó afgjaldið hækkaði, skulu menn ekki ætla; því það var umboðsmaður sjálfur, sem hrepti jörðina. Nokkrum tíma seinna vildi umboðsmaður samt flytja burt af jörðunni, og boðið var að nýju að bjóða hana til byggíngar á uppboðsþíngi. En sèrleg atvik urðu þess þá ollandi, að uppboðið varð mjög arðlítið: uppboðsþíngið var haldið á óhagkvæmum tíma, sýslumaður gat sjálfur ekki komið á þíng, svo hreppstjóri gegndi þar störfum hans. Það, sem þá var boðið hæst, urðu, að því er mig minnir, einúngis 160 álnir, og það boð var ekki samþykt. Umboðsmaður sat enn eitt ár á jörðinni með 305 álna eptirgjaldi, sem fyrr; og þegar hann þar á eptir vildi flytja á burt, stakk hann upp á því, að jörðin yrði bygð, án þess að bjóðast upp á þíngi, með 305 álna eptirgjaldi, einum af þeim 3 mönnum, sem höfðu boðizt til að taka jörðina með þessu eptirgjaldi, og sem eptir sögusögn umboðsmanns voru allir meðal hinna duglegustu og efnabeztu bænda þar í nágrenninu; um eina þeirra er einkum tekið fram, að hann sè hinn mesti atorkumaður. Þar hjá gat umboðsmaður þess, að maður sá, er síðast var nefndur, vildi taka jörðina með því eptirgjaldi, sem þá var, en eingan veginn gjalda meira eptir hana. Eptir að umboðsmaður hefir minnzt á það, að jörðin hafi liðið skemdir, getur hann þess að síðustu, að þetta 305 álna eptirgjald, sem nú sè á jörðunni, sè það frekasta, sem menn með skynsemi geti krafizt af jörð þessari. Uppástúngu hans var nú ekki fylgt, heldur skipað að bjóða jörðina upp að nýju. Þá buðu þeir þrír menn, er mestir urðu, 384, 400, og 402 álnir. En eptir uppboðsþíng kom skriflegt boð til amtmanns frá manni einum, sem bauðst til að taka jörðina fyrir hið hæsta boð 402 álnir, og gefa að auki 20 rbd. í festu. Þessi maður var einmitt sá sami, sem umboðsmaður nokkru á undan hafði sagt að væri mesti atorkumaður, einn af gildustu bændum og auðugustu þar í sveit. Eg get þess einúngis, að maður þessi fèkk ekki jörðina til ábúðar, heldur

hinn, sem á þinginu hafði boðið 402 álnir, af því hann var af öllum, sem til þekti, álitinn eins duglegur maður og skilríkur eins og hinn, og þegar svo er á stadt, kýs maður sjálfsagt heldur þann manninn, sem boðið hefur á uppboðsþingi. Þetta dæmi sýnir þannig, að árángurinn af uppboðinu varð sá, að af jörð þeirri, sem fyrir fáum árum var með 80 álna afgjaldi, eru nú goldnar 402 álnir, án þess að þetta fimmfalda gjald við það, sem áður var, hafi leidt til þess, að lakari ábúendur hafi lent á jörðinni eptir en áður.

Öll smáatriði máls þessa munu enn fremur hafa sannfært alþíng um, að það á sèr öldúngis ekki stað, að þíngið leggi úrskurð á allt þetta málefni, að hvað miklu leyti það sè hagkvæmt að bjóða jarðir á uppboðsþíngi til byggíngar, heldur á mál þetta heima hjá þeim mönnum, sem hafa stjórn umboðsmálefna á hendi, því þeir einir eiga kost á að fá í hendur þau skýrteini, sem við þurfa til þess, að álitið á málunum sè á rökum bygt. Margt má án efa telja með og móti því, hvað hagkvæm þess kyns uppboðsþíng sèu; en þeir einir verða úr að skera, hvað rètt er, sem konúngsins vegn a eiga fyrir jörðunum að sjá. Eg verð nú að fela þínginu sjálfu á hendur að skera úr því, að hvað miklu leyti er æstæða tilað senda bæn arskrá til konúngs um það að breyta ráðstöfunum ren tukammersins, þeim er þetta mál snerta, sem í raun rèttri einúngis eru þess efnis, að veita amtmönnum leyfi til að láta bjóða jarðirnar upp á þínginu, þegar þeim þykir það eiga við.

Enn er eg alþínginu um skyldur að segja frá því, að hve miklu leyti það sè hagkvæmt, að eptirgjalds máti sá haldist við, sem ren tukammerið hefir fyrir skipað um afgjaldið af jörðunum. Þar sem sú ráðstöfun er gjörð, að á öllum jörðum, sem eptirleiðis byggist, skuli áskilið vera, að afgjaldið sè goldið eptir meðalalin í verðlagsskránum, á er það eptir áminnztu brèfi rentukamm. frá 6. Maí 1843 bygt á þeirri ástæðu, að komist sú venja í kríng, þá hverfi allar þær misfellur og öll þau umsvif, sem fylgja heimtíngu og skuldbin díngu landauragjaldsins, eins og menn þá einnig gætu komizt hjá rannsókn afgjaldslista þeirra, sem á ári hverju fylgja reikníngum umboðsmanna, og uppboði á landauragjaldinu Það er án efa kunnugt mörgum meðal þíngmanna, að það hefir jafnan verið ýmsum annmörkum bundið að koma landskuldagjaldi konúngsjarðanna í nokkurn veginn viðunanlegt verð. Menn þurfa ekki að

efast í nokkru um góðan vilja umboðsmanna, en allir munu þó játa, að bæði er það áríðandi og nauðsynlegt, að yfir höfuð sè þó höfð tilsjón með stjórn umboðsmanna á konúngs-jörðum, og að það einnig er mjög örðugt og því nær óvinnandi fyrir yfirvöldin að hafa slíka tilsjón með umboðsmönnunum í öllum smáatriðum starfa þeirra. Jónsbók hefir þegar í L. L. B. 2. kap., er nefndin hefir skírskotað til, ákveðið, hvað gjöra skyldi, þegar umboðsmaður tæki mútu, þá jörð væri bygð. Fyrir slíku er nú ekki ráð að gjöra leingur, eptir því sem breytingar eru á orðnar; en þó geta menn ætið ímyndað sèr, að svo kynni til að bera, að umboðsmenn færu ekki sem rèttast að, og atvik það, sem á var minnzt fyrir skömmu hèr á þíngi, að í norður og austur umdæminu væru þíngsvitni kvödd til sagna um það, hvað mikið væri afgjald jarðanna, þykir mèr ekki vera vottur þess, að menn setji þar óbifanlegt traust til umboðsmannanna. En þar eð það, þegar svona er á stadt, er mjög æskilegt, að það komi svo sjaldan að, sem orðið getur, að nauðsynlega þurfi við tilsjónar af hálfu yfirvaldanna, þá getur að líkindum enginn neitað því, að frá þessu sjónarmiði er það mjög vel tilfallið, að jarðir sèu boðnar til byggíngar á uppboðsþíngum, og að landskuld sè ákveðin í peníngum, því þá fer allur efi á burt um það, hvað sèrhver leiguliði hafi skuldbundið sig til að gjalda, og hversu mikið koma eigi í konúngssjóð, og allur grunur hverfur um hverskonar undanbrögð. Hèr er allt undir því komið að meta rètt hvað á móti öðru, kosti og ókosti, en til þess þarf að þekkja öll atvik nákvæmlega í hverju einstöku atriði.

Framsögumaður: Eg veit ekki, hvað vel mèr kann að takast, að svara þeirri laungu tölu ens háttvirta konúngsfulltrúa, er hann nú flutti, og eg vona, að þíngmenn virði mèr til vorkunar, þó eg svari honum ekki orði til orðs. Konúngsfulltrúinn fór að útleggja meiníngunа í rentukammersbrèfunum; það kann vel að vera, að hann skilji þau rètt, og skilji þau betur en allir aðrir, en það er víst, að hann skilur þau öðruvísi en aðrir, öðruvísi en amtmennirnir, öðruvísi en rentukammerið sjálft. Bænarskrárnar sýna ljóslega, hvern skilníng amtmennirnir leggja í brèf þessi; og víst er um það, að amtmaðurinn í Suðuramtinu hefir skilið klausuna í brèfinu frá 6. Maí 1843, sem konúngsfulltrúinn las upp til sönnunar sínu máli: „Dog overlades det" o. s. frv., einmitt á þá leið, að þetta

væri einúngis að skilja um festu-uppboð, en hitt væri vafalaust, að hverja þá jörð, sem ekki væri boðin forngildan í, ætti að bjóða upp til afgjalds; og svo hefir hann látið gjöra. Rentukammerið hefir feingið fullkomnustu vissu um þenna skilníng brèfanna, bæði af skýrslum amtmanna um uppboðin, og af reikníngum umboðsmanna, það hefir því fallizt á þenna skilníng brèfanna, fyrst það hefir ekki apturkallað aðferðina, og það hefir Rentukammerið eingan veginn gjört, heldur, ef nokkuð er, hert betur á; nú fer það fram á meira, eptir því sem fremst verður skilið brèf þess frá 12. Maí 1846. Eg get ekki verið að lesa upp þetta merkilega brèf; þar er talað um, að linan sú, sem hingað til hefir verið á hálfri landskuldinni, sè í rauninni ísjárverð og ætti af að takast; en reynandi væri víst að bjóða upp jarðir, sem forngilda væri á, og lofa þessari linun að vera, en heimta í staðinn festu, sem samsvaraði linun þessari í þau árin, sem menn gætu ítrast ímyndað sèr, að byggingin mundi haldast. Það á nefnilega að spá því, hvað leingi maður muni lifa, og eptir því á þessi nýja festa að vera ákveðin meiri eður minni, en amtmenn eiga að leggja dóminn á, hvort rètt sè. Brèf þetta herðir beinlínis á uppboðunum, og sýnir því ljóslega hvernig stjórnarráðið hefir skilið eldri brèfin og viljað láta skilja þau. Hinn háttvirti konúngsfulltrúi sagði, að þessi byggíngar aðferð væri ekki ólögleg og ekki mótstríðandi tilsk. 1705, því þetta mætti fremur telja með frjálsum samníngum, heldur en því, sem tilsk. þessi helzt gjörði ráð fyrir, að auka gjaldið fram yfir forngildu ofan í gjörða skilmála. Eg er nú í rauninni ekki svo fastur á því, að þessi skilníngur fari fjærri; eg skal ekki vera harður á því, að aðferðin sè beinlínis ólögleg, en færi nokkur einstakur maður slíku fram, færi nokkur einstakur maður að selja kornvöru eður einhverja fyrstu nauðsyn lífsins (og þar á meðal má telja jarðnæði með jarðaeklunni, sem er, og fólksfjölguninni), færi nokkur einn að bjóða slíkt upp á uppboðsþíngum, sem nauðsynin ein knýr mann að kaupa, hvað dýru verði sem er, þá væri það alment kallað við bjóðslegt og siðferðislega rángt; en það sem er svo á hverjum einstökum manni, getur konúngsfulltrúinn aldrei, að eg vona, kallað að fari vel á fyrir stjórnarráð konúngs. Hinn háttvirti konúngsfulltrúi átaldi nefndina fyrir, að hún hefði tínt til alla ókostina, sem leiddi af uppboðunum, en henni hefði sèzt

yfir að telja kostina; satt að segja, nefndin þekti einga þá kosti, og eg held, að dæmið af Kirkjubæ sýni þá ekki, þó sagan væri álitleg hjá konúngsfulltrúa; en það vill svo vel til, að eg get sagt sömu söguna líka, en á nokkuð annan veg, og sagði sami konúngsfulltrúi satt frá, en eg skal líka segja satt frá. Þegar umboðsmanninum, sem hann ræddi um, var veitt umboðið, var 75 álna gjald talið af Kirkjubæ, það gjald hafði allt af verið á jörðunni, frá því að fyrst eru til jarðabækur, en til forna höfðu þar verið líka 10 kirkju-kúgildi, sem goldinn var af 1 fjórð. eptir hvert til prestsins; hve nær eða hvernig þau kúgildi hafa farið, veit eg ekki; en laungu eptir það voru aldrei goldnar nema 75 álnir. Þegar umboðsmaðurinn kom austur, þekti hann hvorki Kirkjubæ nè aðrar jarðir; ábúandinn, sem þá var þar, gjörði það fyrir orð hans að standa upp frá honum, og kvaðst allt af hafa goldið 80 ál., enda var þetta gjald sett í reikníngana upp frá því; en satt er það, að eptir því gjaldi mátti jörðina telja með þeim betri, og leigumála þenna lágan í samanburði við aðrar jarðir. Svona bjó umboðsmaðurinn á jörðunni í 4 eða 5 ár; hann ritaði sig árlega í reikníngunum ábúanda jarðarinnar og gjaldanda að þessum 80 áln., bygði upp öll hús frá stofni, því jörðin var áður niður nídd, og ræktaði hana, eg þori ekki segja vel, en svona eptir efnum, og víst var um það, að jörðin var að þeim 4 eða 5 árum liðnum töluvert aðgeingilegri með allt slag. Nú gróf hið konúnglega rentukammer upp skoðunargjörðina frá 1769, og þar var sett 480 áln. gjald á Kirkjubæinn; þessi skoðunargjörð hafði aldrei verið á nafn nefnd síðan 1787, og voru allar jarðir þar eystra bygðar með því gjaldi, sem áður hafði verið á þeim; eg held því, að umboðsmanninum hafi mátt virðast til vorkunar, þó hann bæði þæði jörðina með því gjaldi, sem verið hafði frá alda öðli, og áliti, að hann ætti rètt á að búa á henni, úr því liðin voru svo mörg ár, að aldrei var mælt í móti ábúð hans, og hann var búinn að byggja upp og heldur bæta jörðina. En rentukammerið var ekki á því: það gjörði umboðsmanninum 2 kosti, annaðhvort að gjalda 480 álnir eða að víkja af jörðunni. Jörðin var þá boðin upp; uppboðið fram fór seint á hausti, og var umboðsmanni nauðugur einn kostur að bjóða, hvað sem hefði, eða vera jarðnæðislaus ella; uppboðið var með öllu skilyrðalaust um ábúðartímann: því töldu allir víst, sem við uppboðið voru staddir, að ekki væri vafi á, að jörðin

væri boðin upp með æfifestu, og umboðsmaðurinn bauð 305 áln. En hvað skeður? Rentukammerið samþykkir að vísu boð þetta, en þó svo, að umboðsmaður víki af jörðunni, strax sem hann hætti umboðinu. Þetta áleit hann hrein og bein skilmálarof, og sagði aptur lausri jörðunni, nema hann feingi æfifestu. Úr því fór, eins og hinn háttvirti konúngsfulltrúi sagði frá. Það mun einnig hafa satt verið, að sami maðurinn, sem bauð umboðsmanni 305 áln., mun hafa boðið á uppboðsþínginu 360 eða 380 áln., og ekki meira í það skipti; en aptur, þegar á veturinn leið, 402 áln., og festu að auki; en þetta held eg sanni nú allt annað, en konúngsfulltrúinn ætlaði til: eg held það sanni, að sami maðurinn gat sèð sig um hönd þrisvar, og eins og að hann bauð meira í eptirboð, en hann bauð á uppboðinu, eins hafi hann getað boðið umboðsmanni sjálfum minna; því auðsèð er, að maðurinn var allt af að sjá sig um hönd. Þetta sannar líka það, sem raunar hver maður veit að algeingt er, að menn vilja sjaldnast kaupa, sízt boðinn hlut, án uppboðs, jafnðýru verði og við uppboð; maður leiðist til þess af keppni, öfund, metnaði, og mörgu öðru: því svo virðist, sem uppboðin trylli marga hverja. Kóngsbr. 28. Maí 1777 leyfir þó að gjalda í góðum aurum og í fríðu; og fyrir fáum árum sendi rentukammerið það umboðsmönnum í suðuramtinu sem algildandi lög, enda tóku þeir eptir því einúngis ullu, smjör og tólk í gjöldin, en þetta er óneitanlega bezta landvara, enda hafa landsetar ekki mælt í móti að gjalda svo, því það var þeim mögulegt; hitt er þeim við það ómögulegt, að gjalda í peníngum; eg skal ekki bera í móti því, að konúngssjóðnum er það óhagur meiri, að þurfa að láta selja gjöldin, einkum þar sem lángt er til kaupstaðar, og vörurnar hljóta að seljast við lægra verði; en það er óhagur, og á einstöku stað, sem leiðir af eðli hlutarins, en sem ekki getur raskað gildandi lögum; enda mun óhagurinn ekki verða minni af peníngagjaldinu, þegar ekkert fæst. Ekki skil eg, skilji hver sem vill, hvað kaflinn, sem lesinn var upp úr Jónsbók, getur raskað gildi kóngsbr. 1777, eða helgað peníngagjaldið, og eg veit ekki, hvar þetta átti við.

Eg tek það að síðustu enn þá fram, hvort sem uppboð þessi eru beinlínis ólögleg eður ekki, þá eru þau þó viðbjóðsleg, þau eru eyðileggjandi og hneykslandi að afleiðíngunum til. Ímyndum oss, að allir jarðeigendur færu hinu sama fram, sem

stjórnarráðið, svo að hver ein einasta jörð væri boðin upp; hvaða regluleysi, hvaða niðurdrep, hvaða eyðileggíng fyrir landið og lýðinn, mundi ekki leiða af þessari sölu á hinni fyrstu lífsnauðsyn í landinu? Er það ekki líka fráleitt og óheyrilegt, að lata ekki sömu jarðabókina um forngildu gilda yfir allt land, eins í þessu efni sem öðrum? að taka skoðunargjörð, sem konúngur hefir ónýtt, og sem er aptur kölluð fyri 65 árum, af því hún ákveður hærra gjald, en er í nokkurri jarðabók, og kalla það gjald forngildu í einni sýslu landsins? að láta slíka skoðunargjörð þá gilda að eins um gjaldhæðina, en ekki um hitt, í hverju gjalda skal (skoðunargjörðin frá 1769 ákveður skileyrir af hverri jörð, í ýmsu, t. a. m. fríðu, vaðmálum, meljum, o. s. frv.)? því væri hún gild að gjaldhæðinni, væri líka hið sama að segja um gjaldmátann.

Konúngsfulltrúi: Eg ætla mèr ekki að fara leingra fram í umræðu máls þessa. Einúngis vil eg gjöra eina athugasemd út af því, er hinn virðulegi framsögumaður mælti síðast, þá nefnilega, að það hefir gladt mig, að hann er svo nákunnugur öllum smáatriðum við uppboð jarðar þeirrar, er eg gat um, að hann hefir getað skýrt frá enn nákvæmari atriðum málsins. En eg ætla þó, að þetta, sem hann hefir sagt, styrki enn betur ályktun þá, sem eg hefi gjört af dæmi því, er til var greint.

Stephán Jónsson: Að svo miklu leyti sem það er nú komið til umræðu hèr á þíngi, hvort málefni þetta heyrði undir aðgjörðir þíngsins, þá vil eg geta þess, að í hitt ið fyrra komu bænarskrár til alþíngis um líkt efni, en þó í sumu frábrugðnar, og gaf eg þá atkvæði mitt móti þeim; nú þar á móti rèði eg til, að nefnd yrði kosin í þessu máli, af þeim ástæðum, er eg nú skal greina. Hvað uppboðið sjálft snertir, þá verður kannske ekki sagt, að það sè alment málefni eður öllum viðkomandi, með því uppboðið er einúngis á konúngsjörðum; en afleiðíngarnar ná til allra. Þetta er mèr gagnkunnugt, því uppboð tíðkast í minni sýslu, og afleiðíngarnar geta orðið misjafnar. Eg tek til dæmis eina jörð, sem boðin er upp til festu; hæstbjóðandi og sá, sem næst honum býður, eru báðir fátækir og í fleiru óhæfilegir ábúendur á þá jörð, en samt verður umboðsmaður að taka annan þeirra fyrir ábúanda, af því að hann varð hæstbjóðandi, eða næstur honum, jafnvel þó hann hefði getað feingið miklu hæfilegri ábúanda, ef hann hefði

mátt byggja jörðina án festu; þannig er ábúandinn kominn inn á jörðina, reyndar móti vilja umboðsmanns; en þegar hann sèr að þessi ábúandi getur ekki gjört jörðinni þau skil, sem vera ber, en hann þó vill vera trúr þjón í sinni stöðu, er hann þá neyddur til að reka þenna ábúanda burtu, en af því leiðir, að fátæklingurinn, sem hafði gefið talsverða festu fyrir þessari jörð, hrekst út á sveit, og verður þannig almennings byrði; og þegar svo er komið, eru afleiðingar uppboðsins orðnar almenníng snertandi, og því hèlt eg, að bænarskrár um þetta mál heyrðu undir alþíng, til þess, ef auðið yrði, að stífla fljótið við upptök, en ei við flæðarmál. En að eg hverfi nú aptur að jörðunni, sem nú þarf að byggja á ný; hún er boðin upp aptur, og enn fæst festa, en afleiðingar verða sömu og áður, og svona getur optar farið, og jörðin níðist, þó umboðsmaður gjöri allt, sem í hans valdi stendur, til að varna því.

Hvað viðvíkur uppsagnar frestinum, sem þau nýrri prentuðu form (*Blanqvetter*) til byggíngar brèfa hafa, og sem er $1\frac{1}{2}$ ár, þá er hann næsta óhentugur og óvinsæll, því það eru svo margbreyttar kríngumstæður í lífskjörum manna, að þeir ekki geta ákvarðað þetta svo laungu fyrir framm, þó fegnir vildu, Eg veit til þess, að amtmaðurinn fyrir norðan er þeirrar meiníngar, að þessi uppsagnar-tími eigi ekki vel við, en hann hefir samt ekki leyft sèr að láta breyta því prentaða forminu. Þó eg nú heyri, að á þessu vankvæði beri ekki í vestur- og suðuramtinu, skil eg ekki, hvernig því er varið, þar allir amtmennirnir munu þó hafa sömu, formin (*Blanqvetter*). Eg held, að þessi uppsagnar-tími væri hæfilegastur fyrir næstu veturnætur, áður maður flytur af jörðu, eins og það var í þeim eldri prentuðu byggíngar brèfum, og er það fyrri, en gömul lög og landsvenja ákveða. Hvað áhrærir peninga gjaldið, þá hefir það kosti og ókosti. Þegar peníngar eru auðfeingnir á verzlunarstöðum, er ekki margt á móti, að þeir borgist í afgjald jarðanna, en bregðist það, verður fátæklíngum hægra að borga í þeim aurum, sem þeir, opt við þraungan kost, draga saman í búi sínu.

Eg sleppi að sinni, að minnast á uppástúngu nefndarinnar, en gjöri það máske síðar.

Assessor Johnsen: Þar sem framsögumaður áðan, er hann hafði lesið upp nefndarálitið, mælti, að nefndin hefði tekið rètta stefnu í máli þessu, þá verð eg að játa, að eg er á öldúngis gagnstæðri meiníngu. Eg get yfir höfuð ekki skilið,

hvernig nefndin getur ætlazt til, að fá lög eða lagareglur um þau atriði, sem hún tekur fram, er gildi fyrir einn einasta jarðeiganda í landinu, eða þá fremur fyrir þá sök, að jarðeigandi þessi sè löggjafinn eða konúngurinn sjálfur; hefði nefndin þar á móti ráðið til löggjafar hèr að lútandi, er næði yfir allt land, eða alla jarðeigendur í því, ætla eg öllum að sjá, að hún hefði farið þá leiðina, sem beinast lá við, er hún á annað borð vildi fara þessa ferð. En gjörum nú ráð fyrir, að nefndin hefði komizt á þessa götu, og þá í fyrsta lagi farið því fram um allar jarðir, sem hún einúngis beiðist með tilliti til konúngsjarðanna, að eigi megi bjóða þær upp til afgjalds eða festu, hvernig sem ástendur, þá ætla eg það þó næsta íhugunarvert, þannig að takmarka frelsi manna til að færa sèr uppboðin í nyt, sem hvorki lög nè siðferði (Ærbarhed) nokkurn tíma hafa bannað mönnum að brúka, sem meðal til að selja af hendi eins eignarnot, sem eignir eða hluti yfir höfuð. Það er hèr með eingan veginn sagt, að uppboð til jarða-afgjalds eða festu, sè hentug landinu eða holl, er þau eru höfð við á þann hátt, sem nú er farinn svo mjög að tíðkast með tilliti til konúngsjarðanna hèr í landi, heldur ætla eg það gagnstæða þvert á móti viðurkent af öllum þeim, sem bezt þekkja til um hagi og hagsmuni landsins. Eins ætla eg það, í annan stað, mjög ísjárvert að fyrirmuna öllum jarðeigendum, auk heldur einum jarðeiganda, að koma sèr saman við leiguliða um borgun landskuldarinnar í peníngum, heldur miklu fremur sjálfsagt, að það eigi að vera undir frjálsu samkomulagi partanna í hvert sinni komið, hvort afgjaldið greiðist í peníngum, eða í (öðrum) aurum, og að þeir, hvor um sig, eigi að sjá fyrir, hvað hollast er og gagnlegast, eptir sem á stendur. Öðru máli gegnir um það, hvort það er hollt eða hentugt landinu, eða á ýmsum stöðum þess, að peníngar eingaungu verði gjaldmeðal jarðarafgjaldsins, álíka og farið er að tíðkast á konúngsjörðunum; en hvað skaðlegt er og óskaðlegt í þessu, ætla eg líka þeim að sjá glöggvast, sem hafa umboð og umsjón jarðanna á hendi. Í þriðja lagi skilst mèr ekki, hvernig nefndin heldur, að spornað verði við festupeníngum með þeirri ákvörðun, að þeim sè varið til jarðabóta; því auk þess, að hún þó gjörir ráð fyrir þeim, sem leyfilegum, er það líka auðsætt, að eigi er feingin öllu meiri vissa fyrir jarðabótunum með þessum hætti, en þó þær sè áskildar án alls tillits til festu.

Allt þetta er að minni ætlun þess eðlis, að ekki tjáir að taka fram fyrir hendurnar á pörtunum eða eiganda með lögum, á þann hátt, sem nefndin ætlast til; hann verður að sjá það bezt sjálfur, hvað bezt á við með tilliti til byggíngar, ábúðar, landskuldargjalds og allrar umsjónar jarðanna eptir öllum kríngumstæðum í hvert sinn, og getur það átt vel við á einum stað og tíma, sem vest gegnir á öðrum stað og tíma; en þetta get eg nú ekki ætlað stjórnarráði í Danmörku að sjá á Íslandi, og eg held, að hið konúnglega rentukammer, sem kríngumstæðurnar hljóta að vera allt of ókunnugar til að geta hagað sèr eptir þeim, eins og þörf er á, verði og eigi að láta sèr það lynda, sem umboðs- og aðrir umsjónarmenn í hvert sinni og á hverjum stað ætla bezt tilfallið í tèðu efni, á meðan hin danska ríkisstjórn vill loða við jarðaeignir hèr í landi, og að allt verði að vera undir því komið fyrir henni, að þeim hlutaðeigandi umboðs- og embættismönnum sè trúanda fyrir umboðinu og umsjóninni, og að þeim þá líka sè sýnt það traust, sem þeir eiga skilið.

Að öðru leyti stendur nú svo á, að eg ekki get lagt það undir höfuð mèr að staðhæfa það, sem hinn heiðraði framsögumaður nýskeð sagði um það atriði, sem varð orsökin til þess, að umboðsmaður Kirkjubæar klausturs sagði Kirkjubæar klausturs jörðu lausri, er hann við uppboð var búinn að fá hana til byggíngar fyrir 305 álnir í landskuld, og kom það mál til minna kasta, er eg gegndi stiptamtmannsembættinu 1844—45. Uppboðið var haldið, eins og framsögumaður vèk á, áður en, og án þess, að annars gæti verið að vænta (eptir uppboðsskilmálunum), en að jörðin yrði bygð ábúanda, eins og venja hafði verið þángað til á öllum konúngsjörðum, æfilángt, og man eg það fullvel, að eg, þegar þannig varð tilrædt um, hvort umboðsmaðurinn ætti rètt á æfifestu eða ekki, vildi leggja fyrir sjónir, að hann ætti hann, og að hann ella yrði of hart úti, og gjörða eg mèr far um, að taka málstað hans með því meira krapti við hið konúnglega rentukammer, sem eg eigi gat, og enn ekki get, fundið annað í fari hans, en dugnað og ráðvendni, og má eg þó bæta því við, að framsögumaður hefir í dag staðið fyrir svörum í þessu máli á þann veg, að virðíng mín fyrir þeim hinum sama umboðsmanni hefir fest enn dýpri rætur.

Stephán Jónsson: Þar sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi gat þess, að stjórnin hefði ætlað með uppboðinu að ná

jöfnuði afgjalds jarðanna, eptir gæðum þeirra, þá er nú þetta ekki að efa, en þetta getur eingan veginn náðst; allir vita, að opt kaupa tveir við sama uppboð 2 hluti jafngóða með mikið misjöfnu verði; festuboðið fer ekki eptir gæðum jarðanna, heldur eptir neyð manna í þann svipinn, og stundum eptir kappgirni og fl. Það mætti sýnast, sem eg væri bundinn í báða skó í þessu máli, af því eg hefi nýlega feingið nokkrar jarðir undir höndur, en eg held að einginn umboðsmaður geti álitið uppboð til festu nauðsynleg, nema af eigingirni, að því leyti að hann sjálfur fær $\frac{1}{6}$ part festunnar. Ef eg ætti jörð, sem eg þó einga á, vilda eg miklu heldur byggja hana duglegum og ráðvöndum manni með eingri festu, en óduglegum trassa með hárri festu, og svo munu fleiri vera. Samt er eg ekki á því, að ekki megi festu taka, því þær eru gamlar að uppruna, en það ætti að ske án uppboðs og eptir kríngumstæðum og jörðunni skaðlaust.

Eyjólfur Einarsson: Hèr hefir verið á þíngi margtalað með og mót uppboðs-byggíngum jarða; vil eg leiða athygli þíngmanna að einu dæmi, sem hèr hefir ei verið framfært. Eg hefi vitað sveitarforstjóra setja sig á móti, að menn, sem grunaðir hafa verið um óráðvendni, feingi dala-jarðir, sem liggja nærri afrèttum manna, til ábúðar, og jafnvel staðið í þrasi út af þessu, ef ei varð sönnuð grunsemdin, sem ekki er ætíð hægt. Nú vil eg spyrja: hvernig á að standa á móti, að nefndir menn fái jarðir þessar til ábúðar, ef þær eru bygðar með uppboði? Og hvað mikinn skaða það hafi gjört og geti hèr eptir gjört því almenna, ef þessu verður ei afvent, þarf eg ei að samfæra þíngmenn um; því þó óráðvendni hafi stað á fleiri jörðum en þeim, sem liggja næst afrèttum manna, þá munu flestir þó kannast við, að fleiri þess háttar mál byrja á þeim jörðum, sem næst liggja afrèttum manna. Virðist mèr það umtalaða sè þá eitt, sem sannar, að uppboð jarða ætti hèr að aftakast að öllu, sem skaðlegt því almenna gagni.

Umboðsmaður Þorvaldur Sívertsen: Þó að eg þykist hafa nokkuð glögga og nákvæma þekkíngu á annmörkum þeim og afleiðíngum, sem fylgja uppboðs og festu-byggíngum jarða, og þótt eg líka hafi rent augum til jarðarmaðks þess í meðferð jarða, sem optast er samfara stundar-ávinníngs fikn einstakra landsdrottna, þá ætla eg ekki að leingja ræður þíngmanna um það efni, því eg hygg þeim flestum það nokkuð

kunnugt, og sumum máske kunnugra en mèr; hins vildi eg geta, að flestir þeir, eða allir, sem eg hefi talað við af greindustu og merkustu mönnunum, hafa álitið þessa byggíngar-aðferð vera mjög óholla högum Íslands, og optast hafa í för með sèr jarðaníðslu, kostnað, fyrirhöfn og ýmislegan óhagnað fyrir alda og óborna, á móti lítilsverðum stundar-ávinníngi, sem þó næðist ekki nema einstöku sinnum, og það ætla eg mig mega fullyrða, að amtmaðurinn í vesturfjórðúngnum álíti þessa byggíngar-aðferð hvorki holla landinu nè hæga viðureignar, og munu þó flestir verða að játa, að hann sè einn meðal þeirra embættismanna Íslands, sem bezt hafa þekt, hvað hèr væri hentast; ekki hefir hann heldur farið fram á annað, en landsetarnir borguðu kúgildaleigurnar í smjöri, og það aptur seldist á uppboðsþíngi, sem ekki var heldur að vænta af honum, því hefði hann skipað að borga þær í peníngum eptir verðlagsskrá, var það hið sama, og leiguliðunum hefði verið sagt að borga leignagjaldið töluvert hærra, en vera bar; það sanna verðlagsskrárnar, sem hafa 17 — 19 sk. verð á smjörpundi, samanbornar við uppboðs-skýrslurnar, er sýna, að smjörpundið hafi sömu árin verið selt við hæsta boð 11 — 14 sk., og þá í kaupstöðunum fyrir 16 sk. í þarfa glíngri einhverju.

Sú ástæðan fyrir peníngaborguninni, að þá veiti hægra að sjá um, að umboðsmenn auðgist ekki um of af umboðs inntektunum, held eg sè svo lèttvæg, að hún þurfi ekki mótmæla, eg hygg það sè og verði fyrirbygt með hægra móti, enda hefi eg aldrei heyrt kvartað yfir viðleitni umboðsmanna vestanlands með þess háttar.

Jón Samsonsson: Að byggja jarðir með uppboði til festu, er ekki ætíð sá hagkvæmasti máti allstaðar, þó hinn hæstvirti konúngsfulltrúi gæti komið með eitt gagnstætt dæmi til þessa; því eg veit til þess, að þrjú kot voru í Skagafjarðarsýslu, sem umboðsmaður konúngsjarðanna þar þorði ekki án amtmanns leyfis að byggja fyrir utan uppboð á þíngi, og voru þó þessi kot öll lèleg, og eitt þeirra þá í auðn; þessar jarðir voru nú uppboðnar til festu, í tvær þeirra var boðið 2 mörk hvora fyrir sig, og þá þriðju hálfur ríkisdalur, og þess háttar jarðir taka fátækir menn gjarnast; þeir menn, sem líklegri eru og betri kost eiga, láta ekki þvínga sig hèr til, og svo eru líka fasteigna-bændur þeir til í sveitunum, sem vilja ná líklegustu mönnum á sínar jarðir, en hinir verða út undan, sem fátækari

eða ólíklegri eru, og bjóða svo festuna, til að verða ekki vegalausir með hyski sitt, þó þeir svo að segja aldrei síðan geti staðið í þeim skilum, sem þeir bundu sig við að lofa, með nafni sínu undir byggingar-brèfinu.

Framsögumaður: Eg verð að svara enum heiðraða varaforseta fáeinu til þess, er hann mælti áðan gegn nefndarálitinu; hann hèlt það væri ekki móti lögum, að láta bjóða upp jarðirnar, en það er nóg búið að ræða um það áður, og nógu margir búnir að sýna fram á, hvað holl og affaragóð að uppboð þessi eru. Eg held hinn heiðraði varaforseti hafi ekki lesið rètt, eða munað vel eptir annari uppástúngu nefndarálitsins; þar er að eins farið fram á, að gjaldið sè ekki einskorðað í peníngum, því nefndin hèlt, og heldur enn, að flestum landsetum sè það ómögulegt að borga í peníngum eingaungu, hitt hefir nefndin aldrei farið fram á, að ekki megi gjalda penínga, heldur að leiguliðum sè á sjálfs valdi að mega gjalda góða aura, og kbr. 1777 heimilar það skýlaust. Varaforseti sagði, „að stjórnin væri of ókunnug til þess að geta gefið almennar reglur fyri jarðabyggíngum“; þetta er satt, og þaðan hefir nefndin með fram dregið ályktanir sínar; af því stjórnin er svo ókunnug, þá er það rètt, að þingið, sem er fullkunnugt, leggi henni ráð í þessu efni, og þetta er það, sem nefndin fer fram á.

Prófastur Hannes Stephensen: Svo er mikið rædt um mál þetta af þeim mönnum, sem miklu eru mèr færari til að skýra það, og segja frá þeim mörgu annmörkum, sem eru við þann nýtekna hátt að byggja konúngsjarðirnar, að ekki mundi eg eitt orð talað hafa til málaleingíngar í því, hefði mèr ekki virzt nefndin gefa einu merkisatriði þessa máls of lítinn gaum, og enginn þingmanna, sem rædt hafa málið, haldið því fram: það er uppsagnar-fresturinn, sem vera kvað fyrir norðan 1½ árs lángur. Mèr virtist strax, þegar um þetta mál var talað fyrst á þinginu, og nefnd var kosin til að yfirvega það, sem þessi væri einhver þýngsti kosturinn, og mèr virðist hið sama enn, eptir að eg er búinn að hugsa opt um það. Þetta atriði er, ef til vill, það sem menn kynnu helzt að kalla ólöglegt, því eg veit ekki, að svo lángur frestur sè tiltekinn við nokkurn annan samníng; hann er skaðlegur bæði fyrir stjórnina og leiguliðann, því hann hamlar því, að gagnlegur maður taki konúngsjörð með þessum skildaga, og því, að sá fátæki og óduglegi,

sem neyð og fákænska tældi til að taka jörð, sem honum var óhentug og máske með afar háum skuldum, geti þaðan losnað í tíma. Menn gæti þess, hvað af þessum lánga uppsagnarfresti leiðir: sá, sem nú í vor tók jörð með þessum kostum, getur ekki, hversu illa sem honum vegnar eða fellur á henni, losnað við hana fyrr en 1849, og á hve ótalmargan hátt gètur ekki ástand manna breyzt á $1\frac{1}{2}$ ári. Það er að sönnu svo, að margt getur breyzt á stuttum tíma, en líkindi eru, að meira breytist á leingri tímanum. Það hafa verið lög vor, að segja lausu ábýli sínu fyrir nóttina helgu, næstu áður maður vill frá jörðu fara; margir landsdrottnar áskilja, að leiguliði segi lausu um veturnætur, en hvorttveggja þetta kann að vera í einstökum tilfellum ofnaumur tími, þar sem jarðir byggjast með uppboðum, en sè uppsagnar tími um mitt sumar, næst fyrir fardaga þá, er maður vill af jörðu flytja, er tíminn nógur fyrir þá, sem byggja eiga jörðina, og viðunanlegri fyrir leiguliðann. Ef alþingið skyldi gjöra mál þetta að álitum, og senda konúngi um það bænarskrá, áskil eg mèr það breytíngar-atkvæði, að uppsagnarfrestur á slíkum jörðum sè mitt sumar fyrir fardaga þá, er maður vill flytja frá jörðinni.

Forseti: Hèr hefir nú svo margt verið talað um ókostina við þá byggingaraðferð á konúngsjörðum, sem nú er farin að tíðkast, að eg finn óþarfa að orðleingja um efni þessa máls, en eg vil að eins snúa athygli þíngsins að formi þess, og hvort það í því tilliti sè þess eðlis, að bænarskrá eigi að semja um það til konúngs. Eg hvorki get gjört, nè vil gjöra breytíngaratkvæði í þeirri stefnu, en óska einúngis, að þíngmenn vildu nákvæmlega hyggja að þessari hlið málsins.

Kammerráð Melsteð: Þegar málefni þetta kom fyrir hèr fyrst á þínginu, rèði eg frá að setja nefnd í því. Eg þóktist þá sjá framm á það, sem nú er fram komið, að umræður þíngsins um það mundu verða lítið uppbyggilegar. Þetta hefir einnig að fullu rætt. Hèr hefir ei annað fram komið en smá-sögur, sem ekkert skýra málið, og nokkur dæmi, sem einga upplýsíngu gefa. Þetta er nú mjög náttúrlega og eðlilega geingið til. Hèr er ekki að ræða um löggjafar-efni, um hver gefa má almennilegar reglur, og á hver þíngmenn þeir, sem vitrir eru og vel að sèr, geta lagt góð ráð; heldur er hèr umtalið um málefni, sem yfirvöldunum eiga að vera falin á hendur, um hver eingar almennilegar reglur verða gefnar, sem

geta tilbreyzt uppá óteljandi máta, og þess vegna hljóta að afgjörast eptir tíð og kríngumstæðum í hvert sinn. Sèu nú þær reglur, sem yfirvöldin fylgja í meðferd slíkra málefna, miður hentugar, sýnir reynslan fljótt missmíðin á þeim, og þá verður þeim breytt; og sèr í lagi mun þeim framgángsmáta, sem hèr er klagað yfir, og sem án efa í fyrstunni hefir verið innleiddur í því skyni að fyrirbyggja óreglur, sem ei hefir þókt með öðru móti verða útrýmt, fljótt verða hætt, þegar stjórnin og yfirvöldin sannfærast um, að hann sè fremur skaðlegur en gagnlegur. Og til þess að efla hjá þeim slíka sannfæríngu, munu umræður þær, sem hèr hafa framfarið á þínginu, ei all-lítið verka. Þíngið hefir ei heldur feingið, og getur eptir hlutarins eðli ekki heldur feingið nægar upplýsíngar, til að grunda á þeim bænarskrá um almennilegar reglur fyrir málefni, sem, eptir eðli sínu, ekki geta heyrt þar undir, en með hver yfirvöldin í hvert skipti verða að fara, eptir því sem hentugast er, eptir kríngumstæðunum. Eg ræð þínginu því frá að koma fram með nokkra bænarskrá í þessu máli. Þegar það setti nefnd í málinu, hafði það þegar farið út á hálan ís; en komi það með bænarskrá í tèðu efni, fer það enn leingra út á enn hála veg, á hverjum hætt er við að hrasa. Eg fyrir mitt leyti ætla að gefa atkvæði mitt móti bænarskrá, og eg vildi óska, að þeir þíngmenn, sem bera nokkurt traust til míns atkvæðis, gjörðu slíkt hið sama.

Framsögumaður: Það má vera, að þíngmenn yfir höfuð beri ekki svo gott skyn á hin „administrative" málefni, sem hinn heiðraði þíngmaður, er nú mælti; en það er um seinan að vekja vafa um þetta nú; þíngið er búið að álykta, að það eigi rètt á að höndla málið, og mundi það því gjöra beinlínis ofan í sjálft sig, ef það færi nú að vísa málinu frá, og mega eins manns orð eingan veginn ráða slíku. Hann sagði, að mörg smá-dæmi væru tiltínd, og óuppbyggileg, það er satt, og hefir svo verið í fleiri málum en þessu; en það eru líka komnar í ljós og skýrðar mikilvægar hliðar í þessu máli. Eg get því ekki leidt mèr í grun, að þíngið falli frá því nú, sem það áleit rètt fyrir skemstu, þó hann sè virðíngar verður og málsmetandi, hinn heiðraði þíngmaður, er leggur þetta til. Hinn háttvirti forseti sagði, að aðgæzluvert væri form málsins fyrir þíngmenn; mèr gat þó ekki betur skilizt, þegar mál þetta var

rædt fyrir fram til nefndarkosníngar, en að hinn háttvirti forseti heldur styddi að því, að nefnd væri valin.

Kammerráð Melsteð: Til þess að ræða framsögumanns villi eingan, vil eg geta þess, að þó þíngið hafi sett nefnd í þessu máli, fylgir það eingan veginn þar af, að senda skuli konúngi bænarskrá, en þíngið getur samt með atkvæðafjölda ályktað, að einga bænarskrá skuli semja. Þetta skeður opt í Danmörku. Í þessu er heldur eingin mótsögn; því fyrst, þá málið er rædt, er það mönnum óljóst; en síðar, þegar nefndarálit er samið, og málið betur rædt, verður það skýrara.

Stephán Jónsson: Ef þíngið skyldi taka þá stefnu, sem sá heiðraði konúngkjörni þíngmaður, sem nú mælti, bendir á, mun þó þurfa að ræða málið aptur til ályktunar, eptir þínglögunum, og eptir því, sem til gekk um 2 mál hèr á fyrra þíngi; og af því að ekki sèst fyrri en þá útfallið, ætla eg til vara að áskilja mèr breytíngaratkvæði við 3. atriði uppástúngu nefndarinnar, samkvæmt því, sem eg hefi látið í ljósi.

Forseti: Það er að minni meiníngu sitt hvað, að kjósa nefnd til að gjörskoða eitthvert málefni, sem þínginu er falið á hendur, og að rita þar um bænarskrá til konúngs. Það mun ósjaldan til bera á slíkum þíngum, að mál komi í nefnd, og sèu rædd til fullnustu, en þó eingin bænarskrá af þíngsins hendi til konúngs send. Þar við er þó ætið það unnið, að bæði stjórnin og þjóðin fær að vita þjóðarfulltrúanna meiníngar um málefnið. Eg fyrir mitt leyti áleit málið þess vert, að það væri í nefnd skoðað af þíngsins hendi, og ætla, að það mætti nægja.

Framsögumaður: Það má vera, að skoðunarmáti minn sè ekki sem rèttastur á því, hve nær máli því eigi að vísa frá, sem nefnd hefir haft til meðferðar; en eg held það eigi aldrei að vera, nema þegar nefndin hefir tekið fráleita stefnu og fráleitan skoðunarmáta við það, sem þíngið gat ætlazt til, en þá verður þetta að verða ljóst af undirbúnings-umræðunni, eða þegar málið er svo illa og ógreinilega höndlað og útlistað, að ekkert verður við það feingizt; en eg held, að hvorugu þessu sè hèr svör að gefa, eptir því sem umræður hafa orðið í dag; hèr eru að eins upp borin einstöku breytíngaratkvæði, og þó ekkert þvert í móti aðal-uppástúngu nefndarinnar; en einginn hefir hreift því, að nefndin hafi skoðað málið frá frá-

leitu sjónarmiði. Því tek eg það enn fram: þingið geingi beint ofan í sjálft sig, ef það nú vísaði málinu frá.

Assessor Johnsen: Af því eg óttast, að þingið, ef til vill, ráði það af, að senda konúngi bæn arskrá í þessu máli, vil eg ekki láta það eptir liggja, að skýra þinginu það til vara, hvaða stefnu eg þá held að bænarskráin ætti að fara; og ætla eg það þá eina veginn, að þingið beri það fram fyrir Hans Hátign konúnginn, að því sè sendar uppástúngur um, að þeim reglum, sem nefndin hefir mælt fram með, sè fylgt við byggíngu konúngsjarða hèr í landi, að það færi ástæðurnar með þeim og mót; að það á síðan láti í ljósi, að það að vísu ekki sjái fært, að biðja Hans Hátign um, að færa þessar reglur í lög, einúngis með tilliti til konúngsjarða, heldur þar á móti að hliðsjón sè höfð af þeim, er samið verður frumvarp til landbúnaðar-laga yfir höfuð fyrir Ísland; og áskil eg mèr atkvæði á þessa leið til vara, ef þingið mót von fellst á nokkra bænarskrá í þessu máli.

Enginn tók nú til orða, og kvað því forseti frumræðu máls þessa lokið:

Þá var tekið til ályktarræðu í málefninu um afnám mannslána. Í þessu máli höfðu verið borin upp svo látandi breytíngaratkvæði:

1) Þíngmannsins frá Dalasýslu:

Að mannslánið aftakist allstaðar, en 1 rbdls endurgjald komi í staðinn, þó svo, að það hnekki ekki samníngum þeim, sem nú þegar eru gjörðir milli núverandi landsdrottins og leiguliða.

2) Þíngmanna frá Skaptafells og Rángárvallasýslum:

1. Að mannslánin verði með öllu aftekin, án alls endurgjalds, við ábúanda skipti.
2. Að þeir ábúendur, sem nú eru á jörðu, sem hefir haft mannsláns tilkall að gamalli venju eður eptir gömlum sjölum eða eptir jarðabókum, og eru skuldbundnir til mannsláns með byggíngar-samníngum, megi lúka það með sanngjörnu og almennu skipsáróðurs gjaldi, eptir því sem í þeirri sveit tíðkast.
3. Að á þeim jörðum, þar sem mannslána er ekki getið eptir jarðabókum, skuli þau þegar hverfa án alls endurgjalds.
4. Þar sem mannslán er ákveðið í jarðabókum, en nú er sú

jörð stykkjuð í sundur í mörg býli, þá skulu allir ábúendur til samans, sem nú eru á jörðunum, ekki svara nema endurgjaldi eins mannslánsins á áður sagðan hátt:

3) Varaforseta.

Að stjórnin taki tillögur alþingis í þessu máli til greina í frumvarpi því til búnaðarlaga á Íslandi, er hún seinna meir lætur bera undir þingið.

Framsögumaður: Það er svo skamt, síðan mál þetta var ítarlega rædt til undirbúnings (það var í gær), að eg hygg það sè þingmönnum í fersku minni, og álitsskrá nefndarinnar þeim kunn; eg meina því óþarfa, að tefja timann með að lesa það upp, einasta vil eg lesa uppástúngu nefndarinnar og breytíngar-atkvæðin, sem upp eru borin, og fara fáeinum orðum um þau. Það er þá fyrst um breytíngar-atkvæði þíngmannsins frá Dalasýslu að ræða, því það kemur nefndarálitinu næst, og er, að heita má, því samhljóða, þar sem það ákveður, að mannslán aftakist, sem vinnukvöð, gjaldist allstaðar með 1 rbd., en hnekki ekki samníngum þeim, sem nú eru þegar gjörðir; millum uppástúngu nefndarinnar og hans er því sá eini munurinn, að hann stíngur uppá 1 rbd., en nefndin 20 álnum, sem borgun mannslánsins; hann meinar, að sá 1 rbd., sem konúngsúrskurður frá 13. Júní 1787 ákveður að gjalda skuli fyrir mannslánið, hafi að réttu lagi, með peníngabreytíngunni orðið að 1 rbd. silfurs; en nefndin vissi, að 1 rbd. samgilti á þeirri tíð 20 álnum, og átti ekki að gilda leingur, en 1 rbd. samgilti þeim. Að þetta sè löggjafans meiníng, sèst ljóslega af því, að peníngagjald það, sem reglugjörð af 17. Júlí 1782 lagði prestum og kirkjum, er með reglugjörð frá 1843 breytt aptur til álnagjaldsins, hverju peníngagjaldið upphaflega svaraði, og eiga nú þeir sömu hlut og þar, í hið minnsta kirkjurnar. Mèr virðist stjórnin mundi verða sjálfri sèr ósamkvæm, ef hún nú breytti 1 rd. eða 90 sk. hinum gömlu í ríkisbánka-peninga silfurs, þar sem hún áður hefir sagt, að peníngagjald, sem eins stendur á, skuli aptur hverfa til ens rètta álnagjalds, eða peníngaverðs þess eptir verðlagsskránum; eiga því mannslánin, eptir uppástúngu nefndarinnar og bænarskránni, að lúkast með 20 álnum. Breytíngaratkvæði þeirra enna virðulegu þíngmanna frá Skaptafells og Rángárvallasýslum eru nú fjögur. 1. að mannslán verði með öllu aftekið án endurgjalds, við ábú-

enda skipti; eg man nú ekki, að þessi orðin seinustu væru upp borin í gær; eg fæ mèr nú ekki til orða, hver ójöfnuður er gjörður, með breytíngar-atkvæði þessu, bæði konúngs, kirkna og bændaeignar jarðeigendum, sem mannslánin eiga með óefuðum rètti; en þó það hafi verið talað hèr á þíngi, að mannslánin hafi verið afnumin stólsjörðunum, þegar þær voru seldar, þá er það ekki sannað, sem og ósannandi er, að endurgjald kvaðarinnar hafi verið þeim bannað, sem aldrei gat verið stjórnarinnar meiníng, eptir aðferð þeirri, sem hún lèt hafa við mannslánin á jörðum þessum. 2. breytíngaratkvæði þessara þíngmanna er, að þeir ábúendur, sem nú eru á jörðu, sem hefir haft mannsláns-tilkall að gamalli venju (eg ætla, að eigandinn, en ekki jörðin hefði tilkallið), og eru skuldbundnir til mannsláns með byggíngarsamníngum, megi lúka það með sanngjörnu og almennu skipsáróðurs-gjaldi. Skipsáróðurs-gjald nefnist hèr sunnanlands „skiplag“, og greiðist hásetum af skipseigenda; það gelzt ekki í veiðistöðum hèr, nema á netaskipum, þar sem einn gjörir skipið út, og hefir hálfan aflann, en á skipum þeim, hvar hver leggur til net fyrir hlut sínum, og á færaskipum, gelzt það ekki; sjá þá allir, til hvers jafnaðar þetta mundi leiða; það endurgjald mannslánanna mundi gjaldast sumstaðar máske mikið, sumstaðar lítið, og víða ekkert, svo sem á öllum innesjum hèr, hvar skiplag ekkert er goldið. 3. breytíngar-atkvæðið: að á þeim jörðum, þar mannslána er ekki getið eptir jarðabókum, skuli þau þegar hverfa án alls endurgjalds. Hver hefir nokkurn tíma þvílíkt heyrt? Jarðabækurnar, sem allir eru á hverjum degi að kvarta yfir hvað ósanngjarnar sèu, ófullkomnar og ósamkvæmar sjálfum sèr, eiga nú að verða dómendur um rèttindi manna, já, sá dómarinn, frá hvers dómi ekki megi skjóta máli sínu; þetta skilst mèr nú ekki að vel mundi fara; en þíngmenn dæmi um það. 4. breytíngar-atkvæðið: að þar sem jörð ein er orðin að mörgum býlum, svari allir saman einu mannsláni; þar um eru víst allir samdóma, því ekki má jörðin liggja undir meir en einni kvöðinni. Að svo mæltu mun mèr óhult að leggja mál þetta undir álit þíngmanna; nefndarálitið er bænarskránni samhljóða, því nefndin áleit bænina sanngjarna; víst hafa biðjendur ekki ætlað, að þíngmenn gættu meir hags þeirra, en þeir sjálfir.

Jústizráð Thorsteinsen: Mèr sýnist meiníngar manna um þetta málefni vera orðnar mjög sundurlausar hèr á þínginu,

og stend eg ekki upp í þeim tilgángi, að eg ætlist til að greiða mikið úr þeim, því hvorki er eg lagamaður, eða svo gagnkunnugur búnaðarháttum manna, að eg viti eins mikið um slíkt, eins og margir hinna heiðruðu þíngmanna, er talað hafa, því síður betur; en þó vil eg leitast við að sýna, hvernig meiníngar manna mismuna. Það er viðurkent, að mannslán hefir verið kvöð í mörg hundruð ár, bæði á stólsgózi, konúngsjörðum, kirkjujörðum, og enda sjálfseignarjörðum. Stólsjarðir voru seldar með þeim skilmála, að mannslán skyldi vera aftekið framvegis, en settar upp að hundraða tölu (svo hefir mèr skilizt), fyrir hvert mannslán um 3 hundr. og 40 álnir.

Mèr skilst þá, að eingum kaupanda sè þess varnað, að taka 6 álnir í landskuld af hverju því hundraði, er honum var selt, og þá hefir hann í landskuldinni 20 álnum meira, en goldið var, auk mannslánsins, meðan jörðin var opinber eign; en það er viðurkent, að mannslán hefir víðast verið reiknað til 20 álna á fyrri öld, sem samsvarar þeim 90 sk., er getið er um í lagaboðum frá 1783 til 1787, og sem sumstaðar er goldið enn á konúngsjörðum með 90 sk. eða 1 rbd., eins og leigur af einu kúgildi hafa opt af konúngs-eignum verið goldnar um hríð annaðhvort með 90 sk. eða þá minna peninga-verði, en nú samsvarar 20 álnum. Mèr sýnist þá, að eigendum þessara fyrrverandi opinberu eigna einasta sè bannað að taka mannslánið „*in natura*“, eða láta menn vinna það af sèr, en hvergi að hækka afgjald jarðanna um það verð, sem því nemur; eins og eg hefi aldrei heyrt, að það sè bannað að taka mannslán af þeim jörðum, er ætíð hafa bænda-eign verið. Nú hafa sumir, er stólseignir keyptu, ekki sett landskuldina upp úr því, er hún var áður, heldur haldið einhverjum af kvöðunum, einkum mannslánunum; en það held eg ekki hafi verið rètt: t. a. m. eg þekki jarðir, sem eptir jarðabókinni af 1760 voru 20 hndr., en seldar frá stólnum sem 27 hndr. 40 aln., en hafa ei verið leigðar meira en 20 hndr., en mannslán hefir haldizt við „*in natura*“, þó ei sè löglegt, og sumir vilja því upphefja endurgjaldslaust, aðrir með 1 rbd. endurgjaldi, og nokkrir með 20 álna endurgjaldi; og því þykir mèr skynsamlegt að biðja um, að aftaka mannslánið sem skyldukvöð „*in natura*“, en eg get ómögulega haldið það ósanngjarnt, eins og bænarskrá Akurnesínga biður, að landsdrottinn fái 20 álnir í skaðabætur. Sama veit eg á sèr stað í öðrum löndum, hvar skylduvinna

(Hoverí) hefir verið á lènsmanna eignum, og hefir verið aftekin fríviljuglega, að jarðeigendur hafa ætíð áskilið sèr endurgjald í peníngum, korni, eða öðrum aurum.

Framsögumaður: Mèr gleymdist áðan að geta þess, að það var meiníng nefndarinnar, þegar hún stakk upp á, að gjörðir samníngar stæðu óröfnir, þá næði þetta til samníngs þeirra, sem eru millum stjórnarinnar og leiguliða hennar, um 1 rbds gjaldið.

Eyjólfur Einarsson: Þegar rædt var mál þetta í gærdag, dróst eg nokkuð aptur úr; var það vegna þess, að þó eg væri nokkurn veginn kunnugur kvöðum, eður mannsláninu við Jökul, var mèr farið að gleymast það. Nú hefi eg talað við hinn heiðraða þíngmann úr Mýrasýslu, sem hefir glöggvað mèr það efni.

Þeir, sem bygð eru grasbýli á sjóarútvega-jörðum við Jökul, eru kallaðir þar útvegsbændur. Þessir eiga með mörg þurrhússbýli, sem þeir byggja frá sèr. Þessir búðamenn eru skyldaðir að róa á skipum hússbænda sinna án endurgjalds, þó þeir eigi bát, eður fái hjá öðrum bát að fleyta; er það ófrávíkjanleg regla að róa, þar þeim er sagt; þó það sèu efnilegir menn til formennsku, verða þeir að láta sèr nægja sinn eina hlut fyrir 4 eða 6 menn. Það kvað svo rammt að, að einn, sem ei vildi hlýða boði þessu, var dreginn fyrir rètt, og af sýslumanni dæmdur skyldur að hlýða, hafði þó maðurinn boðið gagnlegan mann í sinn stað. Þetta sýnir, hvað mannslánin eru misbrúkuð við Jökul, eru þar þó flestar jarðir konúngseign, en fáar kirkjueign; en eptir sem hèr er mál þetta upplýst, átti þó ei að takast þar upphaflega utan eitt mannslán í stað 10 eður fleiri mannslána, þar þeir taka eins mörg og þeir klúngra upp þurrabúðum. Þá eg ferðaðist hingað, kom eg í Skagann, þar mannslán tíðkast á skipseiganda; talaði eg við tvo helztu menn þar, sem sögðu mèr, að nokkrum væri þar gefið eptir mannslánið, sem þá borguðu það 20 áln., og sögðu þeir menn líka, að dugnaður og þar af leiðandi velmegan hefði þar vaxið, síðan mannslánin máttu borgast í öðru en skipsáróðri. Mèr sýndust og jarðir þessara manna lýsa frjálsræði þeirra. Það verður ekki með fullu sagt, hvað mikið illt leiði af að leggja persónulegt hapt á atvinnuvegi manna; en það mun ei of hermt, að það drepi allan dugnað og atorku, og eg má fullyrða, að allir vilja borgunar-frelsið, til að fá það, er ei fæst án borg-

unar, sem allir eiga þó jafnan rètt til; er eg því samþykkur þeim heiðruðu þíngmönnum, sem mælt hafa með, að öll mannslán verði upphafin, ef ei án borgunar, þá með þeirri borgun, sem þíngmaðurinn frá Dalasýslu mælti með.

Framsögumaður: Vandkvæðum þeim, sem enn virðulegi þíngmaður Barðastrandarsýslu nú varp orðum á, neita eg í eingan máta; en eg sè ekki betur, en þau verði að hverfa, þegar mannslána-kvöðin er aftekin sem vinnuskylda; um gjaldhæðina þori eg ekkert að segja þar vestra, en veit, að nefndarinnar meiníng hefir mest við að styðjast, þar sem eru 2 konúngsúrskurðir skýlausir frá 1785 og 87.

Kandíd. Jón Sigurðsson: Eg er að öllu leyti samdóma nefndinni í því, að mannslánin sèu aftekin og endurgoldin. Endurgjald það, er nefndin stíngur upp á, þykir mèr vera meira, en góðu hófi gegnir. Það er aðgætandi, að þar sem mannslánin eru endurgoldin, er það gjört með ýmsu móti; sumir greiða mannslánið með einum ríkisbánkadal, og mundi þeim þykja það þúngur kostur, að fara nú að borga það með 20 álnum; aptur hefi eg heyrt, að sumir gjaldi mannslánið með 10 álnum, og er það auðsætt, að þeir mundu ei kunna þínginu þakkir, ef gjald þetta yrði nú tvöfalt við það, sem það hefir áður verið. Það lítur þannig út, sem þíngmönnum sè það ei fullkomlega ljóst, hvernig allstaðar hagar til með mannslánin, og gæti þá svo farið, ef þíngið skæri úr málunum, að það yrði ofan á, er miður ætti við. Eg felli mig því bezt við það, er hinn heiðraði varaforseti hefir stúngið upp á, að skjóta máli þessu til stjórnarinnar, og láta það bíða landsleigubálks.

Framsögumaður: Við það, sem enn virðulegi þíngmaður Ísfirðínga nú mælti, kannast víst allir, að eingum eigi þíngið að þýngja í kvöð þessari með áliti sínu, en það er sannað, að 1 rbdl. er sama og 20 álnir í uppruna sínum, og nefndin vill ekki, að skeðir samníngar rjúfist. En 10 álna gjaldið ætla eg annaðtveggja liggja á hálflendum eða hjábýlum, ellegar annars kostar vera hálf-eptirgefið af landsdrottnum, sem ekki verður meinað að gjöra af sínu hvað þeir vilja, og er 20 álna gjaldinu óhnekt fyrir þetta.

Helgi Helgason: Eg verð að bæta nokkrum athugasemdum mínum við það málefni, er sá heiðraði alþíngismaður úr Barðastrandarsýslu áðan ræddi um, viðvíkjandi mannsláninu vestan Snæfellsjökul, því eg er nokkuð kunnugur því, þar eð Snæ-

fellssýsla er sú næsta þeirri, sem eg bý í. Eg ætla ekki að lýsa því, hvernig geingur til með mannslánið í sjóplázunum vestan Snæfellsjökul, þar eð sá virðulegi þingmaður, er eg til nefndi, hefir nægilega gjört það, heldur vilda eg benda þingmönnum til þeirra slæmu afleiðinga, er eg meina að af þessari mannsláns-heimtu að nokkru leyti muni fljóta. Eg ætla, að Neshreppur þar ytra, hvar þessi aðferð viðhefst, sè lakast á sig kominn, hvað fátækt snertir, af flestum þeim hreppum, er eg hefi spurn af á landinu.

En þar í móti er eitt lítið bygðarlag sunnan Jökulinn, sem er Arnarstapi, hvar miklu stopulli fiskiafli er, en út í plázum hinu megin; samt sem áður má segja, að það hafi heldur blómgazt, síðan konferenzráð, amtmaður Bjarni Þorsteinsson, tók við umráðum, hver að eg heyrí sagt að heimti eingin mannslán, svo hverr má þar nota sèr sjóróðra eptir eiginn vilja. Þetta vildi eg hafa gefið til hugleiðínga í því efni, að mannslánin væri afmáð. Hvað viðvíkur mannsláns-borgun á þeim jörðum í Stapa umboði, er nálægt mèr eru, þá ætla eg hún sè 1 rbd.; hvergi veit eg þar mannslán heimt upp á annan máta.

Umboðsmaður Þorvaldur Sívertsen: Það væri þó hjákátlegt, og eg held mèr væri óhætt að kalla það óverðugt alþíngi, ef það færi að semja bænarskrá til konúngs, er beiddi um, að mannslánin á landi hèr yrðu allstaðar greidd eptirleiðis með 20 álnum landaura, eins og hinn mikilsvirti konúngkjörni þingmaður, jústizráð Thorstensen, fór fram á, og nefndin hefir stúngið upp á, í stað þess sem konúngur hefir áður boðið það skyldi vera 1 rbd., og sem enn nú er og hefir verið greidt á öllu konúngs-gózi, þar sem mannslána-endurgjald er nokkurt; það væri sama og að biðja um, að fjórfalda álögu landsetans, og það ætla eg ekki þingmönnum. Hinn heiðraði framsögumaður hefir dregið í efa, að 10 álna endurgjald ætti nokkurstaðar heima, en eg má fullyrða, að svo er, þó eg nú hafi ekki þau skilríki handa á milli, er eg geti sannað það með; hann vildi líka sýna fram á það, að mannsláns-endurgjaldið, 1 rbd. eður 90 sk., hefði átt að umbreytast í landaura, og samsvara þá 20 álnum, eins og nú væri búið að snúa peníngatali reglugjörðarinnar 1782, á prests-inntektum til landaura, að líku hlutfalli; en það getur mèr nú eingan veginn skilizt, því eg held mannsláns-kvöð allt annarar tegundar en prests-tekjur, og

það fyrir peninga-umbreytinguna ákveðna peninga-endurgjald mannslánsins eiga, eptir tilsk. 20. Marts 1815, að umskrifast, ríkisdalur í ríkisbánkadal silfurs; en eg ætla ekki að fjölyrða um þetta meir: atkvæði þingmanna ráða lendingunni.

Assessor Johnsen: Eg ætla mèr nú einúngis að víkja fáeinum orðum að því, sem hinn heiðraði konúngkjörni þingmaður mælti áðan, er hann hèlt það svo sem sjálfsagt, að eigendur Skálholtsstólsjarðanna ættu rètt á að fá gjald fyrir mannslánin, jafnvel þó þau væru tekin af *in natura* á þeim jörðum; og getur mèr þá eigi skilizt betur, en að það þvert á móti sè sjálfsagt, að það sè eingu síður rángt, að heimta nokkurt endurgjald fyrir þessa kvöð, er hún yfir höfuð og undantekníngarlaust er tekin af á jörðunum, án þess að nokkurt endurgjald sè áskilið; og virðist mèr, að það eitt megi nægja til að koma öllum í skilníng um þetta, að konúngsjarðir nú í mörg ár hafa verið seldar með þeim skilmála, að kaupendur ekki megi leggja mannslán á leiguliða, en af þeim jörðum hefir þessi kvöð um lángan aldur eigi verið greidd *in natura*, svo að ekki getur verið um annað máli að skipta, en um endurgjald kvaðarinnar af þeim.

Það á ekkert skylt við þetta atriði, hvernig dýrleikinn á stólsjörðunum er orðinn til, eins og líka seljandi átti fullan rètt á, að undanskilja þau eignarnot, sem honum og kaupanda kom saman um, eða að binda hann þeim kostum, sem kaupandi gekkst undir.

Framsögumaður: Þegar enn virðulegi þingmaður Dalasýslu fylgir fram breytíngar-atkvæði sínu, og vill, að 1 rbd. verði allstaðar borgun mannslánsins, þá er þetta allt að líkindum; því von er til, að hann vilji gjöra öllum jafnhátt undir höfði, en jafnaðarins ber að leita á rèttum vegi; sá þráttnefndi ríkisdalur var 20 álnir, og sýnir (repræsenterar) enn þá gjaldhæð, svo voru öll gjöld tekin í peníngum á þeirri tíð. Tilgángur nefndarinnar var ekki (það er marg-ítrekað), að raska samníngum konúngs-landseta. Um 10 álna gjaldið vil eg ekki tala aptur; það er og verður sennilegast, að það sè annaðhvort goldið af hálflendum og hjáleigum, eða hálft eptirgèfið af landsdrottnum, því ekki hefir 1 rbd. svarað til 10 álna á nokkurri tíð, heldur nú til 6 til 7 álna, en til 20, þegar hann var ákveðinn af þeim nefndu konúngsúrskurðum.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Áður en eg fer að

ræða um sjálft málið, og mæla fram með breytíngaratkvæðum þeim, er eg hefi borið upp, verð eg að gjöra hinn heiðraða framsögumann varan við, að 1. greinin í breytíngaratkvæði mínu var svo borin upp í gær, sem hann las, þó hann drægi efa á það; eg skrifaði það þannig strax á blað hjá mèr; 2. greinin lyktaði með þeim orðum, „eptir því sem í þeirri sveit tíðkast“, og mun það hafa verið skrifað á þann veg á blaðinu til hins háttvirta forseta, þó framsögumaður slepti þessum orðum nú, þegar hann las greinina. Því næst vil eg nú venda máli mínu að breytíngaratkvæðum okkar þíngmanns Rángvellínga. Vèr viljum fyrst og fremst afmá mannslánin öldúngis, þegar á-búandaskipti verða; vèr viljum halda í þessu hinni sömu stefnu og stjórnin hefir farið fram og skýlauslega látið um vilja sinn í ljósi; vèr viljum í annan stað, að þar sem mannslánsrèttur fylgir jörðunni eptir gamalli venju og gömlum skjölum eður jarðabókum, og byggíngarskilmálar áskilja mannslánið, þar viljum vèr að vísu líka, að kvöðin sjálf eður skipsáróðurinn sè nú þegar af tekinn, en ábúandi endurgjaldi hann með sanngjörnu og almennu skipsáróðurs-gjaldi, eptir því sem í þeirri sveit tíðkast. Það er ófært, og getur valdið mesta ójöfnuði, að ákveða og einskorða tiltekna upphæð endurgjalds þessa, sem gildi um allt land. Það er sannað, að sumstaðar er mannslánið endurgoldið með 1 rbd., sumstaðar, að menn segja, með 20 aln.; en það er líka sumstaðar goldið að eins með 10 áln., og þetta er á Holts kirkjujörðum undir Eyjafjöllum, og á bændaeignum þar; hvorugur okkar þorði að fullyrða þetta í undirbúnings-umræðunni, þó okkur minnti það fastlega; en að þetta er svo í raun og veru, má sjá af jarðatali assessors Johnsens, bls. 48, þar sem presturinn sjálfur er borinn fyrir þessu. Af þessu er nú auðráðið, að niðurlag nefndarálitsins getur ekki staðizt; að vísu segir þar: „þó svo að þetta breyti í aungu gjörðum samníngum“, eður á þá leið; að vísu mega eptir því ábúendurnir, sem nú eru á jörðunum, gjalda, í stað sjálfs mannslánsins, eptir því sem um er samið, 1 rbd., 10 áln., 20 áln.; en hitt er þó auðskilið, að undir eins og þessir ábúendur eru í burtu, þá eiga hinir n ý j u landsetar að endurgjalda mannslánið með 20 áln., allstaðar jafnt, þó það áður hafi verið afplánað á sömu jörðu með 1rbd. eður 10 álnum; önnur meiníng en þessi getur aldrei leiðst út úr ályktun nefndarinnar, og því er hún ekki sanngjörn. En fái jarðeigandi það skipsáróðurs-

gjald, sem almennt er í þeirri sveit, þá fær hann fullt fyrir sitt, og er skaðlaus, því þá getur hann feingið menn á skip sín eins eptir sem áður, sèr að skaðlausu. Í þriðja lagi fannst okkur, að eigendur þeirra jarða, þar jarðabækur geta einkis skipsáróðurs, eigi ekkert endurgjald að fá fyri mannslánið hjá ábúendum, sem nú eru á jörðunum, því við vildum ekki láta endurgjalda það neinu, sem ránglega væri heimtað. Í fjórða lagi fannst okkur það allsendis ótilheyrilegt og rángt, enn þótt ábúendur, sem nú eru á mannslánajörðum eptir jarðabókum, ættu að endurgjalda það, að margir ábúendur skyldu endurgjalda hver fyrir sig mannslánið á sömu jörðunni, og að tekið yrði þannig af henni 4, 6 eða fleiri mannslán, þar sem ekki var áður nema eitt; heldur væri það rèttvíst og sanngjarnt, að allir ábúendurnir á slíkum jörðum gyldu ekki nema það eina mannslánsgjaldið, sem ákveðið er.

Það kann að vera sumra meining, að mannslánin sèu ekki jafnmiklum vandkvæðum bundin, og orð er á gjört, en það væri að vísu merkilegt, ef nokkur væri sá, er vildi styðja að viðhaldi mannslánanna. Hèr hefir verið talað um rèttindi manna á líflausum hlutum og skynlausum skepnum, og það hefir verið sagt, að ekki mætti gjöra lítið úr þessu, og það er reyndar satt. Því fóru menn fyrir skemstu að biðja um veiðilögin í öllum þeirra strángleika, svo að eigandinn megi eiga mófuglana í landi sínu; þetta er víst mikið gott, það er til að vernda rèttindin. En hvað er að telja eignarrèttindin hjá hinum meðfæddu og náttúrlegu frelsisrèttindum mannsins sjálfs? þau eru þó víst miklu merkilegri, en eignarrèttindin á smámunum; og segi eg þetta til þeirra, ef nokkrir væru, sem heldur kynnu að vilja mæla líknarorð mannslánskvöðinni; en það væri þó herfilega ósamkvæmt sjálfu sèr, að vilja umgirða sem fastast smá-eignarrèttindi, en vilja ekki verja af alefli hin meðfæddu og náttúrlegu frelsis-rèttindi mannsins sjálfs.

Framsögumaður: Af því, sem hinn virðulegi þingmaður Skaptfellínga nú mælti, virtist mèr sumt vera á góðum rökum bygt, en sumt aptur yfrið lèttvægt. Eptir því sem hann ætlar, eiga mannslánin að falla niður endurgjaldslaust við ábúenda skiptin, eins og vera kvað venja á konúngsjörðunum. Oss hefir það hèr á þinginu verið sagt, að konúngur hafi haft á orði í fríverzlunar-tilskipaninni, að taka af mannslánin á jörðum sínum. Nú eru þau á þeim jörðum enn. Hafa þá aldrei orð-

ið ábúenda-skipti á konúngsjörðunum í 60 hin seinustu ár? Það er hèr sagt, að mannslánin sèu aftekin á konúngsjörðunum, þegar þær eru seldar; hefði þá breytíngaratkvæðið átt að segja: við eigenda, en ekki ábúenda-skipti. Sá ójöfnuður, sem áður hefir verið, að sumstaðar hefir mannslánið verið goldið með 1 rbdl., sumstaðar með 20 álnum, sem þó í sjálfu sèr er jafnt og sama, á nú af að takast, svo eingan skeði órèttur; en gætum nú að, hvernig fer: gjaldist mannslánið með einum ríkisdal, þar sem 20 álnir hafa rèttilega verið teknar, missir eigandi ¾ parta rèttar síns; kirkjurnar mundu þá missa af rèttu gjaldi sínu, því þeim er þó leyft að velja 20 álnir eða penínga eptir verðlagsskránum, ef þær feingju 1 rbdl., og þó virðist þeim ránglega dregnir 6 sk. mót úrskurði konúngs 1785. Eptir öðru breytíngar-atkvæðinu verður sín löggjöfin í hverri veiðistöðinni, hverjum hreppnum, því skiplagið er, eins og eg hefi áður sagt, í mörgum stöðum ekkert, og þar fá eigendur mannslánanna því ekkert endurgjald, með hversu gildum og góðum rètti sem þeir áttu kvöðina; en á öðrum stöðum fá þeir nokkuð, en þó misjafnt, eptir því sem í venju er komið að gefa mikið eða lítið skiplagið, sem aldrei hefir verið lög-ákveðið. Þegar þíngmaðurinn fer þeim orðum, að þínginu væru þá mislagðar hendur, ef það í gær, með að aðhyllast hin straungu veiðilög, hefði ætlað sèr að vernda eignarrèttinn, en með því í dag að mæla með 20 álna gjaldi fyrir mannslán hvert, vildi hnekkja þeim heilagari rètti manna, frelsis-rèttindum: þá má eg játa, að eg ekki fæ skilið hann; því eg ætla, að 20 álna útgjald, rèttilega undirkomið, sè allt annað, en persónulegs frelsis hnekkir: í hið minnsta gjöri eg mun á rèttgoldnu 20 álna útsvari og frelsisrèttindum sjálfs mín.

Stephán Jónsson: Mannslán í þeim skilníngi, sem hèr er um rædt, eru mèr að öllu óþekt; þau eru ekki til norðanlands, og því hefi eg ekki gegnt í þetta mál fyrri. Jafnvel þó eg vildi verða fyrsti maður til að styrkja mál þess, sem órètt líður, þá sè eg enn ekki, hvort breytíngaratkvæðið þræðir rètta stefnu í þessu máli, eða hvort það er nokkurt; og held eg því bezt fallið, að fela það stjórninni til inntöku í landbúnaðarlöginn: henni hefir verið blandað inn í þíngræðurnar, og hún mun færust til að álykta það rètta; það eina mætti máske segja móti því, að tíminn dragist leingur við það, en skeð getur, að

stjórnin bendi því þángað, þó vèr biðjum ekki, og þá er eingu tapað.

Framsögumaður: Fyrst fleiri eru nú farnir að taka undir breytíngar-atkvæðið um, að fá máli þessu skotið inn undir landsleigubálkinn, þá neyðist eg til að virða það breytíngaratkvæði svars. Eg skil þá ekki, hvað þínginu er að vanbúnaði, að segja nú álit sitt um þetta litla mál, sem búið er að ræða í tvo daga af þíngmönnum úr öllum hèröðum landsins; og ef þíngmenn þora ekki að treysta sèr til að frambera skynsamlega bænarskrá um þetta mál til konúngsins, skil eg ekki, að þeir geti treyst betur útlendum mönnum til að skýra það fyrir sig. Ef kvöð þessi er svo ill, syndsamleg og frjálsa menn smánandi, sem sagt hefir verið á þínginu, þá ætla eg skapadægur hennar ætti að vera komið, og henni nú mál að hátta.

Nú hættu þíngmenn tölum, og lèt þá forseti gánga til atkvæða um þessi atriði:

1. Vill þíngið aftaka mannslánin allstaðar án alls endurgjalds við ábúanda skipti (Jón Guðmundsson, Jón Þórðarson), eða móti endurgjaldi meira eða minna til landsdrottins (nefndin, Sívertsen)?

   Hið síðara samþykt 17 atkvæðum.

2. Vill þíngið, að endurgjaldið sè ákveðin upphæð álna eða peninga (nefndin, Sívertsen), eða óákveðin, eptir hverrar sveitar venju um skipsáróðursgjald (Jón Guðmundsson, Jón Þórðarson)?

   Hið síðara samþykt 17 atkvæðum.

3. Má taka endurgjald fyrir meira, en eitt mannslán af hverri jörðu?

   Neitað 22 atkvæðum.

4. Vill þíngið semja bænarskrá um sèrstaka löggjöf um þetta, eða að eins óska, að tillögur þíngsins takist af stjórninni inn í landbúnaðar laga-frumvarpið?

   Hið síðara samþykt 15 atkvæðum.

Eptir svari upp á 2. spurníngu fèll úr þessi spurníng:

Ef endurgjaldið á að hafa ákveðna upphæð, hvort vill þá þíngið heldur velja 20 álnir (nefnd), eða 1 rbdl. (Sívertsen)?

og eptir svörunum til fyrstu og annarar spurníngar, einnig þessi:

Vill þíngið, að öll þau mannslán aftakist strax án alls endurgjalds, er ekki finnast í jarðabókum (Jón Guðmundsson, Jón

Þórðarson), eða að beðið sè eptir, að nú gjörðir samníngar liði út (Sívertsen, nefndin)?
Því næst var fundi slitið.

---

## 26. Júlí — tuttugasti fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykt.

Tók þá forseti fram til síðustu umræðu málefnið um lögleiðíngu konúnglegra lagaboða, sem útgefin eru fyrir Danmörku á árunum 1845—46. Í máli þessu hafði fulltrúi Skaptfellínga borið upp svo látandi breytíngar-atkvæði:

Að tilskipun 8. Jan. 1845 verði lögleidd hèr með því fororði: þó skal undanskilinn tekjuskattur af föstum tekjum sýslumanna, frekar en hvað ákveðið er í konúngsúrskurði 26. Sept. 1838.

Framsögumaður: Eg þarf ekki að ítreka aptur það, er eg sagða, þegar málefni þetta fyrri var hèr til umræðu á þínginu. Móti uppástúngum nefndarinnar um breytíngar þær, með hverjum löggilda ætti hèr tilskipun frá 21. Maí 1845, hafa eingar mótsagnir fram komíð, hvorki af hálfu hins hæstvirta konúngsfulltrúa eður frá þíngmönnum. Eg þykist því viss um, að þíngið muni annaðhvort samhuga, eða þá með miklum atkvæðafjölda fallast á þær. Það er einúngis eitt atriði, sem eg af hinni fyrri umræðu hlýt að taka mèr tilefni til að minnast nokkuð á, og leiða að því þíngsins, og sèr í lagi hins háttvirta forseta, athuga. Það er að minni hyggju öldúngis nauðsynlegt, að sú íslenzka útlegging af tilskipaninni frá 21. Maí 1845, sem lögð hefir verið fyrir þíngið, og sem liggur til grundvallar bæði fyrir umræðu og álitsskjali nefndarinnar, verði látin fylgja með álitsskjali þíngsins til konúngs; því annars er það ómögulegt, að þetta álitsskjal verði skiljanlegt stjórnarráðunum eða nokkrum þeim, er seinna eiga um málið að fjalla. Nefndin hefir víða stúngið upp á, að úr tilskipaninni skyldi fellast klausur, sumar styttri og sumar leingri. Þessar klausur eru, eins og allstaðar er brúkanlegt í þesskonar málefnum, þannig tilteknar og auðkendar, að fyrstu og seinustu orðin eru tiltekin, en miðbikið allt fellt úr; og þetta er nú allt miðað einmitt við þá orðaröð og orðaskipun, sem á sèr stað

í þeirri útleggíngu, sem þíngið hefir fyrir sèr haft, og fylgi hún ekki með, geta eingum manni, til fullnustu, skilizt uppástúngur nefndarinnar; því það er öldúngis ómögulegur hlutur, að ef þessari útleggíngu væri kastað á glæður, og farið væri að útleggja tilskipunina aptur á ný, að nokkur maður geti hitt einmitt þá orðaröð og orðaskipun, sem útleggíngin hefir, og við hverjar uppástúngur nefndarinnar eru bundnar og miðaðar. Það er einnig eðlileg og nauðsynleg afleiðíng af því konúngsins allramildasta boði, að ræða skuli hèr öll mál á íslenzku á þínginu, og að íslenzk skjöl verði að vera lögð til grundvallar við umræður þíngsins, að þessi skjöl verða þannig viðteingd málefnin, að þau síðan ekki geta orðið frá þeim skilin, nema því að eins að allt það verði óskiljanlegt, er um þau hefir verið rædt og í þeim hefir verið uppástúngið.

Forseti: Eg get ekki haft neitt á móti því, að sú þýðíng tilskipunarinnar, sem hèr er um að ræða, sè send frá þínginu með þeirri bæn, að tillit sè haft til hennar, þegar tilbúið verður lagaboðið fyrir Ísland; en hitt þykir mèr óljóst, hvort ekki verði svo metið, sem með því sè gripið inn í rèttindi þess manns, sem stjórnin hefir kjörið til að snúa á íslenzka túngu þeim lagaboðum, sem hèr skulu gild gjörast, og óska eg, að hinn hæstvirti konúngsfulltrúi láti í ljósi meiníngu sína hèr um.

Konúngsfulltrúi: Eptir tilmælum hins háttvirta forseta vil eg leyfa mèr að svara því, að eg enn sem fyrri verð að álíta það óhagkvæmt, að þíngið í álitsskrá sinni til konúngs minnist á orðabreytíngar þær, sem nefndin hefir stúngið upp á, og fyrir þá sök get eg heldur ekki annað en fundið það ónauðsynlegt, að alþíng láti hina íslenzku útleggíngu, sem hèr er rædt um, verða samferða álitsskrá sinni.

Skyldi nauðsyn þykja til bera, að í hinni dönsku erfðatilskipun yrðu gjörðar sèrlegar breytíngar, áður en hún yrði lögtekin á Íslandi, mundi að líkindum verða samið frumvarp, til þess það yrði lagt fyrir þíngið, og væri þá þínginu innan handar að gjöra þær athugasemdir við frumvarpið, sem því þætti við þurfa. Annars má það virðast miður til fallið, með því að senda útleggínguna með álitsskránni, að binda hendur á þeim manni, sem, eptir því sem reglur standa til, á að takast á hendur útleggíngu tilskipunar þeirrar, sem að lyktum verður gefin út handa Íslandi; því á þann hátt yrði útleggíngin samin eptir öðrum reglum, en venjulegar væru: því menn

verða að hugsa eptir því, að tilgángur með þessa útleggíngu, sem hèr er rædt um, er allur annar, en með útleggínguna á lagaboðum þeim, er lögleidd eru á Íslandi.

Framsögumaður: Það er eingan veginn meiníng mín, að koma aptur til þeirrar umræðu, er hèr var á þínginu hið fyrra sinni, um orðaval útleggíngarinnar, eður um það, hvernig hún væri samin; ekki heldur var það ásetníngur minn, að fara því á flot, að stjórnin væri bundin við þessa útleggíngu, þegar hún seinast lèti vinna að því, að íslenzka tilskipunina frá 21. Maí 1845, þannig lagaða, sem vera ber, handa Íslandi; heldur vildi eg einúngis gjöra það ljóst, sem hverjum manni má vera auðskilið, og orð mín berlega sýna, að það væri öldúngis nauðsynlegt, að hin sama útleggíng, sem nefndin og þíngið hefir haft fyrir sèr, og við hverrar orðaröð og orðaskipun nefndin hefir orðið, og þíngið mun verða að binda sínar uppástúngur, fylgi með álitsskjali þíngsins til konúngsins, ef þessar uppástúngur eiga að geta orðið nokkrum manni skiljanlegar; og það hlýtur að vera bæði stjórninni og þínginu mikils umvarðanda. Eg skal enn fremur geta þess, að eg með öllu verð að álíta það ónauðsynlegt, að nýtt frumvarp til þessarar tilskipunar verði aptur lagt fyrir þíngið; því það hefir nú svo ljóst og skýrlega, sem með þarf, látið í ljósi, bæði að það vill hafa hana lögleidda hèr á landi, og líka með hvaða breytíngum það skuli ske.

Ásgeir Einarsson: Í tilliti til þess, er sá heiðraði framsögumaður sagði, að ekkert hefði verið mælt á móti innleiðslu tilskip. 8. Jan. 1845, get eg þess, að sá heiðraði þíngmaður Skaptafellssýslu gjörði það að nokkru leyti; en mèr sýndist, að óþarfi sè að óska, að nefnd tilskipun sè innleidd nú þegar, þar sá háttvirti konúngsfulltrúi hefir sagt, að stjórnin mundi ætla að gjöra það, og sýnist mèr það ætti að bíða, þángað til skattgjaldslögin verða samin, einkum þar nefndin, sem átti að rannsaka þau, stakk upp á nokkurri breytíngu um högun embættismanna launa. Verð eg því að gefa atkvæði mitt mót innleiðslu nefndrar tilskipunar.

Framsögumaður: Hafi eg ekki misskilið hinn virðulega alþíngismann, er nú talaði seinast, þá vildi hann koma fram með einhverjar breytíngar í tilskipuninni af 8. Janúar 1845; en hafi svo verið, þá má eg geta þess, að það er nú

orðið um seinan, að koma fram með þær, þar eð málið er nú komið til ályktunarumræðu hèr á þínginu.

Kandíd. Jón Sigurðsson: Mèr skilst, eins og hèr sè verulegur meiníngа-munur milli hins háttvirta konúngsfulltrúa og nefndarinnar. Konúngsfulltrúinn virðist mèr ætlast til, að beðið yrði um erfða-tilskipunina i almennum orðatiltækjum, á þann hátt, að frumvarp eptir henni yrði lagt fyrir næsta þíng; nefndin er aptur á móti á því, að biðja um, að hin íslenzka tilskipun, sem nú hefir verið lögð hèr fram á þínginu, verði löggilt, með þeim breytíngum, sem nefndinni þykir haga og þörf er á. Það virðist, sem þíngið hafi verið nefndinni samdóma í þessu, því ekkert breytíngaratkvæði er komið fram á þá leið, sem konúngsfulltrúinn virðist að ætlast til; en það er auðsætt, að um þetta þyrfti breytíngaratkvæði, ef það ætti að verða tekið til greina. En þegar nú einginn þíngmanna hefir borið upp slíkt breytíngaratkvæði, eða viljað biðja um nýtt frumvarp, og það er nú orðið of seint, þá getur nú eíngin umræða orðið um annað, en þessa íslenzku tilskipun, sem nú er lögð fyrir þíngið, með þeim breytíngum, sem nefndin hefir stúngið upp á, og er þá sjálfsögð nauðsyn, að hið íslenzka handrit tilskipunarinnar verður að fylgja með.

Assessor Johnsen: Mèr virðist líka, að þíngið því síður eigi að láta þýðínguna liggja eptir, er það sendir konúngi álitsskjal í þessu máli, sem það að vísu má álítast eitthvert af þeim markverðustu málum, er borin eru undir þíngið í þetta sinn af hálfu stjórnarinnar; hvers vegna öll þörf hefði verið á, að þíngmenn hefðu feingið færi á allir, að kynna sèr þau en nýju erfðalög með sama hætti og frumvörp þau, sem lögð eru fyrir þíngið. En þó að nú þessa eigi væri kostur, er samt sú íslenzka þýðíng af þeim, sem hèr er lögð fram, ásamt með nefndarálitinu, orðin undirstaðan fyrir þíngræðunum í málinu: eins og nefndinni, og vissulega ekki mèr fyrir mitt leyti, heldur ekki gat komið annað til hugar, en að svo bæri að vera, og að þíngið því ekki heldur gæti komizt hjá, að láta þýðínguna fylgja með álitsskjali þess, ef aðgjörðir þíngsins, eða breytíngar þær, sem upp á er stúngið í hinni nýju erfðalöggjöf Dana, er hana á að lögleiða hèr í landi, eiga að geta haft nokkuð upp á sig, eða látið vilja og ósk þíngsins í ljósi.

Þá var hætt ræðum í þessu máli, og kvað forseti það því útrædt; var þá geingið til atkvæða um þessi atriði:

1. Vill þíngið biðja konúng um, við lögleiðslu tilskipunar 8. Jan. 1845, að aftaka hèr allskonar tekjuskatt af launum embættismanna (nefndin), eða einúngis með því fororði: þó skal undan skilinn tekjuskattur af föstum tekjum sýslumanna, frekar en hvað ákveðið er í konúngsúrskurði 26. Sept. 1838 (breytíngar-atkvæði Jóns Guðmundssonar)?

   Hið fyrra samþykt með 12 atkvæðum.

2. Vill þíngið óska þess, að tilskipun 21. Maí 1845 um breytíngar í erfða-löggjöfinni, eins og hún nú á íslenzku er lögð fyrir þíngið, lögleiðist hèr án frekara frumvarps, með þeim breytíngum, sem nefndin hefir stúngið upp á?

   Samþykt í einu hljóði.

Þá var tekið fram til ályktunar-umræðu málefnið um festu og uppboð konúngsjarða. Í málinu höfðu verið borin upp þessi breytíngar-atkvæði:

1) Varaforseta:

   Til vara, ef þíngið fellst á að senda konúngi bænarskrá, að þíngið biðji Hans Hátign konúnginn, að hafa hliðsjón af þeim reglum, sem nefndin hefir mælt fram með um byggíngu konúngsjarðanna, er samið verður frumvarp til nýrra landbúnaðarlaga fyrir Ísland yfir höfuð.

2) Þíngmannsins frá Eyjafjarðarsýslu:

   Að 3. atriði uppástúngu nefndarinnar falli burt.

3) Þíngmannsins frá Borgarfjarðarsýslu:

   Að uppsagnartími á uppboðnum og festum konúngsjörðum verði hèr eptir ekki leingri en frá miðju sumri, næstu áður en leiguliði vill flytja frá jörðu.

Framsögumaður: Eg skal nú hlífast við að leingja umræður máls þessa, svo sem eg get. Þær þóktu í undirbúníngsumræðunni smásmuglegar og lítt uppbyggilegar, það var satt; eg, að minnsta kosti, hóf þær ekki, og er ekki valdur að því, þó þeim, sem tekur sárast til óþarfa-umræðna, tímaspillis og leingínga þíngtíðindanna, hafi sjálfsagt fallið þetta illa; en ekkert er svo smásmuglegt, að ekki megi eitthvað af nema; og eg numdi, að merkum mönnum getur orðið að grípa til hinna lítilfjörlegustu óyndisúrræða, þegar þeir eru í vandræðum; eg numdi, hvað hollt það er, að geta dregið úr geði sínu, fyrir

jafngeðríka menn og eg er; og eg staðfestist í þeirri raun, sem eg hefi jafnan verið fastur á, að það sè aumast allra úrræða, að þrífa til sorpsins undan fótum sèr, til þess að verjast með; því það er sjaldan til annars, en að maður atar optar þá, sem verja skal, en ekki hina, sem það var ætlað.

Eg verð þessu næst að fara fáeinum orðum um breytíngar-atkvæði þau, sem borin eru upp í þessu máli. Vara-atkvæði hins háttvirta varaforseta er áheyrilegt og aðgeingilegt, ef ekki þyrfti bráðra aðgjörða við. Eg vona það sè orðið full-ljóst af undirbúníngs-umræðunni, að máli þessu má eingan veginn fresta; afleiðíngar uppboðanna eru þegar orðnar svo miklar, og þjóðinni orðin svo ljós og tilfinnanleg hin illu afdrif þeirra, að það væri ekki til annars en að spilla góðum og greiðari málalyktum, ef farið væri að koma því inn í landbúnaðarlögin; það væri líka til þess, að brjóta um þvert traust það, er beiðendur hafa til þíngsins, og fæla þá frá með öllu, að rita optar bænarskrá um slík málefni.

Hinum virðulega þíngmanni úr Eyjafjarðarsýslu hefir, að eg held, sjaldan mistekizt svo, sem nú, er hann hefir borið upp þetta breytíngar-atkvæði sitt, þar sem hann fer fram á að fella úr 3. uppástúngu-grein nefndarinnar. Það má þó vera öllum í augum uppi, að menn verða að sýna stjórninni fram á eitthvað, og eitthvað verulegt, í stað festunnar og hagnaðar þess í bráð, sem af henni stendur; þetta hefir bænarskráin úr Strandasýslu, og eins nefndin gjört, þar sem hún stíngur upp á árlegum jarðabótum: af þeim getur gagn leidt fyrir alda og óborna: af þeim uppsker ábúandi sjálfur, sem vinnur að þeim, hinn ríkuglegasta ávöxt, yfir höfuð að tala: jörðin býr að þeim til frambúðar, og eigandinn hefir því stöðugan arð af þeim; þar að auki er það samkvæmt anda þessara tíma, að ákveða jarðabætur, því jarðræktinni þokar heldur áfram.

Um viðauka-atkvæði ens heiðraða þíngmanns Borgfirðínga er það að segja, að nefndin gjörði, og gjörir enn að sjálfsögðu ráð fyrir, að uppboðum þessum til festu og afgjalds muni linna; því taldi nefndin víst, að fresta mætti uppástúngu um uppsagnarfrestinn, þar til það atriði verður rædt og ákvarðað í landbúnaðarlögunum, og er eg á sömu meiníngu enn.

En áður en eg sezt niður, verð eg að leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta konúngsfulltrúa, hverju nafni að nefna megi þessar fyrirskipanir hins konúnglega rentukammers, um upp-

boðin til afgjalds og til festu. Eru það lög, eða eru það ráðstafanir, það sem Danir nefna „Foranſtaltninger", eða hvað er það? Slíkar fyriskipanir, sem yfirgrípa svo mikið, og svo mikið leiðir af um allt land, verða þó að verða nefndar einhverju nafni.

Konúngsfulltrúi: Því, sem hinn virðulegi framsögumaður spurði mig að, skal eg svara í fám orðum, að þær ákvarðanir rentukammersins, sem um er talað, eiga heima meðal þeirra margkynjuðu umboðslegu (administrative) ráðstafana, sem þessu stjórnarráði eru faldar á hendur.

Assessor Johnsen: Mèr fer nú að þykja það eiga nógu vel við, að þeir, sem hèr eiga hin lægri sætin, láti álit sitt í ljósi um inngáng þann, sem hinn heiðraði framsögumaður hafði við til ræðu sinnar, er hann nýskeð hèlt í málefni þessu; og verð eg þá fyrir mitt leyti að játa, að mèr sýndist inngángur sá bæði óþarfur og líka án allra orsaka.

Assessor Jonassen: Eg tók ekki til orða við undirbúnings-umræðu þessa máls, og leyfi eg mèr því, sem meðlimur nefndarinnar, að fara hèr um það fám orðum, áður en álykt-arumræðu þess er lokið.

Eg er sannfærður um, að ræða hins hæstvirta konúngsfulltrúa við undirbúnings-umræðu málsins, hefir leidt þíngmenn í ljósan skilníng um það, hvernig þessu sè varið, og hvert að sè þess eðli, og ætla eg ekki að bera það til baka, en einúngis að fara fáeinum orðum um þá ályktun, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi leiðir af eðli málsins, að það nefnilega, einmitt af því að það sè stjórnarmál (administrativt), ekki heyri undir álit eða umdæmi alþíngis. Fallist alþíng á þessa meiníngu, leiðir þar af, að þíngið eptirleiðis gjörir sèr að grundvallarreglu, að það megi hvorki nè eigi að skipta sèr af málum, sem eru stjórnarmál; en eins og þetta þraungvar mjög um verkahríng alþíngis, þannig virðist mèr, að þíngið ætti vandlega að hugsa sig um, áður en það setur sèr þetta takmark; því eins og þíngið á að varast, að fara út fyrir þau takmörk, sem því eru sett, þannig á það á hinn bóginn að halda uppi og vel að gæta að því, að rètti þess ekki verði þraungvað meir, en vera ber. Eg skil samt ekki betur, en að þetta síðara yrði niðurstaðan, ef þíngið fèllist á, að það ekki mætti skipta sèr af nokkru máli, sem væri þess eðlis, sem hèr á þínginu hefir verið kallað „administrativt", þar sem eg hygg þetta ekki vera samkvæmt þeim grundvallarreglum, sem finnast í tilskip. frá 28. Maímán-

aðar 1831, sem rèttindi og skyldur umdæmastandanna í Dan mörku, og alþingis síðar, eru bygðar á; því eptir þessari tilskipun eru stjórnarmál ekki undan þegin umdæmaþínganna afskiptum. Þetta virðist mèr ljóst, þegar 4. og 5. grein í tèðri tilskipun eru bornar saman innbyrðis; því eptir að búið er að segja í 4. greininni, að eingin lög, sem áhræri persónuleg eða eignarrèttindi, skuli eptirleiðis koma út, nema þau hafi áður verið borin upp í frumvarpi fyrir þingin, og þeim veitt færi á, að segja um þau álit sitt, segir 5. greinin, að þegar stöndin finni tilefni til að óska nokkurra breytínga í þeim lögum og fyrirkomulagi (Indretninger), sem áhræri allt landið eða einstök hèröð, eða ástæðu til að bera upp umkvörtun yfir því, hvernig lögunum sè fylgt fram og stjórninni hagað, megi þau senda konúnginum álit sitt og uppástúngu, og sama er og ákveðið, og það í ljósari orðum í tilskip. fyrir hertogadæmin af sama dató, að stöndin þar megi bera upp bænarskrár og umkvartanir um þau mál, sem áhræri annaðhvort allra hertogadæmanna, eður einstöku hèraða heill og hagsmuni; og er það, virðist mèr, einsætt, að hèr eru meint stjórnarmál, og talað um uppástúngur og umkvartanir, sem rísa út af slíkum málum.

Það er líka alkunnugt, að málefni þessa eðlis hafa verið borin upp á þíngunum í Danmörku, til að mynda, í fyrra í Hróarskeldu, umkvörtun sú, sem þar var borin upp, og snerti þá ráðstöfun, sem hið konúngl. danska kanselli hafði gjört í umburðarbrèfi frá 8. Nóv. 1845, og fleiri dæmi mundi auðveldlega mega telja þaðan, þessu til sönnunar.

Eg segi ekki þetta í þeirri veru, að eg álíti, fyrir mitt leyti, nauðsynlegt, að bænarskrá sè samin og send konúngi um þetta mál; en eg ætla, að þíngið hafi samt ekki rángt fyrir sèr, þó það gjöri það, enda þótt málið sè þess eðlis, sem það er.

Um nefndarálitið sjálft ætla eg að vera fáorður, og það því heldur, sem hinn heiðraði framsögumaður hefir haldið uppi svörum fyrir það, eins og bezt mátti verða.

Hinn hæstvirti konúngsfulltrúi hefir fundið á nefndarálitinu margar misfellur; þetta er í eðli sínu, og verður nefndin að láta sèr það lynda, því einginn tekur sig meiri mann, en hann er; en þó verð eg að svara einu atriði, þar sem eg man ekki eptir, að framsögumaður tæki það fram, en það er það

atriði í ræðu hins hæstvirta konúngsfulltrúa, er hann segir, að nefndin ekki hefði skoðað málið „nema á aðra hliðina, og flutt málið af þeirri hálfu“; þetta hefir þá orðið nefndinni óviljandi, því eg má fullyrða, að henni var ant um að skoða málið hlutdrægnislaust, og á báðar hliðar; en það getur verið, að hún hafi tekið annmarkana, sem henni virtist vera á þeirri aðferð, sem nú tíðkast, að bjóða konúngsjarðir upp til festu og afgjalds við auctión, meira fram, en kostina, sem uppboðinu eru samfara; en það var af því, að nefndin gat ekki sèð betur, en að annmarkar þessir væru yfirgnæfandi. Eg ætla ekki að tefja tímann, með því að fara fleirum orðum um þetta mál, en ítreka það, sem eg áður lèt í ljósi, að þó þingið mætti fallast á, að eingin bænarskrá yrði samin eða send í þessu máli, ætla eg málið, eins og það nú er komið, ekki hefði neinn skaða af því, þar sem það má gjöra ráð fyrir því, að umræður þingmanna hèr á þinginu, viðvíkjandi málinu, muni, eins og hinn hæstvirti konúngsfulltrúi við fyrstu umræðu málsins lèt í ljósi, verða jafnt fyrir það teknar hæfilega til greina af stjórninni, að því leyti þær eru, og finnast að vera, á góðum rökum bygðar.

Konúngsfulltrúi: Þar eð hinn virðulegi konúngkjörni þingmaður hefir bygt ætlun sína á því að tilfæra lög þau, sem ákveða takmörkin fyrir verkasvæði alþingis, og atriði þetta hefir ekki nógsamlega verið tekið til umræðu hèr að framan í máli þessu, þá verð eg að bæta þar við nokkrum athugasemdum. Það er satt, að hin 1. grein í alþingistilskipuninni er í því tilliti bygð á tilskipunum um hin dönsku fulltrúaþing, og að eptir þessum tilskipunum er fulltrúaþingunum heimilt að biðja um breytíngu í almennum lands, eður einstakra fylkja, lögum og tilbúníngum (Indretninger). Eg veit nú ekki, hvort hinn virðulegi alþingismaður vill telja umsjónina á hinu konúnglega jarðagózi með lögum og tilbúníngum; mèr virðist, að umsjón þessi viðkomi hvorugu. Eg ætla, að eg hafi sæmilega vel haldið þræðinum í því, sem gjörzt hefir á fulltrúaþíngunum í Danmörku, en eg ætla og, að mèr sè óhætt að þverneita, að fulltrúaþingin þar hafi tekið til umræðu og aðgjörða annað eins mál og þetta er, sem hèr ræðir um. Í dæmi því, sem hinn konúngkjörni þingmaður minntist á, var ekki kvartað yfir aðferð þeirri, sem kanselliið hefði við haft samkvæmt því umboðsvaldi (administrative Myndighed), er því er veitt,

heldur einmitt yfir því, að kanselliið hefði farið fram yfir þetta sitt umboðslega vald, með því að fyrirskipa það, sem menn ætluðu einúngis að mundi geta gjörzt með lögum. En hèr er þó að líkindum valla nokkur sá, sem þyki rentukammerið í þessu atriði, sem hèr greinir um, hafa farið leingra, en það, sem umboðslegt stjórnarráð, átti vald á.

Kammerráð Melsteð: Eg tek mèr tilefni af því, sem hinn heiðraði konúngkjörni þíngmaður áðan sagði, til að geta þess, að hèr er nú einúngis ræðan um, hvort það sè nauðsynlegt eða tilhlýðilegt, að senda konúngi um það bænarskrá. Eg er enn nú þeirrar meiníngar, að þetta eigi ekki að gjöra, og verð þess vegna að ráða þínginu frá því. Eg get ekki álitið það nauðsynlegt, því það er hèr nógsamlega sýnt og sannað, að hvorki stjórnarráðið nè yfirvöldin hafa hèr brotið lög á nokkrum. Hèr er því einúngis spursmál um, hvort það sè hentugt, að gjöra það að almennri reglu, að bjóða konúngsjarðir upp til festu og afgjalds, eða ekki. Eg fyrir mitt leyti álít nú þetta, sem almenna reglu, eingan veginn hentugt; og eg hefi, við annað tækifæri, talað um það skorinort; en samt sem áður álít eg það ónauðsynlegt, því það er sýnt hèr á þínginu, að slík uppboð ekki eru brúkuð fyrir vestan; fyrir sunnan eru þau ekki almennt brúkuð, í það minnsta ekki á konúngsjörðum í Gullbríngusýslu; og fyrir norðan munu þau smámsaman afleggjast sem almenn regla, þó það máske gángi þar tregast. Eg er líka fullviss um, að umræður þíngsins, sem allar lúta að því, að uppboð þessi sèu skaðleg, þegar þau eru gjörð að almennri reglu, muni mega sèr miklu meira til að afmá jarðauppboðin, en bænarskrá þíngsins, þó hún gángi gegnum með lítlum atkvæðafjölda. En eg get ei heldur álitið tilhlýðilegt, að senda bænarskrá í þessu málefni. Það er allstaðar viðurkent, að umsjón og stjórn konúngsgóza sè aðmínistrativt málefni, af hverju þjóðþíng ekki eru vön eða álíta sèr skylt að skipta sèr. Það hefir ætíð verið álitinn hvers manns sómi, að standa vel í sinni stètt, en þar á móti miður hæfa, að hann blandi sèr í óviðkomandi málefni. Þíng þetta getur bæði áunnið sèr sóma og álit með því að leggja sem viturlegust ráð á þau löggjafar-málefni, sem fyrir það koma og það á að segja álit sitt um; en hvorugt þetta mun það ávinna sèr með því að blanda sèr í þau málefni, sem hvorki ber nauðsyn til og ekki heldur eru því viðkomandi. Þetta bið eg alla þá þíng-

menn, hverjum álit og sómi þingsins liggur á hjarta, nákvæmlega að yfirvega, áður þeir ganga til atkvæða um þetta mál.

Framsögumaður: Eg verð þó að svara fáeinu bæði hinum háttvirta konúngsfulltrúa og þeim heiðraða þingmanni, er síðast mælti. Menn ræða hèr mikið og margt um svæði hins „administrative“ valdsins, og hvað alt slíkt sè þinginu með öllu óviðkomandi. Hinn háttvirti konúngsfulltrúi sagði sjálfur áðan, að þessar fyrirskipanir rentukammersins væru „administrativ“ - ráðstöfun; en má alþing skipta sèr af henni? Eg held menn leiti lángt yfir skamt, til að færa rök með því og mót. Í 1. gr. alþingislaganna stendur með berum orðum: „Það „starf, er nefnd stönd hafa á hendi, í tilliti til þeirra voru landi „Íslandi einúngis viðkomandi laga og ráðstafana, á þannig „að felast þessari nýju samkomu (alþingi) á höndur“. Hèr er hvað sett á móti öðru, „lög“ og „ráðstafanir“; sè nú þetta ráðstöfun, sem Íslandi einu viðkemur, eins og konúngsfulltrúinn sagði áðan, þá er það sú ráðstöfun, sem konúngur sjálfur hefir lagt undir þingið. Eg verð að leyfa mèr að venda máli mínu til ens háttvirta forseta, og biðja hann að láta í ljósi fyrir þinginu meiníngu sína um, hvort ekki liggi næst að skilja 1. grein alþingislaganna, eins og eg nú mælti.

Forseti: Það má kalla „Foranſtaltninger“ allar þær ráðstafanir, sem embættismenn gjöra, og varða almenníng; annars ríður mín meiníng á eingu, því á endanum ákvarðar þó þingið sjálft, hvað af skal ráða.

Konúngsfulltrúi: Eg verð þó að leyfa mèr að bæta þeirri athugasemd við, að í lagagrein þeirri, sem til var vitnað, segir svo: “það starf, er nefnd stönd hafa á hendi, í tilliti til þeirra voru landi Íslandi einúngis viðvíkjandi laga og ráðstafana, á þannig að felast þessari nýju samkomu á hendur“. Það er þannig einúngis hið sama starf, er hinum dönsku fulltrúaþíngum viðvíkur, sem, að svo miklu leyti Ísland snertir, er falið alþingi á hendur.

Framsögumaður: Ef þingið ætti að binda sig við þessa þýðíngu 1. greinarinnar, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi nú lagði í hana, þá ætti það, og yrði það að vera þingmönnum kunnugt, hvaða málefni það sèu, sem lögð eru undir fulltrúaþíngin í Danmörku; en þetta er ekki, hèr er ekkert útlagt á íslenzku, nè auglýst um það efni: þinginu er ekkert skipað um það. Vèr höfum hèr tilskipun „um alþíng Íslendínga“,

útlagða á íslenzku og lagða fyrir þingið; eptir henni, og henni einni, á alþíng að breyta, en ekki lögum þeim, sem enginn þekkir; en í þessari tilskipun segir með berum orðum, að alþíng eigi að ræða um „ráðstafanir“, sem snerti Ísland.

Ásgeir Einarsson: Mèr virðist, að umræða þessa máls sè nú farin að taka þá stefnu, að í villu mættu leiðast jafnvel útvaldir, þegar til atkvæða skal gánga, þar lögfræðíngarnir sjálfir eru jafnvel farnir að þrætast á um, hváð löglegt sè í þessu máli eða ólöglegt; en þó eg tali nú fáein orð, eð fyrsta sinn að eg stend upp, sem flutníngsmaður annarar bænarskrárinnar, vona eg að ekkert illt geti af því hlotizt, því kraptur ræðu minnar verður varla svo mikill, að hann villi sjónir fyrir þíngmönnum, og allra sízt mun traust þíngmanna til mín koma neinum til að gefa atkvæði mót sannfæríngu sinni; enda hefi eg það traust til þeirra allra, að þeir láti hverki traust, elsku nè virðíngu á nokkrum manni stýra orðum nè atkvæðum sínum. Eg ætla nú ekki að minnast neitt á form eða lög í þessu máli, því það hafa þeir gjört, sem til þess eru færari; en eg ætla að minnast fátt eitt á ena laungu ræðu ens hæstvirta konúngsfulltrúa, er hann flutti, þá mál þetta var rædt til undirbúníngs. Það var við því að búast, að ræða hans, þá sem optar, mundi gefa mönnum nokkra upplýsíngu, enda varð það svo nú; þeir, sem máli þessu voru lítið kunnugir, feingu nú að vita, að amtmenn ráða miklu um það, er yfir hefir verið kvartað, og sèst þar af, að meiníngar þeirra eru opt misjafnar, og þar af mun leiða það, sem sagt hefir verið, að í sumu séu sín lög í hverju amti, og veit eg til, að þetta vekur opt óánægju. Þegar á ræðu ens hæstvirta konúngsfulltrúa fór að líða, varð hún nokkuð söguleg, og vegna ókunnugleika míns var mèr ekki ljóst, hver blær var yfir henni; því þegar sá heiðraði framsögumaður tók til sögunnar, fannst mèr hún fá nokkuð annan blæ, og þó stóð konúngsfulltrúinn upp að gleðjast yfir kunnugleika framsögumanns í málinu, og virtist mèr þó, að sagan feingi enn ólíkari svip sögu konúngsfulltrúa, þegar sá mjög heiðraði varaforseti bætti við hana. En sízt gat eg komið fyrir mig, hvar það átti heima við efnið, sem konúngsfulltrúinn las upp úr Jónsbókinni.

En hvað fræðast menn nú af þessari sögu, nema að rentukammerið hefir bygt svo mikla ályktun, sem mikinn hluta landsins snertir, á einstöku dæmi? og óttast eg, að sá hæst-

virti konúngsfulltrúi hafi unnið minna gagn með sögu þessari, enn hann vildi og vænti, því eg er hræddur um, að alþýðu þyki það undarlegt, og auki ekki traust hennar á nefndu stjórnarráði. Dæmi það, sem alþingismaður Skagafjarðarsýslu sagði, sýnir, að konúngssjóðurinn getur haft af þessu meiri skaða en ábata; því fari þessu fram, getur skeð, að samtök verði gjörð um að bjóða svo lítið, að minna afgjald verði en annars fæst. Það, sem sá háttvirti forseti sagði, þegar málið var borið fyrst upp um það, að fleiri en hlutaðeigendur mundu hafa skrifað undir bænarskrána frá Strandasýslu, en þeir sem hefðu búið á konúngsjörðum, var satt, og orsakaðist það af því, að þeir óttuðust, að jarðeigendur mundu taka þetta eptir, ef það færi að leiðast þar í venju, eins og annarstaðar, og höfðu líka heyrt þess dæmi úr nálægu héraði. Þar eð mèr virðist ræður þingmanna hafa lotið að því, hvað skaðleg áminnzt aðferð sè, og að viðkomandi stjórnarráð hafi ekki gefið gaum að umkvörtunum manna um slíkt, sýnist mèr ekki annað ráð eptir, en að senda vorum mildiríka konúngi bænarskrá um þetta efni; með því kemst málið og alþýðu meiníng og vilji fyrir hann, og getur það orðið orsök til þess, að betri skipun verði framvegis gjörð á þessu.

Konúngsfulltrúi: Af orðum þeim, er hinn virðulegi alþingismaður úr Strandasýslu nú mælti, þykist eg geta sèð, að hann hefir ekki til fulls skilið efnið í athugasemd þeirri, sem eg, á hinum næsta fundi hèr á undan, gjörði um það, að það gleddi mig, að framsögumaður hefði getað gefið nákvæmari skýrslu um dæmi það, er eg kom með. Það var mèr mjög ógeðfelt, að hafa orðið að telja fram nokkur skýrteini, sem gátu kastað skugga á breytni umboðsmanns þess, er hlut átti að máli. Þess vegna gladdi það mig, að framsögumaður gat tilgreint þesskonar smá-atriði í málinu, að breytni umboðsmannsins við það fèkk miklu betra útlit í augum manna, án þess orð hans gætu annað en staðfest ályktun þá, sem eg hafði gjört, þar sem eg, jafnvel þó skýrteini þessi væru feingin, varð að álíta það laust við allan efa, að uppboðið hefði komið til leiðar talsvert hærra afgjaldi, en feingizt hefði, ef jörðin hefði verið bygð án uppboðs, án þess þó að lakari leiguliði hefði flutt að jörðunni.

Að öðru leyti hefi eg eingan veginn sagt, að rentukammerið hefði bygt ráðstafanir sínar, þær sem hèr ræðir um, á áð-

ur greindu dæmi; eg hefi að eins nefnt, að þær hefðu, ef til vildi, helzt atvikazt af þessu dæmi, sem um er getið í brèfi því, sem kvartað hefir verið um. Eg hefi nú ekki leingur nokkurn þátt í hinni umboðslegu (administrative) stjórn Íslands, og get þess vegna á eingan hátt vitað, hvaða atvik, samkyns sem þetta, er nú hefir verið minnzt á, hafa getað borið að höndum.

Jón Samsonsson: Þegar bænarskrá um þetta frá Skagafjarðarsýslu var samin, stóðu allir í þeirri sannfæringu, og líka væntu þess, að alþingið mundi taka þess háttar málefni til greina, sem þetta, og það því heldur, sem menn vissu ekki, hvort þeir áttu að snúa sèr, ef ekki til Hans Hátignar konúngsins. Eg hefi talað við nokkra af hinum lögfróðu mönnum, sem ekki vita til, að út sè komið lagaboð um þann 1½ árs uppsagnar-frest ábúðar á klausturjörðum, sem í þeim byggíngarbrèfum er tiltekinn. Að senda Hans Hátign konúnginum bænarskrá um þetta, gæti þó orðið meðal til þess, að takmarka nokkuð vald amtmanna í því, að fara því fram, sem svoleiðis bygðar jarðir hindrað getur frá framför, og komið í veg fyrir velvegnun manna.

Prófastur Haldór Jónsson: Það er óyggjandi (og það umtalaða dæmi úr Skaptafellssýslu sýnir það), að konúngssjóðurinn getur stundum auðgazt töluvert í bráð fyrir uppboð konúngsjarða, og stundum kann að vilja svo heppilega til, eins og þá, að duglegir efnamenn fáist sem ábúendur á konúngsjarðirnar; en hvortveggja getur líka brugðizt. Þó nú ekkert ynnist við uppboðið fyrir konúngssjóðinn fram yfir það, sem annars hefði orðið, eins og þau dæmin sýna, sem tilfærð hafa verið úr Skagafjarðarsýslu, þá er kannske einginn skaði að uppboðinu fyrir það. En öðruvísi fer, ef hið annað bregzt, nefnil. að góður ábúandi fáist; þá fer þessi byggíngarmáti bráðum að straffa sig. Annars vil eg gjöra mun á uppboði til afgjalds og uppboði til festu. Það er sök sèr, þó jarðir væru boðnar upp til afgjalds, ef forngildan, eða þó heldur sanngjarnlegt eptirgjald næðist ekki með öðru móti; því það er sanngjarnt, að árlegt eptirgjald jarðar hverrar samsvari gæðum hennar. En uppboð til festugjalds þykir mèr ísjárverðara, því bæði er það auðsèð, hvernin það kemur niður á erfíngjunum, ef sá, sem boðið hefir háa festu í einhverja jörð, fellur frá svo fljótt, að hann hefir haft hennar lítil eða eingin not, og svo

fæst ekki altjend hærri festa við uppboð, en annars hefði feingizt. Mèr er kunnugt eitt dæmi, sem sýnir hvortveggja: Það var boðin upp til festu ein af konúngsjörðum; eg vissi ekki betur, en umboðsmanni mundi hafa tekizt að byggja hana undir hendinni með 80 rbdla festu, en við uppboðið feingust að eins 9 rbdl., eða þar um bil; en tveimur árum síðar dó maðurinn, sem jörðina hlaut, og hefði þá ekkja hans og börn verið enn ver farin, ef festan hefði verið 80 rbdl., en ábúðartíminn ekki nema 2 eða 3 ár.

Kandídat Jón Sigurðsson: Þegar eg hugleiði, í hverjum skilníngi alþíng eigi að taka rèttindi þau, sem því eru veitt, þá finn eg fyrir mèr í alþíngistilskipuninni tvær greinir, 1. grein, sem þínginu hefir þegar verið bent á, og 77. grein, þar sem stendur: „alþíngið á ekki að skipta sèr af einstakra manna bónarbrèfum eður umkvörtunum, heldur vísa þeim til Vor, ellegar til hlutaðeigandi stjórnarráðs eða yfirvalds. Ef samt nokkur meðlimur (alþíngismaður) er fullkomlega sannfærður um, að einstökum persónum sè órèttur gjörður, á hann kost á að kæra málið fyrir alþíngi og færa þar fram tilhlýðilegar sönnur, til þess að alþíngið, ef meiri hluta atkvæða-greiðenda virðist málinu svo háttað vera, þar um geti sent Oss sínar skriflegar tillögur“. Mèr finnst í þessu liggi, þegar maður ber það saman, að alþíng eigi helzt að taka að sèr þau mál, þar sem vart verður við að lögin sè ekki haldin samkvæmt vilja löggjafans til heilla þjóðarinnar; þar næst um ráðstafanir almennar, sem varða land og lýð, eður meiri hluta lands; en því einstaklegri sem þesskonar mál eru, því meiri vareygð virðist mèr þíngið verði að hafa við, að hafa afskipti af því. Eptir því sem hèr er komið fram, fæ eg ekki betur sèð, en að rentukammerið sè vítalaust. Hèr er ekkert lagabrot gjört. Rentukammerið hefir gjört þá ráðstöfun, til að auka tekjur þær, sem árlega er varið til útgjalda landsins, sem því hefir þótt nauðsyn á; það hefir skipað að bjóða upp jarðirnar, þegar ekki næst leigumáli sá, sem það álítur rèttan og gildan á jörðunum; það hefir jafnvel ekki skipað það í öllum tilfellum, hvernig sem á stæði, heldur hefir það falið það amtmönnum á vald, hve nær það virtist nauðsynlegt. Það er því auðsætt, að rentukammerið hefir í þessu efni ekki gjört annað, en því bar, og gagn landsins krafði; hafi nokkrum missèst, þá eru það amtmennirnir, og er þá aðgángurinn að þeim. En þegar svo stendur á, þá mætti

málið snúast á rètta leið, án þess gripið væri til að skrifa um það bænarskrá til konúngs, því það virðist mèr eiga að gjöra í síðustu lög. Alþíng hefir í þessum efnum tvennskonar vald, ef eg svo má að orði kveða: annað að rita bænarskrár, annað það, að ræða um málið, og upplýsa það svo, að allir sjái, hversu óhentugar slíkar ráðstafanir eru; meiri bendíngar þurfa að líkindum ekki amtmennirnir, einkum ef þeir komast sjálfir að raun um, að tilhögun þessi er óvinsæl, og nær ekki þeim hinum góða tilgángi, sem þeir hafa ætlað, heldur verður miklu framar til skaða, og sjálfum tekjunum til rýrnunar, þeim er auka átti. Þegar þetta verður nóg, þá er til einkis að rita bænarskrá. Yrði bænarskrá rituð, þá væri tvent til að gjöra fyrir stjórnina: annaðhvort yrði hún að banna öll uppboð fullkomlega, en af þessu gæti óneitanlega orðið tjón í einstöku tilfellum (enda þótt dæmi það, sem konúngsfulltrúinn færði til, sannfæri mig ekki, því það sèr hver sanngjarn maður, að hvorki umboðsmaður, nè neinn annar getur með fullri vissu sagt fyrir fram, hvort boð verði hærra eða lægra): það getur, sem sagt, stundum orðið til skaða; eða stjórnin yrði að gefa fastar reglur, sem amtmenn ætti að gánga eptir, en þetta er ómögulegt, því slíkar ráðstafanir eru þess eðlis, að það verður að fela þær á hendur þeim embættismönnum, sem eru næstir, sem líklegt er að sè kunnugastir, og sem eiga að vera bezt færir um að sjá, hvað við á og bezt fer í hverju einstöku tilfelli. Þessir embættismenn eru amtmennirnir, og þeim verður að fela þesskonar málefna stjórn á hendur.

Uppástúnga nefndarinnar í 3. grein, um að snúa festunni upp í jarðabætur, held eg verði að eingu gagni. Eg held það muni fara um þá ráðstöfun, ef hún kæmist á, eins og um þúfna-tilskipunina fór um árið. Eg hefi sèð byggingarbrèf, þar sem til er tekið, hversu mörg hlöss eigi að bera á hverja dagsláttu í túninu, en eg hefi einga sönnun feingið um það enn, að þar sè hvorki fleiri nè færri hlöss á dagsláttunni, en til er tekið. Eg hefi einnig sèð tiltekið, að fjárhúsin skuli vera svo og svo há, og svo og svo breið, en mig uggir, að sú ákvörðun hafi haft líkan árángur. Slíkar ákvarðauir eru svo lagaðar í sjálfum sèr, að þær bera það með sèr, að þeim verður ekki fylgt, og svo mundi fara um jarðabætur þessar: ábúandi mundi hafa einhver ráð að skjóta sèr undan þeim, ef

hann væri ófús á þær, eða að telja umboðsmanni trú um, að sèr væri þær ómögulegar. Þegar svo ekkert yrði af þeim, þá væri töpuð bæði festa og jarðabætur. Eg álykta af reynslunni, að svo mundi fara, ef uppástúngu nefndarinnar yrði framgeingt.

Eptir þessu, sem nú hefi eg sagt, er það meiníng mín, og á þá leið greiði eg atkvæði mitt, að ekki eigi að rita bænarskrá til konúngs um þetta mál; því eg held, að umræður þær, sem hèr hafa orðið, muni hafa alla þá verkun, sem hèr er þörf á, og menn ætlast til; en skyldi það verða ályktun þíngsins, mót von minni, að rita skuli bænarskrá, þá greiði eg atkvæði mitt með vara-atkvæði hins háttvirta varaforseta, að ákvarðanir um þetta efni verði látnar bíða landsleigubálks.

Stephán Jónsson: Eg skal nú ekki fara orðum um þær ræður manna, er áður eru fram komnar í þessu máli; en eg vil víkja lítið eitt máli mínu að breytíngar-atkvæði því, er eg bar upp við umræðu máls þessa seinast, og skal eg þá ekki neita, að mèr kunni að hafa mistekizt það, og það held eg mèr geti auðveldlega tilviljað. En tilgángurinn var sá, að koma í veg fyrir ósanngjarna álögu í jarðabótum, og máske þá, sem menn síður vildu, en peníngafestu. Í uppástúngu nefndarinnar er svo kveðið að orði, að byggja jarðirnar þeim duglegustu og efnabeztu mönnum, en það hefði líka átt að segja: þeim ráðvöndustu; og var þess getið af einum þíngmanni við undirbúnings-umræðuna, að með uppboðunum gætu menn eingu ráðið við það, hverjir yrðu afrèttarbændur, sem þó var gild ástæða, en bæði gæti hann verið efnaður og dugnaðarsamur, þó ekki kysu menn hann til afrèttar. Jarðabætur vildi eg gjarnan á kæmust, en þó svo, að ábúendum verði ei ofþjakað með þeim, og þær sèu nauðsynlegar fyrir jörðina. Ekki get eg verið mótfallinn því, að taka megi festur í peníngum, hvort bændaeignir eiga í hlut, eða aðrar jarðir, þær hafa leingi verið til, og af sumum teknar, og aldrei verið óvinsælar, fyrr en uppboðin fóru að tíðkast; enda mundi það vera of mikil takmörkun, ef þær mættu ei eiga sèr stað á bændaeignum, og þá eins á fleirum. Þar á móti finnst mèr, að konúngsjarðir mættu ei byggjast með þýngri kostum en hændaeignir; því annars má búast við því, að þær hljóti lakari ábúendur, sem bæði getur haft illar afleiðíngar fyrir jarðirnar sjálfar og konúngssjóðinn; en bændur geta um sínar eigin jarðir

ekið seglunum eptir vindinum. Að uppsagnarfresturinn sè öðruvísi fyrir sunnan en norðan, skil eg ekki af hverju kemur; allir amtmennirnir munu þó fá þau prentuðu form, í hverjum hann er fast ákveðinn, og þau prentuð í Kaupmannahöfn, og því síður hefi eg nokkra orsök til að hugsa, að amtmaðurinn fyrir norðan hafi átt nokkurn hlut þar að, sem eg veit, að honum þykir þessi uppsagnarfrestur ekki eiga vel við. Mèr gleymdist við undirbúnings-umræðu málsins, að áskilja mèr það breytíngar-atkvæði, að uppsagnarfresturinn skyldi vera veturnætur næstu, áður leiguliðinn flytti burt, og það var hann, áður en farið var að bjóða upp jarðirnar til festu. En uppboðið fyrir norðan hefir skeð á þann veg, að ákveðin landskuld og leigugjald hefir verið tiltekið í peníngum, og auglýst í auctións-auglýsíngunum, en jörðin uppboðin einúngis til festu. Strángleiki byggíngarbrèfa þeirra, sem nýlega var á minnzt, er í frekara lagi: það er máske of mikið sagt, ef eg segði, að sá gæti orðið ókristilegur fèlagslimur, sem hèldi þau í öllu. Eg tek til dæmis, ef fátæklíngur yrði bjargarlaus fyrir skepnur sínar, og leitaði hjálpar hjá leiguliða á konúngs- eða klaustursjörð, en þessi, til að brjóta ekki byggíngarskilmála, neitaði honum um hjálp, því hann þyrfti áður að fá leyfi hjá landsdottni, sem þá væri í annari eða þriðju sýslu; og svona mætti til bera í fleiri atriðum. Það mun því óhætt að fullyrða, að einginn muni enn hafa, og ekki hèr eptir geta, uppfylt alla þá byggíngar-skilmála í öllum greinum.

Umboðsmaður Þorvaldur Sívertsen: Það er nú búið að fara ærið mörgum orðum um málefni þetta, og er þess öll von, því það varðar miklu, það snertir gagn eða ógagn heillar þjóðar; flestra þíngmanna ræður hníga að því, að uppboðs og festu-byggíngar spilli siðferðislegum hugsunarhætti manna, að þær valdi illri meðferð jarða, og, ef til vill, eyðileggíngu, og þá, án alls efa, eptirgjaldsleysi þeirra, eður rýrnun í hið minnsta, og er þá unnið ógagn þjóðinni, máske stærra en margur hyggur, og peníngatjón konúngssjóðnum, fyrir lítilsverðan stundar-hagnað, sem þó næst ekki ætið. Eitt einasta einstakt dæmi þessu á móti sannar ekkert, og vegur mjög lítið upp á móti þeim mörgu og almennu, sem færð eru, og til eru, því til sönnunar, að jarðabygging sú, er hèr ræðir um, sè skaðleg og óbrúkandi; eg ætlaði að bæta þeirri athugasemd við, að eg hefi þekt til þess samheldis og frjálslyndis-

anda í sveit einni, að við uppboð á jörðu fèkkst ekkert boð, og hún lagðist því í eyði, og gæti skeð, að ekki drægi úr slíku samheldi. Eg ætla það því eingum vafa undirorpið, að alþing eigi að biðja um bót á þessu. Okkur er leyft, okkur er sagt að biðja, en bænheyrslunni ræður sá, sem beðinn er. Festugjaldsins hefi eg heyrt getið, en ekki vestanlands, nema á fáeinum bændajörðum; eg er einn þeirra fáu, sem býr við festugjald, en eingan hefi eg heyrt láta sèr um munn fara, að nefna festugjaldið hærra, en svaraði árs afgjaldi, nema á kóngsjörðunum nyrðra og víðar; við eitthvert takmark verður þó gjald þetta að vera bundið, annars er hætt við það verði takmarkalaust.

Einskorðun peninga fyrir afgjaldið er áður sýnt að valdi, og sè ópolandi ójöfnuður móti leiguliðunum; verðlag landaura, bundið við það verð, sem verðlagsskráin skýrir frá, getur heldur ekki ætíð verið það sama og rètta, þegar afgjöldin á að greiða; því opt er mikill munur á verðlagi því, sem var það árið, eptir hvers söluverði skráin var samin, og þess, sem er það árið hún á að gilda, auk þess sem vestanlands hefir opt verið sá annmarki við verðlagsskrána, að smjör og fleiri gjaldaurar presta eru með hærra verði í henni, heldur en alment söluverð hafði verið manna á milli. Hvað uppsagnarfrestinum viðvíkur, sem talað var um, ætla eg að endingu að geta þess, að eg hefi aldrei heyrt þess getið, nema á konúngsjörðum nyrðra, að hann væri hálft annað ár; vestanlands er sá leingsti uppsagnarfrestur, sem eg þekki, bundinn við Mikaelsmessu, 29. Sept., haustið áður maður ætlar burt að vorinu; eg held líka 1½ árs frestur nái eingri átt, og geti ekki komið til brúkunar, eða haft nokkuð að þýða, t. a. m., ef leiguliði fellur frá, nefnilega deyr, eins og lög gjöra ráð fyrir: þá ætti dánarbú hans að hafa ábyrgð og ábúð, umsjón og eptirgjald jarðarinnar á hendi heilt ár fram yfir það sem vera bæri. Eg held því, að ný ákvörðun um uppsagnarfrestinn sè án þarfa, því hálfs annars árs fresturinn dettur um sjálfan sig, eins og allt það, sem ekki er á meiri nè betri rökum bygt.

Prófastur Hannes Stephensen: Því virðast mèr umræður manna í máli þessu lýsa, að þegar til atkvæða kemur, muni menn gánga í tvær sveitir, þar sem nokkrir hafa látið á sèr heyra, að ekki vildu þeir, að alþing sendi konúngi bænarskrá um þetta efni, en aðrir þar á móti hvetja þess; þó eg

sè nú í flokki enna fyrri, játa eg, að mèr stendur stuggur af aðferð þeirri, sem bænarskrárnar, sem gefið hafa tilefni til meðferðar máls þessa á þínginu, geta um, og ræður þíngmanna hafa ítarlega lýst; en ekki ætla eg orðum að eyða til að skýra þetta fremur, en búið er: einasta vilda eg með fáum orðum árètta breytíngaratkvæði það, sem eg áskildi mèr, viðvíkjandi hinum hèr óheyrða 1½ árs uppsagnarfresti á kóngsjörðunum norðanlands: hann einn álít eg í þessu máli ólöglegan, eða hvergi í lögum Danaríkis ákveðinn eða heimilaðan, hann álít eg einnig skaðvænastan, bæði landsdrottni og leiguliða. Hyggjum að eins að því, hvernig fer, þegar fátækur maður, sem á þess kyns jörðu býr, deyr strax, eptir að hann hefir sagt henni lausri: þá verður ekkja hans og munaðarlaus börn skyld til að hafa ábyrgð jarðar þeirrar, ekki að eins til næstu fardaga, heldur ári leingur; þetta er nú auðsèður skaði á hlið erfíngjanna, en nærri því eins viss er skaðinn á hlið landsdrottins, því nærri má geta, hvernig hirðíng og rækt-un jarðarinnar muni fara, þegar svona ber undir. Það er öllum kunnugt, hver uppsagnarfrestur ákveðinn er af landslögum vorum, að hann er takmarkaður við nóttina helgu; margir landsdrottnar hafa áskilið við leiguliða sína, að þeir segi jörðu lausri fyrir veturnætur, en ef eingin breytíng verður á uppboðum jarða konúngs til afgjalds og festu, þá virðist mèr frestur þessi ofstuttur: Því borið hefir við, að fleira en eitt uppboð hefir haldið verið, áður en boð sè af amtmanni samþykt, en veturinn er ófallinn til þessara uppboða; því ákveð eg frestinn svo lángan, og er eg þar um sannfærður, að hvernig sem þíngið að öðru leyti gefur atkvæði í máli þessu, eigi ekki þetta atriði að undanfellast.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Það er búið að ræða mál þetta á svo marga vegu, og frá sem flestum sjónarleitum, sem hægt er; því hugsa eg ekki til, að það vinni nokkuð við athugasemdir mínar. Einasta vil eg leyfa mèr að spyrja þíngið að: hvert á þjóðin að snúa sèr, eða til hvers á hún að leita, þegar alþíngið leyfir ei öðrum eins málum og þessum aðgáng til sín? Rentukammerið hefir vísað þeim frá sèr, og skotið þeim til amtmannanna; amtmennirnir fylgja, í því falli, sínum eigin vilja og skoðunarmáta, án þess að lempa sig að vilja þjóðarinnar í þess háttar; Nú eru mörg mál líks eðlis og þetta, og geti alþíngið eingan gaum gefið þess kyns málum, er það

auðsætt, að færri mundu þau málefnin af þjóðarinnar hálfu, er þingið áliti sèr skylt að taka til greina. Flestum hefir komið ásamt um, að uppboð á konúngs og klaustursjörðum til festu og afgjalds hafi skaðlegar afleiðíngar; að minni hyggju hlýtur það einnig svo að vera. Það rýrir mjög svo efnahag þess, er gjald þetta borgar, sem ekki mun skjaldnar að bera, að sè sá fátæki, ráðlitli, er gjörir slík boð, heldur en sá ríki; því einstakar undantekníngar í því falli sanna ekkert. En það, sem að rýrir eigur þess einstaka manns í þessu falli, rýrir og konúngssjóð. Ekki þarf heldur að ætlast til að fá eins góða ábúendur til jafnaðar á þær jarðir, sem boðnar eru upp, og ef það væri ekki gjört; því auk þess sem það er fremur sá fátæki en ríki, sem gjörist, neyðarinnar vegna, að gjöra þess háttar boð, þá skerðist þar að auki mjög mikið hans litli eigna-stofn við festugjaldið, og get eg skírskotað til eins dæmis, þessu til sönnunar, er einn hinna heiðruðu þíngmanna hefir sagt mèr að á uppboðsþíngi í vor eð var hafi fyrir fallið á lèlegri konúngs jörð í bygðarlagi hans, sem boðin var upp til festugjalds; maður sá, er hæstbjóðandi varð í jörð þessa, var fátæklíngur, en bauð þó rúma 100 rbdl. í festu í hana; þessa peninga varð hann eptir á að fá alla að láni hjá umboðsmanni. Hver getur nú vænt, að slíkur maður, og aðrir eins, hafi ráð á, eða dug til að gjöra jarðabót að nokkru gagni? Mèr virðist meiri líkindi til, að jörð sú lendi í vanrækt. Það liggur þó í augum uppi, að það festu-gjaldið hlýtur að vera eðlilegast og undir eins affarabezt, sem kemur niður á jörðunni sjálfri: því þar með eflast kraptar þeir, sem eru undirstaða til velferðar, ekki einúngis hvers einstaks manns, heldur einnig fèlags þess, sem hann býr í, og landsins yfir höfuð; en það, sem er landsheill, hlýtur og að vera heill fyrir konúng og konúngs-sjóð. Eg vil ekki eyða hinum dýrmæta þíngtíma með óþarfa orðafjölda hèr um, en bæti einasta þessum ályktar-orðum við: bóndi er bústólpi, bú er landstólpi: því ríður á, að styrkja, fremur en veikja þenna stólpa.

Framsögumaður: Umræður máls þessa eru farnar að snúast um svo mörg efni, að eg hygg ekki vanþörf á, að taka upp aptur þráð málsins, svo stuttlega sem eg get; en með fram verð eg að svara fáeinu sumum þeim þíngmönnum, er mælt hafa gegn áliti nefndarinnar, og hafa verið að bera í bætufláka fyri aðferð rentukammersins. Það er enn farið fram á það, að ekki

sèu nein lög brotin með þessari aðferð, hèr sè einúngis að kæra misskilníng amtmanna á rentukammers-brèfunum; en þetta er þó ekki. Rentukammers-brèfið frá 12. Maí 1846 sýnir berlega, að amtmaðurinn í vesturamtinu, konferenzráð Thorsteinson, hefir viljað skilja brèf þessi á þá leið, að uppboðin ætti ekki að halda, nema við einstök tækifæri, og ritað stjórnarráðinu, að hann áliti þau óhentug á Íslandi. En rentukammerinu líkar eingan veginn þessi skilníngur brèfanna; í þessu brèfi frá 12. Maí 1846 er einmitt hert á uppboðum þessum töluvert, og lögð fyrir ný aðferð við þau, sem er miklu harðari og ískyggilegri. Eg vil því enn leggja það undir alþíng, hvað við þetta mál eigi að gjöra, og ætla eg vitsmunum þíngmanna yfir höfuð að ráða úr því, hvað sem einstakir menn segja. Það er enn borið fyrir, að 3. uppástúnga nefndarinnar muni ekki leiða af sèr nema verra eitt; menn ímynda sèr, að svo geti farið, að umboðsmennirnir ákveði þau ætlunarverk, sem óvinnanda verði að leysa af hendi; þetta getur virkilega skeð; en þegar um slíkt er að ræða, þá má eingan veginn fara eptir því, sem vest getur aðborið, þegar sem vest er áhaldið, heldur að fylgja því fram, sem satt er og hollt, og mögulegt er að framkvæma. Byggíngarbrèfin í norðuramtinu, sem eg annars þekki ekki, sanna, að eg hugsa, ekkert gegn þessari grein af uppástúngu nefndarinnar; ef þau eru lík því, sem prentuðu byggíngar-brèfin eru í suðuramtinu, þá eru þau kraptlaus og einskis verð; þau eru við það á örk þètt prentaða, og telja fram svo margbrotnar og margfaldar skyldur leiguliðanna, sem þeim er með öllu ómögulegt að gegna, og sumpart eiga ekki og mega ekki gegna. Væri nú í þess stað ákveðið með fám orðum eitthvert tiltekið ætlunarverk fyri það árið í senn, og aptur með uppáteiknun bætt við ætlunarverki fyri næsta árið þar á eptir, o. s. frv., þá yrði leiguliðanum bæði ljúft og auðvelt, að leysa það af hendi, í stað þess að nú er fáu sem eingu gegnt af því, sem í byggíngarbrèfunum er. En umboðsmönnunum ætla eg þá nærfarni og búvit, að þeir geti ákveðið svo hvers árs ætlunarverk, að það sè bæði þarft, og mögulegt að vinna það. Eg vendi mèr enn að því, þar sem sagt var, að lögin væru ekki brotin með byggíngar-aðferð stjórnarráðsins. Kóngsbr. 1777 leyfir þó að gjalda í góðum og gildum aurum; rentukammerið hefir fyri fáum árum hèr frá sent það umboðsmönnum í suðurumdæminu, svo

sem algildandi lög. Eru þá þessi lög ekki brotin, þegar farið er, í stað þess, sem þar segir, að heimta eintómis peninga í gjöldin, þegar farið er að heimta það, sem er miklu meira gjald, heldur en lög og landsvenja heimila (því víst er um það, smjörverð verðslagsskránna er miklu meira, en það sem fæst fyrir smjör til sveita, einkum þar sem er langt til kaupstaða): þegar farið er að heimta það, sem öllum þorra landseta er óvinníngur úti að láta? Hèr er því vo fyrir dyrum, ef þíngið leggur þetta undir höfuð sèr; þíngið girðir þá fyrir það með öllu, að það verði borið hèr upp og rædt í annað sinn, að bornar verði upp um það bænarskrár optar, að þjóðin hafi það traust til þíngsins, sem ber, og þíngið takmarkar þá og þraungvar, meir en skyldi, þeim hríng framkvæmda sinna, sem konúngur sjálfur hefir afmarkað því og heimilað.

Jústizráð Thorstensen: Hèr greinir mjög meiníngar þíngmanna á, og er það að vonum; en eg sè nú ei, að nein lög sèu brotin eða yfirtroðin í þessu efni, nema ef vera skyldi, að uppsagnarfresturinn sè óvanalega lángur; en mèr er sagt, en ekki sýnt, að það sè eptir stjórnarráðanna skipun, og sýnist mèr því ei fullkomin þörf á, að svo stöddu máli, að frambera nokkra bænarskrá til vors allramildasta konúngs. En ef sönnuð klögun kemur seinna til þíngsins frá einstöku mönnum, er órètt líða við jarðar-uppboðin, þá hefir þíngið ætíð myndugleika til, eptir 77. grein alþíngistilskipunarinnar, að senda vorum allramildasta konúngi bænarskrá um þetta efni, og sýnist mèr alþíng því vel megi bíða þess tíma; því eg er ei viss um, að það sè rètt fyrir þíngið, eins og enn er komið, að senda bænarskrá um þetta efni.

Eyjólfur Einarsson: Eg verð að játa, að fyrst við umræður þessa máls var eg í nokkrum vafa um, hvort þíngið ætti að bera fram bænarskrá fyrir konúng vorn, eður málið ætti að falla með því umtali, sem nú er orðið; en nú, eptir að málið er rædt á marga vegu, með og mót, er eg sannfærður um, að hèr er talað um rèttindi, meiri en einstakra manna: hèr er talað um rèttindi heillar þjóðar, sem sannast með því, að hèr eru innkomnar bænarskrár frá fjölda manns. Hèr er talað um lögbrot, og að löggjöfinni sè ei fylgt. Hverjir lagabrot þetta gjöri, kemur ei til mín að skera úr; vísa eg þar um til umræðu þíngsins. En eg verð að láta þá sannfæríngu mína í ljósi, að eg held þíngsins skyldu, að semja bænarskrá um

margrædt efni, og held það vafalausa skyldu: því þó í fljótu áliti sýnist, að þetta ei snerti utan rèttindi einstakra manna, virðist þó af umræðum málsins nógu ljóst orðið, að það áhrærir almenn rèttindi. Eg vil því ráða til, að bænarskrá sè samin til konúngs vors, að festur og uppboð á svo kölluðum konúngs-jörðum og klaustra verði með öllu afmáð. En að þessi bænarskrá verði sameinuð þeim nýju búnaðarlögum, sem menn vænta að sèu í smíðum, yfirlæt eg til þeirra þíngmanna að velja, sem hafa betri þekkíngu, en eg, hvað hagfeldast er í því efni. Sá heiðraði þíngmaður frá Eyjafjarðarsýslu bað mig að geta þess, af því hann má ei standa upp aptur, að hann vildi svara orðum framsögumanns, að of straung byggíngarbrèf, sem menn hefðu nú, gæfu orsök til að hugsa, að of strángar jarðabætur gætu líka orðið uppálagðar í byggíngarbrèfum.

Framsögumaður: Eg verð að svara því, sem hinn konúngkjörni þíngmaður mælti. Það ætti þá að spilla málstað þessara bænarskráa, að þær eru undirskrifaðar, ekki af einstökum mönnum, heldur af 278.

Biskup H. G. Thordersen: Það er ekki nóg, þó umkvartanir sèu bornar fram fyrir þíngið, enda þótt margir hafi undirskrifað, heldur þurfa líka, samkvæmt 77. grein í alþíngistilskipuninni, tilhlýðilegar sannanir að fylgja með, og þegar þær kæmu fram, gjöri eg ráð fyrir, að slíkt málefni yrði tekið til greina af alþíngi. En slíkar sannanir um liðinn órètt ætla eg ekki sèu framlagðar hèr fyrir þíngið í því umrædda máli.

Framsögumaður: Hinum háæruverðuga þíngmanni, er nú mælti, þykir vanta sannanir þær, er 77. gr. alþ. laganna ákveður. Þetta væri nú satt, ef þíngmenn þeir úr ýmsum hèröðum landsins, sem hafa með ótal dæmum staðfest það, er bænarskrárnar bera sig upp undan, hefðu ekki svo skýlaust látið meiníngu sína í ljósi um þetta mál; er þetta nú ekki eins gilt, og hvaða skrifleg sönnun sem er? En sè það, sem margir hinna heiðruðu þíngmanna hafa borið fram, einmitt til sönnunar því, sem í bænarskránum er kvartað yfir, sè það ekki takanda trúanlegt á við skriflegar sannanir, þá verð eg að játa, að hinn háæruverðugi konúngkjörni þíngmaður hefir rètt að mæla.

Nú ræddi enginn málið framar, og leitaði þá forseti atkvæða þíngsins um þessi atriði.:

1. Vill þingið semja bænarskrá til konúngs um þetta málefni?
   Játað með 13 atkvæðum.
2. Vill þingið biðja um sèrstakar ákvarðanir hèr að lútandi (nefndin), eða að óskir þingsins um þetta efni sèu að eins teknar til greina í frumvarpi til nýrra landbúnaðarlaga fyrir Ísland (vara-atkvæði varaforseta)?
   Hið síðara samþykt með 12 atkvæðum.
3. Fellst þingið á 1. grein af uppástúngu nefndarinnar?
   Játað með 22 atkvæðum.
4. Fellst þingið á 2. grein í uppástúngu nefndarinnar?
   Samþykt í einu hljóði.
5. Vill þingið aðhyllast 3. grein í uppástúngu nefndarinnar, eða fella hana úr?
   Hið síðara samþykt með 14 atkvæðum.
6. Vill þingið aðhyllast viðauka-atkvæði þingmannsins frá Borgarfjarðarsýslu?
   Samþykt í einu hljóði.

Loksins var lesið upp:

1. Allraþegnsamlegast álitsskjal þingsins til konúngs um endurgjald alþingiskostnaðarins, svo hljóðandi:

## Til Konúngs.

Yðar konúnglegu Hátign hefir allramildilegast þóknazt að láta bera upp á alþingi til þess ráðaneytis, frumvarp um það, hvernig kostnað þann, sem leiði af alþingi, beri að endurgjalda jarðabókarsjóðnum.

Þingið fól 5 manna nefnd á hendur að íhuga og rannsaka þetta mál, og ræddi það því næst ítarlega á 2 aðalfundum, og leyfir nú þingið sèr allraþegnsamlegast að bera fram álit sitt á þessa leið.

Þingið hlaut með nefndarmönnum að vera á því, að gjaldstofn sá, sem kostnaðurinn að miklu leyti eptir fyrirmælum frumvarpsins átti að leggjast á, væri bundinn svo mörgum vandkvæðum, sèr í lagi vegna þess að dýrleiki jarðanna er svo óáreiðanlegur, að það dirfðist ekki að ráða til þess, að þessi gjaldstofn eptir hundraðatali jarðanna yrði gjörður að undirstöðu; svo þókti þinginu og, að lausafèð væri þegar svo miklum útgjöldum undirorpið, að það væri áhorfsmál að íþyngja því meir, en komið væri, að minnsta kosti eins mikið, og í frumvarpinu var ætlazt til. En þótt þingið þannig sæi

fram á þessi vandkvæði, var þó mesti hluti þingmanna, 18 gegn 5, samhuga á því, að ekki hæfði að skjóta greiðslu þessa kostnaðar á frest, þángað til lagfæríng sú, sem í jarðadýrleikans tilliti er í vændum, væri komin í kríng, en að það bæði væri æskilegt og sanngjarnlegt, að þessari skyldu yrði sem fyrst fullnægt, svo það ekki liti svo út, eins og landið ekki vildi leggja allt sitt fram til að standa straum af þjóðstefnu þeirri, sem yðar konúnglega Hátign allramildilegast hefir veitt því í alþíngi.

Þegar nú þíngið því næst fór að yfirvega, hver gjaldstofn mundi hæfilegastur og minnstum vandkvæðum bundinn, varð mestur hluti þingmanna á því, að það eptir kríngumstæðunum að vísu mundi hagfeldast, að láta kostnað þann, sem hèr ræðir um, koma að mestu leyti niður á fasteigninni, en þó með þeim hætti, að hann kæmi niður á afgjaldi jarðanna á þeim tíma, sem álagan skeður, þar sem með þessu móti yrði komizt hjá þeim ójöfnuði, sem leiðir af þeim mismun, sem er milli jarðadýrleikans og afgjaldsins, er hlutaðeigandi jarðeigendur tækju þátt í kostnaðinum, í því hlutfalli sem tekjur þeirra af fasteigninni voru miklar eða litlar til; þó var mestur hluti þingmanna á því, að þar sem flestir prestar hèr í landi áttu yfir höfuð við þraung kjör að búa, svo verið væri að reyna til að bæta þau, ætti það ekki við, að leggja hlutdeild í þessum kostnaði á þeirra mensaljarðir, nè heldur á þær jarðeignir, sem tilheyrðu mildum stiptunum, en að öðru leyti ætti allt jarðagóz í landinu, á þann hátt sem nú var sagt, að taka jafnan þátt í kostnaðinum og að standa hann að ¾ pörtum.

Að vísu sá þíngið, að það var nokurt vandhæfi á því, að jafna kostnaðinum þannin niður á afgjald jarðanna, en það þóktist þó mega fullyrða, að þetta vandhæfi ekki mundi koma fram til nokkurra muna, og allra sízt verða til nokkurrar fyrirstöðu.

Fjórðúng kostnaðarins hèlt þíngið óhætt mundi vera að jafna niður á lausafè, og að þetta hlutfall milli lausafjárins og fasteignarinnar mundi hæfilega tiltekið, eptir því sem hagaði til í landinu; en samhuga var þíngið í því, að þessi undirstaða fyrir alþíngiskostnaðinum ekki skyldi vera nema til bráðabyrgða, eða þángað til jarðamatinu væri lokið, og ný skattalög hefðu feingið hèr lagagildi.

Í tilliti til þess framangreinda leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast að bera upp við Yðar konúnglegu Hátign:

1. Með 17 atkvæðum gegn 6, að kostnaður til alþingis leggist með þremur fjórðu pörtum á fasteign landsins, og það með 19 atkvæðum gegn 4 þannig, að honum verði jafnað niður á afgjaldshæð jarðanna, á þeim tíma álagan skeður.
2. Með 20 atkvæðum gegn 3, að mensaljarðir presta og mildar stiptanir verði undanþegnar hlutdeild í þessum kostnaði.
3. Með 20 atkvæðum gegn 3, að fjórðúngur kostnaðarins greiðist af lausafè.
4. Í einu hljóði, að þessi niðurjöfnun kostnaðarins hafi að eins gildi, þángað til búið er að skipa skattgjaldi hèr á landi með nýju lagaboði.

Allraþegnsamlegast

Þ. Sveinbjörnsson. P. Melsteð.

2. Allraþegnsamlegust bænarskrá þingsins til konúngs um afnám mannslána, svo hljóðandi:

Til Konúngs.

Til alþingis er komin bænarskrá frá 30 búendum á Akranesi innan Borgarfjarðarsýslu í suðuramtinu, um það, að mannslán af leiguliðum jarða við sjáfarsíðuna mætti verða afmáð, eða ef það ekki veittist, að það mætti greiða með 20 álnum á landsvísu.

Þingið kaus 3 manna nefnd til að rannsaka málið, og ræddi það því næst á 2 aðalfundum, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að bera upp álit sitt á þessa leið:

Það er þinginu kunnugt, að sú skyldukvöð, sem hèr ræðir um, er meðal alþýðu mjög óvinsæl, og getur líka, ef hún er heimtuð ónærgætnislega í skipsáróðri, dregið til þess, að hún standi hlutaðeigandi leiguliðum fyrir framförum í velgeingni og hagsæld þeirra, og bundið frelsi þeirra meir, en góðu hófi gegnir, án þess á hinn bóginn mannsláns-kvöðinni sèu samfara þau hlunnindi, sem geti komist í samjöfnuð við þau vandkvæði, sem með öllum rètti er talin henni til áfellis.

Þingið var því sannfært um, að málefni þetta væri þess vel vert, að því væri gaumur gefinn, og að nauðsyn væri að gjöra á því þá skipun, sem betur en hingað til hefði hliðsjón af rèttindum og skyldum jarðeigenda og leiguliða innbyrðis; og þó meiningamunur kæmi fram í þessu atriði, var þó meiri

hluti þingmanna (17 mót 6) á því, að mannsláníð, þar sem það á sér stað, ekki mætti aftakast án endurgjalds til landsdrottins, eins og þingið var samhuga á því, að ekki mætti taka endurgjald nema fyrir 1 mannslán af sömu jörð, þó fleiri væru þar ábúendur; en þar sem þó þetta efni er eitt atriði í samningum um jarðabyggingar, og þannig á heima í Jónsbókarlaga landsleigubálki, sem nú er verið að endurbæta, og innan skamms mun verða lagður fyrir þingið, svo þókti flestum þingmönnum bezt eiga við, að þingið allraþegnsamlegast einúngis bæði um, að tillögur þess yrðu teknar til greina við endurskoðun landsleigubálks, og leyfir þingið sér þannig allraþegnsamlegast með 15 atkvæðum gegn 8 að bera það upp

Að Yðar konúnglegu Hátign allramildilegast mætti þóknast, að láta tillögur alþingis í þessu máli koma til greina í frumvarpi því til búnaðarlaga á Íslandi, sem er í vændum.

Þ. Sveinbjörnsson. Th. Jonassen.

Því næst var fundi slitið.

---

## 27. Júlí — tuttugasti og fyrsti fundur.

Þingbók frá síðasta fundi lesin upp og samþykt.

Forseti tilkynti þinginu, að umboðsmaður Jón Guðmundsson gæti ekki komið á fund í dag.

Forseti: Áður en umræður byrja, óska eg, að þeir af þingmönnum, sem áskilja vilja sér breytíngaratkvæði í einhverju máli, gjöri það með berum orðum við undirbúníngsumræðu málsins, svo eg viti fyrir víst, hvaðan þeirra er að vænta; og geta þeir eins fyrir því, ef þeir vilja, fallið frá breytíngaratkvæðunum við ályktunar-umræðuna. Að svo mæltu legg eg fram til undirbúníngsumræðu málefnið um undirskript konúngs og stjórnarráðanna, undir hinn íslenzka texta á þeim konúnglegu lagaboðum.

Framsögumaður, kandíd. Jón Sigurðsson, las upp álitsskjal nefndarinnar, svo látandi:

### NEFNDARÁLIT.

Alþíng hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd til að íhuga og segja álit vort um það mál, sem eg, meðlimur nefndarinnar, Jón Sigurðsson, bar upp á alþíngi, og hnígur að því:

1. að hinn íslenzki texti á þeim lagaboðum, sem gefin verða Íslandi hèðan af, verði staðfestur með undirskript Hans Hátignar konúngsins og hlutaðeigandi stjórnarráðs, eins og vandi er til á frumritum, og auglýstur annaðhvort sèr í lagi, eða á þann hátt, að hann verði löglega gildur, sem frumrit, og
2. að stafsetníng á lögum þeim, sem frá stjórnarráðunum koma, verði samkvæm sjálfri sèr og venjulegum reglum.

Eptir að vèr sameiginlega höfum hugsað þetta mál, leyfum vèr oss að bera fram álit vort um það á þessa leið:

Það verður ekki varið, að það form, í hverju lagaboð þau, sem Íslandi eru gefin, koma út, er frábrugðið því, sem í sjálfu sèr er eðlilegt og hvervetna annars er við haft af stjórninni. Þau lög, sem nú eru gefin þessu landi, eru nefnilega, eins og kunnugt er, í því formi, að lagaboðið geingur út, sem danskt frumrit, og er síðan annaðhvort prentuð til hliðar á eptir danska frumritinu útleggíng þess á íslenzku, eða henni er bætt aptan við það, og síðan sett fyrir ofan: „útleggíng hins danska frumrits"; en hvort sem er, þá er íslenzka útleggíngin aldrei undirskrifuð, hvorki af konúnginum nè hlutaðeigandi stjórnarráði.

Oss virðist það nú einsætt, að lagaboðin í þessu formi skorti þá tign, sem þeim ber, því það þarf ei að leiða rök að því, að konúngsins undirskript gjöri lagaboðið í augum þjóðarinnar æði mikið hátíðlegra og heilagra, en þegar þetta einkenni vantar, en virðíng fyrir lögunum er aptur skilyrði fyrir hlýðni við þau. Vèr skiljum því ekki betur, en að undirskript konúngsins, af þessari ástæðu ekki einúngis sè æskileg, heldur einnig nauðsynleg, og þykjumst vèr ekki þurfa að taka það fram með fleirum orðum. En hèr að auki er aðferð þeirri, sem hèr ræðir um, samfara annar annmarki, sem ekki er lítið í varið, og þar í er fólginn, að danska frumritið fær, af því það er undirskrifað af konúnginum og hlutaðeigandi stjórnarráði, hvervetna þar sem meiníngamunur er milli frumritsins og útleggíngarinnar, að sitja í fyrirrúmi, og ráða því, hver að sè löggjafarans sannur vilji; en þar af leiðir þá aptur, að lagaboðið er ekki fullkomlega tryggjandi, og það segir sig sjálft, að þessi óvissa hverfur fyrst með undirskript löggjafarans; en ef svo er, þá varðar það miklu, að slíkri óvissu sè hrundið, því lögin eiga að vera skýlaus og óyggjanlegur vilji löggjaf-

arans, en það getur nafnlaus útlegging frumritsins, eins og nú er á stadt, ekki orðið, meðan danska frumritið er í fyrirrúmi, og gjörsamlega ræður málalyktum.

Að því leyti stjórnin lætur bera upp á alþingi frumvörp til þeirra laga, sem ætluð eru Íslandi á landsins máli, og þau þar einnig eru rædd á íslenzku, og send stjórninni aptur á sama máli frá þínginu, virðist oss það einnig ljóst, að þjóðin hefir fulla ástæðu til að ætlast til, að íslenzkan verði gild og skuldbindandi lög fyrir sig, og að það jafnframt sè konúngsins vilji, virðist mega með fullkominni vissu ráða af allri tilhögun alþíngis, og þeirri meðferð, sem þar er lögskipuð viðvíkjandi því, hvernig frumvörpunum skuli ráðið til lykta; og getum vèr því ekki annað, en og svo í þessu atriði fundið ástæðu fyrir því, sem í bænarskránni er borið upp og beðið um; og þar sem þetta kemur heim við það, sem eptir konúngsbrèfi, dagsettu 14. Maí 1840, er ákvarðað í samkynja efni fyrir Slesvík, sem og við þá aðferð, sem áður hefir opt verið við höfð, er lagaboð þau, sem gefin voru landinu, komu út á íslenzku með konúngsins undirskript, erum vèr sannfærðir um, að vor allramildasti konúngur muni finna ástæðu til að veita Íslandi bæn sína, ef þíngið allraþegnsamlegast fer því fram við Hans Hátign, og að þíngið eigi að gjöra það, þar um erum vèr sannfærðir af þeim rökum, sem nú höfum vèr talið.

Hvað það annað atriði í bænarskránni snertir viðvíkjandi því, að stafsetníng á lagaboðunum verði sjálfri sèr samkvæm og að venjulegum reglum, ætlum vèr, að ekki þurfi að taka þetta fram í bænarskránni til konúngsins, því vèr gjörum ráð fyrir, að þeir menn, sem semja íslenzka textann, forðist allt það, sem alþýða manna ekki fellir sig við í orðaskipun og rèttritun, því það liggur svo beint við, að slíkt á ekki heima í lagaboðum.

Þannig verður vort sameiginlegt álit í þessu máli, að alþíng eigi allraþegnsamlegast að senda konúngi bænarskrá um það, að íslenzki textinn af þeim lagaboðum, sem eptirleiðis verða gefin Íslandi, sè staðfestur með undirskript Hans konúnglegu Hátignar og hlutaðeigandi stjórnarráðs, eins og vandi er til á frumritum.

Reykjavík, þann 24. dag Júlímánaðar 1847.

Jón Sigurðsson. J. Johnsen. Th. Jónassen.

Framsögumaður: Mál þetta sýnist í fyrsta áliti ekki mikils vert, en þegar það er hugleidt nákvæmlegar, þá er hverjum manni auðsætt, að það stendur landi þessu og þjóð vorri á mjög miklu. Undir því, hverja áheyrn mál þetta fær, er komið, hvort lög þau, sem landi þessu verða gefin, geta orðið tignuð á þann hátt, sem góðum og þjóðlegum lögum sæmir, eður ekki. Undir því er komið, hvort vèr fáum lög, sem eru fullkomlega tryggjandi, svo að þjóð vor geti búið óhult í þeirra skjóli, eða lög, sem getur orðið að þeirri tálgröf, sem menn geta fallið í, þegar minnst varir, einkum ef maður skilur ekki dönsku, eða ef einhverjum dettur í hug nýr skilningur á einhverri danskri klausu í hinum svo kölluðu dönsku frumritum. Undir þessu máli er einnig komið, hvort vèr fáum þau lög, sem vèr höfum varið vorum beztu kröptum til að gjöra svo hagkvæm og þjóðleg, sem oss var unt, á íslenzku, eða þingmenn eiga að sitja hèr til að búa til lög á dönsku, eða til að karra íslenzkar útleggingar á dönskum frumritum, og standi þó á sama eptir á, hvort útleggingin er rètt eða raung, þar eð hún verður einmitt þýðingarlaus þar, sem mest ríður á.

Hèr eru tveir vegir fyrir hendi, sem stjórnin getur valið um: annaðhvort er, að halda áfram þann veg, sem áður hefir verið fylgt, og konúngur vor hefir á ýmsan hátt bent á að halda skuli, og þar á meðal í úrskurði 8. Apr. 1844, sem býður, að allir þeir, sem embættismenn vilja verða hèr a landi og útlendir eru, skuli kunna mál vort til hlítar: eða að gánga aptur á bak, og leiða að fullu og öllu dönsk lög hèr í landið, gagnslaus og skaðleg.

Nú er tíminn til að taka hina rèttu stefnu í þessu máli, og byrja hana með stofnun þings þessa. Nú er tími til að byrja á ný, að gjöra lög vor þjóðleg, og er hægðar-leikur að prenta upp aptur lagaboð þau, sem komin eru út af aðgjörðum hins fyrsta þings, og laga um leið villur þeirra og annmarka; enda þarf þess með, því hèr er allt á reiki og hvað móti öðru hjá stjórnarráðunum: frumvörpin, sem hèr eru auglýst, koma ekki saman við lögin, og eitt lagaboðið er öðru ólíkt. Kansellíið er nú auðsjáanlega á leið aptur á bak, því þar er munur á fyrri tilskipununum og hinum síðari: hinar fyrri eru eptir þess gömlu reglum, en á hinum síðari, sem komu út seinna part vetrarins, er íslenzkunni kastað aptur fyrir, og þar sett fyrir ofan: „útlegging hins framanskrifaða danska frum

rits“. Til hvers er nú þetta? Væri það ekki nokkru þarfara, og þar að auki töluvert kostnaðarminna, að prenta íslenzkuna eina, og dönskuna þá sèr í lagi, til hliðsjónar, eða til einhvers fyrir þá, sem þess þæktist þurfa. Þessum atriðum hefir samt nefndin slept, af því henni þókti ekki þörf á að taka það fram sèr í lagi, heldur vonaði hún, að nóg væri að hefjast máls á því, og mundi það þá verða leiðrètt án frekari umsvifa.

Nefndinni mundi vera það kært, og mèr væri það sèr í lagi, ef þingmenn vildu styrkja mál þetta með fleirum ástæðum og dæmum, sem nóg munu vera til, ef leitað væri, en hitt veit eg, að einginn sá, sem óskar landinu góðra og óhultra laga, einginn Íslendíngur, eða neinn sá, sem ann þjóðerni voru, getur fundið eina einustu ástæðu til að hrinda þessum, sem hèr eru framfærðar.

Konúngsfulltrúi: Eg skal ekki missa sjónar á því, að bænarskrá sú, sem þíngstörf þessi eru bygð á, svo og álitsskrá nefndarinnar, eru sprottnar af ást til ættjarðar og móðurmáls. Það mundi ekki sæma vel þeim manni, sem sjálfur á heima í landi því, er lítið má heita í samanburði við önnur meiri, og sem ekki þykist standa á baki nokkurs í ást á ættjörðu sinni og móðurmáli, að vilja ekki kannast við heimild einnar fámennrar þjóðar til að vernda rèttindi túngu sinnar. Því fámennari þjóðin er, því minna það svæði, sem túnga hennar er töluð á, þess meiri hvöt mega menn búast við að finna hjá þeirri þjóð til þess að kvíða öllu og finna að öllu því, sem hefir þann svip á sèr, að það geti í nokkru skert rèttindi málsins; það má því alment viðurkenna, að það sè mjög svo torvelt fyrir niðja fámennrar þjóðar, að vera með öllu óhlutdrægir, þegar úr því á að skera, í hverjum atriðum rèttindi þjóðmálsins sèu tröðkuð með því að við hafa útlenda túngu, og í hverjum atriðum það sè einúngis nauðsynleg afleiðíng af viðskiptum þeim millum ýmsra þjóða, sem svo lángt er frá að verði hjá komizt, að miklu fremur eru æskileg, en sem hafa í för með sèr nauðsyn fyrir þjóðirnar til að gjöra sig sem bezt skiljanlegar hver við aðra. Sumum löndum er nú með afstöðu sinni og ástandi gjört erviðara, sumum aptur auðveldara, að vernda rèttindi túngu sinnar. Þegar lítið land, sem á túngumál fyrir sig, er svo að segja undir handarjaðrinum á öðru stóru landi, og hvortveggja þjóðin eiga sífeld mök saman bæði í verzlun, hjúskapar og vináttu viðskiptum, þá hefir túnga

hins meira landsins auðveldlega svo mikil áhrif á hið minna landið, að hver mentaður maður í því má heita neyddur til að kunna og tala túngu stærri þjóðarinnar, því nær eins og móðurmál sitt. Hvílík hætta sè búin túngumáli hins minna landsins, bæði fyrir því, að það blandist af útlendum orðum, og fyrir því, að takmörk þess færist saman, það liggur í augum uppi. Öðruvísi er ástadt fyrir því landi, sem liggur afskekt frá öðrum, eins og Ísland. Slík afstaða getur, ef til vill, staðið landinu fyrir fljótum framförum og þroska í öðrum greinum; en afstaðan getur ekki annað en verið hin öflugasta verja til að varðveita túngu og þjóðerni landsmanna. Einmitt þessi afstaða hefir komið því til leiðar hèr, sem eg veit hvergi dæmi til, að fámenn þjóð hefir alt að því í þúsund ár geymt túngu sína því nær óbreytta, geymt sögu sína og ást á venju forfeðra sinna.

En land það, sem svo er ástadt fyrir, getur heldur ekki búizt við, að túnga þess verði við höfð í innri eður ytri viðskiptum annara þjóða, eður að hún muni miklu geta ráðið, svo sem meðal til innbyrðis miðlunar (gjenſidigt Meddelelsesmiddel) millum innbúa landsins og útlendra þjóða (eg tala ekki um það, hversu áríðandi það kann að vera einnig fyrir aðrar þjóðir, bæði í málfræðislegu og í vísindalegu tilliti, að læra túngu þess lands). Sè nú landið í biltíngum atburðanna, eptir því sem stundir liðu fram, orðið partur af öðru ríki, þá getur það ekki vænzt, að sá, sem drottnar yfir öllu því ríki, eður allir þeir menn, sem eiga þátt í með yfirstjórn alls þess ríkis, skuli afla sèr slíkrar þekkíngar á túngu þess lands, sem nauðsynlega mundi við þurfa, ef hafa skyldi þessa túngu sem miðlunarmeðal frá konúngi, frá stjórninni til þjóðarinnar. Þá fyrst yrði geingið of nærri eðlilegum rèttindum málsins, ef menn reyndu til að aptra því, að málið yrði við haft sem mentunar og miðlunar-meðal hjá þjóðinni innbyrðis, eður sem miðlunar-meðal frá þjóðinni sjálfri til konúngs.

Eg vona, að menn viðurkenni, að þessar hugleiðíngar sèu gjörðar með öllu fylgislaust. Heimfæri menn þær til sambands þess, sem er millum Íslands og hinnar dönsku stjórnar, þá leiðir þar af, að á öllu því, sem konúngur eða stjórnin gefur þjóðinni til vitundar, hlýtur hin danska túnga að vera aðalmálið, en á öllu því, sem þjóðin eða fulltrúar hennar gefa konúnginum til vitundar, íslenzkan að vera aðalmálið, og að

lyktum á öllu því, sem þjóðin og fulltrúar hennar eigast við sín í millum, á kenslunni og öðrum þjóðlegum stofnunum, á íslenzkan að vera eina málið.

Eg þarf ekki að eyða orðum að því, að hvað miklu leyti skert hafa verið náttúrleg réttindi hinnar íslenzku túngu af hálfu hinnar dönsku stjórnar. Allir vita, að íslenzkan hefir ætíð verið látin njóta réttar síns í því, að landsmenn hefðu hana eingaungu í réttargángi, í kirkjum og í skólum. Alþíngis-tilskipunarinnar 43. grein ber nýjan vott þess, að menn kannast við þessi réttindi.

En hjá því verður ekki komizt, að nokkrir annmarkar verði á því, þegar hafa þarf tvær túngurnar til viðtals millum konúngs og þjóðarinnar. Þegar þau, eptir því sem bezt verður, laga sig hvort eptir öðru, þá mínka að sönnu annmarkarnir, en aldrei hverfa þeir með öllu. Ákvarðanir þær, sem gjörðar eru um það, að lagafrumvörpin verði lögð fyrir alþíng bæði á dönsku og íslenzku, og um það, að konúngsfulltrúinn skuli tala íslenzku, þegar hann þykist fullfær um það, sýna, að stjórnin að sínu leyti vill laga sig að óskum þjóðarinnar. Meðal annmarka þeirra, sem ekki verður burtrýmt með öllu, er sá, að aðalmálið á tilskipunum verður að vera danska, og að íslenzki textinn, sem stjórnin lætur semja, einúngis verður að álítast sem útleggíng.

Eins og eg hefi sýnt, að þetta er ekki gagnstætt réttri grundvallar reglu, svo skal eg einnig sýna, að nauðsyn býður, að þetta verði þannig að vera, ef menn eiga ekki að stofna sèr út í alt of ískyggilegar afleiðíngar. Menn verða nefnilega að minnast þess, að bæði lagafrumvörpin og tilskipanirnar verða til af störfum þeim, er eiga sèr stað bæði millum viðkomandi stjórnarráða og í ríkisráðinu, þar sem konúngur sjálfur hefir forsæti; að því búnu staðfestir konúngur með úrskurði lagafrumvörpin, svo þau verði lögð fyrir alþíng, en tilskipanirnar, með því að rita nafn sitt undir. Öll þessi störf geta einúngis, eins og auðskilið er, gjörzt á dönsku, þareð yfir höfuð má gjöra ráð fyrir, að bæði konúngur, menn þeir, sem í ríkisráðinu sitja og limir stjórnarráðanna (nefnilega Præsidentinn og hinir deputerudu) ekki kunni íslenzka túngu. Ef nú konúngur með undirskript sinni gæfi hinum íslenzka texta í tilskipununum lagakrapt, þá væri það að öllu leyti komið undir þeim manni, sem útlegði, hvort tilskipanirnar kæmu til að svara til

vilja konúngsins eins og hann hefði bygt hann á undangeingnum störfum, þar eð hvorki konúngur, ríkisráðið eða stjórnarráðin yfir höfuð, mundu geta litið eptir því, að þesskonar nákvæm útlegging ætti sèr stað. Yfirsjónir geta sjálfsagt orðið í útleggíngunni. Eg þarf ekki annað en benda á villur þær, sem voru í útleggíngu hinnar konúnglegu auglýsíngar til alþíngis nú í sumar, sömuleiðis í fyrstu grein lagafrumvarpsins um kostnað við kosníngar alþíngismanna eptirleiðis, þar sem orðið, „ekki", í útleggíngunni, segir einmitt gagnstætt því, sem lagafrumvarpið hefir til ætlazt. Að allt annað yrði gjört að lögum, en það, sem löggjafarinn ætlast til, er sá annmarkinn, sem einn nægir, og miklu er hann meiri, en þeir annmarkar, sem nefndin hefir bent á að fylgdu aðferð þeirri, sem nú er við höfð, sem, þegar alt kemur til alls, þokast að því eina, að menn þó geti vitað hvar leita megi að réttri meiníngu löggjafarans, þegar svo kunni að standa á, að útleggíngin sè annaðhvort raung með öllu eða myrk. Þar eð nú allir lögfróðir menn, eptir því sem nú er á stadt, mega álítast að kunna dönsku, mun það aldrei geta orðið svo ákaflega örðugt, að skílja hinn íslenzka texta með stuðníngi af danska frumritinu. Að lyktum þarf eg sjálfsagt ekki einu sinni að benda til þess, að alþíngið hefir ráðaneytis-atkvæði, þegar verið er að semja lögin, en konúngur hefir í sínu valdi, hvernig lögin eru til lykta leidd. Svo áríðandi sem það nú er, að tillögur alþíngis verði skynjaðar og skildar svo nákvæmlega sem auðið er, þá er það þó enn fremur áríðandi, að úrskurður konúngs á málunum komi í ljós nákvæmlega og samkvæmt hans vilja. Að því sem mèr skilst, yrði ósk þeirri, sem bænarskráin og álit nefndarinnar fer fram á, ekki fullnægt, nema það yrði að lögum gjört, að einginn gæti orðið konúngur í Danmörku, nema því að eins að hann kynni vel íslenzka túngu, og konúngur svo skipaði, að einginn gæti tekið þátt í ríkisráðinu eða stjórnarráðunum, nema hann hefði einnig þá þekkíngu til að bera.

Eptir að eg þannig hefi skýrt málið fyrir mönnum, á eg nú einúngis eptir að drepa á hin helztu af þeim mörgu atriðum, sem bæði í bænarskrá þeirri, er lögð var fyrir þíngið, og svo í álitsskjali nefndarinnar eru færðar til styrktar fyrir uppástúngu þeirri, sem gjörð er til alþíngisins.

Að nafn konúngs og innsiglis-merki er prentað einnig

undir hinn íslenzka texta á nokkrum tilskipunum, sem út voru gefnar á tímabilinu frá 1763 til 1807, er naumast með öllu óyggjandi sönnun fyrir því, að konúngur einnig hafi ritað nafn sitt undir hinn íslenzka texta, þar eð það getur komið af rángri ímyndun hjá þeim manni, sem útlagði, og hjá þeim, sem prentað hefir. Um þetta mætti að minnsta kosti fá nákvæmari vissu, með því að skoða handritin sjálf, sem að líkindum eru geymd í skjalasöfnum stjórnarráðanna. En sè nú svo að hinn íslenzki texti frá þeim árum stundum sè undirskrifaður af konúngi, þá sannar það atriði, að þessi aðferð hefir verið við höfð um stundar sakir og síðan með öllu lögð niður, einmitt það, að stjórninni hefir þókt hún ekki geta staðizt með góðri venju og rèttum grundvallarreglum.

Þar sem í bænarskránni enn fremur segir, að lagafrumvörp þau, sem lögð voru fram á alþíngi, ekki hafi verið birt eða auglýst alþíngi á dönsku, heldur einúngis á íslenzku, þá er þetta komið af misskilníngi. Hin 43. grein í alþíngis-tilskipuninni býður, að lagafrumvörp þessi eigi að afhendast bæði á dönsku og íslenzku. Samkvæmt þessu hefi eg bæði í hitt eð fyrra, og líka nú, jafnskjótt sem þíng hefir byrjað, afhent forseta frumvörp og ástæður bæði á dönsku og íslenzku. Til þess þíngmenn gætu haft gagn af, hefi eg í hvorttveggja sinni sèð svo fyrir, að frumvörp og ástæður yrðu prentuð á undan, en á hinu fyrra þíngi var einúngis hin íslenzka útleggíng prentuð, sem eg þá ætlaði að nægja mundi tilgángínum, án þess eg gæti búizt við, að það gæti komið alþíngi á þá raungu ímyndun, að menn ætti ekkert tillit að hafa til hins danska frumrits. Að þetta tillit þó ekki hefir verið haft, sást nógsamlega bæði af aðgjörðum þíngsins og af uppástúngum þess til konúngs. Þar af leiddi það, að mèr var falið á hendur að láta einnig prenta hinn danska texta af lagafrumvörpunum, og var það gjört nú í ár, eins og þíngmenn vita, og hverjum þeirra feingið eitt exemplar strax í byrjun þíngsins.

Að því leyti sem bæði í bænarskjalinu og í nefndarálitinu er skírskotað til konúngs-brèfs fyrir Slesvíkur hertogadæmi frá 14. Maí 1840, þá verður hver og einn, sem nokkurt skyn ber á, hversu til hagar í hertogadæmi þessu, að játa, að það er svo ólíkt öllu því, sem hèr geingst við, að af þessu tvennu verður eingin samlíkíng dregin. Þeir menn, sem í hertogadæminu búa, tala sumir þjóðverska túngu, sumir danska.

Ekkert er þess vegna líklegra og sanngjarnara, en að konúngur, sem ráð má fyrir gjöra að ætíð sè jafnfær í báðum þeim málum, staðfesti tilskipanirnar á báðum málum með nafni sínu; en þessu var ekki áður vant, heldur var að eins ritað undir þjóðverskuna. Að öðru leyti er það alkunnugt, að miklu lakar er ástadt fyrir hinni dönsku túngu í Slesvik, heldur en hinni íslenzku hèr á landi, því þar sem alþýðu-málið er danskt, þar er enn, í víðlendum sveitum, kirkju- og skóla-málið þjóðverskt.

Þar sem nú að lyktum í tilskipunum þeim, er síðast hafa komið út, hefir verið breytt frá þeirri venju, sem áður tíðkaðist í prentun hins danska og íslenzka texta í tilskipununum, þá er það komið til af því, að nauðsyn hefir þókt enn fremur að leiða athygli alþíngis og þjóðarinnar með því móti að hinu rètta sambandi, sem samkvæmt grundvallarreglunum verður að eiga sèr stað í brúkun hvoritveggja málsins, sem lagamáls á Íslandi. Hvers vegna tilbreyting þessi ekki er gjörð í öllum þeim tilskipunum, sem nú á síðustu tímum hafa komið út, þar um get eg ekki gefið þínginu nokkurt skýrteini.

Framsögumaður: Það var mèr mikil ánægja, að heyra hinn háttvirta konúngsfulltrúa svara máli mínu á íslenzku. Eg vissi einnig, að ástæður hans móti þjóðernis-rèttindum vorum mundu ekki koma harðara fram en svo, þar sem hann átti hlut að máli. Konúngsfulltrúinn tók fram þrjár reglur, ef eg hefi tekið rètt eptir: hann vildi, eða áleit rèttast, að allt það, sem kæmi frá þjóðinni til stjórnarinnar, væri á íslenzku, allt það, sem kæmi frá stjórninni til þjóðarinnar, skyldi aptur vera á dönsku, og það, sem færi þjóðarinnar á milli sjálfrar, ætti þá, eins og sjálfsagt er, að fara fram á íslenzku. Þessi hin fyrsta reglan er nú í öllu tilliti rètt, og það gladdi mig stórum, að hinn háttvirti konúngsfulltrúi viðurkendi hana, því eg veit hana aldrei hafa verið viðurkenda af stjórnarinnar hendi svo skýlaust sem nú. En það er býsna lángt frá, að þessarar reglu sè gætt, eða hafi verið gætt, hingað til: amtmenn skrifa, og hafa skrifað á dönsku bæði upp að og niður á við, svo alþýða skilur ekkert af brèfum þeirra, og kvartar hástöfum. Prestar verða að sækja um brauð á dönsku, og það eru dæmi til, að einn amtmaðurinn hefir kvartað yfir öðrum, að hann hafi skrifað honum á íslenzku. Þannig mætti finna ótal dæmi, en það er nú til einkis að tína þau til, þar eð nú má vænta, að þessi

óregla hætti, síðan konúngsfulltrúinn sjálfur hefir viðurkent regluna. En þá er hin önnur reglan, sem konúngsfulltrúinn setti, órètt, því af fyrstu reglunni leiðir beinlínis, að það, sem kemur frá stjórninni til þjóðarinnar, verður einnig að vera á íslenzku; annars verður eingin einíng og eingin samverkun milli stjórnarinnar og þjóðarinnar, eins og þarf að vera og á að vera, heldur farast hvorutveggju á mis, fara á sundrúngu og misskilja hvort annað.

Konúngsfulltrúinn færði það til, að af þessu leiddi, að menn eins og heimtu, að konúngur ríkisins skyldi kunna íslenzku, eða jafnvel að einginn mætti vera konúngur hèr í ríkinu, nema hann kynni íslenzku. En það er fjarstætt, að þetta verði beinlínis leidt af hinu. Það væri, eins og menn vildu segja: Þegar konúngur gefur lög, eða úrskurðar um mál, þá verður hann að þekkja lög þessi og úrskurði, og allar þeirra ástæður og öll þeirra atriði svo nákvæmlega, að hann hafi um það eingan efa í neinu, heldur viti það gjörvallt út í hörgul. En til þessa ætlast eingínn af neinum konúngi, því það væri ömögulegt. Konúnginum er ekki ætlanda að vera allstaðar, eða vita allt, eða þekkja allt; til þess hefir hann embættismenn, sem hann getur trúað fyrir málunum og meðferð þeirra, og það væri sannarlega ekki hið vandamesta starf, sem embættismanni yrði trúað fyrir, að sjá um, að tilskipanir konúngs yrði rètt prentaðar á íslenzku.

Konúngsfulltrúinn sagði, að það væri „nauðsyn“ að lögin væri á dönsku, því þau kæmi út af störfum stjórnarráðanna og ríkisráðsins, þar sem konúngur væri í fyrisæti, en þessir menn kynni ekki íslenzku. En eru þá ekki lögin stundum komin út af störfum alþíngis? Þó þíngið hafi ekki nema ráðgjafarrèttindi og rèttindi til að biðja, þá munu þó uppástúngur þess og bænir verða ósjaldan ástæða og grundvöllur nýrra laga. Að stjórnarherrarnir kunni ekki íslenzku, er í þessu efni eingin ástæða, því þar þyrfti að vera Íslendíngar eða einhverjir þeir menn, sem væri eins nákunnugir og hollir landinu og eins færir í málinu eins og Íslendíngar, enda er það að minni hyggju sanngjörn von, að þessari þörf landsins verði fullnægt. Það er hægt að sýna mörg dæmi þess, að ókunnugleiki stjórnarráðanna hefir spilt mörgum málum þessa lands, og allir, sem nokkuð þekkja til sögu þess, mega játa, að um þau 20 ár, eða rèttara að segja 15 ár, sem Jón Eiríksson var í

stjórnarráðunum, hafi verið gjört meira fyrir Ísland, en um 5 eða 6 hundruð ára annars.

Það er satt, að þeir sem ekki skilja, verða að reiða sig á þá, sem leggja út, en ef konúngur löggilti hinn íslenzka texta með undirskript sinni, þá mundi fljótt sjást, að allur frágángur á íslenzkunni yrði vandaðri, en hingað til.

Hinn háttvirti konúngsfulltrúi hèlt, að það væri ekki óyggjanda, að konúngur hefði í raun og veru sjálfur skrifað undir hinar íslenzku tilskipanir fyrr meir; konúngsfulltrúinn hèlt, að nafn konúngs kynni kannske að vera prentvilla, sem hefði orðið óvart í prentsmiðjunni. En eg get sagt hinum háttvirta konúngsfulltrúa með fullum sanni, að það er eingin villa prentaranna, því frumritið mun finnast á nokkrum stöðum í úrskurðabókunum með undirskript konúngsins sjálfs.

Konúngsfulltrúinn færði til, hvernig frumvörp stjórnarinnar væri lögð fyrir þíngið, eptir boði 43. greinar í alþíngis-tilskipuninni; en hvernig sem að þessu er farið, þá eru menn jafnnærri eptir, því þó þíngmenn færi að leggja sig niður við, að fara að bera þetta saman, og mundu þó fáir verða til þess, þá mundi samt sem áður verða ómögulegt að girða fyrir allan þann meiníngamun, sem einhverjum kynni einhvern tíma að detta í hug að lægi milli dönskunnar og íslenzkunar; en meðan þessu er ekki náð, þá er lagaboðið ekki tryggjandi.

Það var ein ástæða konúngsfulltrúans, að hèr stæði ólíkt á og í Slesvík. Ef þetta ætti að vera ástæða, þá leiddi þar af, að menn þyrfti hèr á landi að vera kunnugri dönskunni en íslenzkunni, því þegar danskan á að vera lög, sem eiga að gilda, en íslenzkan á að vera einúngis til eptirsjónar, þá er auðsætt, að til þess að hafa gagn af þessum hinum dönsku lögum, verður hver einn, sem við þau á að styðjast, að gjöra sèr þau svo kunnug og ljós, sem mögulegt er, en íslenzkuna má einu gilda hvort hann hugsar um eða ekki.

Það er satt, sem konúngsfulltrúinn sagði, að Íslendíngar eru lítil þjóð, en þetta getur ekki að minni hyggju skert rèttindi vor í neinu. Danir eru heldur eingin stór þjóð, ef jafna á saman þesskonar, og eg hefi aldrei enn heyrt, hversu margar þúsundir að höfðatölu ein þjóð þurfi að vera, til þess að geta talið til þjóðrèttinda, ef hún vill skeyta þeim. Vèr Íslendíngar erum nú svo lyndir, að vèr höfum mætur á þjóðerni voru og móðurmáli, og viljum vernda það eptir megni; vèr

teljum það ekki hinn minnsta heiður þjóðar vorrar, að vèr höfum geymt óspjallaða túngu vora, sem er í sannleika æru verð, og hefir verið aðaltúnga um öll norðurlönd; og þegar konúngur vor sýnir, og hefir sýnt i mörgu, að hann vill hlynna að máli voru, og stuðla til þess, að vèr getum haldið þjóðrèttindum vorum, þá ættu stjórnarráðin ekki að reyna til að brjóta þennan vilja konúngsins á bak aptur.

Stephán Jónsson: Eg verð þó að standa upp til að láta í ljósi ánægju mína og gleði yfir því, að heyra hinn háttvirta konúngsfulltrúa mæla á íslenzka túngu, og þá ósk mína, að svo mætti sem optast til bera. Eg verð að játa, að eg skil ekki svo vel dönsku, að eg sè viss um, að rètt sè útlagt, þó eg hafi frumvörpin fyrir mèr á dönsku og íslenzku; eg hefi þar alizt upp, sem eg ekki hafði færi á að nema dönsku til hlítar. Hvað útleggingu snertir, þá veit eg það, að hafi eg leitað upplýsíngar til yfirvalda um eitthvert lagaboð, sem helzt mun hafa verið reglugjörðin frá 8. Janúar 1834, hafa þau ætið hlaupið í dönskuna, sem hefir gefið mèr þann grun, að íslenzkan væri ekki áreiðanleg, þó eg máske hafi farið vilt í því.

Forseti: Með því einginn tekur framar til orða, álít eg undirbúníngs-umræðu þessa máls lokið.

Því næst var fundi slitið.

---

## 28. Júlí — tuttugasti og annar fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykt.

Konúngsfulltrúi: Þar eð einginn maður enn þá er kominn til alþíngis úr Snæfellsnessýslu, verð eg að gjöra þíngmönnum kunnugt, að þegar er alþíng var sett, leitaði eg til stiptamtmanns um það, hvort hann, samkvæmt 39. grein alþíngistilskipunarinnar, hefði kvadt til alþíngis þíngmanninn úr þeirri sýslu, og hvort komið væri nokkurt skýrteini frá þeim þíngmanni um það, hvort hann mundi koma á alþíng eða ekki, þar eð eg einúngis, ef svo væri, að hann ætlaði sèr ekki að koma, gæti kallað varaþíngmanninn í hans stað, eptir því sem segir í 46. grein alþíngistilskip. Í þessu skyni skýrði stiptamtmaður mèr frá, að hann hefði kvadt áðurgreindan þíng mann, Árna kaupmann Thorlacius, til alþíngis, eins og aðra þíngmenn, en að ekkert svar hefði frá honum komið, eður

ekkert skýlaust skýrteini um það, að hann ætlaði sèr ekki að koma. Fyrir þá sök var alþingismanni þessum aptur ritað, og var þá með fram gjörð sú ráðstöfun, að ef hann gæti ekki komið á þing, að varaþingmaðurinn, Kristján sýslumaður Magnússen, feingi vísbendingu um, að hann ætti að fara til þings í hins stað. Nú er sú fregn komin frá alþingismanni þessum, og kveðst hann hafa ritað varaþingmanni þann 10. f. m. og sagt, að hann gæti ekki farið á þing; varaþingmaður hefir og einnig gjört þá orðsendíng, að hann sæi ekki heldur ráð til þess að geta komið.

Úr Snæfellsnessýslu mun því einginn koma á alþíng að þessu sinni.

Þá var lagt fram til undirbúnings-umræðu málefnið um nýja amtaskipun á Íslandi, og það feingið í höndur framsögumanni, jústizráði landlækni Thorstensen. Hafði nefnd sú, er kosin var til að íhuga mál þetta, geingið í tvær sveitir, og var sín á hvoru máli, en framsögumaður las upp álit beggja svo hljóðandi.

## NEFNDARÁLIT

meiri hlutans um uppástúngu þá, er af vildi láta taka þau 2 amtmanna embætti, og sameina við stiptamtmanns embættið.

Þann 7. þessa mánaðar kaus hið heiðraða alþíng okkur í nefnd, sem hèr undir ritum nöfn vor, til að íhuga, og segja álit vort um uppástúngu nokkra um, 1. að amtaskipun sú, er nú er, yrði aftekin, 2. en vestur og norðausturamtið mætti, eptir því sem hvort þeirra losnar, leggjast saman við suðuramtið, og undir yfirstjórn stiptamtmanns, svo að ein yrði yfirstjórn landsins bæði í veraldlegum og andlegum efnum. Að öðru leyti var í uppástúngunni talað um það, að komi upp tíðari og reglulegri póstgaungur um landið, en hjá þessu atriði máttum við sneiða, þar nefnd var kosin um sama efni áður, og hinni sömu feingin þessi kafli úr uppástúngunni til íhugunar. Þessi uppástúnga var nafnlaus, nema hvað flutníngsmaður, þíngmaður Skaptfellínga, hafði ritað nafn sitt á hana.

Við umræðu málsins í nefndinni skiptust meiníngar nefndarmanna í 2 flokka, og leyfum vèr, meiri hlutinn Prófastur Stephensen, landsyfirrèttar assessor Jónassen og eg Thorstensen oss, að bera álit vort fram á þessa leið.

Við berum nú ei á móti því, að margra hluta geti, ef til vill, verið ábótavant í yfirstjórn landsins, eins og í uppástúngunni er umtalað, en mörgu þar að lútandi erum við hvergi nærri svo nákvæmlega kunnugir um land allt, að við getum látið álit vort, svo áreiðanlegt sè, í ljósi um það, hvernig allstaðar geingur til; en þó nú svo væri, að sömu reglum ekki væri í öllum ömtunum fullkomlega fylgt, og þó að amtmenn kunni að hafa, hver þeirra fyrir sig, sína frábrugðnu meiníngu, og jafnvel í áríðandi málefnum, þá er þessu þó samfara annað, sem ekki varðar litlu, að meiníngar í alþjóðlegum málefnum með því móti verða skoðaðar frá fleiri hliðum. Hvað umsjón amtmanna í umdæmum þeirra viðvíkur, þá neitum við því ekki, að það væri betra, að amtmennirnir optar, betur og nákvæmar gætu litið eptir embættisbókum og embættis störfum, bæði hjá sýslumönnum, fátækra málefna stjórnendum, sættanefndum, umboðsmönnum og kúabólusetjurum, en, ef til vill, hingað til hefir viðgeingizt.

En hvernig sem því nú er varið, þá eru allar mannlegar athafnir, eins og öll mannleg verk, og alt hvað mannlegt er, meira eður minna ófullkomið, og á það sýnist okkur beri að líta, að fyrri en 1770, meðan alt landið var undir stjórn eins amtmanns, má fullyrða, að þá fór margt óreglulegar, og miklu miður fram, og í meiri stjórnleysi en síðan, er fleiri urðu amtmenn; og erum við hræddir um, að svo geti enn þá farið, ef hinn eldri siður yrði upptekinn, eins og farið er framm á í uppástúngunni, og að niðurstaðan mundi verða en sama, jafnvel þó póstgaungur fjölguðu um landið; því það ræður að líkindum, að það hljóti að vera örðugra fyrir einn mann, að sjá um, að öll stjórn fari fram í landinu eins og vera ber, heldur en fyrir 3, sinn á hverjum stað, og er þar um sjón sögu ríkari; því þótt eptirlit amtmanna í þeirra umdæmum ekki geti náð, að því leyti það er bygt á eigin sjón, til allra dala og útkjálka í hverju umdæmi, svo opt sem menn óska kynnu, þá má fullyrða, að eptirlit þetta, sem oss þykir svo miklu varða, ætti sèr lángtum síður stað, þegar einn væri orðinn yfirstjóri landsins, því honum yrði slíkt eptirlit, að vorri ætlun, því nær ómögulegt í þeim skilníngi orðsins, sem vèr ætlum mest undir komið.

Þannig getur meiri hluti nefndarinnar ekki fundið, að nægar eða sannfærandi ástæður sèu fyrir því, er farið er fram á

í uppástúngunni, hvað aftekníngu amtmanns embættanna í vestur og norðaustur umdæmunum snertir, og með því oss virðist, að þessu sè þannig varið, verður það álit vort: „að þíngið eigi einga bænarskrá að senda vorum allramildasta konúngi um þetta mál“.

Reykjavík, þann 25. dag Júlímánaðar 1847.

Hannes Stephensen. Th. Jonassen. Thorsteinsen.

## ÁLIT

minna hlutans í nefndinni um að leggja niður amtmanna embættin, m. m.

Vèr erum meiri hlutanum samdóma í því, að ekki beri þínginu að fara fram á það, sem stúngið er upp á í annari klausu niðurlagsins í bænarskránni, er alþíng fèkk oss nefndarmönnum til yfirvegunar og álits, nefnilega: „að einum manni sè falin yfirstjórn alls landsins; en af því vèr færum nokkuð aðrar ástæður til þess, og vèr á annan veg erum meiri hlutanum ekki með öllu samdóma í þessu máli, þá verðum vèr, minni hlutinn, einnin að færa til ástæður vorar fyrir þessu atriði. Vèr hyggjum, yfir höfuð að tala, hverjum einum manni ofvaxið að hafa á höndum yfirstjórn lands þessa, þó hann væri öllum þeim kostum búinn, og hefði til að bera alla þá vitsmuni og kunnáttu á yfirstjórn, og þekkíngu á högum landsins, sem menn geta ítrast ímyndað sèr að nokkur maður hafi til að bera. Þegar vèr nú þar næst lítum á hitt, sem sjálfsagt mun verða, meðan stjórnin fer hinu sama fram hèr á landi, og híngað til, að útlendur maður og ókunnugur því, hvernig öllu hagar til hèr, muni verða settur til stiptamtmanns yfir Íslandi, að þessi hinn útlendi maður muni, yfir höfuð að tala, verða heimfús, og öðlast heimfarar-leyfi til fósturjarðar sinnar eptir fárra ára dvöl hèr, en þar af mundi aptur leiða, að helzt til of opt yrðu mannaskipti í því embætti, sem þekking á högum landsins, bygð á margra ára reynslu og embættisstjórn, mundi verða hvað notasælust og affarabezt, þá finnst oss ekki gjöranda, að fylgja fram þessum hluta uppástúngunnar í bænarskránni, eins og hann er tekinn þar fram. Vèr verðum líka að játa, að það sè fremur sagt en sannað í bænarskránni, að ekki hafi farið verr fram í landinu, meðan yfirstjórn landsins var ekki nema í eins manns höndum; en þó það væri sannað, sem ekki er, þá er þó hitt ósannað (og vèr

höldum reyndar, að miklu sè hægra að leiða rök að hinu gagnstæða), að nú mundi betur fara, ef yfirstjórn landsins væri feingin í hendur einum manni, og honum útlendum, sem vart mundi verða hèr neinum góðum mun fastari á foldu, en til þessa hefir verið, þó við hann væri bætt talsverðum launum. Allir verða, því er það, að játa, að yfirstjórn lands þessa er nú orðin talsvert margbrotnari og vandasamari, en hún var á dögum höfuðsmannanna. Öll stjórn var þá einfaldari, og bundin færri og einskorðaðri lagareglum. Flestallar einstakar tekjur voru þá seldar einstökum mönnum gegn tilteknu árlegu afgjaldi. Þá var og alþíng hið forna, er lètti undir yfirstjórnina bæði að dómsvaldinu til, og svo því, að þíngið sóktu, yfir höfuð að tala, allir hinir æðri og lægri embættismenn landsins, og þeir, er tekjur þess höfðu á leigu, og gat höfuðsmaðurinn þannig haft árlega á sinn fund alla, er hann vildi, og eins þeir hans fund, sem þókti það nokkru skipta.

Hins vegar getur oss ekki annað fundizt, en að mörg og mikil vandkvæði sèu á stjórn landsins, eins og hún er nú, þar sem sinn amtmaðurinn er í hverju amtinu, ef til vill, á hinum óhentugasta stað fyrir amtsbúa (því víst fær amtmaðurinn að ráða því, hvar hann heldur til), þar sem aungar samgaungur eru milli amtanna og eingi samhljóðan í yfirstjórn þeirra innbyrðis. Það virðist, sem amtmennirnir skoði hver sitt amt, eins og dálítið ríki, og þó ekki svo lítið ríki, sem þessi stjórnin hagi bezt, sem þessi fyrirskipunin eigi vel við, og sem því eigi að fylgja fram, hvað sem líði hinu nágranna ríkinu. Svona kemur það til, að yfirstjórn amtmanna er á einn veginn í þessu amtinu og á annan í hinu; einkum virðist hin „administrative“ stjórn að fara fram eptir nokkuð sundurleitum skoðunarmáta og ólíkum reglum; og jafnvel líka, að hin sömu lög, sem gilda eiga um allt land, sèu þýdd á nokkuð annan veg í einu amtinu en öðru, og þeim framfylgt með meira nákvæmi og strángleika í einum landsfjórðúngnum heldur en öðrum. Nú er ekki við öðru að búast, en að álitskjöl amtmanna til stjórnarráðanna um hin helztu málefni landsins sèu yfir höfuð bygð á þeim skoðunarmátanum, sem mönnum er orðinn svo að segja hugfastur, og menn þykjast komnir að raun um að bezt eigi við í þeim fjórðúngnum, hvað sem líði hinum $\frac{2}{3}$ hlutum landsins. Vèr neitum því að vísu ekki, að á þenna hátt verða vandamál reyndar fremur grandskoðuð og út-

listuð á 3 vegu, og fyrir það kannske nokkuð ítarlegar; en af því málin eru skoðuð í svo sèrstakri stefnu, og eptir svo sundurleitum þörfum og venjum, þá hljóta slík álitsskjöl um mestu vandamál að vanta það allsherjar yfirlit, sem ætíð er nauðsyn á í sama landinu, ef þau eiga að verða því öllu að liði, og ef að sú stjórn, er þekkir ekki, sem skyldi, til landsins og allsherjar landsþarfa, á að geta skorið svo úr, og látið þær verða málalyktirnar, að öllum megi jafnt að gagni koma.

Helzt til ofleingi, og helzt til um of hefir hèr í landi verið drotnandi sá andi, að affarabezt muni vera að hafa sem flest á sundrúngi, að hafa bæði hin smærri og hin stærri efni landsins í aðskildum pörtum, sem hver væri sèr, og hvern ætti að annast út af fyrir sig, án tillits til hinna, og hefir sá andi komið fram í helzt til of mörgum og margbreyttum myndum, og orðið ríkjandi í helzt til of mörgum og mikilvægum atriðum. Það virðist, sem menn hafi álitið, að svo hlyti að vera í jafnvíðlendu og strjálbygðu landi, sem þetta er. En það er vonandi, að menn fari að sjá, að þess yfirgrips og umfángs meiri sem keðjan þarf að vera, því fremur ríður á, að hún loði saman, og að hver hlekkurinn í henni sè áfastur við annan, svo að hún geti haldið öllu í jafnföstum skorðum, að ekki sè einn hlekkurinn svo hreifður, að ekki komi hreifing á fleiri. Vor mildi konúngur hefir nú þegar gjört margt til að opna augu vor í þessum efnum, og bent oss á stefnu þá, er oss byrjar að fylgja, bæði með því að veita oss alþíng og fleira, er miðar að því, að sem bezt verði sameinuð málefni vor og allir kraptar vorir, bæði yfirhöfuð og í einstökum greinum.

Eitt er það, er oss einkanlega vanhagar um, til þess að færast sem næst þessu takmarki, er konúngur sjálfur hefir bent oss að, og sem vèr finnum hina mestu þörf á að hafa fyrir augum í öllu: en það er, að sýslustjórn og sveitastjórn komist hèr á sem fyrst, löguð samkvæmt þörfum lands þessa. Vèr höfum hinar gildustu ástæður til að vona, að ekki verði þess lángt að bíða, að slík hèraðastjórn komist hèr á. Nauðsyn hennar og nytsemi viðurkenna allir, og einn hinna heiðruðu þíngmanna, sem ekki mun hvað sízt fær um að semja uppástúngu-frumvarp um þetta efni, hefir nú hèr á þínginu látið í ljósi, að hann hafi fyrirhugað að semja og koma fram

með þessa uppástúngu, og þó það geti ekki orðið á þessu þíngi, þá vonum vèr samt, og allir, að þess muni ekki lángt að bíða.

En ef stjórn amtmauna yfirhöfuð er mörgum annmörkum bundin, eins og til þessa hefir staðið á í landinu, þá mundu þeir annmarkar þó verða fleiri og auðsènari, ef svo löguð sýslu- og sveita-stjórn, sem hèr þarf við, kæmist á. Með þeirri stjórnarlögun í hèruðunum má öllum vera í augum uppi að amtmanna embættin eru óhafandi, en hins vegar ekki mögulegt að koma á hèr þeim svo nefndu amtsráðum, sem þó á bezt við slíka hèraða-stjórn.

Af því vèr nú þykjumst sjá svo marga annmarka á amtmanna stjórninni, eins og nú stendur á: af því vèr teljum víst, að annmarkar þeir mundu verða fleiri og auðsènari, ef sú stjórnarlögun kæmist á í hèröðum, sem allir æskja eptir: af því oss getur ekki betur skilizt, en að amtmanna embættin og amtastjórnin, eins og hún er nú, fremur viðhaldi þeirri sundrúngu í aðalstjórn landsins og helztu málefnum þess, sem vèr hyggjum að margt hafi leidt íllt af, heldur en að hún efli þá sameiníngu og samhljóðan í öllum aðalmálefnum, sem í öllu er nauðsynleg og allstaðar, en einkum á þessu víðlenda og strjálbygða landi: þá hyggjum vèr það á góðum rökum bygt, þó vèr leggjum það til, að hið heiðraða þíng beri upp við konúng vorn, að hann vilji náðarsamlegast hugleiða, hvort ekki sè nauðsyn á að breyta yfirstjórn þeirri, sem nú er í landinu; þó ekki svo, að hún sè falin einum manni, því það meinum vèr ógjöranda, eins og vèr áður leiddum rök að, heldur að hèr yrði sett stjórnarnefnd, eður stjórnarráð, með 3 mönnum, stiptamtmanni landsins og 2 Íslendíngum.

Vèr viljum því fela alþíngi að bera upp við konúng vorn þá allraþegnsamlegustu bæn:

> Að konúngur vilji náðarsamlegast hugleiða, hvort ekki sè nauðsyn á að breyta yfirstjórn Íslands svo, að embætti amtmannanna verði lögð niður, jafnótt og þau losna, en sett verði í staðinn yfirstjórnarnefnd með 3 mönnum, stiptamtmanni og 2 Íslendíngum.

Reykjavík, 24. dag Júlímánaðar 1847.

J. Guðmundsson G. Vigfússon.

Framsögumaður: Eg hefi litlu hèr við að bæta, en þó vil eg geta þess, að okkur, meiri hluta nefndarinnar, þókti þessi uppástúnga um aftöku þeirra tveggja amtmanns embætta meira líkjast málssóknar-skjali í móti þessum embættum, heldur en bænarskrá. Þar er öllu lýst, sem amtmönnunum eður embættum þeirra viðkemur, og þeirra stjórn, frá skuggahliðinni, og einasta fundið að öllu, og sett út á allt eða flest, sem þeir gjöra og aðhafast, en hins er hvergi getið, að þeir hafi nokkurt gagn unnið, en því ætla eg þó ei verði neitað, að þeir hafa margt gagnlegt gjört, og mörgu góðu til vegar komið, bæði á enum fyrri og seinni árum, og sannast hèr hið fornkveðna, að sínum augum lítur hverr á silfrið. Allir eða flestir hèr á þingi eru því kunnugir, hvað mikið skrifstofustörf allra útrèttandi (administrative) embættismanna hafa vaxið, og svo að segja margfaldast um þau seinustu 20 ár, og hvað þá síðan fyrir 1770, eða um 77 ár? og hafi það þá þókt ofmikið, að ætla einum manni að geta sèð um alla yfirstjórn landsins, sem þó hefir verið, því þess vegna var amtmönnum fjölgað, þá ætla eg það þó vera miklu örðugra nú á tíðum, þegar öll undir og yfir-stjórn er orðin svo miklu margbrotnari og nákvæmari, en hún var á miðri 18. öld, og enda þó 3 menn væri um hana, sem allir byggju á sama stað; grunar mig að eitthvað gæti orðið til tínt eða fundið, sem menn vildu finna að, þó svo væri, og lítinn sparnað eða eingan mundi það gjöra, þegar 3 væri þó stjórnendur eptir sem áður. Eg sè ekki, hvað þar við er unnið, enda þekki eg ekki nákvæmlega til, hvernig þeirri ósamhljóðan er varið í amtmanna stjórninni, er getið er um, og ætla ei ómögulegt, að hún líka gæti orðið í 3 manna stjórnarnefndinni, ef til vill, því annað eins hefir þó skeð.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Þar sem eg er annar í minni hluta nefndarinnar, sem hefir kveðið upp ágreiningarálit í málinu, þá finn eg mèr skylt að mæla fáein orð áliti þessu til stuðnings. Mèr finnst það mestu varða í máli þessu, hvort menn álíta yfirstjórn landsins, eins og hèrna er nú skipað, svo fullkomna og annmarkalausa, sem menn geta og mega óska eptir, og ímyndað sèr að hún megi vera, ef henni væri skipað á annan hátt, ellegar hvort henni er ábótavant í ýmsum þeim greinum, sem ekki mundi á bera, ef hún væri öðruvísi löguð. Eg verð að ímynda mèr, að allir telji það nauðsynlega kosti á yfirstjórn hvers lands sem er, að í henni sè sam-

hljóðan, að hún fari fram yfir allt landið, og komi fram á öllum og yfir alla í hinni sömu stefnu, í hinum sama anda, eptir sama skoðunarmáta og sömu reglum; að líkra skyldna sè af öllum krafizt, þegar um líkt eður sama er að tala; að menn sæti allstaðar enni sömu ákæru fyrir sömu yfirsjónina, að menn njóti sömu rèttinda í sama málefni og af sömu ástæðum; að hinn sami sè skilníngur laga þeirra og ráðstafana, er hníga að skyldum þessum og rèttindum, allstaðar um allt land, laganna, sem eiga að gilda yfir alla jafnt, sama lýðinn, sama landið. En í öllu þessu virðist þó að vera nokkuð ábótavant með þeirri yfirstjórn, sem nú er, og vil eg leyfa mèr að leiða að því fáein dæmi. Það er nýskeð búið að ræða hèr mál um festur og uppboð konúngsjarða, og varð það ljóst af umræðunum, að með sínu mótinu eru skilin rentukammersbrèfin, sem eiga að gilda yfir allt land í þessu efni, í hverju amtinu: í norð-austur umdæminu er strax sett forngildi á jarðirnar án uppboðs, og þær svo vægðarlaust boðnar upp til festu, hver einasta jörð; í suður umdæminu er rètt hver jörð boðin upp til forngildis afgjalds, en fáar sem eingar jarðir til festugjalds; í vestur umdæminu eru fáar sem eingar jarðir boðnar upp, hvorki til afgjalds nè festu; þar eru leigur borgaðar í smjöri, eins og alltaf hefir tíðkazt, í hinum umdæmunum eru leigurnar teknar eptir smjör-verði verðlagsskránna. Annað dæmið er um gjaldið til jafnaðarsjóðanna: sömu árin og í einu umdæminu voru teknir frá 8 — 10 sk. af hverju lausafjárhundraði, var í öðru umdæminu ekki tekinn einn sk. Þriðja dæmið er um verðlagsskrárnar: í vesturamtinu gildir ein verðlagsskrá yfir allt umdæmið, í suður umdæminu hefir hið sama verið að segja þar til í ár, að taxti fèkst sèr fyrir Skaptafellssýslurnar, og var þess þörf fyrir laungu, þar sem þær sýslur eru svo lángt frá kaupstöðum, og vörurnar hljóta því að vera með minna verði í raun og veru, heldur en í þeim hèröðunum, þar kaupstaðirnir eru nálægir; aptur eru í norðaustur umdæminu sín verðlagsskráin fyri hvorar 2 sýslur, og ein sèr í sumum, að eg ætla; þar sem nú allt slíkt, og það sem eg nú leiddi dæmin að, hefir hinar mestu afleiðíngar fyri öll útlát manna og efnahag yfir höfuð, þá mega allir sjá, að í þessum yfirstjórnarefnum er þó töluvert ábótavant.

Allir vita, að ein eru lög um legorðsmál yfir allt land, en eg ætla hægt að sanna, að þau eru skilin nokkuð á annan veg

í öðru umdæminu en öðru. Það er víst mörgum kunnugt, að ekki allfáum málum, er út af þessu hafa risið, hefir verið stefnt fyrir landsyfirrèttinn úr einu umdæminu, helzt um hin síðustu 10—15 ár, þar sem vart neitt hefir komið úr hinum umdæmunum; þeir sem þekkja til mála þessara sumra hverra, mun þó ekki geta annað fundizt, en að tilefni þeirra hafi ekki jafnan verið svo mikilvægt, að ekki megi telja víst, að ótal tilefni gefist slík, og hafi gefizt, í hinum ömtunum, hvaðan þó eingin þesskonar mál hafa komið, hefði hinu sama verið farið þar fram, og með sama strángleika. Menn vita það, sem almennast geingst við um aðskilnað hórsekra, að annaðhvort þeirra verður að víkja úr sókninni; eg hefi heyrt mælt, að einn amtmaðurinn láti sèr lynda, og hafi auglýst það, að það nægi, ef hin hórseku sèu ekki bæði undir sama þaki eður í sömu húsum; svona hefi eg heyrt, og eg ætla, að einhver sá þíngmaður sè hèr, sem geti borið um, hvort þetta er satt.

Eg vona, að eingínn skilji svo mál mitt, hvorki nær nè fjær, sem eg vilji í nokkru sveigja að heiðurs-mönnum þeim, sem nú sitja að völdum í umdæmunum, með dæmum þeim, er eg hefi nú tekið fram, nè með uppástúngu minna hlutans; það vita allir, og einkum þeir, sem eldri eru, og þekkja hverjir afbragðsmenn þeir voru taldir á frama-árum sínum, að þeir eru svo vitrir menn og stjórnsamir, að ekki er allra að gánga í þeirra spor. En þetta sýnir hins vegar berlega, að þar sem eru veruleg vankvæði í skipun stjórnarinnar, þá geta ekki, hvaða atgjörfis og vitsmunamenn sem eru, ráðið fullkomna bót á því, heldur hitt, að annmarkarnir hljóta að verða þeim mun ljósari og auðsènari, sem heldur má uggvænt þykja, að autt verði skarðið, þegar slíkir menn eru horfnir; og eg ætla, að svo muni geta að borið, þegar þeir eru fallnir frá, merkismennirnir, sem nú eru amtmenn hèr.

Assessor Johnsen: Það kynni við fyrsta álit að virðast, sem minni hluti nefndarinnar fari nokkuð annan veg í þessu máli um uppástúngur, og þetta vill nú minni hlutinn telja okkur trú um; en þegar betur er aðgætt, held eg þó, að allt komi hèr um bil í sama stað niður fyrir uppástúngumanni og minnahlutanum. Uppástúngan byrjar með því, að segja frá, að landið, síðan það kom undir konúng, og allt að árinu 1770, eða hèr um bil í 500 ár, hafi haft, eða átt að hafa einn yfirstjóra eða amtmann, og þegar það hafi borið undir, að þeir eigi að síður

voru fleiri á þessu tímabili, hafi hèr allt farið í ólestri. Þá segir frá því í uppástúngunni, að amtmenn hafi orðið hèr 3 árið 1787, eða eins og þar kveður að orði, að yfirstjórn landsins þá hafi orðið „þríhöfðuð“, og hafi hún orðið „hinu opinbera til meiri skaða en gagns“, og enn fremur: að þau hin tvö amtmannsembættin kosti yfir 400 rbd., „án þess að sèð verði eða sannað, að þau gjöri landinu gagn, heldur standi í vegi fyrir mörgum breytíngum til hins betra“, því hver fari sínu fram, og að „sinn siður sè í landi hverju“, og er vesturamtið sèr í lagi kallað „hið ókunna landið fyrir vestan“. Nú eru þá ömtin rifin niður og amtmenn teknir af, og það sem bygt er upp aptur, er að leggja yfirstjórn alls landsins undir stiptamtmann, danskan mann, opt kannske lítt reyndan, og ókunnugan landshögum. Að því sem sèð verður af álitsskjali minna hlutans, er hann í öllum aðalatriðum samþykkur uppástúngumanni, nema að því leyti að hann, í staðinn fyrir stiptamtmann einn, vill að yfirstjórnin leggist á hendur þrem mönnum (öðrum en amtmönnum) í sameiníngu, og að því leyti sem sá, er uppástúnguna bar fram, nú hefir farið öllum öðrum orðum um amtmennina sem eru, en farið er í uppástúngunni, og hefir meiri hlutinn, og hinn heiðraði framsögumaður líka lýst því að maklegleikum; þar sem uppástúngan kallar ömtin lönd, er hver stjórni á sinn veg, segir nú minni hlutinn, að amtmenn skoði þau sem „ríki“, og hver fari að í stjórninni eptir sínum hugþótta, svo að allt sè á sundrúngu, og ætlar hann þá stjórn því óhafandi, vill aptur á móti hafa sýslustjórn og sveita. Nú veit eg ekki betur, en að við nú þegar bæði höfum sýslustjórn og sveitastjórn, en hvort hún ætti að vera önnur eða á annan veg, en hún er nú, hefir minni hlutinn eigi farið fram á. Svo mikið verður sèð, að hann líka vill taka amtmennina af og þau svo nefndu þrjú ríki í landinu, en aptur hefja sýslumennina til tignar, og lízt mèr svo á, að ríkin þá heldur fjölgi en fækki, og að þau kunni að verða 20 í stað þriggja. Eg leiði hjá mèr, að færa dæmi til þess, að mönnum á stundum hafi þókt lítið koma til stjórnar sýslumanna á útkjálkum landsins, þó ekki hafi vantað eptirlit amtmanna hvers um sig; en næsta líklegt þyki mèr það, að eigi verði síður þörf á eptirsjón æðri valdamanna, ef yfirstjórnin ætti að færast fjær, og hafa aðsetur sitt á einum og sama stað í landinu, eg gjöri ráð fyrir í Reykjavík. Eg held, að minni

hlutinn hafi gleymt lögun landsins (kortinu) og stærð, er hann bar að þessari hinni nýju yfirstjórn; hann ætlast þó líklega til, að ekki vanti allt eptirlit um það, hvernig fram fer í hinni lægri stjórninni, en eigi yfirstjórnarmenn að hafa það á hendi, yrðu þeir annaðhvert allir, eða þá 2 þeirra, að gjöra ferðir til þess mikinn tíma árs, hver í sína áttina, og verður þá, ætla eg, *interregnum* eða stjórnarleysi á meðan, þar sem stjórnin á heima, ef ekki á að leggja allt í eins manns höndur, eins og uppástúngumaður ætlar æskilegast. Dæmi það, sem hinn heiðraði þíngmaður Skaptfellínga nú færði sundrúngu þeirri til sönnunar, sem minni hlutinn kvartar yfir, held eg vanti nokkuð á það, að geta sannfært um nauðsyn og meira gagn af fyrirkomulagi því, sem þessi hlutinn mælir fram með, en af amtaskipuninni: því auk þess að valla er meiri vissa fyrir því, að sýslumenn, er þeir eiga að fara að breyta eptir stjórnarreglum yfirstjórnarinnar hèr í landi, allir fylgi einum reglunum eins fram, og eins og vera ber, en fyrir því, að amtmennirnir nú gjöri það, t. a. m. hvað byggíngu konúngsjarðanna og heimfærslu tilskipunarinnar frá 24. Jan. 1838 12. gr. áhrærir, svo ætla eg, að þess líka sè naumast að vænta, að sýslumenn, þar sem þeir eigi eru bundnir reglum eða lögum, verði meir samstemma í stjórn sinni hver um sig, en amtmenn eru, t. a. m. með tilliti til verðlagsskránna og heimtíngar sakamála tollsins, og er hvorttveggja þetta eitt meðal þeirra mörgu atriða í stjórninni, sem mundi verða næsta örðugt viðfángs fyrir þá hina nýju yfirstjórn í Reykjavík. Það er annars eptirtektavert, að minni hlutinn einúngis gjörir sèr far um að leiða sundrúngina, sem hann svo kallar, í ljós, án þess að gæta þess, eða íhuga það, hvort og að hve miklu leyti sè þörf á, að haga stjórninni í mörgum greinum á einn veg í einum, og á annan veg í öðrum hluta landsins, þó að öllum kunnugum megi vera í augum uppi, að hèr til sè hin mesta nauðsyn, og að þá fyrst mundi fara út um þúfur, ef það eigi væri gjört. Annars kemur mèr til hugar, að bera það undir uppástúngumann, hvort hann ekki sè tilleiðanlegur til, að taka uppástúnguna aptur eptir 69. grein alþíngistilskipunarinnar, og sýnist mèr vera því meiri ástæða til þess, sem bæði mál þetta virðist vera næsta ófullkomlega undirbúið, til að bænarskrá verði send um það til konúngs, og einn konúngkjörinn þíngmaður líka hefir gefið þínginu ádrátt um uppástúngu til nýrrar stjórnarskipunar í

landinu, og ætla eg hann að minnsta kosti eins færan um það og uppástúngumann eða minna hluta nefndarinnar. Tíma þeim, sem við nú eigum eptir hèr á þínginu, held eg yfirhöfuð að verja mætti betur, en til leingri umræðu um þetta mál, eins og það nú er úr garði búið.

Umboðsmaður Jón Gudmundsson: Eg ætla mèr ekki að svara orði til orðs laungu ræðunni, sem hinn mikið heiðraði varaforseti nú flutti; mèr fannst hún nokkuð sundurlaus og á reiki allt til endans. Hann fór tvívegis að ræða um bænarskrána, sem var tilefni máls þessa, og hverju hún færi fram; en þetta finnst mèr nú heldur um seinan, og hefði átt að telja slíkt fram í fyrstu umræðunni, þegar um það var að ræða, hvort nefnd ætti að kjósa; þá hvarflaði hann aptur að áliti minna hlutans, þá aptur að bænarskránni. Að síðustu mæltist hann til, að eg tæki aptur málefni þetta; þetta get eg hvorki nè vil, að svo komnu, og ekki fyrr en allir þingmenn hafa æskt þess, og þó með nokkuð gildari og glöggvari röksemdum, en hinn heiðraði varaforseti nú gjörði.

Ásgeir Einarsson: Eg get ekki gefið atkvæði fyrir, að uppástúngan sè tekin aptur nú þegar, áður en fleiri þingmenn hafa látið álit sitt í ljósi um ýms atriði málsins, því með umræðu þeirri gæti, ef til vill, feingizt nokkrar upplýsíngar, sem kynnu að verða til leiðbeiníngar síðar, ef málið yrði síðar áhrært.

Kammerráð Melsteð: Eg vil gjöra eina athugasemd, til að fyrirbyggja það, að yfirsjón sú, er minna hluta nefndarinnar hefir orðið, ekki hendi optar hèr á þínginu. Eptir alþíngistilskipunarinnar 68. grein á minni hlutinn ætíð að undirskrifa nefndarinnar aðal-álitsskjal, en honum er í sjálfsvaldi, hvort hann vill færa sitt ágreinings-álit og atkvæði inn í nefndarskjalið, eður láta það fylgja með sèrstakt, og skírskota til þess, við undirskript aðal-álitsskjalsins.

Hvað nú málefni það sjálft snertir, sem hèr er verið að ræða um, þá má það, að mèr virðist, vera öllum ljóst, að það er í ótíma uppborið, og vantar allt það í fylgi með sèr, er það ætti að styðjast við. Það er því auðsætt, að þingmenn gjörðu rèttast í, að fallast á uppástúngu meiri hlutans, og semja einga bænarskrá um þetta efni.

Prófastur Hannes Stephensen: Mèr virðist meiri hluta nefndarinnar skylt, að svara nokkrum orðum ræðu þeirri, sem annar minna hluta nefndarinnar, þingmaður Skaptfellínga, flutti

til styrkíngar meiníngu þeirra, og þó ekki neiti eg því, að mèr í mörgu virðist áfátt amtastjórn þeirri, sem nú er, virtust mèr ástæður þær, sem nefndur þíngmaður bar fram máli sínu til sönnunar, margar lèttvægar; get eg þess, að hann segir það vott ósamhljóðunar þeirrar, er millum amtastjórnanna innbyrðis eigi sèr stað, að verðlagsskrár sèu í einu amtinu ein fyrir hverjar 2 sýslur, í öðru ein fyrir allt amtið, að frátekinni einni sýslu, og í enu 3. einasta ein fyrir amtið allt. Sjá nú allir, að þetta getur komið, og að líkindum kemur af sèrstökum ástæðum í hverju amti og hèraði; t. a. m., aurategundirnar eru, og hljóta að vera í því minna verði, sem fjær dregur verzlunarstöðunum: því mun Skaptafellssýsla þurfa verðlagsskrá fyrir sig. Misjafn og ólíkur skilníngur laganna, einkum á þeim tilnefndu um legorð og hórdóm, ætla eg ekki komi af setu amtmanna, síns í hverju horninu, heldur af sèrstakri skoðan hvers þeirra á lagaboðunum; þetta veit eg skeð hafa í sama amtinu hjá 2 mönnum, sem hvor sat á sama staðnum eptir annan. Það hygg eg, að þegar annmarkarnir eru tiltíndir, sem hin núverandi amtstjórn hafi, muni helzt litið yfir hina síðustu tímana; að vísu er það, þegar talað er um mismargar verðlagsskrár í ömtunum, um uppboð konúngsjarðanna, um skilníng hórdóms og legorðs löggjafarinnar, og því munu þeir mennirnir, sem nú sitja í amtmanna embættunum, í huga hafðir, og kemur þá ílla við það mikla hrósið, sem nú er ausið á menn þessa að lokunum, þegar búið er að segja greinilega frá vandkvæðunum, sem verið hafi við stjórn þeirra. Þegar nú er stúngið upp á 3 manna stjórn í nefnd einni, þykir mèr þessi uppástúnga heldur snemma uppborin, þar sem hin fyrirhugaða breytíng undirstjórnarinnar enn er ekki byrjuð. Í uppástúngunni sjálfri er um það beðið, að í yfirstjórnarnefndinni verði stiptamtmaður og 2 Íslendíngar, gefur það til kynna, að annaðhvort megi stiptamtmaður ekki vera Íslendíngur, eða menn megi ekki vænta þess, en hvorttveggja má eg játa að særíi tilfinníngu mína, og ætla eg svo muni fleirum fara, sem lesa uppástúnguna.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Betur eg væri nú fær um, eins og mèr býr í brjósti, að tala í dag máli voru minni hlutans, er eg meina í alla staði á góðum rökum bygt. Meiri hlutinn hefir ásamt oss viðurkent, að það færi ekki eins skipulega fram í ömtonum, eins og menn æsktu, og það vant-

aði máske þá samhljóðan innbyrðis milli þeirra, er menn heiðu viljað ákjósa, en allt mannlegt væri ófullkomið, og það væri ekki svo mikið að svo stöddu að tala um, og fleira: það ætti því áð láta þetta mál falla niður.

Minni hlutinn hèlt þar á móti, að það mundi ekkert rángt gjört, þó fallið væri upp á, að annmarka þá, sem nú væri á, yrði reynt til að afmá við tækifæri, og það því að eins, að Hans Hátign konúnginum litist að gjöra svo. Eg þykist viss um, að hver góður maður óskar þess með sjálfum sèr, að óregla og innbyrðis ósamhljóðan afmáist sem fyrst, í hverju sem helzt er, og hvar sem helzt hún á sèr stað. Hèr eru innan þings hreppstjórar og sýslumenn, sem mundu geta borið vitni um og fært rök til, að sinni lagareglu hefir verið fylgt í hverju amti, sem sýnir, að sinn skilníginn muni hver amtmaðurinn hafa á lögunum og ráðstöfunum stjórnarráðanna, eins og hinn heiðraði þingmaður Skaptfellínga hefir með nokkrum dæmum sýnt fram á í ræðu sinni. Þetta er þó ekki allskostar eðlilegt; amtmaðurinn í norður og austuramtinu hefir, til dæmis, ekki ætíð þókzt finna ástæðu til að skilja legorðssekar persónur eður hórsekar, jafnvel þó sveitarstjórnendur eður sýslumenn hafi látið í ljósi fyrir honum álit sitt um nauðsyn þess, en þetta ætla eg sè öðruvísi í hinum ömtunum, og skil eg ekki, að skilníngur amtmanna ætti að vera sundurleitur í sliku, eður á einn veg í þessu amtinu, og á annan í hinu. Til þess nú að bæta úr öllum þesskonar misfellum og fleiru miður skipulegu, sem nú virðist að eiga sèr stað við amtmanna embættin, eins og þeim er nú fyrir komið, höfum vèr falið vísdómi konúngs vors og glöggskygni að sjá, að hvað miklu leyti við því megi bót ráða, ef yfirstjórn landsins væri skipað á annan hátt, og á þann veg, sem vèr hugðum að meiri samhljóðan mundi af leiða og jöfnuð fyrir alla: leingra förum vèr ekki framm á. Vèr bendum að vísu til, að bezt muni verða, að þetta amtmanna vald hverfi, en ekki þó nú þegar, heldur að eins smámsaman, ekki með öllu, heldur svo að það sameinist á einum stað í þriggja manna nefnd, er samanstandi af stiptamtmanni landsins og tveimur Íslendíngum; vil eg í því tilliti svara hinum heiðraða þíngmanni Borgfirðínga upp á athugasemd hans við þessa vora uppástúngu, „að vèr meintum, að stiptamtmaðurinn mundi ætíð, í það minnsta fyrst um sinn, verða danskur maður, en ekki íslenzkur, en eingan veginn, að vèr lètum þá ósk vora í ljósi,

að hann yrði að vera danskur, ef til annars hefði verið að hugsa, eða vel hæfur Íslendíngur hefði átt kost á að klæða það embætti. Vèr minni hlutinn vonum, að allir hinir heiðruðu þíngmenn sjái, að slík tilhagan mundi betur eiga við eptir þessara tíma þörfum, heldur en að sinn amtmaðurinn sè svo að segja í hverju horni landsins, eins og nú er, einkum og það einúngis, þegar sveitastjórn og sýslustjórn væri komin á; því flestir munu viðurkenna, að hægra veitir mönnum að tala sig saman munnlega um hver helzt málefni sem eru, heldur en ef þeir verða að skrifast á um þau, og eins mundi það verða, ef þessi stjórnarlögun, sem vèr höfum stúngið upp á, kæmist á; mundi þá og embættismönnum landsins í eingu þykja miður fram fara, þó þeir ættu að skipta við slíka yfirstjórn, heldur en eins og nú við amtmanna embættin. Vèr getum ekki sèð, að það stríði í nokkru móti góðri reglu, þó vèr þannig sómasamlega bendum til þess, er oss virðist horfa til landsheilla, og felum vísdómi konúngs að gjöra hvað honum gott þykir í þessu falli.

Stephán Jónsson: Eg finn til þess, eins og optar, að það er ofætlan fyrir mig, að tala nokkurt orð í því máli, sem virðist að hníga að nokkurskonar stjórnarbiltíngu á þessum hólma. Mèr fannst augnamið bænarskrárinnar vera kostnaðar sparnaður; en þegar eg nú hefi lesið nefndarálit minni hlutans, sè eg, að ei muni fara á þá leið, heldur þvert á móti. Þetta gæti líka því að eins átt sèr stað, ef póstgaungur fjölguðu, eins og í bænarskránni var gjört ráð fyrir; en um póstgaungumálið er ekki enn farið að ræða, og einginn veit, hvern enda það fær. Það virðist reyndar, sem mál þetta hafi ástæður á báðar hliðar; en ætti það að ræðast til fullnustu, þyrfti leingri tíma, en nú er fyrir hendi. Í bænarskránni er þess getið meðal annars, að störf amtmanna sèu að miklu leyti innifalin í því, að hafa umsjón aðministratiónanna, en þessar aðministratiónir komust þó ekki á, fyrr enn nokkru eptir það, að amtmenn voru settir. Eg ber reyndar ekki á móti því, að hagkvæmara kynni að vera að nokkru leyti, að amtmennirnir væru allir á sama stað, en kostnaðarsamara mundi það verða, því þeir þyrftu þó hús hèr; en nú er búið að koma upp miklu húsi á Friðriksgáfu með talsverðum kostnaði; og mundi þá þetta hús verða að litlum notum. Þar sem hinn heiðraði varaforseti hèlt, að svo gæti farið, að ríkin yrðu 20, ef amtmanna

embættin væru niðurlögð, þá ber þó ekki á því nú, að svo sè í hverju amti, og sízt mundi því þurfa að kvíða. Það getur verið satt, sem þingmaðurinn úr Norðurmúlasýslu sagði, að amtmaðurinn fyndi stundum ekki ástæðu til, að aðskilja hórsekar persónur; en hitt veit eg, að það hefir þá verið með því skilyrði, að ekki yrði eptirleiðis vart við hneykslanlegt samlífi, og einúngis í lausaleiksbrotum. Eg ímynda mèr, að augnamiði minna hluta nefndarinnar geti orðið framgeingt, án þess að senda bænarskrá; því stjórnin mun taka umræður þingsins um þetta mál til yfirvegunar. Einúngis vil eg leyfa mèr að spyrja hinn háttvirta forseta, hvort það muni ósamkvæmt þinglögunum, að málið falli niður í bráð, og mönnum gefist þannig tækifæri til að íhuga málið til næsta þings.

Forseti: Eg ansa þeim hinum virðulega konúngkjörna þingmanni, er áðan mælti: eg ætla það sè formanns nefndarinnar, að útvega nöfn minni hlutans undir nefndarálitið, samkvæmt 68. grein í alþingistilskipuninni; en hvað viðvíkur því, er þingmaður Eyfirðínga vèk til mín um það, að slá málefni þessu á frest til næsta alþingis, þá ætla eg ekki eigi svo að vera, heldur að hvert það mál, sem lagt er undir nefndar-skoðun, og ekki, með allra þingmanna samþykki, samkvæmt 69. grein, er tekið aptur, eigi að ræðast bæði til undirbúnings og ályktunar; enda er alþinginu þá í sjálfs valdi að álykta, að eingin bænarskrá skuli semjast, og gæti alþingið þá feingið nægan umhugsunar-tíma um málefnið til næsta alþingis, ef einhver vildi bera það upp að nýju.

Kammerráð Melsteð: Sú athugasemd, er eg gjörði, var eingaungu ætluð þingmönnum til viðvörunar, en ekki sögð til forseta.

Assessor Johnsen: Eg ætla það alllíklegt, að hinn heiðraði þingmaður Eyfirðínga nái þeim tilgángi, sem hann vill ná, þó að hann ekki fái málinu slegið á frest á þann veg, sem mèr skilst hann helzt óski. Verði flest atkvæði fyrir því, að eigi sè send bænarskrá um það frá þessu þingi, fá menn umhugsunar-tíma til næsta þings um það, hvort því þá sè farandi fram aptur, og stendur þeim það þá í sjálfs valdi, sem það er svo hugleikið, og kann að þykja meira til þess koma en mèr, og aptur vilja reyna sig á því. Sá hinn sami þingmaður fer nokkuð aðra leið en eg, er hann í minna orða stað kallar sýsluembættin nú um stundir sýsluríki; mèr þykir eigi

taka því, að kalla þau svo, á meðan þau eiga amtmanna-embættin eða amtmennina yfir sèr, en þegar búið er að rýma þeim frá, og komin er ein yfirstjórn fyrir alt land á einum stað, held eg að því komi, að ekki sè minni ástæða til að kalla sýslurnar ríki, en ömtin nú um stundir, eins og minni hlutinn komst að orði um þau.

Ásgeir Einarsson: Vegna þess að sá heiðraði fulltrúi Skaptfellinga skírskotaði til alþingismanna frá vestur-amtinu um þá reglu, er þar væri nú við höfð viðvíkjandi legorðsmálum, þá get eg þess, að næst liðinn vetur kom embættisbrèf frá sýslumönnum til hreppstjóranna, sem auglýsti amtmanns ályktun um, að þeir, sem ættu börn fram hjá ekta-konum sínum, þyrftu framvegis ekki að láta barnsmæður sínar leingra burt frá sèr, en á næsta bæ, meðan hneykslanleg umgeingni milli nefndra persóna lèti sig ekki í ljósi; en hingað til hafa stúlkur þessar eptir amtmanns ályktun ekki mátt vera í sömu sókn, sem barnsfeður þeirra.

Helgi Helgason: Ekki gaf eg mig fram í þetta málefni, sem hèr er um rædt, í því tilliti, að eg ætli mig færan um það, heldur gjöri eg það, til að láta í ljósi meiníngu mína hèr um. Ekki get eg fyrir mitt leyti verið samdóma minni hluta nefndarinnar í þessu máli, nefnil. í aftöku amtmanns embættanna í vestur og norðurömtunum; því eg ætla, að margt kunni að vera ísjárvert í þessu efni, þó sumt hafi sína kosti. Eg held, að ekki taki betra við, þó að stjórn sú, sem nú er falin amtmönnum á hendur, hverjum í sínu lögsagnar umdæmi, sè flutt í Reykjavík, eður á einhvern annan einstakan stað í landinu, undir þriggja manna umsjón og aðgjörðum; því mèr finnst það næstum ómögulegt, að þeir gætu orðið kunnugir á útkjálkum landsins og sveitum þeim, er fjærstar liggja bústað þeirra, sem þó er mikið áríðandi í mörgum greinum, sem embætti þeirra áhrærir, að þeir þekki vel til nær og fjær; líka ætla eg, að embættisferðir þeirra um þessa staði mundu fækka, ef þær ekki öldúngis hættu því, því eg ætla þeim sè það næstum ómögulegt. En hvað þær eru þó nauðsynlegar fyrir þá menn, sem eiga að sjá um sýslna og sveita-stjórnir og innbyrðis ástand þeirra og viðskipti, ætla eg ekki að orðleingja, því það er hvervetna kunnugt; því sú stjórn, sem á að segja yfir þessum, þarf að hafa nákvæma þekkíngu á öllu þar að lútandi. Líka held eg, að þeim mönnum, sem eru lángt frá þeim, er yfirstjórn þessi

er á hendur falin, mundi verða næsta torsókt, ef ei ómögulegt, að heimsækja þá, þó þeir ýmsra nauðsynja vegna þyrftu þess við, sem þeir þó annars gætu vel komið við, þegar amtmaðurinn er búsitjandi í sama amti. En hvað áhrærir uppástúngu meiri hluta nefndarinnar, felli eg mig betur við hana í þessu efni.

Assessor Johnsen: Eg held, að dæmi það, sem þingmaður Strandasýslu nú færði úr vesturamtinu, þó satt væri, sem eg ekki get borið um, muni sanna næsta lítið eða styrkja uppástúngu minna hlutans, því mèr er næsta til efs, að sýslumenn mundu verða strángari í að fylgja fram lögunum, til að koma í veg fyrir hneykslanlega sambúð karlmanns og kvennmanns, þegar þeir feingju stjórnina eða umsjónina mestmegnis, en amtmenn nú eru.

Stephán Jónsson: Eg sè ekki, að það gjöri neitt til sakar, hvort sýslumenn fá brèf um embættisstörf sín frá amtmanninum í þeirra amti, ellegar annarstaðar frá; þegar brèfin á annað borð komast eins fljótt, þá munu þau hafa sömu verkun fyrir því. Annars getur verið, að eg hafi misskilið hinn heiðraða varaforseta í þessu máli.

Forseti: Þar eð einginn tekur nú framar til orða, verð eg að álíta mál þetta nóg rædt til undirbúnings.

Þá var tekið til ályktarræðu málefnið um undirskript konúngs og stjórnarráðanna undir þau lagaboð, sem gilda skulu á Íslandi.

Framsögumaður: Það eru einúngis fáein orð, sem eg hefi að bæta við það, sem áður er fram komið. Það ríður einkum á, að menn gjöri sèr ljósa grundvallar-ástæðu þess, að hve miklu leyti nauðsyn sè á að ætlast til, að konúngur skilji svo algjörlega sèrhvert atriði í hverju lagaboði, sem hann gefur út, eins og gjöra verður ráð fyrir um hvern einstakan mann, að hann geti gjört sèr grein fyrir sjálfur, hvað hann skrifar undir. Eg skoða þetta á þá leið, að eg álít lögin vera sprottin fram, sem ávöxt af rèttar-meðvitund þjóðarinnar; en undirskript konúngsins er sá stimpill, sem gefur lögunum tilbærilega tign, þá er þau eiga að hafa og þurfa að hafa.

Konúngsfulltrúinn færði það til, að þó undirskriptirnar hefði tíðkazt áður, þá væri það ekki til að sanna annað en það, að þær hefði þókt ekki hentugar, þegar þessu var hætt. En allir þeir, sem þekkja, hvernig ástadt var um þessar mund-

ir, vita, að þessu var ekki þannig varið. Undirskriptirnar hættu ekki, af því þær þækti óhentugar, en þegar landsyfirrèttirnn var settur hèr, þókti vel eiga við að fela honum á hendur að auglýsa lögin á íslenzku fyrir þjóðinni, og eg veit ekki betur, en að hann hafi feingið fullkomið umboð, þannig, að þau lög, sem hann birti á íslenzku, væri fullgild. þessi tilhögun þókti nú síðan ekki svara tilgánginum, og var henni því breytt 1830. Hèr er því eingri reglu breytt; en þó svo væri, þá eru nú á seinni árum, einkum með alþíngistilskipuninni og úrsk. 8 Apr. 1844, komnar á nýjar fastari tilhaganir, sem gjöra regluna enn gildari en áður, þó henni hefði verið hafnað um eitt lítið tímabil.

Eg veit ekki, hvort mèr hefir heppnazt að gjöra það ljóst, að hèr stendur einmitt eins á og í Slesvík; eg vil því enn drepa á þetta atriði með fáeinum orðum. Í Slesvík búa bæði Þjóðverjar og Danir; þeir hinir dönsku þóktust ekki hafa tryggjandi lög eða skiljanleg, þegar þau komu út á þýzku einúngis; þeim var þá veitt þetta, með því að löggilda með undirskriptum lög þau, sem þeim voru ætluð, á dönsku. Þessa hins sama er óskað hèr á landi, þar sem að eins fáeinir danskir búa, og er þá auðsætt, að rèttarkrafan er hèr miklu strángari á vora hönd, en á hönd danskra í Slesvík, einkum þegar að því er gætt, að þar eru hinir dönsku eins færir í þjóðversku og dönsku, en hèr hefir allur þorri manna alls eingin not af dönskunni. Meðan þessu fer fram sem nú er, lítur svo út, sem lögin sè gefin einúngis handa þeim fáeinum dönskum mönnum, sem hèr búa í landinu.

Ásgeir Einarsson: Eins og mönnum þykir sólin skína hvað fegurst, þegar hún kemur fram undan skýinu, þó hún í raun og veru gjöri það ekki fremur en á heiðum himni, svo mun fleirum en mèr hafa orðið það mjög gleðilegt, að heyra þann hæstvirta konúngsfulltrúa mæla á þeirra heiðraða og elskaða móðurmáli í gær, af því menn voru ekki vanir við það. Það var líka eptirtektavert, að sá hæstvirti konúngsfulltrúi valdi þessa aðferð nú, þegar einmitt var verið að tala um mál það, er hneig að því að varðveita og efla þjóðerni vort, og munu Íslendíngar í þessu, ekki síður en öðru, hafa hið bezta traust til vors mildiríka konúngs, því hann hefir sýnt þess ljós merki með úrskurði 8. Apr. 1844, sem hann gaf (að því mèr er kunnugt) án nokkurrar óskar frá landsmönn-

um, enda lètu Íslendíngar, þeir er í Danmörku voru, fögnuð sinn í ljósi með innilegu þakklæti yfir gjöf þessari; virðist mèr því, að alþíng eigi hiklaust að bera ósk sína fram fyrir Hans Hátign konúng vorn um mál það, er allir viðurkenna að nauðsynlegt sè. En þótt sá hæstvirti konúngsfulltrúi færði fram þær ástæður í gær, sem helzt væru móti bænheyrzlu um áminnzt mál, fannst mèr sá heiðraði framsögumaðsr færa mót því aðrar yfirsterkari, en eg man ekki, hvort hann svaraði því, er sá hæstvirti konúngsfulltrúi sagði, að aðferð þeirri, að konúngur hefði áður haft við í Danmörku, nefnilega að rita nafn sitt undir tilskipanir í íslenzku máli, hefði líklega verið hætt, af því hún hefði þókt óhentug; en fyrir þessu er ekki meiri vissa en því, að aðferð þeirri, er við hefir verið höfð um undanfarin ár með lögun á tilskipunum fyrir Ísland, hafi verið hætt í vetur, af því það hafi þókt eiga lakar við, en að setja íslenzkuna aptur fyrir dönskuna í enum nýjustu lagaboðum, því fáum mun þykja þetta breytt til betra.

Prófastur Halldór Jónsson: Áður en geingið er til atkvæða í þessu máli, skal eg leyfa mèr að láta í ljósi meiníng mína, svo það sjáist, hverju meigin eg er, og á hverju eg byggi atkvæði mitt. Eins og eg er þess fullöruggur, að konúngur vor muni líta í mildi á, já, meta mikils bæn þá, sem sprottin er af ást til ættjarðar og móðurmáls, og lýtur að því, að ávinna lögum hans tign og helgi og fulltryggjandi afl fyrir ólærða sem fyrir lærða, eins er þess þó hins vegar ekki að vænta, að Hans Hátign uppfylli þessa bæn, ef á því eru óvinnandi örðugleikar og þvílikir annmarkar, sem annars ekki ættu sèr stað, nè heldur aðrir líkir eða jafnmiklir. Nú er að vísu mikill sá annmarkinn, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi hefir tekið fram, nefnil. að skeð gæti, að allt annað yrði gjört að lögum, en löggjafarinn hefði tilætlazt. En þetta getur, að mèr virðist, aðborið með tvennu móti, þegar löggjafarinn er ekki fullfær í máli þess hlutans af ríkinu, sem þau eða þau lög eru ætluð. Eigi íslenzk lög að koma út á íslenzku, þá er það ekki ómögulegt, að meiníngin verði einhverstaðar önnur, en til var ætlazt, þar sem það þó er eðlilegt, að þau sèu fyrst til orðin á dönsku, eptir undangeinginn undirbúníng á dönsku, í stjórnarráðunum og ríkisráðinu, og verði síðan útlögð á íslenzku. En rót þessa annmarka, að annað verði gjört að lögum, en konúngur ætlaðist til, getur líka legið framar, og mætt

þeim lögum, sem útkoma eptir tillögum alþingis, á leið þeirra frá þinginu til konúngsins; íslenzk túnga er töluð á þinginu, og álitsskjölin til konúngsins eru samin á íslenzku; en af þeirri dönsku útleggíng álitsskjalanna og þingstarfanna yfir höfuð eru lagaboðin sprottin; mistakist nú í einhverju útleggíngin (eptir 43. grein alþingistilskipunarinnar fullgildir forseti hana, en öllum getur yfirsèzt), þá getur þar af leidt, að lög komi út, er ekki sè með öllu samkvæm tillögum þingsins, og þá ekki heldur samkvæm því, sem konúngur ætlaðist til, því það er vilji hans og fyrirheit, að fylgja skuli skynsamlegum tillögum frá þinginu. Vissan um, að lögin, sem útkoma fyrir Ísland, sèu, eins og konúngurinn ætlaðist til, samkvæm tillögum þingsins, verður þess vegna alltènd að vera grundvölluð á því trausti, að rètt sè útlagt, það sem á íslenzku framfór á þinginu. Og eins ætti nú að vera óhætt, að bera sama traust til þess manns, sem útlegði hinar konúnglegu tilskipanir, og því meiri alúð væri af honum við höfð við útleggínguna, sem hún ætti að hafa meiri þýðíngu. Eg get því, eptir sannfæríng minni, ekki annað en gefið atkvæði mitt fyrir því, að þingið sendi Hans Hátign konúnginum allraþegnsamlegasta bænarskrá um þetta málefni.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg var hèr ekki í gær, og veit því ekki annað til undirbúníngs-umræðu máls þessa, heldur en það eg heyrði af upplestri þíngbókarinnar, en eg hefi setið fleira af mèr eptir því, sem mèr er sagt; mèr hefir jafnan verið það eins mikil ánægja, að heyra útlendan mann tala mitt elskaða móðurmál, og tala það rètt, fremur öllum vonum, eins og eg hefi skorizt af hinu, að heyra og sjá Íslendínga tala og rita það svo bjagurt og með svo útlendu sniði, að varla má heita annað íslenzkt, en endíngar orðanna.

Mèr virðist, sem helzt sè um tvent að tala í máli þessu, hvort það sè nauðsynlegt, sem um er beðið, og hvort mögulegt sè að uppfylla það.

Það getur víst einginn efað nauðsynina, að lögin, sem alla binda, sem öllum leggur skyldur á herðar, sem öllum veitir rètt, tali það málið, og einúngis það málið, sem þeir skilja, sem eru undir lögunum. Menn segja, að útleggíngin fylgi; en hvaða útleggíng? Útleggíng, sem hvergi nærri er svo nákvæm, sem skyldi, eptir því sem mörg dæmi má finna til: sem einginn hefir helgað, og sem einginn álítur sig bundinn við að fylgja;

ef meiníngamunur verður í þessu, þá hlaupa yfirvöldin í danska textann undirskrifaða, í dönskuna, sem sá skilur ekkert í, sem lögin eiga að gánga yfir, í dönskuna, sem ekki mun dæmalaust um að yfirvöldin hafa á endanum skilið sitt á hvern veg.

Nauðsynin held eg því öllum megi skiljast að sè ber og brýn, en að stjórninni sè mögulegt að uppfylla þessa nauðsyn, verð eg að álita eins vafalaust. Eg verð að álíta konúngdóminn og stjórnina með þeim algjörlegleika, með þeim alfullkomlegleikum, að hún hafi vit og vilja og mögulegleika á öllu því, sem horfir til þarfa og til nauðsynja hverrar þeirrar þjóðar, sem hún er yfir, hvaða máli sem hún mælir, og hvað ólíkt sem ástand hennar er ásigkomulagi hinna þjóðanna, sem eru nær stjórninni og hún er kunnugri. Ef menn ekki skoða stjórnina og konúngdóminn frá þessu algjörlegleikans sjónar-miði, ef menn fara að ímynda sèr hann eins og hvern einstakan takmarkaðan og ófullkominn mann, þá hverfur og verður að eingu allt það traust og öll sú virðíng og von, sem menn hljóta að byggja á stjórninni, eigi vel að fara. Eptir þessari algjörlegleikans skoðun á stjórninni, hlýtur hún sjálfsagt að hafa í hendi sèr öll meðöl til að gjöra sjálfa sig svo heillaríka þjóðunum, sem hún er yfir, sem unt er, til að uppfylla allar verulegar nauðsynjar þeirra og þarfir. Af þessu leiðir, að þó stjórnin sè ekki íslenzk, þá hlýtur hún að hafa í hendi sèr þau meðöl og krapta, að hún geti uppfyllt þarfir og nauðsynjar Íslendínga, að hún geti skilið islenzku. Þetta sanna dæmi einstakra manna: ef hver einstakur ófullkominn maður getur svo numið mál vort, á fáum árum, og á fullorðins árunum, að hann skilur það til hlítar, og svo, að hann skilur hvert orð, sem mælt er í ræðu, sem er þó miklu erviðara, að hann mælir það vel og rètt, þá hlýtur og stjórnin, með þeim algjörlegleika, sem henni er samfara, að hafa nóg meðöl í hendi sèr til þess að skilja svo málið, að höfuð hennar geti og megi óhult undirskrifa lög vor á máli sjálfs okkar, og veita þeim þá helgi og þann krapt, sem lögin verða að hafa, ef þau eiga að fullnægja tilætlun sinni.

Kammerráð Melsted: Eg vil ekki draga dulur á atkvæði mitt í þessu málefni, því það hefir aldrei verið mèr eðlilegt, að gánga í dularbúníngi. Það er sèrhverjum þeim kunnugt, sem leingi hefir alið aldur sinn á Íslandi, og hefir lifað í og með þjóðinni, tekið eptir henni og þekkir hennar hugsunarhátt, að elska til konúnga sinna og lotníng fyrir þeim er Íslend-

íngum djúpt innrætt, en eingan sinn konúng hafa þeir elskað jafnheitt, jafn-innilega sem Kristján hinn 8da, er gaf þeim alþíng. Það er því fátækt og efnaleysi, en ekki viljaleysi landsmanna að kenna, ef þeir ekki reisa honum þann minnisvarða, sem fái staðið svo leingi, sem landið byggist. Það mun því einginn rèttsýnn maður geta láð Íslendíngum, þó þeir innilega óski, að sjá nafn síns elskaða konúngs undir lagaboðum þeim, sem frá honum út gánga til þeirra.

Þessi lagaboð eru, næst guðs eigin orðum, þau helgustu og háleitustu orð, sem töluð eru til þjóðarinnar. Þessi lagaboð eiga að vera regla og mælisnúra fyrir hennar breytni; eptir þeim eiga rèttindi hennar og skyldur að dæmast, og undir þeirra rèttum skilníngi og rèttri þýðíngu getur stundum verið komin öll þeirra tímanlega velferð. Það er því mjög svo áríðanda, að lögin sèu gefin í því rètta og hátignarlega formi, sem vera ber; því það eykur þá lotníngu fyrir lögunum, sem er öldúngis ómissandi, ef þeim á að vera hlýdt, og þau eiga að geta haft þá verkun, sem vera ber. En nú er það í augum uppi, að það form, í hverju hin íslenzka útleggíng laganna út geingur til þjóðarinnar, er svo ótilhlýðilegt, sem orðið getur. Þessi útleggíng er ekki undirskrifuð af neinum: einginn veit, hver hana hefir samið: eingin vissa er fyrir því, hvort hún sè rètt og nákvæmlega samkvæm löggjafarans boði, og einginn hefir ábyrgðarhluta af henni. Það er einnig alkunnugt, að þessar útleggíngar hafa áður um hríð verið svo illa og óliðlega samdar, að einginn hefir skilið þær, og að þær þess vegna jafuvel hafa verið til athláturs fyrir þjóðina; og hefir það verið sárt til þessa að vita fyrir þá, sem þekkja, hversu áríðandi það er fyrir heila þjóð, að lögin sèu í heiðri höfð, og að lotníngin fyrir þeim haldist lifandi og óskert hjá þjóðinni. Nú er að sönnu á þessu góð bót ráðin, því útleggíngar þær af lögunum eða lagafrumvörpunum, sem lögð hafa verið fyrir alþíng, síðan það var stiptað, hafa, yfir höfuð að tala, verið ljósar og greinilegar og samsvarandi eðli málsins. Þær einstöku misfellur, sem á þeim hafa verið, hafa borið vott um það, að að þeim hefir verið unnið í skyndi, og þær hefðu auðveldlega getað orðið lagaðar, ef meiri athygli hefði verið við höfð, og þetta mundi án efa hafa skeð, ef þær hefðu út gengið í því reglulega hátignarlega formi, sem vera ber. Það mun því einginn geta láð Íslendíngum, þó þeir samhuga og innilega

óski þess, að hèr verði bót á ráðin; því þess ber að gæta, að þó embættismennirnir skilji hinn danska texta, skilur alþýða hann þó ekki, og hann er því henni sem hulinn helgidómur; en einginn mun geta neitað því, að þjóðin hefir rèttvísa kröfu, að skilja þau lög, sem eiga að skuldbinda hana. Íslendíngar hafa að sönnu djúpa og rótgróna þjóðernis tilfinníngu, en þeim væri hinn mesti órèttur gjör, ef nokkur meinti, að þessi þjóðernis tilfinníng væri í nokkru óregluleg eða veikindaleg, að eg svo að orði komist.

Íslendíngar hafa einga óbeit á hinni dönsku stjórn; þeir elska hana miklu fremur og virða, því hún er mild og rèttvís. Þeir hafa einga óbeit á þeim dönsku lögum, því þau eru, yfir höfuð að tala, hagfeld og vel yfirveguð; en þeir vilja og geta með rèttu krafizt að geta skilið þau. Þeir hafa einga óbeit á þeim dönsku embættismönnum, er híngað hafa verið sendir, þegar það hafa verið duglegir og ráðvandir menn; þvert á móti munu þessir embættismenn sjálfir geta borið vitni um, að þeir hafa verið eins virtir og elskaðir af landsmönnum hèr, eins og þeir hefðu verið innfæddir Íslendíngar; já, minníng sumra þeirra mun jafnvel leingi verða í heiðri höfð á Íslandi. Vèr höfum allir það traust til vors allramildasta konúngs, að hann, ef mögulegt er, ryðji öllum þeim hindrunum af vegi, er standa kunna móti því, að hann veiti oss þá bæn, er vèr nú samhuga munum biðja hann um, og að hann bæði vilji og af vísdómi sínum muni geta fundið ráð til þess. En geti hann það ekki, mun hann samt í náð álíta bæn vora, og sjá, að hún er sprottin af góðri rót; og í þessu trausti og með þessu hugarfari ætla eg að gefa nefndar-uppástúngunni mitt atkvæði.

Assessor Johnsen: Eg þarf ekki að skýra þíngmönnum, hvernig eg ætla mèr að greiða atkvæði í þessu máli; þeir sjá það af nefndarálitinu. Þeir tveir heiðruðu konúngkjörnu þíngmenn, sem mælt hafa í dag, hafa líka farið þeim orðum, að fleiri orðum í þá átt mætti þykja ofaukið. En eins og aldrei verður sagt ofsögum af mildi og náð konúngs vors Kristjáns áttunda gegn landi voru, og elsku vor Íslendínga á honum, svo ætla eg líka, að allir sè á einu máli um það, að hann beri svo mjög af öðrum kouúngum að viturleik, að það mundi þykja undur, ef svo vitran konúng, sem hann er, brysti ráð og meðöl til að hrinda þeim vandkvæðum, sem

kynni að mega telja á, að veita oss bænheyrslu í þessu máli; en skyldu þau eigi að síður reynast ósigrandi, og ómögulegleikar á bænheyrslunni, þá veit eg líka, að elska og lotníng vor fyrir vorum allramildasta konúngi er svo sterk, að vèr mundum láta sannfærast af ástæðum þeim, sem nú, fremur en áður fyrri, gjöri það að verkum, að vèr hljótum að verða óbænheyrðir í þessu svo mikilvæga efni, þegar þær bærust oss frá Hans Hátign.

Umboðsmaður Þorvaldur Sívertsen: Jeg verð líka að víkja fáeinum orðum að málefni þessu, áður en geingið er til atkvæða, svo ljóst geti orðið eptir á, hversu eg hafi greidt atkvæði. Jeg játa því mikið fúslega, að ræða ens háttvirta konúngsfulltrúa, er hann hèlt í gær, gladdi mig mjög mikið, að því leyti hún var flutt á íslenzku; en hins vegar get eg ekki neitað því, að hún í fyrstu kveikti hjá mèr nokkrar efasemðir um það, hvort nefndar uppástúngu þeirri, er hèr ræðir um, mundi verða, eða gæti orðið fullnægt; en bæði nákvæmari umhugsan og ræður þær, er fram hafa farið um málefni þetta, einkum ens heiðraða framsögumanns, hafa eydt þeim efasemðum hjá mèr að öllu. Og þar eð vor allramildasti konúngur hefir sýnt þess svo mörg dæmi, svo margan órækan vott, að hann vilji, sem bezt getur orðið, hlynna að dýrgrip okkar Íslendínga, þeim sem við eigum beztan, og okkur tekur sárast til, nefnilega móðurmálinu okkar, ætla eg ekki að hika mèr við það, að veita nefndar-uppástúngunni mitt atkvæði, í fullu og öruggu trausti um bænheyrslu.

Stephán Jónsson: Eg vil ekki fá mèr það til orða, hvort konúngi muni vera þetta mögulegt eða ómögulegt; þeir eru búnir að leiða rök til þess, sem færari eru. En sè það mögulegt, er það mín von, að vor mildi og vitri konúngur muni uppfylla svo einlæga og mikilvæga ósk landsmanna. Eg segi fyrir mig, þegar eg fer að lesa lögin (og svo mun fleirum fara), þykir mèr miklu skipta, hvort eg geti lesið þau með þeirri meðvitund, að þetta sèu lögin, sem farsæla hagi mína, þegar eg hlýði þeim, sem hegna órètti þeim, er eg verð fyrir, yfirhöfuð, að það sèu þau lög, í hverra skjóli eg get óhultur lifað í mannlegu fèlagi. En með þessari meðvitund get eg ekki lesið hina íslenzku útleggíngu laganna; hún er ekki nema óljós ímynd þeirra; og af hinu danska frumritinu laganna get-

ur einginn haft nægileg not, nema sá, sem er vel heima í danskri túngu.

Eyjólfur Einarsson: Eg stend ekki upp til að skýra þetta mál fyrir þíngmönnum, til þess er eg ei fær; eg stend einúngis upp til að láta þíngið vita, að eg þykist viss um, að okkar vísi og góði konúngur bæði getur og vill uppfylla svo áríðandi ósk þíngsins; gef eg því mitt atkvæði, að nefndarálitinu sè fylgt.

Konúngsfulltrúi: Þegar eg á undirbúníngs-fundi þessa máls í gærdag gjörði þíngmönnum kunnugt álit mitt á málinu, það álit, er eg bæði eptir hlutanna óraskanlega eðli og eptir venju þeirri, er hingað til hefir verið fylgt, varð að álíta samkvæmt þeim grundvallarreglum, er konúngur og stjórnarráðin allt til þessa hafa fylgt og verða eptirleiðis að fylgja: þá flutti eg ræðu mína á íslenzku máli. Eg hugði, að eg hefði talað svo ítarlega og svo greinilega um málið, að eg mundi ekki þurfa að taka aptur til orða í frekari umræðu þessa máls á þíngi. Einúngis þegar svona er ástadt, og eg að öðrum kosti hefi nægan tíma til undirbúníngs, er mèr unt að við hafa túngu lands þessa. Af svari því, er hinn heiðraði framsögumaður galt við ræðu minni, sannfærðist eg um, að mèr er ekki unt að sjá fyrir, hvenær eg þurfi að svara misskilníngi þeim, er menn geta lagt í orð mín, enda þótt þau sè flutt á íslenzku.

Á meðal þeirra grundvallarreglna, er eg setti um brúkun hvorrartveggju túngunnar, gat eg þess, „að íslenzkan ætti að vera aðalmálið á öllu því, sem þjóðin eða fulltrúar hennar gefa konúnginum til vitundar, en eina málið á öllu því, sem þjóðin og fulltrúar hennar eigast við sín á millum, á kenslunni og öðrum þjóðlegum stofnunum.“

Af þessu leiddi nú framsögumaður, að samkvæmt reglum þessum yrðu hèðan í frá allir íslenzkir embættismenn að álíta íslenzkuna sem aðalmálið á skýrslum sínum til stjórnarinnar, og sem einkamálið á viðskiptum sín á millum. Eg má játa, að það er í fyrsta sinni, sem eg hefi heyrt þjóðkjörinn fulltrúa telja embættismenn með þjóðinni, þegar talað er um sambandið millum stjórnarinnar og þjóðarinnar; því þá er ætið vant að taka þjóðina í gagnstæðri merkíngu við embættismennina, svo sem þá líku, er stjórnin hefir til framkvæmdar vilja sínum. Um málið millum embættismanna sín í millum og við stjórnina gilda sjálfsagt allt aðrar reglur, en um mál-

ið, sem við er haft á öllum þjóðlegum stofnunum og millum þjóðar og konúngs. Sèr í lagi verða allir löglærðir embættismenn, áður en þeir fá embætti, að hafa geingið undir próf, er einnig sýni, að þeir kunni danska túngu til hlítar, og stjórnin getur því, án þess að skerða í nokkru rèttindi þjóðtúngunnar, sett embættismönnum þær reglur, sem hentugastar þykja til þess að greiða götu fyrir embættisstörfum. En þetta er nú svo fjarstædt þessu máli, og laust við það, sem alþíng á um að dæma, að eg ætla mèr ekki að fara leingra fram á þá leið, og því síður vil eg tala um það, sem framsögumaður drap á, og sem mèr þókti ekki koma vel við, en það var um meiníngamun, sem átti að hafa fundið stað milli tveggja amtmanna hèr í landi, í tilliti til brúkunar íslenzkrar túngu á embættisbrèfum þeirra sín í millum. Einúngis hefi eg ekki getað að öllu leyti geingið fram hjá þessu máli, til þess að sami misskilníngurinn, sem framsögumaður hefir gefið orðum mínum, ekki skuli breiðast út í almenníng. Með tilliti til þess, sem framsögumaður nú í dag hefir tekið fram, að hann áliti ekki nauðsynlegt, að konúngur þyrfti að skilja íslenzka túngu, þótt hann ritaði nafn sitt undir hinn íslenzka texta, svo sem til að setja á hann laganna stimpil, þá verð eg að játa, að eg hefi gjört ráð fyrir, að það mundi vera ein hin fyrsta og helzta krafa skynseminnar, að hver og einn yrði að skilja það, sem hann skrifaði nafn sitt undir, og þetta mundi eins ná til konúngs, eins og annara manna. Þegar menn þannig hefja hugsun sína í svo gagnstæða stefnu, þá er ekki við að búast, að mönnum lendi saman á endanum. Það sem framsögumaður sagði, að útleggíngar þær, sem landsyfirrèttarinn lèt semja, hefðu haft fullt lagagildi, þá er þetta ekki rètt, því útleggíngar þær höfðu eingan annan eða meiri lagakrapt heldur en útleggíngar þær, sem nú tíðkast. Framsögumaður hefir aptur skírskotað til Slesvíkur hertogadæmis, þar sem konúngur síðan 1840 einnig ritar nafn sitt undir hinn danska texta á tilskipununum; til þessa dæmis mætti nú að sönnu vitna, ef sá aðalmismunur væri ekki þar á milli, að ráð má fyrir því gjöra, að konúngur skilji móðurmál sitt, dönskuna, en um íslenzkuna er öðru máli að gegna.

Einn konúngkjörinn þíngmaður andlegrar stèttar hefir talað á þá leið, að eins og stjórnin bæri fullkomið traust til útleggínga af bænarskrám og álitsskjölum þíngsins til konúngs,

svo yrði og stjórnin að bera traust til hinnar íslenzku útleggíngar á tilskipununum. Eg verð að gjöra þá athugasemd þar við, að útleggíngar þíngsins bera ljósast dæmi um það, hversu auðvelt það er, að þess háttar villur verði á, að inntak frumritsins verði í útleggíngunni allt annað. Dæmin eru svo mörg, að mèr er ekki auðið að sýna þau öll; á eitt vil eg þó minnast, og er það næsta kynlegt. Í frumvarpi því, sem í hitt eð fyrra var borið upp á alþíngi, um fjárforráð ómyndugra, stóð í hinum danska texta í niðurlagi 20. greinar þessi orð, „om der maatte være befundet særdeles Mangler". Orð þessi voru þannig útlögð á íslenzku: „hvort nokkur brögð hafa þótt vera". Í álitsskrá þíngsins er þess beðizt, að þessum orðum verði breytt á þann veg: „hvort nokkurs sèr í lagi hafi þókt áfátt". En í hinni dönsku útleggíngu þessarar álitsskrár var svo komizt að orði, að þau orð í lagafrumvarpinu, „om nogen særdeles Uorden anſees at have fundet Sted", yrði breytt á þá leið, „om nogen særdeles Mangel er befunden". Í útleggíngu álitsskjalsins frá þínginu var þannig beðið um, að nokkrum orðum, sem öldúngis ekki voru í hinu danska lagafrumvarpi, yrði slept, og að í þeirra stað mætti setja önnur orð, sem einmitt stóðu í lagafrumvarpinu. Eptir að hafa sýnt með þessu dæmi, hversu mikið traust hafa má á útleggíngunum, að þær séu samhljóða frumritunum, hygg eg, að ekki geti tekizt til greina ástæða sú, sem hèr var um rædt.

Annar konúngkjörinn þíngmaður veraldlegrar stèttar hefir sagt, að þegar hinn íslenzki texti á tilskipununum væri ekki undirskrifaður af konúngi, þá vantaði hina útvortis vissu um það, hvað lög væri. Eg get þó ekki sèð, að menn þurfi að vera í vafa um það, hvað lög sèu, þegar hin íslenzka útleggíng, sem stjórnin lætur semja, kemur út jafnsíðis eða ásamt með danska textanum, sem konúngur ritar nafn sitt undir; því ef til efasemda kemur, getur það aldrei orðið svo ervitt að leita til hlutaðeigandi embættismanns, sem skilur bæði málin. Hins vegar neita eg því eingan veginn, að annmarkar hljóta að verða á, þegar hvorttveggja málið skal við hafa, og er þá undir því komið að sjá, hverjir annmarkarnir eru mestir, og þegar einn er sá, að yfirtaki alla aðra, þá verða menn að sætta sig við hina, sem ekki verður úr vegi rudt.

Með öllu því, sem nú hefi eg sagt, get eg ekki búizt við að hafa talið alþíngismönnum hughvörf; eg hefi einúngis leidt

í ljós þær athugasemdir, sem eg hugði vera rótfestar á allsendis fylgislausu áliti um þetta málefni, og sem eg ætlaði, að stjórnin mundi byggja aðferð sína á. En þá von hefi eg, að menn muni finna, þegar stundir líða fram, að orð mín sèu bygð á sannleika og rèttlæti. Þegar menn viðurkenna það, munu menn einnig sjá, að alþíng hefði ekki farið fjærri sönnu, bæði í tilliti til konúngs og þjóðarinnar, þó það sendi einga bænarskrá til konúngs um nokkuð það, sem fer leingra, en rèttindi þjóðmálsins ná, og sem ætla má að ekki geti feingizt, en að alþíng hefði í stað þessa heldur átt að fara þá hina sömu braut, sem konúngur og stjórnin hafa þrædt, með því að reyna til að rýma á burt og eyða þeim annmörkum, sem brúkun tveggja túngna í lagamálinu hlýtur að vera samfara. Og þessa braut mundi þínginu veita hægt að gánga, ef það hèldi sèr, í álitsskrám sínum til konúngs, fastar við hugsan, en við orðin, fastar við efni, en við orðaskipan. Á þenna hátt gætu álitsskjöl og tillögur alþíngis ætíð orðið leiðbeiníngar til konúngs frá fulltrúum þjóðarinnar; athugasemdir um orð geta ekki verið annað en bendíngar frá þínginu til embættismanns þess, sem lægra er settur og hefir útleggínguna á hendi.

Framsögumaður: Þó að mèr þækti draga nokkuð fyrir sól hins háttvirta konúngsfulltrúa, ætla eg þó ekki að vera margorður um skilníng á grundvallar-ástæðum máls þessa, því eg held, að ágreiníngur sá, sem hèr er kominn fram, um skilníng á þeim, muni varla hverfa, þó umræðan yrði leingri, og eg þori að fullyrða, að meðan nokkur einn Íslendíngur er uppi, mun sami skilníngur koma fram af þeirra hendi, sem nú, um þetta mál. Ef að konúngsfulltrúinn hefir aldrei fyrri heyrt nokkurn þjóðkjörinn þíngmann telja embættismenn með þjóðinni, þegar um þjóð og stjórn er að ræða, þá kemur það líklega af því, að konúngsfulltrúinn mun vera kunnugri skoðunarmáta sumra embættismannanna, en hinna þjóðkjörnu þíngmanna.

Þar sem konúngsfulltrúinn færði til dæmi um missmíði dönsku útleggínganna frá fyrra þíngi, þá sýnir það í raun og veru ekki annað en það, hversu óhentuglega því er fyrirkomið, að ætlast til, að allar aðgjörðir þíngsins sè lagðar út á dönsku á svo stuttum tíma, sem þíngtíminn er, þar eð þetta er lítt mögulegt, ef vel ætti að vera. Að öðrum kosti ætti það að sýna, að forseti þíngsins í hitt eð fyrra hafi ekki skilið

dönskuna betur en vel, og hafa menn þó haldið hingað til hèr á landi að hann mundi vera einn hinn færasti í þessari grein, að minnsta kosti munu fáir hafa skrifað meira á dönsku en hann.

Konúngsfulltrúinn benti þinginu á, að því væri betra að hugsa meira um efnið, en um orðaskipun og orðabreytíngar; þessari reglu er eg einnig samdóma, en eg held, að þingið eigi ráð á þessu sjálft, og eg held, að konúngsfulltrúinn hafi ekkert vald til að segja þinginu fyrir reglum í þessu efni.

Sveinn Sveinsson: Hèr eru komnar fram svo glöggvar ástæður, að eg þarf eingu þar við að bæta, en lýsi því yfir, að uppástúngan er að öllu leyti samkvæm minni ósk og vilja.

Þar einginn ræddi framar málið, kvað forseti það útrædt og skaut því til þíngsins:

Hvort þingið vildi senda bænarskrá til konúngs um það, að íslenzki textinn í þeim lagaboðum, sem eptirleiðis verða gefin Íslandi, sè staðfestur með undirskript Hans konúnglegu Hátignar og hlutaðeigandi stjórnarráða, eins og vandi er til á frumritum.

Samþykt með 22 atkvæðum gegn 1.

Því næst var fundi slitið.

---

## 29. Júlí— tuttugasti og þriðji fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykt.

Þá var lagt fram til ályktarumræðu málefnið um nýja amtaskipun á Íslandi.

Framsögumaður: Það gladdi mig mikið að heyra á nokkrum af þeim heiðruðu þíngmönnum í gær, að amtmennirnir væru á stundum nógu eptirsjónarsamir, og var fært til dæmis, hvað mörgum legorðssökum hefði verið vísað til landsyfirrèttarins frá einu amti; eg á líka von á og veit til, að þeir sjá bæði eptir því siðferðislega og öðru, sem þeim hefir af stjórninni verið falið á hendur, enda hafa eingin rök verið færð fyrir því gagnstæða; en hitt, að einn kunni að þýða eitt eða annað lagaboð nokkuð öðruvísi en annar, eru eingin rök fyrir því, að embættin sèu óþörf, því það er alment, að bæði lærða og ólærða opt greinir á, hvernig skilja og brúka skuli það eða hitt lagaboð, og því dæma ei allir dómarar eins í sama

málinu, þótt bæði sèu vel að sèr og samvizkusamir, einkum getur ágreiníngur opt orðið um þær útrèttandi (administrative) lagareglur, því þær verður fremur að brúka eptir því, sem mögulegt er og kríngumstæðurnar leyfa, eða hægast og bezt fer á hverjum stað, og það hafa amtmenn opt mikið með að gjöra, og get eg enn þá eingan veginn skilið, að allt þetta mundi fara betur undir 3 manna yfirstjórnarnefnd, hvort svo þeir 3 menn væru fæddir á Íslandi eða annarstaðar. Of mikið má líka gjöra af þeirri umtöluðu samhljóðan í landstjórninni, eða að við hafa fullkomlega einslagaða aðferð í öllum stöðum á landinu, án þess að lempa sig neitt eptir nokkrum sèrstökum kríngumstæðum, sem mèr sýnist enda gæti valdið órètti fyrir einstaka menn, t. a. m. að verðlagsskrá væri ein og hin sama um allt land, og gæti það opt ekki verið allstaðar jafn tilhlýðilegt.

Forseti: Þar eð enginn tekur framar til orða, vil eg leggja fyrir þíngið þessa spurníngu:

Vill þíngið biðja konúng að hugleiða, hvort ekki muni nauðsyn að breyta amtaskipun á Íslandi þannig, að hin núverandi amtmanna embætti leggist niður, jafnótt og þau losna, en sett verði aptur stjórnarnefnd af stiptamtmanni og 2 Íslendíngum.

Hrundið með 19 atkvæðum gegn 4.

Þá var lesin upp allraþegnsamlegust bænarskrá alþíngis til konúngs, um festu og uppboð konúngsjarða, svo hljóðandi:

## Til konúngs.

Fulltrúi Skagafjarðarsýslu, Jón Samsonsson, og fulltrúi Strandasýslu, Ásgeir Einarsson, báru upp á alþíngi í þetta skipti 2 bænarskrár frá þeirra umdæmum með 196 og 82 undirskriptum um það, að því uppboði, sem nú er farið að tíðkast á Yðar Hátignar jörðum hèr í landi til festu og eptirgjalds í peníngum einum, eptirleiðis mætti hætta, en að umboðsmönnum væri gjört að skyldu að byggja jarðirnar þeim efna beztu og reglulegustu mönnum, sem bjóðast til þeirra, með því skilyrði, að þeir í stað festu, leysi af hendi árlegar í byggíngarbrèfunum ákveðnar jarðabætur, og loks að þeim í Norðurumdæminu ákveðna 1½ árs uppsagnarfesti, þegar leiguliði vill fara frá jörðunni, verði breytt eins og landslög og venja standi til.

Þíngið kaus 3 menn í nefnd til að íhuga þetta mál, og

ræddi það því næst ítarlega á 2 fundum, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að láta í ljósi álit sitt á málinu, sem eptirfylgir.

Við umræðu þessa máls varð það ljóst, að aðferð sú, sem nú viðgeingst, að bjóða upp þær jarðir, sem tilheyra Yðar Hátign hèr í landi til festu og afgjalds á uppboðsþíngi, er í almennings áliti óvinsæl, og af skynsömum mönnum álitin óhagfeld, þar sem þar af leiði með tímaleingdinni apturför jarðanna, er með þessum hætti ekki verði haft hæfilegt tillit til dugnaðar þess manns, sem fær jörðina til ábúðar, undir hverjum þó sè komið, að jörðin verði vel setin; og að þannig sú hærri festa og eptirgjald, sem með þessu móti feingist af jörðunni, ekki gæti komið í samjöfnuð við þetta vandkvæði; þíngið gat ekki annað en orðið þessu samdóma, og þykist mega fullyrða, að þó það að vísu sè satt, að uppboðið á jörðunum í bráð, stundum auki afgjald þeirra, sè þetta þó í raun og veru ekki nokkur hagnaður, þegar fram í sækir, af því jarðirnar og rækt þeirra missi í að því skapi, og í þetta vandkvæði þykir þínginu meira varið, en í þann viðauka í afgjaldinu, sem af uppboðinu leiðir.

Sama er og álit þíngsins á því atriði í bænarskránni, sem snertir ákvörðun afgjaldsins í eintómum peníngum, í stað þess að allrahæstnefnt kgsbrèf frá 28. Maí 1777 leyfir landsetunum að borga afgjaldið í góðum og gildum landaurum, þar sem landsetar, einkum hinir fátækari, eiga mjög örðugt með í jafnfátæku landi og þetta er, hvar peníngar eru fáir manna á milli, og einúngis fáanlegir hjá verzlunarmönnum, að greiða gjöld sín einúngis í peníngum. Aðrir jarðeigendur hèr heimta þetta ekki heldur af landsetum sínum, en láta meðfram gjalda sèr í ýmsum landaurum, og verða því þeir, sem búa á Yðar Hátignar jörðum, harðara úti í þessu efni, en þeir, sem búa á bændaeignum, en þíngið er sannfært um, að þetta ekki kemur heim við Yðar Hátignar landsföðurlegu tilætlun.

Þíngið er sömuleiðis samhuga í því, að sú ákvörðun, að landseti, ef hann vill fara frá jörðunni, skuli segja henni lausri hálfu öðru ári á undan, megi álítast óhagfeld, og muni koma í bága við hagsmuni hlutaðeigandi landseta, og gat heldur ekki skilið betur, en að svo lángur uppsagnarfrestur sè ónauðsynlegur, eins og hann ekki heldur er samkvæmur landsvenju og landsleigubálks ákvörðunum í því atriði.

En þótt þíngmenn þannig væri á einu máli í öllum þess-

um atriðum, þegar þau eru skoðuð í sjálfu sèr, kom þó fram, í umræðum þeirra um málið, meiningamunur um það, hvort þingið mætti dirfast að senda Yðar k. H. bænarskrá um málið, en meiri hluti þingmanna (13 gegn 10) fann þó þar til yfirgnæfandi ástæðu; en þar endurskoðun og lagfæring á landsins hingað til gildandi búnaðarlögum er í undirbúningi, og vel á veg komin, og það mál, sem hèr ræðir um, eptir eðli sínu heyrir undir landsleigubálk, svo varð meiri hluti þingmanna (12 gegn 11) á því, að ekki hæfði að biðja um sèrstakar ákvarðanir í máli þessu, heldur einúngis um, að tillögur og uppástúngur þingsins yrðu teknar til greina, þegar landbúnaðarlögin yrðu undirbúin.

Þannig leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast að bera það upp við Y. k. Hátign:

að tillögur og uppástúngur þingsins í þessu máli megi verða teknar til greina í frumvarpi því til nýrra landbúnaðarlaga fyrir Ísland, sem nú er í vændum.

Th. Sveinbjörnsson. Th. Jonassen.

Því næst var fundi slitið.

---

## 30. Júlí — tuttugasti og fjórði fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykt.

Forseti lagði fram til undirbúnings-umræðu nefndarálit um konúnglegt frumvarp til tilskipunar um nýjan jarðadýrleika á Íslandi.

Tók framsögumaður, kammerráð Melsteð, við álitsskjalinu og las það upp, svo hljóðanda:

### NEFNDARÁLIT.

um konúnglegt frumvarp til tilskipunar um nýjan jarðadýrleika á Íslandi.

Hið virðulega alþing hefir kjörið oss hèr undirskrifaða í nefnd, og falið oss á hendur að rannsaka og segja álit vort um frumvarp til tilskipunar um nýjan jarðadýrleika á Íslandi, og leyfum vèr oss því að gjöra álit vort um tèð frumvarp uppskátt á þessa leið:

Nefndin ætlar að verk það, sem stjórnin hefir í hyggju að láta framkvæma, að setja nýjan dýrleika á allar jarðir á Íslandi, sè eitthvert hið mesta vandaverk, og hún heldur því,

að vandlega beri að yfirvega aðferð þá, með hverri verki þessu verði sem heppilegast framgeingt, því undir aðferðinni, eður því, hvað rètt og hentug hún er, mun það verða komið, hvernig jarðamatið heppnast. Nefndin hefir því álitið það skyldu sína, að yfirvega vel og grandgæfilega öll þau atriði, sem hèr að lúta.

Þessi yfirvegan hefir leidt nefndina til þeirrar sannfæringar, að frumvarpsins grundvallarreglur sèu þær hagfeldustu, sem fundnar verða. Þessar grundvallarreglur, sem eru svo að segja aðalkjarni frumvarpsins og undirstaða verks þess, sem eptir því á að framkvæma, eru: 1. Að jarðamatið skuli gjörast af nákunnugum mönnum í hverri sveit. 2. Að allar jarðir skuli virða til peningaverðs, og 3. Að eptir að peninga verðhæð alls jarðagózins í landinu er fundin, og búið er að komast niður á, hvaða hundraðatala verður hæfileg yfir allt landið, þá verði settur dýrleiki, að hundraðatali, á hverja jörð.

Um þessar aðalreglur frumvarpsins vill nú nefndin leyfa sèr að fara nokkrum orðum, áður en hún fer að ræða um frumvarpið og ástæður þess, og gjöra við það athugasemdir sínar.

Nefndinni þykir það þá fyrst einkar vel til fallið, að nákunnugir menn, í hverjum hrepp, skuli starfa að jarðamatinu, í stað þess að áður hefir verið leitað skýrslna um jarðirnar, gæði þeirra og peningsfjölda þann, er á þeim má framfleyta, af sögusögn ábúenda, annaðhvort embættismönnum eða nefndarmönnum, sem í skyndi hafa ferðazt um landið. Það liggur bæði í augum uppi, og er líka sannað með reynslunni, að slík jarðamats aðferð hlýtur að misheppnast, og hefir líka jafnan misheppnazt til þessa; því skýrslur ábúenda verða ætíð óáreiðanlegar, og ókunnugir menn geta ekki leiðrètt þær, eða bætt úr brestum þeirra. Vèr viljum ekki útlista þetta frekar, þar sem allir hafa það viðurkent, og vèr getum í því efni skírskotað til þess, sem um þetta er ítarlegar sagt og tekið fram í álitsskjali embættismanna-nefndar þeirrar, sem næstliðið ár átti fund með sèr í Reykjavík; því álitsskjal þetta höfum vèr haft að láni frá konúngsfulltrúanum.

Hin önnur aðalregla frumvarpsins, að allar jarðir í landinu skuli meta til peningaverðs eptir gæðum þeirra, virðist nefndinni líka vera hagfeldust; því þó nefndinni þyki fullhart til orða tekið í ástæðunum, þar sem sagt er, að embættismanna-nefndin hafi verið „á raungum vegi“, þegar hún hefir talið víst, að

menn hèr í landi mundu hafa nokkurskonar almenna vitund og glöggva sjón á því, hvert hundraðatal væri hæfilegt á hverri jörðu, þá viðurkennir hún samt, að peninga verðhæðin er hinn einasti áreiðanlegi mælikvarði, með hverjum finna megi þann rètta innbyrðis jöfnuð millum allra jarða í landinu; því þó nefndin sè sannfærð um, að þeir menn, er kjörnir munu verða til að gjöra jarðamatið, hafi svo næma tilfinníngu og glöggva sjón, að þeir geti ákveðið hæfilegan dýrleika jarðanna svo, að þeir t. a. m. mundu hækka hundraðatalið á flestum jörðum í Múlasýslum og annarstaðar, þar sem það, yfir höfuð að tala, er nú of lágt, og aptur lækka hundraðatal flestra jarða í Skagafjarðarsýslu, og á gamla stólgózinu í Árnessýslu, þar sem það er of hátt, þá er þó hitt yfir höfuð að tala víst, að peningaverðið verður hentugast og áreiðanlegast til að jafna þær ójöfnur, sem nú eru á jarða-dýrleikanum, bæði í hverri sveit um sig, og í öllum hèruðum landsins. Peníngar eru sá almenni mælikvarði, við hvern verð allra hluta er miðað, og á þenna mælikvarða líta allir rèttsýnir eins; en um hitt, hvert meðalhundrað sè hæfilegast, og hver þar eptir sè sá rètti dýrleiki hverrar jarðar sèr í lagi, um það getur aptur jafnvel skynsama og rèttsýna menn greint töluvert á.

Það hefir komið til yfirvegunar í nefndinni, að sameina mætti hvorutveggju aðferðina, bæði að virða jarðirnar til hæfilegs hundraðadýrleika og til peníngaverðs. Ættu þá virðíngarmennirnir fyrst að virða jörðina til svo margra hundraða, sem þeim eptir gæðum hennar þækti vera rètt og hæfilegt, og síðan til peníngaverðs; en þegar búið væri að virða allar jarðir í einum hrepp til peninga, og finna, hvert meðalverð væri á jarðarhundraði hverju í sveitinni, að setja þá á hverja jörðu það hundraðatal, er samsvara þækti þessu peníngaverði. En þegar nefndin hafði ítarlega hugsað þessa aðferð og afleiðíngar hennar, gat hún ekki á hana fallizt; því annaðhvort mundi hvorutveggi aðferðin leiða til ens sama, en þá yrði ekkert gagn að matinu til hundraða, eða, ef hvor aðferðin um sig vildi leiða til mismunandi virðíngar eður mats á jörðinni, þá mundi virðíngin til peníngaverðs verða látin sitja í fyrirrúmi, af því hún mundi þykja nákvæmari og áreiðanlegri; og flýtur þetta einnig eðlilega af þeirri þriðju aðalreglu frumvarpsins, sem ætlast til, að loksins verði skipt allri peníngaverðhæð jarðagózins með því hundraðatali, sem hæfilegt virðist á öllu

jarðagózi í landinu, og að þannig verði sá hæfilegi dýrleiki eða hundraðatal hverrar jarðar fundið. Hin margbrotnari aðferð mundi líka fremur villa sjónir fyrir virðingarmönnum, en hin einfaldari, án þess að greiða veg fyrir áreiðanlegra mati jarðanna. Nefndin hyggur því, að affarabezt muni verða að fylgja frumvarpinu í þessu efni, það er að skilja: að virða jarðirnar einúngis til peníngaverðs; því á þann veg ná menn bezt tilgángi jarðamatsins á einfaldasta og óbrotnasta máta: en hann er, að á sèrhverri jörð verði svo sanngjarn dýrleiki, sem næst verður komizt, að þær hinar ofdýru jarðir lækki að hundraðatali, að hinar aptur hækki, sem of lágt eru metnar, en þær, sem rètt eru metnar, standi í stað. Vèr viljum skýra þetta með einu dæmi. Jörð nokkur er nú 60 hundr. að dýrleika, en er í raun og veru ekki betri en sanngjarnlega metin 20 hundr. jörd. Verði nú, sem líklegt er, slík jörð metin á 1000 rbd., og verðið á meðalhundraðinu á 50 rbd., verður jörðin eptir þessu peníngamati einmitt 20 hundr. jörð, eins og hún á að vera. Önnur jörð er nú ekki nema 10 hundr., en er eins góð og meðalmáta 20 hundr. jörð; hún verður einnig virt 1000 rbd., og verður þannig eptir meðalverðinu hækkuð til 20 hundr., eins og vera ber. Nefndin hyggur því, eins og áður er á vikið, að það muni verða affarabezt og villuminnst, að jarðirnar verdi einúngis metnar til peníngaverðs, eins og í frumvarpinn er ákveðið.

Hvað nú hinni þriðju aðalreglu frumvarpsins viðvíkur, að ekki verði sett hundraðatal eður dýrleiki á hverja jörð, fyrr en eptir það að búið er að finna peníngaverð alls jarðagózins í landinu, og hvert hundraðatal að sè mátulegt á því yfir höfuð, þá skilst nefndinni ekki betur, en að þessi regla sè að öllu vel til fundin, og að hún sè í rauninni sú eina, sem fylgja megi, svo að vel fari og skipulega skuldsetníng jarðanna; því fyrst eptir það að allt jarðagózið í landinu er metið til peníngaverðs, verður auðið að sjá, hvaða verð verði á meðalhundraðinu; þá sèst og einnig fyrst, hvað mörg jarðarhundruð verða dýrari, hvað mörg eins dýr, og hvað mörg ódýrari, en meðalhundraðs-verði nemur. Allt þetta getur einúngis það stjórnarráð sèð og fundið, sem fær allar jarðamátsbækurnar í hendur; og þetta mikla og vandasama verk, er einnig einúngis vinnandi fyrir stjórnarráðið, sem eittsaman hefir til þess nægan tíma, dugandis menn og nóg áhöld. Þó verður nefndin að

vera á því, að senda eigi alþingi til yfirskoðunar jarðamatsbókina, sem setur að lokum dýrleikann eður hundraðatalið á sèrhverja jörð í landinu, ásamt lagafrumvarpi því, sem ætlazt er til að löggildi hana; því bera má svo til, að hvað vel sem verk þetta er vandað, verði þó á því einstöku misfellur, sem þeir alþingismenn fái sèð, sem jörðunum eru gagnkunnugir, þar sem það þar hjá ræður að líkindum, að flestir þeirra hafi unnið að jarðamatinu í einum eða fleiri hreppum í þeim sýslum, þaðan þeir eru, og að þannig verði vegur greiddur til að fá bætt úr hinum áminnztu misfellum, en það hlýtur bæði að vera stjórninni og þjóðinni mjög áríðanda. Þetta atriði álítur nefndin svo mikils umvarðanda, að hún ætlar að bera upp um það uppástúngu.

Eptir að nefndin nú þannig stuttlega hefir rædt um grundvallarreglur þær, sem frumvarpið er bygt á, og eptir hverjum jarðamatið á fram að fara, viljum vèr nú hugleiða enar einstöku greinir frumvarpsins.

Vèr getum ei annað en álitið það vel til fallið, sem ákveðið er í annari grein um, að sýslumenn skuli vera fyrir störfum virðingarmanna, en eiga þó ekki atkvæðisrètt, og skírskotum vèr í því tilliti til röksemda þeirra, sem teknar eru fram í ástæðunum. Það hefir komið til umtals í nefndinni, hvort ekki væri betra að breyta orðunum, „í hinum næstu hreppum þar í kríng“, þannig, að í stað þeirra væri sett, í hinum næsta hrepp; þar eð af þeirri reglu, sem frumvarpið fyrirskipar, mundi geta leidt, þar sem svo á stendur, að margir hreppar í stórum og breiðum hèruðum liggja hver í kríngum annan, að sýslumaður gæti látið sömu mennina starfa að jarðamatinu í 4 eða máske 5 hreppum, ef honum þæktu þeir vera auðveldir og sèr fylgisamir í áliti og meiningum; en nefndin hefir þó hlotið að aðhyllast þá meiningu, að betra mundi vera að halda orðatiltækjum frumvarpsins, og fylgja þeirri reglu, sem það ákveður; því bæði verða þeir menn, sem meta jarðirnar í öðrum hreppum, ætíð fyrri en hinir, sem valdir eru í hreppnum sjálfum; ekki stendur heldur svo á í mjög mörgum sveitum, að hreppar liggi svo í hríng hver um annan, að sömu virðingarmenn verði teknir úr einum hrepp í marga, og sèu þó „úr næstu hreppum“; má og ætla það sýslumönnum, að þeir því að eins láti sömu menn vinna að jarðamatinu í fleir-

um en tveimur hreppum, að þessir menn taki öðrum fram að greind, kunnugleika, nærgætni og hyggindum.

Í þriðju grein hyggur nefndin að skjóta ætti inn í orðinu, „sanngjarnlega“, milli orðanna, „jarðir“, og, „verða“. Það ber opt við á Íslandi, og hefir opt borið við, að jarðir eru seldar og keyptar miklu hærra verði, en gæðum þeirra svarar; og að þær annaðhvort í svo lángan tíma áður hvorki hafa farið að kaupum eða sölum, að ekkert tillit verður haft til verðs þess, sem þá var fyrir þær gefið, ellegar þær hafa aldrei áður verið seldar, eins og t. a. m. sumar þær jarðir, er konúngur hefir átt, og eru nú ekki seldar alls fyrir laungu. Að þær þannig hafa verið keyptar fyrir meira verð, en samsvarar gæðum þeirra, getur komið af mörgum orsökum, svo sem keppni eður neyð kaupanda, af því hann hafði svo miklar mætur á jörðinni, eður fýsn á að komast að henni, að hann vildi gefa fyrir hana meira, en nokkur annar mundi bjóða eður hvað hún er verð í rauninni eptir gæðum sínum, og fleiru þesskonar. Þar sem nú er við því að búast, að sumir virðíngarmenn, ef til vill, kynnu að fara fremur eptir því, hvernig slík jörð hefir verið seld næst á undan, en réttu hófi gegnir, þá hyggur nefndin að bezt sé að benda, strax í löggjöfinni, á þá aðalreglu, sem í erindisbréfi virðíngarmannanna nákvæmar verður ákveðin, með því að skjóta inn í frumvarpið orðinu, „sanngjarnlega“, sem ljóst og greinilega bendir til þess, sem frumvarpið annars ætlast til, að jarðirnar séu metnar til peníngaverðs eptir gæðum þeirra, en ekki farið eptir því, þó hún af einhverjum orsökum hafi verið seld og keypt máske miklu hærra, en þeim svarar. Eins ber það einnig opt að á hinn bóginn, að ein jörð er seld við mikið lægra verði, en samsvarar gæðum hennar, annaðhvort af tilhliðrunarsemi seljanda og sérlegri velvild við kaupanda, ellegar af neyð seljanda og sérplægni kaupanda, eður öðrum slíkum orsökum. Þegar svo stendur á, má ei fara eptir kaupverðinu, heldur gæðum jarðarinnar, við mat hennar.

Milli þriðju og fjórðu greinar frumvarpsins hyggur nefndin að skjóta ætti inn í nýrri grein, er þannig mætti orða:

Til að rannsaka mat jarðanna skal sýslumaður ásamt prófasti kveðja til 5 af þeim mönnum, sem unnið hafa að téðum starfa þar í sýslu, og skal hann kveðja þá menn til fundar einn hinn fyrsta dag í Ágústmán. á hentugum stað.

Menn þessir skulu sverja sýslumanni sama eið, og áður er sagt um virðingarmennina. Skulu þeir ekki að eins leiðrètta villur þær, er á kynnu að hafa orðið við matið, heldur og dæma um aðfinníngar þær, sem fram eru komnar gegn virðingar-verði jarðanna, og skal sýslumaður stjórna gjörðum þeirra og leiðbeina þeim, en þó ekki hafa atkvæðisrètt við úrskurðinn. Ef nokkur af þessum mönnum hefir áður átt þátt í virðíngu jarðar þeirrar, sem þræta er um, skal hann frá hverfa, meðan úr þrætunni er skorið, og svo einn af hinum, er sýslumaður tekur til; skulu þá hinir þrír leggja úrskurð á málið.

Nefndinni virðist þessi grein eiga eins vel heima í frumvarpinu, eins og 2. greinin um virðíngarmenn, og 4. grein, sem nú er, þar sem það er tilgreint, hvern þátt rentukammerið eiga skuli í jarðamats-verkinu; erum vèr nefndarmenn því fremur á þessu, sem 4. greinin, sú sem nú er, ætlast til að rentukammerið gefi bæði rannsóknarmönnunum og virðíngarmönnum þær reglur, sem þeir eigi að fylgja við rannsókn virðíngargjörðanna; og 5. grein ákveður þá borgun, er þeir eiga að hljóta fyrir starfa sinn. Það virðist því tilhlýðilegra eptir rèttum hugsunar-reglum, að rannsóknarmannanna sè getið í frumvarpinu áður. Starfi rannsóknarmanna er einnig svo verulegur partur jarðamatsverksins, að hans virðist eiga að vera getið í sjálfri löggjöfinni; aptur virðist það eiga síður við, að geta ekki rannsóknarmannanna fyrr en í erindisbrèfi því, sem rentukammerið semur handa þeim.

Borgun sú, sem 5. grein ætlar virðíngarmönnum og rannsóknarmönnum, ætlar nefndin að sè heldur lítil. Hún stíngur því upp á, að borgun þessi sè ákveðin með 1 rbd. 32 sk. fyrir dag hvern; því þegar litið er til þess, að til virðíngarmanna og rannsóknarmanna muni verða teknir þeir einir bændur, sem beztir eru og skynsamastir, eptir því sem völ er á, þá er 1 rbd. ekki of mikil borgun fyrir sjálfa þá dag hvern, en 32 sk. ættu þeir þar að auki að fá daglega fyrir hestinn, er þeir leggja sèr til ferðarinnar. Borgun sú, sem ákveðin er handa sýslumönnum, þykir nefndinni hæfileg, en leggur það þó til, að tekið sè fram í erindis-brèfum þeirra, að þeir riti ókeypis eptirrit þau af virðíngargjörðar-bókinni, sem ætlazt er til í ástæðunum að þeir afhendi presti og hreppstjóra í hverjum hrepp.

Í því atriði er nefndin ástæðunum samdóma, að ekki eigi mjög smásmuglega að tilgreina í erindisbrèfi virðíngarmannanna sèrhvert smáatriði, sem þeim beri að gæta við jarðamatið; því það getur, ef til vill, fremur vilt sjónir fyrir þeim, en leiðbeint þeim á rètta leið, eða haldið þeim stöðugt á henni. Sumir menn, enn þótt greindir sèu og skynsamir, eru þó, því er það, svo gjörðir, að þeir festa fremur sjónir á smáatriðum, og eru fastir við þau, heldur en hin, sem eru mikilvægari og ættu að vera í fyrirrúmi. Væri öll smáatriði til tínd og talin, ásamt höfuð-atriðunum eða innan um þau, mundi hætt við, að mörgum yrði að gæta ekki, sem skyldi, mismunar þess, sem milli þeirra er. Það virðist því eiga bezt við, eins og í ástæðunum er gjört, að benda virðíngarmönnum til þeirra höfuðatriða, sem þeir eiga einkanlega að taka til greina við jarðamatið, og eins til hinna, sem þeim byrjar að varast, svo ekki hækki virðíngar-verð jarðanna, eður lækki, fremur en vera á. Þessum atriðum ætti að skipa í höfuð flokka eptir eðli sínu, og telja svo með hverjum flokknum þau helztu smáatriði, sem til hans heyra. Þannig ætlum vèr, að því verði bezt komið saman, sem mest ríður á, bæði að binda virðíngarmennina að nokkru leyti við ákveðnar höfuðreglur, og þó á hinn bóginn láta þá eiga frjálst á, að ákveða það innan vissra takmarka, er þeim virðist rèttast vera og sanngjarnast, að yfirveguðum öllum atvikum og kríngumstæðum.

Af ástæðum þeim, er vèr höfum hèr að framan talið, ráðum vèr alþíngi til að mæla allraþegnsamlegast fram með því:

1) Að frumvarpinu verði veitt lagagildi þannig:

*a.* að inn í þriðju grein verði skotið orðinu, „sanngjarnlega“, milli orðanna „jarðir“, og „verða“.

*b.* að á eptir þriðju grein frumvarpsins verði bætt nýrri grein, sem þá yrði hin fjórða í tölunni, þannig hljóðandi:

Til að rannsaka mat jarðanna skal sýslumaður ásamt prófasti kveðja til 5 af þeim mönnum, sem unnið hafa að tèðum starfa þar í sýslu, og skal hann kveðja þá menn til fundar einn hinn fyrsta dag í Ágústmán. á hentugum stað. Menn þessir skulu sverja sýslumanni sama eið og áður er sagt um virðíngarmennina. Skulu þeir ekki að eins leiðrètta villur þær, er á kynni að hafa orðið við matið, heldur og dæma um aðfinníngar þær, sem fram eru komnar gegn virðíngar-verði jarð-

anna, og skal sýslumaður stjórna gjörðum þeirra og leiðbeina þeim, en þó ekki hafa atkvæðisrètt við úrskurðinn. Ef nokkur af þessum mönnum áður hefir átt þátt í virðingu jarðar þeirrar, sem þræta er um, skal hann frá hverfa, meðan úr þrætunni er skorið, og svo einn af hinum, er sýslumaður tekur til; skulu þá hinir þrír leggja úrskurð á málið.

*c.* að borgunin til virðingarmanna og rannsóknarmanna, eptir fimtu grein frumvarpsins, sè ákveðin til 1 rbd. 32 sk. fyrir dag hvern, í staðinn fyrir 1 rbd.

2. Að jarðamats-bókin yfir allar jarðir í landinu verði send alþingi til yfirskoðunar, um leið og frumvarp það, er á að lögleiða hana hèr á landi, verður lagt fyrir þingið til ráðaneytis.

Reykjavík, 27. dag Júlímánaðar 1847.

Hannes Stephensen. P. Melsteð. J. Guðmundsson.
Th. Sívertsen. G. Vigfússon.

Framsögumaður: Nefndin hefir fyrst yfirfarið og hugleidt aðalgrundvallarreglur þær, sem frumvarpið inniheldur, og fundið þær í öllu tilliti svo hagfeldar, að eg vona, að þingið muni fallast á þær. Því næst hefir nefndin skoðað frumvarpið, og stúngið upp á einstöku breytíngum við það, og gjöri eg helzt einnig ráð fyrir, að þingið, í öllum áríðandi atriðum, muni fallast á hvorutveggja. Loksins hefir nefndin gjört nokkrar athugasemdir við ástæðurnar fyrir frumvarpinu, og þær reglur, sem eptir þeim munu gefnar verða virðingarmönnum þeim og rannsóknarmönnum, er vinna eiga að jarðamatsverkinu. Þessar reglur hefir nú nefndin yfir höfuð að tala fundið vel til fallnar, en eg gjöri þó helzt ráð fyrir, að þær muni finna nokkrar mótsagnir hjá þingmönnum. En nefndin skal nú, á milli þess sem málið er rædt í þetta sinn og ályktarumræðu, taka þær til yfirvegunar; og geta þær þá komið inn í álitsskjal þingsins, ef þingmönnum þykja þær þess verðar, að á þær sè fallizt. Loksins skal eg geta þess, að eptir eðli og ásigkomulagi þessa máls mun það bezt henta, að þingmenn áskilji sèr atkvæði í tilliti til þeirra breytínga, er þeir gjöra vilja við frumvarpið; en í tilliti til þeirra athugasemda, er þeir gjöra vilja við ástæðurnar eður reglurnar, sem virðingarmennirnir eiga að fylgja við jarðamatið, held eg þess ekki við þurfa, því þær geta samt sem áður tekizt til greina í álitsskjali þingsins.

Að síðustu vil eg geta þess að einn nefndar-manna áskildi sèr, þegar hann skrifaði undir nefndarálitið, að koma fram með athugasemdir gegn því.

Kandíd. Jón Sigurðsson: Það hefir opt verið sagt, að stjórnarráðin ímynduðu sèr Ísland eins og hólma, sem fara má yfir á hálfum degi, og hugsuðu þess vegna, að mikilvæg störf gæti farið hèr fram á stuttum tíma; en aldrei held eg þetta hafi lýst sèr betur, en á þessu máli, þar sem stjórnin hugsar að búa til jarðamat yfir allt land með einu einföldu reikningsdæmi, viðlíka einföldu eins og að skipta 8 með 4. Rentukammerið segir, að hèr eigi að meta allar jarðir til peningaverðs, leggja síðan allt verðið saman, og skipta svo með hundraðatali því, sem rentukammerið sjálft ætlar vera sanngjarnlega lagt á landið. Þetta kalla eg býsna djúpt tekið í árinni; eg kalla það að reikna út jarðabók yfir heilt land með einu reikningsdæmi. Þegar einhver uppástúnga er gjörð, um að koma fram einhverju fyrirtæki, hversu litlu sem er, þá er optast fyrsta spurning: hvað kostar þetta? En hèr heyri eg hvergi kostnaði hreift, hvorki í frumvarpinu nè nefndar-álitinu. Þegar annað eins fyrirtæki og þetta er fyrir hendi, þegar á að breyta dýrleika á jörðum, sem hefir staðið, yfir höfuð að tala, óbreyttur síðan tíund var fyrst leidd hèr í lög, þá mega menn þó fljótt sjá, að slíkt er ekkert áhlaupaverk. Jarðamats breytingin grípur inn í nær því allar greinir; hún grípur inn í eignar-rèttindin, í skattgjaldslögin, í jarðyrkjuna, o. fl. Allir sjá því, að jarðamat er hið mesta vandaverk. En því framar er ástæða til, að hugsa nákvæmlega þetta mál, sem stjórnin hefir tvisvar reynt að búa til jarðabók yfir landið, og tókst ekki betur en svo, að í fyrra sinni fèkkst lýsing á jörðunum í flestum sýslum, en engin jarðabók, en í seinna sinni fèkkst reyndar jarðahók, með kostnaði, sem mun hafa stappað nærri 20,000 dala, en af jarðabók þessari hefir ekki ein lína orðið að notum.

Það liggur næst fyrir, að hugsa um, hvort nú sè rèttur tími til að stofna nýtt jarðamat. Eg held, að allir verði að játa, að til þess sè mjög óhentugur tími, eins og nú stendur á, þó eg fúslega játi, að ójöfnuður sè töluverður á jarðadýrleikanum, eins og hann er. Rentukammerið segir í ástæðunum, að það hafi teingt saman verzlunarmálið og skattamálið; mèr finnst liggja allbeint við, að taka þetta svo, sem rentukammerið ætlist til, að sjá fyrir endann á skattamálinu, áður en verzl-

unarfrelsið kæmist á; en jarðamatið ætti þá að vera fyrirrennari skattamálsins. Að teingja saman þessi tvö mál, skattamálið og verzlunarmálið, sýnist mèr líta svo út, sem rentukammerið vildi ráða til að selja oss verzlunarfrelsi fyrir skatta; en þetta er máske ekki fullvíst enn, enda er það og óþarfi að fara svo að, því stjórnin þarf ekki að óttast, að landsmenn muni tregðast við að borga þá skatta, sem krefjast til þess, að landið beri sig sjálft, þó verzlunarfrelsi feingist áður. Það væri og auðsjáanlega hin rètta aðferð, að koma verzlunarfrelsinu fyrst á, og síðan taka skattamálið, annaðhvort með jarðamati eður öðruvísi. Verzlunarfrelsið hlýtur að hafa þau áhrif á verð alls varnings hèr á landi, á afla þann, sem af jörðunum fæst, og annað fleira, að jarðamat, sem nú væri gjört, hlyti að verða öldúngis ónýtt eptir 20 ár. Ásigkomulagið er einnig hið óheppilegasta: nú er fyrst að lifna hjá mönnum áhugi á að bæta jarðir sínar, en þar á móti hafa menn eingar ljósar hugmyndir um slík störf, sem þessi. Þegar þannig stendur á, þá má ekki hrekkja menn, eða gjöra þá hrædda; en hèr er hætt við að svo fari, að það verði gjört, því eg óttast, að mönnum hætti við að taka jarðirnar eins og þær eru, og þegar einhver hefir bætt jörð sína, þá verði þær bætur teknar og virtar með; en þegar svo stæði á, þá verður dugnaður og atorka mönnum til tjóns, þvert á móti því, sem rèttvíst er og nauðsynlegt, eigi nokkru slíku fram að fara. Þegar menn nú játa um leið, að jarðamatið geti ekki staðið leingi (enda mun það og fara svo: því þó gjöra mætti ráð fyrir, að allt væri jafnt það ár, sem jarðamatið kemur á, þá yrði ekki 10 ár liðin, áður ójöfnuðurinn kæmi í ljós), þá munu þeir, sem verða fyrir halla, einmitt sökum jarðræktar sinnar, hugsa svo fyrir, þegar fer að líða undir annað jarðamat, að jarðir þeirra verði ekki metnar eins hátt og áður; með iðuglegu jarðamati geta menn því einmitt skemt allar jarðabætur. Sumir kunna að segja, að þetta sè að gjöra ráð fyrir mönnum verri en þeir eru; en dæmin sýna bezt, og munu sýna, að þannig kunna margir að vera skapi farnir, því flestir munu vera svo lyndir, og ekki sízt í slíkum efnum, að þeir unna sínu gagni mest.

Eg sè ekki, að jarðamat sè svo áríðanda nú þegar, að því megi ekki fresta. Það er að vísu satt, að hundraðatala jarðanna er misjöfn; en menn gjöra sèr of miklar vonir, ef menn hugsa, að þessi aðferð, sem hèr er ætluð, muni taka af allan

ójöfnuð; það sýnist svo, sem hèr falli jafnt á alla, en það er ekki reynt enn. Eg sè ekki betur, en að leggja mætti á tekjur jarðanna skatta þá, sem á fasteignina kynni að falla, eða að taka mætti af mestu ójöfnurnar með því, að meta upp þær jarðir, sem mestur ójöfnuður væri á, eptir beiðni hlutaðeigandi bænda eður tíundatakenda; því auðsætt er það, og það er eitt aðalatriði í þessu máli, að það er ekki svo mjög komið undir hundraða-hæðinni, eða undir því, að matið sè hátt eða lágt, eins og undir hinu, að það sè allstaðar jafnt.

En væri nú samt sem áður hugsað til, að láta fara fram nýtt jarðamat um allt land, þá þyrfti að skoða ítarlega margskonar aðferð þá, sem hafa mætti, og sýna galla þeirra og kosti. Þessu ríður því meira á, þegar á að meta til peningaverðs, þar eð einginn hefir hugsað um þesskonar virðíng hingað til hèr á landi, heldur hefir öllum verið föst í hug hin gamla virðíng til hundraða í landaurum, sem fyrr hefir verið höfð hèr á landi, án þess gjörður sè munur á sjó eða landafla, eða sjáfar-jörðum og landjörðum, heldur hvorutveggja sleingt saman. Eg skal ekki fjölyrða um, hverjir gallar á þessu eru, en peníngavirðíngin getur líka orðið ýmisleg. Hún getur orðið á þann hátt, sem rentukammerið hefir stúngið upp á, en upphæðin gæti samt orðið breytileg, eptir því, hver hundraðatala rentukammerinu sýndist vera við landsins hæfi. Yrði t. a. m. verð allra fasteigna 3 milliónir dala, þá yrði mikill munur á dýrleikanum við það, hvort tekin væri, til að m. 48,000 hundr., sem hæfileg hundraðatala, eins og talið var í jarðbók 1801—1805, eða tekin væri 80,000 hundraða. Peníngavirðíngin getur einnig orðið á þann hátt, að ekkert tillit sè haft til hins einstaklega, heldur sè peníngamatið eins og verðlagsskrá, sem geingi yfir allt land, eins og rentukammerið vill, eða hún getur verið þannig, að hún gángi yfir hverja sýslu sèr í lagi. Á móti þessari aðferð má reyndar nokkuð finna, en það er auðsær kostur á henni, að hið sèrstaka kemur þar fram eptir ásigkomulagi í ýmsum hèruðum. Hèr er mjög ýmislega ástadt í sveitum: í Skaptafellssýslu, og öðrum fjarlægum hèruðum, þar sem menn eru fjærri kaupstöðum, og eiga þess vegna bágt með að selja afla sinn, er nokkru öðruvísi varið verði hlutanna og jarðanna sjálfra, en t. a. m. í Mosfellssveit, þar sem menn geta náð til kaupstaðar á hverjum degi. Þetta ásigkomulag, sem þó þyrfti að taka til greina, ef rètt ætti að gánga

yfir alla, kemur nú alls ekki fram, hvorki hjá rentukammerinu nè nefndinni, heldur er öllu slegið saman í eitt um allt land. Enn fremur getur maður hugsað sèr virðínguna framkvæmda annaðhvort af hèraðsmönnum einúngis, eins og hèr er stúngið upp á, eða af kommissaríis einúngis, eins og híngað til hefir verið, eða af hvorutveggjum saman, og það ætla eg jafnvel hentugast, því heldur, sem eg þykist viss um, að þar að muni reka, að rentukammerið muni þurfa að fá nefnd til að semja jarðabókina á endanum. Nefndarmenn þessir skyldi þá stjórna verkinu og leggja reglur fyrir, en sýslumenn framkvæma verkið sjálft. Eg hefi áður fyrri hugsað nokkuð um þetta mál, og skal eg leyfa mèr að skýra þínginu frá nokkrum atriðum um það, hversu eg ímyndaði mèr þetta, ekki í því skyni, að eg ætli að mæla fram með því hèr, heldur einúngis til athugasemdar þeim, sem vildi gefa því gaum.

Eg hugsaði mèr þessa aðferð á þann veg: 1, tveir menn væri valdir, sem væri vel undirbúnir, kunnugir landinu og þeim vísindagreinum, sem hèr ríður mest á; þeir ætti að geta ferðazt bæði hèr og í þeim löndum, sem líkust eru þessu landi, til þess að kynna sèr ítarlegar hag lands þessa og annara landa, sem því eru líkust. 2, þessir menn ætti að búa til reglur fyrir nýju jarðamati, eptir að þeir hefði nákvæmlega kynt sèr hinar íslenzku jarðabækur; í þessum reglum ætti skýrt að taka fram þau atriði, sem mest ríður á, þegar ákveða skal verð jarða, en einkum allt það, sem gefur bónda ágóða nokkurn. Þessar reglur ætti amtmenn, rentukammerið og jafnvel alþíng að yfirlíta. 3, Þá taka sýslumenn til starfa, hver í sinni sýslu, eptir amtmannsins fyrirlagi, og sjá um að semja lýsíngu jarðanna eptir reglunum. Með honum ferðast um sýsluna 2 eiðsvarnir menn, sem til þess eru valdir, og hafa laun fyrir. En þar hjá leggur hver hreppur til aðra menn, sem einúngis taka þátt í matinu þar í hrepp, og þarf þeim eingin laun að ætla. 4, Í lýsíngu jarðanna, sem þessir allir semja, þarf nákvæmlega að skýra frá hverri jörð, hjáleigu, tómthúsi, o. s. frv., afstöðu, stærð á túni, eingjum og högum, hlynnindum, kostum, annmörkum, og hversu bæta mætti, einnig fólkshaldi, fjárhöldum, sjáfarútveg, garðarækt, o. s. frv. Þar eptir sè jörðin metin til penínga og tilgreint, ef kostur er á, hvað hún hafi verið seld fyrir. Síðan ætti að senda þetta allt rentu-

kammerinu. 5, Þá gjöri eg ráð fyrir, að þeir menn, sem teknir hefði verið til að stjórna þessu starfi, mundu hafa gjört sèr það ítarlega kunnugt og búið sig undir, einnig með því, að búa sèr til ágrip af hinum eldri jarðabókum, og yfir fólkstölu og fjárhöld m. m. á hverri jörðu um hin seinustu 5—10 ár. Þessir menn skyldi þá setja dýrleika á jarðirnar, og auglýsa síðan á prenti, áður en löggilt væri sú jarðabók. Þetta eru hin helztu atriðin af því, sem eg hefi hugsað mèr.

Þegar nú skal gæta kostnaðarins, þá er það almenn, og eg held góð regla, að sjá fyrir fram nokkuð fram á, hversu mikill hann muni verða; en hèr heyri eg eingan spyrja um það, og eingan hefi eg heyrt svara því. Eg hefi leitazt við að gjöra mèr hugmynd um þetta. Mèr skilst líkindi til, ef nokkurt gagn á að verða í matinu, að ekki verði metnar meira en 5 jarðir á dag. Eptir „jarðatali“ Assessor Johnsens eru hèr á landi alls 5621 jörð. Matið á þeim tæki þá 1124 daga. Til sýslumanns og matníngarmanna gánga daglega hèrumbil 10 rbd. eptir uppástúngu nefndarinnar; þá yrði sá kostnaður 11, 240 rbd. En þar að auki eru matníngar-menn ekki íhaldnir með þessu kaupi, heldur þyrfti þeir að fá 2 rbd. daglega; væri það þá 13 rbd. daglega, eður 14,612 rbd. alls. Yfirskoðanin get eg ekki gjört ráð fyrir að taki minna en 200 daga, það yrði 2000 rbd. eða 2600 rbd. Þá mætti gjöra ráð fyrir að sumstaðar yrði yfirsjónir, og þyrfti að meta upp aptur; þar til gjöri eg ráð fyrir 200 dögum, og kostnaði 2000 rbd. eða 2600 rbd. Nú mun þurfa á endanum að setja nefnd, til að koma á dýrleikanum, en sú nefnd voga eg ekki að segja, hvað kosta muni. Ofan á þenna kostnað bæta nú tillögur bóka, eptirrit og ýmislegt annað, t. a. m. skaðabætur til þeirra, er líða tjón í tekjum sínum við matið, svo kostnaðurinn getur hlaupið hiklaust upp í 18000 rbd. Og hvað er síðan áunnið með slíku jarðamati, sem þetta verður, á óhentugum tíma og í flaustri gjört? — alls ekkert; jöfnuðurinn, sem menn ímynda sèr menn fái, verður hinn mesti ójöfnuður; það verður eins og búin væri til verðlagsskrá, sem ætti að gilda um allt land, en vèr heyrðum nýlega kvartað yfir, og það með ástæðum, að verðlagsskrá geingi yfir eitt amt. Eg ímyndaði mèr, að jarðamat, sem færi fram á þann hátt, sem eg gat um nýlega, mundi kosta 23000 rbd., og verða fullbúið á 8 árum; hèr er að vísu

kostnaðurinn meiri, en eg held hann mundi vinna sig betur upp.

Menn halda, að jarðamat þetta muni komast í kríng á einu sumri. Þetta er bersýnilega ómögulegt. Sýslumenn geta ekki varið til þess heilu sumrinu, þó þeir vildi. Hvernig ætti t. a. m. sýslumaðurinn í Árnessýslu, þar sem eru 562 jarðir, að kasta mati á þær allar á einu sumri, þó aldrei væri nema sterbús-virðíng. Með þessu móti verður allt matið óáreiðanlegt frá upphafi til enda, og verður þó ekki leyst af hendi á svo stuttum tíma, eins og líka hinn háttvirti konúngsfulltrúi sýndi fram á fyrir nokkrum dögum síðan. Eg sè ekki, hvernig það geti komizt í kríng, að nefna virðíngarmenn, fá til gjörðabækur, leysa jarðamatið af hendi, láta aðgjörðir virðíngarmanna liggja mánuð, útkljá öll mótmæli, leiðrètta alla gallana, senda amtmanni og síðan rentukammeri allt verkið, og þetta allt skuli komast í kríng á einu sumri, eða í seinasta lagi áður póstskip fer hèðan veturinn eptir. Með þessari tilhögun þarf jarðamatið mörg ár. Ef ætti að gjöra jarðamat til bráðabyrgða, þá ætti það að vera miklu einfaldara og kostnaðarminna en þetta, og það gæti orðið það. Þá þyrfti ekki 5 menn til jarðamatsins; það væri nóg, að sýslumaður færi í hvern hrepp, tæki eina tvo greinda menn, og lèti þá leggja virðíng á jarðirnar eptir hundraðatali gamla dýrleikans, í viðurvist prests og hreppstjóra, bókaði síðan þessa virðíng, og yrði svo lagaður dýrleiki jarðanna eptir meðalverði jarðarhundraðs í hverri sýslu. Slík virðíng er lausleg, hún er óáreiðanleg; en hún gefur fullkomlega eins sannan jöfnuð og hin, ef hún metur í hverju hèraði eptir því sanna verði, sem þar er. Menn geta svarað, að hún bindi sig of mikið við hèraðið, en hin jafni um allt land; eg svara því, að regla sú, sem í frumvarpinu stendur, nær ekki heldur nema til hèraðsins, að svo miklu leyti sem minni hluti virðíngarmanna geingur að nokkru leyti hrepp úr hrepp; en meiri hluti þeirra er úr sínum eigin hrepp, og allir í hinum fyrsta. Hèr verður því öldúngis eins sín grundvallarregla í hverri sýslu, ef ekki í hverjum hrepp; en um allt land geingur eingin regla, nema dalurinn, sem allir miða við um allt land.

Í sjálfri tilhöguninni eru fáein atriði enn, sem eg vildi drepa á. Eg skil ekki, hvers vegna 3 eiga að vera matníngarmenn í fyrsta hrepp, en 5 í hinum; því mega ekki vera 3

í öllum, eða 5 í öllum? Það er hætt við, að þegar matníngarmenn allir, eða meiri hluti þeirra, eru úr hreppnum, sem meta á í, að þeir meti of lágt; en fyrir þessu er ekkert sèð, og ekki heldur fyrir því, sem mest ríður á, að virðíngin verði jöfn, þar eð meiri hlutinn er ætíð nýr í hverjum hrepp. Að taka nýjan eið af rannsóknarmönnum, sem eiga þó að vera af hinum eiðsvörnu matníngarmönnum, sè eg ekki til hvers á að vera. Að síðustu þykir mèr það mjög ísjárvert, að rentukammerið ætlar sjálfu sèr að ákveða, hversu há hundraðatala landsins eigi að vera.

Af öllu þessu fyrirkomulagi málsins virðist mèr nauðsyn, að sjá sig um hönd, og eg finn mèr þess vegna skylt að bera upp það breytíngar-atkvæði:

Að jarðamatinu verði slegið á frest, þángað til frjáls verzlan er komin í fast horf hèr á landi; en verði það ekki samþykt, þá

Að beðið verði um nýtt frumvarp til næsta þíngs, með fullljósum skýrslum bæði um kostnað, tíma, aðferð og annað, sem þessu fyrirtæki viðvíkur.

Framsögumaður: Þíngmenn mega ekki misvirða það við mig, þó eg geti ekki svarað hverju einu atriði í þeirri laungu ræðu, er sá heiðraði þíngmaður flutti, sem nú settist niður. Það kom upp hjá honum á endanum, af hverri rót það var sprottið, að hann mótmælti svo harðlega því, að jarðamatið feingi nú framgáng, hvað mönnum annars hefði mátt þykja óliklegt. Hann vill ei láta meta jarðirnar, af því hann er hræddur um, að það taki svo lángan tíma, og tefji fyrir verzlunarfrelsinu. En eg held hann þurfi eingan kvíðboga að bera fyrir þessu; eg held miklu fremur, að jarðamatið muni flýta fyrir því. Það er auðvitað, að verzlunarmálið þarf að skoðast frá mörgum síðum, og að á margt þarf að líta, áður en fullkomið verzlunarfrelsi er veitt. Aptur á hinn bóginn er það bæði þjóðinni og stjórninni áríðandi, að jarðamatinu verði komið af, sem fyrst mögulegt er, því allir eru á eitt sáttir um það, að eingri breytíngu verði komið á til hins betra í skattalögum landsins, nema jarðamatið sè geingið á undan; og því getur það í eingu tilliti álitizt vel tilfallið, að mótmæla því nú, að það fái framgáng. Hinn virðulegi þíngmaður sagði, að stjórnin mundi álíta Ísland sem lítinn hólma, sem fljótt yrði yfirfarinn; en eg held henni sè fullkunnugt, hve stór hann er og víðlendur. Hann hefir einnig sagt, að stjórnin ætlaði að fara með jarða-

matið eins og reikníngsdæmi, svo ei þyrfti annað en skipta virðíngarverði jarðanna með hundraðatölunni. Þetta á nú að nokkru leyti vel við, en að nokkru leyti illa. Það er að sönnu satt, að til þess mun vera ætlazt, að jarðaverðinu að síðsetrinu verði skipt með hundraðatölunni; en þess ber að gæta, að jarðaverðið, sem á að skipta, er ekki svo auðfundið, að hún verði allt í einu sett af handa hófi á pappírinn, eins og tölustafir, heldur verður að grundvalla hana á réttu og nákvæmu mati jarðanna, og þetta er ekki eins greitt aðgaungu, eins og að setja upp reikníngsdæmi. Hinn sami þíngmaður hefir einnig fundið að því, að nefndin hafi ekki metið kostnaðinn til jarðamatsins, eða sýnt fram á, hve stór hann muni verða. En það er ómögulegt að meta kostnaðinn fyrir fram, því einginn getur vitað, hvað leingi stendur á jarðamatinu í hverjum hrepp, eða hverri sýslu. Eg hygg það nóg, að kostnaðurinn er fast ákveðinn, og það einkum vel tilfallið, að öllum ferðakostnaðar-reikníngum er útrýmt, því þeir eru laungum viðsjálir. Hinn virðulegi þíngmaður hefir talið til, hve marga daga jarðamatið muni vara í öllu landinu, og eptir því reiknað, að það mundi kosta 18000 dala. En eg held honum skjátlist í hvorutveggju þessu. Hann heldur menn komist ekki yfir að meta meir en 5 jarðir á dag, og að menn verði að ríða á, og skoða hverja jörð; eg held þar á móti, að það megi vel takast að meta allar jarðir í hinum smærri hreppum á einum degi, og í hinum stærri á tveim dögum; og eg held líka, að þeir menn, sem nákunnugir eru jörðunum, þurfi ekki að ríða á þær. Það er að sönnu satt, að jarðamatið grípur á margan hátt inn í réttindi manna, og hefir verkun á skatta þá og opinber útgjöld, sem þeir greiða eiga; en það þarf eingan veginn að standa í vegi fyrir jarðabótum eður hindra þær. Ástæðurnar fyrir frumvarpinu taka það ítarlega og nákvæmlega fram, að virða skuli jarðirnar eptir þeirra náttúrlegu gæðum, og þannig, sem þær eru, þegar þær eru ræktaðar vel í meðallagi; það á því hvorki að hafa tillit til þeirrar níðslu eða óræktar, sem jörðin er í, af því að á henni hefir um stundar sakir setið hirðulaus eða fátækur ábúandi, né þeirra jarðabóta, sem atorkusamur og efnagóður ábúandi, máske með miklum tilkostnaði, hefir komið til vegar. Þetta mun enn nákvæmar verða tekið fram í erindisbréfum virðíngarmanna og rannsóknarmanna. Eg hefi heldur ekki merkt hjá bændum neinn ótta fyrir því, að jarðirnar mundu

verða metnar hærra fyrir jarðabætur þær, sem annaðhvort er verið að vinna að, eða nýlega hafa gjörðar verið, því þeirra heilbrigða skynsemi hefir gjört þeim það ljóst, að stjórnin mundi sjá svo um, að ekki yrðu drepnar niður allar jarðabætur með jarðamatinu. Öðru máli er nokkuð að skipta um þær jarðabætur, sem gjörðar hafa verið fyrir laungum tíma, og hverra ávaxta jörðin hefir leingi notið: þeir eru orðnir verulegur partur af gæðum jarðarinnar, og hafa aukið verð hennar um lángan tíma.

Hinn heiðraði alþingismaður hyggur, að frjáls verzlan muni breyta svo jarðaverði hèr á landi, að jarðamatið verði óáreiðanlegt eptir nokkur ár. Mèr þykja nú eingin líkindi til þess, og eg get því eingan veginn fallizt á hans meiníngu. Verð hlutanna hèr í Íslandi yfirhöfuð, og jarðanna sèr í lagi, mun ei hækka töluvert fyrir það, þó frjáls verzlan komist á, og eg verð að játa, að eg gjöri mèr í hugarlund, að hún ekki muni færa landsbúum hèr þann mikla og fljóta ávinníng, sem sumir kannske meina. Það liggur líka í hlutarins eðli, að verð á innlendum vörum hèr, muni ekki hækka mikið eða bráðum við frjálsa verzlun; því verð þeirra nú fer ei einúngis eptir því, sem það er í Danmörku, heldur eptir verði því, sem vörurnar hafa í þeim stóru verzlunarstöðum í norðurálfunni, og sama er að segja um þær útlendu vörur, er oss verða fluttar. Eins er það með peníngana: þeirra verð er nú fast og stöðugt, og bundið við það, sem verð silfursins er móti vöru í allri norðurálfunni. Það rætist enn á hinum heiðraða alþíngismanni það fornkveðna: að sá, sem sannar of mikið, sannar ekkert. Hefði ræða hans sannað nokkuð, þá væri það það, að jarðamat ætti aldrei að fara fram í Íslandi; því eg vona, að sú lyst, sem nú er vakin hjá mönnum til jarðabóta, aldrei hèðan af muni kafna, og tilraunir til að framkvæma þær, aldrei hætta; og aldrei mun heldur máti sá verða fundinn, sem gjöri allar misfellur við jarðamatið ómögulegar. Þess hefir verið óskað og innilega óskað frá öllum hèruðum landsins, að jarðamatið kæmist á stofn, og alþíngið hefir á margan máta viðurkent það sama. Ef þíngið vildi nú gefa ræðu hins virðulega alþíngismanns nokkurn gaum, kæmi það í bera mótsögn við sjálft sig, og sèr í lagi við atkvæði það, er það gaf fyrir fám dögum, þegar það í einu hljóði bað um, að alþíngiskostnaðurinn ekki yrði borgaður, eins og þá var uppástúngið, leingur en þángað til ný

skattalög væru á komin. En allir sjá, hvað óviðurkvæmilegt það væri, ef alþingið bryti það niður með annari hendi, sem það byggir með hinni, eða mælti móti því í dag, sem það beiddi um fyrir fám dögum. Máti sá til að framkvæma jarðamatið, sem hinn heiðraði alþingismaður hefir drepið á, hefir enn fremur styrkt mig í þeirri sannfæringu, að jarðamats-máti sá, sem frumvarpið fyrir skipar, sè hinn hagfeldasti, sem fundinn verður, og aðalatriðið þar í er, að matið skuli ske af nákunnugum mönnum. Þeir nefndarmenn, sem hann vill að allstaðar skuli ferðast um með virðingarmönnunum, mundu annaðhvort verða til einkis gagns, ellegar þá miklu fremur spilla en bæta. Þeir mundu gjöra jarðamatið miklu kostnaðarsamara, og þar að auki tefja svo fyrir því, að það tæki margfalt leingri tíma, en annars þyrfti. Umferð þeirra í útlöndum mundi verða til einkis gagns, því þar mundu þeir ekki geta lært að meta rètt jarðir á Íslandi; enda mundi hún verða ærið kostnaðarsöm. En þetta ætti nú máske að vinnast upp með því, að virðingarmennirnir, sem að jarðamatinu starfa, ættu að gjöra það ókeypis; en allir sjá, hvað þetta er ósanngjarnt og ótilhlýðilegt. Eg vona, að þingmenn líti framar á það, hvað ræða mótmælandans var grunduð, heldur en hvað hún var laung. Jarðamatið verður aldrei betra, þó því sè slegið á frest, því eg álít það nú til hlítar og svo vel undir búið, sem verður. Eg, fyrir mitt leyti, hefi mest traust til þess, að það muni vel lukkast, af því það á að gjörast af nákunnugum mönnum. Eg hefi opt talað við greinda og skynsama menn um jarðamatið, og ætíð fundið hjá þeim glögga sjón og næma tilfinníngu fyrir því, hvað hverja jörð eptir gæðum hennar ætti að meta að rèttu lagi.

Prófastur Hannes Stephensen: Hinn heiðraði framsögumaður hefir svo greinilega svarað ástæðum þeim, er enn virðulegi þingmaður Ísfirðinga bar upp móti málefni þessu, frumvarpinu og áliti nefndarinnar, að óþarfi mætti virðast fyrir mig að fara um þetta nokkrum orðum, þó verð eg að leyfa mèr að taka fram einstöku atriði, sem framsögumaður gekk fram hjá. Hinn heiðraði þingmaður Ísfirðinga ætlar, að það muni standa jarðabótum þeim í vegi, sem nú er byrjað á, ef farið er að meta jarðirnar, en hvenær á þá að meta þær? jarðabæturnar, vonum vèr, halda áfram um allar ókomnar aldir, og hræddust menn svo mjög hindrun þá, er jarðamatið legði jarðabótunum

í veginn, eins og nú er gjört ráð fyrir að þurfi, mætti alldrei meta þær. Eg er samdóma þingmanninum í því, að óska, að hin alfría verzlan mætti sem fyrst komast á, en hitt skil eg ekki, að hún gjöri þá breytingu á verði jarðanna, sem hann gjörir ráð fyrir; því ef alfría verzlunin vinnur ætlunarverk sitt, að auðga, og þannig hækka verð jarðanna, þá er henni ætlandi að auðga alla, og þá einnig hækka verð allra jarða. Hvað áætlunarreikningum hans viðvíkur um kostnað þann, sem leiða muni af jarðamatinu, vilda eg helzt leiða hann hjá mèr, því eg játa, að það er ekki mitt meðfæri að bera hann saman við það, sem hann leiðir út af frumvarpinu; en það sè eg, að þeir 5000 rbd., sem hann játar, að jarðamats-aðferð sú, er hann stíngur upp á, kosti meira, en eptir því sem hann gjörir ráð fyrir að jarðamatið kosti eptir frumvarpi stjórnarinnar, eiga að vinnast aptur í hæfilegleikum þeim, er hinir 2 jarðamatsnefndarmenn, sem hann bendir á, mundi afla sèr með utanlandsferðum; ekki gat hann um, hvar þeir ættu að ferðast til að læra að meta jarðir í Íslandi, mèr dettur í hug Norvegur og Svíþjóð, en hvorutveggi eru lönd þessi þó of ólík Íslandi til að læra þar þetta. Þar sem hann gat þess, að jarðir þær, sem fjærst liggja kauptúnum, mundi verða lægra matnar, en aðrar jafngóðar nærri kauptúnunum, þá ætla eg með honum, að svo muni fara, en líka að svo eigi að fara, því eptir því er jörðin meira verð, sem ágóði hennar verður af þessum eða öðrum kríngumstæðum hærri.

Ásgeir Einarsson: Þó það hafi stundum borið til á þessu þíngi, að einhver uppástúnga hafi verið borin upp, sem mjög illa hefir þókt eiga við, hafa margir gjörzt til að bæla hana niður, hver sem átt hefir í hlut. Þannig vona eg, að fari um það, sem ekki á vel við í ræðu ens heiðraða þíngmanns. Enginn mun ætla honum, að meiníngar hans sè sprottnar af neinum illvilja; en þó hann skoði mál þetta á annan veg, en reyndir og skynsamir embættismenn og bændur, sem alið hafa mestan eða allan aldur sinn á landi hèr, er ekki að furða, þar reynslan hefir ekki getað innprentað honum eðli þess á sama hátt og þeim.

Þeir 2 heiðruðu þíngmenn, er næst mæltu, hafa minnzt á flest atriði áminnztrar ræðu, þó verð eg að minnast á það, er sá heiðraði þíngmaður sagði, að rentukammerið hefði teingt saman verzlunarmálið og skattamálið, og skildist mèr að hann

hèldi, að þetta mundi seinka fyrir verzlunar-frelsinu, en það er aðgætanda, að skattamálið verður töluvert misfara við jarðamatið, og held eg að mikil líkindi sèu til, að búið yrði að leggja einhvern úrskurð á verzlunarmálið, um það að skattamálið yrði lagt fyrir alþíng; en þó eg haldi, að tollur á frjálsa verzlun yrði ekki lagður á mjög hár, þækti mèr vel tilfallið að verzlunarmálið yrði á undan skattamálinu, og held eg, að jarðamatsmálið yrði þessu varla til fyrirstöðu. Þar sem sá heiðraði þíngmaður mintist á kostnað þann, er leiða mundi af jarðamatinu, er eg hræddastur um að kynni að villa sjónir fyrir alþýðu, í því að hafa stöðuglega hugann við aðferð þá við jarðmatið, sem hèr ræðir um, og bygð er á skynsamra og reyndra manna áliti; en uppástúnga hans lèttir ekki heldur kostnaðinn, því yrði nefnd sú, er hann stíngur upp á, látin ferðast yfir landið, yrði kostnaðurinn víst tvöfaldur, þó sá heiðraði þíngmaður hafi talið hann þúsundum ríkisdala saman. En álíka nefnd, og hèr ræðir um, er búið að reyna áður, og mun fáa, sem á Íslandi búa, lánga eptir slíkri aðferð. Eg fer ekki um þetta fleiri orðum, því eg vona að ræða ens áminnzta heiðraða þíngmanns villi eingan af rèttum hugsunarvegi.

Assessor Johnsen: Það sem eg vilda leiða athuga að í máli þessu, ætla eg mèr að láta hníga að frumvarpi því með ástæðum, sem þíngið á að segja álit sitt um, og að nefndarálitinu, því eg gjöri varla ráð fyrir, að meira þurfi að mæla mót atkvæði hins heiðraða þíngmanns Ísfirðínga, en þegar er gjört, til að sporna við, að því verði framgeingt.

Hið konúnglega rentukammer hefir skorað á þíngið, um að gjöra þær athugasemdir, sem því þykir þurfa við ráðstöfun þá, sem frumvarpið ræðir um, og einkum um þau atriði, er það ætlar að koma eigi til greina, önnur, eða fleiri, en stjórnarráðið sjálft hefir tekið fram, og vera ættu til leiðbeiníngar virðíngarmönnum; og skal eg þá, fyrir mitt leyti, leyfa mèr að skýra þínginu frá þeim atriðum, sem mèr þykja þess virði, að þíngið drepi á í álitsskjali sínu, auk þeirra, sem til eru tekin skýrt og glögglega í ástæðunum fyrir frumvarpinu, um leið og eg verð að játa það með nefndinni, að sá máti til að setja nýjan dýrleika á jarðirnar, sem nú er fundinn eptir frumvarpinu, er að minni ætlun hinn tiltækilegasti. Eg skal láta athugasemdir mínar koma fram við hverja grein útaf fyrir sig, er eg fer eptir þeim atriðum, sem við eiga, eptir skipun þeirra

í ástæðunum. Þar sem 2. grein tekur fram, hverja velja skuli til virðínganna, ætlast ástæðurnar til þess, að það verði einkum þeir, sem eru eða hafa verið hreppstjórar, og þegar svo er til orða tekið, þarf að vísu ekki að óttast fyrir, að sýslumenn taki þá fremur öðrum, ef aðrir eru fáanlegir í hreppnum, sem hyggnari þykja, og kunnugri um rètt verð og ásigkomulag jarðanna, eptir gæðum þeirra og sveitarhögum; en af því að þessi hyggindi og kunnugleiki ekki með öllu er nauðsynlegur til að geta verið góður hreppstjóri, þækti mèr eiga betur við, að þannig væri til orða tekið um þá, sem sýslumenn ættu að fela virðínguna.

Að því leyti sem nefndin hefir mælt með, að orðinu „sanngjarnlega“ sè bætt inn í 3. greinina, þá held eg, að þess varla sè þörf, þegar þau atriði, sem koma eiga og ekki eiga að koma til greina við virðínguna, eru tekin fram í erindisbrèfi virðíngarmanna, og get eg ímyndað mèr, að orðið kunni að misskiljast á þá leið, að löggjöfin ætlist til, að menn einkum vari sig á að virða of hátt, en að það saki minna, þó virðingin verði of lág, þó hvorttveggja beri eins að varast. Þar á móti ætla eg, að það kynni að vekja meira athygli virðíngarmanna á hverju því atriði, sem erindisbrèfin segja fyrir að taka skuli til greina, ef bætt væri við greinina þessum orðum: „aflamegni og öðrum kríngumstæðum“, og áskil eg mèr breytíngaratkvæði þar að lútandi. Þessum atriðum er nú í ástæðunum, ætla eg, vel skipað í 3 flokka: *a*, gæði eða ásigkomulag jarðarinnar yfir höfuð; *b*, ágóða og hlynnindi sèrstakleg, og *c*, kostnað eða erviðleika við að hagnýta jörð og hlynnindi; en þá virðist mèr líka ríða mjög svo á því, að öllum þeim atriðum, sem menn sjá, að eigi að hafa meiri og minni verkun á virðínguna, ætti að gefast sá gaumur í erindisbrèfinu, að þau yrðu tekin þar fram og skipað í þann flokkinn, sem þau eiga við, því fremur, sem meira verður að eiga undir hyggindum og glöggskygni virðíngarmannanna og á valdi þeirra, og sem það verður að nægja, að athygli þeirra og umhugsun sè vakin með að taka nokkur atriði fram í erindisbrèfinu; en svo að vissa sè fyrir, að atriði þessi sè tekin til greina, ætla eg það líka nauðsynlegt, að skýrt sè frá þeim við hverja jörð í gjörðabókinni stuttlega, en þó greinilega. Í þessu skyni kynni, í staflið *a*, enn fremur þurfa að taka fram, að virðíngarmenn skýri frá hirðíngu jarðarinnar yfir höfuð, töðufalli, útheyskap (af star-

gresi, mýrgresi, vallendi, o. s. frv.), jafnvel að kaplatali, vetrar-beit fyrir sauðfè og hesta (að tölu), og sumarbeit einnig fyrir kýr, allt að meðal-dugnaði og hirðíngu. Við staflið *b* ætla eg muni eiga að bæta grasatekju, silúngsveiði, útræði (hægt eða örðugt), báta uppsátri, búðartollum; undir staflið *c* ætla eg líka komi til greina, hvort tún eða eingjar eru þýfð eða slètt, eingjavegur lángur, örðugur, yfir vötn eða torfærur að sækja, og hvort hlynnindin, hvert um sig, eru hæg eður örðug að færa sèr í nyt.

Varla held eg heldur, að virðíngarmenn eigi að sleppa sjónar af eptirgjaldi jarðanna, eða (sanngjarnri) landskuld og kúgilda - tölu á leigujörðunum, þó á hinn bóginn megi varast að gefa þessu atriði út af fyrir sig of mikinn gaum; en einna helzt ætla eg þó megi vara við, að taka tillit til þess verðs, sem einstöku jarðir, þó nýskeð sè, eru virtar til við erfðaskipti, því sú virðíng ætla eg að optastnær sè miklu of lág (þeir, sem reyndir eru í því efni, vita bezt, hvers vegna). Það mun ekki þurfa að taka fram, að virðíngin ætíð, og á jörð hverri, standi á tugum; en nauðsynlegt er að svo sè, þegar til þess kemur að leggja dýrleikann á, og gjöri eg ráð fyrir, að ekki verði tekið minna en 10 rbd. virði til greina við dýrleika-gjörðina. Eg er óviss um, að það, sem fram er tekið í ástæðunum um rannsókn virðínganna í sýslu hverri, þurfi að koma inn í lagaboðið, sem grein út af fyrir sig, eins og nefndin mælir með, því eg held, að eins vel fari á því, ef ekki betur, að rentukammerið eigi sè bundið lögum í því efni; en stjórnarráð þetta hefir í 4. greininni áskilið sèr að skipa fyrir um það, hvernig fara skuli með virðíngarnar, mótmæli gegn þeim og rannsókn þeirra, og þetta held eg eigi bezt við. Mèr er líka til efs, að rannsókninni sè með öllu lokið, eða eigi að vera lokið, þó að hún sè farin fram fyrir sýslu hverja, eins og fyrir er hugað í ástæðunum; rentukammerið sjálft hefir einkum fundið það að þeim mátanum, sem vanalegastur er, og nefnd sú, er í fyrra gaf álit sitt í þessu efni, gjörði ráð fyrir, að ójöfnuður yrði að koma fram í matinu á milli einstöku hèraða eða sýslna innbyrðis; en það gjörir nú líka ráð fyrir, að virðíngargjörðir fyrir einstöku sýslur verði ekki nógu vel af hendi leystar, og ætlar sèr þá að sjá um, að bætt verði úr brestum þeim, áður en nýr dýrleiki er settur. Með hverjum hætti nú stjórnarráðið sjálft á að geta unnið að þvílíkri

endurbót, er mèr óljóst; en hitt þykist eg sjá framm í veginn, að ekki verði heldur með öllu komizt hja þeim ójöfnuði, sem gjört er ráð fyrir, og það með fullri ástæðu, við hinn eldri máta, þó farið sè fram eptir peningaverði jarðanna, enda þó eg eingan veginn neiti, að hinn innbyrðis ójöfnuður milli sýslnanna verði töluvert minni með þessum hætti. Að vísu eru nokkur aðalatriði, sem gjöra, og að rèttu lagi eiga að gjöra það að verkum, að jarðir, öldúngis jafnar að gæðum, virðist nokkru minna í einni sýslunni en annari (þó það sè mikillar varúðar vert), til að mynda fjarlægð frá veiðistöðum og verzlunarstöðum, og þar af leiðandi misjafn örðugleiki og kostnaður við allskonar aðdrætti frá þeim stöðum og arðsama verzlun jarðar-aflans og ágóðans; en aptur liggja aðrar kríngumstæður að því, að jarðirnar eru í minna verði í einu bygðarlaginu eða sýslunni, en annari, jafnvel þó ekki sè því um lík veruleg ástæða eða orsök til að gjöra mismuninn í jarðarverðinu: því þar sem fátt er um jarðakaup eða sölur, er sjálfsagt að gjöra ráð fyrir lægra verði á jörðunum, en þar sem jarðasölur tíðkast optar; en þar verður líka svo torvelt að fá jarðirnar virtar að jöfnuði við eins góðar jarðir annarstaðar, að fæstir hreppsbændur munu geta haft nokkra skýra hugmynd um hið sanna verð jarðanna í hreppnum, nema hvað þeir kunna að vita um virðíngar þeirra til skipta að handa hófi, og er þá farið eptir ímynduðu verði á jarðarhundraði hverju. Fyrir þessar sakir sýnist mèr öll þörf á ráðstöfun til að taka af ójöfnur þær, sem eg þannig ætla að sè við að búast milli sýslnanna innbyrðis, og hefir mèr komið til hugar, að máske færi bezt á því, að menn þeir (fleiri af þeim eða færri), sem haft hafa rannsókn virðínganna á hendi í sýslu hverri, eða þá sýslumenn sjálfir, kæmu saman á einum stað í amtinu, til að bera virðíngarnar saman á milli sýslnanna innbyrðis, og taka af ójöfnurnar, með því annaðhvort að hækka jarðarverðið í einni sýslunni, en lækka það í hinni, eða einúngis að hækka það í þeirri sýslunni, hvar of lágt er virt, og mundi einúngis þurfa að gjöra ráð fyrir þessu, að rannsókninni aflokinni í sýslu hverri, en þá er eptir að gefa hlutaðeigendum þessa hækkun verðs, að vissri tiltölu við aðrar sýslur, til vitundar, og tækifæri til mótmæla. Að því loknu, vil eg fyrst senda gjörðabækurnar til amtmanna, sem eg eigi vil gefa neinn úrskurðarrètt í þessu efni, heldur, eins og gjört er ráð fyrir í ástæðunum, færi

á að láta rentukammerinu athugasemdir sínar í ljósi um virðíngargjörðirnar í amtinu.

Þar sem í ástæðunum ræðir um hjáleigur, segir, að þær eigi að virða ásamt með heimajörðunni, er þær eigi hafa landamerki sèr í lagi, og hjá þessu verður þá varla heldur komizt; en þar af rísa aptur nokkur vandkvæði, þegar fara á að krefja skattinn af torfunni, einkum ef ýmsir eru eigendur, og getur svo borið við, að nokkrir eiga heimajörðina, og aðrir hjáleiguna, þó ekki sè þær úr skiptar, nema að túninu til. Sè nú leigubóndi á heimajörðinni, verður ófært að láta hann leggja út skattinn fyrir hjáleigumennina líka, og krefja hann á síðan inn hjá honum, og eg held því, að löggjöfin ætti að gjöra hlutaðeigandi heima og hjáleigu-bændur vara við þessum vandkvæðum, og í frumvarpinu til skattamálsins leggja þeim fyrir, að koma sèr saman um tiltölu dýrleikans á heimajörð og hjáleigu hverri, sem þeir, er skattinn eiga að krefja, gætu farið eptir, og ætti lögmál þetta að skora á hlutaðeigendur um, að taka því um líkt fram, þegar hjáleigur eru bygðar, og einkum, ef þær yrðu seldar undan heimajörðunni. Annars verð eg að geta þess um leið, að hinn heiðraði þíngmaður Ísfirðínga hefir gleymt því, að rentukammerið, eins og nú var getið, ætlast til, að hjáleigur, sem flestar munu vera landamerkjalausar, sè metnar í einu lagi með aðaljörðunni, er hann skírskotar til bókar þeirrar, sem eg gaf út í ár, um tölu jarðanna á landinu: því í bók þessari hefi eg aptur á móti einmitt talið hjáleigurnar, sem stærri jarðir, er eg fór eptir bæja tölu, sem hafa grasnyt. Það þarf varla að minnast á það, að sýslumaður boði tíma og stað til jarðavirðínga í hreppi hverjum nokkru áður, svo að hlutaðeigendur, sem þángað vildu koma, eða gefa vildu virðíngarmönnum upplýsíngu, fái tækifæri til þess, og verði við því búnir. Að öðru leyti er eg á því, að virðíngin geti farið eins fljótt fram í hreppi hverjum, og hinn heiðraði framsögumaður ímyndar sèr. Það er eptir 6. greininni ákveðið, að kostnaðinum skuli jafna niður á landið, enda mun svo vera til ætlað, að ítarlegri grein sè gjörð fyrir því í frumvarpi því, sem að loksins löggildi hið nýja jarðamat; en samt ætla eg eigi með öllu vanþörf á nú þegar að láta í ljósi, að menn gæti ímyndað sèr kostnaðinn lagðan á hverja sýslu eða amt út af fyrir sig, eða og á alt landið saman, og er þar við athuganda, að virðíngarmenn kynnu að flýta sèr vel

mikið, en aptur vanda sig minna, ef hver sýsla á að borga fyrir sig; en sjálfsagt mun kostnaðinum verða jafnað niður á jarðirnar eptir þeim hinum nýja dýrleika, hvort heldur niðurjöfnunin geingur yfir meira svæði eða minna, á sama hátt.

Þar sem nefndin mælir fram með því, að jarðamatsbókin yfir allar jarðir á landinu sè send alþíngi til yfirskoðunar, um leið og frumvarp það, er á að lögleiða hana, verður lagt fyrir þíngið til ráðaneytis, þá ætla eg, að þetta yrði að næsta litlu liði, ef einúngis eitt eptirrit ætti að senda alþíngi af henni, og að það mundi leggja næsta litið til, er bætt gæti úr brestum þeim, sem á fyndust og yfir væri kvartað. Þar á móti held eg, að þörf væri á að fá jarðamatsbókina prentaða, ásamt með breytíngum þeim og athugasemdum, sem orðnar eru, eptir að virðíngin fór fram, áður en hún yrði löggilt, þannig, að hreppstjóri hver, sýslumaður og amtmaður, og alþíng handa alþíngismanni hverjum, feingi 1 exemplar af henni, og ætti það þá að vera svo rúmum tíma fyrir þíng, að menn heima í hèruðum geti haft færi á að bera sig saman um efnið, áður en þíngmenn fara á þíng, og yrði þá bókina að senda ekki seinna en með póstskipi haustinu áður, og vilda eg áskilja mèr breytíngar-atkvæði við uppástúngu nefndarinnar á þessa leið.

Kandídat Jón Sigurðsson: Eg hefi orðið var við, að nokkrir þíngmenn hafa misskilið það, er eg sagði áðan, þó eg segði með berum orðum, að eg bæri það upp einúngis til athugasemdar. Það er ekki rètt, að bera saman þenna framslátt, við frumvarpið, því hann er bygður á allri annari, og og miklu nákvæmari aðferð; en ef hèr á að bera nokkuð saman við frumvarpið, þá er það sú aðferð, sem eg drap á, að sýslumenn lèti fáeina virðíngarmenn í hrepp meta jarðirnar til penínga. Eg hefi ekkert heyrt, sem hreki það, er eg færði til og sýndi um kostnaðinn; því ágizkanir manna eru eingar ástæður. Stjórnin hefir beinlínis óskað að fá athugasemdir þíngsins; en hún hefir eingar feingið enn, sem að gagni sè; hún hefir áskilið sjálfri sèr að gjöra breytíngar í frumvarpinu, og viðurkent þannig, að frumvarpið hafi ekki verið svo vel úr garði búið sem skyldi. Þegar þannig stendur á, held eg, að bæði stjórnin og þíngið hefði gott af að hugsa mál þetta betur og ræða það á ný.

Framsögumaður: Eg get ekki sèð, að sá jarðamatsmáti,

er hinn heiðraði þingmaður Ísfirðinga hefir stúngið upp á, sè í neinu verulegu frábrugðinn þeim, er frumvarpið ákveður, nema að því leyti sem hann blandar þar inn í atriðum, sem hvergi eiga við, og fremur munu spilla en bæta. Eg fæ ei heldur sèð, að neinar verulegar upplýsingar vanti, er geti staðið í vegi fyrir því, að jarðamatið nú þegar fari fram. Rentukammerið hefir í ástæðunum til frumvarpsins tekið fram rètt og greinilega þær reglur, sem takast eiga til greina við jarðamatið af virðingarmönnum, og eg sè ekki, að það komi til nokkurs verulegs gagns, að greiða þær smásmuglega í sundur, því virðingamennirnir eiga hvorki nè mega vera rígbundnir við fastskorðaðar reglur, er þeir ekki mættu í neinu frá víkja eptir kríngumstæðum, því það mundi opt og tíðum einúngis gjöra jarðamatið óáreiðanlegra, Annars óska eg, að þíngmenn vildu fylgja dæmi varaforseta, og áskilja sèr breytíngar-atkvæði um það, er þeir vilja hafa breytt í frumvarpinu, en koma fram með athugasemdir sínar, ef þeir nokkrar hafa, í tilliti til ástæðanna, svo þeirra mætti geta í álitsskjali þíngsins, ef menn halda það gagni, að þær sèu teknar fram í erindisbrèfum virðíngarmanna og rannsóknarmanna.

Prófastur Hannes Stephensen: Af því mèr virtist hinn heiðraði framsögumaður nú ekki fara nema hálfa leiðina, er hann svaraði því, er enn virðulegi þíngmaður Ísfirðínga sagði seinast, verð eg að taka það betur fram. Það er bert af orðum hans, að hann vill ekki hirða um meiri jöfnuð í jarðamatinu, en að þær verði nokkurn veginn jafnmetnar í hverri sýslu fyrir sig; en það er tilgángur frumvarpsins og nefndarinnar, að jöfnuður fáist yfir land allt, og þess er þörf, fyrst leggja á skatt á jarðir allar að rèttum jöfnuði, en ekki á hverja sýslu út af fyrir sig.

Fáeinar athugasemdir verð eg að gjöra við þær mörgu athugasemdir ens heiðraða varaforseta við frumvarpið og nefndarálitið. Það er efalaust meiníng stjórnarinnar, og meiníng var það nefndarinnar, að hyggnustu mennirnir í hverjum hrepp yrðu af sýslumanni kosnir til jarðamatsins, en fyrir því er ráð gjört, að þeir, sem þar búa, og annaðtveggja eru hreppstjórar eða hafa verið það, muni vera með hinum kunnugustu og hyggnustu mönnum, því þeir eru þó optast valdir til hreppstjórnar, sem hyggnir eru, og með hreppstjórninni

verða þeir kunnugir jörðunum, en ekki eru sýslumenn bundnir við val þeirra manna einna, ef aðrir þykja hæfilegri.

Það vildi varaforseti, að aukið væri við stafliðinn *a*, í ástæðum frumvarpsins um ásigkomulag jarðarinnar, hve marga töðukapla jörðin gæfi af sèr, eða þá útheyis, og hvers kyns það væri, hvort störúngur, mýrgresi eða velli, og að þetta yrði skrifað í jarðamatsbókina hinum til eptirsjónar, sem um virðínguna eiga að dæma, en það er athugavert, að þá þyrfti líka að segja nákvæmlega frá kostum töðunnar, því það er alkunnugt, að eins eru 2 hestar töðu góðir á einni jörð, og 3 á annari; þá þyrfti að tilgreina, hvort starúngurinn er mýrarstarúngur eða flæðistör, hvort eltíng fellur á jörðu, sem er lèttast alls fóðurs, eða fjallabrok, sem víða er bezt alls útheyis; og ótal fleira þyrfti þá til að tína, sem of lángt yrði og óþarft, því þetta hafa jarðamatsmenn sèr í huga, og gæta þess við jarðamatið. Sama er að segja um útigánginn á jörðunum: hann er svo misjafn að gæðum, þó jarðir sèu jafn-hagasamar, á einni jörðunni lèttur, en kostagóður á annari.

Undir stafliðnum *c* vill hann láta geta þess í jarðamatsbókunum, hvort lángt sè á eingjar, hvort þær sèu þýfðar eða slèttar; en þá er athuganda, að vel er tilvinnandi að sækja heldur heyskap á fjarlægar eingjar, ef uppgrip eru á þeim, og að slá þær þýfðu, ef þær eru grasgefnar, heldur en þó nær lægju, þó slèttar væru, ef þær eru mjög snöggvar; þyrfti þá ekki síður að skrifa í jarðamatsbókina, hve marga hesta heys meðalsláttumaður slær á dag, hvort slètt er eða þýft, en þetta væri óvinnandi verk, og mundi meir villa en fræða yfirmatsmennina. Það ætla eg óþarft, að vara jarðamatsmenn við að virða jarðir til stakra dala, eða að láta æfinlega standa á tug; þetta mundi optast aðbera, en eingu spilt, þó út af bæri; hægt mundi að koma þessum dölum í álnir. Að skrifa greinilega í jarðamatsbókina afgjald jarða, landskuld og leigur, ætla eg eins óþarft, og gjöra að eins tímatöf; matsmennirnir gefa því þann gaum, sem hæfir. Þess getur varaforseti, að þörf mundi, að yfirmatsmenn kæmi saman á eptir frá heilu amti til að fá jöfnuð í jarðamatinu; mèr virðist þá, ef það væri, sú þörfin ná til alls landsins, því allstaðar á jafndýrt að vera matið, og skil eg valla, hvernig þessu yrði komið við. Þar sem hinn heiðraði varaforseti segir, að óþarft og skaðlegt sè að skjóta inn í 3. grein orðinu „sanngjarnlega“, þá hlýt eg að neita hon-

um, því þessi er tilgángur allra þeirra reglna, sem jarðamatsmönnum verða gefnar, og er þá einginn óþarfi, að þeir í lagaboðinu sjálfu verði á það mintir, og sjái þar fyrir sèr skírlega, hvers þeim ber að gæta; þar að auki er það aðgætandi, að orðin, eins og þau nú standa í frumvarpinu, bjóða sig svo fram, eins og í þeim liggi það hæsta verð, sem fyrir þær megi fá, og það er ekki meining frumvarpsins. Að þingið nú, eptir ætlun varaforseta, skyldi þegar segja álit sitt um, hvernig kostnaði þeim skyldi niðurjafna, sem af jarðamatinu leiðir, ætla eg óþarft og of snemma tekið, því þar um verður alþing seinna kvadt til ráðaneytis; annars gjörir varaforseti ráð fyrir 3 tilfellunum, að honum verði jafnað öllum á land allt, eða skipt á ömtin, eða þá sýslurnar; en því þá ekki líka á hreppana? Annars ætla eg það ekki efunarmál, að þegar þar að kemur, muni honum skipt að réttri tiltölu niður á hvert jarðarhundrað í landinu. Þar sem hann gjörir ráð fyrir, að annar kunni eigandi að vera hjáleigna en heimajarðarinnar, og þá muni bezt fallið, að þeir komi sèr saman um, hve mikið hver þeirra gjaldi af skattinum, þá virðist mèr þetta bæði óhafandi og óþarft: því þesskonar hjáleigur hafa nú sitt tiltekna hundraðatal, geta því lagzt að nýju til hundraða og borið skatta-byrði sína út af fyrir sig; þannig eru mörg smábýli sèrstök í landinu, og mun þeim verða útvegin þeirra byrði.

Konúngsfulltrúi: Þar eð hin virðulega nefnd hefir, yfir höfuð að tala, fallizt á það álit, sem lagafrumvarp það er bygt á, sem nú er til umræðu komið, og eg, eptir því sem nokkrir þingmenn nú þegar hafa talað, þar að auki hygg, að eg þurfi ekki frekara gaum að gefa breytíngar-atkvæði því, er þingmaður Ísfirðínga áskildi sèr, þá gjörist þess eingi þörf, að eg fari leingra fram á smáatriði þessa máls. Stjórninni getur nefnil. einúngis verið umhugað um að fá vitneskju um, hvernig alþíng, sem nákvæmlega þekkir til alls landslags og hátta, hyggur, að þetta áríðanda málefni verði sem hagkvæmlegast ráðið til lykta; mun því stjórnin án alls efa vera fús á að gefa því nákvæman gaum, sem þar um verður í ljósi látið. Samt sem áður ætla eg að gjöra fáeinar athugasemdir.

Ástæðum þeim, sem alþíngismaður Ísfirðínga færði sínu máli til sönnunar, er öllum nógsamlega hrundið; einúngis stöku atriði í ræðu hans verð eg að minnast á. Hann hefir fundið að þeim flýti, sem stjórnin hafi við haft í undirbúníngi

þessa máls. Eg átti nú sízt von á þessari umkvörtun úr þeirri átt, einkum þar eð eg man ekki betur, en að þessi sami þingmaður fyrir nokkrum dögum síðan mælti fast fram með því, að alþingiskostnaðurinn yrði ekki goldinn, fyrr en hið nýja jarðamat væri um garð geingið; en nú ætlar hann, að sú aðferðin, sem réttust væri til að framkvæma jarðamatið, mundi þurfa 7 eður 8 ár. Að öðru leyti hafa menn víst einga ástæðu til að kvarta um, að mál þetta sé ekki nægilega undirbúið. Það eru þegar allmörg ár síðan, eins og þingmönnum mun vera kunnugt, að maður einn, sem nú situr í háum völdum hèr á landi, bar upp á fulltrúaþingi í Hróarskeldu uppástúngu um fyrirkomulag á skattamálefni Íslands. Því næst var málið rannsakað af embættismanna nefndinni í Reykjavík, og að lyktum samdi nefnd sú, er sumarið 1845 var kvödd til starfa, mjög nákvæma og ítarlega uppástúngu, og á henni er þetta lagafrumvarp bygt. Enn fremur hefir hinn sami þingmaður sagt, að eins og 3 menn gætu í einum hrepp metið jarðirnar, eins mættu 3 menn nægja til hins sama starfs um alla sýsluna. Þessi mótbára hverfur, þegar aðgætt er, að til hverrar seinni virðíngar eru teknir 2 menn af þeim, sem tekið hafa þátt í einhverri af þeim undangeingnu virðíngum, til þess, að svo miklu leyti sem unt er, að aðferðin verði í öllum hreppum samsvarandi og sjálfri sèr lík; en þessu verður, eins og ræður að líkindum, ekki komið við í þeim hrepp, þar sem fyrst er byrjað að virða jarðirnar.

Hvað nefndarálitið snertir, þá hefir nefndin stúngið upp á, að inn í 3. grein frumvarpsins skyldi skjóta orðinu „sanngjarnlega.“ Í raun og veru er ekkert rángt í slíkum viðbæti. En eins og hinn virðulegi varaforseti hefir drepið á þann annmarka, sem þar af gæti leidt, svo mundi og þess kyns viðbætir ekki koma sem bezt heim við þá hugmynd, sem lagafrumvarpið er bygt á, þá nefnilega, að tilskipun sú, sem út kæmi um þetta mál, skyldi eingaungu ákveða grundvallarreglu (Princípet) fyrir jarðamatinu, en erindisbrèf virðíngarmanna skyldi nákvæmar segja fyrir um aðferðina, er þeir ættu við að hafa, og um það, hvað þeir ættu að taka til greina, meðan þeir gegndu störfum sínum. Af hinni sömu ástæðu mundi viðbætir sá, sem hinn virðulegi varaforseti hefir stúngið upp á að auka skyldi við þessa sömu grein, nefnil. að virða skyldi jarðir eptir „aflamegni og öðrum kríngumstæðum“, að minni hyggju

ekki eiga sèr stað í tilskipaninni, heldur í erindisbrèfinu. Að öðru leyti hefir mèr, af því sem alþingismaðurinn úr Borgarfjarðarsýslu sagði, ekki skilizt betur, en að uppástúnga nefndarinnar, um að bæta orðinu „sanngjarnlega“ inn í greinina, sè bygð á því, að nefndin hefði hugsað, að orð lagafrumvarpsins annars mundi leiða virðingarmenn á þá hina raungu hugmynd, að þeir skyldi meta jarðirnar til hins hæsta verðs. Þetta er þó, ef til vill, komið af misskilníngi, sem eg veit ekki hvort komið getur af orðum þeim, sem við eru höfð í hinum íslenzka texta lagafrumvarpsins, þessum nefnilega: „eptir gæðum sínum“; að minnsta kosti er ekki sú þýðing í þeim orðum, sem standa í hinum danska texta „efter ſin Beſkaffenhed“.

Nefndin hefir enn fremur stúngið upp á, að millum 3. og 4. greinar í frumvarpinu skyldi bæta við nýrri grein um útnefníngu og störf rannsóknarmanna. Að bæta slíkri grein inn í frumvarpið þykir mèr ekki viðþurfa til þess að auka inn í hugsunarröð frumvarpsins, þar sem þækti vanta eitthvað; því þar sem það í mörgu tilliti, og einkum hvað kostnaðinn snertir, má virðast mjög merkilegt atriði í allri framkvæmd jarðamatsins, og sem ekki mætti vel án vera í frumvarpinu, að ákveðin sè tala virðingarmanna og það, hversu þá skuli nefna til starfsins, þá sýnist hins vegar nægja, hvað rannsóknina snertir, að þess sè að eins getið í 4. grein, að slík rannsókn skuli eiga sèr stað, en því næst virðast mèr allar sèrstaklegar ákvarðanir um tölu, útnefníngu og störf þessara rannsóknarmanna geti gjörzt á umboðslegan hátt (ad den administrative Vei). En skyldi hitt þykja betur tilfallið, að þesskonar grein yrði bætt inn í tilskipanina, þá ætti þó sú grein ekki að tiltaka neitt um það, hversu yfirgrips - mikil skyldu vera störf rannsóknarmanna. Því ef svo væri, þá yrði nefnilega áður að hugleiða nákvæmlega, hvort veita ætti rannsóknarmönnum takmarkalausan rètt til að dæma um sjálft efnið (Realitet) í virðingum jarðanna, svo þeir gætu gjört breytíngar á jarðaverði því, er virðingamenn hefðu sett, jafnvel þó eingínn hefði um kvartað, og fyrir því virðist nefndin að hafa gjört ráð, eða hvort ekki væri rèttara, að þeir skyldu eiga vald á að breyta virðingum einúngis þá, þegar um þær væri kvartað, svo störf þeirra að öðru leyti skyldu vera bundin við að leiðrètta gallana á formi virðínganna. Yrði nú fallizt á hið fyrra atriðið, þá yrði einnig fyrst að hugleiða það, hvort ekki breyt-

íngar þær, sem rannsóknarmenn hefðu af sjálfs dáðum gjört, og eptir að virðíngaskrár hefðu legið til sýnis, ættu að gjörast kunnar hlutaðeigendum, til þess þeim gæfist kostur á að bera sig upp undan breytíngunum við rentukammerið. En það á að ætlan minni betur við, að úr öllum þessum atriðum verði greidt í erindisbrèfum þeim, sem nefnd hafa verið; en það má að vísu vera stjórninni mjög hugleikið að fá álit alþíngis um það, hvernig endurskoðaninni ætti yfir höfuð rèttilega að haga til, og þess vegna þykir mèr það bera vel að, að hinn virðulegi varaforseti hefir komið þessu atriði til ítarlegri umræðu.

Svo sem yfirsjón í uppástúngu nefndarinnar vil eg einúngis benda á, að upp á því er stúngið, að rannsóknarmenn „skuli sverja sýslumanni sama eið, og áður er sagt um virðíngarmennina"; en í lagafrumvarpinu er þess ekki getið, að eið skuli taka af virðíngarmönnum.

Aðra athugasemd, sem meira er í varið, verð eg að gjöra. Nefndin hefir álitið rèttast, að höfuðatriðum þeim, sem virðíngarmönnum yrði gjört að skyldu að taka til greina, eður að varast, yrði skipað í höfuðflokka, og talin svo með hverjum flokknum þau helztu smáatriði, sem þar eiga heima. Að svo miklu leyti sem nefndin hefir ætlað, að í þessu efni þyrfti að verða nokkur talsverð breytíng á reglum þeim, sem ástæðurnar sýna, að rentukammerið hefir haft í hyggju að setja, mundi það vera mjög æskilegt fyrir stjórnina að fá frekari skýrslur um það mál frá nefndinni og frá alþíngi, einkum hvaða atriði rètt væri að telja með höfuðatriðunum. Til þess að fella rèttan úrskurð á það þarf vel að þekkja, hversu til hagar í ýmsum hèröðum landsins. Eg verð því að skjóta því til hins virðulega framsögumanns, hvort hann mundi ekki geta nákvæmar skýrt frá áliti nefndarinnar í þessu atriði, svo þíngmönnum gæti gefizt tilefni til að rannsaka málið ítarlegar.

Framsögumaður: Eg skal í fám orðum minnast á hin helztu atriði í ræðu hins hæstvirta konúngsfulltrúa. Nefndin hefir ekki skilið hina íslenzku útleggíngu hinnar 3. greinar frumvarpsins á aðra leið, en í þeim danska texta. Hún hefir ekki haldið, að orðaskipunin þar mundi í sjálfri sèr leiða menn til að virða jarðirnar of hátt eða of lágt; en hún hèlt, að það væri hagfelt, að frumvarpið sjálft strax benti á það, sem ástæðurnar nákvæmar taka fram, að jarðirnar ætti að virða eptir þeirra meðalgæðum, en ekki fara eptir því, hvað þær væru

hættar eða góðar, eða skemdar við illa ábúð. Að öðru leyti verð eg, fyrir mitt leyti, að játa, að eg ekki álít það svo mjög áríðandi, að orðið „samngjarnlega“ komi inn í frumvarpið. Það, sem það á að benda til, er, eins og eg nýlega á vèk, greinilega tekið fram í ástæðunum, og mun verða það nákvæmar í erindisbrèfum virðingarmannanna Eg er samdóma konúngsfulltrúanum í því, að breytíngaratkvæði varaforseta fremur skaði, en gagni. Orðið „aflamegn“ er einstakt orð, hvers þýðíng öllum ekki mun vera ljós, og orðin „öðrum kríngumstæðum“ eru svo óákvörðuð, að þau einga leiðbeiníngu gefa. Eg verð enn nú að halda, að sú nýja grein, sem nefndin hefir upp á stúngið, að taka skyldi inn í frumvarpið, ekki einasta eigi vel við, heldur einnig sè þar nauðsynleg eptir rèttum hugsunarreglum, og vil eg í því tilliti skírskota til þeirra ástæða, sem fram eru teknar í nefndarálitinu. Konúngsfulltrúinn hefir rètt í þeirri athugasemd, sem hann hefir gjört um eið rannsóknarmanna, og má, ef vill, taka þau orð, er þar að lúta, út úr greininni. Eg fyrir mitt leyti álít það nauðsynlegt, að rannsóknarmennirnir ekki einúngis skoði jarðamatið og leggi úrskurð á það, þegar yfir því er klagað, heldur og einnig leiðrètti villur þær, er þeir sjálfir verða varir við í jarðamatinu; og má þá sýslumaður geta tilkallað þá menn, er hlut eiga að máli, til að mæta á rannsóknarfundinum. Að öðru leyti skal eg um þetta atriði nákvæmar bera mig saman við mína meðnefndar-menn, áður en málið verður rædt að lyktum. Hvað ástæðurnar áhrærir, þá hefi eg ekki getað annað fundið, en að öll þau höfuðatriði, sem virðingarmennirnir eiga að taka til greina, sèu þar svo nákvæmlega tiltekin, að eg held eingu verulegu verði við þau bætt; enda held eg ekki það sè til neins, að rígskorða virðingarmennina við margar reglur eða smásmuglegar. Matið verður þó ætíð að lokunum mest komið undir glöggskygni þeirra og rèttsýni. Að greiða smáatriði þau, er undir hvern höfuðflokk heyra, nákvæmlega og smásmuglega sundur, held eg lítið gagni; þau verða þó aldrei, hvort sem er, svo fullkomlega upp talin, að ekki kunni að verða eitthvert eptir, og aldrei verður í þessu tilliti tekið út fyrir allar æsar. En vilji þíngmenn greina nokkur þess háttar atriði til, er það í sjálfra þeirra valdi, að koma fram með þar að lútandi athugasemdir. Annars held eg, að þau smáatriði, sem ekki eru talin, muni virðingarmennirnir bezt sjá sjálfir,

þegar til matsins kemur, og þá vita þeir eptir þeim höfuðreglum, sem þeim eru gefnar, hvaða verkun hvert atriði á að hafa. Í tilliti til þess, sem varaforseti sagði um rannsóknir jarðavirðinganna, skal eg enn nú geta þess, að ef rannsóknir jarðamatsins yrðu að gjörast fyrir margar sýslur, eða í heilu amti, þá yrðu þær einnig að gjörast í einu fyrir allt landið, því það er eins nauðsynlegt, að einíng komist á allt jarðamatið í öllu landinu, eins og í hverju amti fyrir sig; því ef allar jarðir í einu amti væru að tiltölu yfir höfuð lægra metnar en í öðru, væri það órètt, og þar af mundi leiða mikinn ójöfnuð í niðurjöfnun skattanna. En slíkri rannsókn ætla eg mjög torvelt eða ómögulegt að koma á, og hún mundi leiða til lítils gagns. Eg held þar að auki, að hún sè ekki nauðsynleg, því jarðamatið til penínga mun af sjálfu sèr koma þeirri rèttu einíngu á, því þar sem hundraðatalið á jörðunum er lægra, verða jarðirnar að því skapi dýrari, en ódýrari þar sem það er hærra, og þannig jafnar sig allt.

Prófastur Hannes Stephensen: Eg er hinum heiðraða framsögumanni í því með öllu samdóma, að inn þurfi að skjóta í frumvarpið þeirri 4. grein, sem nefndarálitið fer fram á, því eins eru yfirmatsmennirnir verulegir starfsmenn að jarðamatinu og virðíngamennirnir, og þarf því að geta þeirra í frumvarpinu og skyldu þeirra, eins og hinna; en þar sem eiður rannsóknarmanna er nefndur í þessari nýju grein, en ekki eiður virðíngamanna í hinni 2. greininni, þá er það að vísu vangá nefndarinnar, komin af því, að hún hefir haft sèr í huga það, sem talað er í ástæðunum um eið hvorutveggju, en það er svo lángt frá, að mèr virðist þessu sleppanda úr viðaukagreininni, þar eiðurinn er hèr svo heilagur haldinn að eingum þykir það lítilsvert að vinna hann, að eg kýs mèr það viðaukatkvæði við 2. grein, að eptir orðin „fyrir hvern hrepp“ bætist inn í: og vinni þeir eið að því fyrir sýslumanni, áður þeir gángi til starfa.

Stephán Jónsson: Það er af öllum viðurkent, að jarðamatið er bæði eitthvert hið nauðsynlegasta og þar hjá hið vandamesta verk, og nefndin sjálf hefir einnig viðurkent það; en sè það nú eitthvert hið nauðsynlegasta verk, þá á auðsjáanlega illa við að fresta því máske um lángan tíma. Tölur þíngmanna um þetta efni lúta að þrefaldri aðferð; nefndartáliið sýnist benda á tvöfalda, eptir því sem ræður hafa fallið.

Það sem þingmaður Ísfirðinga fór fram á, að tveir menn, sem hefði ferðast bæði hèr og um önnur lönd, skyldu, ásamt sýslumanni hverrar sýslu og 2 mönnum úr hverjum hrepp, starfa að jarðamatinu, þannig að sýslumaðar hver vinni í sinni sýslu og hverjir tveir hreppsmenn í sínum hrepp, en þeir 2 ferðamenn yfir land allt, get eg ekki skilið, að eigi vel við, eigi heldur það, að þeir 2 menn, sem ekki fara út fyrir hrepp sinn, skuli vinna kauplaust fremur með þessari aðferð, en nefndarinnar, því eg get ekki ætlað, að menn hefði þá upphyggingu eður skemtun af samvinnunni með þeim fremur en sveitúngum sínum, að þeir vildu vera kauplausir. Auk þessa geta allir sèð, að jarðamatið hlýtur að gánga miklu seinna með slíkri aðferð. Að því leyti sami þingmaður vildi finna það til foráttu mót jarðamatinu, að jarðabætur stæði því í vegi, þá meina eg það hið sama sem að segja, að eigi mætti meta jarðir, fyrri en jarðabætur væri með öllu undir lok liðnar, eða menn hættir við þær. Það mætti nú kannske segja, að afgjald jarða væri gild og góð undirstaða fyrir skattgjaldi, og er það að vísu satt, en á meðan tíund skal gjalda til allra fjögra stètta, er jarðamatið öldúngis nauðsynleg undirstaða fyrir því gjaldi, og er þar hjá viðurkent, að skattalögin ekki geti komizt í reglu nokkra, fyrri en jarðamati sè lokið. Hvað mat jarða til peníngaverðs snertir, þá er svo lángt frá að sú hugsun sè fyrst vöknuð hjá stjórninni, að þeirri meiníngu var hreift í Eyjafjarðarsýslu meðal bænda þegar fyrir þíng 1845, og gæti eg sýnt mönnum gild rök til þess utan þings; að þessari aðferð má reyndar nokkuð finna, en svo mun eigi síður fara um hverja aðferð, sem tekin væri. Enn fremur er það ósk og vilji þjóðarinnar, að jarðir landsins verði metnar, og eru bænarskrár þær, sem til þíngsins hafa komið, bæði á því hinu fyrra þíngi og þessu, órækur vottur þess, og bað ein af þeim um, að skattalögin yrði ekki samin fyrr en jarðamatinu væri lokið. Að því leyti mig minnir, að einhver þíngmanna minntist á húsabyggíngar jarðanna, sem nokkuð það, er ætti að hafa tillit til við jarðamatið, þá er það gagnstætt minni meiníngu, því sèu þau lèleg eða slæm, er það ábyrgðarhluti ábúanda, þegar hann fer frá jörðu. Þeim, sem við jörðu tekur, er á sjálfs valdi að byggja fleiri hús á jörðunni, ef hann þarf þeirra við, og kýs margur heldur að eiga sjálfur húsin, en að taka annara í ábyrgð; en sèu fleiri hús á jörðu, en sá, sem við henni tekur,

þarf á að halda, þá eru þau honum einmitt til byrði, og er það enn vottur þess, að hentast muni að byggja jörð þeim manni, sem hefir efni við jarðarinnar hæfi. Athugasemdir varaforseta virðist mèr beri að taka til greina, þegar jarðir eru metnar; en þó get eg eigi fundið það hentugt, að skrifa allar slíkar athugasemdir í jarðamats-bækurnar, og mundi leiða til þess, að virðíngarmenn yrðu að tala við hvern ábúanda fyrir sig; mundi það olla of mikilli tímatöf og verða fleirum annmörkum bundið. Að því leyti sami þíngmaður talaði um virðíngar í dánarbúum, þá vil eg ekki tala um það, því mèr virðist það ekki eiga við, en eg vil draga þar af dæmi. Gjörum, að allar jarðir í einum hreppi tilheyri sama dánarbúi, og eigi að virðast af tilkvöddum virðíngarmönnum, og meta fljótlega alla þeirra kosti og ókosti, og fá þann jöfnuð, sem auðið er, svo þeim stæði á sama, hverjar af þeim yrðu útlagðar þeim í arf, þó þeir væri erfingjar í búinu. Þannig ætti jarðamatið að vera, og fyrir þessari nákvæmni gjöri eg ráð hjá virðíngarmönnum. Landskuldar-gjaldið er ekki áreiðanlegur grundvöllur fyrir jarðamatinu; því gamlir leiguliðar sæta lèttari byggíngar-kostum en þeir, sem seinna hafa tekið jarðir á leigu. Þegar ný-metin jörð einhver verður fyrir tjóni, og er það ekki af vanrækt ábúanda, heldur af voða tilfellum, skriðum, snjóflóðum eða vatnagángi, virðist mèr ábúanda ætti að gefast kostur á að meta hana að nýju. Það sem frumvarpið tiltekur, að hið konúnglega rentukammer skuli loksins uppkveða dýrleikann á jörðunum, virðist mèr óhentugt; segi eg ekki þetta af vantrausti til stjórnarinnar, heldur af því eg veit, að sumt hvað af því, er hún hefir ætlað oss í góðum tilgángi, hefir opt orðið að ógagni sökum ókunnugleika hennar; er eg því þeirrar meiníngar, að þetta verk ætti að fela alþíngi á hendur, og áskil mèr breytíngar-atkvæði á þá leið.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Hinn háttvirti konúngsfulltrúi gat þess, að honum þókti vanta bæði hin stærri og smærri atriði, er getið væri í nefndarálitinu að ættu að vera tiltekin í erindisbrèfi virðíngarmanna, (á þessa leið skildist mèr orð hans), og að æskilegt væri, ef þíngmenn vildu vekja máls á þessum atriðum og ræða um þau, svo þessi umræða gæti orðið stjórnarráðinu til nokkurrar bendíngar, þegar það færi að semja erindisbrèfið. Þetta kom nú líka til tals í nefndinni, og svo, að 2 nefndarmenn voru kosnir, aðrir en framsögu-

maður, til þess að semja reglur nokkrar, er mættu lúta að þessu nýja jarðamati, og verða til leiðbeiningar bæði stjórnarráðinu við sanníngu erindisbrèfsins, og svo jarðamatsmönnum sjálfum; við gjörðum nú uppkast til þessara reglna, og feingum framsögumanni, til þess að yfirvega þær; en honum mun hafa þókt þær bæði nokkuð lángar og kannske óskipulegar til að taka þær að nokkru eður öllu leyti inn í nefndarálitið, og við aðrir nefndarmenn vorum þá heldur ekki neitt harðir á því. En úr því hinn háttvirti konúngsfulltrúi hefir óskað eptir, að slíkt kæmi nú til umræðu, þá held eg ekki fjærri, að hafa hèr upp ágrip af reglum þessum, og hvaða ástæður að fyri oss vöktu, þegar vèr sömdum þær, og get eg þetta með fáum orðum, með því eg var annar, sem reglurnar samdi.

Við fórum yfir og tókum fram hvert það atriði sèr, sem embættismannanefndin í Reykjavík 1846 tók til og taldi nauðsynlegt að hafa fyrir augum, við nýtt jarðamat á Íslandi. En það var auðvitað, að úr því nú var að ræða um, að virða jarðir til peninga, þá gátum við ekki álitið þau atriðin mest verð, sem embættismannanefndinni þókti helzt þörf á að taka fram, af því hún gjörði ráð fyrir, að virt yrði til hundraða; okkur þókti einmitt þörf á að vara við sumu af því, svo að virðíngamenn ekki annaðhvort leiddust ósjálfrátt til gömlu virðíngarinnar til hundraða, eður til að grauta saman hundraða-matinu og penínga-matinu, því við þessu gæti orðið hætt, þar sem gamla aðferðin, að meta til hundraða, mundi vaka fyrir flestum og þykja viðlægilegust. Fyrir því gátum við ekki metið hina gömlu hundraðatölu neina áreiðanlega nè sèrdeilislega undirstöðu fyri virðíngarmenn nú, og það því síður, sem það er víst, að hún er næsta misjöfn og fer eingan veginn eptir sönnum og eðlilegum jarðargæðum. Ekki gátum við heldur mælt fram með, að farið yrði eptir fènaðar-haldinu, sem þó svo mjög hefir verið farið eptir til þessa, þegar metið hefir verið til hundraða, því bæði er það undir því komið, hvað vel eður illa hefir í ári látið, þegar jarðamatið fór fram, eða og eptir dugnaði eður ódugnaði ábúanda, miklu fremur en því, hvað jörðin er í sjálfri sèr. Aptur hugðum við, að virðíngarmenn ættu að hafa sèrdeilislegt tillit til jarðarinnar sönnu og eðlilegu gæða eður ókosta, og af því sá kafli er ekki lángur í athugasemdum okkar, verð eg að leyfa mèr að lesa hann upp

orðrètt. „Gæði jarðarinnar sjálfrar og ókostir; til þeirra viljum vèr ekki heimfæra svo þau gæðin, sem leiða af stökum dugnaði ábúanda, nè þá ókosti, sem leiða af ódugnaði þeirra, heldur hin, sem jörðinni sjálfri eru eðlileg, t. a. m. hagarými, landkostir til málnytu og góðs skurðarfjár, góð og áreiðanleg vetrarbeit, bæði fyrir fè og hross, hæg fjárhirðing; slètt tún og víðlend, og vel fallin til ræktunar, slèttar útslægjur, hægð á vatnsveitingum yfir slægjur, útræði, hægur og góður útheyskapur á eingjum, lausum við hagbeit; með gæðum jarðarinnar viljum vèr einnig telja það, ef hún hefir svo skóg, að nægi, mótak, góðan torfvöll, á tiltölu góðs afrèttar, haganlega skipuð og vel sett bæjar og útihús með rambygðum og vel hlöðnum tóptum, hefir nægð af góðu hleðslugrjóti til jarðar og útihúsa og girðinga, góða veltu og hæga til aðflutnings; því allt þetta metum vèr meiri eða minni ókosti, ef vantar, og ef slíkt þarf út að kaupa, eður sækja lángt að; teljum vèr einnig með ókostum jarðarinnar, ef slægjur utan túns eru reytingssamar, erviðar og innan um bitfjárhaga, ef meira eða minna grjóthrun er á slægjur, ef þær að miklu leyti eða nokkru verða ekki notaðar fyrir vatni í rosaárum, ef jörðin hefir ei annað til eldsneytis en töð frá áburði o. s. frv. Þegar þannig er litið á gæði jarðarinnar eða ókosti hennar, þá má að því verða hinn mesti stuðningur til jarðamatsins eptir peningaverði, og kemur það heim við meiningu rentukammersins (frumv. bls. 12. *a*).

Forseti: Eg vildi óska, að þingmaðurinn úr Skaptafellssýslu vildi gjöra það, er hann nú er að lesa upp, að sínum eigin orðum, samkvæmt 72. grein alþingistilskipunarinnar.

Umboðsmaður Jón Gudmundsson: Eg skal ekki lesa meira, heldur einúngis segja fram ágripið til enda. Þó vèr þannig ætluðum, að fyrst og fremst ætti að meta og virða jörðina eptir eðlilegum gæðum hennar eður ókostum, þá væri samt nauðsynlegt, að virðíngarmenn hefðu eitthvert fljótsèð og auðsèð undirstöðu-atriði fyrir virðíngu hverrar jarðar, sem þeir gætu frekað á, eður linað á, eptir því sem gæði jarðarinnar eður ókostir, hlunnindi eður áföll, gæfu tilefni til, þegar allt væri grandskoðað og metið; en þetta undirstöðu-atriði ætluðum vèr að væri sanngjarnt jarðargjald, annaðhvort eptir því, sem nú væri á jörðunni, ef það þækti, og hefði leingi þókt nærri vegi, eða eptir því, sem virðíngarmennirnir af ná-

kunnugleik sínum og hyggindum mettu að sanngjarnt væri eptir ásigkomulagi jarðarinnar, ef jarða-gjaldið, sem nú er ákveðið, væri fjærri öllum sanni, annaðhvort of hátt eður of lágt; vèr ætluðum, að jarðargjaldið um allt land, en þótt það sè nokkuð ójafnt, sè þó miklu jafnara, og fari miklu fremur eptir gæðum og ásigkomulagi jarðanna, heldur en hundraðatalan; og vèr hugðum, að virðíngamenn ættu, yfir höfuð að tala, hægt með að ákveða með sjálfum sèr, hvaða jarðagjald væri sanngjarnt eður mátulegt á hverri jörðu, þó það ekki væri svo í raun og veru; en sanngjarnt jarðargjald vildum við álíta sanngjarnan ávöxt eður rentu af hinu sanna verði jarðarinnar, og virða hana eptir því, en að frekað væri á þessu virðíngarverði, eður linað, eptir því sem jarðarinnar sönnu og eðlilegu gæði eður ókostir gæfu tilefni til, þegar virðíngarmenn færu að grandskoða þá og meta. Eptir þessum ástæðum sömdum vèr fáorðar reglur í 6 greinum fyrir því, sem virðíngarmenn ættu helzt að hafa tillit til, nefnilega:

1. Að virðíngamenn skyldu einkanlega meta jarðarinnar eðlilegu gæði og ókosti; landkosti, hægð og nægð heyskapar, hagarými o. s. frv.; hins vegar alla annmarka og erviðleika, hvað vanti af því, er hvert bú þarf, og því þurfi að kaupa: fjáruppreksturr, slægjur, mótak, torfvöll, skóg til kola og tróðs, o. s. frv.
2. Afgjaldið, þegar það hefir leingi haldizt jafnmikið og verið álitið sanngjarnt; en sè afgjaldið á jörðunni fjærri sanngirni, eður sè upphæð þess óákveðin, af því eigandi býr á jörðu, skulu jarðamatsmenn ákveða með sjálfum sèr, hvaða gjald sè sanngjarnt á jörðunni.
3. Afgjaldið, þannig lagað, er fyrsta undirstaða virðíngarverðsins, og skulu álitnir 4 af 100.
4. Nú freka menn á virðíngar-verðinu eður draga af því, eptir því sem gæði jarðarinnar svara meiru en þessu afgjaldi eður minna.
5. Hafi eigandi áskilið sèr hlynnindi að undanförnu, og sèu því ekki innifalin eður metin í gjaldinu, þá skal þau hlynnindi meta sèr og arð þeirra, að frá reiknuðum kostnaði og fyrirhöfn, og bæta við virðíngarverðið.
6. Veruleg áföll, sem árlega skemma jörðina og rýra, skal og meta sèr, og draga frá virðíngar-verðinu, er áður var ákveðið eptir gjaldi og gæðum án tillits til gallanna.

Vèr tókum einnig fram eptir sömu ástæðum það, sem virðingamenn ættu helzt að varast.

1. Að hafa nokkurt stöðugt eður eindregið tillit til dýrleikans eður fènaðar-fjöldans.
2. Að þeir meti jörðina ekki minna eður of lítið eptir gæðum; *a.* fyrir fátækt þá, búskaparólag og atorkuleysi, sem fremur kynni að tíðkast á einstöku jörð, eður í sveitinni yfir höfuð, heldur en almennast við geingst, og kann að valda því, að gæði jarðanna eru ekki notuð, svo sem algeingt er í öðrum sveitum. *b.* Ekki mega þeir heldur draga af rèttri og sanngjarnri virðingu fyri peningaskort og efnaleysi, sem er í sveitinni, og kann að valda því, að jarðirnar eru ekki keyptar, eins og þær eru verðar. *c.* Ekki heldur fyrir það, þó einhver ábúandi hafi hlotið ábýlisjörð sína við gjafverði.
3. Að þeir meti ekki jörðina of mikið eður of hátt í verði eptir gæðum. *a.* fyrir það, að framúrskarandi dugnaður og atorka og bezta búskaparlag og jarðrækt kann að tíðkast í sveitinni, eður á einstöku jörð, fremur en alment er; *b.* fyrir stakar og kostnaðarsamar jarðabætur og húsabyggíngar einstakra manna, sízt ef nýbúið, eður ný-farið er að hafa þenna kostnað fyrir jörðinni; *c.* fyrir það, að nægð peninga er í sveitinni yfir höfuð, eður hjá einstöku mönnum, er hafa yfirkeypt og geta yfirkeypt jarðir til þess að hafa heldur nokkurn, en eingan arð peninga sinna; *d.* fyrir það, þó einstaka ábúandi hafi yfirkeypt ábýli sitt.

Þó umræður sèu þegar ordnar nokkuð lángar bæði um mál þetta yfir höfuð, og einkum um ræðu þá, er hinn heiðraði þingmaður Ísfirðínga flutti í dag, þá verð eg þó að bæta við nokkrum athugasemdum þar að lútandi. Eg held, að mörgum þingmanna hafi orðið að misskilja hann, að kippa ástæðum hans í sundur og skoða þær frá nokkuð óvinveittu sjónarmiði. Eg er nú að vísu ekki á sama máli og hann að aðalstefnunni til, en mèr getur samt ekki annað en þókt vænt um slíkar skipulegar, ljósar og skorinorðar ræður, sem þá, er hann flutti; þær eru þó æfinlega til þess, annaðhvort að fella gjörsamlega og með rökum, málið sem um er rædt, eður til þess að skýra það svo, og kosti þess, að menn verða úr öllum vafa um, að það eigi að hafa framgáng. Hann sagði, að jarðamat þetta, ef það færi fram eptir frumvarpinu, mundi verða ónákvæmt, og

aldrei eiga sèr leingri aldur, en svo sem 20—30 ár. Eg er öldúngis á sama máli; mèr hefir allt af verið það í augum uppi, að jarðamat, sem nú væri byrjað hèr, hvaða aðferð sem við það væri höfð, mundi aldrei eiga sèr lángan aldur, mundi aldrei komast hærra, þó það tækist sem bezt, heldur en svo, að það yrði sennileg undirstaða og hentug leiðbeining til annars betra jarðamats síðar. Menn skulu ekki gjöra sèr falskar vonir; það getur ekki orðið öðruvísi þetta fyrsta jarðamat, ekki heldur þó nefndarmenn ferðist um landið, ekki heldur þó sú aðferð sè við höfð, sem þessi heiðraði þíngmaður benti á; en fyrst að búast má svo að segja við sömu og jafnmörgum annmörkum af hverri aðferðinni, sem við er höfð, þá er vafalaust, að hafa skal þá aðferðina, sem kostnaðarminnst er, og þó svo varið, að jarðamatinu verður fyrr framgeingt og leiðist fyrr til lykta með henni, heldur en hverri annari, sem til verður bent. Það var og eitt, sem mèr þókti vænt um í ræðu ens heiðraða þíngmanns: það var kostnaðurinn, sem hann benti til að leiða mundi bæði af þessari aðferð við jarðamatið, og þeirri líka, er hann vísaði á; það var nauðsynlegt að leiða þetta í umræður manna, nauðsynlegt fyrir þjóðina og fyrir stjórnina, sem ekkert hefir minnzt á það í ástæðum frumvarpsins. Það varð ljóst af ræðu hans og samanburði hvorutveggju aðferðarinnar, að sú, sem frumvarpið leggur til, verður miklu kostnaðarminni, auk þess sem hún leiðir fyrr til lykta jarðamats-verkið; þarna eru þá auðsènir kostirnir við þessa aðferðina. Eg er öldúngis á sama máli sem hann og hinn heiðraði þíngmaður úr Eyjafjarðarsýslu, að aldrei komi jarðamatsmenn og sýslumaður fleiri jörðum af á dag, en 4 eða 5, ef þeir eiga að meta og leggja niður kosti og annmarka hverrar jarðar, svo að nokkru liði sè, ef um það eiga að verða nokkrar umræður meðal virðíngarmanna, til þess þeir gjöri sèr innbyrðis ljósar ástæður sínar, og ef þeir eiga að geta glöggvað sig að nokkru ráði á ásigkomulagi hverrar jarðar, bæði með skoðun sjálfra sín og af umræðum við ábúanda. En eigi yfirreiðin yfir hreppinn ekki að verða öðruvísi, en svona snöggvast að koma við á bænum (á annan hátt, og vart svo, getur hún orðið, ef stórir hreppar eiga að komast af á 2 dögum), þá tel eg þá yfirferð til alls einkis, nema einbers kostnaðar, og er þá eins gott, og betra, að jarðamatið fari fram heima hjá sýslumanni í stofu hans.

Framsögumaður: Eg held, að hvorugan þann máta eigi að við hafa í jarðamatinu, sem hinn heiðraði þingmaður, er síðast talaði, minntist á. Jarðamatið á hvorki að framfara í stofu sýslumanns, og ekki á heldur að gjöra áreið á sérhverja jörð fyrir sig. Eg held, og svo munu og flestir meina, að jarðamatið eigi þannig að framfara, að sýslumaður og virðingarmenn komi saman á hentugum stað í hverjum hrepp, og þar mun mat flestra jarða geta svo nákvæmlega farið fram, sem auðið er; því virðingarmennirnir munu, yfir höfuð að tala, verða jörðunum og öllu þeirra ástandi svo nákunnugir, að þeir þar, án áreiðar, geti metið þær rètt og áreiðanlega. Einstöku sinnum kynni samt áreið að þurfa, og þá er hægt að koma henni við. Annars óska eg, að skjal það, sem þingmaður þessi hefir verið að ræða um, verði lagt í lestrarstofuna, svo allir fái að lesa það. Eg gat ekki fundið, að í því væri neitt, sem ekki er betur og greinilegar tekið fram í ástæðunum, þó það sè þar gjört með færri orðum, utan það eina, sem órètt er í skjalinu, að hafa skyldi tillit til afgjaldsins af jörðunum, sem aðalreglu, er gilda skyldi fremur öllum atriðum við jarðamatið. En þetta er ekki einúngis órètt, heldur einnig skaðlegt; því afgjald jarðanna fer nú víða hvar svo lítið eptir gæðum þeirra, að það er næstum því eins óáreiðanlegt, eins og hundraðatal jarðanna, sem nú er. Það, sem þingmaður Eyfirðinga sagði um húsabyggíngar á jörðunum, er að sönnu í alla staði rètt, en það er líka tekið fram í ástæðunum.

Eyjólfur Einarsson: Í umræðum máls þessa virðist mèr ei nógsamlega rædt af þingmönnum um skyldur jarðamatsmanna. Eg er ei óhræddur um, að erindisbrèf það, er stjórnin gæfi jarðamatsmönnum, yrði máske ei að öllu hentugt; gæti þá farið svo, að einhver sá hæfasti af virðingarmönnum feingist ei í starfa þann, sem eg tel ei alllítinn skaða: því ei mun að ætlast til, að erindisbrèf þetta leggist fram fyrir *næsta þing*, því að líkindum byrjar jarðamatið máske fyrri. Virðist mèr því nauðsyn á, að þingmenn komi sèr saman um reglur þessar, sem þeir sendi stjórninni með nefndarálitinu, sem mèr virðist ei megi vera mjög margorðar, en greinilega samdar, og mun stjórnin taka þessar reglur til greina, þegar erindisbrèfið verður samið. Að öðru leyti er eg á sama máli og sá heiðraði varaforseti, að afskriptir af öllu jarðamati sè svo snemma auglýstar í hverri sveit, að það geti orðið nægilega yfirvegað,

áður en það er sent frá stjórninni til staðfestingar og samþykkis þingsins, og að hver þingmaður kynni sèr meiníngar manna um matið, áður til þings fer.

Framsögumaður: Eg skildi ekki fullkomlega, til hvers ræða hins heiðraða þingmanns laut, sem nú settist niður. Erindisbrèf virðíngarmannanna verða hvorki gagnsminni eður ókærari virðíngarmönnum fyrir það, þó þau komi frá stjórninni, heldur en þó þingið semdi þau; enda held eg það væri ekki alls kostar vel til þess fallið. Vildu þingmenn gagna málinu, ættu þeir nú að koma fram með athugasemdir þær, er þeir halda að koma eigi inn í erindisbrèfin, og þá mundu þær eingu síður verða teknar til greina, ef þær eru þess verðar.

Eyjólfur Einarsson: Meiníng mín var, að reglur fyrir virðíngarmenn hefðu enn þá ekki verið nákvæmlega teknar fram í umræðum þingmanna í þessu máli.

Assessor Johnsen: Hinn heiðraði þingmaður fer nú fram á það, sem frumvarpið einmitt ætlaðist til. Hinn heiðraði þingmaður Borgfirðínga ætlast til, að atriði þau, sem tekin eru fram í frumvarpinu, sè til leiðbeiníngar, ekki einúngis virðíngarmönnum, heldur líka rannsóknarmönnum, en þó held eg líka, að rannsóknarmenn þurfi að hafa það fyrir sèr, sem virðíngarmenn hafa farið eptir í gjörðabókum þeirra, ef rannsóknarmenn, sem ekki er við að búast, eru svo nákunnugir ásigkomulagi jarðanna, sem virðíngarmenn. Annars vil eg eingan veginn leggja þá þýðíngu í afgjald jarðanna út af fyrir sig, sem hinn heiðraði þingmaður Skaptfellínga ætlast til. Jeg veit vel, að það er sjálfsagt, að kostnaðinn verður að leggja á allar jarðir í landinu, sem virtar eru; en það er spursmálið um, hvernig honum á að jafna á þær, og hefi eg í því tilliti tekið fram þrennslags máta. Að hjáleigurnar sè býli sèr, vita menn að vísu, en fæstar eru þær með dýrleika í jarðabókunum. Að vísu hafa þeir, sem gjöld eiga að heimta eptir hundraðatali jarðanna, sumstaðar komið sèr saman við hlutaðeigendur um að skipta dýrleika torfunnar niður á öll býlin; en þetta á sèr eigi stað, nema á þeim torfum, sem eru tíundaðar, og verður að öðru leyti að litlu liði í því efni, sem hèr ræðir um. Að eins þyrfti að bera virðínguna saman fyrir allt land, einsog í amti hverju á milli sýslnanna, held eg þó öldúngis ónauðsynlegt, þar eð sýslur þær, sem eru á takmörkum amtanna, hafa ásigkomulag og sveitar-hagi svo náskylda, að nóg virðist, að

hyggnir menn úr þeim sýslum beri sig saman við aðra úr öðrum sýslum amtsins, til að koma nokkurn veginn fullkomnum jöfnuði allstaðar á. Eg játa, að orðin, „öðrum kríngumstæðum“, eigi halda vissri hugmynd virðíngarmanna svo fastri, sem óskanda er, og eg fellst því á, að fella þau úr, en aptur virðist mèr orðið, „aflamegni“, hafa þenna kost og koma vel við, ásamt orðinu, „gæðum“, sem táknar gæði jarðarinnar út af fyrir sig, en „aflamegn“ aptur ávaxtar-krapta hennar í samanburði við aðrar jarðir. Mèr getur ekki skilizt, að virðíngin, í tilliti til staðar þess, hvar hún á fram að fara í hreppi hverjum, eigi eða þurfi að fara öðruvísi fram, en framsögumaður lèt í ljósi. Mèr þykir annars vanta í ástæðurnar, að ekki er gjört ráð fyrir, að virt sè jörð nokkur upp aptur, þegar kvartað er yfir, að virðíngin sè of há, og er þá sjálfsagt, að nefna til þess starfa aðra, að minnsta kosti eins marga menn, og ætla eg, að sá sem þess óskar, ætti að bera kostnað þann, sem af því leiðir, ef hann ekki hefir sigur, eða fær enni fyrri virðíngu breytt, en ella skyldi kostnaði þeim jafna á sama hátt, og öðrum kostnaði við virðíngarnar.

Framsögumaður: Eg verð enn þá að vera á því, að það sè til lítils gagns að bæta orðinu „aflamegn“ við 3. grein. Það mun ei öllum auðskilið, hvað í því liggur; það svarar næst til þess, er Danir kalla „Productionsevne“, en þá held eg betra að halda sèr til þess algeinga, sem allir skilja og í frumvarpinu stendur: „jarðarinnar gæði“. Um athugasemd varaforseta, áhrærandi höfuðbýli og hjáleigur, skal eg bera mig saman við meðnefndarmenn mína. Mín meiníng er, að hverja jörð eigi að meta fyrir sig, eins og ástæður frumvarpsins ætlast til, en að höfuðbýlis-bóndi og hjáleigumenn komi sèr saman um, hver partur skattsins falla skuli á hverja hjáleigu, og hver á höfuðbólið; og komist einginn samníngur á um það, verður að skera úr því á reglulegan hátt, við skoðunargjörð og mat. Eg get ekki verið varaforseta samdóma í því, að rannsóknarkostnaður skuli lenda á beiðanda, heldur eigi að fara eptir frumvarpinu, sem ætlast til, að rannsóknarmenn fái borgun af opinberum sjóði, eins og virðíngarmenn.

Prófastur Hannes Stephensen: Eg vil ekki með öllu neita hinum heiðraða varaforseta, er hann segir, að hjáleigurnar sèu ekki lagðar í hundrað í jarðabókunum; þó veit eg með vissu, að það er sumstaðar; hitt veit eg líka, að þar

sem höfuðbýlið er með hundraðatali, þar eru hjáleigurnar það allstaðar. Að það sè nú til orðið eptir samkomulagi manna, má vel vera, og sè eg ekkert, sem gjörir þá hundraða upphæð óáreiðanlegri, en jarðabókanna; því eg vil spyrja, hvort minna sè að reiða sig á þann dýrleika, sem þannig er í fyrndinni kominn á hjáleigurnar eptir samníngi kunnugustu manna, en hinn, sem jarðagóz landsins annað hefir feingið eptir áætlun miður kunnugra jarðamatsmanna. Að láta heimabónda og hjáleigumann semja um, hvað hver þeirra skuli greiða af skattinum, er óhafanda, og fyrir yfirvaldið er ógeðfelt að þurfa að skera úr mörgum þesskonar þrætum, einkum þar þær eru óþarfar. Það ætla eg, að viðauki varaforseta við 3. grein sè óþarfur, því hvort sem „aflamagn“, eða „aflamegn“ er brúkað, þá gefur það til kynna annaðtveggja hæfilegleika jarðarinnar til að gefa af sèr ágóða, og er þá innifalið í gæðum jarðarinnar, sem nefnd eru í greininni, ellegar það táknar ágóðann sjálfan, og er hann svo mjög undir brúkun jarðarinnar kominn, að honum má lítinn gaum gefa við mat jarðarinnar.

Assessor Johnsen: Það er lítil bót í máli, þó allar hjáleigur væri búnar að fá dýrleika sèr við samkomulag, eptir sem nú stendur á; því skatturinn á þeim, eptir hinu nýja jarðamati verður sömu vandkvæðum bundinn eigi að síður, ef þær nú ekki verða metnar til dýrleika, eins og ráð er fyrir gjört. Með tilliti til orðsins „aflamegn“, þá legg eg í það þýðingu um ágóða i samanburði við aðrar jarðir.

Prófastur Hannes Stephensen: Af þeim nú veranda dýrleika hjáleigunnar sèr maður, hve stór partur jarðarinnar hún er. Þegar nú jörðin öll er matin til peninga, þá sèst, hve mikið af peninga-upphæðinni hjáleigunni ber, og þeirri peninga-upphæð verður auðvelt að koma í hundruð og álnir, og þá er dýrleiki hjáleigunnar fundinn, sem leggja má skatt á sèrstakan.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Það geingur yfir mig, hversu 2 hinna heiðruðu þíngmanna, varaforseti og framsögumaður, hafa misskilið mig á þá leið, að eg ætlaðist til, að virðíngarmenn hefðu helzt tillit til jarðargjaldsins, eins og það er nú, og hvað ósanngjarnt sem það væri. Eg hèlt, að eg hefði tekið það skýrt fram, að virðíngarmenn ættu að eins að hafa tillit til gjaldsins, sem nú væri, ef það væri álitið sanngjarnt og hefði leingi verið metið svo; en væri gjaldið þar í móti ósanngjarnt, þá ættu þeir með sjálfum sèr að ákveða það eptir

sanngirni, og hafa það fyrir fyrstu undirstöðu virðíngarverðsins á jörðinni. Eg hèlt, og held enn, að virðíngarmönnum veiti þetta auðvelt, fyri það hvað þeir eru hyggnir og þekkja vel til jarðanna; eg held þeim sè það fullt eins innrætt eður huggróið, hvert gjald megi telja sanngjarnt á jörðu hverri í hreppnum, sem þeir eru í, eins og hvað mátulegt eður hæfilegt að væri hundraðatal einhverrar jarðar, sem þó embættismanna nefndin í Reykjavík 1846 taldi víst.

Framsögumaður: Eg hefi máske áðan ekki skilið rètt ræðu hins virðulega alþíngismanns; en eins og hann nú þýðir orð sín, er eg ekki nær að heldur. Eg álít það ei einúngis óþarfan, heldur og illfæran krók á þeirri leið, sem annars má vera bein, að fara fyrst að meta, hvað rètt afgjald sè af hverri jörð, og síðan, hvers virði hún á að vera.

Prófastur Hannes Stephensen: Eitthvað verða virðíngarmenn að hafa fyrir augum sèr að gánga eptir, þegar þeir virða jarðir; og að gánga að jarðamati án fastrar reglu, mun ekki gott, en eg skil ekki, hvar rèttari mælikvarði fæst til að virða jörð eptir, en sanngjarnt eptirgjald hennar, það er leiga sú, sem höfuðstóllinn gefur af sèr, og höfuðstólsins sanna verð ákveður ávöxtur sá, sem hann sanngjarnlega gefur.

Stephán Jónsson: Hvað því viðvíkur, að leggja athugasemdir þær á lestrarsalinn, sem þíngmaður Skaptfellínga las upp áðan, þá má það nú virðast of seint, þar sem eigi verður framar komið fram með breytíngaratkvæði um þær, þó þær kynnu að gefa orsök til þess; enda má þess vænta, að stjórnin muni taka til greina allar bendíngar bæði af ræðum og bænarskrám þíngsins hèr að lútandi, og koma því á rètta staði í erindisbrèfi virðíngarmanna. Ekki ætla eg, að virðíngarmenn þurfi að gjöra sèr ferð á hverja jörð, enda mundi og slíkt bæði vera óhagkvæmt fyrir sýslumann, þar sem hann allvíða ekki mundi geta feingið hentug húsakynni, meðan á verkinu stæði, og óþarft, þar sem virðíngarmenn mega þekkja vel til jarðanna í hreppi sínum, þó ekki kunni þeir allt, hvað þær snertir, utan bókar, svo sem t. a. m. hvað margir hestar af hverri heytegund öfluðust á jörðinni, og fleira þesskonar, sem lítið sýnist á ríða.

Framsögumaður: Hafi eg ei misskilið þann heiðraða þíngmann, verð eg að spyrja, hvernig þá eigi að fara að jarðamatinu. Annars er eg því samþykkur, er hann sagði, um að stjórn

in mundi geta tekið athugasemdir og umræður þingmanna til greina í þessu efni. Þó skjal það, er áðan var um rædt, geti ei, og þurfi ei að gefa tilefni til breytingaratkvæða, vil eg þó, að það sè lagt á lestrarstofuna, svo þingmenn fái kynt sèr það; og sèð, hvort í því eru nokkrar nýtilegar athugasemdir.

Stephán Jónsson: Eg hefi líklega talað ógreinilega, fyrst að hinn heiðraði framsögumaður svo mjög misskildi mig. Min meining var einmitt, að sýslumenn og virðingarmenn skyldu vera að starfa sínum á einhverjum vissum stað í hreppnum, en ef nákvæmni varaforseta ætti við að hafa, mundi bágt að koma því heim.

Prófastur Haldór Jónsson: Eg skal nú ekki leingja mikið umræður þessa máls. Eins og bænarskrár um nýtt jarðamat hafa verið sendar til þingsins frá flestum, ef ekki öllum sýslum landsins, eins hefir líka í sveitum verið margtalað um aðferð þá, er við skyldi hafa á þessu vandasama verki. En þó upp á mörgu hafi verið stúngið, veit eg ekki betur, en menn hafi þókzt finna annmarka, og þá ekki all-litla, við það allt; og það hygg eg víst, að sú aðferðin, sem hið konúngl. frumvarp leggur fyrir, megi álítast, og sè yfir höfuð álitin að vera minnstum annmörkum bundin, og þegar á allt er litið, bezt tilfallin. En þó er þess að gæta, að þessi reglan, að meta jarðirnar til peníngaverðs, er svo yfirgripsmikil, að virðingarmenn hafa eptir henni mjög óbundnar hendur. Þess vegna er, til þess ekki þurfi að óttast, að matið verði of mjög af handahófi, allt undir því komið, að virðingarmenn fáist, sem gagnkunnugir sèu, skynsamir menn og vandaðir. Af frumvarpinu er mèr nú ekki fullkomlega ljóst, hvort þeir þrír menn, sem sýslumaður á að tilnefna fyrir hvern hrepp, eigi einmitt að veljast í hreppnum; en á aðgjörðum nefndarinnar, sem sett var 1845 til að íhuga skattgjaldslögin, sèst, að hún hefir ætlazt til þeir yrðu valdir í hreppnum. Nú má vel vera, að þeir hreppar sèu til, þar sem ekki sè góð völ á þeim mönnum, sem til hafi að bera áður talda eiginlegleika, en sýslumaður eigi kost á einum eða fleiri þvílíkum mönnum annarstaðar; t. d. getur verið, að nýlega hafi flutt sig úr hreppnum einhver þar til vel hæfur maður, og sýnist mèr þá, að sýslumaður ætti að mega tilnefna hann sem virðingarmann í þeim hreppnum, sem hann hafði áður í verið; en yfir höfuð er sjálfsagt æskilegast, að allir mennirnir feingist í hreppnum. Til

þess einginn vafi verði á orðum frumvarpsins í þessu tilliti, áskil eg mèr það viðauka-atkvæði, að í 2. grein verði fyrir aptan orðin, „3 menn fyrir hvern hrepp“, bætt við: helzt af hrepps bændum sjálfum.

Þá er enn eitt atriði, sem eg álít þörf að minnast á, og sem einginn hefir áhrært, en það eru þær alþektu landaþrætur; víða eiga landaþrætur sèr stað, og sumstaðar er um töluvert að gjöra. Væri þetta atriði látið óáhrært, yrði virðingarmönnum stofnað í of mikinn vanda og ráðaleysi. Hvernin bezt yrði ráðið úr þessu vandkvæði, þori eg sjálfsagt ekki að fullyrða neitt um; en helzt ímynda eg mèr, að þrætupartinn yrði að telja með þeirri jörð, sem líklegra þækti að hann heyrði til, þó svoleiðis, að hann líka væri metinn sèr í lagi, svo einkis rètti væri haggað, og eingin vandræði flyti af því, þó parturinn geingi undan til annarar jarðar. Eg hygg, að ekki sè þörf að bera upp um þetta breytíngaratkvæði, heldur sè nóg, ef í erindisbrèfi virðíngarmanna væri tekið fram, hvernig í þessum tilfellum skyldi aðfara.

Stephán Jónsson: Dæmið, sem hinn velæruverðugi konúngkjörni þíngmaður nú tók, virðist mèr heyra undir þess háttar tjón, er eg áðan gat um, og þækti mèr eiga vel við, að þess háttar tilfella yrði getið í erindisbrèfum virðíngarmanna.

Prófastur Halldór Jónsson: Það er þó allt annað, en eg meinti, ef jörðina verður að meta að nýju fyrir það, að þrætuparturinn geingur undan henni; þetta orsakar kostnað, og þess vegna áleit eg, að þó þrætuparturinn væri metinn með þeirri jörðunni, sem líklegra þækti að hann ætti að fylgja, bæri þó líka að meta hann sèr í lagi.

Stephán Jónsson: Sè þrætuparturinn lagður til annarar jarðarinnar, þá vex verð hennar að sama hlutfalli, sem hinnar mínkar.

Framsögumaður: Eg get þó ekki sèð, að hèr sè annar vegur, sem farinn verði, en sá heiðraði konúngkjörni þíngmaður andlegu stèttarinnar benti til, að landaþrætustykkið verði að metа sèr í lagi, ef það nemur nokkru, og leggja það síðan til þeirrar jarðarinnar, sem að lokum fær það.

Kandíd. Jón Sigurðsson: Ætli jarðamatsmennirnir þurfi nú ekki að skoða þessa þrætuparta? Það ímynda eg mèr að minnsta kosti, ef álit þeirra á að verða að nokkru liði. En að þessu mun verða talsverð tímatöf. Það er líka margt athuga-

vert við þessar landaþrætur; þær eiga sèr stað svo að segja um allt land, og þá getur auðveldlega aðborið, að jarðamatsmenn sèu ei svo kunnugir, að þeir geti skorið rètt úr málunum. Að minnsta kosti er af þessu auðsætt, að það er á gildum rökum bygt, er eg fyrr sagði, að margar jarðir mundu ei verða metnar á einum degi.

Stephán Jónsson: Ef skipt er þrætulandi milli þeirra jarða, sem þræta, þá kynni máske seinna verða álitið, að þrætan væri útkljáð, og öðrum partinum þannig lokaður vegurinn til að ná fullrètti sínu; því held eg bezt, að meta þrætulandið með þeirri jörðinni, sem brúkar það, og getur þá hin jörðin rekið rèttar síns, þegar vill; skyldi nú þessi jörðin ná þrætulandinu, verður hún að setjast upp, en hin aptur niður.

Framsögumaður: Það getur borið við einstöku sinnum, að önnur jörðin einúngis brúki þrætustykkið, þar sem um slægjuland er að gjöra; en opt stendur svo á, að þrætustykkið er beitarland, og þá er það optast brúkað frá báðum jörðunum. En þetta atriði er ekki mjög merkilegt, og þarf ei að gjöra jarðamatsverkið mikið torveldara; því landaþrætur eru þó yfir höfuð sjaldgæfar; opt eru líka þrætustykkin kunnug jarðamatsmönnum, svo einga áreið þarf. Stundum geta þau líka verið þeim ókunnug, og þá má ríða á þau.

Stephán Jónsson: Þegar báðir brúka, á að meta þrætulandið báðum; þessi meiníng virðist mèr hljóta að liggja í orðum mínum, þar sem eg sagði, að meta skyldi þrætulandið þeirri jörð, sem það brúkaði.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Það yrði þó ókljúfandi, að skera úr öllum landaþrætum, sem ábúendur mundu klifa um og bera sig upp undan, enda eru þær stundum um sárlítið, og mundu lítinn sem aungan mun gjöra í virðíngar-verði jarðanna, þar sem þrætuplázin optar eru brúkuð á mis af þeim, sem um þau þrátta. Eg þekki að vísu ekki glögt til nema í einni sýslu, en eg þori að fullyrða, að þar er vart ein jörð af 10, sem þykir hafa óræk landamerki, eður svo, að ekki sè einhver deila um eður þráttan. Og hygg eg, að jarðamatsmenn megi eingan veginn gefa gaum að slíku, yfir höfuð að tala, nè tefja sig fyrir áreiðir út af því. En svo að eg ekki sleppi með öllu umræðum um yfirreiðar sýslumanns og virðíngarmanna, þá er eg nú að vísu samþykkur enum heiðraða framsögumanni í því, að frumvarpið eður ástæður þess

munu ekki ætlast til, að þeir ríði heim á hvern bæ til þess að skoða jarðirnar; en mèr er spurn: því er þá nauðsyn á að virðíngin fari fram í hverjum hrepp? því þá ekki eins vel á sýslumannssetrinu, eður öðrum haganlegum stað í miðri sýslu, til þess að spara kostnaðarsamar yfirreiðar og ferðalög sýslumanna? Með því móti held eg að kostnaðurinn yrði miklu minni.

Stephán Jónsson: Eg ætla, að slíkt mundi olla tímatöf og auka á kostnaðinn. Sýslumaður yrði þá nefnilega að dagsetja virðínguna fyri fram fyrir hvern hrepp; en nú mætti vel svo til bera, að matinu í einum hrepp, einhverra tálmana vegna, ekki yrði lokið svo fljótt, sem til var ætlazt, og leiddi þar af, að virðíngarmenn annara hreppa þyrptust að sýslumanni, áður en hann gæti tekið til starfa með þeim, og yrðu þeir þá að bíða hentugleika hans verklausir um skemri eður leingri tíma.

Umboðsmaður Jón Gudmundsson: Eg held þó, að það þurfi ekki að verða sú þyrpíng af virðíngarmönnum, nè kostnaður að því, sem þeir heiðruðu menn, er síðast mæltu, gjörðu ráð fyrir, þó að samkomustaður sýslumanns og þeirra væri ákveðinn á einum og sama stað fyrir alla hreppana, sem næst miðbiki sýslunnar. Eg verð að ímynda mèr, að sýslumanni veiti hægt að ákveða og sjá fyrir, hvað margra daga þarf til jarðamatsins fyrir hvern hrepp, fyrst menn geta sèð það í hendi sèr nú þegar hèr á þínginu; en þá þyrfti ekki að boða virðíngarmennina á staðinn úr öðrum hreppnum, fyrr en auðráðið væri, að henni væri lokið í hinum fyrri, o. s. frv.

Framsögumaður: Eingi maður getur með vissu sagt, hvað leingi muni verða verið að jarðamatinu í hverjum hrepp; það kann að gánga fljótt í einni sveit, en seint í annari. Sýslumaður getur því með eingu móti fyrir fram ákveðið, nær því í hverjum hrepp fyrir sig verði aflokið; hann getur því ekki heldur stefnt til sín jarðamatsmönnunum úr hverjum hrepp á vissum tíma, og úr sumum hreppum kynnu þeir því að verða að bíða hjá honum aðgjörðalausir í nokkra daga, áður tekið yrði þar til jarðamatsins. Það er einnig miklu erviðara fyrir alla jarðamatsmennina, að ferðast úr öllum sveitum sýslunnar til sýslumannsins, heldur en fyrir hann að ferðast um sýsluna, því það verður hann að gjöra, hvort sem er, þegar hann fer að manntalsþíngum. Færu jarðamatsmennirnir til sýslumannsins, ættu þeir úr lángt frá liggjandi sveitum miklu leingra til þeirra jarða, sem áreið þarf að gjöra á, heldur en ef jarða-

matið færi fram í hreppnum sjálfum; og með öllu þessu mundi aukast mikill og óþarfur kostnaður.

Prófastur Halldór Jónsson: Eg álit þó með öllu nauðsynlegt, að jarðamatið framfari í hreppnum sjálfum, því bæði yrði ferð virðingarmanna til sýslumannsins kostnaðarmeiri, en hans til hreppsins; líka er það sjálfsagt, að þó sumar jarðir kynnu að verða metnar án skoðunar, eptir nákvæmri þekkingu virðingarmannanna, þá mun þó víða verða nauðsynlegt að skoða ásigkomulag, kosti og ókosti jarðanna, og þá mundu menn stundum vera langt undan landi, ef matið ætti að framfara á heimili sýslumannsins. Annars held eg það æskilegt og einkar áríðandi, að virðingarmennirnir séu tilnefndir svo laungu á undan því, að jarðamatið á að framfara, sem mögulega verður, því þá kunna þeir að geta búið mikið í haginn fyrir sig, svo matið gángi greiðar en ella, þegar til framkvæmdanna kemur.

Ásgeir Einarsson: Þar eð sá heiðraði framsögumaður óskaði, að sem flestir létu meiníngar sínar í ljósi um þettá mál, svo þær yrðu teknar til yfirvegunar, þá verð eg að geta þess, að eg man ekki til, að neinstaðar hafi verið minnzt á álptafjaðra-tekju, því eg skil það ekki undir fuglaveiði; óska eg því, að inn í greinina í ástæðunum undir stafliðnum *b* verði bætt eptir orðin, „og öðru varpi“, „og álptafjaðratekju“. Það sem talað hefir verið um landamerki, held eg bezt eigi heima við landamerkja-málið, sem mig minnir að áður hafi verið minnzt á hèr á þíngi, þegar bænarskrá um það var borin upp.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Það er að vísu ekki margt, sem mèr dettur nú í hug að bæta við það, sem hinir heiðruðu þíngmenn hafa sagt um þetta mál í dag. Þeir hafa að mestu leyti tekið af mèr ómakið, sem eg ætlaði mèr, þá eg áskildi mèr rètt, áður en eg skrifaði undir nefndarálitið (því eg var maðurinn, sem framsögumaður benti á í því tilliti), til að mega gjöra athugasemdir við það, þá það yrði rædt hèr á þíngi.

Eg áleit það mestu nauðsyn, að taka höfuðatriði þau vel fram í nefndarálitinu, er vera skyldu undirstaða jarðamatsins, og einkum virtist mèr sèrleg ástæða til þessa við peningamatið, er fallizt er á að nú skuli vera aðalgrundvallarreglan. Það var viðurkent af nefndinni á aðalfundi hennar, að reglur, eptir hverjum gánga skyldi við jarðamatið, væru nauðsynlegar,

og þá undir eins, að reglurnar, sem frumvarpinu fylgja og framteknar eru í ástæðunum fyrir því, væru ekki eins fullkomnar, og þær þyrftu að vera; stakk því nefndin upp á að velja 2 menn úr sjálfri sèr, er semja skyldi nákvæmari reglur í þessu efni; leystu þessir nefndarmenn verk það vel af hendi að mínu áliti, en formaður nefndarinnar fann þær reglur ekki hæfilegar að takast til greina við samníng nefndarálitsins. Að vísu ætlaðist nefndin eingan veginn til, að reglur þessar skyldu koma eins fjölorðar inn í nefndarálitið, sem þær nú eru, heldur að þær máske væru látnar fylgja því, svo þær yrðu teknar til greina í erindisbrèfi því, er rentukammerið gæfi virðíngarmönnum; og það var að ætlan minni ekki einasta æskilegt, heldur og einnig í alla staði nauðsynlegt, að svo væri.

Það varðar ekki svo litlu, að allt sè gjört, sem ítrast að mögulegt er, til að greiða götuna fyrir, að sem rèttvísastur og áreiðanlegastur grundvöllur feingist undir jarðamatið; það varðar aungu minna, að minni hyggju, en landsbúa tímanlegu velferð. Það hefir vakað fyrir augum mèr, hvílíkt vandaverk þetta væri, og því er eg enn sem fyrri fastur á því, að ekkert megi vanta, er leiðbeint geti matníngsmönnum á þessari villugjörnu leið, og því skora eg á þíngmenn, að þeir nú þegar hugleiði þetta mál vandlega. Eg veit það fyrir víst, að það er um seinan að fá reglurnar, er þeir tveir nefndarmenn sömdu, inn í nefndar álitið, en eg vil leyfa mèr að stínga upp á því, að þær verði þó prentaðar í þíngtíðindunum, svo þær bæði geti verið þjóðinni kunnar, og stjórnarráðunum til hliðsjónar við samníngu erindisbrèfs matníngsmanna. Reglur þessar eru bæði að alreglur, nokkurn veginn í sömu röð framteknar, eins og í ástæðum frumvarpsins, og aukareglur, sem nauðsynlegar eru og eiga vel við, svipaðar því, er hinn háttvirti konúngsfulltrúi benti til að þyrftu við, og mega því eingan veginn missast, sem hliðsjónarreglur; þó svo væri, að þær máske þæktu ekki eiga við á einum stað, eiga þær því betur við á öðrum; en með því að matníngsmönnum væri ekki gjört að skyldu að fylgja þeim beinlínis, nema þar sem þeim yrði vel viðkomið, ætla eg þær geti hvergi skaðað, miklu fremur gagnað, því þær vekja athygli, og minna menn á það, sem þörf er að tekið sè til greina; þess vegna álít eg nauðsynlegt, og óska, að þær mættu prentast í tíðindunum, þar eð þær geta hèðan af ekki komizt öðruvísi að. Hvað því viðvíkur, hvar

jarðamatið á að fara fram, þá verð eg að segja fyrir mig, að mèr hefir aldrei dottið í hug, að það ætti annarstaðar vera, en í þeim hreppnum, sem í það eða það skipti á að meta, enda ætla eg það leingst fjærri, að öðruvísi megi vera, því síður sem að mínu áliti er ómissandi, jafnvel að fara heim á flesta, ef ekki alla bæi í hreppnum, bæði til að vekja athygli matníngsmanna á ýmsu á leiðinni, og líka, ef ske mætti, til að afla sèr upplýsínga hjá ábúendum; því vart mun til þess að ætlast, að allir sèu svo grandkunnugir, að ekki þurfi einn eður annar af matníngsmönnum að skýra fyrir sèr hugmynd sína eða álit, sem hann hefir lagt eið út á að sem rèttast skyldi vera.

En það sem hinn heiðraði konúngkjörni þíngmaður andlegu stèttarinnar sagði, vidvíkjandi landaþrætum, er milli jarða væru, þá jarðamatið framfer, þá er eg á því, sem hann, að þau landstykki sèu metin sèr í lagi fyrst um sinn.

Framsögumaður: Eptir þeim orðatiltækjum, sem hèr hafa verið höfð, verð eg fyrir mitt leyti að óska, að skjal það, sem um hefir verið rædt, yrði prentað, svo það sjáist í alþíngistíðindunum.

Prófastur Hannes Stephensen: Eg er þess fullviss, að þíngið og hinn hæstvirti forseti muni annast um, að jarðamatsreglur þær, sem hèr er um rædt, verði prentaðar í þíngtíðindunum; því skjal það, sem í hitt hið fyrra var hèr frá þínginu óviðkomandi mönnum sent þínginu, og upplesið undir síðustu umræðu þess máls, hvar það átti að eiga við, var prentað í þíngtíðindunum, og munu reglur þessar, sem þíngmenn hafa samið, ekki njóta minni rèttar.

Assessor Johnsen: Það yrði þá líka nauðsynlegt, að gefa þíngmönnum kost á, að ræða þau atriðin við ályktunar-umræðuna, sem menn enn ekki hafa heyrt úr skjali þessu, og ekki hafa komið til umræðu í dag, þó það muni mega álítast gegn rèttri reglu.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Það voru enn 2 atriði, sem komu mèr nokkuð til að hika við að skrifa undir nefndarálitið, og sem nefndin hafði fallizt á innbyrðis með sèr, en sem eg þóktist sakna úr nefndarálitinu; það fyrra var, að alþíngi í stað amtmanna skyldi felast rannsókn virðínganna, eptir að þeim væri lokið; og hið annað, að skiptirinn (*divisor*) mætti ákveðast af alþíngi í stað rentukammersins, því lands-

menn mundu, sem kunnugri, geta ákveðið hann hæfilegri, en hið háa stjórnarráð, og því áskil eg mèr breytíngaratkvæði við 4. grein frumvarpsins á þessa leið.

Stephán Jónsson: Eg hafði áður áskilið mèr breytíngaratkvæði sama efnis, sem þíngmaðurinn, er síðast mælti, gjörði áðan, og erum við þá báðir um það.

Forseti: Þó mèr virtist svo, eptir því sem eg tók eptir, að fáu væri því hreift af þíngmanni Skaptafellssýslu úr skjali því, sem um hefir verið talað, og hann hafði meðferðis, annað en það, sem á er drepið af rentukammerinu (sjá ástæður frv., blaðs. 12.), vil eg þó ekkert hafa á móti, að það sè lagt á lestrarsalinn þeim til athuga, sem ekki hafa lesið það; eins og eg ekki heldur hefi neitt á móti því, að helztu atriði þess komi inn í þíngtíðindin, ef stjórnarráðið kynni að geta tekið af því einhverja hugvekju við tilbúníng erindisbrèfanna fyrir jarðametendurna: því viss er eg um, að það tekur með þökkum hverjum bendíngum, sem lúta að því, að skipa þessu málefni, sem bezt má verða, að landsþörfum. Nokkur af þeim breytíngaratkvæðum, sem þíngmenn hafa borið upp, eru ekki þess eðlis, að þau geti komið til atkvæða á síðan, þar eð þau hvorki eru gjörð við frumvarpið nè nefndarálitið, þó þau að öðru leyti kannske gætu flotið inn í ástæður bænarskráarinnar, sem bendíngar til betri skipunar á erindisbrèfunum.

Enginn ræddi nú framar þetta mál, og kvað þá forseti frumræðu þess lokið.

Þá var lesið upp allraþegnsamlegast álitsskjal þíngsins um lögleiðslu tilskipananna af 8. Jan. 1845 og 21. Maí 1845, svolátandi:

## Til konúngs.

Yðar konúnglegu Hátign hefir allramildilegast þóknazt að láta fulltrúa Yðar á alþíngi leggja fyrir það lagaboð þau, sem útgeingin eru fyrir Danmörku árin 1845 og 1846, til þess að þíngið skyldi segja álit sitt um, hver af þessum lagaboðum væru þess eðlis, að hagfelt mundi, að þeim yrði veitt lagagildi á Íslandi.

Eptir að málefni þetta hefir verið rannsakað af 5 manna nefnd, og rædt á tveimur aðalfundum, leyfir þíngið sèr nú allraþegnsamlegast að láta í ljósi álit sitt um það á þessa leið.

Þínginu virðist það vera í augum uppi, að af þeim áður tilgreindu lagaboðum geti það einúngis verið tilskipun frá 8. Jan. 1845, sem afmáir embættis-tekjuskattinn eptir tilskipun frá 12. Jún. 1770, og tilskipun frá 21. Maí 1845 um breytíngar á erfðalöggjöfinni, sem eiga við á Íslandi, og ættu að fá þar lagagildi.

Hvað nú fyrst snertir tilskipun frá 8. Jan. 1845, þá er það að vísu svo, að tekjuskattur sá, sem hún talar um, er nú ekki greiddur nema af fáeinum embættismönnum hèr á landi, nefnilega 5 prestum og 2 sýslumönnum; en þínginu virðist það samt einsætt, að nefnda tilskipun eigi hèr að lögleiða, því annars nytu þeir embættismenn, sem enn þá eiga að lúka hèr tekjuskattinum, ekki sömu rèttinda eða lèttis, eins og Yðar Hátign allramildilegast hefir veitt öðrum embættismönnum Yðar í ríkinu. Þínginu virðist einnig, að við þetta standi í nákvæmu sambandi afdráttur sá, sem hèr á sèr stað, og hvílir á launum amtmanna og landsyfirrèttarins meðlima; því afdráttur þessi ætti að falla niður, um leið og tilskip. 8. Jan. 1845 er heimfærð til þessa lands, þar eð allar hinar sömu ástæður, sem mæla fram með aftekníngu embættis-tekjuskattsins bæði í Danmörku og á Íslandi, eiga hèr við, og aftekning afdráttar þessa styrkist líka við opið brèf frá 30. Dec. 1845, sem aftekur afdrátt þann af tekjum nokkurra embættismanna, sem ákveðinn er með konúngsbrèfi frá 10. April 1745.

Hvað áhrærir tilskipunina frá 21. Maí 1845, þykir þínginu það eingum vafa undirorpið, að hún eigi að fá hèr lagagildi, þar eð hún bætir úr mörgum þeim misfellum og ójöfnuði, er koma fram eptir hinni hingað til gildandi löggjöf um erfðir og önnur atriði, sem þar með standa í sambandi. Þíngið hyggur, að löggjöf þessi muni koma í góðar þarfir á Íslandi, hvar erfðir, síðan 17. Febr. 1769, hafa farið eptir fyrirmælum NL. 5—2 kap.

En þegar þessi tilskipun er lögleidd á Íslandi, er það jafnframt ljóst, að þær ákvarðanir hennar, sem einúngis eiga við í Danmörku, en ekki á Íslandi, hljóta að fellast úr, eins og þíngið líka mun leyfa sèr að stínga upp á einstöku breytíngum í nokkrum þeim ákvörðunum tilskipunarinnar, sem að öðru leyti geta átt hèr heima, og skal nú þíngið allraþegnsamlegast með fám orðum leyfa sèr að minnast á hvorutveggju þessi atriði.

Í annari grein tilskipunarinnar er það ákveðið, að laganna

5 — 2 — 29, eptir hverri karlmaður tekur helmíngi stærri lóð en kvennmaður, skuli vera óbreytt. En foreldrum er þar á móti leyft að gjöra dóttur jafna syni, eða á annan hátt auka þann arfahlut, sem henni ber, þó svo, að hann verði ei stærri en arfahluti bróðurs. En þínginu þykir það betur fallið, og ætlar, að það muni vera meira að skapi þjóðarinnar, að það sè í þessari grein skýlaust boðið, að dætur taki jafnan arf við syni, og þá yrði líka þessi grein samkvæmari ákvörðunum 4. og 5. greinar hèr á eptir, heldur en í hinni dönsku tilskipun.

Verði annari grein tilskipunarinnar breytt á þann veg, er þíngið ræður til, er það sjálfsagt, að í 4. grein verða að fellast úr orðin frá „og án þess“ til „er arf lætur eptir sig“.

Úr 9. grein verða að fellast orðin, „eða ef hann er úr sjómannaliði, með því að útvega fríunarbrèf“, því þau eiga hèr ekki við, og sömuleiðs orðin frá „þetta gildir þó einúngis“ til „sèrlegar arftökureglur eru gefnar“.

Í staðinn fyrir tilvísunina til dönsku laga í niðurlagi 11. greinar hyggur þíngið rèttara væri, annaðhvort að bæta í stuttu máli við greinina innihaldi þeirra lagaboða, sem hún tilvitnar, þar eð þau með öllu eru ókunnug alþýðu á Íslandi, og hafa hèr aldrei birt verið, ellegar setja í enda greinarinnar orðin, „skulu slíkar gjafir ógildar vera“, en fella tilvísunina úr greininni.

Þar eð þíngið hyggur, að sú ákvörðun, sem byrjun 18. greinar inniheldur um, að bóndi, sem missir konu sína, sè ekki skyldur að skipta með börnum þeirra, hvort sem þau eru myndug eða ómyndug, ekki eigi alls kostar vel við á Íslandi, og geti leidt til misbrúkunar, óánægju og ýmsra vankvæða, virðist því bezt fallið, að bóndinn, eptir lögunum, einúngis hafi rètt til að sitja í óskiptu búi, meðan börnin eru ómyndug, en þegar eitt þeirra eða fleiri verða myndug og óska skipta, ætti faðirinn að vera skyldur til þess, nema hann, að feingnum upplýsíngum frá hlutaðeigendum, öðlist leyfisbrèf frá amtmanni til að sitja í óskiptu búi, og samkvæmt þessu ætti því upphaf greinarinnar að breytast, eins og líka orðin, „bæarráðið í Kaupmannahöfn og annars“, seinna í greininni, ættu úr að fellast.

Í stað þeirra lagaboða, sem vitnað er til í niðurlagi 19. greinar, verður nú hèr að skírskota til tilskipunar frá 18. Febr. þ. á. um stjórn á eignum ómyndugra manna á Íslandi.

20. greinin í tilskipuninni verður einnig eptir þingsins áliti að breytast; því þar eð tilskipun frá 21. Júní 1799 aldrei hefir verið lögleidd hèr á landi, þarf hennar hèr ekki að geta; þar á móti mætti geta þess hèr, að konúngsúrskurður 21. Júl. 1808, er fríar fátæka handiðna-menn í Reykjavík frá að borga leyfi til að sitja í óskiptu búi, skuli framvegis vera ógildur.

Í staðinn fyrir orðin, „kanselliið“, og, „kanselliisins“, í 22. grein, virðist þínginu hèr eiga að setja amtmaður og amtmannsins; því það þykir of örðugt, að leita þesskonar leyfis, sem greinin talar um, suður til Danmerkur, og það er líka samkvæmt eldri ráðstöfunum, að veita amtmönnum hèr, vegna fjarlægðar landsins, leyfi til að ráða nokkrum þesskonar lofum, sem amtmenn ekki mega ráða í Danmörku.

Verði 2. grein þessarar tilskipunar breytt á þann veg, sem þingið hefir uppástúngið, hljóta orðin frá „auk rèttar þess“ til „arfahlut dætranna„ að fellast úr 23. grein.

Í stað þess, sem boðið er í niðurlagi 24. greinar um birtíngu stefnu þeirrar, er þar ræðir um, verður hèr að ákveða, að hana skuli birta í blaði því eða tímariti, sem hèr kemur út í landinu.

Vegna þess að stimplaður pappír ekki er lögboðinn hèr í landi, hljóta orðin, „og má hafa til þess í bráð óstimplaðan pappír“, að fellast úr 25. grein, og einnig endirinn, sem ei á sèr stað á Íslandi.

Af því 26., 27., 28. og 29. grein áhræra þann erfðarètt, sem er sèrstakur fyrir Danmörku, og ekki á sèr stað á Íslandi, og þess vegna eiga hèr ekki við, verða þær að fellast úr tilskipuninni, og sömuleiðis 31. grein, er inniheldur ákvarðanir um stimplaðan pappír, sem ekki eiga við hèr á landi.

Í stað þess að 32. grein vísar til aukatekjureglugjörðarinnar fyrir Danmörku frá 22. Marz 1814 § 96, verður hèr að vísa til aukatekjureglugjörðarinnar fyrir Ísland frá 10. Sept. 1830 § 38; en orðin frá „og sömuleiðis“ til „téðri reglugjörð“ fellast úr, og sömuleiðis niðurlag greinarinnar, sem ekki á hèr við af þeim ástæðum, sem áður eru taldar við 20. grein.

Líkt og ákveðið er í 33. grein fyrir Danmörku, heldur þingið, að tilskipuninni hèr fyrst ætti að veita lagagildi um þann arf, er fellur eptir 1. Okt. þess árs , þá tilskipunin er löglega birt á manntalsþingum um vorið eða sumarið áður.

Samkvæmt því, sem hèr að framan er tilgreint, leyfir alþingið sèr allraþegnsamlegast að biðja Yðar konúnglegu Hátign um, að hèr á Íslandi verði veitt lagagildi

1. Með 12 atkvæðum gegn 11, tilskipun frá 8. Jan. 1845, sem afmáir tekjuskattinn eptir tilskipun 12. Jún. 1770, og að um leið verði aftekinn afdráttur sá af launum nokkurra embættismanna hèr á landi, sem boðinn er með tilskipun 31. Jan. 1691 og 23. Febr. 1692.
2. Í einu hljóði, tilskipun frá 21. Maí 1845 um nokkrar breytíngar í erfðalöggjöfinni, hvar af sú þínginu fyrirlagða íslenzka útleggíng meðfylgir, strax án frekara frumvarps framleggíngar, þannig:
   *a.* að í 2. grein tilskipunarinnar verði skýlaust boðið, að dætur taki jafnan arf við syni.
   *b.* að úr 4. grein verði feld orðin, „og án þess“—„er arf lætur eptir sig.“
   *c.* að úr 9. grein verði feld orðin, „eða ef hann er úr sjómannaliði, með því að útvega fríunarbrèf“, og orðin, „þetta gildir einúngis“—„sèrlegar arftökureglur eru gefnar.“
   *d.* að í staðinn fyrir tilvísunina til dönsku laga í niðurlagi 11. greinar, væri við greinina annaðhvort stuttlega þætt innihaldi þeirra tilvitnuðu lagaboða, eður einúngis orðunum, skulu slíkar gjafir vera ógildar.
   *e.* að 18. grein breytist þannig: að bóndi, sem missir konu sína, hafi eptir lögum einúngis rètt til að sitja í óskiptu búi, meðan börnin eru ómyndug; en þegar eitt þeirra eða fleiri verða myndug, og óska skipta, ætti hann að vera skyldur til þess, nema hann öðlist leyfisbrèf hjá amtmanni til að sitja í óskiptu búi.
   *f.* að í stað þeirra lagaboða, sem til er vitnað í niðurlagi 19. greinar, verði skírskotað til tilskipunar frá 18. Febr. þ. á. um fjárforráð ómyndugra á Íslandi.
   *g.* að 20. greinin í tilskipuninni verði úrfeld, en í stað hennar getið þess, að allrahæstur úrskurður 21. Júlí 1808, er fríar fátæka handiðnamenn í Reykjavík frá að borga leyfi til að sitja í óskiptu búi, skuli framvegis vera ógildur
   *h.* að úr 22. grein verði feld orðin, „kansellíið“, og „kansellíisins“, og í stað þeirra sett orðin, amtmaður og amtmannsins.

*i.* að úr 23. grein fellist orðin, „auk rèttar þess“ — „arfahluti dætranna“.

*k.* að í stað þess, sem boðið er í niðurlagi 24. greinar, verði hèr ákveðið, að stefnuna skuli birta í blaði því eða tímariti, sem hèr kemur út í landinu.

*l.* að úr 25. grein fellist orðin, „og má hafa til þess í bráð óstimplaðan pappír“, og allur seinasti liður þessarar greinar.

*m.* að úr tilskipuninni fellist 26., 27., 28., 29. og 31. grein.

*n.* að í 32. grein verði vísað til aukatekjureglugjörðarinnar fyrir Ísland frá 10. Sept. 1830 § 38. í stað hinnar dönsku aukatekjureglugjörðar; og að orðin frá „og sömuleiðis“ og til enda greinarinnar, fellist úr.

*o.* að tilskipunin fái lagagildi á Íslandi um þann arf, er fellur eptir 1. Október þess árs, þá hún er birt á löglegan hátt á manntalsþingum um vorið eða sumarið næst áður.

Allar þessar breytíngar hefir þíngið samþykt í einu hljóði.

Þ. Sveinbjörnsson. P. Melsteð.

Því næst var fundi slitið.

---

## 31. Júlí — tuttugasti og fimti fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykt.

Forseti: Eg tek nú fram til undirbúnings-umræðu málefnið um spítala stofnsetníngu í Reykjavík, lækna kenslu og skipun á Íslandi, m. fl.; en áður en eg afhendi það framsögumanni, kandídat Jóni Sigurðssyni, til flutnings, finn eg ástæðu fyrir mig til að geta þess, að hversu umfángsmikið og margbrotið sem málefni þetta er, hefi eg þó ekki getað feingið af mèr að óska, að nefndarálitið í því væri prentað; því af því það ásamt með ágreinings-atkvæðinu kom ekki til mín fyrr en 27. þ. m., hefði prentun þess á 10 örkum skrifuðum ekki orðið aflokið fyrr en seint í næstu viku, og hefði þá málið vart orðið rædt á þessu þíngi til undirbúnings, auk heldur til lykta, auk þess að prentun álitsskjalanna hefði of mjög riðið í bága við prentun alþíngistíðindanna, sem verið er að keppast

við, áður þingmenn fara hèðan. Þó nú álitsskjal nefndarinnar legið hafi nálægt 4 dögum til lesturs á lestrarstofunni, má þó nærri geta, að allir alþingismenn hafi á þeim nefnda tíma, við einstakan yfirlestur, ekki getað feingið fullgreinilega hugmynd um málefnisins allar síður, og því verður það nauðsyn fyrir þingmenn, að framsögumaður lesi upp álitsskjal nefndarinnar, eins og líka ágreinings-atkvæðið, hvað einnig er lögskipað í alþingistilskipunarinnar 69. grein. Það getur vel verið, að lestur þessi taki mikinn tíma frá umræðum þingsins um málefnið, en eg ætlast til, að umræðunni verði áfram haldið til þess klukkan er 3 eptir hádegi í dag, og verði henni þá ei lokið, óska eg þingið að 2 tímum liðnum taki þar til undirbúningsumræðunnar aptur, hvar það áður hætti.

Að svo mæltu afhenti forseti framsögumanni, kandídat Jóni Sigurðssyni, málið til flutnings, og las hann upp álitsskjöl nefndarinnar, er hljóða þannig.

## ÁLITSSKJAL

meira hluta nefndar í málinu um læknaskipun á Íslandi.

Þetta hið virðulega þing hefir kosið oss í nefnd 3. dag þessa mán., til að segja álit vort um uppástúngu nokkra frá mèr, Jóni Sigurðssyni, snertandi bót á læknaskipun á landi hèr, og um bænarskrár frá Múlasýslum, Norðurþingeyarsýslu, Strandasýslu og Skaptafellssýslu, lútandi að sama efni, með 429 undirskriptum alls.

Uppástúngan er óbreytt hin sama og hèr var borin upp á fyrra þingi af uppástúngumanni: 1, að spítali verði settur hèr í Reykjavík með tveim læknum, auk landlæknis, og holdsveikum þeim, sem álitist læknandi, ætlað þar herbergi sèr í lagi; 2, að læknum verði smámsaman fjölgað, þángað til læknir yrði að minnsta kosti í hverri sýslu; 3, að komið yrði upp aðstoðarlæknum í hverri sveit á landinu, til að hjálpa í einföldustu sjúkdómstilfellum.

Bænarskrárnar miða allar að sömu stefnu, en fara sumar að orðunum til nær nefndaráliti því, sem samið var á hinu fyrra þingi og prentað er með þingtíðindunum. Þær óska allar umbóta á læknaskipuninni hèr á landi, ein (frá Skaptafellssýslu) í almennu orðatiltæki, en hinar allar á þann hátt, 1, að spítali verði settur í Reykjavík, í því skyni að þar verði kent læknaefnum; 2, að eigum spítalanna verði varið til þessa,

og þær látnar safnast fyrir, þángað til því verði til leiðar komið; 3, að læknum verði fjölgað, jafnótt sem þeir hafa lokið lærdómsprófi við læknaskólann, þángað til feinginn verður einn læknir í sýslu; 4, að læknum verði leyft að kenna blóðtökur o. fl., og koma upp með því móti aðstoðarlæknum; er stúngið upp á því í bænarskránni úr Múlasýslum, að þetta handbragð verði kent prestaefnum sèr í lagi, auk annara fleiri. Í bænarskrám úr Múlasýslum er enn fremur beðið um: 5, að þíngið hugleiði nákvæmlega, hvernig hagkvæmast yrði kent yfirsetukonum, svo 1 eða 2 yfirheyrðar yrði settar bráðum í hverri sýslu, og gæti síðan smámsaman fjölgað.

Nefndinni þykir eigi þörf, að rekja nákvæmlega sögu læknaskipunarinnar hèr á landi, þar eð hin helztu atriði þar að lútandi eru alkunnug mönnum. Nefndin getur þess einúngis, að nú sem stendur er svo ástatt, að hèr á landi eru alls 8 læknar í embættum, sem hafa lært á háskólanum í Kaupmannahöfn; þar að auki er einn útlærður maður frá háskólanum embættislaus, og 3 aðrir, sem hafa lært hèr í landi og feingið leyfi til að fást við lækníngar, en tveir af þessum mönnum búa nálægt hèraðslækni. Eigi að síður eru mörg hèruð, nú sem stendur, svo að kalla án læknahjálpar, og má telja til þess: Múlasýslu norðan Smjörvatnsheiðar, nokkurn hluta af Suðurmúlasýslu, Skaptafellssýslur báðar, Árnessýslu, Gullbríngusýslu að nokkrum hluta, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslu að miklum hluta, nokkurn hluta Ísafjarðarsýslu, Strandasýslu, Skagafjarðarsýslu og Norðurþíngeyjarsýslu. Í sumum öðrum hèruðum verður læknahjálp víða lítil og örðug til eptirsóknar, vegna fjarlægðar, eða þegar lækni er á einhvern hátt óhægt um ferðir. Þegar sóttir gánga, verður læknis hjálp enn stopulli, og sóttir verða þess vegna margfalt mannskæðari en ella, sem forn og ný dæmi sýna. En auk þess sem læknahjálp hlýtur að vanta að fullu og öllu í bráðustu nauðsynjum, þá er sá einn hinn mesti annmarki, sem af læknaleysinu leiðir, að margsháttar ill venja, bæði í lifnaðarháttum, aðbúnaði, hýbýla skipun, barna uppfóstri og mörgu öðru, liggur hèr í landi og helzt við, einkum fyrir það, að tilsjón lækna, ráð og bendíngar vantar því nær hvervetna. Þegar sóttir gánga, verða þær hèr mannskæðari en víðast annarstaðar, jafnvel þær, sem álitnar eru ómannskæðar í öðrum löndum; einstök sjúkdóms tilfelli eru ótal

fleiri, en dæmi verða talin, þar sem annaðhvort hefir verið ókljúfanda að leita læknis, sökum kostnaðar, eða þar sem það hefir verið reynt, og farið margar dagleiðir, en þegar til læknisins er komið, er hann annaðhvort á ferð til annara sjúklinga, eða hann er hindraður á einhvern hátt; því það yfirstígur allan mannlegan krapt, að fullnægja þörf manna í svo víðlendum lækna umdæmum, sem hèr eru. Regluleg sjúkrahús eru hvergi til á landinu, svo annaðhvort verður að flytja sjúklinginn á heimili læknisins, honum til mikillar óhægðar og kostnaðar, eða hinn sjúki verður að fara á mis við þá aðstoð, sem optlega gæti borgið honum, ef öðruvísi væri ástadt. Einginn sá staður er til, sem geðveikir menn eða sturlaðir geti feingið hæli eða læknishjálp. Þurfi á stórkostlegum eða vandamiklum skurðlækningum að halda, verður þeim ekki komið við, því ekki er nema einn læknir á hverjum stað, og það hefir opt við borið, að slíkir sjúklingar hafa neyðzt til að leita sèr bjargar á spítölum í Kaupmannahöfn, ef þeir hafa haft krapta eða efni til þess. Sóttvarnar-stiptan er eingin heldur á landinu, og nýtt hryggilegt dæmi sýnir, að opið brèf 20. Júní 1838 hefir of snemma tekið úr lögum varúðarreglur þær, sem boðnar eru í opnu br. 18. Maí 1787 til að fyrirgirða sóttnæmi mislingasóttar og bólusóttar.

Afleiðingarnar af þessum vandkvæðum lýsa sèr berlegast í manndauðanum hèr á landi. Eptir skýrslum þeim, sem prentaðar eru eptir ýmsa höfunda, þar á meðal í hinu danska töflusafni (Statistisk Tabelværk VI. og X. bindi), er það ljóst, að manndauði hèr á landi er miklu meiri að tiltölu, en víðast annarstaðar í Norðurálfunni, og einkum meiri en í Danmörku. Á Íslandi var manndauðinn 1 af 30, 2, eða hèrumbil $3\frac{1}{3}$ af 100 á árunum 1835—1839, í Danmörku um sama leyti 1 af 43, og í sjálfri Kaupmannahöfn 1844 hèrumbil 1 af $34\frac{1}{2}$, og 1845 hèrumbil 1 af 36. Í Lundúnaborg, sem talin hefir verið einn hinn óhollasti staður, er manndauði nú talinn 1 af 40 eða $2\frac{1}{2}$ af 100. Það er sýnt bæði í Danmörku, á Englandi og víðar, hversu mönnum hefir tekizt að bæta þetta frá því sem áður var, með því að sjá betur um öll þau efni, sem snerta læknaskipunina, og koma lagfæring á það, sem mest hefir verið ábótavant í lifnaðarháttum manna. Þar af hefir leidt, sem menn hafa sýnt með augljósum rökum, að fólkið hefir víða fjölgað miklu framar af því, sem manndauði hefir minkað að tiltölu,

heldur en af hinu, sem fleiri hafa fæðzt. Vèr færum að eins til dæmi úr Danmörku, að með þeim fólksfjölda, sem þar er nú meiri en áður var, mætti gjöra ráð fyrir, að 1500 manns dæi þar nú fleiri en áður, ef manndauði væri jafn, en í stað þess þá deyja þar árlega 1084 manns færri, en þeirri tiltölu svarar. Menn hafa sagt að kuldi loptsins, og hættur í atvinnu manna væri mikil orsök til, að manndauði væri hèr á landi svo afarmikill að tiltölu, en hver, sem jafnar þessu landi saman við önnur lönd, hlýtur að finna, að loptslag er hèr eins holt og hvar annarstaðar í löndum, og að atvinna manna er ekki bundin fleiri hættum hèr en annarstaðar. Það játa að minnsta kosti margir læknar, að kalt loptslag, og jafnvel í kaldara lagi, sè einmitt heilnæmt til að leingja líf manna, einkum þegar menn búa í nánd við sjó, svo að raki hafsins sameini sig svala loptsins. Samkvæmt þessu sýnir reynslan, að eptir eðlilegum hætti er manndauði mestur í hinum heitu löndum, og þegar vèr sjáum, að manndauði hèr á landi er jafnvel meiri að tiltölu en í Havanna, sem er 23° frá miðjarðarlínu, og meiri en í stórstöðum norðurálfunnar, þá ræður að líkindum, að hèr sè einhverjir þeir gallar á, sem ekki fylgja landinu sjálfu eptir eðli þess. Vèr leiðum vandkvæði þessi mest frá læknaskorti og frá lifnaðarháttum og hýbýlaháttum landsmanna.

Stjórnin hefir fyrir laungu síðan haft augastað á, með hverjum hætti bæta mætti þessi vandkvæði, en til þess eru ýmsar orsakir, að það hefir ekki enn tekizt, og er það eitt með öðru, að hún hefir ekki hingað til sèð kost á, að koma því á fót af efnum þeim, sem í landinu sjálfu voru fyrir hendi, en hefir ekki þókt viðurkvæmilegt, að leggja til þess af hinum almenna ríkissjóði. Það er fyrst nú á seinni árum, sem dregizt hefir saman í landinu sjóður sá, sem mörgum hefir þókt vel fallinn í alla staði til þess, að honum væri varið til að bæta úr þessari mikilvægu þörf landsins.

Laungu áður en læknar voru settir hèr af stjórnarinnar hálfu, voru stofnsettir hèr spítalar handa holdsveikum mönnum. Ósk um spítala handa sjúkum mönnum var fyrst hreift í Bessastaða-samþykt 1555, en með konúngsbrèfum 10. Maí 1651 og 12. Maí 1652 voru spítalar handa „fátækum, holdsveikum og vanfærum“ settir á stofn, og eru síðan allmörg lagaboð og nokkrar alþíngis-samþyktir um tekjur spítalanna og stjórn á þeim, sem vèr ætlum ekki þurfa nákvæmlegar að

tilgreina. Vèr ætlum það og fullkunnugt, að spítalar þessir hafa verið einúngis sem herbergi handa fátækum sjúklíngum, optastnær holdsveikum, sem hafa dregið fram líf sitt í spítölunum í eymd og volæði, án þess að nokkurt dæmi sè til að þeim hafi batnað. Við spítala þessa hefir heldur aldrei læknir verið, því fyrst stóðu þeir allt að 100 árum áður en nokkur læknir var settur hèr á landi, og þó erindisbrèf landlækna, 19. Maí 1760 og 21. Sept. 1787, leggi spítalana undir umsjón þeirra, og ætlist til, að hèraðalæknar yrði spítalaverðir, þá hefir þessu aldrei framgeingt orðið, og í seinustu erindisbrèfum landlæknis og hèraðslækna, 25. Febr. 1824, er þeim hvergi skipuð umsjón um spítalana. Spítalarnir hafa verið undir yfirumsjón biskups og hlutaðeiganda amtmanns (kansell. br. 12. Maí 1821), og hafa þeir fylgt í stjórn sinni þeim reglum, sem mælt er fyrir í hinum eldri lögum, og sèr í lagi í tilskipun 27. Maí 1746. Aðalatriðin í þessari stjórnar meðferð hafa verið þau, að spítalinn sjálfur hefir verið eitt af bæjarhúsum, og með eingu betri aðbúnaði en útihús. Í þessu herbergi, ofnlausu, hafa spítalalimir verið, að minnsta kosti þegar þeir hafa verið fleiri en einn, þángað til dauðinn hefir gjört enda á eymd þeirra. Jörð sú, sem spítalahúsið er bygt á, er leigð bónda með þeim kjörum, að hann hefir heimajörðina afgjaldslausa, og jafnvel fyrir viðhald og ábyrgð kúgildanna að auki, og þar á ofan, eptir laga ákvörðunum, 5 hundraða meðgjöf árlega með karlmanni og 4 hundruð með konu, en það er tvöföld meðgjöf þýngsta ómaga, eptir því sem í sveitum tíðkast. Þegar ómagar eru teknir á spítalann, á hreppur sá, sem hann er frá, að gjalda eins árs meðgjöf (eða þó eiginlega 3½ og 2½ hundrað) með honum til spítalans, en þaðan af ekkert. Þessar ráðstafanir hafa á seinni tímum sýnt æ berlegar annmarka þá, sem af þeim leiðir, og sannfært alla um, að spítalarnir eru eingan veginn hentugir til að koma fram tilgángi þeirra, sem í fyrstu var ætlaður, að vera hæli holdsveikra, því það hæli er eingu betra en góður samastaður í sveit, hvar sem stendur, en kostar þar að auki miklu meira; enn síður uppfylla slíkir spítalar kröfur þær, sem nú verður að gjöra, að spítali sè ekki einúngis herbergi handa holdsveikum, heldur lækníngahús handa þeim, og svari á þann hátt kostnaði landsins; í þriðja lagi eru spítalarnir svo útdragssamir landinu yfir höfuð, að stiptamtmaður vor einn hefir sagt, ár 1840, að tekjur Hörgslands og Kald-

aðarness, sem þá voru 693 rbd. 5 sk. árlega, gjörðu viðlíka gagn og 204 rbd., eða með öðrum orðum, menn hafa til einkis gagns eydt um lángan tíma tveim þriðjúngum af þeim tekjum, sem til spítalanna eru lagðar, til alls eingra nota. Að síðustu eru þeir einnig útdragssamir hreppum þeim, sem æskja að koma ómaga þángað; því hin mikla meðgjöf, sem hreppurinn verður að borga alla í einu, er svo tilfinnanleg fátækum hreppi, að hann rís varla undir, og fríast þar að auki sízt við þýngstu ómagana, þar eð hann má búast við, að þeir kunni að deyja á fyrsta ári, og kostnaðurinn með því móti verða meiri en ella. Vèr orðleingjum ekki það, að margar sveitir og sýslur hafa ávallt farið á mis við að fá ómaga sína á spítala, þó þess væri æskt og árleg tillög goldin, og að margur ómagi hefir andazt, meðan verið var að skrifast á um, að koma honum fyrir á spítalanum.

Þessir annmarkar hafa ollað því, að spítalarnir eru alment hèr á landi álitnir öldúngis gagnslausir, gjöld til þeirra goldin með nauðúng, veiting á spítala margopt ekki þegin, og þess alment óskað, að þeim yrði breytt á þann hátt, að landið hefði veruleg not af því, sem til þeirra hefir verið lagt. Sá eini kostur, sem menn hafa fundið á fyrirkomulagi spítalanna, er sá, að stjórnendur þeirra hafa á seinni tímum dregið æ meira og meira af tekjunum saman í sjóð, sem vex álitlega á hverju ári, og nú sem stendur er einginn ómagi á spítölum í suðuramtinu, tveir eru á Hallbjarnareyri og tveir munu vera á Möðrufelli.

Þegar til umræðu kemur að bæta það, sem ábótavant hefir þókt í stjórn spítalanna, og að verja fè því, sem þeim hefir verið lagt, betur til þarfa landinu en hingað til, þá virðist nefndinni, að hún hafi fulla ástæðu til að byggja á því, að stjórnin eigi rètt á að haga eignum spítalanna á þann hátt, sem henni virðist landinu haganlegast, samkvæmt ráðum alþingis, en nefndin álítur vel fallið, að hafa þær þrjár grundvallarreglur jafnframt fyrir augum: 1., að það eigi bezt við, að eignum spítalanna sè varið til að bæta læknaskipunina; 2., að það sè sanngjarnlegt og landinu gagnlegt, að haft sè hvað helzt tillit til að útrýma holdsveikinni, ef mögulegt væri, þegar ný tilhögun verður gjörð; og 3., að það sè haft stöðuglega fyrir augum, að sjóður sá, sem safnaður er, eyðist ekki nè

sundrist, heldur haldist við og verði sem fastur stofn undir þeim endurbótum, sem þurfa og verða að fá framgáng.

Að stjórnin eigi rètt á að haga eignum spítalanna á þann hátt, sem álitinn væri landinu haganlegastur, er ljóst af mörgum ástæðum. Í fyrstu er það auðsætt af orðunum í Bessastaða-samþykt, að landsmenn hèr hafa hugsað um spítala handa sjúkum, ekki einúngis holdsveikum, heldur og öðrum; þegar spítalarnir voru settir, var einnig talað um „vanfæra“ menn, auk hinna holdsveiku. En þó spítalarnir hefði verið settir í upphafi einúngis sem herbergi handa ólæknandi holdsveikum ómögum, þá er það augljóst, að þetta gæti því að eins orðið nokkrum efa undirorpið, ef spítalarnir hefði verið stofnsettir með reglulegu gjafabrèfi einstakra manna. En hèr er nú svo ástadt, að spítalarnir eru settir á stofn mest megnis af efnum þeim, sem talin eru meðal tekja landsins. Spítala-jarðirnar eru teknar af þeim jörðum, sem ávallt eru látnar standa fyrir útgjöldum landsins. Tekjur spítalanna eru gjöld á alþýðu, sem lögð eru á með alþíngis-samþyktum, og síðan margsinnis staðfest og aukin af konúngi á ýmsan hátt; gjafir einstakra manna hafa ekki dregið spítalana um skildíngsvirði, að því nefndinni er kunnugt, síðan á fyrstu árunum, að þeir voru settir, en þær gjafir, sem þá heimtust, voru svo litlar, að þær unnust ekki til meðgjafar ómögum, og því var einmitt gripið til að koma á spítala-hlutum. En þó enn væri nokkur efi í þessu atriði út af því, að stjórnin tæki frá hinum umkomulausu holdsveiku ómögum hjálp þá, sem þeim hefir verið ætluð hingað til, þá verður nefndin að biðja, að þess sè gætt, að spítalarnir svara ekki, og hafa leingi ekki svarað tilgángi sínum; því þeir hafa einúngis veitt sömu aðhjúkrun eða eingu betri, en annars yrði veitt hinum holdsveiku, og það með tvöföldum eða þreföldum kostnaði fyrir landið, en til einkis gagns neinum, nema spítalahöldurunum; enn síður hafa spítalarnir fullnægt þeirri kröfu, sem nú yrði að gjöra til þeirra, og það er, að þar væri lækníngahús, þar sem reynt væri að lækna holdsveiki og þar með að útrýma henni úr landinu, ef kostur væri. Að stjórnin ætti ráð á að haga eignum spítalanna á þann hátt, sem þarfir landsins helzt krefja og nytsamlegast sýnist vera, hefir einnig verið viðurkent af flestum embættismönnum hèr á landi, bæði landlæknum og öðrum, og svo einnig af stjórnarráðunum.

En jafnframt hefir hitt einnig verið viðurkent af öllum,

að væri spítalasjóðunum varið til annars en uppheldis holdsveikum mönnum, lægi það næst, að verja þeim til að bæta læknaskipunina á landi hèr. Því auk þess sem það er ein hin helzta þörf landsins, nú sem stendur, þá má vænta, að endurbót læknaskipunarinnar leiði með sèr, að beztar tilraunir verði gjörðar til að lækna holdsveikina, og verði henni helzt útrýmt á þann hátt, ef kostur væri. Þessi tilhögun væri því einmitt hinn allra beinasti vegur til að ná hinu rètta og skynsamlega augnamiði spítalanna, sem menn hljóta að hafa fyrir augum á þessum tímum, og áður er á drepið.

Til að koma þessu fram, er þó bezt fallið, að sameina allar eignir spítalanna í einn sjóð. Með því móti verður hægast og einlægast að sjá svo um, að augnamiðið náist, og þar að auki verður framkvæmdin miklu auðveldari. Væri tekinn einúngis einn eða tveir spítalar til reynslu, t. a. m. Kaldaðarnes og Hörgsland, þá yrði þar að vísu nægileg efni til að fá einn sýslulækni, annaðhvort í Árnessýslu eða Skaptafellssýslu, en það virðist mjög efasamt, hvort það væri sanngjarnt, að láta ein úngis eina sýslu njóta ávaxtar þess, sem allt suðurland og austurland hefir lagt til, einkum þegar aðgætt er, að helmíngur af tekjum spítala þessara er kominn, og kemur árlega, frá Gullbríngusýslu einni, en þá yrði eingin líkindi til, að hún nè aðrar sýslur gæti haft nein not læknabótarinnar, nema annara ráða yrði leitað; þar að auki má óttast, að þessi aðferð yrði til miklu minni hagsmuna landinu, þar cð tilraun þessi yrði bæði lítilfjörleg í sjálfu sèr, kostnaðarmeiri að tiltölu, og miklu notaminni, en ef öllum efnunum væri safnað í eitt, og varið eptir föstu ákveðnu ráðlagi. Enn fremur er það aðgætanda, að Kaldaðarnes einúngis hefir svo mikil efni eitt sèr, að þetta að vísu væri reynanda þar, en hinir spítalarnir eru til þess allt of efnalitlir hvor um sig; Hallbjarnareyri og Möðrufell eru einnig svo í sveit komin, að þau eru mjög óhentug til læknaseturs.

Að verja efnum spítalanna til að gefa með holdsveikum á ýmsum góðum samastöðum uppi í sveitum, virðist oss ísjárvert: það mundi eyða efnum þeim, sem fyrir hendi eru, án þess nokkur líkindi væri til, að tilgánginum yrði náð. Þeir hinir holdsveiku hefðu þá svipaða aðbúð og nú gefst í sveitum, lækna tilsjón einga að staðaldri, og svo gæti farið, að það yrði miklu framar til að útbreiða holdsveikina, en til að

eyða henni; yfir höfuð að tala væri það einúngis til að sjá holdsveikum mönnum fyrir uppheldi, en ekki fyrir lækníngu sem menn nú æskja eptir.

Miklu framar mætti það virðast tiltækilegt, að sameinuð yrði efni allra spítalanna, til að koma á fót einum spítala fyrir allt land, undir umsjón og stjórn duglegs læknis, þar sem ætlað væri pláz, eigi einúngis handa holdsveikum, þeim er væri úngir og haldnir læknandi, heldur og handa öðrum sjúklíngum. Slíkur spítali yrði hvergi settur á betri stað en í Reykjavík, bæði vegna þess að hèr er þegar orðin mikil þörf á sjúkrahúsi, og það hefir leingi verið álitið æskilegt, einkanlega af embættismönnum hèr, sem þekkja hvernig ástadt er, að slíkt hús kæmist á, og þar að auki er í Reykjavík mestrar aðsóknar sjúklínga að vænta frá ýmsum hèruðum landsins, þar eð kunnugt er, að híngað koma opt ýmsir menn til að leita sèr lækníngа. En einkum má gjöra ráð fyrir, að þörf til sjúkrahúss hèr í bænum muni fara æ vaxandi, eptir því sem bærinn vex, og meiri aðsókn verður híngað, bæði af innlendum og útlendum. Til að útrýma holdsveikinni, ef kostur væri á, yrði þessi spítali einna bezt fallinn, því í Gullbríngusýslu er allt að helmíngi af öllum holdsveikum, sem í landinu eru, og það er einmitt samkvæmt skynsamlegu ráðlagi, að taka þá cina á spítala, sem læknandi mætti virðast. Samt sem áður verður þetta ekki öllu landinu til þeirrar nytsemdar, sem með sanngirni mætti vænta, þegar á að verja sjóði þeim, sem safnað er með tillögum úr öllum hèruðum, og sem stjórnin sjálf hefir reyndar gefið öllum hèruðum jafnan aðgáng að; því þó gjöra mætti ráð fyrir, að ýmsir menn úr fjarlægum hèruðum, einkum þeir sem þjást af lángvinnum sjúkdómum, kynni að ná aðgángi á spítala þessum, þá verður hann þó óneitanlega að mesta gagni Reykjavík og þeim hèruðum, sem henni liggja næst. Til þess að fullt gagn yrði að spítala þessum handa öllu landinu, yrði að sameina *lækníngunum kenslu* í læknisfræði handa innlendum læknaefnum, sem síðan gæti feingið hin lægri læknaembætti í landinu, að afleystu reglulegu lærdómsprófi, að sínu leyti eins og presta-efnin við hinn nýstofnaða prestaskóla. Einúngis með þessu móti gæti spítalinn náð fullkomlega tilgángi sínum, og fullnægt sanngjörnum kröfum landsmanna, og einúngis með því móti getur þessi tilhögun áunnið meðmæli þeirra, eins og sýna bænarskrár þær,

sem til þingsins eru komnar. Með þessu móti yrði auðveldast, hentugast og kostnaðarminnst fyrir landið að fjölga læknum eptir þörfum, og þessi aðferð virðist nefndinni, yfir höfuð að tala, minnstum annmörkum bundin.

Þegar um endurbætur læknaskipunar hèr á landi er að ræða, liggja fyrir tvær aðalstefnur, sem kjósa má um, hvora heldur skuli taka: önnur er sú, að byrja á að fjölga læknum, og síðan stofna spítala, og þá máske læknakenslu; en hin er að byrja á að stofna hèr spítala, og sameina þar læknakenslu, síðan að fjölga læknum smámsaman um landið, þar sem mest liggur á, en meðan þetta er að komast á, þá að styrkja til að fleiri aðstoðarlæknar kæmist upp, með kenslu þeirra lækna, sem nú eru. Nefndin mun nú stuttlega gjöra grein fyrir ástæðum sínum til að fallast á hið síðar nefnda.

Ef nóg efni væri fyrir hendi, til að koma á allt í einu svo góðri læknaskipun, sem hèr er þörf á, þá mundi nefndin hafa hiklaust stúngið upp á, að fjölga læknum og setja spítala með læknakenslu, hvorttveggja í einu; en þar eð efnin vantar að svo komnu, til að koma hvorutveggja fram, þá er þessi nefnd samdóma hinni fyrri, sem gaf álit sitt um þetta mál á fyrra þíngi, að menn geti „með eingu öðru móti vænt að fá lækni í hverja sýslu um allt land“, nema því að eins, að kensluskóli handa læknaefnum verði settur hèr á landi. Nefnd þessi hefir fært ljós dæmi til, hversu reynslan hefir sýnt, að fáir Íslendíngar stunda læknafræði við háskólann í Kaupmannahöfn; danskir læknar eru þess vegna settir, sem hafa geingið undir lærdómspróf. Þessir læknar veljast, eins og ætla má, sjaldan af hinum betri, og eru einnig margra orsaka vegna miður hentugir hèr á landi: þeir eiga mjög ervitt að komast niður í málinu, enda reyna sumir lítt til þess, því þeir eiga von á að losast bráðum aptur, og hefir ekki orðið á þessu nein bót enn, síðan konúngsúrsk. 8. Apríl 1844 kom út, sem býður, að allir þeir, sem sækja um embætti hèr á landi, skuli sanna, að þeir sè færir í máli voru, heldur hafa þeir læknar, sem híngað hafa komið síðan, verið hartnær alls ókunnugir málinu. Þeir eru ókunnugir eðlisfari og lifnaðarháttum landsmanna, og þar að auki eru margir þeirra lítt eður ekki færir til ferða hèr á landi.

Af þessari tilhögun rís einnig töluverður kostnaður, þar eð læknum þessum eru veitt biðlaun, eptir að þeir hafa verið

í embætti um nokkur ár, og nema þau biðlaun nokkru töluverðu nú þegar. Yrði nú byrjað á að fjölga læknum, þá mundi þessir annmarkar koma enn berlegar í ljós. Íslendingar mundu ekki framar eptir en áður stunda læknisfræði, meðan öllu hagar svo sem nú er, og einkum meðan laun lækna eru ekki hærri, og innlendir læknar sèr í lagi ekki hafa neina von um hækkun í launum, eða embættaframa, hversu leingi og vel sem þeir standa í embætti sínu. En skyldi fjölga læknum á landinu eptir þörfum, og hækka laun þeirra svo, að það mætti þykja vert að stunda læknisfræði við háskólann, þá mundi sá kostnaður verða miklu meiri, en ef kensla væri sett hèr í landi, og gagnið af því þó eingan veginn því vissara, enda þótt menn gæti gjört ráð fyrir, að svo margir Íslendingar yrði til að stunda þessa lærdómsgrein, að menn hefði ætið nóg innlend læknaefni, sem vèr teljum mjög óvíst að verða mundi. Það mundi því verða niðurstaðan, að danskir læknar hlyti flest embættin, yrði hèr um nokkurra ára bil, máske nokkuð leingur, þegar launin yrði hærri, en þó svo, að þeir ætti kost á að fá lausn og biðlaun að nokkrum árum liðnum, síðan færi þeir aptur, og þá legðist biðlaun þeirra til alls hins annars kostnaðar. Nefndinni þykir ekki þörf að fara um þetta atriði fleirum orðum, þar eð hún þykist sannfærð um, að þetta muni vera öllum fullkomlega ljóst, sem kunnugir eru þessum efnum hèr á landi.

Þegar tekin er hin önnur aðalstefna, þá er þar einnig tvent um að velja, eins og nefndin sú í hitt eð fyrra drap á: annaðhvort það, að læknakensla yrði sett á stofn, og reglulegt sjúkrahús bygt í Reykjavík í því skyni, eða hitt, að landlæknir og máske aðrir læknar yrði hvattir til að kenna læknaefnum, og veitt laun fyrir hvern, sem þeir kendi. Nefndin hefir skýrt frá og leidt rök að því, að ekki mundi verða kostur á að koma hèr upp hagkvæmri læknaskipun, ef *ætla* skyldi læknaembættin einúngis útlærðum mönnum frá háskólanum. Það er og sýnt áður, að væri spítali eða alment sjúkrahús sett í Reykjavík með efnum allra spítalanna, án þess þar væri læknakensla, þá yrði það ekki öllu landinu til þeirra nota, sem samsvarar þörfum og sanngjörnum kröfum þeirra hèraða, sem hafa goldið fè til þessa sjóðs um mörg ár; þessi tilhögun mundi því, að vèr hyggjum, vera öldúngis móthverf óskum þíngsins, og allflestra meðal þjóðarinnar. Þar á móti

ætlum vèr að það mundi verða öllum hugþekt, ef læknaskóli yrði settur við spítalann, og til þess mundi allir gjalda með ánægju, því þá yrði það öllum ljóst, að sèrhverju hèraði á landinu gæti orðið borgið með lækna-hjálp eptir þörfum, að ekki mjög laungum tíma liðnum, og á þann hátt uppsker hvert hèrað sjálft ávöxtu þess, sem það hefir lagt til, og leggur til árlega. Það er auðsætt, að þessi kensla yrði miklu fullkomnari, en sú, sem fæst hjá hverjum einstökum lækni, þar eð gjöra má ráð fyrir að minnsta kosti tveim kennurum; þar yrði fært að setja lærdómspróf, sem nægði til að fá hin lægri læknaembætti; þar má gjöra ráð fyrir sjúklingum, jafnvel fleirum en menn kunna að gjöra sèr í hugarlund nú, þegar slík gæði, sem gott og haganlegt sjúkrahús veitir, eru öldúngis óþekt hèr á landi; þar má gjöra ráð fyrir, að helztu innlendir sjúkdómar komi fram, og þá sèr í lagi, að holdsveikin verði læknaefnunum kunnug til hlítar. Með þessu móti yrði sjúkrahúsið að fullum notum landinu, og gæti orðið til fyrirmyndar, ef seinna meir yrði efni til að koma þeim upp á fleiri stöðum. Þá yrði nokkur vegur til að lètta hinum mestu meinum, sem á liggja, þegar á vandamiklum skurðlækníngum þarf að halda. Þá hefði menn efni í sóttvarnar-stiptun á þeim stað, sem helzt riður á, og þá væri bærinn í Reykjavík byrgur að læknum, sem hann er nú með eingu móti.

Því verður að vísu ekki neitað, að kensla sú, sem feingist við slíkan skóla, yrði ekki á við háskólakenslu, og gæti þess vegna ekki fullnægt þeim vísindalegum kröfum, sem nú á tímum verður að gjöra til slíks læknaskóla, sem veita ætti fullkomna mentun í þessari grein. En hèr er að mörgu öðru að gæta, heldur en að krefjast hinnar fullkomnustu mentunar sem orðið gæti nú á tímum og seinna meir; slík mentun verður ekki sagt að fáist við sèrhvern háskóla, og enn síður, að hver einn einstakur læknir hafi feingið hana, sem geingur í gegnum háskólanna lærdómspróf. Hèr er að ræða um, á hvern hátt fengizt getur nægileg og viðunanleg læknahjálp á víðlendu og strjálbygðu landi, sem þar að auki er ekki ríkara en svo, að það þarf að hafa hinn mesta hagnað á efnum sínum. Það er því auðsætt, að þar sem svo stendur á, má ekki gjöra hinar straungustu kröfur; verði þær gjörðar, þá eru einúngis efni fyrir hendi til að halda við fáeinum læknum fleirum, en nú eru, og þó eingin líkindi til, að til þeirra embætta feingist þeir

menn, sem alþýðu yrði að fullum notum, eða fullnægðu þörfum landsins; ætti þar á móti að fjölga slíkum læknum eptir þörfum, yrði kostnaðurinn ærið mikill, og miklu meiri en efni eru til. Reynslan sýnir einnig, að þó hèr hafi verið hin straungustu bönn mót skottulæknum, sem einga kenslu hafa hlotið, þá hafa þau fyrir ekkert komið, því þau hafa verið í óþokka allrar alþýðu, og dómendur hafa ekki fylgt þeim; í slíkum tilfellum leitar hver maður þar líknar, sem kostur er, og þar sannast í ítrasta máta hið fornkveðna, að betra er að veifa raungu trè, en aungu.

Að fela læknum einúngis kensluna, hverjum fyrir sig, hefir aptur á móti aðra annmarka, ef við það eitt ætti að lenda. Væri kensla þessi undir lækni sjálfum komin, mætti óttast, að ekki væri allir fúsir á eða lagnir til að kenna, og sízt hinir útlendu, þegar þeir kunna ekki mál vort; suma kynni einnig að skorta tíma til þess. Væri hverjum lækni skipað að kenna, þá mætti óttast, að ekki færi betur, heldur að allir þeir, sem ófúsir væri á það, drægi sig undan því með öllu móti. Kensla þessi yrði einnig of ófullkomin til þess, að menn gæti veitt þeim læknaembætti, sem hefði þegið hana, án nokkurs prófs annars en vitnisburðar kennarans sjálfs. Að landlæknir kendi prestaefnum nokkuð í lækníngum, lízt oss á sama hátt; yrði það undir hverjum sjálfum komið, hvort hann vildi læra slíkt eða ekki, þá yrði til þess þeir einir, sem mundu stunda læknisfræði til nokkurrar hlítar, ef færi gæfist; yrði það skipað, þá mundu þeir, sem ekki eru lagnir til slíks, leggja það fyrir óðal, sem þeir hefði numið, jafnskjótt og þeir væru komnir undan kenslunni.

Eigi að haga þessu svo, að landinu sè haganlegt, verður að fara hèr meðalveg: leitast við að fá nokkra menn, sem skari fram úr öðrum, og gjöra þess vegna nokkur embættin svo aðgeingileg, að það geti svarað kostnaði og fyrirhöfn efnilegra úngra manna, að leita sèr háskólamentunar til að öðlast þau; þó þurfa þessi embætti ekki að vera fleiri en svo, að menn gæti átt von á, að innlendir menn yrði jafnan fyrir hendi til að fá þau, eða ef það væri ekki, að menn gæti krafizt hins sama af útlendum, sem embætti þessi feingi, sem af innlendum. Annar flokkur lækna mætti verða af þeim, sem feingi mentun á læknaskóla hèr á landi, við spítalann, og leysti hèr af hendi lærdómspróf, líkt á sinn hátt, eins og prestaefni við

prestaskólann; væri það og æskilegt, ef þeim veittist kostur á að gánga á spítala erlendis, og læra yfirsetufræði, án þess að taka framar lærdómspróf, eins og nefndin í hitt eð fyrra stakk upp á. Þessum flokki lækna mætti nægja minni laun, og væri þá kostur á að fá einn þeirra í hverja sýslu, þar sem enginn af hinum háskólalærðu væri, og yrði embætti þessi fullkomlega eins aðgengileg og meðalprestaköll hèr á landi. Vèr efumst ekki um, að svo margir yrði til að stunda læknisfræði við læknaskólann hèr, einkum þegar veittur yrði styrkur til þess, að læknaefni yrði ávallt nóg fyrir hendi. Vèr erum einnig fullvissir um, að þeir verða eins nytsamir sýslulæknar hèr á landi, eins og þeir, sem áður hafa lært hjá landlækni og feingið síðan hèraðslækna embætti, eða meiri hluti hinna dönsku lækna, sem hèr hafa verið. En auk þessara tveggja flokka þyrfti að vera hinn þriðji flokkur aðstoðarlækna, þeir er kynni einfaldasta handbragð læknisfræðinnar, að taka blóð, kippa í lið, binda um sár og beinbrot, reyna við drukknaða og kafnaða og helfrosna, og hefði skynbragð á hinum helztu reglum heilbrigðisfræðinnar í mataræði og aðbúnaði; það mundi einnig geta orðið að miklum notum, að þessar almennu reglur væri imprentaðar í skólanum, eða í prestaskólanum. Þessi flokkur aðstoðarlækna þyrfti ekki að vera mentaðir menn, heldur gáfaðir og lagnir únglíngar, sem hefði lyst til að nema slíkt hjá fjórðúngslæknum og sýslulæknum, og þyrfti þeim eingin laun að ætla, en þeir væru að eins undir umsjón yfirlæknanna.

Til þess að leiða sönnur á, hversu miklu kostnaðarmeiri yrði sú tilhögun, að hafa hèr nógu marga lækna háskólalærða, en að haga þessu svo, sem nú var sagt, tökum vèr hèr jafnaðarreikníng yfir hvorutveggju:

Ef hèr skyldi einga læknakenslu hafa, heldur veita öll sýslulækna-embætti útlærðum mönnum frá háskólanum, og veita þeim aðgengileg laun, mætti gjöra ráð fyrir, að sá kostnaður yrði, þegar 20 læknar skyldu vera um allt land, auk landlæknis:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1, | 10 læknar með 600 rbd. hver . . . . . | | 6000 rbd. |
| 2, | 6 — — 500 — — . . . . . | | 3000 — |
| 3, | 4 — — 400 — — . . . . . | | 1600 — |
| 4, | landlæknir sama og nú . . . . . | | 1050 — |
| | | flyt | 11,650 — |

fluttir 11,650 rbd.

5, biðlaun handa dönskum læknum, sem yrði hèr um nokkur ár, yrði ekki talin minni en . . . 2000 —

alls 13,650 rbd.

Auk þessa væri allur kostnaður til spítalans í Reykjavík, ef hann yrði settur, og gjörum vèr þetta, eins og síðar segir, 2920 rbd.

En væri svo niðurskipað, sem vèr höfum stúngið upp á, yrði kostnaðurinn á þessa leið:

1, landlæknir sem áður . . . . . 1050 rbd.
2, 3 fjórðúngslæknar hver 600 rbd. . . . . 1800 —
3, 12 sýslulæknar — 300 — . . . . . 3600 —
4, 5 sýslulæknar — 200 — . . . . . 1000 —

alls 7,450 rbd.

og spítalinn að auki, sem áður segir.

Hèr er því auðsætt, að kostnaðurinn verður allt að helmíngi minni, þegar að jöfnu er talið. Nú er það að vísu satt, að væri hinu fyrra framfylgt, feingi menn í hverja sýslu útlærðan lækni frá háskólanum; en vèr hyggjum, að þessir yfirburðir sè ekki eins mikils metandi, eins og þeir annmarkar, sem á tilhögun þessari eru, og byggjum vèr á reynslunni í því efni. Ef þessi tilhögun yrði höfð, neyddist menn annaðhvort til að hafa læknana færri, og þá bæri að sama brunni og nú, að læknahjálp brysti of víða, eða menn yrði að draga enn meira af launum, og þá feingist enginn hèðan af landi, eða mjög fáir, til að stunda læknisfræði við háskólann, því hver einn sèr, að 300 dala laun, sem læknirinn á von á, og verður að sitja við alla æfi, ef hann er Íslendíngur, er ekkert á móti sýslum eða beztu brauðum, sem aðrir háskólageingnir menn geta vænzt að fá. Yrði aptur á móti settur hèr læknaskóli, þá eru 200—300 rbdala laun, auk þess sem læknirinn getur áunnið sèr, á við hvert meðalbrauð, sem þeir geta vænt að fá, er gánga í prestaskólann, sem nú er stofnaður. Hver einn úngur maður geingur þess vegna eins fúslega til læknaskólans, eins og hins, og það því heldur, sem lækna umdæmin verða miklu óerviðari en áður. Þó þessi læknaefni megi að vísu að líkindum standa á baki þeirra, sem eru háskólageingnir, ætlum vèr samt, ef góð kensla væri við skólann, að lærdómur þeirra mundi verða ekki öllu ónotadrjúgari, en

hinna, þar sem þeir mundu helzt læra það, sem mest riði á hèr á landi, og lærði einmitt að þekkja innlenda sjúkdóma.

Vèr víkjum nú til að skýra frá, hversu vèr hugsum oss kostnaðinn til spítala í Reykjavík, og leggjum vèr hann þannig niður:

1, Til spítalahúss ætlum vèr, eins og nefndin í hitt eð fyrra, 12000 rbd.; það svarar leigu . . . . 480 rbd.
2, áhöld til spítalans, laugaráhöld, o. fl., ætlumst vèr á að verði 1000 rbd. . . . . 40 —
3, Kennarar ætlum vèr verði tveir: annar yfirkennari og yfirlæknir, sem hefði leigufrían bústað á spítalanum, og stæði fyrir allri umsjón hans. Til þessa vildum vèr kjósa valinn mann, sem hefði feingið góða háskólamentun, og því mætti honum ekki ætla minni laun, en . . . . . 900 —
4, Undirkennari ætlumst vèr til að einnig væri háskólageinginn, og mundi vera allhentugt, að hann væri einkum vel að sèr í þeim vísindagreinum, sem næst liggja hinni eiginlegu náttúrufræði (kraptafræði, frumefnafræði, dýrafræði); gæti hann þá kent með fram í latínuskólanum, og haft þaðan nokkuð af launum sínum, en vèr teljum samt hèr laun hans öll . . . . . 600 —
5, spítalahúss viðhald teljum vèr árlega . . . . 100 —
6, Vèr ætlum yfirkennara alla umsjón spítalans, og ætlumst til hann ráði þjónustufólk eptir þörfum, en vèr ætlum handa umsjónarkonu, fyrir vöktun sjúkra, o. s. frv. . . . . 100 —
7, Til eldiviðar handa spítalanum sjálfum ætlum vèr . . . . . 100 —
8, Handa þeim, sem gánga á skólann til kenslu ætlum vèr styrk nokkurn, sem stjórn spítalans ætti að veita; ætlumst vèr til, að veita skyldi hverjum 50 rbd. eða 100 rbd. árlega eptir ásigkomulagi . . . . . 200 —
9, Vèr ætlum 4 frí pláz á spítalanum handa úngum holdsveikum, sem sjúkdómurinn er í byrjun á, og yfirlæknir álítur læknandi, en þegar þeir eing-

flyt 2520 rbd.

fluttir 2520 rbd.

ir eru, þá handa öðrum sjúklingum, og teljum vèr hvert 100 rbd. árlega. . . . . 400 —

Kostnaður svarar alls á ári 2920 rbd.

Vèr getum þess enn fremur, að kenslutíminn mundi varla geta orðið styttri en 3 ár; að öðru leyti ætlum vèr ekki nauðsyn á fyrir oss, að skýra nákvæmar frá öðrum atriðum, við víkjandi hinni innri stjórn læknaskólans og spítalans, þar eð hèr er einúngis um aðalfyrirkomulagið að tala.

Þegar vèr nú þar næst lítum til efna þeirra, sem fyrir hendi eru, þá getum vèr þess fyrir fram, að vèr ætlumst svo til, að efni verði fyrir hendi til að fjölga sýslulæknum, fyrst þar sem mest þörf er á, og síðan svo sem henta þykir, jafnskjótt og þeir hafa aflokið lærdómi sínum í læknaskólanum, án þess aðalsjóðurinn skerðist; ætlumst vèr svo á, að þeir byrji með 200 rbd. launum, en stigi síðan til 300, eptir aldri og verðugleikum. Það sem til þessa vantar nú, þegar til efnanna er litið, ætlumst vèr á, að muni safnast fyrir, meðan tilhögun þessi er að komast á, bæði af því, sem nú er fyrir hendi, og svo af því, sem vèr ætlum muni mega leggja til þessa sjóðs. En efni þau, sem nú eru fyrir hendi, eru hèrumbil þessi:

1, spítalasjóðirnir voru um nýjár 1847:

| | | |
|---|---|---|
| Kaldaðarness . . . . . | 7,805 rbd. | 63 sk. |
| Hörgslands . . . . . | 1,219 — | 68 „ |
| Hallbjarnareyrar . . . . | 1,950 — | „ „ |
| Möðrufells . . . . . | 4,158 — | 28 „ |
| alls | 15,128 rbd. | 63 sk. |

en vèr teljum það 15000 rbd. og leigu 4 af hundr. (þó sumt gefi einúngis 3½) til hægðarauka . . . . . 600 rbd.

2, Spítalajarðirnar allar eru í brèfi hins konúnglega rentukammers 23. Júlí 1842 metnar *til afgjalds* á 520 rbd, og svarar það innstæðu, sem væri 13000 rbd, en eptir skýrslum þeim, sem vèr höfum í höndum, er það að eins ugglaust, að jarðir þessar gæti gefið miklu meiri tekjur, en nú koma af þeim.

Kaldaðarnes gefur nú í afgjald rúma 90 rbd, en 1844 er jörðin metin 4000 rbd. virði, og afgjald

flyt 600 rbd.

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | fluttir | 600 rbd. |
| hennar 150 rbd.; vèr teljum þess vegna jörð þessa til . . . . . | | 4000 rbd. | |
| Hörgsland gefur nú einúngis 20 rbd. 92 sk. árlega, en með hæfilegum leigumála mætti hún gefa af sèr 100 rbd. árlega, teljum vèr hana því . . . . | | 2500 — | |
| Hallbjarnareyri; þar geingur nú afgjald allt af jörðinni með öðrum ómaganum, og fær spítalavörður þokkabót að auki fyrir „viðhald og ábyrgð kúgilda“, sem sjaldgæft mun vera ella; afgjald jarðarinnar er annars í minnsta lagi 5 hundruð eða 100 rbd., metum vèr því einnig jörð þessa . . . . . | | 2500 — | |
| Möðrufell með Reykhúsum og Gilsbakka mun gefa viðlíka afgjald, og metum vèr þessa eign að minnsta kosti . . . . . | | 2500 — | |
| Spítalajarðirnar yrði því allar . | | 11,500 rbdala | |
| virði að minnsta kosti, og er það leiga . . . . | | | 460 — |
| 3, Spítalahlutir eru í áður nefndu rentukammersbrèfi taldir, eptir meðalreikníngi um árin 1826—1837: | | | |
| Kaldaðarness spítala . . . . | 342 rbd. árl. | | |
| Hörgslands — . . . . | 30 — „ | | |
| Möðrufells — . . . . | 316 — „ | | |
| Hallbjarnareyrar — . . . . | 312 — „ | | |
| til samans . . . . . | | | 1000 — |
| Þó þetta verði of hátt eptir skýrslum þeim, sem vèr höfum nú í höndum viðvíkjandi hlutum Möðrufells og Hallbjarnareyrar spítala, þá eru aptur Kaldaðarness og Hörgslands hlutir töluvert meiri, en hèr er gjört ráð fyrir, og höldum vèr því áætlun þessa sízt fjærri hinu rètta. | | | |
| 4, Möðrufells spítali hefir áður átt Hól í Höfðahverfi, er seldur var með Hólastólsjörðum 1805 fyrir 141 rbd. D. kúr.; til þessa jarðarverðs mundi sjóður spítalanna eiga tiltölu, með leigu | | | |
| | | flyt | 2060 rbd. |

fluttir 2060 rbd.

síðan 1805 (smb. Kansellibr. 8. Des. 1832 og rentukammersbrèf 26. Nov. 1836), og væri það hèr um bil 400 rbd. . . . . 16 —

Má því telja beinlínis fyrir hendi 2076 rbd.

en það, sem til vantar, væri tæplega 900 rbd. árlega, auk þess sem síðar fèlli á, til að launa sýslulæknum, eptir því sem þeir kæmi frá læknaskólanum.

Þessi viðbót má að vísu ekki mikil heita til að ná svo mikilvægum tilgángi, og væntum vèr því, að eingin fyrirstaða yrði á hjá Hans Hátign konúnginum, að leggja til sjóðs þessa það, sem einu sinni áður er veitt í líkum tilgángi, og teljum vèr þar til:

1, það sem veitt er til sýslulæknis í Árnessýslu með allrahæstum úrskurði 4. Sept. 1839 . . . . . 100 rbd.

2, það sem veitt er landlækni til að kenna fyrir, með kon. úrsk. 28. Febr. 1806, þannig, að það yrði . . . . . 100 —

3. Það sem veitt er landlækni til að reyna lækningar á nokkrum holdsveikum, þegar sá tími er liðinn, sem til er tekinn í kon. úrsk. 30. Apríl 1845. 200 —

4, það sem nú geingur til hinna svo kölluðu fátækrameðala, þar eð vèr höldum, að af þeim standi ekkert verulegt gagn, heldur sè mest af þeim peníngum eydt að óþörfu, og að eingum jafnaði; því vèr ætlum sveitirnar sjálfar geta borgað meðöl handa hinum sannfátæku, en aðrir hljóta sjálfir að borga; þetta er árl. . . . . 400 —

5, að húsleiga sú, sem veitt er lyfsala í Reykjavík, falli niður, þegar því verður að rèttu við komið, þar eð lyfsölurètturinn hèr í bænum má álítast svo mikilsverður í sjálfum sèr, að nógir verði til að girnast hann sjálfs hans vegna; þetta er árlega . . . . . 150 —

Allt þetta til samans yrði 950 rbd.

og má ekki heita, að þar með yxi útlát jarðabókarsjóðsins verulega, nema um 200 rbd., sem þó hafa verið ætlaðir til læknaskipunarinnar.

Auk þessa höldum vèr, að vel mætti auka sjóð þenna með sjóði þeim, sem ætlaður hefir verið konúngslandsetum í

Gullbríngusýslu, og í suðuramtinu, í stað hins forna spítala á Gufunesi, sem af var tekinn með konúnglegum úrskurði 18. Sept. 1793 (sbr. kon. úrsk. 14. Marts 1832 og 7. Júní 1833). Upphæð gjalds þessa var ákveðið til 96 rbd. árlega, og „styrktarsjóður handa konúngs landsetum í suðuramtinu“ var 1840 þar að auki 1086 rbd. 22 sk. r. s., sem standa á leigu í ríkisskuldasjóðnum. Eptir því sem meira er selt af gózum þessum, virðist þessi sjóður vera æ óþarfari, og mætti verða miklu meira alþjóðlegt gagn að því, ef þessum peníngum, sem nú mundu vera allt að 150 rbd. árlega, væri varið til læknaskipunarinnar.

Enn fremur virðist oss, að auka mætti tekjur til þessa augnamiðs á ýmsan annan hátt:

1, með því að haga heimtu hinna svo nefndu spítalahluta nokkru öðruvísi, en híngað til; því það er alment talið víst, að þeir heimtist miklu laklegar, en skyldi. Er það einkum því að kenna, að hlutunum úr heilum sýslum, eða jafnvel meira, hefir verið slegið saman, og seldir á einum stað, en við það hefir heimtíng hlutanna orðið óvissari og örðugri, og sala þeirra arðminni, en skyldi. Vèr höldum, að meira mundi heimtast, ef sú aðferð væri höfð, að bjóða upp hlutina á manntalsþíngi hverju, ári áður en þeir falla, og það í hverjum þeim hrepp, eður hverri veiðistöðu, sem von er á hlutum árið eptir. Af því laga-ákvarðanirnar um þessa grein eru mjög á víð og dreif, og sumar lítt kunnar, væri óskanda, að ný reglugjörð, bæði um heimtíng hlutanna og um aukníng þeirra á þann hátt, sem vèr munum nú stínga upp á, yrði samin og lögð undir álit alþíngis.

2, með því að leggja til sjóðs þessa spítalahluti úr Vestmannaeyjum, sem lagðir eru til eyjanna sjálfra með konúngsbrèfi 20. Febr. 1750. Vèr ætlum, að eyjarnar muni nú ekki leingur þurfa þessarar vilnunar framar en aðrar veiðistöður, og þar eð þær hafa lækni einar sèr, eins og nauðsyn er til, þá virðist sanngjarnt, að gjald þetta þaðan leggist til almennra læknaþarfa.

3, vèr ætlum það mundi vera væg álaga, og þó til mikilla nota þessum tilgángi til framkvæmdar, að spítalahlutirnir væri auknir á þá leið, að hlutur væri tekinn einn dag á hverri vertíð, í stað þess hann er nú tekinn einu sinni á ári. Það er að vísu satt, að álaga þessi lendir einúngis á sjáfarútveginum,

og hefir lent svo hingað til, svo að sá ójöfnuður sýnist aukinn; en þar í móti má með sanni svara, að álögur aðrar lenda miklu framar á landútvegnum, sem að vísu er ósvipulli, þegar á allt er litið, en þó margsinnis arðminni. Hið sama er að segja um þilskip, sem nú eru öldúngis álögulaus, og svo um hlynnindi af æðarvarpi og selveiði. Á þetta allt virðist oss tilhlýðilegt að leggja lágt gjald til læknasjóðsins, en vèr höfum ekki svo nákvæmar skýrslur í höndum um þetta efni, að vèr treystum oss til að stínga upp á neinni vissri upphæð þessa gjalds.

4, þegar læknaefni væri fyrir hendi, svo að fjölga mætti læknum, þar sem nauðsyn bæri til, þá þykir oss líkindi til, að ýmsir hreppar, þeir er eiga hinar svo nefndu kristfjárjarðir, mundu vilja standa af þeim, ef með þyrfti, einkum ef þeim veittist með þeim hætti kostur á að fá lækni til að setjast að í sveit sinni; mætti þetta verða á sumum stöðum læknabótinni til mikillar styrktar.

Nefndin viðurkennir, að hin mesta nauðsyn ber til að bæta laun læknanna hèr á landi, að minnsta kosti eptir nokkurra ára þjónustu, og nokkrir af læknum þeim, sem nú eru, ætti þegar að fá launa viðbót; vèr vonum einnig, að til þessa mundu verða nægileg efni, ef tilhögun yrði höfð í þá stefnu, sem vèr höfum stúngið upp á. Meðan sú tilhögun er að komast á, er einnig áríðanda, að komið yrði upp aðstoðarlæknum, eins og áður er vikið á, og ætlum vèr, að þessu hvorutveggju mætti koma við, með því að veita hèraðalæknum sæmilega þóknun fyrir að kenna slíkum aðstoðarlæknum, og væri sú þóknun ákveðin á þann hátt, að hún gæti einnig verið nokkur bót í launum þeirra; þykir oss viðurkvæmilegt, að þóknan þessi yrði fyrst um sinn goldin af jafnaðarsjóðum amtanna, og ákveðið, að til þess mætti verja allt að 200 rbd. árlega í hverju amti.

Um hið mikilvæga atriði, sem í nokkrum af bænarskránum stendur, viðvíkjandi yfirsetukónum, þykir oss ekki eiga við að láta að þessu sinni neina meiníngu í ljósi, þar eð mèr, jústizráði Thorstensen, er kunnugt, að þetta mál er undir meðferð stjórnarráðanna; því frumvarp eitt frá mèr, um betri skipun yfirsetukvenna hèr á landi, var sent hingað 1845 frá hinu danska kansellii, og yfirvöldin beðin álits um það.

Af framan greindum ástæðum leyfum vèr, meiri hluti nefnd-

arinnar, oss að stínga upp á, að alþíng riti Hans Hátign konúnginum bænarskrá um, að gjörð verði veruleg endurbót á læknaskipuninni hèr á landi samkvæmt þessum grundvallar atriðum:

1. að til þess verði stofnað, að halda saman og auka sem mest fè það, sem safnazt hefir með eignum og tekjum spítalanna, og verði þessu öllu safnað í einn sjóð, sem ætlaður sè til að bæta alla læknaskipunina hèr á landi.
2. að ekki verði hèðan af teknir holdsveikir á spítala þá, sem nú eru, heldur verði jarðirnar hið fyrsta annaðhvort bygðar með fullu afgjaldi, eða seldar, ef það virðist haganlegra, og andvirðið sett á vöxtu, sjóðnum til aukníngar.
3. að lagt verði til sjóðs þessa honum til aukníngar, eða varið til framkvæmdar augnamidi hans:
   *a.* 100 rbd. þeir, sem veittir eru með kon. úrsk. 4. Sept. 1839 til að setja sýslulæknir í Árnessýslu.
   *b.* 60 rbd. þeir, sem veittir voru landlækni til kenslu-styrks með konúngl. úrsk. 28. Febr. 1806, á þann hátt, að þeir verði auknir til 100 rbd.
   *c.* 200 rbd. þeir, sem veittir eru landlækni með konúngl. úrsk. 30. Apríl 1845 um 3 ár, til að reyna að lækna holdsveiki, þegar árabil þetta er liðið.
   *d.* sömuleiðis að hingað verði dregnir þeir 400 rbd. árlega, sem nú ganga til hinna svo nefndu fátækra-meðala.
   *e.* enn fremur, þegar því verður við komið, 150 rbd. árlega, sem nú eru ætlaðir lyfsala í Reykjavík, sem húsaleigupeníngar.
4. að fè því, sem komið er fyrir hinn forna Gufunes-spítala, verði einnig varið til að auka þenna sjóð.
5. að hinir svo nefndu spítalahlutir verði auknir á þann hátt:
   *a.* að lagðir verði til þessa sjóðs spítalahlutir úr Vestmannaeyjum, og ákvörðun konúngsbrèfs 20. Febr. 1750 úr gildi tekin.
   *b.* að tekinn verði í öllum veiðistöðum spítalahlutur einu sinni á hverri vertíð, um vetur, vor og haust, í stað þess hingað til hefir verið einu sinni á ári.
   *c.* að lagt verði á, og varið til þessa augnamiðs, sanngjarnt lágt gjald á þilskip öll, sem ganga hèðan frá landi til hafveiða.
   *d.* að lagt verði á sama hátt á alla selveiði og æðarvarp.

6. að heimting spítalahlutanna verði komið í betra horf, en nú er, og einkum að hlutir þessir verði boðnir upp á hverju manntalsþingi, árið áður en þeir falla, og það í hverjum þeim hrepp eður hverri veiðistöðu, sem von er á hlutum árið eptir.
7. að ný reglugjörð verði samin um spítalahlutina og heimting þeirra, og lögð fyrir þingið til ráðagjörðar.
8. að spítali verði sem fyrst settur á fót í Reykjavík, í því skyni, að þar verði læknakensla.
9. að við þenna spítala verði settir tveir læknar til kennara, eða einn læknir og einn náttúrufræðingur, sem kenni þar allar aðalgreinir læknisfræðinnar.
10. að þeir, sem læra við spítalann eða læknaskólann, fái von um sýslulækna-embætti að afstöðnu prófi.
11. að ætlað verði nokkuð árlega til styrks þeim, er læra læknisfræði við spítalann.
12. að ætlað verði 4 frí pláz á spítalanum, helzt handa úngum holdsveikum, sem álitnir eru læknandi, frá öllum fjórðúngum landsins, en þegar slíkir eru ekki, þá handa öðrum, sem stjórn spítalans álítur verðuga.
13. að fjölgað verði smásaman læknum, þannig, að einn læknir að minnsta kosti verði í hverri sýslu, auk aðstoðarlækna, sem áður er sagt.
14. að landlæknir og héraðalæknar verði nú þegar hvattir til að kenna aðstoðarlæknum, og verði leyft að verja um sinn til þóknunar fyrir það allt að 200 rbd. árlega úr jafnaðarsjóði hvers amts, þángað til þessi tilhögun er komin á fastan fót.

Reykjavík, þann 27. dag Júlímánaðar 1847.

J. Sigurðsson. J. Guðmundsson. J. Johnsen.
H. G. Thordersen.

Eg held mèr í þessu nefndaráliti alleina til minni hlutans, eðá míns eigin álits, dagsett 26. Júlí þ. á.

J. Thorstensen.

## Minni hlutans nefndarálit

í læknaskipanarmálinu.

Þar eg, eptir reynslu og sannfæríngu minni, ekki get fallizt á meiníngu þeirra nefndarmanna, er alþíng kaus í nefnd

með mèr í þessu máli, einkum um þörf og nytsemi ens ímyndaða spítala hèr í bænum, hlýt eg að gefa mitt álit sèrstakt, þótt eg sè einn á mínu máli.

Þar á móti er eg þeim samþykkur í því atriði, að það gæti verið gagnlegt og þarflegt, að hver einn við háskólann í Kaupmannahöfn uppfræddur og examineraður Districtslæknir mætti fá leyfi til, og skyldi kenna gáfuðum og handlægnum únglingum einfalda læknishjálp í bráðum nauðsynja atburðum, einkum frá þeim plázum, sem eru afskekt frá læknishjálp, svo sem um blóðtökur, hvar eiga við, og alla meðferð á þeim, beinbrot að laga og meðfara, kippa í lið, lífga drukknaða og frosna, og höfuðreglur fyrir öllu matarhæfi og aðhjúkrun í sóttum (Febrer), samt að skrifa læknum lýsíngu yfir sjúkleika, o. s. frv.; og held eg fólki gæti orðið mikið gagn að því, eins og þeir ættu að fá rètta hugmynd um nauðsyn á hreinlæti, þrifnaði og rèttri meðferð bæði á úngbörnum og öllum veikum yfir höfuð, og allstaðar reyna að útbreiða slíkt meðal almúga. Og höfum við dæmi fyrir okkur í Hjaltlandi, Orkneyjum og norðan til í Noreg á Hálogalandi og Finnmörk, hvar í þeim fyrri löndum, sem til samans hafa nálægt 60,000 innbúa, hafa fyrir skemstu verið 2 útlærðir læknar, 1 í hverju eyjafylki, og einir 8 lærðir læknar eru á öllu Hálogalandi og Finnmörk í Noregi, sem þó eru til samans liðugar 2000 □ mílur og hafa yfir 100,000 innbúa, en þar eru blóðtökumenn eða þess háttar í hverjum firði og út um eyjar. Verða þá þvílíkir smálæknar undir Districtslæknis umsjón og uppfræðíngu, og líklega minna en hingað til í mótsetníng (Oppoſition) móti honum; því það er óumflýjanlegt, að smálæknar verði til af sjálfu sèr á Íslandi, og er betra, að þeir sèu í lagaleyfi, en óleyfi, nokkuð uppfræddir en óuppfræddir, enda er þetta ólíkt kostnaðarminna, en að stofnsetja kostnaðarsaman spítala hèr í bænum, sem eg er sannfærður um, að þó til hefði verið í þau seinustu 27 ár, hefði hann optast staðið auður af sjúklíngum, og því hvorki getað orðið að töluverðu gagni, sem spítali fyrir veika, eða reynsluskóli fyrir lærisveina; og er því mín meiníng, að þeir lærisveinar, er á hann geingju, ei feingju þeim nun meiri reynslu, en hinir ólærðu, er lært gætu hjá hverjum einum Districtslækni, sem kostnaðurinn yrði gífurlegri fyrir landið, og hvorutveggja yrðu þó hálflærðir, þ. e. kensla þeirra yrði bókleg (theoretiſk) að mestu leyti, en lítið bygð á sjón eða reynslu, sem þó er nauðsýnlegast hverjum þeim lækni,

er mentaður má heita eptir þessara tíða kröfum. Eins efast eg um, að margir stúdentar vildu vera hèr í bænum, svo árum skipti, til að læra lækníngar næstum alleina af bókum og málverkum, og verða síðan, sem vera verður, settir lángt á eptir „Candidater“, ef nokkrir byðust til þeirra embætta, sem nú eru. Máske einhvern tíma mættu þeir vænta að geta orðið sýslulæknar með 100 dala launum, ef til vill? því eg get ei sèð, hvaðan sýslulækna laun eiga að koma. Eg get ekki sèð annað, og er sannfærður um af 27 ára reynslu, að enn sem komið er, og eins og hèr er nú háttað, sárlítil aðsókn yrði að þvílíkum spítala, máske fáeinir sjúklíngar um sum ár, og önnur máske eingir og því nær eingir, einkum ef nokkuð þyrfti að borga fyrir þá veiku, sem þó líklega ekki mætti án vera, nema spítalinn væri ríkur, sem ei er að vænta. Eg hefi reynsluna fyrir mèr, og læknisfræðin er upprunalega bygð á reynslu.

Fólksfjöldi hèr í bænum með öllum kotaþorpum er að sönnu reiknaður 983 manns, í Okt. 1846; þetta er nú í sjálfu sèr of lítil fólkstala til að geta vænt nokkurrar töluverðrar aðsóknar að einum spítala; en hvernig er þeim fólksfjölda líka varið? hann á einga samlíkíng við aðra kaupstaði, er eg hefi sèð erlendis, því þar eru víðast flestir innbúar kaupstaðarbúar í réttum skilníngi orðsins, þ. e. handiðnamenn, verzlunarmenn, og þeir er lifa af embættum eða eignum sínum. Hèr er því öðruvísi háttað; meira en $\frac{2}{3}$ af bæjarins innbúatölu er svo kallað tómthúsfólk, þ. e. fólk, sem lifir mest og einkum af fiskiafla og ýmsu öðru, sem fyrir fellur; flest af þessu fólki er sárfátækt, en á þó optast kofana, er það býr í, og því á eg von á, að það heldur liggi heima í kofum sínum, þó lasið sè, en leggi sig inn á spítala, ef borga skal þar fyrir, og því að eins brúka þeir læknir, flestir, að þeir ei þurfi að borga honum, og ef vel væri, vildu þeir fá meðölin gefins líka, annars brúka þeir sárlítið af þeim, og hjálpi þau ei strax eða kosti nokkur mörk, vilja þeir hvorki hafa læknir eða meðöl; sama er að segja um flest sjófólk, er hèr liggur við frá sveitum: það fær optast hjúkrun í kotunum, sem það liggur í, fyrir lítið eða ekkert, og börn eða gamlar konur eru optast heima, og líta til þess, ef það er veikt, svo eg ætla, að mjög fáir af þeim myndu vilja leggja sig inn á spítala, þó veikir yrðu.

Það kemur ei alleina upp á innbúatöluna í einum stað, hvað mikla aðsókn spítalar fái, heldur hvernig innbúafjöldanum er

varið; hvar ei er nema húsbændur, börn og þjónustufólk, er ætið miklu minni aðsókn, en í þeim stöðum, hvar mikið er af handiðnarverksmiðjum með mörgum daglaunamönnum, hvar margt fólk er af því tægi, er býr í leigðum herbergjum, einasta svo mánuðum skiptir, og lifa af óstöðugri atvinnu, og er sem framandi, eða eingan á að í sama húsi, þó innlent sè; því það getur ei annað af sèr gjört, ef veikist, en lagt sig inn á spítala, og af því er mesti fjöldi í stóru stöðunum, en hèr geta flestir feingið nokkra hjúkrun heima, og þurfa því síður að nota spítala.

Um kaupstaðarfólk, er eg svo kalla (og hvar til má reikna nálægt 300 manns í allt), er allt öðru máli að gegna; þeir brúka læknir og læknismeðöl, þegar þeir meðþurfa, lángtum meira en hinir, sem þeir eru upplýstari til: en þó leggja þessir sig eða sína víst sjaldan á spítala, þegar þeir geta haft læknistilsjón heima, og gefa ei um að gjöra sèr þann kostnað, er þeir geta látið hirða eins vel sjúklínga sína í heimahúsum; þó neita eg ei, að það gæti hent, en sjaldan mundi það aðbera. Eg hefi í 27 ár, er eg hefi verið hèr læknir, meðhöndlað ein 18 beinbrot, þar af 5 hèr í bænum, og mundu valla fleiri, en 2 af þeim, hafa lagt sig á spítala, þó til hefði verið, þ. e., 1 á $13\frac{1}{2}$ ári; 16 sinnum hefi eg dregið í lið, þar af tvisvar hèr í bænum, og gjörði eg það strax sem eg sá þá veiku, svo ei hefðu þeir þurft að leggja sig inn á spítala. Þar á móti hefi eg verið sóktur til yfir 100 kvenna í barnsnauð, og mundi þá vísindagrein, er þar að lýtur, ekki vera svo hægt að læra til hlítar hèr í landi. Fáeinir hafa til mín komið til lækninga úr öðrum hèruðum, og enda að norðan og austan, en miklu færri, síðan læknir settist að í Húnavatnssýslu, og Thorarensen kom í Rángárvallasýslu; voru það einkum æxli á fyrstu árunum, er eg skar af sumum, gömul meinlæti á flestum öðrum, beináta á þremur; í allt hefir það þó ei upp og niður verið 1 maður um árið. Nú í nokkur ár hafa þeir ei verið fleiri en 1 annaðhvort eða 3ja hvert ár; og öllum, er óskað hafa, hefi eg veitt móttöku eða útvegað húsnæði. Nú er gjört ráð fyrir, í meiri hlutans nefndaráliti, að holdsveikir skuli líka vera í sama spítala! það er nóg til að fæla allar framandi þjóðir frá að leggja einn sjómann af nokkru skipi inn í spítala, hvar líkþráir menn eru í sama húsi, er þó hefir viðborið 4ða og 5ta hvert ár, að eg hefi komið veikum sjó-

manni af skipum fyrir í landi; og veit eg það af reynslu, að framandi menn býður enda við að sjá líkþráa, og enda held eg Íslendíngum mörgum, og kaupstaðarfólki hèr í bænum, væri lítið um að vera í því húsi, hvar margir líkþráir menn væru, þótt enda í sèrstöku herbergi; og allra sízt átti eg von á, að skólapiltum mundi ætlað að vera á sama spítala, og það munu ei fjárhaldsmenn þeirra vilja, í hið minnsta vil eg heldur taka þá í mitt hús, hverra fjárhaldsmaður eg er, ef þeir ei feingju að liggja á skólans spítala, sem eg þó ætla að þeir muni mega.

Eg þykist vera sannfærður um, að sú æfing, er lærlíngar feingju á þvílíkum spítala, yrði næstum sem eingin, eða í hið minnsta sárlítil og ónóg til mentunar þeim.

Það er alkunnugt, að þeir, er stunda læknisfræði við háskólann í Lund á Skáney, fá ei að taka embættispróf, nema þeir sýni skilríki fyrir, að þeir hafi leingi geingið á stóra spítala í Stokkhólmi eða öðrum stórum stöðum; eg hefi þekt 2 svenska stúdenta, er feingu leyfi til að gánga á Friðriks spítala í Kaupmannahöfn í því skyni, og þeir sögðu mèr þetta. Sami er siður í Uppsölum og í Kil, og hefir þó sá síðar nefndi staður yfir 10,000 innbúa, og spítala, og þó gánga stúdentar þaðan, svo missirum skiptir, á stórspítala, ýmist í Hamborg, Kaupmannahöfn eða Berlín, læra betur líkhama-byggínguna, hvar nóg lík eru að fá til líkskurðar, sjá og þekkja veikindi og þeirra meðferð. Líka veit eg til, að stúdentar bæði frá Oxford og Cambrigðe, sem hver um sig hafa 20,000 innbúa, gánga á spítala í London og æfa sig í líkskurðum.

Ekki sè eg heldur, hvaðan ætti að fá lík til líkskurðar hèr í landi, hvar allir menn eru frjálsir og ekkert tukthús er; því lík fá menn ei í öðrum löndum til líkskurðahúsa, nema af sakamönnum; því þau lík eru aldrei grafin, heldur smáskorin í sundur, og beinin seinast þurkuð: því þó einstaka lík sè opnað snöggvast (*obducerad*), ef feingist, til að komast að sjúkdóms orsök, er það mjög ónóg til að læra af líkskurðarfræði (*Anatomie*).

Mèr sýnist í þessu eina vera fullkomin hindrun fyrir, að lærlíngar þeir, er svo læra, gætu gefið álit í áverkamálum, eður að þeim yrði trúað fyrir því; því þar til þarf lángvinna æfíngu í líkskurðarfræði, sem hèr er ómöguleg, og því get eg ei skilið, að þvílíkir, sem þar í eru lítið kunnugir, geti haft nokkurt álit, sem vitni, í opinberum áverkamálum, og eru þeir þá

ei miklu betur farnir, heldur verr, en hinir, er hver læknir kennir fyrir sig, og einasta eru ætlaðir til að vera nauðhjálparar í bráðum og almennum sjúkdómum eða uppáfallandi slisum: því þeir sjá þó meira, fara opt með húsbónda sínum til veikra, og stundum sendir hann þá til sjúkra, er hann hefir skoðað áður, og sjá þeir fleiri sjúklinga, en spítala lærisveinn. Eg held yfir höfuð, að þessi bóklega kensla yrði viðlika, og ef menn vildu kenna sjómönnum alla sjómanna aðferð og kunnáttu á landi, eða á litilli vatnsferju, og þó þeir lærðu vel allar þær reglur og hugmyndir, er þar að lúta, mundi þeim eitthvað fara óhönduglega á hafinu, þegar ofviðris-bylur dytti á, hver holskeflan eptir aðra dyndi yfir skipið, vindurinn hlypi í baksegl, og skipið lèti ei að stýrinu, o. s. frv.; því er það, að danskir læknar hafa verið í áliti í öðrum löndum, að þeir hafa þókt betur mentaðir, en sumra annara þjóða, og er það mest að þakka góðri kenslu í Kaupmannahöfn, og nógri reynslu á 2 stórum spítölum í staðnum, sem er sá lángstærsti á öllum Norðurlöndum, o: Danmörk, Svíaríki og Noregi, og hefir gnægð af öllu, er til þvílíkrar kenslu heyrir.

Það er öllum kunnugt, að eins og læknisfræðin upprunalega er bygð á reynslu, þá þarf og hver maður að læra hana svoleiðis, að hann jafnframt því að lesa, geti sèð og reynt: því hún er nokkurskonar vísindaleg list (videnſkabelig og praktiſk), og allar listir þarf mikla æfingu til að læra, en þá æfingu, er feingist við spítala í Reykjavík, reikna eg að sárlitlu, og líkskurðar sjón og reynslu reikna eg að eingu, og er það svo stór galli, að hann spillir öllum lærdóminum. Hinir aðstoðalæknarnir neita eg ei að fái litla reynslu líka, en þeir eiga aldrei að gefast út fyrir lærða lækna, heldur nauðhjálpara í bráð; og þar þeir eiga að verða upplýstir bændur yfir höfuð, geta þeir, við að útbreiða upplýsíngu um hreinlæti, þrifnað og skynsamlega meðferð á veikum, bæði í matarhæfi og öðru, útrètt margt gott meðal almúga.

Mèr þykir spítalinn í Reykjavík verða ærið kostnaðarsamur, er hann til árlegra útgipta þarf 2920 rbd., það er renta af 73,000 með 4 af hundraði, og þessi spítali á að gagna mest með því að uppfræða 10 eða 12 sýslulækna, sem eptir meiri hlutans áliti ættu að fá ýmist 2 eða 300 dali í laun, alls líklega um 3000 dali, það er renta af 75000 dölum (4 af 100); í allt þarf í hið minnsta stofn (Capital) af 148000 rbd, til þessa fyrir-

tækis. Það eru sannlega margir peníngar á voru fátæka landi, Íslandi. Eg vil nú lítið eitt drepa á, að mèr sýnist, sem þeir peníngar, er meiri hluti nefndarinnar hefir talið upp að brúkast eigi til spítalans, sèu teknir sitt frá hverjum, fátækum, holdsveikum, fátækum um allt land, er notið hafa gjafameðala, er konúngar vorir hafa þeim allramildilegast gefið, og loks húsaleigu af ekkju og föðurlausum börnum, og svo framvegis, og með öllu þessu, sem tekið er að minni meiníngu, ekki rèttilega bæði frá öðrum landsfjórðúngum og vissum persónum öllum fátækum, og dembt saman í Reykjavík, geta þeir hvergi nærri náð heim með allan kostnaðinn. Hver á þá að hlaupa undir baggann? Líklega verður það, sem vantar, lagt á landið, og mega þá bændur að lokunum bera mesta byrðina, og gæti þó orðið svo, að þeir loksins feingju nóg að bera; eg held það yrði máske mögulegt að útvega þeim nokkuð fleiri yfirheyrða og lærða lækna, en nú eru, með minni kostnaði en þessum, og að hver landsfjórðúngur geti haldið spítala sínum og því, er honum gelzt, og að betri skipun komist á spítalana, en hingað til hefir verið, og skal eg þess bráðum geta, þegar eg nú kem til þeirra holdsveiku.

Hvað þeim holdsveiku viðvíkur, þá undrar það mig stórlega, að meiri hluti nefndarinnar ræður til að flytja holdsveikra spítala frá sveitinni að sjónum hèr í landi, sem norskir læknar ráða til þvert á móti, fyrst og fremst að flytja alla holdsveikra spítala frá sjónum inn í landið, þar sem ætti að reyna að lækna þá; því flestum læknum, er á seinni árum hafa skrifað um orsakir holdsveikinnar, ber saman um það, að hún sprètti upp og dafni mest við sjáfarsíðuna meðal þeirra, er mest lifa af fiskæti, og haldist við eða gángi í ættir, og það því fremur, er þær holdsveiku ættir brúki ena sömu lifnaðarháttu. Svo segir Reſerve-læknir Stephens í norſk lægevidenſkabelígt Magazín, tímarit fyri læknisfræði, 1843 útkomið í Christjaníu; hefir hann ferðazt víða um lönd til að skoða holdsveiki, og ber það allstaðar saman, að hún sè mest meðal þeirra, er búa við sjó, og hafa mest fisk til matar; hann segir, að á Grikklands ströndum og á Grisku eyjunum þar um kríng sèu 160 líkþráir, en mjög fáir inn í landinu og leingra frá sjó, og varla aðrir, en þángað hafa fluzt frá ströndunum; segir hann, að þegar spítali yrði settur til að reyna að lækna það fólk, væri hann bezt settur lángt inn í miðju landi, hvar einginn fiskur borðast,

í dölunum nálægt gömlu Spörtu; og til líkrar meðferðar ræður hann í Noregi, hann ræður til að flytja Ræknæs-spítala á Mæri leingra inn í landið, og St. Jörgens-spítala frá Bergen líka inn í landið, og vita, hvort ei lukkast betur að lækna þá þar, sem enn þá aldrei hefir lukkazt til hlítar í Noregi, allraminnst við sjáfarsíðuna. En því samsinna allir læknar, er við þessa veiki hafa feingizt, að hún skánar bezt í hið minnsta um hríð, með því að þeir veiku borði mest mjólkurmat, kál og aðra jarðar ávöxtu, en forðist fiskæti allt, og einstakt hreinlæti og þrifnað verður við þá að hafa, og sýnist þetta mataræði og hreinlæti að verka betur en nokkur stöðug meðalabrúkun, í hið minnsta verkar hún lítið, ef það brestur, því það hefi eg sjálfur reynt.

Dr. Holst, prófessor medic. í Christjaníu, var sendur fyrir meir en 20 árum síðan frá Noregi til Skotlands til að rannsaka, hvernig þeirri skozku holdsveiki væri varið, og hvernig hún yrði læknuð þar; hefi eg lesið ferðabók hans, og lýsir hann henni áþekt því, er hjá okkur er, var hún fyrir 200 árum síðan máske eins almenn á Skotlands sjáfarströndum, hvar margslags fiskiveiðar tíðkast, eins og hjá okkur nú, en nú er hún orðin þar lángtum skjaldgæfari, og sögðu enskir læknar, að eptir því sem hreinlæti óx á Skotlandi, og fiskimenn hættu að lifa mest matar á fiskæti, jarðeplarækt og kálmeti varð almennara, hafi hún smámsaman dvínað; þeir segja, að hreinlæti og hreinar lèreptskyrtur ættu allir holdsveikir að brúka, lifa mest á mjólkurmat og jarðarávöxtum, en aldeilis ekki á fiski, og gott sè að flytja þá holdsveiku, strax sem veikin merkist, frá sjónum leingra inn í landið; það er eins og þeir haldi sjáfarloptið óhollara en landloptið. Sömuleiðis er holdsveiki almenn á eyjunum í suðurhafinu (vide: Voyage d' Astrolabe, með málverkum) meðal allra þeirra þjóða, er lifa mest af fiskæti, og því stöðugri fiskiafli er árið um kríng við eina sjáfarströnd, þess almennari er, eða hefir þar verið holdsveikin, og því almennari sem vissar feitar fiskitegundir, t.a.m. lúður eða heilagfiski, aflast meira, og eins er það hjá okkur. Í eingu fiskiveri hèr við land held eg afli sè stöðugri árið um kríng, en í Garði og á Suðurnesjum, enda er þar og þaðan aðaluppruni og uppspretta holdsveikinnar hèr á suðurlandi, og 3 ættir eru í Þíngvallasveit, hvar mikil silúngsveiði tíðkast meiri

hluta árs, er eg veit til að í hverri hefir opt einn eða fleiri holdsveikur verið.

Nú er mjólkurmatur dýrari í Reykjavík, en víðast hvar í öllu landi, en fiskiæti máske ódýrastur matur, og því ætla eg, að hèr muni vera dýrara að lifa en annarstaðar, nema mest megnis sè lifað af sjófángi, en það mega þeir holdsveiku ekki, ef von er um þeim geti batnað; þar á móti þekki eg einga jörð, er opinber eign er, hèr í suðuramtinu, er jafnvel sè lögð til að fæða holdsveika á þeirri þeim hollustu fæðu, mjólkinni, o. s. frv., sem Kaldaðarnes: þar má hafa eitthvert hið mesta kúabú, þar eru einhverjar hinar beztu og hægustu slægjur, heyfall ágætt, og jarðvegur fyrir kál og alla jarðarrækt góður, eins og víðast í Flóa, og það er sá eini spítali, sem nokkurn veginn gæti af eigin efnum haldið læknir, um leið fyrir Árnessýslu, með 100 dala styrk, en að öðru leyti til að reyna að lækna holdsveika, þá er nokkur von væri um að læknazt gætu, og skyldi þá verja spítalahlutum öllum til að taka inn þvílíka aumingja, helzt frá Rosmhvalaneshrepp, sem mesta hefir þörfina og mest hefir goldið til spítalans. Þetta mætti nú strax aðgjöra, eins og ráðið var til af nefnd þeirri, er sett var um það málefni eptir skipun hins konúnglega danska kansellís fyrir 3 árum síðan, og sem rèði til, einasta að byrja með Kaldaðarnes, sem var það efnabezta, að gjöra þar lækninga tilraunir við holdsveiki; ætla eg það bæði vera hentugra og ódýrara, en að safna þeim holdsveiku saman í Reykjavík, sem bæði liggur við sjó, og hvar mjólk opt ekki er að fá, og ætíð afardýr, og mætti vel Kaldaðarnes fyrst í stað þá vera sá einasti lækningaspítali fyrir holdsveika í suðuramtinu, því sárfáir holdsveikir eru í Skaptafellssýslu. En á meðan ei verður komið við að fá þennan og aðra spítala endurbætta og gjörða að lækningaspítala fyrir holdsveika, er ættu að takast inn í byrjun sjúkdómsins, útvega læknir og því um líkt, er það mitt ráð, að þeim úngu, er holdsveikir eru, eða verða hèr eptir, sè með viðkomandi Districtslæknis ráði, og undir hans umsjón, komið fyrir upp í sveitum, hvar þeir geti haft einstakt hreinlæti, mjólkurmat og í öllu sem hentugasta aðhjúkrun fyrir þá, sem verkar betur á bata þeirra, en nokkur meðalabrúkun alleina, og þar sè gefið með þeim af spítalans sjóð; í hið minnsta ættu hospítalshlutirnir að gánga mest til þess, hvar þörf er á, og hún er mest í Rosmhvalaneshrepp, og bændur þar þykjast,

sem von er, verða hart úti, er þaðan kemur spítalanum meiri inntekt, en úr nokkrum öðrum hrepp í landinu, og þó hefir ei einasta þessi hreppur fleiri holdsveika, en nokkur annar, heldur ætla eg, að þar sèu í þeim eina og næstliggjandi hreppum allt að helmíngi allra holdsveikra í landinu, þ. e. um 20, en þeir njóta einkis góðs þar í móti, þó gjöld komi mest þaðan, og þó er hreppurinn einhver, að eg held, sá fátækasti og ómegðarmesti í öllu landinu; en hvað þeim holdsveiku gefið hefir verið af vorum háloflegu konúngum, ætti ekki eptir minni meiníngu frá þeim að taka til annara hluta, heldur verja því alleina þeim til hjálpar upp á einhvern hátt, til að lækna og lina þeim, sem það gæti orðið mögulegt, því eptir minni meiníngu ættu þeir, svo leingi þeir eru til í landinu (og þeir eru enn nú, því verr, ofmargir), að njóta þeirra eigna, er þeim hafa gefnar verið; því sannlega eru þeir nauðlíðandi þurfamenn og aumkunarverðir.

Hvað Hörgslandi viðvíkur, væri óskandi, að það á líkan hátt gæti orðið læknisaðsetur í Skaptafellssýslu, þegar því með tíðinni auðnast fè, eða með einhverjum hætti yrði mögulegt að launa þar lækni, og nokkur feingist til, því þær 2 sýslur hafa mest þörf á lækni í suðuramtinu; og sama ætla eg muni verða tiltækilegast með Hallbjarnareyri og Möðrufell með tímaleingdinni, þegar mögulegt verður, nema hvað skipta þyrfti þeim jörðum fyrir aðrar opinberar, konúngs- eða aðrar jarðir, einkum Hallbjarnareyri, er liggur við sjó, fyrir aðra, er betur liggur til sveita, helzt í Mýra eða Barðstrandarsýslu, og hvar meiri þörf er á lækni í vesturamtinu, og gæti hann þar gjört tilraun við holdsveika menn, því ei er hans þörf í Eyrarsveit, meðan Districtslæknir býr í Stykkishólmi, og ekki þarf heldur sýslulæknir í Eyjafirði af sömu orsök, en betra væri þá að setja spítalann og læknirinn í Norðursýslu, í haganlegustu sveit, og hafa jarðaskipti á opinberum jörðum, er þar eru til á Slèttu eða annarstaðar; það eru því mín tilmæli, að það heiðraða alþíng vildi yfirvega, hvort ei væri eins vel gjöranda, allraþegnsamlegast að mæla fram með því umgetna eldra nefndaráliti um Kaldaðarnes, fyrir það fyrsta, ef þínginu virðist með því mælandi, sem eg vona, því það getur fljótt orðið sett á stofn, og kostar ekkert, nema hvað spítalinn á, en hèr er þörfin bráð og mikil fyrir þeim holdsveiku, að þeim sè líknað; en hitt, hvað lækni í hverri sýslu viðvíkur, þá er líklega hægra að fá 1 læknir

lærðan, en 10, og ætla eg, að við því að eins með tímanum getum feingið gagnlega lækna, að þeir gætu einhvern tíma átt von á að fá betri kjör hèr í landi, þó ei væri nema von um, að þegar þeir yrðu eldri, um launa viðbót, eins og nú er orðið í Danmörk, því það er huggandi, að lifa í voninni, og margir hafa von um að lifa leingur, en auðið verður, þar einginn veit sitt skapadægur. En ekki get eg ímyndað mèr, að það lukkist vel, að ætla að fá þá reynslulitlu heimafræddu lækna, enda með svo miklum kostnaði, að ei yrði því opinbera, eða lærisveinum sjálfum til samans lèttara, en þó þeir næðu betri og fullkomnari uppfræðíngu í Danmörk, og óvíst, að margir stundi læknisfræði að heldur, meðan ei er til meira að vinna, og mikilla launa getur varla einn þvílíkur heimafræddur sýslulæknir vænt; enda mundi allur þar að lútandi kostnaður lenda á bændunum, og mætti því vel bíða þess, að hèraðsmenn beiddust þess í hverri sýslu fyrir sig; því óvíst tel eg, að allar smásýslur óski að halda læknir hver um sig, er töluverðra launa þyrfti, einkum ef þær gætu feingið nóga upplýsta aðstoðarlækna, er hver reglulega lærður læknir gæti kent, því mikinn mun ætla eg aldrei verða þeirra á milli, og hinna í Reykjavík uppfræddu, í hið minnsta í því, er þeir eiga að gjöra eða framkvæma í verkinu (i Praxis).

Breytíngar á spítölunum er bæði alment óskað, og það er sanngjarnt, þar margir gjalda hlut til þeirra, að þeir vilji njóta lèttis í móti, með því að holdsveikum sè lètt á þeim, eða lækníngа tilraun gjörð við þá; og því ætlaðist eldrí nefndin til, að læknir og betra hús yrði sett á Kaldaðarnesi strax, og að læknirinn feingi þá 100 dali, er allranáðugast hefir verið gefin von um að gefnir yrðu fjórðum læknir í Árnessýslu, svo að hvað styrkti annað, sýslan og spítalinn, er sýslan hefir ei sèrskilinn læknir áður, en er ein sú fólksríkasta og efnugasta í landinu, og að síðan skuli svo fara með hvern hinna spítalanna, þegar færi er á fyrir fèleysi; má það bráðum verða, hvað Möðrufells-spítala snertir, eptir því sem áður er sagt, því hann er næstur Kaldaðarnesi að efnum.

Eg vil því ráða því heiðraða alþíngi, allraþegnsamlegast að biðja Hans Hátign konúnginn, allramildilegast

1, Að leyfa, að þeir læknar, er nú eru á landi hèr, og hèr eptir verða lærðir í Danmörku og þar yfirheyrðir, megi fá leyfi til, og skuli kenna vel - tilföllnum gáfuðum og

ráðvöndum úngum mönnum þaðan, er mest þörf er á læknahjálp, að taka blóð, binda um beinbrot, kippa í lið, lífga drukknaða og í hel frosna, samt þrifnað þann, hreinlæti, matarhæfi og aðhjúkrun þá, er hafa þarf við alla sjúkdóma yfir höfuð, og við meðferð á úngbörnum.

2, Að spítalar fyrir holdsveika verði settir á betri stofn, en hingað til hefir verið, eptir sem færi gefst á og þeim aflast fè, að læknir verði settur á hvern þeirra, þegar fæst og faung eru á, sem fljótt má gjöra á Kaldaðarnesi, sem nú þegar hefir efni á að halda lækni á eiginn kostnað; og takist þá þeir einir inn í spítalann, er úngir eru og veikin er nýbyrjuð á, og sè reynt að lækna þá, og þar við útryðja boldsveiki úr landinu; en spítalajörðum í norður og vestur-amtinu mætti skipta fyrir aðrar, er haganlegar liggja (ekki í fiskiverum), og hvar meiri þörf er á lækni, en þó í sama fjórðúngi landsins; en meðan á því stendur, að þessu verði fyrir komið, mætti leyfast, að því únga fólki, er teiknar til að holdsveikt verði, sè, með viðkomandi Districtslæknis ráði og umsjón, komið fyrir á hreinlegustu stöðum, helzt í sveit, hvar það getur, hver um sig, haft ena hollustu meðferð, matarhæfi og aðhjúkrun, eptir læknis fyrirskipun, en gefið sè með því af spítalanna inntektum.

3, Að Hans Hátign konúngurinn allramildilegast vildi láta það konúnglega opna brèf af 14. Janúar þ. árs fyrir Danmörk, ná til Íslands, um að þeir eldri læknar feingju launaviðbót eptir aldri, því það mundi verða hin mesta upphvatníng til, að íslenzkir menn stunduðu fleiri læknisfræði, en hingað til verið hefir, við háskólann í Kaupmannahöfn.

Reykjavík, þann 26. dag Júlímánaðar 1847.

J. Thorsteinsen.

Framsögumaður, Kandíd. Jón Sigurðsson: Það er einkum eitt aðalatriði, sem álitsskjöl þessi greinir á um; að öðru leyti er ágreiníngurinn ekki svo afarmikill, heldur má lángtum framar segja, að álitsskjölin eins og farist á mis hvort við annað. Aðal-ágreiníngsatkvæðið er það, að minni hlutinn vill fyrir eingan mun hafa spítala í Reykjavík, hvorki með lækna kenslu eða án hennar, en hjá meira hlutanum er þetta mikið áríðanda aðalatriði.

Þessi uppástúnga meira hlutans er ekki ný; landlæknarnir sjálfir hafa borið hana upp, hver eptir annan. Bjarni Pálsson kvartaði mikið yfir skorti á sjúkrahúsi, og kvaðst ekki geta tekið móti öllum þeim sjúklingum, sem vildu dvelja hjá honum, sèr til lækninga. Jón Sveinsson hefir stúngið upp á hinu sama 1783. Seinast hefir hinn nú verandi landlæknir, hinn virðulegi þingmaður, sem er í minna hlutanum, stúngið upp á hinu sama, og stendur það í „Bibliothek for Læger" 1830, að sett yrði almennt sjúkrahús, bæði handa holdsveikum, sem álitist læknandi, og öðrum sjúklingum. Það lítur svo út, sem minni hlutinn hafi ekki þókzt geta haldið þessu fram, vegna þess hann væri orðinn náteingdari þeirri meiníngu, sem nefnd sú lèt í ljósi, er sett var hèr fyrir 3 árum síðan, og rèði til að setja lækni á Kaldaðarnes. En nefnd þessi átti allt öðru máli að gegna; hún var aldrei spurð að, hvort hèr væri mögulegt að bæta alla læknaskipunina, heldur að hinu, hvað gjöra ætti við Kaldaðarnes eða við spítalana í suðuramtinu; hèr væri þess vegna eingin ósamkvæmni þó minni hlutinn mælti nú með sjúkrahúsi í Reykjavík, eins og fyrri. Í brèfi 13. Jan. 1838 virðist landlæknirinn enn að hafa bygt á þeirri hugmynd, að hèr væri gott að hafa sjúkrahús. Það hefir ekki heldur verið hann einn, sem var á þessari meiníngu, heldur hafa það verið allir þeir embættismenn, sem hèr hafa verið. Það var kunnugt, að biskup sál. Steingrímur var mest mótfallinn því, að „eignir" spítalanna yrði teknar til sjúkrahúss, en hann áleit samt sem áður sjúkrahús hèr nauðsynlegt. Land- og bæjarfógetinn lýsti því einnig á fundum embættismanna-nefndarinnar, að sjúkrahús væri hèr mjög nauðsynlegt. Hversu skyldi nú ásigkomulagið hafa breyzt svo, að þar sem hèr hefir verið nauðsynlegt sjúkrahús frá Bjarna Pálssonar tíð og þángað til 1839, eptir allra embættismanna og einkum allra landlækna sögn, þá skyldi það nú ekki vera orðið nauðsynlegt? Ásigkomulag bæjarins hefir þó einmitt breyzt á þann veg, að sjúkrahús hlýtur að vera enn nauðsynlegra nú, en áður. Það er einnig víst, að margir óska þess hèr í bænum, eins og von er á.

Það er öldúngis órètt, þegar minni hlutinn segir, að hèr sè annarskonar innbúar, en í bæjum í öðrum löndum. Hèr eru embættismenn, kaupmenn, handiðnamenn, fyrir utan annarskonar menn af almúgastètt, daglaunamenn, o. fl.; þetta er, eins og von er, sömu tegundar eins og annarstaðar, en þó hèr sè

ekki eins margir af hverri tegund, eins og í stórstöðum í öðrum löndum, þá breytir það ekkert eðli hlutarins sjálfs. Hèr mundu margir verða fegnir að flýja til spítala, ef kostur væri á. Hversu fegnir mundu ekki margir hafa orðið, þegar mislingasóttin gekk í fyrra, að fría sig við sjúklinga, og kannske geta verndað aðra við sjúkdóminum, með því að koma þeim á spítala, sem fyrst urðu veikir. Hèr er víða svo þraungt húsrúm hjá fólki, að þegar einhver verður veikur í húsinu, er það í stærstu neyð; allir verða að hafa umgáng um húsið, þar sem hinn veiki er, og ef mögulegt er, að sjúkdómurinn taki hina aðra, þá verður það. Öllum er auðsætt, hversu spítali gæti bætt úr þessu, og þar með gjört mikil not.

Því, sem minni hlutinn færir til um kenslu hjá læknum, er til hlítar svarað í álitsskjali meira hlutans. Ef að því einu ætti að búa, mundi það verða stopult. Hèraðslæknar eru ekki allir svo fyrirkallaðir, að þeir geti kent, eða hafi tíma til þess, sízt nema þeir hefði töluverðan hagnað á því, og þá gæti svo verið, að sumir þækti leggja meiri hug á það, en skyldi. Væri þeim skipað að kenna, þá drægi þeir sig í hlè, og yrði þar ekki við gjört; því allir vita, hversu bágt hèr veitir að framfylgja því, sem mætir almennri mótspyrnu, eða jafnvel mótspyrnu einstakra manna. Meiri hlutinn hefir bent á hið hentugasta ráðið til að reyna, hvort hèraðalæknar mundu vera tilleiðanlegir til að kenna aðstoðarlæknum eða ekki. Minni hlutinn gjörir ráð fyrir, að reynsla lærisveina yrði meiri hjá hèraðalæknum, en á spítala. Þetta skyldi vera bygt á því, að spítalinn stæði auður; en það er sýnt, hversu ólíklegt þetta væri. Kenslan á spítalanum hlyti að verða miklu betri, bæði í hinu bóklega, því þar væri menn, sem settir væri einmitt til að kenna, og eins í hinu starflega, því læknar spítalans væri eins nærri því, eins og aðrir: því þó aðsóknin yrði ekki á við það, sem er í stærri stöðum, þá verður hún það, sem hún getur mest orðið hèr í landi. Þar sem minni hlutinn telur vandkvæði á líkskurði, þá má fá nóg til þess annarstaðar frá, ef á þarf að halda, og þyrfti það ekki að kosta fjarska mikið.

Fyrirkomulag það, sem minni hlutinn stingur upp á að hafa á spítölunum, mundi koma litlu til leiðar; allt það, sem áynnist, væri það, að einn sýslulæknir feingist í Árnessýslu. Meðgjafir með holdsveikum upp til sveita af eignum spítalanna

væri einúngis til sóunar; miklu forsjálegra væri hitt, að leggja únga holdsveika, þá sem sjúkdómurinn er að byrja á, inn á spítala. Reynslan sýnir, að holdsveiki hefir læknazt hèr, og það á ekki laungum tíma, svo vel, að eingin holdsveikismerki hafa verið á manni að sjá. Væri þessum síðan komið upp í sveit, ef það þækti hollara, þá held eg, að þessi aðferð væri miklu skynsamlegri en sú, að reka þá veika upp í sveit. Eg er yfir höfuð að tala mjög efablandinn um, hvort sjáfarlopt sè nokkuð óhollara holdsveikum, en sveitaloptið; og víst er það, að ekki er holdsveiki í öllum sjóplázum, og eins hitt, að hún stíngur sèr eins niður í sveitum þeim, sem eru fjærri sjó. Ef á að fara að safna handa hverjum spítala, þángað til hann fær nóg fè til að launa lækni, þá held eg það megi leingi standa. Möðrufells-spítali er ríkastur, og á 4000 rbd., það er 160 rbd. leiga, og þó jarðirnar væri seldar líka, yrði allt saman einir 280 rbd. hæst í leigu; það er tæplega handa einum lækni. Að skipta jörðunum fyrir aðrar jarðir, er býsna ísjárvert, og þó helzt, að fá læknum lènsjarðir til ábúðar. Einginn læknir býr nú á lènsjörð sinni, og reynslan hefir sýnt, bæði um þær og aðrar lènsjarðir embættismanna, að þær níðast niður mest allra jarða. Yrði því við komið, væri það lángbezt fallið, að jarðir þessar geingi í eignir bænda, og væri seldar, ef kostur væri.

Þar sem minni hlutinn hefir talað um, hverjar uppástúngur meiri hlutinn hefir gjört um það, hversu auka mætti sjóð þann, sem fyrir hendi er, þá hefir hann tekið, mèr er nær að segja, gálauslega til orða. Það er eins og hann vilji bera meira hlutanum á brýn, að hann hafi viljað fèfletta ekkjur, föðurleysíngja og fátæklínga, til að koma fram hugarburðum sínum. Þó minni hlutinn kynni að ætla mèr slíkt, þá voru þeir heiðursmenn í meira hlutanum, aðrir en eg, sem allir vita að eru fjarlægir því, að vilja fèfletta aumíngja til að koma fram hverju sem þeim dettur í hug. Eg kalla, að minni hlutinn hafi tekið gálauslega til orða; því einmitt í því atriði, þar sem hann að líkindum meinar til, hefir meiri hlutinn sagt með berum orðum: „þegar því verður með rèttu við komið“; meiri hlutinn hefir tekið það skiljanlega fram, að þessu fè sè eigi varið sem haganlegast, og færi betur að verja því öðruvísi. Minni hlutinn talar með miklum krapti um það, hvað kostnaðurinn muni leggjast sárt á bændur, og tekur fram stærstu upphæðina, til þess að gjöra allt sem ógurlegast. Þetta er nú gam-

alt bragð, sem margir hafa haft við almúga, af því almúginn hefir haft orð á sèr fyrir, að hann sæi mest í peningaútlát. En eg vona, að hnykkur þessi verði hèr að eingu liði; því hèr eru komnir saman svo skynsamir menn, að þeir munu ekki láta slíkar úreltar ástæður villa sèr sjónir. Menn munu sjá, hvort uppástúnga meira hlutans miðar landinu til nota, og þegar sannað er, að manndauðinn hèr á landi er meiri að tiltölu, en í stórstöðum norðurálfunnar, þá munu menn flestir verða að játa, að tími sè kominn til að gjöra eitthvað. Þar sem minni hlutinn sveigir sèr í lagi að því, að tekið sè frá holdsveikum, þá er það ljóslega sýnt í álitsskjali meira hlutans, að fè þessu er miklu framar varið handa spítalahöldurunum en hinum veiku. Þar sem minni hlutinn sveigir að fátækra-meðölunum, þá er það víst, að margir hafa kvartað yfir þeirri óreglu, sem er á útbýtingu þeirra; margir fá þau, sem ekki þurfa eða nærri eru, en hinir stundum ekkert, sem fjarri eru eða helzt þurfa. Sumir biðja um meðölin, af því að þeir hugsa, að ef þeir fái þau ekki, þá fái aðrir þau. Lyfsalar fá nokkuð fyrir útbýtinguna, læknar nokkuð, og þannig lendir seinast minnst hjá hinum sannfátæku. Minni hlutinn segir, að tekið sè frá öðrum landsfjórðungum; en meiri hlutinn hefir sýnt, að með þessu móti einu gæti hvert hèrað í raun og veru uppskorið ávöxtu þess, sem það hefir goldið, þegar það getur með því einu móti vænt læknishjálpar. Ójöfnuðurinn verður miklu meiri eptir uppástúngu minna hlutans; Rosmhvalaneshreppur verður eins út undan eptir sem áður, og þó einn læknir kæmist upp með tímanum í einhverri sýslu, þá yrði það einúngis þeirri sýslu að notum, en hinar sýslurnar nyti einkis í notum þess, sem þær hefði goldið; þar að auki er það sýnt, að þetta fyrirkomulag leiðir til lángtum meiri kostnaðar, og yrði mjög ófullkomið og að eingum verulegum notum.

Jústizráð Thorsteinsen: Eg óttast nú fyrir, að hinir heiðruðu þingmenn megi vera orðnir leiðir af þessum laungu prèdikunum, enda þarf stálminni til að muna þær. Framsögumaður gat um í nefndaráliti meira hlutans, að læknaleysi væri en helzta orsök til manndauða á Íslandi, og að fleiri dæju að tiltölu, og fólk fjölgaði minna hèr, en í öðrum löndum. Eg neita nú ei, að hèr eigi það opt við, að svo deyr margur, að einginn bjargar; en þó ætla eg því ei verði neitað, að ástand landsins og atvinnuvegur manna hèr við land, eiga töluverðan þátt í þessu,

og vil eg alleina færa dæmi til, hvað margir hafa drukknað hèr við land í hin seinustu 26 ár, 1820—45, og eru það 1,295 menn, eða hèr um bil 50 árlega, þ. e. einn af 1000, því ei voru hèr stórt yfir 46,000 manns við byrjun þessa tímabils, þó nú sèu það nær 60,000 en 50,000; en eg veit í eingu landi svo marga drukknaða eptir tiltölu, því í því stóra Bretlands ríki, hver þjóð hefir þó mestar sjó- og skipaferðir um allan heim, þókti undra mikið, er á einu ári, er óvanalegir sjóskaðar urðu, drukknuðu yfir 3000 manns af enskum skipum; en 27,000 þar svara til meðaltölunnar, sem er á Íslandi, enda er það gífurlegt manntjón, er hèr skeður opt á sjóferðum, og það er mest úngir og miðaldra menn, frá ekkjum og börnum í blóma lífsins, er svo deyja. Fjöldi fólks verður líka úti hèr á landi, á einum vetri fullir 20, og kemur slíkt af eðli landsins, óhollu matarhæfi og alls kyns gömlum og illum vana í meðferð á veikum yfir höfuð, er ekki er svo greitt fyrir læknirinn altènd að fá upprætt með rótum hjá fólki; lukkast það hjá nokkrum, en alls ekki hjá öðrum, og þekki eg það af reynslu.

Meiri hlutinn hefir gleymt í yfirliti um spítala-kostnaðinn að reikna nokkuð til meðala fyrir spítala-sjúklínga. Þeir 4 holdsveiku þyrftu þó einhver meðöl, þó fáir yrði aðrir í spítalanum; eg gizka því á, að ei mættu minna vera, en 80 rbd. um árið fyrir meðöl; það fyllir töluna, að spítalinn þarf árlega 3000 dala. Líka fannst mèr vera gleymt bæði skurðarverkfærum og fleiru, er sýna þarf við kenslu, og öllum áhöldum og efnum, er brúka þarf við frumefnafræðis-kenslu, og varðar það þó ærnum kostnaði, og það má þó vel kenna hèr á landi, ef öll áhöld og allt, hvað til þess þarf, er hèr til. Þegar eg nú ætlast til, að 5 kandídatar útskrifist árlega úr prestaskólanum, sem kostar árlega hèr um bil 2000dali, ætla eg það nægja til presta embætta, sem eru 181 á Íslandi, og gjöri eg þó ráð fyrir, að 10 eða 11 háskóla-kandídatar optast verði til í landinu, og þá eru eptir 170 prestaköll, sem ætluð yrðu þeim frá prestaskólanum útskrifuðu. Þeir 5 frá prestaskólanum um árið kosta þá allir til samans 2000, því þeirra uppfræðíng er prestaskólans árlegi arður, þ. e. hver útlærður hefir kostað 400 dali. Þar á móti heldur meiri hluti nefndarinnar, að 17 sýslulæknar muni þurfa, þ. e. 1 á móti 10 presta-efnum, og ætti 1 að útskrifast annaðhvort ár, og það ætla eg höfuð-arð spítalans um 2 ár eptir tiltölu, að uppfræða 1 sýslulæknir; og kostar hann þá 6000 rbd.;

því það er skólans pródúct eða not, og útskrifist 1 að eins 3. hvert ár, hefir uppfræðing hans kostað 9000 dali; það kalla eg þá dýru verði keypt, og ekki farið haganlega með efni sín, því fyrir minna má fá betri uppfræðingu í Kaupmannahöfn. Framsögumaður gat um, að aldrei hefði verið reynt til að lækna þá holdsveiku hèr á spítölunum. Það er satt, og þess var heldur eingin von, því þeir spítalar eru nálægt 200 árum eldri, en nokkur læknir var settur á Íslandi, er fyrst var 1760, en spítalar voru settir á miðri 16. öld af Kristjáni III.; voru þeir stiptaðir til að hjúkra og hýsa fátæka holdsveika aumingja, svo að þeir ei þyrftu að ganga um og betla, öðrum til viðbjóðs; og máske hafa menn þá óttazt, að þeir máske gætu (smittað) sýkt aðra af sèr, því lækna greinir enn þá á um það, hvort ekki holdsveiki sè næmur kvilli, og þykjast menn enn þá hafa dæmi til, að slíkt hafi við borið, en skjaldgæft ætla eg það vera muni. Mèr sýnist jafnaðar-reikningur hins heiðraða framsögumanns, um hvort lèttara sè að fá utan lands lærða lækna, eða innan lands uppfrædda, vera nokkuð stór, hvað þeim fyrri viðvíkur. Þegar hann vill láta 10 sýslulækna fá 600 dala laun, 6 500 dali og 4 400 dali. Eg hugsaði, að það mætti nægja, að einn 4. partur feingi þessi hæstu laun 600, annar 4. partur 500, 3. fjórði partur 400, og sá yngsti 4. partur 300; það er eins og þessi reikningur væri gjörður svo hár, til þess að gjöra það álitlegra, að safna saman miklu fè og stipta innlendan lækna-skóla hèr í bænum, hvaðan eg sè ei bétur, en hver sem útskrifast kosti 6000 dala, það er uppfræðing hans þar, eða máske 9000, ef 1 að eins lærði um 3 ár. Mèr sýnist framsögumanni mislagðar hendur eða rèttara mislagðar meiningar, er hann í gær vildi láta þá sigla, er áttu að meta jarðir á Íslandi, en lækna-efni þurfa ei að sigla; eg ætla þó, að þessir hafi mesta þörfina á því, því þeir geta sannlega lært og sèð margt á spítölum í stóru stöðunum erlendis, sem ómögulegt er að sjá eða læra hèr í landi, en jarðamatsmenn, þó þeir hefðu ferðast um allan heim, ætla eg þar fyrir ei eins vel hafa vit á að meta jarðir á Íslandi, eins og greinda og skynsama bændur innlenda. Hvað Gufunes svo kölluðum spítala viðvíkur, þá þekki eg lítið til hans; en ekki veit eg, hvernig hann á skylt við lækningar eður læknaskipun. Heyrt hefi eg það, að þegar landlæknir Paulsen kom fyrst að Nesi, hafi menn flutt til hans úr hèruðum marga holdsveika og aðra veika fátæklinga, og hèldu menn

það væri skylda hans að halda þá alla og lækna fyrir,alls ekki, og að hann mundi geta læknað allt; en þegar það hvorutveggja ekki reyndist rètt, komu lángtum færri eptir það, enda var húsrúm lítið í Nesi fyrir 2 heimili, eptir að þessum var skipt milli 2ja. Það er ekki rètt haft eptir mèr í Biblioth. for Læger, að eg nokkurn tíma hafi ráðið til að flytja Kaldaðarnes-spítala eða aðra hingað í Reykjavík, eða mèr nokkurn tíma hafi þókt þörf á spítala hèr í bænum, og verður það aldrei með sönnu eptir mèr haft, því það hefir aldrei verið mín meiníng; en hitt drap eg á, að eingin lækníngа tilraun hefði nokkurn tíma verið gjörð á þessum spítölum, og væri ei til þess ætlað, þar gamlir holdsveikir einasta væru teknir þar inn, er veikin var mögnuð orðin í, og væri því ei til neins að reyna neitt við þá, en eg hèlt vera betra, ef læknishjálp ætti að reyna þar, að taka inn únga, er veikin væri nýbyrjuð á, og gjöra tilraun til að lækna þá, mætti þá og líka taka þar inn aðra veika fátæklínga, og átti það bezt við, að það væru húð-sjúkdómar, þó það sè þar ei ítarlega tekið fram. Hvað mislingum viðvíkur, þá held eg útbreiðsla þeirra ekki mundi verða hindruð við spítala hèr í bænum (í fyrra komu þeir ei fyrst til bæarins), enda veit eg hvergi í Norðurálfunni haldnar sóttvarnir fyrir mislingum, sem ekki er hættulegri sjúkdómur, en margar kvefsóttir, þegar einasta börn fá þá, sem vanalegt er í öðrum löndum, því þeim verður haldið inni betur, en fullorðnum. Hèr í landi verða mislíngarnir þess vegna hættulegri, að þeir koma svo skjaldan, og allir fá þá í einu, úngir og gamlir, og þeir eru lángtum hættulegri fyrir gamalt, en úngt fólk, og því held eg þeir gjöri minna íllt, hvar þeir gánga opt og börn alleina fá þá, og svo vildi eg heldur að væri hèr í landi, að þeir kæmu optar innan hverra 10 ára, eða 5. og 6. hvert ár, og mundu þeir þá gjöra lángtum minna íllt hèr, eins og annarstaður. Framsögumaður hefir misskilið mig um meðgjöf holdsveikra. Meðgjöfin með þeim úngu holdsveiku í sveitinni ætti ei að vara leingur, en þángað til læknirinn getur feingizt, eða komið að spítalanum; þá á hann að taka þá til sín; ætla eg sú meðgjöf þyrfti ei að vera stór í sveit, þegar þeir holdsveiku gætu unnið nokkuð, og máske hrepparnir opt ljúflega vildu annast þá sjálfir, svo að spítalinn gæti þess fyrri safnað fè til að geta haldið læknir og komizt á betri fót. Hvaðan sýslulækna laun eigi að takast, get eg enn ekki sèð, og hefi ei heyrt stúngið

upp á því. Eg ætla þó, að einginn gefi sig fram að læra á læknaskólanum, meðan hann ei getur átt nokkra von um, að fá einhvern styrk til að lifa af síðar meir, eins og þeir sem ganga á prestaskólann. Framsögumaður segir það sè gálauslega sagt af mèr, að meiri hlutí nefndarinnar hafi stúngið upp á, að taka eign frá ekkju og föðurlausum börnum til þessa spítala, sem mèr sýndist ekki vera rètt, og ekki get eg enn þá breytt meiníngu minni í því, því það má öllum mönnum vera ljóst, að ef 150 dalir árlega eru teknir frá einni stiptun eða eign, hve nær sem verður, fellir það eignina niður um meira en 3000 dali þaðan af (eða 3,750 dali), og þó núverandi eigandi ei vissi það fyrri en við dauða sinn, rýrir það arf erfíngja þess, sem á eignina, þ. e. kreinkir þriðja manns rètt, og því ætla eg, ef það er gálauslega talað af mèr, að það sè öllu fremur gálausleg uppástúnga af meiri hluta nefndarinnar, að fara fram á slík órèttindi.

Framsögumaður: Það eru einúngis fáein atriði í ræðu hins virðulega konúngkjörna þíngmanns, sem eg þarf að svara. Eg reingi ekki reikníngs hans um drukknaða á Englandi, því eg er því ekki kunnugur. Það kann einnig að vera satt, að hèr drukkni fleiri að tiltölu en annarstaðar, af ýmsum orsökum, en þetta tekur ekki ójafnaðinn burt. Þessi ójöfnuður liggur mest á mannsdauðanum hèr á barnsaldrinum, innan 10 ára, og sá ójöfnuður er hinn háskalegasti.

Það er satt, sem þíngmaðurinn sagði, að ekkert er talið til meðalakostnaðar; það kann að vera, að þau mætti meta til 80 rbd. árlega, en þá er lagt svo vel í á moti í áætlun meira hlutans, að þetta mætti vel standast. Það þykir mèr merkilegur reikningur, þegar hann telur, að hver, sem skrifast út úr læknaskólanum, kosti 6000 rbd.; það er eins og sagt væri, að hver einn stúdent kosti allt það, sem skólinn allur kostar, bæði hús, kennarar og allt saman. Það er ekki von, að hinn virðulegi þíngmaður sè vel heima í þessu máli, þegar hann veður reyk í því, hve nær spítalarnir hófust hèr á landi; hann segir nú þeir hafi verið settir 1550 af Kristjáni þriðja, en eg held, að flestum öðrum sè það kunnugt, að Hans Hátign Kristjáni konúngi þriðja „sýndist það gott að vera, að spítalar yrði ekki settir á Íslandi, heldur að fátækir og vanfærir geingi um og flökkuðu, eptir gömlum og góðum landsvana“, eins og stendur í eyrindisbrèfi Knúts Steinssonar. Meiri hlutinn hefir aldrei neitað því, að gott væri, að læknar færi til annara landa,

en meiri hlutinn hefir sýnt, að taki maður þann veg sem reglu, að heimta háskóla-mentun, þá fást hèr aldrei nógir læknar, nema með þeim kostnaði, sem oss er ofvaxinn. Landlæknirinn neitar því, að hann hafi nokkurn tíma talað um annað, en lækníngahús handa holdsveikum. Eg hefi staðinn fyrir mèr, og stendur hann í „Bibliotheк for Læger XIII. Bindi bls. 104, 105 og 106; þar stendur fyrst þetta, sem hann sagði, en síðan stendur: að það væri „æskjanda, að holdsveikra spítalarnir, sem hafa töluverðar tekjur, yrði með tíðinni sameinaðir og gjörðir að almennu sjúkrahúsi (forenes og forandres til et almindeligt Sygehuus), ekki einúngis handa holdsveikum, sem veikin væri að byrja á, heldur og öðrum sjúklíngum (Patienter med forskjellige andre Sygdomme)". Eg vil nú ekki öldúngis þverneita því, þegar hann ber á móti fastlega, að hann hafi meint Kaldaðarnes, en beinast liggur það við, að hann hafi hlotið að meina sjúkrahús undir umsjón landlæknis, því þá var einginn læknir í Kaldaðarnesi, og ekki stíngur hann heldur þá upp á að setja þar lækni. Um þetta mætti kannske vænta að hinn háttvirti konúngsfulltrúi gæti gefið nokkrar skýrslur, því eg veit ekki betur, en að landlæknirinn hafi opt um þær mundir látið í ljósi ósk sína um sjúkrahús í Reykjavík, og að Krieger hafi álitið tíma til þess þá þegar kominn, að setja það á fót. Í þessu var einnig embættismanna nefndin í Reykjavík samdóma.

Mèr þykir það undarleg ósk af landlækni, að óska hingað mislínga 5. og 6. hvert ár; það er eins og hinir miklu herforíngjar, sem ekki horfa í að senda 8000 í dauðann til þess að 4000, sem eptir verða, vinni sigur; en hversu hetjulegt sem þetta kann að vera á ófriðar tímum, þá virðist mèr það ekki eiga sem bezt við, meðan friðurinn stendur. Þetta sannar annars, að það muni vera satt, að það sè einmitt landlæknínum að kenna, að hinar eldri varúðarreglur móti mislíngasótt hafi verið afmáðar úr lögum, og má með sanni segja, að þetta hafi verið hin hættulegasta uppástúnga, og töluvert hættulegri, en minni hlutinn álítur nú uppástúngu meira hlutans.

Hinn virðulegi þíngmaður sagði, að eg hefði miskilið það, sem hann talaði um meðgjöf holdsveikra ómaga upp í sveitum; en hann ítrekaði einmitt með berum orðum, það sem eg sagði. Hann ætlast til, að holdsveikum sè komið fyrir í sveit, og gefið með þeim af eignum spítalanna; en til þessa þarf þó

nokkuð, og fyrir það sama safnast spítölunum seinna fè, því það er þó auðskilið, að ekki leggur spítalinn það upp, sem hann gefur með ómögum.

Það er nokkurt tilhæfi í því, að lyfsali missir nokkur hlynnindi, þegar hann missir húsleiguna, en maður má ekki einúngis líta á hagnað einstakra manna, heldur verður að líta á hvað alment gagn útheimtir.

Júztisráð Thorstensen: Þeim heiðraða framsögumanni lukkaðist þó ekki að hrekja það, að það væri órètt að taka húsaleiguna af Apóthekara-ekkjunni eða erfingjum hennar, heldur ei gat hann fært neina sönnun fyrir því, að mislíngarnir gerðu meiri skaða, þó þeir komi opt í einu landi, því eg ætla það viðurkent, að hvar þeir gánga opt og eru þá mest á börnum, gjöra þeir minni skaða samtals, en hvar þeir koma sjaldan, einu sinni á öld eða svo, því þar drepa þeir lángtum fleiri í einu, en samtals í hinu landinu, því þá fá þá allir, úngir og gamlir, í hverju húsi, og neyðast því til að fara óvarlega með sig, því einhver þarf þó að skríða á fótum, ef mögulegt er, til að hjúkra að hinum, hirða skepnur, o. s. frv., en börnunum er hægt að halda inni, og geta þeir fullorðnu gætt þeirra, þegar þeir eru allir frískir.

Hvað því viðvíkur, að eg vildi láta eyða fè spítalanna til að gefa með þeim holdsveiku í sveitinni, þá ætlaðist eg ei til, eins og eg hefi áður sagt, að sú meðgjöf væri töluverð, meðan þeir enn nú ekki eru orðnir ómagar, heldur þóknan fyrir sérlega aðhjúkrun á þeim, ef þá ei hreppsmenn vildu gjöra það gefins, hvar þeim er ant um að safna í spítalasjóð sem fyrst, og ættu þeir þá því að ráða.

Prófastur Hannes Stephensen: Það má undrun sæta að heyra, hversu hinn meira og minna hluta nefndarinnar í þessu máli greinir á, og eru þó hvorutveggju hinir kunnugustu málinu; en þannig geingur ætíð, þegar menn eru á raungum vegi, og fara villir, þó á alkunnum vegi sè. Vèr höfum heyrt það bæði af nefndarinnar álitsskrám og því sem rædt hefir verið, að hver rífur niður fyrir öðrum, en getur ekkert styrkt byggíngu sjálfs sín, og fer það að vonum, því á þeim grundvelli er hvorutveggi byggíngin sett, að trautt mun hún fá staðizt. Tveir aðal-annmarkarnir við meira hlutans uppástúngu eru nú þegar af minna hlutanum teknir fram: það eru hin ókljúfandi vandræðin að fá nægilegt fè til svo dýrrar stiptunar, sem spít-

ala bygging í Reykjavík og stofnun læknakenslu við hann, sú er gagn ynni nægilegt, og landi þessu hliti, mundi hljóta að vera; hinn annmarkinn er hvorki meir eða minna en algjörður ómögulegleiki, að veita lækna-efnum í kenslusķóla þessum nokkurn veginn gilda og góða mentun; og eru röksemdirnar fyrir þessu enu síðara í augum uppi, þar sem lærdómur læknisfræðinnar er að mestu á reynslunni bygður, en reynslu er hèr ekki hægt að veita lærisveinunum í spítala þeim, sem annaðtveggja einginn eða mjög fáir mundu sækja, og hvar eitt einasta lík mundi ófáanlegt til skurðar, af hverju þekking á byggingarlagi mannlegs líkama verður að nemast. Þetta eru nú þau ókljúfandi vandræðin, og sá algjörði ómögulegleikinn, sem mætir meira hlutans áformi og uppástúngu. Minni hlutinn vill nú líka stofna betri læknaskipun og fjölga læknum í landinu með fè því, sem að minni hyggju eingan veginn er, eða ætti að vera honum í hendi; því sama er fèð, sem báðir sýna fram, og hver vill af öðrum toga, og heyrir öðrum til, og með eingu móti er á þeirra valdi, en það er fè hinna voluðu holdsveiku manna hèr í landi. Eg sè nú ekki, að þetta fè sè nefndarmönnum heimilla að taka og verja til annara augnamiðinu fráleitra framkvæmda, en hvert annað fè fátækra manna; eg veit ekki betur, en að allir sveitarsjóðir í landinu sèu jafnheimilir til að stofna með þeim stiptun þessa, og spítalanna fè; því hvortveggja er helgidómur þeirra, þegar ómildar hendur ætla til þeirra að taka. Eignir spítalanna eru, eins og öllum er kunnugt, í fyrstunni stofnaðar af stjórninni fyrir nærfelt 300 árum (1555) af jörðum þeim, sem við siðaskiptin voru upptækar gjörðar; þetta fè er síðan aukið með mildum gáfum, og árlegum tillögum innlendra manna. Að spítalar þessir hafi, nú á seinni tímum, ekki svarað til tilgángs síns eða fyllt ákvörðun sína, og, ef til vill, aldrei, neita eg nú ekki. Það hefir verið sagt hèr, að einir 2 eða 3 holdsveikir væru nú á öllum 4 spítölum landsins; væri svo, má öllum blöskra sú ráðsöfun, sem vita, hve mjög þessir aumingjar þurfa hjúkrunar og aðhlynníngar við; sem vita, hversu torvelt er að sjá þeim fyrir góðum og hentugum samastöðum heima í sveitum, og hversu opt þeir eiga þar við bágan kost að búa. Þetta viðurkennir nú minni hluti nefndarinnar, og vill verja láta nokkru af eignum þeirra þeim til heilsubóta og lækníngar með því móti, að hitt af fè þeirra gángi til launa 4 nýjum læknum í landinu; en er nú

veikleiki þessi eins gamall í heiminum og sögur gánga af, og hve margir eru læknaðir? Að minni hyggju alls einginn, og get eg þá ekki bygt fasta von á hinni ókomnu tíð í þessu efni. Það er sýnt af meira hlutanum, að inngjöld spítalanna sèu nú 2076 rbd., og er það nægileg meðgjöf með öllum þeim holdsveiku, sem nú eru í landinu, eru þeir taldir 40 eða vart það, en 50 rbd. er nóg meðgjöf með hverjum, í hið minnsta þriðjúngi meiri, en með þeim er lagt í sveitum; mèr hefir virzt það skylda stjórnenda spítalanna, að verja þessu fè þannig, að sem flestum holdsveikum mætti að sem mestu og varanlegustu gagni koma; því kýs eg mèr breytíngar-atkvæði það frá nefndarinnar uppástúngum, að spítalar sèu látnir svara til síns upprunalega augnamiðs, og því sèu spítalarnir aptur opnaðir fyrir öllum holdsveikum mönnum í landinu, sem það vilja þiggja, og það nú, fyrst fè þeirra er svo vaxið, án nokkurs kostnaðar hreppa þeirra, hvar þeir eru sveitlægir, og að nákvæm aðgæzla væri á höfð, að þeir hefðu sem minnsta umgeingni við aðra menn heilbrigða, þó ekki muni sjúkdómur þessi næmur (eitt einasta dæmi er mèr kunnugt, að einn ektamaki hefir sýkzt af ektamaka sínum), og einkum, að þeim holdsveiku yrði haldið aðskildum eptir kynferði, því holdsveikin útbreiðist eingaungu með getnaði. Þá ætla eg, að spítalar vorir vinni það gagn, sem þeim er ætlað að vinna, lètti neyð hinna voluðu, og útrými sjúkleika þessum úr landinu, og á ekki mjög laungum tíma, og mætti þá verja fè þeirra til læknaskipunar bóta, eða annara þarfra fyrirtækja.

Um þá 3 spítalahluti, sem meiri hluti nefndarinnar stíngur upp á í staðinn fyrir þann eina, sem híngað til hefir goldinn verið, vildi eg helzt ekkert þurfa að tala; þeir eru á líkum ástæðum bygðir og annað, sem ætlað er til að stofna Reykjavíkur spítalann og læknaskólann af; menn hafa á seinni árum með ógeði svarað þeim eina hlut á ári, af því menn sáu svo lítið gagn af honum leiða fyrir tilhögun þá, sem á hefir verið höfð; en með miklu meira ógeði munu menn svara þeim eina hlutnum, hvað þá 3, ef menn sæu hann brúkaðan til þess, sem einga nytsemi má vinna; þessir tveir nýju spítalahlutir mundu og lítið styðja stiptunina, því fyrst eru það fæstar veiðistöðvar, hvar útræði sè tíðkað vor og haust: það eru helzt inn-nesin, og fellur á vorin mögur lóðarísa, sem misjafnlega verkast, og smáþyrsklíngur á haust, sem hvortveggja er fánga-

lètt. Þegar enn virðulegi framsögumaður sagði það sanngjarnt, að sjóarhrepparnir bættu þessum tveim hlutunum við, því þeir væru minni þyngslum háðir, en sveitahrepparnir, þá skil eg ekki meiningu hans; því eg veit sannarlega ekki, hvert gjald sveitahrepparnir greiða af fè sínu, sem sjóarhrepparnir ekki greiði eins, nema hvað þessir síðari verða miklu þyngra fátækra-útsvari að sæta, en hinir, því við sjóinn eru ómagar miklu fleiri og sveitarþyngsli miklu meiri.

Jústizráð J. Thorstensen: Eg vík til þess aptur, að það er enn þá ekki hrakið, að uppfræðing lærlinganna á einum skóla er arður eða not þau, er skólinn gefur þjóðinni. Þegar fleiri útskrifast á ári, er uppfræðing þeirra, allra til samans tekinna, gagnið af skólanum árlega, og svo ætla eg vera muni, þegar einn útskrifast annaðhvert ár úr einum skóla, er kostar þjóðina 3000 dali árlega, þá kosti sannlega uppfræðing hans 6000 rbd. eins og 9000, ef einn að eins útskrifast hvert 3. ár. Eg óttast nú fyrir, meiri hlutans vegna, að ei verði svo hægt að ná öllu því fè, er hann benðir á, til skólans, enda þó stjórnin leyfði, að þeir feingju allar spítalanna eigur, sem mèr þó þykir efunarmál, þar þær upprunalega eru holdsveikum einum gefnar; t. a. m. þeir 60 rbd., er landfysicus fèkk fyrir fæði og klæðnað á einum lærling, sem eg ætla að nú sè upphafið með Cancelliebrèfi af 1845, hvar í er sagt, að sú uppfræðing svari ei til þessara tíða þarfa, og þeir peningar hafa ei borgaðir verið um hin síðustu 12 eða 13 ár. Ef þeir 100 dalir, sem allranáðugast loforð hefir verið gefið fyrir að læknir feingi í Árnessýslu, feingjust og yrðu teknir, þá vantar launin handa þeim sýslulæknir, eins og til allra hinna.

Eins ósanngjarnlegt sýnist mèr, að taka fátækra-meðala peningana frá þeim fátæku um alt land, því margra nauðhjálp hafa þeir verið. Hvað því viðvíkur, að þeir gjöri lítið gagn, vegna þess þeim sè ójafnt útbýtt, þá má eg þar til svara, að eg og aðrir læknar útbýtum þeim eptir prestanna attestum, og þeir, sem þeirra svoleiðis óska, fá þau; um annað er mèr ei kunnugt, og mèr þykir all-líklegt, að stjórnin ei vilji láta brúka þá til annars, en þess augnamiðs, er þeir vóru gefnir í, meðan þeir ei eru afteknir, enda held eg, að margir sveitarforstjórar yrðu tregari að borga meðölin, eða jafnvel gefa fátækum vitnisburð um fátækt, ef það geingur af sveitarsjóð, er borga þarf. Það getur verið, að eg hafi mistalað mig um

árstalið, hve nær spítalarnir vóru fyrst settir á stofn, enda ríður mèr ei á miklu, hve nær það var á 16. öld.

Stephán Jónsson: Eg er öldúngis samdóma meiri hluta nefndarinnar í því, að spítölum sè, nú sem stendur, mjög óskipulega fyrir komið, og að þeir nái ekki tilgángi sínum. Þetta munu allir ekki einasta viðurkenna, heldur kvarta margir yfir slíkri óskipun, og get eg fært til eitt dæmi um það. Áður en fyrsta alþíng var haldið, leitaði eg upplýsínga hjá sýslubúum mínum um, hvernig bezt yrði komið lagi á spítalana; það yrði nú of lángt, að greina frá svörum þeirra, en við þetta tækifæri varð eg þess áskynja, að 2 fullveðja bændur í sveit þeirri, sem spítalinn er, höfðu boðizt til að taka annan spítalaliminn, sem þar er með fullkomnustu meðgjöf, meðgjafarlaust; eg ímyndaði mèr þá, að spítalastjórnendum væri þetta ókunnugt, og skrifaði því amtmanni til og skýrði honum frá þessu. En að ári liðnu fekk eg svar frá honum gegnum sýslumann minn, svolátandi, að bæði hann og spitalastjórnin áliti það ísjárvert, að taka burtu þennan hospítalslim; enda er hann þar enn, eins á sig kominn. Eins og það er nú viðurkent af öllum, að spítalarnir, nú sem stendur, sèu að eingu gagni, eins gjöri eg ráð fyrir, að flestir muni verða á því, að endurbæta þá, svo gagn verði að; en ekki vil eg dyljast þess, að mèr virðist stórvirki meiri hlutans æði ísjárvert, og hafa litla ástæðu við að styðjast, þar sem áætlunarreikníngarnir eru, því þeir geta farið misreitis, og þessi stóra stiptun fallið um sjálfa sig, ef efnin bresta. Þar á móti mundi það koma sèr betur, ef spítalarnir og eigur þeirra þyrftu ekki að flæmast úr sveit sinni, heldur yrði komið svo haganlega fyrir, sem faung eru á.

Hvað uppboðin á spítalahlutunum fyrir fram snertir, þá getur mèr ekki fundizt það sama og meiri hlutanum, að þau eigi alls kostar vel við; þau hafa verið reynd fyrir norðan, en árángurslaust, því menn eru þar ófúsir á, að bjóða mikið í eintóma vonina. Það væri að vísu æskilegt, ef holdsveikin yrði rekin úr landi með því móti, sem sá heiðraði þíngmaður Borgfirðínga drap á. En ætli það verði nú svo hægt, að koma því við? Það á kannske líka hèrna heima: að illt er í ætt gjarnast. Eg hefi heyrt þess getið af vissum mönnum, að tveimur manneskjum hafi batnað holdsveiki í svo kölluðu baði við Mývatn. Þar er hlaðinn kofi yfir þurra jarðhita-holu, og þar fara menn inn í, og svitna þar mjög mikið. Þetta er að vísu

einföld tilraun, en hún er líka kostnaðarlaus, og væri því reynandi fyrir þá, sem þess háttar kvilla hefðu, og ekki ættu því leingri leið þángað.

Eyjólfur Einarsson: Af ræðum þeim, sem hèr hafa farið fram á þíngi, gefst mèr tækifæri að láta í ljósi álit mitt og hèraðsmanna um þann eina spítala, sem við eigum í vesturamtinu; er hann af öllum óþokkaður, sem því almenna gagnslaus. Síðan eg veit til, hefir enginn ómagi frá hrepp mínum þángað farið, hefir þó goldizt af hreppnum í spítalahluti, síðan goldið var af fugli, nálægt hundraði á landsvísu eptir meðalverði ár hvert; frá Barðaströnd hefir í mínu minni einn ómagi farið þángað, sem mèr er því kunnugra, sem eg flutti hann. Hefi eg líka heyrt, að ómagi þessi hafi þjónað sem vinnukona 9 ár á spítalanum, og gat eg því heldur trúað þessu, sem eg sá ei holdsveiki á ómaga þeim; en einga fregn hef eg af, að ómagi hafi nokkuru sinni frá Ísafjarðarsýslu á spítala þennan farið. Af þessu leiðir, að eg óska, að stiptun þessi verði upphafin, og brúkuð til læknalauna og fjölgunar þeirra í amtinu; en ei vil eg, að stiptun þessi leggist til spítala-byggíngar í Reykjavík, sem eg efast um að vesturland hafi nokkurn tíma verulegt gagn af. Hvað viðvíkur því, að sá heiðraði framsögumaður vill auka inntekt spítalanna, verð eg að geta þess, að ei mun verða vinsælt að gjalda spítalahlut af æðarvarpi, það er ei veiði; ef af því skyldi gjalda, ætti eins að gjalda af sauðpeníng, kúm og hestum landmanna; ekki held eg heldur vel til fallið, að gjalda spítalahlut þrisvar á ári, því optast munu sömu menn við róðra, vetur, vor og haust, og sýndist það ójöfnuður við þá, sem þann næríngarveg stunda; eg held meiri ástæðu, að nefna lax-, silúngs og hrognkelsaveiði, sem framsögumanni hefir gleymzt. Hvað áhrærir fátækra meðöl, þá veit eg ei til þau fáist, utan með attesti frá prestum. Get eg því ei trúað, að þeirra njóti aðrir en þeir, sem rètt hafa til að njóta þeirra; en að þau útbýtist ei jafnt til allra hèraða, get eg vel trúað, en eg held líka rètt, þau útbýtist meira, þar þeirra þarf fremur við.

Forseti tilkynti þá þínginu, að fundi væri að þessu sinni slitið, en að hann byrjaði aptur kl. 5. e. m. d.

## 31. Júlí — tuttugasti og sjötti fundur.

Forseti gat þess, að stiptprófastur Árni Helgason gæti ekki komið á fund, og bað þingmenn að taka til umræðu í spítalamálinu að nýju.

Framsögumaður: Það er nauðsynlegt, að halda sèr til aðalatriðanna í þessu máli. Menn verða fyrst og fremst að gjöra sèr ljóst, hvort hèr sè þörf á meiri læknahjálp eða ekki: hvort nokkur þörf sè á að fjölga læknum eða ekki. Ef þess þykir ekki þörf, þá er að fella uppástúnguna. Ef þess þykir þörf, þá er að hugsa um, með hvaða ráðum það verði gjört. Þá eru tveir vegir fyrir hendi, annaðhvort að koma upp stöku lækni á stöku stöðum, eða að koma á innlendri læknakenslu í innlendum læknaskóla, og síðan fjölga læknum smásaman. Hinn virðulegi þingmaður frá Barðastrandarsýslu sýndist mèr vera meira hlutanum samdóma í raun og veru, en það, sem á milli bar, var það eitt, að hann gat ekki rifið sig frá þessum gömlu spítala hugmyndum. Reynslan hefir sýnt, að læknar þeir, sem hafa feingið innlenda kenslu hafa orðið hèr eins nytsamir, og áunnið sèr eins gott álit, og þeir, sem háskólalærðir hafa verið. Til þess að sýna, að skynsamir menn annarstaðar gjöra ekki þessar straungu háskólakröfur, eins og menn sýnast ætla að gjöra hèr, skal eg leyfa mèr að færa fram nokkur orð, sem einnig standa í „Bibliotþ. for Læger" (1845 No. 1. S. 135), og snerta hin norðlægu hèruð í Noregi; þar tekur svo til orða: „1830 var í Noregi einn læknir handa 9000 manns. Þegar nú hugleidt er, hversu strjált fólk þetta býr, í fjörðum og meðal fjalla, og hversu bágborin eru lífskjör manna í hinum norðlægu hèruðum landsins, þá eru varla líkindi til, að þeir, sem hafa verið 12 — 16 ár á skólum og háskólum, mundu verða fúsir til að setjast þar að litlum embættum. Þriðjúngur allrar þjóðarinnar má því vera án læknahjálpar, sökum þeirrar reglu, sem margir álíta eintóma háskóla hègilju". Hèr á landi er nú auðsætt, að aldrei feingist læknahjálp til hlítar, ef heimta ætti háskólakenslu af öllum; á aðra síðuna er auðsætt, að kensla, sem hèr fæst, mun verða miklu notasælli, og kenslan við læknaskólann mun ekki standa á baki kenslunni við prestaskólann í samburði við háskólakenslu. Hinn virðulegi þingmaður úr Borgarfjarðarsýslu sagði, að ókljúfandi vandræði væri með fè til þessa, en þegar

borið er saman það, sem nú er varið til læknaþarfa á landinu, og svo það sem fyrir hendi er, við það sem meiri hlutinn ætlar þurfa, þá er ekki fjarska mikið, sem til vantar. En þækti mönnum samt ekki ugglaust um, að fè vantaði, þá verður það þó ekki ástæða til að fella uppástúnguna, heldur einúngis til að skjóta framkvæmdinni á frest.

Hinn sami þíngmaður sagði, að það væri ekki sannað, að holdsveikir yrði læknaðir. Það er þó alkunnugt, að minnsta kosti að holdsveiki getur mínkað og horfið úr löndum. Á miðöldunum var holdsveiki mjög tíð víða í norðurálfu, og spítalar handa holdsveikum; nú er hún víða horfin og sumstaðar mínkuð. 1830 hefir landlæknirinn sagt á sama stað og eg færði til áður, að limafallssýkin, sem er ein tegund holdsveikinnar, verði optlega að minnsta kosti stönsuð, þó hún verði kannske ekki ætíð fullkomlega læknuð. Reynsla hans hefir einnig borið vitni um það, að þó uggvænt kunni að vera, að holdsveiki brjótist út optar, einkum þegar menn falla aptur í volæðislegan lifnaðarhátt, þá tekst þó að gjöra únga holdsveika sjúklínga svo hressa, á ekki mjög laungum tíma, að eingin holdsveikis-merki sjái á þeim. Eg hefi fyrir mèr skýrslur landlæknis, þar á meðal frá 17. Júlí 1845, sem staðfestir bæði þetta og ýmisleg önnur atriði, sem hèr að lúta. Hann hafði reynt við tvo, meðal annara, heima hjá þeim; þeim batnaði fyrst, en síðan brauzt út aptur veikin; þá tók hann þá til Reykjavíkur, og segir þó um leið, að „mest bágindi sè að útvega þeim húsnæði, einkum um veturinn“, og það sè sèr „næstum ómögulegt að útvega þeim herbergi með ofni til vetrarins“. Hversu geta menn nú vænt, að sjúklíngar leiti til lækníngа, eða beiðist að mega vera hjá lækni, þegar allir vita, að þannig stendur á um húsrúm? En eptir að þessir tveir höfðu verið undir læknis hendi nokkurn tíma, þá urðu þeir svo heilir, að ekki sá á þeim holdsveikis-merki, þó lækninum væri ekki ugglaust um, að þeir kynni ekki að vera að öllu heilir. Það, sem reynslan sýnir, er þá það, að holdsveikir verða læknaðir svo á ekki laungum tíma, þegar til þess eru teknir úngir einir, að ekki sjást á þeim ytri merki sjúkdómsins, en á hinu er efi, vegna þess nógu lánga reynslu vantar, hvort veikleikinn brýzt út aptur, eða ekki, hvernig sem á stendur.

Þar sem hinn virðulegi þíngmaður úr Eyjafjarðarsýslu sagði frá uppboðum á spítalahlutum þar, og að þau hefði ei

heppnast, þá held eg það muni hafa komið af því, að þeim hefir ekki verið rètt hagað. Sè boðnir upp allir hlutirnir í einu, er það alllíklegt, að einginn vilji kaupa vonina; en sè boðið upp t. a. m. fiskur eptir skippundatali o. s. frv., þá er lítil sem eingin óvissa, nema hvað verð vörunnar kann að breytast. Þar sem hann sagði frá, að holdsveiki hefði átt að læknast með þurraböðum, þá er mèr það reyndar ókunnugt, en mèr þykir ekkert ótrúlegt, að svo kunni að vera; þau eru svipuð gufuböðum, sem mjög tíðkast í öðrum löndum, í mörgum sjúkdómatilfellum, og virðist mèr ekkert ólíklegt, að þau væri holl í þesskonar sjúkdómi, sem þessi er.

Prófastur Hannes Stephensen: Með hálfum huga tek eg nú til orða, því ekki veit eg, nema eg kunni að villast út yfir þau takmörkin, sem nú voru sett umræðu þessari. Eg verð þó að gjöra athugasemd við það, sem enn virðulegi þingmaður Eyfirðinga sagði í dag um þá tvo holdsveiku, sem læknazt hefðu með þurra baði í Mývatnssveit; mèr var þetta nokkurn veginn kunnugt áður, og eptir því sem hafði sagt verið, er efunarmál mikið, hvort menn þessir hafa holdsveikir verið; eg ætla, eptir lýsingu þeirri sem eg hefi af þeim heyrt, að þeir heldur hafi haft annan húðarsjúkdóm, sem vèr alment nefnum hèr kölduský̀ki, og er holdsveikinni að ytra útliti áþekkur. Þetta dæmi fellir því eingan veginn meiningu mína, sem grundvölluð er á reyndra lækna reynslu, að holdsveikin sè ólæknanlegur sjúkdómur; sjálfur þekki eg fleiri dæmi upp á, að kölduveikin er að heilu læknuð með blóðhreinsandi meðölum og svitaböðum, en holdsveiki hefir sumum, ef til vill, skánað um stund, eða aptrast um lítinn tíma, en eingan veit eg læknaðan af henni að heilu, og það uggir mig að aldrei verði. Þar sem eg sagði fyrri, að þau vandræðin, sem risu af fèskorti við stofnun spítala og læknaskóla - stiptunarinnar, væru ókljúfandi, ætla eg standi stöðugt, því enn er ekki sýnt, að fjárhlutir þeir, sem nefndin byggir af, sèu nægilegir; eg ætla þeir ynnust ekki fyri hálfum kostnaðinum, og líkindi þyki mèr til, að ekkert af þeim mætti brúkast til þess, svo eru þær tiltektir stofnaðar. Að heimalærðir læknar hafi gefizt hèr allvel, og að þeir máske hafi jafnazt við þá dönsku lækna, sem neyðzt hafa til að flýja hingað, neita eg ekki; en það er ekki sannað, og verður fyrst, eg verð að vona það, seint sannað af reynslunni, að þeir í þeim fyrirhugaða læknaskóla mentuðu læknar jafnist við þá, sem hjá

landlæknum og héraðalæknum lært hafa eða hèr eptir læra; og er það eðlilegt, þó þetta yrði ekki, því þá vantar að líkindum í skólanum þá æfingu og þá skoðun sjúkdóma, sem hinir fá, er með fræðurum sínum vitja sjúkra, því það ætla eg, að fyrst um sinn yrði spítali í Reykjavík af fáum sóktur.

Að holdsveikin sè nú í mörgum þeim löndum eydd, sem hún þó áður á öldum átti heima í, en miklu óalmennari í hinum, ætla eg óefanlegt; en þetta er ekki áunnið með lækninga tilraunum, heldur með siðan þjóðanna og hreinlátari lifnaðarháttum; og er land vort meðal annara vottur þessa.

Eg er að öllu samdóma enum meira hluta nefndarinnar í því, að meiri mundi ágóði spítalanna af hlutum þeirra, ef betur væri hagað uppboðum, þegar hlutirnir eru seldir. Það hefir verið venja, síðan farið var að selja hlutina við uppboð, að halda uppboðin fyrir alla Gullbríngu og Borgarfjarðarsýslu í Reykjavík, án þess þeir vissu neitt af, sem í veiðistöðunum búa, í hið minnsta í Borgarfjarðarsýslu; er þá eðlilegt, að þeir hafi minna boðið í hlutina, sem urðu að láta aðra verka þá í fjarlægð, en hefðu þeir seldir verið þar, sem þeir falla.

Jústizráð Thorstensen: Hinn heiðraði framsögumaður segir það satt, að nokkrir af þeim holdsveiku, einkum þeir yngri, er eg hefi reynt til að lækna, hafa batnað töluvert, í hið minnsta um hríð, og það sumir svo, að ei hafa um stund haft glögg útvortis merki, til að sjá, að þeir væru holdsveikir, en eg veit líka til, að þeir sækja opt í sama horfið aptur, einkum ef ei er stöðugt viðhaldið sama þrifnaði, hreinlæti og matarhæfi, o. s. frv., sem þeir höfðu, meðan þeim var að skána. Sumra þvílíkra afdrif síðar meir eru mèr ókunnug. Eg tók einu sinni, fyrir meira en 20 árum síðan, úngan dreing frá Suðurnesjum, er þá verandi kaupmaður Jacobæus sálugi skaut skjóli yfir, var hann nýorðinn holdsveikur, þó ei mjög mikið, en batnaði mikið á rúmu hálfu ári, er hann dvaldi hjá mèr í Nesi, svo að ei var glögt að sjá, hvort hann nú væri holdsveikur eða ekki; rèði eg velgjörðamanni hans að taka hann með sèr til framandi landa, og það gjörði hann, meinti eg það væri sá bezti vegur að varna veikinni að brjótast út aptur; varð hann seinna sjómaður, fór til Vesturindíalands, og síðan hefi eg ekkert af honum frètt. Optast skánar þvílíkum holdsveikum bezt fyrsta missirið, árið, eða yfir höfuð fyrst í stað, þegar tilraunin er gjörð, en seinna geingur lalt tregara að fá

veikina til að hverfa gjörsamlega, því hún mun vera seig að uppræta með rótum, og ekki get eg hrósað mèr af því, að mèr hafi lukkazt það á nokkrum manni, svo eg sè nærri viss um það, og efast eg meira um þá flesta, eða alla, að þeir haldist við, nema með sèrlega góðum kringumstæðum. Í áverkamálum hefi eg dæmin fyrir mèr, hvað duglegir þeir heimafræddu læknar eru. Fyrir mörgum árum dó maður hèr á landi í áflogum við annan; var grunur á, að tekið hefði verið fyrir háls honum og kyrktur, en hann gat líka feingið slag af reiði; þetta átti læknirinn að gefa sitt álit um, en hann var ókunnugur líkskurðarfræði, og afsakaði sig því frá því að skera upp líkið, en þókti alllíklegt, að maðurinn hefði verið heingdur. Dómstólarnir gátu ei álitið þetta öðruvísi, en eingin skoðunargjörð hefði verið, því mikið er varið í þvílíkar ályktanir, sem varða líf manna, og þurfa þær að vera á órækum rökum bygðar. Sama skeði í öðrum fjórðúngi landsins í dulsmáli, er læknir átti að skoða úngbarn, hvort áverki væri á; hann hèlt það heingt vera, opnaði ei líkið, og færði sem rök fyrir því, að skora hefði verið að sjá inní hálsinn, þó ekki þrútið eða meidt, en það er opt á feitum úngbörnum, og varð að eingu metin hans skoðun.

Það er allt annað, að kenna hèr í landi guðfræðíngum í prestaskóla, en læknaefnum í læknaskóla; því í þeim fyrri er öll kenslan bókleg (theoretisk), og prestar þurfa ei aðra æfíngu til að standa í embætti sínu, en þær, sem handbókin og kirkjureglurnar fyrir skrifa; það er eingin list, sem þeir þurfa að æfast í, eins og læknirinn, hvar til þarf svo mikla skoðun og reynslu, og á því eingínn samanburður heima milli kenslunnar í þessum skólum, því það er sitt hvað. Eingínn hefir enn þá getað bent mèr til, hvaðan launin eigi að taka handa sýslulæknum, og svo leingi ætla eg nokkuð sè í vegi fyrir, að lærlíngar sæki að spítalanum.

Hvað kristfjárjarðir snertir, ætla eg það fullkomlega á móti gjafaranna tilgángi, að þær sèu teknar til læknaskólans. Þær eru gefnar vissum hreppum eða hèruðum með testamentisgjöfum; og ætla eg viðlíka rètt að taka þær, eins og alla sveitarsjóði landsins, til annars augnamiðs, en þeim var ætlað, og sama ætla eg muni vera um fátækrameðala peníngana. Eg verð að víkja til þess aptur, að eg finn ekkert lagt til kostnaðarins við frumefnafræðiskenslu, eða kraptafræðiskensluna í þessum umtalaða skóla í Reykjavík; og eg veit þó, að hvoru-

tveggja kostar mikla peninga, þó ekki sè stórkostlega í lagt. Þar til þarf loptmælira, rafkraptarmaskínu, loptpumpu, og margt fleira, og til frumefnafræðinnar margslags tegundir úr náttúruríkinu, svo sem sölt, sýrur, jarðartegundir, málma og hálfmálma, brenda og óbrenda, og margt fleira, og mörg verkfæri, sem þar til útheimtast; þetta allt get eg ei gizkað á, ef í nokkuru lagi á að vera, að kosti minna en 2000 dala. Nú gæti vel verið, að húsið kostaði töluvert meira, en reiknað er, og er það ómögulegt að reikna nákvæmlega fyrir fram; byggíngarefni eru með misjöfnu verði og öðrum kríngumstæðum, t. a. m. veðráttu, á meðan á byggíngunni stendur, o. fl. Eg þekki hvergi í skattlöndum í norðurálfunni þvílíkan læknaskóla, sem þann, er hèr talast nú um, aðskilinn frá háskóla, og á öðrum stað. *Academierne* eða stríðlæknaskólarnir í Wien, Berlín og Kaupmannahöfn eiga einga samlíkíngu við þann skóla, sem hèr er verið að tala um; heldur ekki gamli Salernitaniske skólinn á Vallandi, sem var þar á 10. og 11. öld og kendi mest heilbrigðisfræði, en leið undir lok, þegar háskólar fóru að stiptast á Vallandi, fyrst í Bologna 1158, sem er sá elzti háskóli í norðurálfunni, og síðan fleiri og fleiri. Ef hinn heiðraði framsögumaður veit þvílíkan skóla nú vera nokkurstaðar í norðurálfunni, óska eg gjarna að fá að vita, hvar það væri, því eg þekki eingan þvílíkan, en marga prestaskóla.

Umboðsmaður Þorvaldur Sívertsen: Eg er ekki vanur því, að tefja fyrir með lángmælgi, eg ætla ekki að gjöra það enn; eg vildi þó hafa getið þess, að eg verð að vera meiri hluta nefndarinnar samsinnandi í því, að spítalarnir, sem nú eru á landi hèr, sèu ekki einúngis með öllu gagnslausir, heldur óþörf, ávaxtarlaus og ónauðsynleg byrði landsins, og að þeir eigi því að leggjast niður; og þótt þeir hafi nú verið kallaðir sá helgidómurinn, sem einginn mætti snerta, þá finnst mèr samt, að lýsíng sú, er þeir hafa leingi feingið og átt, og seinast hèr á þínginu í dag, bendi til ens mótsetta. Eg ætla bezt henta, að efni þeirra öll og tekjur, með lögulegri og forsjálnislegri tilhögun, sem ætla má stýrendum spítalanna, væri sett á vöxtu, og safnað í sjóð, þángað til komin væru næg efni til að bæta læknaskipunina hèr í landi, eptir því og þannig, sem þá virtist bezt henta. Líka verð eg að játa því, að læknahjálp hèr á landi sè opt og tíðum ónóg; en eg verð jafnframt að geta þess, að eg óttast fyri, hún verði það

allt af, eptir sem hèr ástendur, og jafnvel þótt sýslulæknar kæmust á, og enda sveitalæknar, þó það yrði þá síður; það þarf ekki nema litla á, einn læk, að eg ekki tali um fjallveg eða firði, til að gjöra það með öllu ófært að ná til læknis; það er vika sjóar milli mín og læknisins í Snæfellsnessýslu, og hefir opt að borið, að eg hefi eingan veginn getað náð til hans í lífsnauðsyn. Eingu að síður hygg eg það bæði gagnlegt þjóðinni, og því mjög æskilegt, að læknar fjölguðu, en eg ætla menn hljóti að hafa þann viðauka: þegar efni eru nóg til þess; nú sýnast mèr þau ekki fyrir hendi, og það væri þó undarlegt og ótilhlýðilegt að ætla til þess, að læknar þyrftu, öðrum embættismönnum fremur, að líða undir efnaskorti, og þá væri heldur ekki að búast við að fá nokkurn læknir, sízt gagnlegan; mèr sýnist því ekki farandi fram á það að svo stöddu. Aptur á móti verð eg að mæla með því, að aðstoðalæknum væri fjölgað eins og bezt yrði, samkvæmt því sem meiri hlutinn stíngur upp á; þess hefir verið óskað af mörgum, og viðurkent gagnlegt og ómissandi, hvað reynslan líka er nógsamlega búin að sanna á þeim fáu, er nú eru uppi, og hafa vilja og kunnáttu til að hjálpa meðbræðrum sínum í ýmsum smá-sjúkdóma tilfellum, og hefði þó víst sannazt betur, ef þeir hefðu mátt um frjálst höfuð strjúka, og ekki átt það undir náð og hjáhliðrun læknisins og yfirvaldanna, hvort þeir slyppi bótalaust eður ekki. Sjá Tilsk. 5. Septbr. 1794.

Þótt eg nú, að þessu leyti, halli mèr að uppástúngu meiri hluta nefndarinnar, get eg það eingan veginn að öllu leyti. Eg verð að játa vantrú mína og efasemdir um það, að spítali sá í Reykjavík og innlenda læknakensla, sem farið er fram á að stofnsetja, svari nokkurn tíma til síns mikla kostnaðar og mikilvæga augnamiðs; eg efast um, að efni sèu nú fyrir hendi, sem nægi til þessa; því áætlan og ágiskníng eru þó aldrei ástæður; eg efast um, að það gagn verði að spítala í Reykjavík fyrir sjúklínga um land allt, sem ætlað er til, og með rètti sýndist mega óska; eg efast um aðsókn sjúklínganna að spítalanum, einnig um það, að fært verði frá yztu landshornum, að flytja þángað veika; eg efast jafnvel um vilja landsmanna til þess; hèr í Reykjavík þekki eg nú ekki grant til, þó ætla eg mig hafa heyrt nokkra segja, að þeir mundu heldur halda til í eigin hýbýlum sínum, þó veikir yrði, hvar læknirinn gæti

vitjað sín við og við, heldur en að leggja sig inn á spítala, hvar öllum, er beiddu, ætti að verða innrýmt; eg ætla það líka með öllu óvíst, að stúdentar veldu heldur þann yfirgripsmikla lærdóm, er útheimtast mundi til að verða læknir, þó von hefði á eptir um 200 rbd. laun, heldur en prestaskólann, og verð eg þó að viðurkenna, að þess væri óskandi, að læknar vorir yrði og væri sem flestir íslenzkir, því enir dönsku verða okkur aldrei eins hagkvæmir, og hlaupa líka burtu, þegar geta; eg dreg líka mikinn efa á það, að allt það náist til spítalakostnaðarins, sem uppástúngunnar 3. 4. og 5. grein ávíkur og upptelur. Alls þessa vegna get eg eingan veginn fallizt á uppástúngu-greinir meiri hlutans, nema eins og eg gat um áður, 1. 2. og 14. grein, hvorri sú 1. í uppástúngu minni hlutans er samkvæm að efninu til; önnur grein í þeirri uppástúngu líkar mèr ekki, því hún fer fram á það, að halda við spítölunum, sem nú eru, og það með auknum kostnaði, skiljist mèr rètt, jarðaskiptum, og ábýlis ætlun handa læknum, og hefir reynslan sýnt að undanförnu, að slíkt er ekki vel valið. Þriðju greinina held eg líka of snemma upp borna, og eiga að bíða fyrst um sinn, á meðan efnin eru ekki meiri, heldur en þau eru enn þá.

Eg ætla því að aðhyllast 1. 2. og 14. grein í uppástúngu meiri hluta nefndarinnar, eins og eg hefi getið um, og bera upp um það breytíngaratkvæði, að um það einúngis verði samin bænarskrá til konúngs, en að hinar uppástúngurnar allar, bæði meiri og minni hlutans í nefndinni falli úr, eða að um þær verði eingin bænarskrá samin.

Prófastur Hannes Stephensen: Eg mun rèttlæta þurfa orð mín, er eg nefndi eignir spítalanna, eða enna holdsveiku „helgidóm“; en þá ætla eg eignir manna, voldugra og vesælla, vera helgidóm orðinn, sem ekki má snerta, þegar ómildra hendur eru útrèttar til að hrifsa þær til sín. Þar sem sami virðulegi þíngmaður Dalasýslu, sem þessi orðatiltæki mín fèllu svo illa, stíngur upp á, að safna enn fremur öllum arði spítala-eignanna í sjóð, fæ eg með eingu móti verið honum samdóma, því eg ætla nógan orðinn hvíldartíma spítalanna, og þeim sè mál orðið að rísa npp aptur, og vinna það gagn enum holdsveiku, sem þeim er ætlað, og eg hefi nú bent á hvernig haga eigi.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg hefi leitazt við að

gjöra mèr sem ljósastar hugmyndir þær og stefnu, er minni hluti nefndarinnar hefir farið fram, bæði í áliti sínu og umræðum hèr í dag; eg áleit það skyldu mína, og eg hugsa, að allir hinna heiðruðu þingmanna sèu á sama máli. Eg var að vísu í meira hluta nefndarinnar, og var samþykkur því, sem hann mælir fram með; en í slíku vanda- og merkismáli sem þessu, þá vil eg gjarna heyra og taka til greina öll þau atriði, sem í móti eru, og láta sannfærast af þeim, ef eg get. Eg vil halda mèr við aðalstefnu málsins, hvað sem líður smáatriðum, en sumum er sú list lagin, að gjöra þau helzt að umtalsefni, og leiða þannig athuga þingmanna frá aðalefninu og því sem helzt skyldi ræða um. Því hefi eg verið að leitast við að gjöra eitthvað heilt úr uppástúngum og umræðum minna hlutans.

Hann vill og stíngur uppá, að láta þá svo nefndu hálflærðu lækna breiðast út um allt land; þeir eiga, segir hann, að læra að taka blóð, binda um beinbrot, o. fl., og útbreiða meðal alþýðu þrifnað og mataræðis reglur; þetta er nú alltsaman dáindis álitlegt. En minni hlutinn hefir ekki bent til með einu orði, hvernig öllu þessu eigi að haga, hverjir eigi að borga kenslu-kostnaðinn, hvað mikill hann eigi að vera, hvað leingi þeir eigi að læra, og hvers þeir eigi von í aðra hönd. Minni hlutinn telur óvíst, að nokkur stúdent fáist til að læra læknisfræði hèr; en eg tel víst, að fáir sem eingir efnilegir bændasynir fáist til að gefa sig til þessa út í jafnmikla óvissu, og á meðan á ekkert er vísað í aðra hönd, eður að feður þeirra og yfirboðarar vilji missa af þeim, þó því sè svona kastað fram í bláinn. Eg held líka, að gagnið af þessum læknum verði næsta tvísýnt, nema því að eins að sýslulæknar væru við hendina, til að halda þeim á þeirri stefnu, sem þeir áður höfðu svo lauslega numið. Eg tel víst, að þessir hálflærðu úngu menn komi alls eingu til vegar með mataræðis og þrifnaðarreglur meðal alþýðu og við sína jafníngja, fyrst sjálfur landlæknirinn segist eingu lagi hafa getað komið á með þetta í kríng um sig, jafnmerkilegur maður og hann er.

Hann vill breyta spítölunum, sundra þeim, skipta um jarðir, og gjöra að lènsjörðum handa einstökum læknum, og láta nú 1 eða 2 lækna hafa allan arð þeirra, í stað þess að arðurinn mestallur hefir lent til þessa hjá 4 bændum. Þetta er nú öll sú breytíng, sem á að komast á spítala og læknamálefni vor: spitalana, sem hafa verið svo leingi og svo herfi-

lega vanbrúkaðir og efni þeirra, landinu til óbætanlegs tjóns, en eingrar uppbyggíngar, að rètt hverjum einföldum manni hefir verið það auðsætt; á læknamálefni vor, sem hin ítrasta þörf krefur fljótustn endurbóta á, og svo að öllum hèruðum sè nokkuð borgið.

Eg verð líka að minnast dálítið á lènsjarðirnar, því hann vill, að nokkrir spítalarnir verði lènsjarðir. Það er nú sannreynt, að lènsjarðir vinna hvergi nærri það gagn, sem til er ætlazt, að margir embættismenn, sem hafa þær, búa þar ekki, og að sumir, sem hafa þær, níða þær svo og trassa, að sá, sem kemur næstur til embættis, getur með eingu móti sezt að jörðinni.

Minni hlutinn vill ekki spítala í Reykjavík. Hann segir, að hann muni optast verða tómur. Þetta segist hann vita af eigin reynslu í 27 ár, þar sem lítil sem eingin aðsókn hafi verið að sèr. En þessi reynsla er virkilega merkileg, og hún sannar víst sára lítið af því, sem hún átti að sanna. Á meðan spítalinn er ekki til, getur eingin aðsókn verið að honum, svo að reynsla undanfarinna ára sannar ekkert, nè sýnir fram á það, hvernig færi, ef spítalinn væri kominn hèr. Það er annars eptirtektavert í alla staði, hvað landlæknirinn gjörir lítið úr aðsókn sjúkra að sèr; eg skal í eingu reingja það. En það veit eg þó, og þeir eru hèr innan þings, sem geta sannað hið sama, að þar sem er duglegur hèraðslæknir í sveitum, þá er til hans hin mesta aðsókn af sjúklíngum, og það úr fjarlægum hèruðum, yfir lánga og torsókta vegu, og eg veit ekki til, að menn hafi mælzt undan að borga hvaða kostnað sem af því hefir leidt. Sama verð eg að telja víst að verði upp á, ef spítali kæmist hèr upp og 2 duglegir læknar við hann, hvað sem líður reynslu minna hlutans um undanfarin 27 ár, þar sem eingi almennileg húsrúm hafa verið fáanleg. Hann telur víst, að stúdentar fáist ekki til að læra við spítalann; eg held þó, að meiri hlutinn hafi með röksemdum sýnt fram á, að þessu þurfi eingan veginn að kvíða, og með meiri röksemdum, heldur en minni hlutinn hefir fært til, að úngir almúgamenn fáist til að læra hjá hèraðslæknum, sem með eingu er hvorki sýnt nè sannað. Reikníngsdæmið hans, um hvað sýslulæknirinn kosti, þegar hann skrifast út úr spítalanum, er ekki til eins mikillar sönnunar, og til var ætlazt, eins og hinn heiðraði framsögumaður hefir sýnt; það er hægt að búa til ó-

tal slík dæmi; t. d. að einn embættismaður, sem hefir rúm 1000 rbd. laun, kosti alls í 30 ár, meðan hann er í embætti, rúma 36000 rbd., — „þetta eru sannlega miklir peningar á voru fátæka landi, Íslandi“, 36000 rbd. í 30 ár, rètt handa einum manni! En hvað sannar nú þetta? Annaðhvort ekkert, eða að embættis-maðurinn sè óhafandi, fyrst hann kostar mikið.

Þar sem sagt er, að fátækra-meðölin sèu tekin frá fátækum, ekkjum og föðurlausum, þá á það sèr víst eingan stað sumstaðar. Eg held hægt að sanna, að þau hafa hvorki verið úthlutuð, þessi fátækra-meðöl, með neinum jöfnuði eður sanngirni; eg held hægt að sanna, að sára-lítið sem ekkert hefir af þeim feingizt til Skaptafellssýslu vestari í undanfarin 10 ár, og eg má fullyrða, að á þessum árum hefir ekki af þeim komið nema svo sem 1 rbd. eður 2 rbd. virði austur yfir Mýrdalssand í þær 6 kirkjusóknir, sem þar eru; eg var nærstaddur eitt sinni, þegar þetta var orðfært við hèraðslækninn, og minnir mig hann afsakaði sig með, að hann hefði ekki feingið nema fyrir eina 9 rbd. fátækra-meðöl til síns umdæmis það árið; ekki þori eg samt að fullyrða þetta, mig kann að ráng-minna það; en hitt þori eg að fullyrða um, hvað ójafnlega þeim er úthlutað; en þá er fáum fátækum nokkur órèttur gjör og ekki stórvægilegt af þeim tekið, þó peningum þessum sè varið til annars þarfara, fyrst svo sárfáir njóta þeirra.

Þegar apóthekara ekkjan í Reykjavík var færð því til sönnunar, að meiri hlutinn hefði tekið frá fátækum ekkjum og föðurlausum, þá gat mèr ekki annað en komið til hugar það sem prófessor Engelstoft sagði við stúdentinn: „Herre Gud! var Cleopatra der ogsaa“; hann spurði stúdentinn um 3 manna harðstjórana í Róm, en stúdentinn sagði, að Cleopatra hefði verið einn þeirra.

Þannig hefi eg farið yfir ástæður minna hlutans, bæði í álitsskjalinu og í umræðum hans, og verið að leitast við að búa til eitthvað heilt og samanhángandi úr öllu saman. Eg vildi óska, að hinir heiðruðu þingmenn hefðu getað grædt meira á þessu, en eg; mèr hafa fundizt ástæður hans heldur lopalegar og á sundrúngu, og eg verð að játa, að eg fyrir mitt leyti jafnan tortryggi góðan málstað (eg get ekki gjört að þeirri tortryggni), þegar merkilegum mönnum tekst jafn-óhönduglega og óheppilega að leiða rök að honum.

Jústizráð Thorstensen: Satt er það, að eg ekki hefi bent

til, hvaðan taka ætti laun handa aðstoðarlæknum, enda ætlaðist eg til, að um það leyti þeir gætu komið upp til muna, mundi máske sveitastjórnin og sýslustjórnin verða komin á, og hún er bezt til fallin að sjá um það, og koma því til vegar með að segja til, hvað marga aðstoðarlækna menn vilja hafa í hverri sýslu, og hverra launa þeir sèu verðir. Vel gæti það verið, ef þeir eru að öllu líðlegir menn, að þeir geti komið meiri þrifnaði, hreinlæti, betra matarhæfi, haganlegri sjúkra meðferð, o. s. frv., til leiðar, allir til samans, heldur en einn læknir í stóru umdæmi, eptir því sem þeir eru fleiri til, umgángast jafnaðarlega fólkið, hver í sinni sveit, og ættu helzt að koma sem mestu til leiðar við kvennfólkið, sem mest gjörir að um allan þrifnað, reglusemi, og þesshátar á hverjum bæ fyrir sig; því þó læknirinn geti bætt nokkuð, hvar hann optast kemur, verður það ei eins alment, eins og ef aðstoðarlæknar legðust á eitt. Eg hefi margopt játað, að spítalarnir þurfa umbótar við, og óskað, að læknir gæti komizt á hvern spítala, og reynt að lækna þá holdsveiku, er sýkin er nýbyrjuð á; eg get ei sagt, hvort það lukkast mikið eða lítið, margir batna, í hið minnsta um hríð, og vesni þeir aptur seinna, verður að taka þá inn aptur á ný til reynslu. Þann hagnað, sem hospítals-haldarar hafa haft á spítölunum, ætlast eg til að læknirinn hafi, og þykir mèr það betur tilfallið, þegar hann þó reynir að lækna þá. Eg kannast vel við, að það er algeingt, hvar nýir læknar koma, að fólk þyrpist utan um þá í fyrstu, til að reyna, hvort þeir ei geta bætt úr öllum þeim göllum, sem þeim gömlu eða eldri ei hefir lukkazt, en þvílík aðsókn dvínar optlega aptur, þegar menn komast að raun um, að þeir nýju geta ei læknað allt, heldur en hinir, er áður voru. Það er ómögulegt að sanna, hvað stór eða lítil aðsókn verður að spítalanum; það verður reynslan að sanna, en eg get aldrei trúað, að hún verði stór, og því mega víst allir ópartiskir menn, er bezt þekkja hèr til, játa. Það er ekki gjafaranum að kenna, þó máske gjafameðölin skiptist ójafnt niður á sýslur og sveitir, hèr hefir hver feingið þau, sem beðizt hefir, og allar sveitir nokkuð árlega í mínu læknis-umdæmi, þó kannske mest af þeim hafi lent við sjáfarsíðuna, hvar flestir eru fátækir, og er það eðlilegt.

Hvernig stendur á því, að læknir Thorarensen ei hefir feingið nema 9 dali, veit eg ekki; hann fær árlega 36 dali, en ei getur hann aðgjört, þó þeir gángi upp, eða falli misjafnt á

sveitir, eptir því sem fátæklíngar koma með presta attesti. Hvað söguna snertir af Engelstoft og Cleopatra, er hinn heiðraði þíngmaður sagði þínginu, þá má eg játa, að eg skil ekki, hvernig hún á við þetta mál.

Umboðsmaður Þorvaldur Sívertsen: Eg ætla einúngis að svara því, er hinn mikilsvirti konúngkjörni þíngmaður, er seinast mælti, vænti svo góðrar og mikillar aðhjúkrunar og lækníngа við holdsveika hjá læknirnum sjálfum, þegar hann væri orðinn spítalahöldur; það getur nú verið, að svona færi fyrst í stað, einkum væri læknirinn góður og duglegur maður, og veit eg, að allir vildu óska þess, að enum holdsveiku, sem eru sannir aumíngjar og krossberendur, yrði borgið, sem allra bezt verður, en eg ætla því sè lángt frá ekki náð með viðhaldi spítalanna, og líka gæti borið út af enni góðu og miklu von til spítalahaldarans; einkum gæti það nú aðborið, sem geta má til, að læknirinn annaðhvort ekki sè búsettur, eða þá annarstaðar en á spítalanum; getur þá rekið að sama miðinu og fyrri, að sá holdsveiki fái inntöku á spítalann með fullu tillagi, en verði ólæknaður brúkaður þar sem vinnuhjú, án þess að haft sè mikið ómak eður kostnaður fyrir lækníngu hans og sèrlegri aðhjúkrun. Ætla eg þá yrði eins gott eða betra, þó læknirinn hefði einga spítalajörð til ábúðar, að koma enum holdsveika fyrir hjá honum með fullri meðgjöf og skilyrði, að gjöra allar lækníngа-tilraunir, er við ættu, og mundu margir kjósa það heldur, bæði sá veiki, og hinir, sem hlut ættu að máli.

Framsögumaður: Hinn virðulegi konúngkjörni þíngmaður, sem áðan mælti, kvaðst ekki vera viss um, að hann hefði læknað neinn til fullnustu af holdsveiki. Eg hefi í höndum skýrslur hans nokkrar um þetta efni, eins og eg gat fyrri, og sè eg þar af, að 1844 um sumarið hefir hann byrjað tilraunir sínar, og ferðazt í Rosmhvalaneshrepp; hann fann þar þá 18 holdsveika, þar af 3, sem ekkert var við að gjöra, en við 8 sýndist honum reynandi. Nú gaf hann þessum meðöl og lifnaðarreglur, og játar þó, eins og eðlilegt er, að hann hafi með engu móti getað sèð um, að þeir fylgdi reglum þessum. En í seinni skýrslunum sýnir hann samt, að öllum hinum ýngstu batnaði töluvert, og allir þeir hèldust vel við, sem fylgdu reglunum; einn hefir jafnvel orðið fullhress og unnið alla vinnu, og ekki fallið í sjúkdóminn aptur, þó hann hafi verið við sjó og geing-

ið í alla sjóvinnu. Í seinustu skýrslunum segir hann, að allir „hinir yngri“ haldist við, og sumir sè heldur betri, 3 sè fullt svo góðir, 2 viðlíka, o. s. frv. Þessi dæmi sýna, að einúngis með hreinlæti og einföldustu meðölum hefir úngt fólk orðið á stuttum tíma miklu hressara, og þegar þetta hefir tekizt með því, að halda sjúklíngum þessum í heimahúsum, þá má nærri geta, að það gæti ekki orðið lakara, ef þeir væri á spítala, einkum ef þeim væri þá komið upp til sveita á eptir, þegar þeir væru orðnir heilbrigðir.

Hinn virðulegi þíngmaður talaði um, að sýslulæknar mundu ekki geta borið merka vitnisburði í áverkamálum, þegar þeir væri ekki háskólalærðir. Eg held, að eins mörg dæmi mætti finna til þess, að þeir, sem kallaðir eru háskólalærðir, beri stundum þá vitnisburði, bæði í þeim málum og öðrum, sem ekki eru áreiðanlegir; en annars er hèr gjört ráð fyrir, að fjórðúngslæknar sè háskólalærðir, og mætti leita til þeirra, þegar sá vandi bæri að höndum, sem ekki yrði úr ráðið.

Þar sem þessi hinn sami þíngmaður og þíngmaðurinn úr Borgarfjarðarsýslu talaði um, að þá mundi vanta reynslu, sem í spítalanum lærði, þá má þetta enn síður verða um þá, en um hina, sem hjá einstökum mönnum læra; því auk þess sem kæmi á spítalann, þá hefði þeir þar að auki tækifæri til að sjá þá sjúklínga, sem spítalakennararnir kæmi til, og svo landlæknirinn, ef nokkuð væri af því að læra.

Það mætti vel vera, að allt það, sem þyrfti til að kenna frumefnafræði og kraptafræði, kostaði 2000 rbd., ef allt ætti að vera í fullkomnasta máta en stjórnin hefir þó ekki sett þetta fyrir sig, þegar hún setti kenslu í náttúrufræði hèr við skólann, þó slíkt væri ófullkomið. Allir þeir, sem vilja mæla með framförum í hinu góða, taka það sem til er, og reyna að hagnýta það sem bezt, og síðan að útvega sèr smásaman það sem vantar; en eingum skynsömum manni dettur í hug, ef hann vill hafa það fram, sem nytsamt er, að kasta öllu fyrir óðal, ef hann getur ekki feingið allt fullkomið í fyrstu. Í öðrum löndum fara menn svo að, þar sem menn óska framfara, að þeir safna sèr smámsaman og draga að sèr það sem þá vantar, þegar ekki er nóg til kostnaðar allt í einu.

Hinn virðulegi konúngkjörni þíngmaður kvaðst ekki vita til læknaskóla í skattlöndum. Eg get nú ekki frædt hann svo fullkomlega á því, því eg er ekki svo kunnugur í

öllum löndum; þó get eg vísað honum á bók, og það jafnvel á danska bók, og það er Uldalls lýsing á læknaskipun í ýmsum löndum; þar af getur hann séð, að ekki eru allir svo ákafir að fá eintóma háskólalærða menn til lækna, að þeir líti ekki til kríngumstæðanna í landinu fyrir því, einkum þar sem löndin eru strjálbygð.

Hinn virðulegi þíngmaður frá Dalasýslu kvaðst fallast á nokkur atriði úr uppástúngum meira hlutans, og áskildi sèr um það breytíngaratkvæði. Þetta breytíngaratkvæði þyrfti nú ekki, því þeir, sem fallast á atriðin, gefa þeim atkvæði sitt, en hinir ekki, og verður þá rituð bænarskrá um þau atriðin, sem meiri hluti þíngmanna samþykkir, en um hitt ekki, sem ekki nær atkvæðafjölda. Að öðru leyti er meiri hlutinn á því, að gjöra einna mest úr þeim greinum, sem hann vildi fallast á. Það er þíngmönnum í sjálfs valdi, hvort þeir vilja óska eður ekki, að þeir peníngar verði lagðir til sjóðsins, sem upp á er stúngið; en eg get þess, að rentukammerið sjálft hefir lýst því í brèfi, sem meiri hlutinn hefir til fært, að það er ekki fjarlægt að verja fátækrameðölunum þannig, og sumu hinu einnig, því stjórnin sjálf hefir leingi viðurkent, að óhagkvæm meðferð væri höfð á fátækrameðölunum. Það sem hinn virðulegi þíngmaður sagði, um að þeir ætti von á betri embættum, sem frá prestaskólanum koma, þá er það ekki rètt, því nú má gjöra ráð fyrir, að sá tími komi, að einginn fái brauð nema þeir, sem geingið hafa í prestaskólann (eða eru háskólalærðir), þeir mega þá búast við brauðum, eins og þau gjörast, og þá þykir mèr mikið, ef lökustu brauð eru svo góð, að þau jafnast við 200 dala laun, auk þess sem læknir getur áunnið sèr.

Guttormur Vigfússon: Hinn heiðraði framsögumaður meiri hlutans hefir nýverið borið þá spurníng upp fyrir þíngið, hvort „nægir læknar eða læknahjálp væri, nú sem stendur, hèr á landi, eða hvort ekki væri þörf að fjölga þeim“. Eg verð að leyfa mèr að svara þessari spurníngu, að svo miklu leyti sem eg til þekki, undir eins og eg læt álit mitt í ljósi á máli þessu yfir höfuð.

Eg ætla, það sè einginn vafi á því, að þjóðin hafi fyrir laungu síðan fundið til, hversu ófullkomin og ónóg læknahjálp er og hefir verið hèr á landi, og að það væri hin mesta nauðsyn, að bæta úr slíkum vankvæðum, hið fyrsta að kostur er á, og get eg í því tilliti sèrlegast borið vitni um það, hvað Múla-

sýslur áhrærir. En það er ekki nóg að finna til þessa; eg ætla, að það eigi enn sem fyrri heima hjá oss hið fornkveðna „efnin hljóta að ráða“; þó virðist mèr, að ekki megi þar við lenda, að menn leggi árar í bát, og láti allt við svo búið standa, þar sem jafnbrýn nauðsyn rekur á eptir, að hið ítrasta sè árædt til að reyna að afvenda jafnmikilli þjóðar neyð.

Það hefir verið nú sem fyrri rædt mikið um, að afmá þau núverandi hospítöl, og brúka þau og efni þeirra til framkvæmdar þessa augnamiðs, þar þau, eptir sem nú tilhagaði, mætti álíta óþörf og eingan veginn svara til tilgángsins, sem þau upprunalega miðuðu til; aptur hafa aðrir viljað einúngis breyta þeim nokkuð, en ekki stórkostlega, þar þeir álitu það eign holdsveikra eingaungu, og helgidóm þann, sem ekki mætti raska; eg fyrir mitt leyti er á máli hinna fyrri, að því leyti er þau núverandi hospítöl áhrærir. Eg get ekki betur sèð, en að hospítölin sèu nú orðin sameiginleg eign alls landsins, en ekki einstakra manna eða einstakra hèraða; að vísu veit eg, að hver landsfjórðúngur hefir talið sem sína eign þetta eður hitt hospítalið, en svo ætla eg að ekki eigi leingur að vera, þar einginn hefir þeirra veruleg not, eða eins mikil, og annars mætti, ef betnr væri og skynsamar aðfarið; eg hygg, að mèr sè óhætt að fullyrða, að Múlasýslur þurfi ekki að gráta fyrir gull, þó þær missi af sínum hluta úr Hörgslands spítala, sem eg veit ekki betur en að þær eigi tiltölu til, því eg ætla það megi svo heita, sem þær hafi hann aldrei átt; mèr sýnist það muni saklítið, þó slept sè af tilkallsrètti þeirra sýslna til hospítalsins á Hörgslandi, eins og það nú er lagað, þar eg ætla, að oss sýslúngum þar standi á jöfnu, hvort það er eða fer; eg veit ekki til, að þær sýslur hafi af spítala þeim notið nokkurs lèttis með tilliti til holdsveikra framfæris; hver hreppur þar hefir álitið sèr skylt að annast þá holdsveiku aumíngja, eins og hverja aðra sveita-ómaga, og ætla eg, að slík tilhagan hafi ekki verið þeim ónotalegri, en þó á hospítali hefði verið, nè staðið landsfjórðúngi þeim fyrir nokkrum þrifum; eins hygg eg og það mundi verða, þó hinir landsfjórðúngarnir gjörðu eins; því fremur vil eg ætla, að þetta sè rètt skoðað, þegar aðgætt er, að það eru einúngis einstaka holdsveikir úr fáeinum hreppum, sem hafa orðið ínytja þessara hlynninda, en hvergi nærri allir holdsveikir, nè allir hreppar, sem þó sýnist næst upphaflegum tilgángi stiptanar þessarar að hefði átt að vera.

En þó vil eg ekki, fyrir mitt leyti, gjöra þetta skilyrðislaust; eg vil heldur láta óbreytt standa, en breyta til hins verra; því þó það sè viðurkent og sannað, að hospítölin hafi hvorki fyrir einstök hèruð, nè allt landið yfir höfuð, svarað til þess gagns, er þau gátu og áttu að hafa, álít eg það sjálfsagða skyldu, að stuðla til að allt fylgist að, og annaðhvort bíða betri tíma, eða þá breytist til talsverðs betra, en nú er; ætla eg máltækið eigi hèr við, „að margt smátt gjörir eitt stort“, og það muni rætast, þó seinna sè. Þá er eptir að skoða, hvort Reykjavík sè sá staðurinn, er hentugastur sè, eins og stúngið hefir verið upp á, að eignir spítalanna sameinist til framkvæmdar læknafjölgun, og undir eins betri læknaskipun hèr á landi. Eg ætla öðrum en mèr að dæma um þetta, en það er mèr óhætt að fullyrða, að fleiri hinna skynsamari manna hafi talið það með landsheill, að sem flestir kraptar landsins sameinuðust á einum stað; en þó finnst mèr hèr við athugandi, að þar sem jafnað hefir verið saman þessum læknaskóla og þeim tilvonandi prestaskóla, þá muni þar máske ólíku saman að jafna; því þeir, sem í prestaskólann gánga, gjöra það í vissri von um sæmilega mentun, vissan heiður í framtíð, og viðunanleg laun, en hinir þar á móti, sem lenda í læknaskólanum, mundu máske fyrst um sinn verða þeir, sem helzt yrðu út undan að fá aðgáng í prestaskólanum, og sem fyrir fram þess vegna „sæu“, að þeir stæðu á baki hinna, bæði að mentun, virðíngu og launum; virðist mèr því ríða á, að ryðja þessari aptran úr vegi, með því að stuðla sem mest verður að því, að mentanin yrði svo fullkomin hèr, sem frekast að auðið er, og launin viss og viðunanleg í framtíðinni; en „mjór er mikils vísir“: þó ýmislegar hindranir og ófullkomlegleikar komi fyrir og eigi sèr stað í fyrstunni, ímynda eg mèr, ef myndin kemst á, muni hún smámsaman lagfærast og komast til meiri þroska, og til þess hygg eg þjóðina fúsari að styrkja, til að bæta úr sínum eigin vankvæðum, eins og hverju öðru, er hún álítur sèr heillavænlegt, ef útvortis kríngumstæður, til að mynda óáran og þess háttar, ekki dregur úr henni kjarkinn; líka ætla eg, það telja megi víst, að vor mildi og vísi konúngur muni fúslega styrkja að því málefni voru, sem snertir þjóðargagn eitt; því það ætla eg megi telja með hinni mestu landsheill, ef innlendir læknar feingjust, svo margir sem þörf krefur, því útlendir læknar hafa ekki svarað hèr til sinnar köllunar, og hefi eg vak-

andi dæmi í huga mèr þessu til sönnunar: í Múlasýslum hafa fyrir skemstu danskir læknar verið álitnir fremur vel mentaðir í þeirri fræði, en sökum túngumáls og annars, er til þjóðernis heyrir, voru þeir, einkum annar þeirra, ei íað skapi þjóðarinnar, og þess vegna höfðu litla aðsókn, og gjörðu minna gagn, heldur en ef þeir innlendir hefðu verið; því þeir innlendir menn, sem þjónuðu embættinu fyrir og eptir þá, sýndu mönnum nægilega mismun þessa. Það má varla heita, að sá, sem nú þjónar að embættinu, strjúki um frjálst höfuð fyrir aðsókn manna, er leita sèr hjálpar til hans. Þetta færi eg fram, ekki til að sverta nokkurn, heldur til að sýna, að ekki mundi máske að ottast aðsóknarleysi sjúkra við hospital það, sem sameinast á hèr læknaskólanum, ef nákvæmir innlendir læknar og læknaefni eiga að mestu leyti að umgángast þá sjúku á spítalanum.

Þegar allt er skoðað vel, ætla eg uppástúnga meira hlutans muni koma þjóðinni að góðu gagni með tímanum, ef skynsamlega er búið undir, fè safnað fyrir, og ávaxtað, sem bezt verður, þar til nægilegt virðist til að setja þetta á stofn, svo vel sem vænta má og auðið er.

Prófastur Hannes Stephensen: Það gleður mig mikið, að allir þeir, sem tala hèr móti spítölunum, tala einasta um misbrúkun þeirra á umliðinni tíð; og því betur þyki mèr, sem fleiri finna til þessara meina, því eg býst við fylgi þeirra að því, að spítölunum verði hrundið í lag, svo þeir vinni ætlunarverk sitt, og með nógum efnum gjöri svo mikið gagn sem þarf. Því vil eg einu orði svara, er hinn virðulegi þíngmaður Norðurmúlasýslu sagði, og fleiri hafa sagt, um aðsókn sjúkra að hèraðalæknunum, og brúkaði sem sönnun fyrir aðsókn þeirri, sem verða mundi að spítalanum í Reykjavík. Þar liggja náttúrlegar orsakir til, að sjúkir sækja meir að *hèraðalæknum* til dvalar hjá þeim, en að landlækni eða spítala í Reykjavík: því hinir búa í sveitum uppi, þar sem lángt er millum bæja, verða því hinir sjúku að fá aðsetur hjá þeim, ef lækníng þeirra krefur það, eða missa af henni; en öðru máli er að gegna um landlækni eða spítala: þar er margbýlt í grend, margir hinna sjúku eru heimilisfastir í bænum, og fá duglega tilsjón læknis, en hinir, sem koma leingra að, taka sèr aðsetur þar, sem þeim þykir bezt gegna.

Stephán Jónsson: Eg held það sè full nauðsyn til að

biðja konúng vorn um þá ráðstöfun á spítölunum hèr í landi, sem bætti að fullu úr þeim brestum, sem nú eru, eða ef þetta gæti ekki á komizt, þá væri hyggilegra að hætta með öllu þeirri meðferð spítala-efnanna, sem nú er viðhöfð, og safna efnum þeirra í sjóð, á meðan menn eru að undirbúa, á hvern hátt sè hyggilegast og augnamiðinu bezt svarandi, að brúka þessi efni, og samkvæmt því vildi eg veita atkvæði. Að því leyti sem hinn heiðraði þingmaður Borgfirðinga efaðist um, að 2 holdsveikir menn mundu hafa læknazt með baði, þá hafði eg það nú að vísu eptir öðrum, en eg má samt fullyrða, að þessir menn voru af almenníngi álitnir að vera holdsveikir.

Þar sem enn heiðraði þingmaður Ísfirðinga enn mintist á uppboð, þá sè eg ekki, hver nauðsyn er til að bjóða upp spítala hluti fyrir fram; það má gánga að því vísu, að menn geta feingið fullt verð fyrir þá, þegar menn vita vigt hverrar tegundar þeirra fyrir sig.

Hvað lækna-efnum viðvíkur, þá er mest undir því komið, að fá þá til lærdóms í læknisfræði, sem hafa náttúru til þeirra starfa, eins og reyndar er í hverri lærdómsgrein sem er. Eg hefi þekt 2 menn í Eyjafjarðarsýslu, sem ekki höfðu notið nokkurrar uppfræðíngar í læknisfræði, en sem urðu þó mörgum til hjálpar; og eg held, að þeir opt hafi mætt meiri aðsókn en Districts-læknirinn, meðan hann var danskur, og núna er einn í Skagafirði, sem er vel heppinn í lækníngum; en það er aðgætandi, hvort að þessir menn mega neyta krapta sinna með frjálsu, eður þeir verða að vera á huldu, eins og híngað til, eða með öðrum orðum, hvort þeir mætti njóta vinsamlegrar upplýsíngar hjá Districtslæknum, eður þeir verða að forðast þá, sem óvini.

Prófastur Hannes Stephensen: Eg skil þó ekki, með hverjum rètti sá virðulegi þingmaður, sem nú settist niður, eins og nokkrir aðrir, fara fram á, að spítalar vorir leggist niður, eins og vanbrúkun sú, sem á þeim hefir verið, gjöri rètta brúkun þeirra eptirleiðis ómögulega. Annars ætla eg ekki þurfi að sækja konúng um leyfi, til að byggja spítalajarðirnar og ákveða leigumálann; það ætla eg vera á valdi embættismanna þeirra, undir hverra umsjón spítalarnir eru. Í staðinn þess að hann ræður til að taka eingan inn í spítalana, heldur safna gjöldum þeirra, þá veit eg víst, að menn almennt hafa kvartað yfir, að fè spítalanna væri hrúgað saman,

en þeim svo að segja lokað fyrir nauðlíðandi réttum eigendum inngjaldanna. Það lýsir sèr af ræðum þessa virðulega þingmanns, að hann er ókunnugur aðferðinni með sölu spítalahlutanna á suðurlandi. Þegar menn voru hvekkjaðir orðnir á hirðingu hluta þessara, tóku menn það ráð að selja þá fyrir fram, ekki eins og kött í sekk, eða vonina í hlutunum, fyrir vissa upphæð, hvort miklir yrðu eða litlir, heldur hvert skippund, sem aflaðist, og átti kaupandi að láta verka þau sjálfur og handa sjálfum sèr; er eg þeirrar meiníngar, sem nefndin, að hagkvæmast sè að bjóða þá upp á manntalsþíngi í þeirri veiðistöðu, hvar þeir skiptast, næstu áður en þeim á að lúka.

Framsögumaður: Eg held, að góð meiníng hins virðulega þingmanns úr Borgarfjarðarsýslu muni verða að litlum notum. Hèr eru nú að minnsta kosti 24 holdsveikir á suðurlandi, alla þessa yrði að taka í einu, og byggja tvö hús handa þeim, þegar ætti að aðskilja kynferðin; þetta mundi einnig kosta töluvert, og hvorki víst nè líklegt, að sjúkdóminum yrði útrýmt með því klausturlífi. Hinn virðulegi þingmaður gjörir ráð fyrir, að til þessarar tilraunar geingi nokkrir mannsaldrar, en hvað margir, veit hann ekki, og það veit einginn. Landlæknirinn hefir hreift því líka í skýrslu sinni 12. Janúar í vetur, að holdsveikin mundi hafa verið útrýmd nú, ef holdsveikir hefði verið settir í klaustur, þegar siðabótin hófst, en nú eru nokkrir mannsaldrar síðan. Nei, hvernig sem menn velta þessu fyrir sèr, þá verður það eitt skynsamlegast, sem meiri hlutinn fer fram á, að reyna við hina úngu, sem sjúkdómurinn er að byrja á.

Prófastur Hannes Stephensen: Hinn virðulegi framsögumaður ætlar, að uppástúnga mín muni eiga sèr lángan aldur, áður hún vinni gagn, og lángan tíma mundi þurfa til að útrýma holdsveikinni úr landi með þessari aðferð; það held eg nú líka, að til þess mundi þurfa 2 eða 3 mannsaldra, en eg ætla líka, að leingri eigi sèr aldurinn, að læknaskóli og spítali í Reykjavík vinni gagn, því það mun aldrei verða, og getur af náttúrlegum rökum, sem áður eru sýnd, aldrei orðið, en á meðan hafa spítalarnir eptir uppástúngu minni unnið það gagn, að líkna öllum þeim holdsveiku í landinu, sem þiggja vilja; já, ef allir þeir, sem nú eru til holdsveikir hèr, vildu ljúflega gánga á spítala, mundi veiki sú eyðast, því þó holdsveikjumerki síðar sæust á einstökum, mundi spítalahöldar, að orð-

um ens virðulega framsögumanns, sjá um, að nokkrir hinna eldri væru dauðir, svo þessir feingju þar hæglega rúm.

Jústizráð Thorstensen: Eg vil snöggvast leyfa mèr að geta þess, að eptir að búið er að taka allar eignir og tekjur frá þeim holdsveiku um allt land, og setja á stofn spítala fyrir það í Reykjavík, eptir meiri hluta nefndarinnar uppástúngu: og það átti að vera stofninn yfir 27000 dali og árleg hlutainntekt af 1000 dölum, eða árlegur arður af 2076 dölum alleina frá þeim holdsveiku, og fyrir allt þetta njóta þeir ei annars, en að 4 holdsveikir mega takast inn til lækníngatilraunar, og þó er ætlazt til, að líka náist þeir 200 dalir, er konúngur vor allramildilegast hefir gefið alleina um 3 ár, til að gjöra lækníngatilraunir við holdsveika, og að þeir þèni eptirleiðis til spítalans viðurhalds, og verði árleg útgipt: það er þá einir 200 dalir, er þeir fá árlega fyrir 2076 rdl., eða ekki fullir 10 af hundraði, og finnst mèr þeir liði töluverðan óhag í þvílíkum viðskiptum.

Stephán Jónsson: Þar sem sá heiðraði þíngmaður Borgfirðínga hèlt, að ekki þyrfti að biðja konúng vorn um umbót á spítölunum, þá vil eg spyrja: því er þessi umbót ekki skeð? Eg held yfirvöldum hafi þó verið fullkunnug óskipan spítalanna, í það minnsta þeim, sem voru á nefndarfundinum í Reykjavík. Spítalajarðirnar munu þó vera bygðar æfilángt með sömu skilmálum, og er því ei hægt að breyta skilmálum, fyrri en þær losna, og sama má segja um meðgjöf hinna holdsveiku, sem nú eru komnir á spítalana; þess vegna held eg stjórnin þyrfti að gjöra aðra ráðstöfun á þessu, svo ekki sè allt af farið því sama fram, þegar spítalahaldararnir, sem nú eru, fèllu frá. Eg vildi ekki koma í veg fyrir nokkurt nytsamt fyrirtæki; en eg vil heldur ekki stuðla til, að það sè byrjað með ærnum kostnaði, sem máske mætti sjá eptir síðan. Eg veit, að menn í norðlendíngafjórðúngi vilja fá bættan spítalann þar, en ekki missa hann; því þeir þykjast hafa orðið fyrir nógu tjóni við missir skólans og prentverksins frá Hólum, og er þá ekki að undra, á meðan það máske kallast ríki sèr, þó þeir ekki vilji sjá af þessari stiptun.

Eyjólfur Einarsson: Mèr hefir þókt vænt um að heyra hèr á þíngi í dag, að minni hluti nefndarinnar hefir nú látið í ljósi, að hreinlæti og mataræði hollt ætti mikinn þátt í að útrýma holdsveiki; hefir orðið umræða um veikleika þennan

heima í hèraði mínu, hvað mundi veruleg orsök, að merki til þess veikleika eru nú að mestu útrýmd, sem í úngdæmi mínu var þar algeing veiki á nokkrum: eg hefi í plázinu verið frá barnæsku, því get eg um þetta borið; alment hefir fólk þar sömu fæðu að mestu; en eg get ei annað en játað, að hreinlæti, yfir höfuð að tala, er í einu sem öllu meira; og eg held kálbrúkun eigi mikinn þátt í þessu, sem á mörgum heimilum er brúkuð árið út, einkum með fugli, sem þar er til fæðu mikið brúkaður. Undir stríðinu síðast, þegar ei fèkkst kornmatur, lærðu menn að brúka skarfakál, þá fóru menn líka að sjá nytsemi kálgarða, því undirvöxtur þeirra er ferskur allan veturinn; hefir mèr og fleirum virzt, að veikleiki þessi síðan hafi rènað ár af ári. Eg tek þá til þess, sem hèr hefir í dag verið mikið margrædt um, sem er spítalana; er eg einn af þeim, sem vil þá að öllu afmáða, en eins og hèr stendur á, ber til brýn nauðsyn, að efni þeirra geti sem fyrst aukizt, svo þau verði brúkuð til þess, sem nú virðist mest nauðsyn, sem er að fjölga læknum; virðist því, að þeir ómagar, sem nú eru á spítölunum, ættu að takast burtu, eður gefast með þeim af hreppunum, og hver hreppur að sjá fyrir sínum ómaga; mætti þá strax safna efnum spítalanna, sem óðum mundi aukast, svo að þau gætu borgað laun læknis, sem fjölga ætti í því amti, sem spítalinn er. Mæli eg þetta einkum í tilliti til Hallbjarnareyrar hospítals, hvar eg er kunnugur að nokkru, og eg meina, að flestir ómagar, sem á spítalanum hafa framfærzt til þessa, hafi verið frá syðstu sýslunum í amtinu, einkum frá Mýra og Snæfellsnessýslum.

Stephán Jónsson: Eg vil minnast á það, að þar sem þingmaður Barðstrendinga talaði um kálið, þá mun það enn fremur vera svo kallað skarfakál; það hefi eg líka heyrt að sè góð fæða holdsveikum.

Jakob Pètursson: Það er búið að ræða svo mikið með og mót því, að sameina alla spítalana í landinu í eitt sjúkrahús í Reykjavík, og um kosti og lesti á því framvegis, að eg treysti mèr ekki til að bæta þar við neinum gagnlegum athugasemdum, en leyfi mèr einasta að svara spurníngu þess heiðraða framsögumanns, hvort ekki sè þörf að fjölga læknum í landinu. Þetta tel eg vafalausa nauðsyn; eg tek til Þingeyjarsýslur, hvar nú er einginn læknir, en í þeim teljast hèr um bil 4280 manns, en sýslurnar eru báðar meir en 5 þing-

mannaleiðir beinasta veg af Lánganesi á Eyjafjörð; má því með fullum sanni segja, að 2000 af þessu fólki geta ekki notið bráðrar læknishjálpar, hvað sem viðliggur, vegna fjærlægðar. En vildi þingið nú fallast á uppástúngu minni hluta nefndarinnar, að skipta Möðrufells spítalajörðum fyrir konúngs jarðir Norðurþíngeyjarsýslu, og gjöra þær, eða eina þeirra, að læknissetri og hæli holdsveikra, væri áður nefndum vandræðum æskilega afundið.

Til læknis- og spítala-seturs, tel eg bezt kjörna jörðina Skóga í Axarfirði, sem til fárra ára hefir verið sýslumanns setur, en að líkindum verður ekki framvegis; það er bezta jörðin í þeirri sýslu, vel að húsum farin, líka stendur þar nýbygt timburhús, þó ekki tilheyri það jörðinni; mundi minna kosta að kaupa það, en byggja. Þessa jörð ætti læknirinn að fá leigufría, og sè hann íslenzkur, sem ætti að vera, væri honum hollari ábúð hennar, en 100 rbd. laun á óhagkvæmu aðsetri; hann mætti líka fá 100 rbd. árlega af efnum spítalans, og tel eg það lítinn halla frá því sem nú er, þegar meðgjöf þeirra holdsveiku spítala-lima væri ekki reiknuð hærra, en góðu hófi gegnir.

Ásgeir Einarsson: Þó eg standi nú loksins upp til að minnast á fáein atriði, sem fram hafa verið færð í þessu máli, óttast eg, að eg ringlist í þeim. Sumra umræður hafa farið á annan veg, en mèr gat dottið í hug, og mèr virðast þær hafa farið bæði fram og aptur fyrir aðalatriði málsins. Sumir vilja efla til þess, að halda við enum gömlu spítölum, og stundum taka þá burt af þeirra gömlu stöðvum, og setja þá á aðra staði, og halda, að á þeim læknist holdsveiki að mestu af sjálfu sèr; en af sumum umræðum er að heyra, eins og menn sèu nú þegar farnir að lækna hana og útrýma henni, en stundum er sagt hún hafi aldrei orðið læknuð. Þegar menn ræða um mikilvæg mál, held eg eigi að skoða höfuðatriði þeirra fyrst, og síðan smágreinirnar. Þegar byrjuð er einhver mikilvæg breytíng, verður fyrst að tala um, hvort hún sè nauðsynleg, þar næst hvort útlit sè til, að það, sem menn vilja setja í stað hins gamla, verði betra, og svo hvort efni og kríngumstæður leyfi framkvæmdina; en þegar þetta er búið, er kominn tími til að hugsa um fyrirkomulag ens nýja fyrirtækis. Þessa stefnu held eg að meiri hluti nefndarinnar hafi haft fyrir augum, og virðist mèr, að hugir margra þíngmanna sèu farnir að stefna í þá átt, og að

minnsta kosti fallist á tvö en fyrstu atriði nefndarálitsins, eins og sá heiðraði þingmaður úr Dalasýslu hefir mælt; hitt þykir mèr, enn sem komið er, efasamara, hvort meiri hluti þingsins fellst nú þegar á að biðja um, að spítali verði settur í Reykjavík. Mèr finnst, eins og sumir hafi eitthvert vantraust á að setja þjóðstiptanir í Reykjavík, og getur það verið sprottið af því, að mörgum mun hafa verið ógeðfeld skólafærslan þángað, og, ef til vill, lízt ekki vel á það enn. En reyslan er ekki enn búin að sýna til hlítar afleiðíngar þess, en getur orðið búin að því betur, áður en farið yrði að fullgjöra að setja áminnztan spítala, því þó ekki verði fallizt á nema tvær hinar fyrstu uppástúngur nefndarinnar, geta menn síðar fallizt á að byggja spítala, eptir nákvæma yfirvegun. Eg samsinni því, sem hinn virðulegi þingmaður úr Barðastrandarsýslu sagði, að menn í hans sýslu hefðu ekki haft í lángan tíma neitt gagn af Hallbjarnareyrar - spítala, því sama er mèr kunnugt um Ísafjarðar og Strandasýslur, þykir mèr hann því ekki sá dýrgripur, sem fast ætti að halda í, þegar hann yrði brúkaður til einhvers betra, því nú álít eg hann einúngis byrði þeim, er til hans gjalda, en hafa ei neitt gott af honum. Mig furðar, hvað sumir eru mótfallnir því, að aftaka spítala þá, sem eru, og getur það verið sprottið af því, að menn haldi, ef fè þeirra væri varið til að byggja spítala í Reykjavík, þá mundu hèröð þau, sem goldið hafa til spítalanna, hafa að tiltölu minni not hins nýja spítala, en Reykjavikur innbúar; en þetta getur ei minni hluti nefndarinnar óttazt, því varla getur öðrum verið sárara til sjúklínga í Reykjavík, ef nokkrir eru, en honum, því hann mun optast allra þingmanna hafa heyrt vein þeirra, en það furðar mig mest, hvað minni hluti nefndarinnar hefir fært til þess mörg rök, að sjúklíngar mundu ekki vilja leggja sig inn á spítala, því holdsveikir menn mundu olla þeim mikils viðbjóðs. Þetta get eg nú ei sannfærzt um, því eg hefi ætíð orðið þess var, að sjúklíngar vilja vinna allt til heilbrigðinnar, sem þeim er mögulegt; eg ímynda mèr líka, að holdsveikir yrðu ei hafðir í sama herbergi og aðrir sjúklíngar; minni hlutinn hefir líka haldið, að menn vildu ei vinna til meðala, að kaupa þau dýrt, en það gagnstæða hefir reynslan sannfært mig um, því eg veit, að margir hafa kostað miklu til að fá bót heilsu sinnar, og nokkrir þíngmenn hafa getið þess, hvað menn séu ákafir að leita góðra lækna, og er það eðlilegt. En þar sem fáir leita

læknis, held eg það sýni annaðhvort vantraust á lækninum, eða að hann með lángvarandi dugnaði sè búinn að eyða flestum sjúkdómum í umdæmi sínu.

Biskup H. G. Thordersen: Af því eg sè, að einginn stendur nú upp og tekur til máls, þá vil eg fara nokkrum orðum um þetta mál, með því líka eg var einn af þeim, sem kosinn var í nefnd þá, er þetta málefni hafði á hendi, og ætla eg þá að skýra frá þeim aðalatriðum, sem nefndinni stóðu fyrir hugskotssjónum, og þeim þánkagángi, sem eg gjörða mèr um þetta mál.

Fyrst var það tekið sem víst, að læknaskipun hèr í landi væri mjög svo áfátt, og að hún naumast samsvaraði þeirri virðíngu, sem mannkynið á skilið, og það gleður mig, að margir þíngmenn hafa rædt á þá leið, að þeir mega álítast þessu samdóma, og mun varla nokkrum manni efi á því, að svo sè rètt álitið. Þegar nú laga skyldi læknaskipun þá, sem er, þókti liggja beinast við, að fjölgað yrði læknum á landinu, og virtist sú ósk hófleg, og ei minnu farandi á flot, en að einn læknir feingist fyrir hverja sýslu; með þessu fylgdi enn þá annað atriði, er ekki þókti mega slíta frá hinu undangeingna, og það var, að læknar þessir gætu flestir, eður þó heldur allir, orðið innlendir eður innfæddir menn. Þessi tvö höfuðatriði virtust mèr svo löguð, að eg varð að gefa þeim mína skýlausa samsinníngu, og eg áleit allt nefndarálitið bygt á þessu. Nú vil eg invirðulega biðja þíngmennn þess, að þeir nákvæmlega skoði huga sinn um það, hvort þeir eru þessum aðalgreinum samþykkir; en þeir, sem það eru, verða líka yfir höfuð að vera á máli nefndarinnar: því þeir, sem vilja það, sem áður er tiltekið, verða líka að vilja það, sem af því leiðir.

Til að geta komið greindum tilgángi eður ósk framm, sá nefndin ei önnur meðöl, en þau, er hún stakk upp á í nefndaráliti sínu, og hún viðurkennir, að þótt hún sæi ekki annan veg, þá geti þó verið, að einhver annar betri vegur sè til, og mundi henni því einkar kært, að þíngmenn þeir, sem henni eru samdóma í aðalefninu, vildu sýna henni fram á einhvern rèttari eður betri veg, til að ná tilgánginum.

Þeir eru enn sumir þíngmanna, sem máske ekki sèu á sömu aðalstefnu og nefndin; þeir meina að vísu, að læknaskipunin, eins og hún er, sè mjög ófullkomin, en vilja einúngis bæta hana að nokkru, svo sem með því að fjölga fá-

einum læknum við spítalana eður þesskonar, og verja þar til þeim efnum sem nú eru fyrir. Við þessa ágreinir nú meira hlutann gjörsamlega, og er það hans meiníng, að þar sem spítalarnir eru búnir að eignazt talsverðan sjóð, sem eykst til muna á ári hverju, þá sè nú kominn tími, sem máske bjóðist ekki jafnhentugur í annað sinni, til að setja læknaskipun hèr á landi á nýjan fót, og vill því, að nú sè gjört ráð fyrir þeirri einni tilhagan, sem sè hin fullkomnasta og bezta, eptir högum og kríngumstæðum þessa lands, svo að farið sè framm á það eitt, sem sè til lángvinnra nota fyrir alda og óborna, en eigum landsins ekki eydt til einhverra lítilfjörlegra umbóta, sem einkis gætir, þegar frá líður; hann álítur, að nú eigi sú breytíng að komast á þetta mál, sem ekki að eins sè til smárra bóta, heldur sè veruleg og úrskerandi, eður, eins og Danir komast að orði, „gjennemgribende". Já, eg fyrir mitt leyti vil biðja stjórnina þess, að heldur sè látið standa við það, sem er, og spítalarnir látnir safna sjóði sínum til betri tíma, en að farið sè að verja eigum landsins til slíkra smáumbóta, sem hvorki gjöra byrgt ne óbyrgt. Þessum orðum hefi eg farið, til þess að þíngmenn gætu gjört sjálfum sèr ljóst, hvar þá greindi eður ekki greindi á við nefndarálitið, svo að umræðunum yrði hagað þar eptir; því svo er mál þetta stórvægilegt og merkilegt, að það verður að skoðast í höfuðgreinum þess, en það álít eg til lítils eður einkis gagns, að ræða um hitt eður þetta, sem ekki stendur í neinu sambandi við þess aðalstefnu.

Prófastur Hannes Stephensen: Hinn háæruverðugi konúngkjörni þíngmaður, sem nú ræddi, tjáði þínginu frá hugsun nefndarinnar, er hún gekk að starfi sínu, og mátti hún vera þíngmönnum nokkurn veginn kunn af álitsskjalinu, sem upp var lesið. Játa eg það, að eg finn máske eins vel og einhver nefndarmanna til þarfar lands vors á fleiri læknum og betri læknaskipun, og mun enginn sá hèr innan húss, sem ekki taki undir þetta; en mèr getur eptir allt það, sem skrifað og rædt er um mál þetta, enn þá ekki skilizt, hvernig vilji nefndarinnar, svo hreinn og einlægur sem eg veit hann muni vera, og uppástúnga hennar, svo umfángsmikil sem hún er, bæði í bót læknaskipunarinnar og í fjárheimtunum sè einhlit; því eg verð enn að ætla, að ekki liggi fè þetta laust fyrir, og mundi ekki hrökkva til hálfs, og þarf þá meira að afla. Þar sem hinn mjög heiðraði þíngmaður sagði, að ef menn vildu það eina,

það er að skilja læknafjölgunina, þá yrðu menn að vilja allt, sem þar af leiddi, þá neita eg því fyrir sjálfan mig; hèr er gjört ráð fyrir, að læknaskipun landsins eigi fyrst og fremst að vinnast með því, að svipta þá vesælustu þurfamenn landsins því, sem stjórnin hefir veitt þeim til uppheldis, og landsmenn aukið með árlegum tillögum sínum, og nú er svo vaxið, að nóg er þeim, sem nú eru í landinu með þess kyns kránkleika, til framfæris; en því get eg með eingu móti gefið því samsinni mitt, nè viljað það, hversu innilega sem eg vil ena betri læknaskipun; eg sè og ekki hvar staðar skal nema, ef rètttækar eru spítalanna eignir og gjafameðöl hinna sjúku fátæku: eg sè þá ekki, hvað friðar aðrar eignir fátækra manna í landi hèr (nema ef ekki ætti að áseilast nema þá sjúku eina), ef þingið vildi fallast á það. Þó að spítalarnir hafi enn ekki unnið gagn það, sem þeim var ætlað, og þeim enn ekki sè hrundið í lag af þeim, sem stjórn þeirra hafa á hendi, svo góð efni sem nú eru orðin til þess, þá sannar þetta ekki, að þeir geti ekki unnið það, og hljóti að gjöra það með góðri stjórn og tilhögun. Að menn hafa ekki bent til annara betri og geðþekkari hjálparmeðala, til að koma á fætur læknaskóla þessum og sjúkrahúsi, kemur að líkindum af því, að ráðin liggja ekki á hraðbergi til fèfánga í þessu fátæka landi, enda eru menn, ef til vill, ekki fullfróðir orðnir um nytsemina, sem af fyrirtæki þessu leiðir; mèr í hið minnsta virðist stiptan þessi ekki í alla staði sem rèttilegust, og ætla, að hún leiði aldrei til þess, sem hún á að leiða.

Þá tók einginn framar til máls, og sagði því forseti undirbúnings-umræðu þessa máls lokið, en gat þess jafnframt, að landsyfirrèttur yrði haldinn næsta mánudag, og gæti þá fundur ei byrjað fyrr en í fyrsta lagi klukkan 11.

Því næst var fundi slitið.

---

## 2. Ágústí — tuttugasti og sjöundi fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá tveim síðustu fundum lesin og samþykt.

Þá var tekið fram til síðustu umræðu málefnið um uýjan jarðadýrleika á Íslandi. Í máli þessu höfðu verið borin upp svohljóðandi

Breytíngaratkvæði:

Kandídat Jóns Sigurðssonar:

1) að jarðamatinu verði slegið á frest, þángað til frjáls verzlan er komin í fast horf hèr á landi.

og til vara:

2) að beðið verði um nýtt frumvarp til næsta þings, með fullljósum skýrslum, bæði um kostnað, tíma, aðferð og annað, sem þessu fyrirtæki viðvíkur.

Prófasts Hannesar Stephensens (viðauka-atkvæði):

að í 2. grein frumvarpsins, eptir orðin „fyrir hvern hrepp“, verði bætt inn í: „og vinni þeir eið að því fyrir sýslumanni, áður þeir gánga til starfa“.

Prófasts Haldórs Jónssonar (viðauka-atkvæði):

að í 2. grein frumvarpsins, fyrir aptan orðin „3 menn fyrir hvern hrepp“, verði bætt inn í: „helzt af hreppsbændum sjálfum“.

Assessor Johnsens:

1) við 3. grein frumvarpsins: að orðunum, „og aflamagni“, sè bætt við greinina.

2) við nefndarálitið: að jarðabókin verði prentuð, ásamt breytíngum þeim og athugasemdum, sem gjörðar eru við virðíngar jarðanna, þannig, að eitt exemplar sè sent hreppstjóra, sýslumanni og amtmanni hverjum, svo og alþíngi fyrir hvern alþíngismann, með póstskipi árinu áður en að frumvarp til löggildíngar henni verður borið undir alþíng.

Stepháns Jónssonar og Guttorms Vigfússonar:

að endir 4. greinar frumvarpsins eptir orðið „sýslu“, orðist þannig: „en alþíng ákveði, hvernig á endanum skuli setja dýrleika á hverja jörð“.

Framsögumaður: Eg skal nú með svo fám orðum, sem eg get, reyna til að skýra fyrir þínginu þau helztu atriði í þessu málefni, er komu til umtals seinast, þegar það var rædt hèr á þínginu, og skal eg þá fyrst tala um uppástúngu nefndarinnar, og þar eptir um breytíngaratkvæðin. Nefndin hafði stúngið upp á, að í 3. grein skyldi skjóta inn orðinu „sanngjarnlega“ milli orðanna: „jarðir“ og „verða“. Eg fyrir mitt leyti verð nú að viðurkenna, að mèr þykir það á litlu standa, hvort orð þetta kemur inn í texta frumvarpsins, ellegar ekki; því ástæðurnar taka það skýrlega og greinilega fram, að jarð-

irnar eigi að virða eptir meðalhófi, og fyrirbyggja þannig, að sú nefnda grein frumvarpsins, eins og hún er á íslenzku, verði nokkurn tíma svo útlögð, að jarðirnar skuli virða eptir því, sem þær mest geta orðið seldar eptir gæðum sínum. Eg skal því yfirláta það til þingmanna sjálfra, hvort þeir vilja fallast á þessa uppástúngu eða ekki.

Millum 3. og 4. greinar frumvarpsins hefir nefndin stúngið upp á, að nýrri grein yrði bætt við frumvarpið um rannsóknarmenn, sem, líkt og 2. grein í frumvarpinu um virðíngarmenn, ákveði, hvernig þeir skuli útnefnast, og hver störf þeirra skuli vera. Móti þessari grein hafa helzt komið fram mótmæli frá hendi hins hæstvirta konúngsfulltrúa; en eg get þó ekki annað en verið samt á þeirri meiníngu, að þessi grein eigi að koma inn í frumvarpið, því rannsóknarmennirnir eru verulegur partur (integrerende Deel) af þeirri heild, sem stiptuð er til að framkvæma og fullgjöra jarðamatið; og það er að minni hyggju óviðfeldið, og ósamkvæmt góðri niðurskipun, að 4. grein fyrirskipar, að rentukammerið skuli gefa rannsóknarmönnunum erindisbréf, eins og virðíngarmönnunum, og að 5. grein ákveður hinum borgun, eins og þessum, án þess þó að rannsóknarmannanna sé með einu orði getið í frumvarpinu. En hvort fella skuli úr þessari grein það, sem þar stendur um, að þeir skuli eið vinna fyrir sýslumanni, er undir því komið, hvort breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Borgarfjarðarsýslu, um að í 2. grein frumvarpsins skuli verða ákveðið, að virðíngarmennirnir vinni eið fyrir sýslumanni, áður en þeir gánga til starfa, verður samþykt af þínginu ellegar ekki; því verði þetta breytíngaratkvæði samþykt, er það tilhlýðilegt, að greinin um rannsóknarmennina innihaldi líka ákvörðun. Eg fyrir mitt leyti get nú að sönnu ekki álitið þetta breytíngaratkvæði öldúngis nauðsynlegt, þar það skýlaust og berlega mun verða tekið fram í erindisbréfum virðíngarmannanna, að þeir skuli eið vinna, en eg get þó á hinn bóginn ekki annað en álitið það vel til fallið, að sjálft frumvarpið innihaldi þar um ákvörðun; því skyldan til að afleggja eið er mikilvæg og heilög; og ákvörðunin þar um snertir líka réttindi allra hlutaðeigenda, því eiðurinn tryggir jarðamatið. Uppástúnga nefndarinnar um, að hækka laun virðíngarmannanna og rannsóknarmannanna fram yfir það, sem ákveðið er í 5. grein, hefir ekki mætt mótmælum hér á

þinginu; enda munu allir finna, að launin, eins og nefndin hefir stúngið upp á þeim, ekki eru of hátt sett.

Þingmaður Ísfirðinga hefir borið upp 2 breytíngaratkvæði: 1. að jarðamatinu verði slegið á frest, þángað til frjáls verzlun er komin í fast horf hèr á landi; og 2. til vara, að beðið verði um nýtt frumvarp til næsta þings, með full-ljósum skýrslum, bæði um kostnað, tíma, aðferð og annað, sem þessu fyrirtæki viðvíkur. Um þessi breytíngaratkvæði þarf eg ekki að vera lángorður. Þau komu til umtals hèr á þinginu, þegar málið var þar seinast rædt, og virtist mèr þá, sem þingmenn mundu ekki verða neitt fúsir til að fallast á þau, eins og ekki heldur er að vænta. Allir viðurkenna, bæði stjórnin, þjóðin og þingið, að á jarðamatinu liggi, því allir eru á eitt mál sáttir um það, að eingri góðri niðurskipun eða breytíngu verði komið á skattalög og opinber útgjöld landsbúa, nema því að eins, að jarðamatið sè geingið á undan. Menn óska að sönnu sem fyrst eptir frjálsri verzlun, en jarðamatið þarf upp á eingan máta að hindra hana. Það er bæði eðlilegt og nauðsynlegt, að jarðamatsmálið og skattalögin verði að nokkru leyti teingd saman við verzlunarmálið; því stjórnin þarf nákvæmlega að yfirvega, hvern hluta útgjaldanna beinlínis skal leggja á landsbúa, og hvaða álögur leggja skuli á verzlunina. Bæði málefnin þurfa ítarlegrar íhugunar við, og töluverðs undirbúníngs, og að hvorugu þeirra má hrapa. Eg óttast eingan veginn fyrir, að það eina mál tefji fyrir því öðru, heldur hygg eg miklu fremur, að þar flýti hvort fyrir öðru, því margt rekur svo á eptir, að þeim mun ei verða frestað ónauðsynlega. Vara-atkvæði hins heiðarlega þingmanns þykir mèr einnig með öllu óþarft. Jarðamatsmálið hefir nú feingið þann undirbúníng, að ei mun kostur á honum betri seinna. Frumvarpið í þessu máli og ástæður þess, hafa nú verið í höndum þingmanna síðan þingið byrjaði, og þeir hafa því haft nægan tíma til að yfirvega það; og þar sem nú, frá svo mörgum hyggnum mönnum úr öllum hèröðum landsins, ekki eru framkomnar neinar verulegar athugasemdir, er neitt töluvert hafi getað skýrt málið, og enn síður breytt því í þess höfuðatriðum, þykir mèr þetta vera sönnun fyrir því, að málið sè nú svo vel útbúið frá stjórnarinnar hendi, að ei mun vera kostur á, að það verði betur, þó málið dragist leingur. Kostnaðinn til jarðamatsins er ómögulegt að ákveða nákvæmlega fyrir fram, því þar til útheimtist,

að menn gætu fyrir fram vitað, hvað marga daga muni standa á jarðamatsverkinu; en það verður eins ómögulegt seinna, eins og nú. Um aðferðina við jarðamatið munu í erindisbréfunum verða gefnar svo skýrar reglur, að þær munu ei heldur fást greinilegri síðar. Það er því bæði ónýtt og óþarft, að slá jarðamatinu á frest af þeim orsökum, sem sá heiðraði þingmaður hefir fram talið; og þingmenn mundu, eins og eg hefi áður sagt, koma í mótsögn við sjálfa sig, ef þeir færu að óska eptir slíku. Hinn heiðraði konúngkjörni þingmaður hinnar andlegu stèttar hefir fram komið með það viðauka-atkvæði, að virðingarmennirnir skyldu takast helzt af hreppsbændum sjálfum. Þetta atkvæði þykir mèr nú ekki heldur öldúngis nauðsynlegt, því frumvarpið bindur ekki sýslumanninn við, einúngis að taka hreppsbændur til jarðamatsins; en á hinn bóginn felli eg mig þó vel við þetta atkvæði, því það bendir skýrlega á það, sem í þessu efni á að vera aðalreglan, nefnilega, að taka hreppsbændur til virðingarinnar, þegar þeir eru kunnugir og vel hæfir, en að sýslumaður megi þó, þegar skortur er á nógu mörgum hæfilegum mönnum í hreppnum sjálfum, hvað bera kann til, helzt í litlum hreppum, taka utanhreppsmenn til matsins; því opt kann svo við að bera, að utanhrepps sè að finna þann mann, sem greindari sè og betur fallinn til jarðamatsins í einum hrepp, en kostur er á í hreppnum sjálfum. Hinn heiðraði varaforseti hefir stúngið upp á því, að orðunum, „og aflamagni“, verði bætt við 3. grein frumvarpsins. Eg hefi áður sagt, að mèr þækti þessi viðauki ónauðsynlegur; því þetta orð mun naumast vera öllum ljóst, og þar að auki óttast eg fyrir, það kunni að leiða suma menn á villuvegi, því þeir kynnu að halda, að það miðaði til þeirra krapta, sem fólgnir eru í jörðunni til að gefa meiri ávöxtu, þegar hún feingi betri rækt. Varaforsetinn hefir enn fremur stúngið upp á, að jarðamatsbókin yrði prentuð fyrir fram og send hverjum hreppstjóra, sýslumanni, amtmanni og alþingismanni í landinu. Þetta virðist mèr vera tómur óþarfi, því eg veit ekki, hvað allir hreppstjórar ættu með hana að gjöra; þetta er því líka til að draga jarðamatið og auka töluverðan kostnað, án þess nokkur ávinníngur verði í aðra hönd. Loksins hafa alþingismennirnir frá Eyjafjarðar og Norðurmúlasýslum stúngið upp á því, að í 4. grein frumvarpsins skyldi verða boðið: að alþíng ákveði, hvernig á endan-

um skuli setja dýrleika á hverja jörð. Á þetta atkvæði get eg upp á eingan máta fallizt. Eg held það sè svo umfángsmikið og vandasamt verk, að gjöra jarðamat, eður setja dýrleika á hverja jörð á Íslandi, að alþíng ekki geti það á heilum mánuði, þó það hefði ekkert annað að starfa, enda held eg líka, að fáir af þíngmönnum sèu þesskonar störfum svo vanir eða til þeirra færir. Að finna hið rètta meðalhundrað, og ákveða þar eptir, hver hæfileg sè hundraðatala á öllum jörðum í landinu, er ekkert áhlaupaverk, og útheimtir nákvæmari yfirskoðun allra virðíngargjörðanna, meiri yfirlegu og nákvæmari útreiknínga, en menn máske hugsa. Hèr þarf, eptir því sem eg ímynda mèr, en eg hefi nú máske ekki ljósa hugmynd um þetta, að sjá og skoða, hvað mörg hundruð svari til hins rètta meðalverðs, og hvað mörg aptur sèu dýrara og hvað mörg ódýrara metin í öllu landinu; og að finna þetta rètt og nákvæmlega, að því er án efa ekki svo auðgeingið, sem margir þíngmenn máske hyggja. Eg held því það fari bezt, að þetta umfángsmikla vandaverk sè falið á hendur rentukammerinu, eins og til er ætlazt í 4. grein frumvarpsins, en að þínginu sè það of vaxið, af því það vantar til þess bæði færa menn, tíma og áhöld. Mèr virðist atkvæði þetta vera sprottið af þeim ótta, að rentukammerið muni setja hærri hundraðatölu á jarðirnar í landinu yfir höfuð, en góðu hófi gegnir, en eg ætla, að fyrir þessu muni ei þurfa að óttast. Nefndin, sem undirbjó jarðamats og skattamálið í Reykjavík, yfirvegaði þetta atriði, og yfirfór þær jarðabækur, sem hún hafði undir hendi; hún hèlt, að hundraðatalan á jörðunum, yfir höfuð, mundi lækka töluvert, en ekki hækka, og hún hafði fyrir sèr töluverðar ástæður; og eg held nú líka, að jarðamatið muni leiða til þess, að hundraðatalan muni heldur lækka en hækka, og allra sízt hækka fram yfir það, sem hún nú er. En hvað sem um það er, þá gjörir þetta lítið til sakarinnar, ef jöfnuður á dýrleika jarðanna innbyrðis verður, sem eg vona, betri en áður, eptir hið nýja jarðamat; því verði hundraðatalan lág, verða fleiri skildíngar lagðir á hvert jarðarhundrað, en verði hún há, verða skildíngarnir, sem á leggjast hvert hundrað, færri. Eg held því, að þíngið ætti ei að aðhyllast þetta breytingaratkvæði, því þar með tekst það á hendur þann vanda, sem það ekki er fært um að leysa af hendi.

Jón Samsonsson: Þó hèr hafi nú, við undirbúnings-um-

ræðu þessa máls, margt verið fram tekið af því nauðsynlega, sem heyrir til jarðamatsins, eður erindisbrèfs þeirra manna, er virða eiga jarðirnar, er þó enn ekki framtekið um þau fleiri eður færri kúgildi, sem flestöllum jörðum nú fylgja. Þessi kúgildi vilja sumir álíta sem einn part af sjálfri fasteigninni, eður sem uppbót jarðanna, og með þeim tíunduð; að þau sèu uppbót jarðanna fyrir aðra en eigendur jarðanna sjálfra, það skil eg ekki, því fyrst gjalda leiguliðar meira eptir kúgildið en hvert eitt jarðar hundrað, og svo gjalda þeir líka eptir þau jarðar hundruð, sem kúgildin framfærast á; eg get nú ekki álitið þau með fasteigninni, eg held þau ættu að teljast með öðru lausafè, þegar tekin er alþíngiskostnaðurinn af lausafènu að ¼ parti; það má líka sjá, að þegar jarðir eru seldar, þá eru kúgildin seld á parti, og rèttast held eg, að kúgildin væru af tekin. En það er þá sjálfsagt, að ekki má neita fasteignarmönnum um þá landskuld af jörðum þeirra, sem samsvarar rentum af virðíngarverði jarðanna, eður þeirri gömlu forngildu, sem voru 12 áln. af hverju hundraði.

Annað atriði vildi eg minnast á, sem mèr sýnist að lagt geti hindrun í veginn fyrir virðíngu þeirra jarða, sem nú standa í þrætu og óvissu um landamerki, og svo stendur sumstaðar á í Skagafirði nú; eg hefi beðið hinn heiðraða þíngmann Ísfirðínga, fyrir hönd margra klausturjarða landseta í Skagafirði, um afskript landamerkjaskjala fyrir þeim jörðum og fleirum; eg vil líka geta þess, að þegar fyrst kom í gáng að semja þar bænarskrá um jarðamat, þá þókti vanta landamerki; eg fèll því upp á að skrifa viðkomandi amtmanni, sem æðsta umsjónarmanni þeirra klausturjarða hèr í landi, um að sjá um útveg skjala, ef til væru, fyrir þeim jörðum; eg er einn af þeirra jarða landsetum, hvers byggíngarbrèf amtið hefir appróberað með þeim skilmála, að eg haldi því undir jörðina, sem henni fylgja ber, þó eg viti ekki, hvað það er annað, en tún og eingi. Upp á þetta mitt brèf til amtsins fèkk eg hans hávelborinheita náðugasta leyfi til að útvega sjálfur áminnzt skjöl á viðkomandi stöðum.

Framsögumaður: Eg álít það vera öldúngis efalaust, að kvíildin ekki eigi að meta með jörðunum, því þau eru ekki framar einn partur af jörðunni eða heyra til gæða hennar, en sèrhver annar peníngur, er framfleytist á henni. Að þau nú eru tíunduð með jörðunum, er sprottið af allt öðrum orsökum,

og kemur þessu máli ekkert við; því eins og nú er ástadt, er ekkert á móti því, að landsdrottnar og leiguliði sín á milli semji um, að hinn fyrrnefndi taki kvíildin heim til sín af jörðinni, en landsetinn gjaldi eins mikið eptirgjald eptir jörðina, eins og áður voru kúgildisleigur og landskuld til samans; því gæði jarðarinnar breytast ekkert við þetta, og ábúandinn getur nú haldið svo miklu meiri peníng á jörðinni, eins og kvíildunum nemur; og það, sem hinn heiðraði þíngmaður talaði um tiundir, gjörir einga breytíngu á þessu máli: því eg held, að hið nýja jarðamat eigi einga breytíngu að gjöra á tíundar-gjaldinu, og líka, að nauðsynlegt verði, að taka það bráðum af með öllum þeim ójöfnum, sem á því eru, en ákveða í staðinn fyrir það nýjan skatt, sem á sè lagður með meiri jöfnuði. Eg skal nú, við þetta tækifæri, nefna 2 atriði, sem fram hafa komið í umræðu málsins, hverra eg ekki mintist áðan, nefnilega landaþrætu-stykki og um höfuðbýli og hjáleigur. Hvað nú landaþrætunum viðvíkur, þá er tvent tilfellið með landaþrætustykkin: annaðhvort eru þau svo lítil (og þetta ber mjög opt við), að þau taka eingu verði, og til einkis er að virða þau, ellegar þau eru svo stór, að þau taka álitlegu verði, og þá getur þeim aptur verið hagað með tvennu móti: annaðhvort er þrætu-plázið brúkað frá annari jörðinni, þó annarar jarðar vegna sè gjört tilkall til þess, og þá er eins hægt að virða það með þeirri jörðu, sem brúkar og hefir brúkað það í lánga tíð; ellegar báðar brúka þrætustykkið, annaðhvort af því það er einúngis beitarland, svo að peníngur geingur þar misgaungu, ellegar það eptir samníngi er slegið sitt sumar frá hverri jörðinni, ef það er slægjuland. En þó virðist mèr hentugast, að virða þrætupartinn sèr í lagi, og leggja helmíng verðs þess til hverrar jarðar, en síðar meir allt til þeirrar jarðar, sem að lokunum vinnur það. Hvað höfuðbýli og hjáleigur snertir, þá held eg rèttast, eins og *ástæðurnar* til frumvarpsins til ætla, að virða slíka jörð alla í einu, af því það leikur opt á lausu, og breytist á ýmsa vega, hverjar af hjáleigunum í hvert skipti eru bygðar eða ekki; en þó held eg væri rèttara, að virða hverja hjáleigu líka sèr í lagi, og setja virðíngarverð og hundraðatal þeirra síðan innan línunnar, svo að sæist, hversu mikið af skatti þeim, sem lagður verður á alla jörðina, ætti að lenda á hverri hjáleigu; því eg held, að aðgángurinn um skattinn af hjáleigunum ætti að vera að hjá-

leigumönnunum, en ekki að höfuðbýlismanninum, sem opt kann að vera efnaminni en hinir.

Kandíd. Jón Sigurðsson: Eg verð að fara fám orðum um breytingaratkvæði þau, er eg hefi borið upp í þessu máli.

Hið fyrra atkvæði mitt er bygt á því, að eg óttast, að stjórnin ætli að hafa þá aðferð, að koma fyrst á jarðamati, því næst taka skattamálið, og seinast koma á verzlunarfrelsi; en eg vil ætla réttara að hafa gagnstæða aðferð. Þingið óttast nú ekki þetta, eins og eg, og eg get ekki fært neinar sönnur á mitt mál í því tilliti, en reynslan verður að sanna, hver réttari ímyndun hefir.

Hið annað atkvæði er bygt á því, að hér hafa að minni ætlun eingar skýrslur til hlítar komið fram svo ljósar, sem mér þykir þurfa til að byggja á þá fyrirætlun, að leggja út í slíkt vandamál. Því leingri sem umræðurnar hafa orðið, því ljósara er það fyrir mér, að menn hafa ekki fullkomna hugmynd um fyritæki þetta. Hinn virðulegi framsögumaður vildi ætla, að fullljósar skýrslur væri fram komnar um þetta mál, og vildi sanna það með því, að ekkert hefði framkomið á þinginu því til skýringar; en eg leiði af þessu hið gagnstæða: að þingið hafi ekki vel skýra hugmynd um málið. Það er að vísu gleðilegt fyrir stjórnina, að sjá það traust, sem þingið lætur í ljósi til hennar, að leggja það til, að slíkt verk verði byrjað, án þess það hafi neitt áreiðanlegt fyrir sér um helztu merkisatriði málsins, heldur sé það allt á stjórnarinnar valdi. Það er gott að trúa stjórninni, en eg kalla þetta að trúa henni betur en sjálfum sér; eg ætla ekki að eigna mér þann fullkomleika, sem eg ekki hefi; eg trúi hvorki stjórninni né neinum manni betur en sjálfum mér: þess vegna get eg ekki heldur gefið atkvæði mitt með frumvarpinu, eins og það er nú.

Hinn virðulegi framsögumaður vildi gjöra það að mótsögn, ef þingið vildi fella frumvarpið, en menn óskuðu alment jarðamats hér á landi; þetta sé eg ekki að sé neitt hvað mót öðru. Eg óska einnig lagfæringar á jarðamatinu, en eg óska þess ekki hvernig sem á stendur, eða hvernig sem það er undir búið, heldur vil eg það sé bygt á greinilegu og ljósu ráðlagi. En hér vantar þetta allt, eptir því sem mér getur ítrast fundizt: kostnaður er ekki lagður niður, tíminn er óákveðinn og kominn undir aðferðinni; aðferðin er eins óviss, sinn hefir stúngið upp á hverju atriði, og viljað koma því í erindisbréf

matníngarmanna, sumir vilja um eingar reglur tala, og mèr er orðið það allljóst, að við annað eins mat, og þetta lítur út til að verða, ætti eingar reglur að vera, því það kemur allt undir áliti matníngarmanna og greind. Og hverjir eru þá matníngarmenn? það eru 3 menn úr þeim hrepp, sem matið fer fram í, hinir tveir, sem eru úr öðrum hrepp, eru minni hluti; sýslumaður á að vera með, en hann hefir ekki atkvæðisrètt, prestur á einnig að vera með, en hefir ekki heldur atkvæðisrètt. Það er því allt undir þeim 3 hreppsmönnum komið, og því, á hvað þeir geta fallizt af hinna ráðum.

Að minni ætlan er því fullnóg ástæða til að heimta ljósari skýrslur um málið, og hugsa það betur, áður en lagt er út í þetta vandaverk.

Framsögumaður: Eg þarf ekki að svara mörgu upp á ræðu hins heiðraða þíngmanns, er nú settist niður, því eg vona, að hann hafi eingum talið hughvarf með ræðu sinni. Hann talaði um, að jarðamatið skyldi framkvæma af 3 mönnum úr hreppnum og 2 utan hrepps, og áleit þessa aðferð vera mjög ófullkomna. En eg gæti vitað, hvort nokkur betri aðferð yrði seinna fundin. Eg verð að efa það, og hinn heiðraði þíngmaður hefir eingar nýtilegar bendíngar gefið í þessu tilliti. Það skyldi þá vera það, að þá 2 menn vantaði til jarðamatsins, sem hann vildi láta ferðast erlendis. En eg efast um, að margir beri mikið traust til þeirra; og hvaðan ætti ferðakostnað þeirra að taka? Eg óttast ekki, að jarðamatið hindri verzlunarfrelsi, og hefi áður fært ástæður til þess, sem enn þá standa óraskaðar. Eg get ekki heldur viðurkent, að jarðamatsmálið sè nú svo illa undirbúið, að nokkur von sè til, að það verði það betur seinna. Hèr eru svo margir skynsamir menn samankomnir, og hafa haft svo lángan tíma til að yfirvega þetta mál, að þeir hefðu getað sèð misfellurnar á frumvarpinu, hefði þær verið miklar, og bent þínginu til þeirra. En þetta hafa þeir ekki gjört. Hèr hefir einúngis verið bent á einstöku smáatriði, sem lítils eru umvarðandi, sem virðíngarmenn bezt geta sèð, þegar meta skal hverja jörð, og sem auðveldlega geta skipazt undir þá höfuðflokka, sem tilgreindir eru í ástæðunum. Það er annars varúðar-vert, að upptelja slík smáatriði mjög smásmuglega, því virðíngarmenn kynnu þar með að leiðast til að halda, að þau væru ekki upptalin svo sem til dæmis, heldur væri það ásetníngurinn, að telja þau

upp svo fullkomlega, að ekkert væri eptir; en þvílík upptalning er eptir hlutarins eðli öldúngis ómöguleg.

Stephán Jónsson: Eg ætla ekki að svara því, er sá heiðraði framsögumaður talaði um það, er orsakað mundi hafa breytíngaratkvæði mitt og þíngmannsins úr Norðurmúlasýslu, eða afleiðíngar þær, er hann hèlt þar af mundu rísa; því meiníng orðanna, í sambandi við alla greinina, lýsir því berlega, að einúngis deilirinn, eða eptir hvaða deilir gjöra skyldi jarðadýrleikann, er meintur. Þó framsögumaður haldi, að það standi hèr um bil á sama, hvort hundraðatalið verði hátt eða lágt, þá þykir mèr það miklu skipta; því þó ástæður hans um skattinn sèu gildar, þó kóngstíundin legðist til skattsins, þá eru þó samt 3 tíundir, sem hvíla á jarðadýrleikanum, og þó þessum tíundum verði einhvern tíma breytt, getur orðið lángt þess að bíða. Hundraðatal það, sem nú er á jörðum, held eg margir álíti hæfilegt; og mundi það því mega halda sèr, þegar jarðir verða metnar að nýju, því ójöfnuðurinn er það, sem allir kvarta yfir. Þó nú, sem skeð getur, yrði nokkur ójöfnuður milli prestakallanna við nýtt jarðamat, þannig, að tíundir stigi niður í einu, en upp í öðru, þá held eg hægt væri að jafna það milli hlutaðeigenda.

Framsögumaður: Það getur eingin ástæða verið til þess, að þíngið skyldi óska þess starfs í sínar hendur, að ákveða jarðadýrleikann, þó tíundargjaldið nú liggi á jörðunum. Hið nýja jarðamat mun, eins og eg áðan sagði, vart verða látið hafa verkun á tíundargjaldið, og líklega mun það, áður lángt líður, verða aftekið, og annar hæfilegri og jafnari skattur lagður á í stað þess.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Hinn virðulegi þíngmaður úr Ísafjarðarsýslu hefir enn haldið skörulega ræðu, til þess að mæla fram með breytíngaratkvæðum sínum í þessu máli. Fyrst og fremst vill hann, að jarðamatinu sè frestað fyrir þá sök, að stjórnin hafi sett verzlunarmálið í samband við jarðamats-málið. Hann heldur víst, að skattamálið verði öllu þessu sameinað, og fáist því ekki verzlunarfrelsi, fyrr en komið sè í kríng bæði jarðamatið og skattalögin, en þetta allt tefji of mjög fyrir frjálsri verzlun, ef hún fáist á annað borð. En þó menn nú gjöri sèr í grun, að þetta sè ætlan stjórnarinnar, og þó menn telji það víst, þá sè eg ekki, hvað með því áynnist, að fresta jarðamatinu; eg held það yrði þá einmitt til

þess, að fresta frjálsri verzlun þeim mun leingur; því þó þingið segði: vèr viljum fyrst fá verzlunarfrelsi, áður vèr byrjum jarðamat, þá mundi stjórnin sitja við sinn keip, og svara: þið fáið einga frjálsa verzlun, eins og vèr höfum sagt, fyrr en jarðamatið kemst í kríng; og mun alþíngi ekki duga að halda til streitu við stjórnina um þetta. Eg get heldur ekki sèð, að það standi á neinu, að fresta jarðamatinu fyrir þessar sakir; það er þó nauðsyn að byrja á einhverju, að leggja hönd á eitthvað, og er þá jarðamatið um fram allt í fyrirrúmi, sem bæði er fyrsti undirbúníngur undir skattamálið, og sem svo brýn nauðsyn er á, og sem allir óska svo ákaft eptir. Annað er það, þó skattamálinu væri frestað, uns verzlunarfrelsi væri á komið, og sèð væri út fyrir, með hvaða kostum það feingist; mèr skilst það vel, að eptir því yrði að nokkru leyti að fara niðurjöfnun skattanna, og fyrir því ekki gjöranda, að ráða neitt af um það mál, fyrr en frjáls verzlan væri feingin. Vara-atkvæði ens sama heiðraða þíngmanns get eg heldur ekki fallizt á, og verð eg að skírskota til þess, er eg mælti gegn því í undirbúnings-umræðu máls þessa; eg verð enn þá að vera fastur á því, að þó aðferð sú, sem hèr ræðir um, leiði máske ekki til svo fullkomins jarðamats, sem menn gætu æskt sèr, þá sè þó ekki búið að sýna fram á aðra tiltækilegri. Eg skal fúslega játa, að jarðamatinu muni verða í mörgu ábótavant, eins og nú er undirbúið með frumvarpi þessu og umræðum; eg viðurkenni, að það muni ekki geta átt sèr lángan aldur, en eg tel víst, að ekki verði bætt úr þeim brestum, þó farið verði að biðja um nýtt frumvarp, þó farið verði að taka aðra aðferð kostnaðarmeiri og seinlegri, en þó jafn tvísýna; eg ítreka það enn, að hvaða aðferð sem menn nú fara að hafa, þá getur þetta fyrsta jarðamat aldrei orðið öðruvísi en svo, að það verði undirbúníngur og greiðari leið til annars fullkomnara jarðamats síðar, og því kemur fyrir ekkert, að fresta því, nè að hafa við aðra aðferð seinlegri og kostnaðarsamari.

Eg get eingan veginn verið hinum heiðraða framsögumanni samdóma í mótmælum hans gegn breytíngar-atkvæði þíngmannanna úr Norðurmúla og Eyjafjarðarsýslum; mèr finnst það atkvæði með öllu samkvæmt 2. aðaluppástúngu nefndarinnar, að alþíng fái jarðamatsbókina til yfirlits og endurskoðunar, þegar stjórnarráðið er búið að undirbúa hana, og eg skil ekki, til hvers sú endurskoðun er, og heldur ekki, að þíngið sè fært

um þá endurskoðun, sem um er beðið, ef það þá ekki er jafnframt fært um hitt, að tiltaka, eður gefa tillögur um það, eptir hvaða mælikvarða að ákveða skal hundraðatöluna um allt land; bæði þetta, og viðauka-atkvæði ens heiðraða varaforseta verð eg að álíta sjálfsagt að þingið fallist á; því mèr er spurn: hvað á þingið að gjöra við jarðamatsbókina frá rentukammerinu, og til hvers á þá að biðja um hana, eins og nefndin þó hefir gjört, ef hvorki á að verða tími og tækifæri til að kynna sèr það, sem áfátt kynni að vera í henni, nè ef þingið fær ekki að stinga upp á því, eða víst gefa tillögur sínar um það, hvaða hundraðatal skuli ákveða á öllum jörðum, þegar það er búið að kynna sèr, eptir hvaða mælikvarða og reglum að metið hefir verið jarðagózið um allt land? Eg fyrir mitt leyti verð að álíta alþing eins fært til þessa, eins og stjórnarráðið, og að það þar til eigi fullkominn rètt á því.

Þegar mál þetta var rædt til undirbúnings, lèt hinn háttvirti konúngsfulltrúi á sèr skilja, að það væri vel, ef þingmenn ræddu nokkuð um þau hin smærri atriði, sem gætu orðið stjórnarráðinu til bendíngar, þegar það semdi erindisbrèf virðíngarmanna yfir höfuð, og flokkaði aðalatriði þess, sem mörg smærri gætu átt heima við. Fyrir þá sök tók eg þá fram nokkrar þær athugasemdir, sem mèr og öðrum nefndarmanni bafði helzt hugkvæmzt að virðíngarmönnum bæri annaðhvort að varast eður gæta (þá við sömdum uppkast til reglu um þetta, eptir því sem nefndin hafði falið okkur), og enn fremur reglur, er að því lutu og á þeim athugasemdum voru bygðar. En mèr gleymdist þá að minnast nokkuð á athugasemdir okkar, bæði við hlynnindin og árleg áföll jarðanna, og eg held þó, að þess sè því fremur þörf, sem við því er að búast, að stjórnarráðið fari í þessu efni mest og bezt eptir því, sem tekið er fram í erindisbrèfi jarðamats-nefndarinnar frá 2. Ágúst 1800, og er því uggvænna, að svo verði, þar sem embættismanna-nefndin í Reykjavík 1846 telur þær reglur góðar og gildar, sem þar eru, og segir, að ekki muni verða um þær bætt. En eg held nú, að því sè í mörgu ábótavant, sem um hlynnindi er talað í erindisbrèfi þessu, bæði að reglunum til, eptir hverju eigi að meta þau, og svo eru þau ekki talin nærri öll, sem til eru. Meðal hlynninda má telja: beitutekju, sölvatekju, grasatekju; melinn eður villi-kornið í Skaptafellssýslu vestari; landhlaup fiskjar, þar sem dæmi eru til, að fiskur

hleypur þúsundum saman á land; fugladráp, t. d. fílúng, svarbaks og annara sjófugla, einnig álpta og gæsa í sárum, og fjaðratekju af þeim; mótak, skóg og hellutak, þar sem þetta er til talsverðrar miðlunar; fjár-upprekstur eður afréttar ítak, sem stundum á ein jörð, en margar jarðir verða að nota og kaupa, o. fl. Allra hlynninda ætti virðingarmenn vandlega að gæta; ætti þeir, að minni ætlan, að virða þau sér og arð þeirra, að frádregnum öllum kostnaði og fyrirhöfn við notkun þeirra, álíta hagnaðinn vöxtu frá 4—8 af 100, eptir því sem á hlynnindunum stæði, og staðfestu þeirra eður stopulleik, og bæta því undirstöðu-verði hlynnindanna, sem eptir vöxtum þessum kæmi í ljós, við verð jarðarinnnar sjálfrar, sem metin var eingaungu eptir gæðum sínum.

Annars, sem með öllu er gagnstætt hlynnindum, ættu jarðamatsmenn vandlega að gæta, en það eru árleg áföll, sem rýra jarðirnar og skemma árlega, án þess að fyrir það verði girt með neinu móti. Slík áföll eru helzt: þar sem ár eður sjór brjóta árlega af túnum og slægjum eður góðum högum talsvert land, eður bera grjót upp á það; þar sem skriður falla árlega á tún, slægjur og haga; þar sem sandrok er jafnaðarlega og eyðir rót og grassverði og gróður; þar sem grasmaðkur svo að segja liggur í landi, og fleira þesskonar. Ættu virðingarmenn vandlega að meta allt þetta, sem rýrir og skemmir jörðina árlega, og draga fyrir það nokkuð af verði jarðarinnar, meira eður minna, eptir því sem ástendur.

Þar eg þannig er búinn að telja fram sumpart í undirbúningsumræðunni, en sumpart nú, það sem helzt mátti til umtals koma af reglum þeim, er vér 2 nefndarmenn sömdum, og nokkrir þingmenn mæltust til að prentaðar yrði í þingtíðindunum, þá er eg, fyrir mitt leyti, á því, að það standi ekki á neinu að prenta þær. Þær voru ekki heldur samdar til prentunar, þó eg reyndar telji víst, að svo megi stytta þær og laga, að þær gæti orðið í nokkru nýtar, heldur að eins til þess að ræða um þær í nefndinni, og taka úr þeim inn í nefndarálitið, það sem helzt þækti nýtanda og bezt ætti við.

Framsögumaður: Það mundi þó leiða á töluverðar villigötur, ef fara ætti að telja til höfuðstóls (capitalisere) hlynnindin. Fyrir því verða eingar almennar reglur gefnar, þær er áreiðanlegar séu. Þau eru sjálf margvísleg, og margháttaðs eðlis, og kostnaðurinn til að nota þau er svo margbreytilegur,

að eingar áreiðanlegar reglur verða gefnar fyrir fram til að meta hann. Allt þess háttar geta virðingarmenn bezt og sanngjarnlegast metið eptir kringumstæðunum í hvert sinn. Það er ei heldur til neins að telja upp öll atriði smásmuglega; því hversu nákvæmlega sem hinn heiðraði þingmaður hefir viljað telja þau upp, verða þó ærið mörg eptir. Eg vil taka til dæmis reiðingsveltu; því margur ábúandi hefir af því mikinn arð, að selja reiðinga; og hveri, hvar ekki þarf annað, en setja pottinn á hlóðir til að sjóða mat í, það getur verið mikill eldiviðar sparnaður, sem kemur sèr vel í bágum árum, eins og nú er. Það sem hinn heiðraði þingmaður hefir sagt um jarðabókina, get eg ekki fallizt á; því það er allt annað, að þingið áskori sèr rètt til að ákveða hundraðatal á hverri jörðu, eins og breytingar-atkvæðið fer fram á, hvað eg held þinginu of vaxið, og annað, að þingið hafi jarðabókina til eptirsjónar ásamt lagafrumvarpinu, hvers fylgiskjal hún er, eins og nefndin hefir upp á stúngið, því það kann í mörgu tilliti að geta komið að gagni. Það má líka vera hverjum þeim í augum uppi, sem nokkuð þekkir til þesskonar starfa, að það er einúngis hlutaðeigandi stjórnarráð, sem hefir næga kunnáttu, tíma, áhöld og rósemi til að vinna að svo margbreyttu og vandasömu verki, sem það er, að setja dýrleika á allar jarðir í landinu, en þingið held eg vanti þetta allt saman, svo til hlítar sè.

Assessor Johnsen: Hinn heiðraði framsögumaður hefir enn ekki getað fallizt á, að bætt sè við 3. grein orðunum „og aflamagni," eins og eg hefi mælzt til, og getur ekki skilið, að það tákni annað eða meira, en orðið „gæði", en heldur þó, að næst liggi við, að skilja það um krapta jarðarinnar til afla, þegar hún kemst í betri rækt. Hvern skilníng eg ætla þessu orði annan, en orðinu „gæði", hefi eg þegar sagt við undirbúnings-umræðu þessa máls; en að orðið „aflamagn" hljóti að innibinda í sèr aðra þýðingu, en orðið „gæði", held eg að menn þó geti sannfærzt um, við að lesa ástæðurnar fyrir frumvarpinu, þar sem svo kveður að orði: „nákunnugir bæði aflamagni þeirra (þ.e. jarðanna) og öllum gæðum og annmörkum, er þeim fylgja," og ætla eg það svo sem sjálfsagt, að rentukammerið sjálft eigi mundi brúka bæði orðin þannig aðskilin, ef það eigi hefði haft hugmynd um þýðingu á hverju út af fyrir sig, og vona eg þá líka, að stjórnarráði þessu muni takast að skýra mönnum

þá hugmyndina, sem fyrir því vakti sjálfu, ef mèr eigi hefir enn þá tekizt að gjöra það, eins og vera ber, og hefði mèr þókt fara vel á því, að þriðja orðið „annmörkum“ sömuleiðis hefði staðið í greininni sjálfri. Eigi heldur ætlar framsögumaður það viðauka-atkvæði, er eg hefi kosið mèr við uppástúngu nefndarinnar um, að framleggja jarðamatsbókina fyrir alþíng til yfirskoðunar, eiga sem bezt við, er hann ætlar í fyrsta lagi, að matið dragist sakir míns atkvæðis, en það skilst mèr nú eingan veginn; og í annan stað sèr hann ekki, hvað hreppstjórar eigi að gjöra við bók þessa, en ætlar aptur á mót bæði sýslumönnum og amtmönnum meiri þörf á henni. Eg verð nú að vera á öllu öðru máli í þessu efni, og held, að það sè einmitt hreppstjórar, sem ættu að fá færi á að kynna hreppsbúunum jarðamatið, áður en það er löggilt, eins og eg líka ætla, að það sè tilgángs og árángurslaust, að leggja það fyrir þíngið til ráðaneytis, nema því að eins að færi sè gefið á þessu áður; og það sjá allir, hve torvelt það yrði þínginu, að segja upp nokkurt álit í þessu efni, ef því, eins og nefndin ætlast til, einúngis yrði sent eitt skrifað exemplar; en ætti að skrifa eins mörg exemplör og þíngmenn eru margir, mundi til þess gánga eingu styttri tími og eingu minni kostnaður, en til prentunarinnar; og gjöri eg yfir höfuð ráð fyrir því eina gagninu af að leggja bókina fyrir alþíng, að alþíngismenn, hver fyrir sitt kjördæmi, geti feingið tækifæri til að skýra frá tillögum sýslubúa og sjálfra sín um það, er miður þækti hafa tekizt til, þar sem hver þekkir bezt jarðir og kríngumstæður. Annars verð eg að játa, að eg ekki gjöri mèr von um, að alþíng geti komið neinu töluverðu til leiðar, enda þó þingmenn væru svo undirbúnir, sem eg vilda láta þá verða í þessu efni; því ef fara ætti svo nákvæmlega, sem þyrfti eða þurfa þækti, inn í jarðamatið í sýslunum, mundi það verða meira mál en svo, að þíngið gæti gjört það, svo að verulegu liði kæmi, ásamt öðrum störfum, er því yrðu feingin, og það eigi má vanrækja; og var það því öllu fremur til þess, að láta ekki atkvæði nefndarmanna verða þýðíngarlaust, að eg fór að hnýta mínu atkvæði við það, en af því eg sæi fulla vissu fyrir mèr um, að verða jarðamatinu að miklu gagni með þeim hætti, og er eg líka þess vegna fús á, að falla frá mínu breytíngar-atkvæði, ef nefndin vill falla frá sínu atkvæði, sem það stendur í sambandi við, og læt eg það þá á vald annara þíngmanna, hvort þeir, ef atkvæði nefnd-

arinnar þannig fellur niður, þó vilja nota mitt breytíngar-atkvæði sem sitt, eða ekki.

Að því leyti sem hinn heiðraði framsögumaður enn heldur því fram, að ný grein sè tekin inn í frumvarpið, með þeim ákvörðunum um rannsókn virðínganna í sýslu hverri, sem í ástæðum frumvarpsins standa, þá held eg enn framar, að þetta eigi geti átt sèr stað, ef 4. grein frumvarpsins, eins og nefndin þá líka ætlast til, á að standa óbreytt. Í þessari grein er rentukammerinu áskilið, „að skipa fyrir um það, hvernig fara skuli með virðíngu jarðanna, mótmæli þeirra, er hlut eiga að máli, og rannsókn virðínganna í hverri sýslu.“ Þetta er nú allt hið sama, sem rentukammerið eptir ástæðunum ætlar sèr að segja þeim 5 mönnum fyrir um, að gjöra fyrst um sinn, strax eptir að sýslu-virðíngarnar eru farnar fram, án þess þó að það vilji binda sig einmitt við þær ákvarðanir, eða löggilda þær þannig, að því eigi sè frjálst að breyta út af, ef því þykir þess þurfa, eptir tillögum þíngsins um önnur atriði, sem standa í sambandi, eða þá eptir ítarlegri yfirvegun eða upplýsíngum um það, hvað nauðsynlegt sè, til að rannsóknin geti orðið sem fullkomnust, auk þess að rentukammerið eptir 4. greininni hefir rètt á að skipa fyrir um hin nefndu atriði, upp frá þeim tíma að virðíngarnar eru geingnar um garð, en rannsóknínni á að halda áfram eptir ástæðunum leingra en í hverri sýslu, en það, sem síðan færi fram, yrði að fara á mis við alla verkun, ef hin nýja grein ætti að vera í alla staði bindandi lögmál.

Framsögumaður heldur, að virða megi hjáleigurnar sèr, enn þótt þær ekki eigi útskipt land; það væri mjög æskilegt, ef þessa væri kostur, en eg sè hann ekki. Það yrði þá að vera eptir samkomulagi hlutaðeigenda við jarðavirðíngarnar sjálfar; en bæði held eg, að opt yrði lángt að ná til eða bíða eptir hlutaðeigendum fyrir virðíngarmenn í þessu skyni, og líka ætla eg, að fæstir eigendur mundu vilja binda hjáleigurnar vissum dýrleika á óskiptu landi, eða eptir þeirri brúkun landsins, sem er, þegar virðíngin fer fram, en það mun eigi sjaldnar bera við, að til breytist um brúkun landsins fyrir hjáleigumönnum, og þessari vilja eigendur eiga frjálst að breyta eptir kríngumstæðum. En fyrir virðíngarmenn sjálfa yrði það frágángsmál, að virða það, sem þeir hvorki nè aðrir til fulls vita hvað eða hve mikið er, og er svo opt um haga og slægjuland hjáleignanna,

og sömuleiðis um hlutdeild þeirra í hlynnindum aðaljarðarinnar.

Mig greinir nokkuð á við hinn heiðraða þingmann Skaptfellinga um virðingu hlynninda, yfir höfuð, sèr í lagi. Eg vil eingi þau hlynnindi virða út af fyrir sig, sem eru innan landamerkja jarðarinnar sjálfrar, ekki reka eða sölvatekju fyrir jarðarinnar eigin landi, nè skóg, mótak eða önnur hlynnindi í landareigninni; þar á móti ætla eg það bezt tilfallið, að öll þau hlynnindi, sem þannig ekki eru óaðskiljanleg frá landi jarðarinnar, sè virt út af fyrir sig, til að mynda, ef jörðin á afrètt, ekki áfastan við landið, og einkum öll ítök, hverju nafni sem heita, í annara löndum, og eiga þau einkum margar kirkjur, og er það næsta eðlilegt, að mega selja þau undan þeim, og sömu reglu vil eg láta ná yfir eyjar allar óbygðar og hólma, og hlynnindi þau, sem til þeirra heyra, þar eð opt hagar svo til, að hólmar þessir geta legið eins haganlega undir aðra jörð, eins og þá, sem þeir liggja undir, og ætti þá aðgángurinn að sölu þeirra, og til breytingar á upphæð skattsins af jörðunni að tiltölu, að gjörast svo greiður, sem færi er á; en eg ætlast til, að hlynnindi eða ítök þessi og hólmar sè metnir út af fyrir sig, undir þeim tölulið jarða, sem þeir heyra undir, þegar virðingin fer fram, og að verð þeirra á síðan sè lagt saman við verð jarðanna, en seinna má þá leggja verðið, eða þann dýrleika hólmans eða hlynnindanna sem til svarar, saman við dýrleika þeirrar jarðar, sem hann kann að hverfa til, eða ef hólminn er seldur þeim, sem einga jörð á, eða búlausum manni, má líka heimta skattinn eptir þeim þegar fyrir fram ákveðna dýrleika hans.

Mèr þykir það bera vel undir, að hinn virðulegi þingmaður Skagfirðinga hefir vakið máls á því, hvort innstæðukúgildin ætti að meta í dýrleika jarðarinnar, eða ekki; eg hirði ekki um að mæla með því eða mót, og hefi eg áður látið í ljósi, að það muni eiga við, að taka nokkurt tillit til kúgildanna, eins og landskuldar þeirrar, sem jörðin er byggjandi með. Eptir tilskipun 14. Maí 1834 eru innstæðu-kúgildi allstaðar á landinu álitin tíunduð í jarðartíundinni, ef ekki er talið nema 1 á 5 hundr. hverjum, eða þá, ef öðruvísi er eptir byggingarskilmálum sem voru í gildi 1834, að kúgilda talan þá ekki sè yfir það, sem til er tekið í þeim, og eru þau þannig, með tilliti til tíundarinnar, að álíta sem part úr jörðunni. Eg held

nú að vísu, eins og þingmaður Eyfirðinga, að varla muni breytast til strax um allar tíundir, þó jarðamat nýtt og jarðaskattur komist á, heldur að tilskipunin frá 1834 muni standa óbreytt nokkru á eptir, og allra sízt gjöri eg mèr von um það með hinum heiðraða framsögumanni, að tíundir muni upphefjast að öllu með hinu nýja jarðamati og skattalögmáli, heldur miklu framar, eins og þingmaður Eyfirðinga, að jarðartíundir, þegar tímar líða fram, komist á eptir hinum nýja jarðardýrleika, og verður öllu hægra að koma þeim á, á annan veg, ef jarðadýrleikinn yrði hèr um bil hinn sami samtals í landinu, og eigi minni en hann er nú, og þyki mèr nú vænt um, að heyra það af bændamönnum, að landsbúar mundu una vel við það, því fremur sem nokkur meiníngamunur hefir verið um það milli annara.

Annars ætla eg sú aðalreglan verði affarabezt við virðíngarnar, að virðíngarmenn setji sèr glögt fyrir sjónir, hve miklu verði þeir vildu kaupa jörðina til eigin ábúðar og nota, eptir gæðum hennar, er þeir setja sig í þeirra stöðu og spor, sem hennar gætu notið, eptir hvers eins kríngumstæðum, hvort heldur hún er stór eða lítil, og hvernig sem henni er í sveit komið, og ætla eg, að þau atriði, sem bent yrði til í erindisbrèfinu, ættu að vera þeim til leiðbeiníngar, þegar þeir með þessum hætti eiga að segja upp fullt verð á jörðinni, hvorki of hátt nè of lágt, heldur eptir sem gjöra má ráð fyrir yfir höfuð.

Prófastur Hannes Stephensen: Mèr mun einnig bera að segja ástæður fyrir breytíngaratkvæði mínu í þessu frumvarpi, og um leið vildi og leyfa mèr, að taka fram betur ástæður fyrir nefndarinnar uppástúngum nokkrum, þó framsögumaður hafi gjört það við sumar þær betur, en mèr mundi tekizt hafa. Þar sem framsögumaður sagði, að sèr virtist ekki orðið „sanngjarnlega“, sem nefndin hefði viljað bæta inn í 3. grein, nauðsynlegt, þá er eg fastur á því, að það sè með öllu nauðsynlegt, því hver Íslendíngur, sem les greinina, mun finna, að í orðunum „verða seldar“, liggur þánkinn um hæsta verð; en að það ekki sè meiníng frumvarpsins, er bert af orðum rentukammersins í ástæðunum, og ætla eg þá vel fallið, að greinin sjálf minni virðíngarmenn á þeirra skyldu, sem þeim ber að gæta. Breytíngaratkvæði sjálfs míns við 2. grein, að eptir orðin „fyrir hvern hrepp“, bætist við: „og vinni þeir eið að því fyrir sýslumanni,

áður þeir gánga til starfa", styðst að nokkru leyti við það, hvort viðauka greinin fær með atkvæðafjölda inntöku í frumvarpið, því þá verða þessi orðin í 2.greininni nauðsynleg með öllu, en ekki óþörf, þó greinin feingi ekki inngaungu í frumvarpið; því þykir mikilsvert að vinna eiðinn, að fullverðugt er, að þessarar skyldu virðíngarmanna sè getið í lagaboðinu sjálfu. Ýmsir hafa þar um orð haft, og þar á meðal nú seinast hinn heiðraði varaforseti, að óþarft sè að bæta inn í grein þeirri, sem nefndin stíngur upp á; já, sami maður sagði, að ef henni væri viðbætt, þyrfti að breyta 4. greininni, sem nú er; en fyrst get eg ekki annað sèð, en hin nýja grein sè með öllu ómissandi í frumvarpinu, því rannsóknir virðínganna eru eins þarfar og virðíngarnar sjálfar, og rannsóknarmenn eins verulegir verkamenn við jarðamatið og virðíngarmennirnir, og því þarf þeirra og skyldna þeirra eins að geta í frumvarpinu, og hinna, eigi það ekki að vera vanað; 4. greinin virðist mèr líka bera það greinilega með sèr, að hin á að vera undan farin, því hún talar um virðíngar, mótmæli virðínganna og rannsóknir þeirra, og setur það allt hvað við hlið annars, en rentukammerið eigi að skipa fyrir hvernig fara skuli með; þessi orðin, „skipa fyrir", gefa, að mínum skilníngi, til kynna það instructive við framkvæmd starfa þessara, hvað eitt rentukammerinu er á hendur falið. Enn mælir hinn sami maður fram með viðauka sínum, „aflamagni", og hefir nú samsint framsögumanni, að orð þetta tákni krapt þann jarðarinnar, að gefa af sèr ágóða (Productionsevne), og sjá þá allir, að þetta liggur í orðum frumvarpsins: „eptir gæðum sínum", og að orðið aflamegn er með öllu óþarft og umhlaups; því ekki veit eg betur, en gæði jarðar hverrar sè með öllu samnefnt aflamegni hennar, því sannarlega eru gæði hverrar jarðar í því einu innifalin, að hún gefi einn eða annan ágóða, eg vil taka til það, sem sízt sýnist vera það, og þó nefnast gæði, veðrasæld, en hún eykur líka gróða og ágóða jarðarinnar. Hinn sami maður er enn á því, að ekki verði hjábýlin matin til nýrra hundraða nema með heimajörðinni, og færir það til, að óskipt sè millum þeirra slægjum og beitarlandi, en eg ætla ekkert það býli til vera, sem ekki hafi sitt afmarkaða tún og eingi, en beitarlönd eru víða óskipt, en þar sem víst hundraðatal er á heimajörð og hjáleigum, og það ætla eg allstaðar vera eða þá stöðugt haldið, þar á hjábýlið beitarland að réttri tiltölu; t. a. m. ef heimajörð er 20 hndr.

en hjáleiga 5 hndr., á hjáleigan fimtúng beitarlands, og getur því þessa vegna matizt fyrir sig, og ætla eg það alltíð þarf legt, að svo sè gjört, svo hver viti, hverja byrði hann á að bera. Eg er á máli hans með virðingu fjarlægra ítaka, en hólmar þeir, sem brúkast til slægna eða varps frá heimajörð, eiga með henni að metast.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eg skal ekki tefja þingið leingi í þetta sinn: einasta vil eg lítið eitt reyna til að bera blak af mèr og þingmanni Eyfirðinga, fyrir breytíngar-atkvæði okkar í máli þessu. Það var lángt frá því, að það væri sprottið af nokkrum ótta, eins og hinn heiðraði framsögumaður gat til, heldur er það framkomið af þeim ástæðum, er eg drap á í undirbúníngi málsins, þá eg áskildi breytíngar-atkvæðið, og þar að auki virðist mèr, að þjóðin hefði rèttvísa kröfu til að ákveða sjálf deilírinn (divisor) af þeim ástæðum, að á honum ætla eg grundvallist og hvíli, ekki einúngis sanngirni jarðamatsins, heldur einnig allra skattgjalda og annara útgjalda, er þjóðin á síðan að gjalda og greiða. Sè divisor settur úr hófi lágt, stígur sjálfsagt hundraðatalan máske lángt yfir það, sem nú er; en þar af getur leidt á aðra síðuna, að tíundagjaldið breytist ásamt þeim, og stígi upp, sem olli þjóðinni tilfinnanlegrar byrði; að vísu er eg þess fullviss, að stjórnin muni hafa vakanda auga á því, sem bezt gegnir í þessu, sem öðru, og ætla eg mèr ekki að fara fleiri orðum um þetta breytíngaratkvæði; þíngmenn sjálfir láta meiníng sína í ljósi, og stendur það eða fellur með atkvæðum þeirra.

En það var lítið eitt annað, er eg vildi minnast á. Það kom til umtals við undirbúnings-umræðu máls þessa, hvar og hvernig jarðamatið ætti að framfara; eg lèt þá í líósi þá meiníng mína, að eg áliti það ekki einúngis nauðsynlegt, að það framfæri í hreppunum, er í hvert skipti ætti að meta, heldur einnig, að það væri farið um þá, og að hverri jörðu, jafnóðum og ætti að meta þær; á þessu er eg nú enn, því annars ætla eg þetta jarðamat nái ekki einu sinni inn á að heíta sterfbúsvirðíng; eg veit ekki betur, en að virðíngarmenn í sterfbúinu áliti sèr skylt, hversu sem sterfbúið er annars lèlegt, að fara þángað, sem munirnir eru, sem þeir eiga að meta, og þyrftu þeir þess þó ekki að líkindum, fremur en við jarðamatið, þar sem þeir máske hafa sèð peisuna eða pilsið, og ráma til þess, geta haft hugsjón á, hvernig það muni vera, og hverju

verði það eigi að virðast; sè nú svo, sem víst er, að virðíngarmenn álíti nauðsyn að kynna sèr ásigkomulag smávegis-hluta, áður en þeir virða þá, sýnist ekki minni ástæða til, að jarðamatsmenn fylgi sömu reglum við jarðamatið, sem allir vita hversu áríðandi er; minnist eg þessa í þeim tilgángi, að þessu yrði gaumur gefinn af stjórninni, við samníngu reglna þeirra, er hún gefur fyrir jarðamatinu.

Umboðsmaður Þorvaldur Sívertsen: Það kann að virðast eptirtektavert, að eg ekki hefi talað eitt einasta orð í málefni þessu, hvar eg þó var nefndarmaður, fyrst eg ekki allt af hefi að undanförnu setið þegjandi á stóli mínum. Eg stend nú upp einúngis í því skyni, að rèttlæta þögn mína með því að geta þess, að málið er nú rædt svo út í hörgul, að virðast má sem fullrædt sè úr þessu, og hins, að mótmælum þeim, sem fram hafa farið móti frumvarpinu og nefndarálitinu, er svo ágætlega svarað af enum mikilsvirta framsögumanni og fleirum, að það er ekki á mínu færi, að bæta þar við, og þar eg hefi verið framsögumanni, og er, í höfuð-atriðum málsins samsinnandi, og finn mig eingan veginn færan til þess að skýra það betur, þá hygg eg mèr betur hæfa þögn, en gagnlausa, óþarfa orðaleingíngu um eitthvað, sem hvergi á við, eða búið er áður að útskýra. Eg vildi samt hafa getið þess, að eg verð að vera á meiníngu ens virðulega þíngmanns úr Skaptafellsýslu, viðvíkjandi breytíngar-uppástúngum þíngmannanna úr Eyafjarðar og Múlasýslum; líka vildi eg með fám orðum minnast á reglu þá, er hinn heiðraði varaforseti fór fram á að gefin yrði jarðamatsmönnunum, að þeir virti jörðina, eins og þeir vildu sjálfir fyrir hana gefa; þyki mèr sú regla mjög ísjárverð, og geta opt og tíðum ollað því, að jörðin fái alla aðra virðíngu, en þá, er samsvarar hennar gæðum; eg tek til dæmis, að virðíngarmennirnir, einn eður fleiri, hafi mikla laungun til að eignast eina jörð, sem hefir mikið álit vegna sèrdeilislega góðrar ábúðar eður einhvers annars, og vildu því gefa miklu meira fyrir þá jörð, heldur en aðra, er samsvaraði henni þó að gæðum; þá er eg hræddur um, að virðíngarmenn ættu ervitt með, að útrýma of hárri virðíngar fýsn úr brjósti sèr, ættu þeir að rígbinda sig við þessa reglu; líka getur borið að því, að virða eigi jörð, sem hefir mikil gæði, en á hverri legið hefir það óorð, að enginn gæti blessazt þar, öllum búnaðizt þar illa, því óþrif fylgdu þar hverju strái: sú jörð er eg hræddur um að

yrði of lágt virt eptir gæðum hennar, ætti að fylgja áminnztri reglu.

Framsögumaður: Það er einmitt líka óþarfi, að bæta orðinu „aflamagn“ við í frumvarpinu, af því það er nefnt á 7. bls. í ástæðunum, eins og hinn heiðraði varaforseti á vèk. Nefndin hefir hvorki talað um eptirrit, og enn síður um mörg eptirrit af jarðabókinni, svo að það, sem varaforsetinn hefir sagt um það, á hvergi við. Eg get ekki sèð, að það geti verið nokkrum efa undirorpið, að órètt sè að meta kúgildin með jörðunum; eg hefi áður leidt að því ljós rök. Og víst er það, að kúgildin ekki geta heyrt undir orðið aflamegn, sem varaforsetinn vill hafa tekið inn í frumvarpið.

Forseti: Þar enginn ræðir um málið framar, verð eg að álíta það nægilega rædt, og bið atkvæða þingsins um þessi atriði:

1. Vill þingið óska, að frumvarpið lögleiðist strax með nauðsynlegum breytingum (nefndin), eða að því sè frestað (Jón Sigurðsson)?

   Hið fyrra samþykt með 20 atkvæðum.

2. Vill þingið skjóta inn í 2. grein, eptir orðin, „fyrir hvern hrepp“: „og vinni þeir eið að því fyrir sýslumanni, áður þeir gánga til starfa“ (Stephensen)?

   Samþykt með 15 atkvæðum.

3. Vill þingið eptir orðin í 2. grein „fyrir hvern hrepp, „bæta inn í: helzt af hreppsbændum sjálfum (prófastur H. Jónsson)?

   Samþykt með 19 atkvæðum.

4. Vill þingið milli orðanna, „jarðir“ og „verða“ í 3. grein bæta við orðinu, „sanngjarnlega“ (nefndin)?

   Samþykt með 17 atkvæðum.

5. Vill þingið við enda 3. greinar bæta orðunum, „og aflamagni“ (Varaforseti)?

   Fellt með 22 atkvæðum.

6. Vill þingið bæta inn í frumvarpið milli 3. og 4. greinar nýrri grein, er svo hljóði: (sjá nefndarálitið bls. 505)?

   Samþykt með 17 atkvæðum.

7. Vill þingið í 4. grein (sem nú verður 5. gr.), eptir orðið „sýslu“, orða þannig: „en alþing ákveði hundraðatal það, er þykir mátulegt fyrir skuldsetníng alls landsins (Stephán Jónsson, Guttormur Vigfússon)?

   Samþykt með 17 atkvæðum.

8. Vill þingið hækka borgun þá, er ákveðin er í 5. gr. til virðingar og rannsóknarmanna, frá 1 rbd. til 1 rbd. 32 sk. (nefndin)?

Samþykt með 21 atkvæði.

9. Vill þingið, að jarðamatsbókin yfir allar jarðir í landinu verði send alþingi til yfirskoðunar, um leið og frumvarp það, er á að lögleiða hana hèr á landi, verður lagt fyrir þingið til ráðaneytis (nefndin), eða vill það heldur, að jarðamatsbækur verði prentaðar, og sendar í hrepp hvern til sýslumanna, amtmanna og hvers þingmanns, með póstskipi, ári áður en frumvarpið til löggildingar henni verði borið undir næsta þing (Assessor Johnsen)?

Hið síðara samþykt með 21 atkvæði.

Eptir svarinu til fyrstu spurningar fèllu breytingaratkvæði þingmannsins frá Ísafjarðarsýslu.

Því næst var fundi slitið.

---

## 2. Ágústí — tuttugasti og áttundi fundur.

Forseti tilkynti þinginu, að varaþingmaður Rángárþings hefði forfalla vegna afsakað sig frá að koma á fund.

Þá var framlagt til frumræðu málefnið um endurskoðun á tilskipunum frá 29. Maí 1744, 27. Maí 1746 og tvær tilskipanir frá 3. Júní s. á. um húsaga, húsvitjanir, helgidagahöld og hjónabönd. Tók framsögumaður, kammerráð Melsteð, við skjölum máls þessa, og las upp nefndarálitið þannig hljóðandi:

### NEFNDARÁLIT.

Hið heiðraða alþing hefir kjörið oss undirskrifaða í nefnd, til að segja álit vort um nokkrar bænarskrár, er sendar hafa verið alþingi frá nokkrum hèröðum landsins, í hverjum þess er beiðst, að tilskipanirnar frá 29. Maí 1744, um helgidagahald, 27. Maí 1746 um húsvitjanir, 3. Júní 1746 um húsaga, og önnur dagsett sama dag, um hjónabandsmálefni, m. m., verði endurskoðaðar.

Eptir að nefndin hefir yfirfarið nefndar tilskipanir og íhugað þetta málefni, leyfir hún sèr að segja álit sitt um það á þessa leið:

Það er að sönnu víst, að þær nefndu tilskipanir hafa á

sínum tíma miðað til að efla guðrækni og góða siði hèr á landi, og líka innihalda þær ýmsar ákvarðanir, sem enn þá eru vel fallnar til að ná þeim tilgángi, sem löggjafinn með nefndum tilskipunum hefir haft fyrir augum, einkum væri þær lagaðar eptir vorra tíma þörfum og ástandi; en þessar ákvarðanir eru optast nær sameinaðar öðrum, sem nú eru annaðhvort afmáðar með yngri lagaboðum, eða orðnar svo óhæfilegar og óhentugar nú á tímum, að hvorki er eptir þeim lifað, nè með rèttu verður krafizt, að eptir þeim sè lifað.

Vèr viljum, þessu síðast nefnda til sönnunar, tilgreina fáein dæmi. Tilskipanin frá 29. Maí 1744 §. 8. býður, að hver maður skuli fara til kirkju hvern sunnudag, sem í henni er prèdikað, og ei láta sig vanta, nema mesta nauðsyn banni; og þeir, sem ei koma til kirkju tvo sunnudaga hvern eptir annan á sumrum eða þrjá á vetrum, skulu borga 4 mörk dönsk til fátækra ekkna. Hin 7. grein næst á undan ákveður, að prestar þeir, er þegja yfir slíkum yfirsjónum, og ei klaga þær fyrir yfirvaldinu, skuli borga tvöfalt helgidagsbrot til fátækra prestsekkna, en yfirvöld þau, sem ei framfylgja þessu boði, sæta ákjærum.

Í tilskipun frá 27. Maí 1746 § 1. er það boðið, að prestar þrisvar á ári, komi á hvern bæ og í hvert hús, til að yfirheyra söfnuðinn, og optar, ef sóknin er lítil, eða eingin anneksía heyrir til prestakallsins; og ef prestur vanrækir þetta, skal hann sektast, og sektin leggjast til kenslu fátækra barna.

Tilskipun um húsagann frá 3. Jún. 1746 bannar í 7. grein meðal annars, að fara með þær svo nefndu sögur eða rímur, er ekki sómi kristnum, og heilagur andi hryggist við; og verði nokkur að slíku kendur, skal hann, eptir skeða aðvörun, setjast í gapastokkinn.

Tilskipun um hjónabandsmálefni frá 3. Jún. 1746 § 4., bannar þeim persónum, sem vilja giptast, að búa í sama húsi, fyrri en trúlofan hefir farið fram, og skipar prestinum að hafa tilsjón með, að þessu boði sè hlydt.

Vèr viljum láta þessi dæmi nægja, og höldum óþarfa, að tilgreina fleiri; því sèrhver sá, er les þessar tilskipanir, og ber skyn á, hvernig lög nú á tímum eru samin og eiga að vera samin, svo þau bæði sèu sanngjörn, og ei bjóði annað en það, sem breytt verður eptir, mun næstum í hverri grein

þeirra finna ákvarðanir, áþekkar þeim, er vèr höfum til greint.

Þegar það nú á hinn bóginn er aðgætt, að í hinum ofan nefndu tilskipunum finnast ýmsar ákvarðanir, sem enn þá eiga vel við, sèu þær nokkuð lagaðar, og að mörgu þar að auki þarf við að auka í löggjöfina til að koma hèr góðu skipulagi á, bæði um húsaga, helgidagahöld, húsvitjanir presta, og annað þesshättar, heldur nefndin það sè vafalaust, að nýja löggjöf þurfi um þessi efni, og verður hún því að styðja það málefni, sem í bænarskránum er farið á flot, að sú löggjöf, sem hèr ræðir um, verði bætt og endurskoðuð.

Hvernig þessu bezt verði viðkomið, vill nefndin ekki gjöra uppástúngu um, heldur að eins benda til einstöku atriða, sem hún heldur að í þessu efni ættu að takast til greina.

Þar eð löggjöf sú, sem beðið er um að bætt og endurskoðuð verði, áhrærir það í þjóðlífi Íslendínga, sem eingum er eða getur verið til fullnustu kunnugt, nema þeim mönnum, sem leingi hafa dvalið í landinu, og sem þess vegna eru nákunnugir siðum, framferði, hugsunarhætti og ástandi þjóðarinnar, þekkja, hverjar óreglur helzt vilja smeygja sèr inn, og hvernig bezt mundi að útrýma þeim: svo heldur nefndin, að sú fyrsta endurskoðun hinnar gömlu löggjafar, og hið fyrsta frumvarp til hinnar nýju, yrði að felast á hendur nefnd embættismanna, er nákunnugir væru háttum landsins. Í þessa nefnd virðast oss helzt ættu að kjósast menn, er búa í eður í grend við Reykjavík, svo þeir gætu átt fund með sèr, og talað sig saman um málefnin. Enn fremur hyggjum vèr, að í þessa nefnd ætti að kjósa annaðhvort 2 guðfræðínga og 1 lögvitríng, eður og 2 lögvitrínga og 1 guðfræðíng, er byggju nálægt hver öðrum, og væru búsettir í eða í grend við Reykjavík, þar löggjöf sú, sem endurskoða ætti, bæði snertir veraldleg og andleg málefni. Vèr höldum, að nefnd þessi ekki þyrfti að kosta mjög mikið, því hún mætti geta lokið störfum sínum á einum vetri, þyrfti naumast að eiga mjög marga fundi, en meðlimirnir mundu, eptir samkomulagi, geta starfað hver að sínum kafla í heimahúsum.

Nefndin ræður því, af ástæðum þeim, er nú hefir hún talið, alþíngi til, að biðja allraþegnsamlegast Hans Hátign konúnginn um:

að láta endurskoða og bæta tilskipanirnar frá 29. Maí 1744

um helgidagahöld, frá 27. Maí 1746 um húsvitjanir, frá 3. Jún. 1746 um húsagann, og aðra, dagsetta sama dag, um ýmislegt í hjónabandsmálefnum og móti lauslæti.

Reykjavik, þann 29. dag Júlímánaðar 1847.

H. G. Thordersen. P. Melsteð. Á. Helgason.

Framsögumadur: Eg hefi fáu að bæta við það upplesna nefndarálit. Eg gjöri ráð fyrir, að allir þingmenn verði á eitt sáttir um það, að mikil þörf sè á, að bættar sèu og endur skoðaðar tilskipanir þær, sem álitsskjalið um talar. Þær hafa að sönnu á sínum tíma án efa bætt mikið lögreglustjórn og siðferði hèr í landi; en allir munu samt viðurkenna, að mjög margar ákvarðanir í þeim eru nú á tímum orðnar óhæfilegar, og að það góða, sem finnst í þeim, sè svo blandað þar innan um, að það er ei all-lítið vandaverk, að tína það rètt úr. Mörgu nýju þarf einnig við að bæta, sem breyting tímans hefir gjört nauðsynlegt; og að allt þetta geti einúngis, svo vel sè, orðið gjört af kunnugum mönnum, get eg valla haldið að nokkur áliti efunarmál. Eg held því, að máti sá, sem nefndin hefir bent til í álitsskjalinu, sè ei einúngis sá hæfilegasti, heldur líka sá eini tiltækilegi, því málefni þau, sem tilskipanirnar yfirgrípa, eru sèrstök fyrir Ísland og grípa djúpt inn í þjóðlíf Íslendinga. Þessi aðferð er líka samkvæm þeirri, er stjórnin áður hefir brúkað, þegar líkt hefir á staðið; og eg held, að þessi aðferð þurfi ekki að verða mjög kostnaðarsöm, því þau málefni, sem hèr ræðir um, eru hvergi nærri eins vandasöm og margbrotin, eins og þau störf, er Reykjavíkur nefndinni voru falin á hendur.

Prófastur Hannes Stephensen: Það er mèr sönn gleði, að heyra af nefndaráliti því, sem nú var lesið, að þinginu, er það kaus nefnd í máli þessu, hefir heppnazt að komast á sömu leið og nefndin álítur bezta, og ætla eg þinginu aldrei hafi jafnvel tekizt að kjósa nefndarmenn, því ekki lentu atkvæði að eins á þeim mönnunum, sem þingið átti sèr bezta og vitrasta, heldur einmitt þeim, sem að stöðu sinni eru það, sem nefndin nú dæmt hefir til starfs þessa bezt fallna; en þess meir má þinginu nú bregða í brún, er það sèr von sína svo óheppilega bregðast sèr, er nefndin nú við þinglausnir afhendir málefnið aptur að öllu óbúið eða ekki betur en óbúið, þar sem nefndin stíngur upp á nefnd embættismanna, er

sitja skuli yfir máli þessu missiris tíma, og mundi þingið sízt kjósa að leggja landinu á herðar 1000 til 2000 rbd. byrði, þar sem líkindi eru til, að eingan skildíng þyrfti út að gefa; eg verð því þrátt fyrir uppástúngu nefndarinnar að kjósa mèr það breytíngaratkvæði:

1. að þingið einga bænarskrá sendi konúngi um þetta efni.
2. til vara: að þingið biðji Hans Hátign, að senda frumvarp um þetta efni til alþingis athuga og ráðaneytis.

Framsögumaður: Eg skal ekki hafa neitt á móti því, að stjórninni sè send bænarskrá, samkvæm uppástúngu nefndarinnar, því stjórnin mun þá bezt geta ráðið úr, hvernig endurskoðan sú, sem þingið beiðist, hentuglegast geti framfarið. Það er nú hvortveggja, að þíng þetta er fært um mikið, enda ætlar það sèr líka mikið, og meira en nokkur önnur þess háttar samkoma í öðrum löndum; því þar er það allstaðar álitið stjórnarinnar verk, að semja lagafrumvörp, því hún ein hefði hæfa menn, nægan tíma og nóg áhöld til að vinna að slíkum störfum, svo vel fari, en þjóðþingin þar ætla sèr einúngis að yfirskoða og endurbæta frumvörpin, og þykja þau þá leysa störf sín vel af hendi, þegar það tekst vel. Þegar svo á stendur, að aðalstjórnin ei þykist hafa næga þekkíngu til að semja frumvörpin, hvað sèr í lagi helzt getur að borið í fjærliggjandi og lítt kunnum pörtum ríkisins, lætur hún þá embættismenn, sem þar eru kunnugir, vinna fyrst að undirbúníngi frumvarpanna, og svo hyggur nefndin að hèr mundi bezt tilfallið. Eg fyrir mitt leyti verð að játa, að eg innan um önnur störf, sem eg hefi hèr á þíngi, ekki er fær um að semja því lík frumvörp og hèr ræðir um.

Assessor Johnsen: Eg get ekki verið þeim heiðraða framsögumanni samdóma um það, að ekki eigi við fyrir alþíng, að senda konúngi frumvarp til nýrra laga, og ætla þar á móti, að ekkert sè því til fyrirstöðu, að þingið á þann veg beri fram bæn sína fyrir Hans Hátign, þegar því þykir það eiga við, og á stjórnin þá frjálst, að fara með þesskonar frumvarp, eins og henni virðist þurfa, og nota það úr því, sem henni þykir nýtilegt; en á hinn bóginn held eg ekki, að þörf sè á, að stjórnin hafi reglulegt frumvarp fyrir sèr um þau málefni, sem hèr ræðir um, til þess að hún geti lagt frumvarp fyrir þingið til ráðaneytis um það. Eg ætla, að það í alla staði sè nægilegt í þessu efni, að skýra stjórninni frá þeim göllum,

sem þykja á hinum gömlu tilskipunum, sem hèr eru umtalsefni, og þá um leið, að benda til þeirra kríngumstæða hèr í landi, sem útheimti frábrugðnar reglur þeim, sem í gildi eru í þesskonar málefnum annarstaðar í ríkinu. Eins og eg nú verð að álíta það næsta heppilegt, að þetta málefni er komið í hendur þeim heiðruðu nefndarmönnum, sem af þínginu eru kjörnir til að fjalla um það, þannig hefi eg það traust til þeirra allra, að hver þeirra um sig sè fullfær til að semja frumvarp til laga um þær greinir, sem hèr ræðir um, á þann veg, að það gæti orðið álíka nægileg undirstaða fyrir stjórnina og þíngið, og þó konúngur vildi skipa nefnd manna til þess, og það ekki á öllu leingri tíma, en henni er ætlaður, eða á að gizka á missiri; þó ekki hafi eg getað ætlazt til, að hin heiðraða nefnd nú þegar hafi átt kost á að semja þvílíkt frumvarp, sem eg, eins og eg nýskeð vèk á, heldur ekki ætla nauðsynlegt, til að geta sent bænarskrá með fullri verkun um málið. En eins og málið nú er vaxið, verð eg að vera á sama máli og hinn heiðraði þíngmaður Borgfirðínga, að því beri að fresta til næsta þíngs, eða að eingin bænarskrá sè send um það í þetta sinn, og vinna þeir, sem ætla má að það sè nú mest hugleikið, þá nægan tíma, til að lesa það til hlítar undir næsta þíng. Eg segi ekki, að það sè óyndis-úrræði, að skipa konúnglegar nefndir til að búa málefni, sem nokkuð eru umfángsmikil, undir, og mörg eru þau þess eðlis, að þess er öll þörf, en eg ætla ekki, að þetta mál sè eitt meðal þeirra, og vil eg yfir höfuð ráða til þesskonar nefnda í seinustu lög, og aldrei fyrr en grandgæfilega er skoðað og nokkurn veginn vissa feingin fyrir, að þær sè óumflýjanlegar, en það held eg fjærri í þessu máli. Eg gjöri að vísu ekki ráð fyrir, að kostnaður nefndar í þessu máli mundi stíga til 2000 rbd., en hvort kostnaðurinn yrði stór eða lítill, sem eigi er svo hægt að sjá fullkomlega fyrir, og hvort heldur ætti að leggja hann á landsbúa eða á jarðabókarsjóðinn, vil eg komast hjá honum.

Framsögumaður: Eg veit nú ekki, hversu mikils virði hinn heiðraði varaforseti heldur að góð löggjöf sè; nefndin heldur, að sá máti, sem hún hefir bent á, ekki verði svo kostnaðarsamur, og að hann þar að auki mundi launa sig vel. Annars hefir nefndin ekki stúngið upp á neinu öðru en því, að nefndar tilskipanir skyldu endurskoðast; til mátans, upp á hvern það skyldi ske, hefir hún einúngis bent. Eg undrast yfir því,

að varaforseti, sem þó annars hefir feingizt við að semja laga-frumvörp, skuli hafa leidt sèr í hug, að nefnd sú, sem í þessu máli var sett, skyldi nú hèr á þínginu hafa getað fengizt nokkuð við það. Eg held, þó hann hefði verið sjálfur í nefndinni, hefði hann ekki komizt leingra en hún. Annars álít eg óþarfa, að fara fleirum orðum hèr um; því á uppástúngu nefndarinnar munu allir fallast, en stjórnin mun sjálf bezt fá sèð, hvernig endurskoðuninni bezt má verða framgeingt.

Assessor Johnsen: Eg ætlaðist ekki til, að hinir heiðruðu nefndarmenn nú þegar hefðu átt að semja frumvarp til laga um þau málefni, sem hèr ræðir um, heldur get þess að eins, að hver þeirra um sig mundi vera fullfær um að gjöra það, svo vel færi, á missiri, og í öllu falli til næsta þings, og ætla eg einga mjög brýna nauðsyn bera til, að láta bænarskrá fara um þetta mál, nú sem stendur, frá þínginu, en að vel megi draga það til næsta þings.

Framsögumaður: Eg held það sè misskilníngur hjá varaforseta, þegar hann er að tala um missiri. Nefnd sú, er sett var í þessu máli, átti ei að vara neitt missiri; henni var einúngis falið á hendur að segja álit um, hvort endurskoða þyrfti þá löggjöf, sem hèr ræðir um, eða ekki, og þetta hefir hún gjört, og þar að auki bent á máta þann, sem henni virtist vera hentugastur.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg er samþykkur nefndinni og framsögumanni í því, að ofætlan var, hefði menn ætlazt til, að hún nú að þessu sinni gæti samið laga frumvörp um þessi málefni. Eg held, að tíminn til þess hafi verið mikils til of stuttur fyrir hana, og eins fyrir þingið, til þess að geta lagt á það nóg ráð og tillögur. Eg er líka samþykkur nefndinni í því, að það sè hentast, að reyndir og vitrir og nákunnugir menn leggi á ráð um frumvarp þetta. En í því greinir mig á við nefndina, að embættismanna nefnd þurfi að kjósa til þess að undirbúa þetta. Þeir hinir nákunnugu og reyndu menn eru til í landinu, án þess nefnd sè kosin, það eru amtmennirnir og biskupinn, og er stjórninni innan handar að leita tillaga þeirra og ráðaneytis um málið, áður hún semur frumvarp um það og leggur fyrir alþíng. Eg verð að vera á sama máli og hinn heiðraði varaforseti, að ísjárvert sè að kjósa nefndir manna til að yfirvega og undirbúa hvaða málefni sem eru; því auk kostnaðarins, sem af því leiðir, þá er margt fleira aðgæzluvert við það. Eg verð því að stínga upp á, að

því atriði, „að kosin sè nefnd manna til að yfirvega málið eða semja frumvarp um það“, sè slept úr ályktunar-uppástúngu nefndarinnar.

Framsögumaður: Það lítur út, eins og hinn heiðraði þíngmaður, er nú talaði, hafi ei lesið nefndarálitið og uppástúnguna. Í henni er ekki talað eitt orð um nefnd, og breytíngaratkvæðið á því hèr ekki við. Mátinn, upp á hvern endurskoðunin skal ske, getur verið fleiri en einn. Eg held nú, að sá, sem nefndin hefir bent til, sè sá bezti; því efnið í tilskipunum þeim, er endurskoða á, er margbrotið og vandasamt: það snertir, svo að segja, þá finustu þræði í þjóðlífinu, og mikið vandhæfi er á, að semja um það reglur, svo vel fari, svo að þær hvorki skerði of mjög frelsi manna, en þó hamli óreglu og ósiðum.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg ætla þó, að æðstu embættismenn landsins sèu reyndir og greindir menn, og geti lagt stjórninni þau ráð og tillögur um málið, að henni væri auðgefið að semja eptir þeim nýtt lagafrumvarp, og leggja það undir álit alþíngis.

Stephán Jónsson: Því mun einginn neita, að lagaboð þau, sem hèr ræðir um, þurfi nokkra endurbót; en eg verð samt að halda, að ísjárvert sè, að óska eptir nefnd til að endurskoða þau; nefndin heldur, að ekki mundi kosta mjög mikið, þó nefnd væri sett, en það gæti þó máske orðið talsvert. Eg held stjórnin hafi ráð til að semja frumvarp til þesskonar lagaboða, með tilliti til þeirra leiðrèttínga, sem hún gæti feingið frá stiptsyfirvöldum, og ef til vill fleiri embættismönnum hèr á landi, sem síðan væri lagt undir álit alþíngis. Mig minnir framsögumaður lèti í ljósi, að málefnin væri ekki mjög umfángsmikil, og því mundi ekki þurfa marga fundi; því framar er stjórninni ætlandi, að geta lagað þau á þann hátt, sem ávikið er; það er ísjárvert að gjöra það að reglu, að setja aukanefndir, þegar hjá því verður komizt, því annars kynnu þær að verða of margar.

Framsögumaður: Eg hefi aldrei kallað málefni þetta umfángslítið. Næst eptir þeim málefnum, sem Reykjavíkur nefndin starfaði að, held eg það sè það umfángsmesta, er fyrir geti komið í bráð; annars hefði ei verið bent til þess, að nefnd skyldi setja til að starfa að því til undirbúnings.

Ásgeir Einarsson: Eg held víst, að alþíng eigi að láta

strax í ljósi skýlausa meiníngu sína um, hverja stefnu það vill að stjórnin taki í þessu máli. Fáum mun vera það geðfelt, að farið sè að setja nefnd í Reykjavík heilt missiri eða ár, til að rannsaka það; menn munu vilja sneiða hjá þeim kostnaði, þá mögulegt er; fáir munu vita, hvað skattgjaldsnefndin kostaði, en þar sýndist meiri nauðsyn til, að sú nefnd væri sett, en nú. Nefndin hefir einga áætlun gjört um, hvað rannsókn þessi mundi kosta, en einúngis getið þess, hvað málið væri umfángsmikið; samt held eg, að stjórnin gæti feingið þær upplýsíngar frá embættismönnum hèr á landi, að hún yrði fær um að semja frumvarp um þetta efni, til að leggja fyrir *alþíng*. Eg veit ekki, hvort Reykjavík er sá hentugasti staður til að semja í frumvarp til helgidagatilskipunar, og álít eg eins vel til fallið, að biskupinn fái skýrslur frá próföstum í öllu landinu, um siðferði og meiníngar manna í helgidagahöldum; líka geta amtmenn feingið meiníngar sýslumanna um breytíngu á hinum tilskipununum, og ýmsir kynnu að láta sínar meiníngar í ljósi um allt þetta, svo stjórnin gæti feingið nægar upplýsíngar, til að semja frumvarpið; loksins á alþíng að endurskoða það, og þar eru samankomnir menn frá öllum hèröðum landsins.

Framsögumaður: Það er að sönnu satt, að fleiri geta þá látið meiníngar sínar í ljósi, en eg efast um, að þær verði allar svo grundaðar, og það er þó það, sem mest á ríður.

Ásgeir Einarsson: Þó nefnd yrði sett í Reykjavík, mundu í henni verða einhverjir, sem eru á Íslandi, og hefðu þeir ekki síður tíma til að láta meiníngar sínar í ljósi um mál þetta (sem gæti vorðið stjórninni til leiðbeiníngar), en að semja um það gjörsamlega frumvarp og leita álits embættismanna um það. Mèr skilst, að hèr sè ætlazt til, að sú umtalaða nefnd einsömul, eða stjórnin, semji um þetta fullkomin lög; en eg held, að stjórnin, embættismenn landsins og alþíng eigi að hjálpast að því; verð eg því að mæla móti því, að óskað sè að setja þá umtöluðu nefnd.

Stephán Jónsson: Það er nokkuð annað, þegar semja á ný lög, eða endurbæta önnur; það kann þó sumt að geta átt við enn, sem er í þeim eldri lögum; eg ímynda mèr líka, að betri og hagfeldari löggjafir í þeim efnum, sem nú ræðir um, muni vera til í Danmörku, og mættu vera til hliðsjónar; þó þær ættu ekki að öllu vel við hèr, mundi alþíng geta leiðrètt það,

sem þörf væri á, og vil eg því ráða frá, að nefndar verði óskað á þann hátt, sem nefndarálitið bendir til.

Assessor Jonassen: Eg hlýt að vera nefndinni samdóma í því, að það ekki er svo fljótgjört, eins og sumir þingmenn virðast að láta í ljósi, að endurskoða þær tilskipanir, sem hèr eru umtalsefni, og að laga þær að vorra tíma þörfum; þar til útheimtist mikil reynsla og nákvæm þekking í hugsunarhætti og siðferðisástandi manna hèr í landi, og nærfærni um það, hvernig hèr hagar öllum lifnaðarháttum; og eg mundi því hafa fallizt á uppástúngu nefndarinnar um það, hvernig máli þessu yrði bezt ráðið til lykta, ef eg ekki væri hræddur um, að það yrði allt of kostnaðarsamt, að skipa nefnd til að undirbúa og rannsaka þetta mál. Eg hlýt því að vera á sama máli og hinn virðulegi þingmaður Skaptfellínga, að það muni vera bezt til fallið, að fela stjórninni þetta mál á hendur, og biðja hana um, að leggja frumvarp til laga í þessu efni fyrir þingið í næsta sinni, en að þingið geti þess um leið í bæn sinni, að það mundi nauðsynlegt, fyrir fram að útvega hlutaðeigandi yfirvalda (eg skil þar við, amtmanna og biskupsins) álitskjöl í málinu; því þegar þau væru feingin, mundi stjórnin eiga hægt með að búa til lagafrumvarp, þannig úr garði gjört, sem vera þarf og til er ætlað í þessu máli, sem ekki verður annað um sagt, en að það varði miklu fyrir landið.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg verð þá að leyfa mèr, eptir því sem umræðunum er nú komið, að áskilja mèr breytíngar-atkvæði á þá leið:

> Að þingið biðji stjórnina að semja lagafrumvarp til nýrra húsaga- o. s. frv. laga, samið eptir ráðum og tillögum enna æðstu embættismanna landsins, og að það verði svo sent alþingi til yfirvegunar og álits.

Fleiri tóku ekki til orða, og kvað forseti undirbúníngsumræðu máls þessa lokið.

Loksins var upplesin og samþykt af þínginu allraþegnsamlegust bænarskrá um undirskript konúngs og stjórnarráðanna undir íslenzka textann á þeim lagaboðum, sem Íslandi eru ætluð, þannig hljóðandi:

Til konúngs.

Alþingismaður Ísfirðínga bar upp á alþingi í þetta skipti uppástúngu um það, að alþíng ætti allraþegnsamlegast að

biðja Hans Hátign konúnginn um það, að hinn íslenzki texti af þeim lagaboðum, sem gefin verða Íslandi, yrði staðfestur með Hans Hátignar konúngsins undirskript og hlutaðeiganda stjórnarráðs, eins og vandi er til á frumritum.

Eptir að þetta mál hafði verið rannsakað af þriggja manna nefnd, og það því næst hafði verið yfirvegað og rædt á 2 aðalfundum, leyfir þíngið sèr að bera upp um það sitt allraþegnsamlegasta álit, sem eptir fylgir:

Þíngið var samhuga í því, að það, sem í uppástúngunni er borið upp, sè á góðum rökum bygt, því þíngið hlýtur að játa það, að eins og það form, í hverju lög þau, sem *gefin eru* þessu landi, birtast, hvorki er samhljóða því, sem annars er við haft, eða samboðið þeirri tign, sem lögunum ber, þannig vantar lögin, með þessum hætti, þá óyggjandi vissu og áreiðanlegleika, sem vera ber, þar sem danska frumritið hvervetna, þar sem meininga-munur kemur fram milli þess og útleggíngarinnar, er í fyrirrúmi, því frumritið er með undirskript Yðar konúnglegu Hátignar og hlutaðeiganda stjórnarráðs, en útleggíngin sú íslenzka er ekki undirskrifuð af neinum. Þetta þykir þínginu vera svo mikilvægir annmarkar, að það finnur skyldu sína allraþegnsamlegast að skýra Yðar konúnglegu Hátign frá þeim, í því trúnaðartrausti, að á þeim verði ráðin bót; því að vísu sèr þíngið glögt fram á, að á þessu eru, ef til vill, margir örðugleikar; en það er hins vegar sannfært um, að þar sem mörg af enum eldri lagaboðum og tilskipunum, sem gefin hafa verið þessu landi, og geingu út á landsins máli, voru undirskrifuð af vorum allramildustu konúngum og hlutaðeiganda stjórnarráði, muni Yðar konúnglegu Hátignar vísdómur sjá ráð til að sigrast á þeim hindrunum, sem í þessu tilliti nú eru til fyrirstöðu, og hljóta að hafa verið þess ollandi, að aðferð sú, sem nú er við höfð, var tekin upp, og auðnast að veita Yðar trúlyndu þegnum á Íslandi þá bæn, sem þeim liggur svo mjög á hjarta, og snertir þeirra dýrmætustu rèttindi, rèttindi móðurtúngunnar, sem Yðar konúnglega Hátign hefir haldið uppi framar en nokkur annar konúngur að undanförnu.

Þannig leyfir alþíngið sèr allraþegnsamlegast, með 22 atkvæðum gegn einu, að bera þá bæn upp við Yðar konúnglegu Hátign:

Að þau lög, sem eptirleiðis verða gefin Íslandi, verði

staðfest með Yðar konúnglegu Hátignar undirskript og hlutaðeiganda stjórnarráðs, eins og vandi er til á frumritum.

Reykjavík, þann 2. dag Ágústmánaðar 1847.

Th. Sveinbjörnsson. Jónassen.

Því næst var fundi slitið.

---

## 3. Ágústí — tuttugasti og níundi fundur.

Þingbók frá tveimur síðustu fundum lesin og samþykt.

Forseti lýsti því yfir, að þingmaðurinn frá Suðurþingeyjarsýslu og varaþingmaður Rángvellínga gætu ei sókt fund í dag.

Því næst var á ný tekið til undirbúnings-umræðu málefnið um vörumat. Las framsögumaður, prófastur Hannes Stephensen, upp álitsskjal nefndarinnar; en það er svo látandi:

### ÁLITSSKJAL.

Málefni þessu, sem hið heiðraða alþíng kaus oss í nefnd til að yfirvega, var, eptir undirbúnings-umræðu þess, vísað af þínginu til nefndarinnar aptur, til nýrrar yfirvegunar, og rannsóknar þeirra mótmæla og uppástúngna, sem við undirbúnings-umræðuna voru bornar upp; nefndin hefir nú svo ítarlega, sem henni er auðið, hugsað mál þetta, og fyrir sèr velt þeim tillögum þingmanna, sem fram eru komnar, og leyfir sèr nú að segja að nýju álit sitt á þennan hátt:

Það höfðum vèr í enu fyrra álitsskjali voru látið í ljósi, að vèr ætluðum þann eina veginn vera til betrunar hinnar innlendu vöru yfir höfuð, að vörurnar yrðu skoðaðar, matnar og auðkendar af mönnum þeim, sem til þess starfs væru kjörnir, og þar til hefðu bæði þekkingu og ráðvendni svo mikla, að þeim mætti trúa; þessu voru flestir þingmanna, þeirra sem málið ræddu, samdóma, en um aðferðina við mat vörunnar greindi helzt á; viljum vèr nú með svo fáum orðum, sem vèr getum, setja þær ágreinandi meiníngar fram, svo þingið fái haft þær allar fyrir augum sèr í senn, og eigi hægara með að meta kost og löst á hverri, dæma um hver bezt eigi við, og velja það ráðið, sem hentugast þykir, ef nokkurt er hafandi.

Sú fyrsta ágreinandi meiníng frá nefndarinnar áliti er sú, að allar vörur, sem landsmenn flytja til kauptúna, skuli strax metast, skiljast, vegast og auðkennast eptir gæðum af vöru-

matsmanni í húsi því í kauptúninu, þar sem fleiri verzlunarmenn eru en einn, sem byggja skal handa vörumatsmanni, sem gefa á hverjum, er vöru leggur undir mat, viðurkenningarseðil um vörunnar magn og gæði, að hann fái vísað verzlunarmönnum, þeim hann skiptir við, til vörunnar í vörumatshúsinu. Er hagur sá, sem aðferð þessi á að veita landsmönnum, sá, að þeir fái strax á fyrsta árinu að njóta ágóðans af góðri verkun vöru sinnar, sem annars, ef farið væri að uppástúngu nefndarinnar, fyrst mundi koma þeim til hags á næsta ári, og þá fara eptir því, hvað varan hefði selzt háu verði erlendis. Við uppástúngu þessa virðist oss þetta athugandi: 1. að vörumatshús þarf að byggja í kauptúni hverju, þar sem fleiri en einn verzlunarmaður hefir aðsetur, og verður stærð húsa þessara að fara eptir markaði á hverjum stað; mundi þetta valda ærnum kostnaði, sem allur legðist á verzlunina, og mundi hann ofþyngja henni svo, að enginn yrði ágóðinn, eða mjög lítill, þó vörur bötnuðu, og stigju töluvert í verði. 2. Vörumat í einu vörumatshúsi af einum vörumatsmanni mundi valda þeirri töf og seinlæti í vöruskiptunum, sem landsmönnum yrði óbærileg, og opt hefir verið yfir kvartað, meðan verzlunarmenn sjálfir hafa með aðstoð sinna mörgu þjóna tekið á móti vörunum, og afhent endurgjald í útlendum vörum; taki maður það kauptúnið til dæmis, hvar markaðurinn er mestur, Reykjavík, þá eru þar 14 verzlunarmenn, sem á að gizka hafa 40 þjóna, er allir hafa nóg að gjöra í lestatíðinni, sem á ári hverju ekki varir mikið yfir hálfan mánuð, og landsmenn kvarta þó yfir, að seint fari þeim afgreiðslan; hvernig mundi þá fara afgreiðslan fyrir einum manni, sem ætti að veita allri enni íslenzku vöru viðtöku, skilja hana, auðkenna og gefa hverjum manni greinilegt brèf um magn og gæði vöru þeirrar, er hann hefir af hendi selt? það mundi til þess leiða, að þeir, sem seinastir kæmust áfram, yrðu að bíða, ef til vill, allt að 3 vikum. 3. Eptir ráðstöfun þessari yrðu allar þær vörur, ef til vill, fluttar ómatnar héðan frá landi, sem verzlunarmenn sjálfir láta verka; og er það ekki all-lítill fiskur, lýsi, hrogn, nokkuð ullar og tólks af sláturfè þeirra, og þar að auki má ráð fyrir því gjöra, einkum ef dráttur sá yrði á afgreiðslunni, sem sýnt er ofan á, að einhverjum kynni að takast að koma vöru sinni inn hjá verzlunarmönnum ómatinni; en hver sú vara, sem flutt er úr landi illa verkuð, spillir fyrir vörunni yfir höfuð, og kemur á hana

illu orði; þess ber einnig að gæta, að verzlunarmenn, nær því á öllum tímum árs, taka mót vöru hjá kaupanautum sínum, og þurfa því sífelt að hafa vörumatsmann sèr nálægan, og mundi það valda mikilli óhægð, og því, að vörumatsmenn yrðu hærri laun að fá.

Hjá öllum þessum annmörkum ætlum vèr komizt verði, ef vörumatið færi fram eptir uppástúngu vorri, fyrst þá, þegar varan ætti að búast til burtflutnings, og í vöruhúsum verzlunarmanna sjálfra; því eins má það þar framfara, þó margir sèu verzlunarmenn í sama kauptúninu, eins og til er ætlað í þeim kauptúnum, hvar 1 verzlunarmaður er að eins; fellur þá burt hinn mikli kostnaður, sem flyti af byggíngu margra og stórra vörumatshúsa. Þá yrði og, ef uppástúngu vorri væri fylgt, komið í veg fyrir ena miklu töf, er leiddi af mati allrar vöru þeirrar, sem flutt er að kauptúni hverju, í einu vörumatshúsi af sama fyrirráðanda, því verzlunarmenn tækju þá við vörunni, eins og verið hefir, og er þeim ekki ofætlun að taka þá vöruna eina í fullu verði, sem síður þolir dóm vörumatsmanns, en gefa þeim mun minna fyrir hina lakari, sem hún er minna verð, eða gjöra hana með öllu ræka, stendur þá bæði þeim og seljendum opinn vegur, að fá vörumatsmann að segja álit sitt um þá vöru, og skera úr málunum, sem skjaldan mundi að koma, og litlum tímaspilli valda.

Önnur ágreinandi meiníngin kemur saman við nefndarinnar meiníngu í því, að vörumat sè nauðsynlegt til vörubóta, og eigi á að leggja hjá verzlunarmönnum, áður en skip eru hlaðin, en eigi ekki að leggja á aðra vöru en fiskinn, einkum þann saltaða, og það að eins í þeim þremur kauptúnum, Reykjavík, Hafnarfirði og Keflavík með Vogum; vörumatsmenn eigi að vera tveir, sem laun fái af opinberum sjóði, og sèu ætíð skyldir að meta vöruna, þegar þess verður krafizt. Meiníng þessi hefir það mikla fram yfir hina áður nefndu, að hún krefur ekki þann mikla kostnað, sem fljóta mundi af byggíngu vörumatshúsanna; hún gjörir ekki þá óhagkvæmu tímatöf, sem ekki yrði hjá komizt, ef hinni meiníngunni væri fylgt; hún virðist mæla fram með sèr með frelsi því, er hún hefir í fylgd sinni, er vörumatið skal óneydt vera, og hún leggur eingan kostnað á verzlunarmennina, sem vöruna láta meta; en það er meiníng vor, 1. að tveimur mönnum verði þetta ofvaxið, þó ekki væri nema fiskurinn einn matinn og auðkendur, því opt

er tíminn stuttur, frá því fiskurinn er verkaður, þángað til hann er á skip borinn, og er hann á stundum ærið mikill í takmarki því, sem hèr er til tekið. Það hyggjum vèr, 2., að ekki muni aðferð þessi vinna helming þess gagns, sem henni er ætlað, því varla mundu verzlunarmenn láta annan fisk meta en þann, sem þeir flytja til Spánar, og yrði þá, ef til vill, allur hinn, sem annarstaðar á sèr markað, ómatinn og miður verkaður, en skyldi, og óorð það viðhaldast á þeim stöðum, sem nú er komið á fiskinn. 3. Það er óefuð ætlan vor, sem bygð er á margra undanfarinna ára reynslu, að eingu betur sèu aðrar vörur landsins verkaðar en fiskurinn; tilnefnum vèr sèr í lagi ull og tólk, og að það sè en mesta landsins nauðsyn, að full bót feingist á þessu, því meira fè er fólgið í þessum aurunum, en fiskinum, og stöðugri eign landsins ætlum vèr þá, en hann; þurfa því þessar vörurnar að eiga sèr eins góðan orðstír erlendis, eins og fiskurinn, ef vel á að fara. 4. Það þykir oss ekki vel skipað, að vörumatsmenn taki þar laun úr landsins sjóði, sem þeim væru þau hæfilegust ákveðin hjá verzlunarmönnum, og fá þeir, án nokkurs töluverðs hnekkis verzlunar-ágóða síns, miðlað þessum smámunum, og það því heldur, sem fè það, er þeir hafa í höndum, er minni álögum háð, en allt annað lausafè í landinu.

Þegar því hefir verið hreift af ekki allfáum þingmönnum, að vörumat sè óþarft á flestum stöðum í landi hèr, og það er borið fyrir, að verzlunarfèlög, sem tíðkast taki, vinni það sama gagn, sem vörumatinu sè ætlað, þá hafa oss komið þær efasemdir í hug, að hvorki muni verzlunarfèlög þessi svo mörg, að mikið gagn fái unnið, að tilgángur þeirra muni eingu síður vera, að koma vörunni í hátt verð, en að bæta hana, og ábyrgðin því lítil, sem þau veita um, að vörur batni til hlítar, sem væri hin mesta nauðsyn og hið mesta landsgagn.

Vèr erum því allir nefndarmenn staðfastir við þá meiníngu, að vöru landsins þurfi að bæta, svo verzlun vor verði svo arðsöm, sem henni er auðið að verða, og að bót þessi vinnist ekki með öðru, en vörumati í hverju kauptúni; að vörumatið því að eins komi þessu til leiðar, ef það væri lögboðið, svo einginn feingi skotið sèr undan því; að það verði ekki á annan hátt framkvæmt, svo vel fari, en í vöruhúsum verzlunarmanna, og það um leið að vörur eru á skip fluttar, eða skömmum tíma áður; það virðist oss sanngjarnt, að kostnaður sá, sem

leiðir af vörumatinu, leggist á varnað verzlunarmanna, sem lèttum álögum sæta, en greiðist ekki úr sjóði landsins, nema þá til bráðabyrgðar, móti endurgjaldi frá verzlunarmönnum eptir sanngjarnri niðurjöfnun á vöruafla þeirra.

Vèr leyfum oss því að ráða alþingi til að beiðast þess allraþegnsamlegast, að Hans Hátign konúngurinn allramildilegast vilji láta semja frumvarp til löggjafar um vörumat á Íslandi, og leggja það fyrir næsta alþíng, á þá leið:

1. að mat verði í hverju kauptúni Íslands lagt á allar vörutegundir af kjörnum vörumatsmönnum.
2. sè verzlunarmönnum bannað að flytja nokkra vöru ómatna frá landi hèr, en gjaldi ellegar hæfilega sekt.
3. að hæfileg umbun fyrir starf þetta greiðist vörumatsmönnum af jarðarbókarsjóði mót endurgjaldi, sem jafnist á hina mötnu vöru verzlunarmanna.

Reykjavík, þann 29. dag Júlímánaðar 1847.

Þ. Tómásson. H. Stephensen. J. Thorstensen.

Framsögumaður, Prófastur Hannes Stephensen: Eg hefi þá lesið upp nefndarálit þetta, og ætla eg, að þar sèu svo greinilega framteknar ástæður fyrir uppástúngum nefndarinnar, og svo hlíðdrægnislaust sagðar dómur um þær uppástúngur aðrar, sem framm eru komnar í málinu, að eg ætla mèr ekki að fara um þetta einu orði, fyrr en eg heyri ný mótmæli.

Assessor Johnsen: Eg held þó, að einhver verði að standa upp, þó ekki líti út fyrir, að nú verði farið mörgum orðum um þetta mál. Eg fyrir mitt leyti læt mèr þá líka nægja, að taka það fram aptur, sem atkvæði eða ræða mín hneig að seinast, þegar mál þetta var hèr rædt: að þíngið biðji Hans Hátign konúnginn að láta semja frumvarp til löggjafar um vörumat á fiski í kauptúnum við Faxaflóa, sem lagt verði fyrir þíngið í næsta sinni, að vörumat þetta verði þvíngað, og fari fram úr hendi bændanna. Þegar ekki er leingra farið, ætla eg megi spara það stóreflis-hús, sem framsögumanni varð hèr til ásteytíngar seinast, og hefi eg, að eg ætla, að öðru leyti gefið þær ástæður, sem eg held að nægi, fyrir því atkvæði, sem eg nú áskil mèr að greiða í málinu, þegar það var rædt hèr í fyrra sinni.

Framsögumaður: Það sem hinn heiðraði varaforseti nú

mælti, krefur ekki svars míns; einasta ætla eg að geta þess, að eg man ekki, að hann hefði í fyrra sinni á orði breytíngar-atkvæði á þá leið, sem nú, eins og hann segir; en eg ætla sjálfsagt, að hann eigi ráð á að koma með hvert það breytíngar-atkvæði, sem hann vill. Það eina gleður mig, að fallið er hugmyndaða húsið stóra.

Forseti: Eg finn ástæðu til að geta þess fyrir þíngmönnum, að þau breytíngar-atkvæði, er þeir hafa áskilið sèr við hina fyrri undirbúníngs-umræðu þessa máls, geta nú ekki tekizt til greina, þar eð málið er að nýju fyrirtekið, og verða þeir því við þessa undirbúníngs-umræðu að áskilja sèr þau breytíngar-atkvæði, er þeir vilja koma fram með.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg veit ekki, á hvern veg eg á að ráða þögn þá, sem nú er yfir þíngmönnum, hvort á þá leið, að þeim sè nú snúinn hugur frá því, sem flestir lètu í ljós, þegar málið var rædt hèr hið fyrra sinni; þá voru flestir, er tóku til orða, mótmæltir þvínguðu vörumati, en með frjálsu. Eg fyrir mitt leyti (hver ræður sinni meiníngu) er enn sem fyrri á því, að vörumatið, ef það á annað borð er sett hèr á stofn, eigi ekki að vera þvíngað, heldur einúngis frjálst, og einúngis fyrst um sinn á fiski, og í kríng um Faxaflóa. Eg viðurkenni sjálfsagt, að verkun og vöndun á landvöru sè næsta ábótavant, að nauðsyn mesta sè að koma með eitthvert slag betra lagi á það efni, en eg held það sè að svo komnu ókljúfanda með þvínguðu vörumati. Eg held, að vöruverkunin færist að nokkru leyti sjálfkrafa í lag, af því sem menn geta lesið í þíngtíðindunum um álit manna á nauðsyn þess, og að vörumatið komist sjálfsagt á, ef ekki verði úr bætt, og hygg eg því, að umræður þessar geti, og muni stuðla til nokkurn veginn fullnægjandi endurbótar á verkun landvörunnar. Á fiski er og vörumatið nauðsynlegra fyri þá sök, að ef hann er illa verkaður eður skemdur, þá er hann einkis virði, en þó landvara sè illa verkuð, er hún samt ætíð nokkurs verð, og aldrei með öllu ónýt, eins og fiskurinn getur orðið. Eg er enn fastur á því, að verzlunarfèlögin, þar sem þau komast á (en eg held, að þessar vörumats-ráðagjörðir gjöri sitt til að koma undir þau fótunum), vinni mikið, og svo dugi, að verkun og vöndun landvörunnar. Þegar málið kom til umræðu á þíngi hèr um daginn, var tekið glögglega fram, hvaða yfirburði frjálst vörumat hefði fram yfir þvíngað; mèr skildist þá ekki

betur, en öllum væri það ljóst, og að allir eður flestir fèllust á það, sem þá ræddu, og söm er enn mín meiníng; eg get eingan veginn verið samdóma nefndinni í því, að með frjálsu vörumati verði einúngis matinn sá fiskur, sem fer til Spánar; eg gjöri mèr í lund, að hitt verði upp á, að minnsta kosti að fárra ára fresti, að allur fiskur verði matinn, eins þó að vörumatið sè frjálst; eg tel, því er það, víst, að kaupmaður sá, sem hefir feingið góðan fisk, láti meta hann, þó hann ætli ekki með hann nema til Danmerkur, því hann veit, að þó fiskurinn sè góður, verður hann þó álitinn betri fyrir það, ef hann er matinn. Nú ef aðrir kaupmenn koma hèðan með ómetinn fisk til hinna sömu staða, hvort sem að er til Kaupmannahafnar, Altóna, eður hvar sem er, þá munu kaupendur þar tortryggja gæði fiskjar hans, fyrst hann er ómatinn, og kaupa hann minna verði, en eingi kaupmaður mun baka sèr þann skaða næsta árið; og ímynda eg mèr, að þannig verði metinn allur fiskur og hvert sem hann er fluttur, þó vörumatið sè frjálst.

En þó þíngið, allt um þetta, og móti von minni, fallist á aðal-uppástúngur nefndarinnar yfir höfuð, þá er þó tvent í þeim, er eg vil leyfa mèr að vekja athuga þíngmanna að: fyrst, að þó vörumatið sè þvíngað, þykir mèr ekki eiga allskostar vel við, að leggja sekt við, ef ómatið er; þetta kann að vísu að virðast svo, sem það leiði að sjálfsögðu af þvínguðu vörumati, en mèr finnst það ekki, þar sem kaupmenn sjálfir taka nægan skaða í aðra hönd fyrir ómetna vöru. Annað er það, að eg vil láta vörumats-menn hafa laun sín af opinberum sjóði, án endurgjalds, því mèr finnst vörumatið svo almenns efnis og öllu ríkinu yfir höfuð svo í hag, að ekki þurfi að endurgjalda kostnað við það á neinn sèrdeilislegan hátt.

Samkvæmt því, er eg nú hefi mælt, áskil eg mèr breytíngar-atkvæði á þá leið, að vörumat sè frjálst, og fyrst um sinn einúngis á fiski í kaupstöðum kríng um Faxaflóa, og að vörumats-menn fái laun úr opinberum sjóði án endurgjalds.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Það er ekki þess vegna, að eg stend svo seint upp til að taka þátt í umræðunum, að nefndarálitið hið nýja hafi í nokkru breytt skoðunarmáta mínum frá því, sem eg þegar lèt í ljósi við fyrri umræður málsins hèr á þíngi. Eg var á því þá, eins og eg er enn, að vöru-

matið eigi að vera einúngis viðhaft á fiskinum, en ekki landvörunni, þar eg meina, að það sè fiskurinn, sem frekast þurfi þess við, og á hverjum það máske geti einúngis framkvæmzt að gagni, og virðist mèr, að það ætti að vera sèrdeilis á verzlunarstöðunum við og kríng um Faxabugtina, og máske á Eyrarbakka, þó eg þekki ekki svo grant til þess, að eg geti ályktað um það með vissu; þar að auki er eg enn sem fyrr þeirrar meiníngar, að vörumatið ætti að vera frjálst, en ekki þvíngað, ef það er viðhaft, eða þar sem það væri. Annars þyki mèr óþarfi, að fara um þetta mál fleiri orðum; það var rædt á marga vegu hið fyrra sinn, og hinn heiðraði þíngmaður Skaptfellínga hefir tekið nú svo ítarlega fram, það sem eg vildi hafa sagt í því, að eg fell með öllu inn á breytíngar-atkvæði hans, er hann nú þegar áskildi sèr.

Prófastur Halldór Jónsson: Þess er í nefndarálitinu getið, að tilgángur verzlunarfèleganna muni fremur vera sá, að koma vörunum í gott verð, en að þær verði vandaðar. Eg hygg nú, að hvortveggja verði að fylgjast að; því eins og landið hefir sóma af góðri vöruverkun, þannig getur einginn með nokkurri sanngirni vænt þess, að vörurnar hækki í verði, nema þær sèu vandaðar að verkun; svo hagsmunirnir verða þó raunar aðaltilgángurinn, en besta meðalið verður, að vanda vörurnar.

Hvað nú vörumati viðvíkur, þá er það sjálfsagt nauðsynlegast þar, sem mestur brestur er á vöruverkun, og þetta hefir mèr skilizt að helzt muni eiga sèr stað kríng um Faxaflóa. Eigi nú vörumat að komast á, held eg tiltækilegast, að það sè frjálst, og fyrst um sinn ekki nema kríng um Faxaflóa, og að vörumatsmenn hafi laun af opinberum sjóði. Sýnist mèr ekki nauðsynlegt, að einskorða það við fiskinn einn, heldur finnst mèr rèttast, að landvörur verði einnig metnar, þegar einhver óskar þess. Og áskil eg mèr breytíngar-atkvæði á þessa leið.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Mèr sýnist, að það mundi geta orðið verzlun lausakaupmanna til mikillar tálmunar, ef vörumat yrði almennt lögboðið hèr á landi á allri landvöru; einkum ætla eg það mundi skerða allt of mikið þann takmarkaða tíma, er lausakaupmenn nú mega verzla á einum og sama stað; þar að auki ímynda eg mèr, að það mundi verða nærfelt óvinnandi fyrir þá, að koma vörumati við, svo að nokkru

gagni væri, þar sem þeir ekkert hús hafa á landi, til að framkvæma það í, en verða að taka á móti vörunum á skipi sínu, hvar þeir geta ekki komið því við, fyrir ös manna, þreingslum, og öðrum kríngumstæðum; mundi og farartálmi, er landsmenn mættu þessa vegna, fremur hjá þeim en fastaverzlurum, verða orsök til, að verzlan við lausakaupmenn fremur vanræktist, en annars; og hvað sem þessu liði, yrði vörumatið svo ófullkomið, að það svaraði eingan veginn til tilgángsins, og ef sekt ætti að liggja við og framkvæmast, ef allt færi ekki í lagi með vörumatið, mundi það sönn aptran fyrir lausakaupmenn að heimsækja oss, þar þeir fyrir fram sæu, að þeir gætu ekki gætt lögboðinnar skyldu í þessu falli.

Eyjólfur Einarsson: Eg er einn af þeim, sem við fyrra umtal máls þessa var á móti ófrjálsu vörumati; að það frjálsa komist á, einkum á fiski í kríng um, og í náud við Faxabugt, er eg ekki á móti, gef eg því atkvæði mitt að því, sem sá heiðraði þíngmaður frá Skaptafellsýslu fyrir stuttu mælti, að fráteknu því, að gjalda vörumatsmönnum af opinberum sjóði; held eg það eigi ei við; þegar þeir einir mega brúka vörumatsmenn, sem vilja, virðist mèr þeir eigi að borga þeim, sem þurfa matsmanna. Það sem sá þíngmaður, sem síðast mælti, hèlt, að þvíngað vörumat mundi hnekkja verzlun lausakaupmanna, þá er eg honum um það samþykkur; því sá sem saman ber höndlunar-kríngumstæður lausakaupmanna við þvíngað vörumat og reglur þær, sem sumir þíngmenn vilja að fylgt væri, getur valla nokkur efazt um það; þar að auki virðist mèr, að ófrelsi þetta stríði á móti frjálsri höndlun, sem eg ætla að flestir óski og voni eptir. Eg vona líka, að umtal það, sem hèr hefir orðið á þíngi, og með tíðindunum verður þjóðkunnugt, verki meira til vöruvöndunar, en ófrelsi það, sem hèr hefir verið umrædt; er eg viss um það hjá öllum ærukærum mönnum.

Assesor Jónassen: Þegar mál þetta var rædt í fyrra sinni hèr á þínginu, mælti eg fram með því, að vörumat gæti komizt hèr á, af því mèr þókti þar til mikil nauðsyn fyrir landið; en mig greindi á við nefndina einkum í því, á hvaða grundvallarreglu vörumatið ætti að vera bygt, því þar sem nefndin hafði stúngið upp á, að það væri lögboðið eða lagaskylda, hèlt eg, og bar upp það breytíngaratkvæði, að það ætti að vera frjálst, það er að segja, vera komið undir hvers eigin vild,

hvort hann vildi leggja vöru sína undir mat eða ekki; eg hèlt líka, að þetta vörumat ætti, að minnsta kost fyrsti um sinn, ekki að ná leingra en til fiskjarins í kauptúnunum kríng um Faxaflóann, eins og bænarskráin eiginlega ætlaðist til; eg taldi í þetta skipti þær ástæður, sem mèr þókti mæla fram með skoðunarmáta mínum, og þar eð hann nú er hinn sami og þá, vil eg ekki taka það upp aptur, sem eg þá sagði, og það því síður, sem hinn heiðraði þíngmaður Skaptfellínga hefir tekið það greinilega fram, sem mèr þykir mæla með frjálsu vörumati, eins og hann hefir leidt ljós rök að því, að vörumat geti komið að góðu gagni, þó því yrði hagað eins og eg hefi stúngið upp á, og hefir hann þessu samkvæmt borið upp breytíngaratkvæði. Þetta atkvæði hans gjöri eg jafnframt að mínu atkvæði, því mèr hefir ekki breyzt hugur við ástæður þær, sem nefndin í sínu síðara áliti hefir borið fram, þeirri meiníngu sinni til styrkíngar, að einúngis lögboðið eða þvíngað vörumat geti hèr að gagni orðið, en að frjálst þar á móti yrði að litlum eður eingum notum. En eg skal ekki tefja tímann fyrir þínginu; og það því síður, sem eg þykist hafa tekið eptir því, að margir af hinum heiðruðu þíngmönnum felli sig betur við, að vörumatið sè frjálst, og einúngis á fiski, og gjöri eg því ráð fyrir, að það komi fram, þegar þeir greiða atkvæði nú í málinu.

Stephán Jónsson: Mèr virðist, sem ræður manna stefni að því, að fleiri áliti mesta nauðsyn til vörumats einúngis á saltfiski hèr við Faxaflóa, og mèr þykja nærri líkur til, að atkvæði falli á þann veg, og er eg líka á því. Eg held, að ef uppástúngu nefndarinnar yrði fylgt, og einkum ef vörumat yrði ekki frjálst, mundi það vera mörgum annmörkum bundið, ekki sízt ef meira verzlunar frelsi feingist, en menn hafa nú. Það er tími til, þegar menn sjá, hvernig vörumatinu reiðir af á fiskinum, að fá landvöruna metna, ef þörf þykir og eingin sèrleg vankvæði hindra.

Framsögumaður: Svo hafa mótsagnir þíngmanna í máli þessu verið smágjörvar, og svo mjög á sömu leið allar, eins og hver hefði viljað vera bergmál annars, að eg gat ekki feingið af mèr að standa upp á móti hverri einstakri. Mèr finnst, sem öllum hafi komið saman um, að vörumat mætti þó vera til, ef það væri óþvíngað, næði ekki nema til Faxaflóa og ekki nema til fisksins eins. Þegar að verður gætt af þeim,

sem þetta lesa fyrr eða seinna, að allir þeir, sem þessa meiníngu hafa hylt, eru frá hèröðum fjarlægum Faxaflóanum, eða þeir, sem eingan fisk ætla sèr að eignast, mun þá ekki þessi ályktun verða dregin af orðum þeirra: vèr viljum ekki meina, að vörumat sè á fiskinum í Faxaflóa, fyrst vèr eigum hann eingan, einasta að vörur vorar megi fríar vera fyrir öllu mati, og vèr leggja þær inn til verzlunarmanna eins illa verkaðar, eins skemdar, og oss lízt? Allir eru samdóma um, að vörumatið sè frjálst, en það er með öðrum orðum, eins og sýnt er í nefndarálitinu, að það sè gagnslaust. Það ætluðu nefndarmenn þó, að þínginu hefði verið alvara, þegar það kaus nefnd í mál þetta, að hugsa upp ráð til vörubetrunar, en niðurstaðan er nú sú, að þíngmenn sanna, að þeim hefir gaman verið, en eingin alvara, þar eð nú svo má heita, sem allir spyrni mót bótinni með höndum og fótum. Það lagðist í grun minn, þegar þíngið snaraði málefni þessu í nefndina aptur, að lítið mundi við það vinnast; mèr kom það þá í hug, að til lítils mundi koma röksemdir og sannanir; einn þíngmanna hefir nú þegar sagt frá því, hvernig atkvæði þíngmanna falla, og það væri eingínn spádómur, ef menn hafa tekið það fyrir, að láta ekki sannfærast.

Umboðsmaður Þorvaldur Sívertsen: Það mun mega segja um málefni þetta sama, og um mörg önnur, að sínum augum lítur hver á silfrið; og heyrist mèr líka reka að því, hvað uppástúngunum viðvíkur, að sitt er fundið að hverri, og ætla eg ekki að taka það upp aptur; eg ætlaði einúngis að geta þess, að eg felli mig þó einna bezt við uppástúngu ens virðulega þíngmanns úr Skaptafellssýslu, að því leyti sem hún fer fram á, að vörumatið verði frjálst, og ekki nema á einni vörutegund, og fáum stöðum; gæti það þá orðið til reynslu fyrst um sinn; þó sýnast mèr ýmsir annmarkar á þeirri aðferð, eins og vörumati hèr yfir höfuð tekið, meðan ekki eru framsettar, eða komið verður á, fastari, aðgeingilegri og lögulegri reglum, en skeð er, og vil eg halda, að það gæti t. a. m. orðið verzlun lausakaupmanna víða hvar til töluverðrar fyrirstöðu og óhægðar. Eg ætla líka, að sveitafèlögin til vöruverkunar, sem eru að koma upp og fjölga, og nú þegar hafa sýnt mikla ávexti til vörubóta, þar sem þau eru, líka ræður þær, sem fram hafa farið á þíngi hèr um það, hvert tjón búið væri þjóðinni af illri vöruverkun, muni bæta hana svo smátt

og smátt, að vörumat ekki verði eins ómissanlegt, og látið er; hygg eg líka, að til þess hjálpi mikið áhugi sá, sem víða er farinn að koma í ljós hjá almenníngi fyrir því, að vanda sem bezt vörur sínar. Eg held eg verði því að bera upp það breytíngaratkvæði, að eingin bænarskrá verði nú samin til konúngs um þetta málefni, og falla þá í burtu getsakir þær, er hinn heiðraði þíngmaður Borgfirðínga hefir fært að þíngmönnum þeim sumum, er talað hafa móti nefndar-uppástúngunni.

Framsögumaður: Sá virðulegi þíngmaður, er seinast talaði, er hèr um bil á sama vegi og hinir; honum er líka annast um fiskinn kríng um Faxaflóa. Honum tekur enn þá sárara til lausakaupmanna, en þíngmanninum frá Norðurmúlasýslu, og þykir þeim verða of boðið, ef meta skyldi landvöruna. En mèr getur ekki skilizt, að það þurfi að vera meiri örðugleikar á mati landvörunnar en fisksins. Það er lánghægast að fallast á breytíngar-atkvæði hans, og verði uppástúngu nefndarinnar einginn gaumur gefinn, er eg fúsastur á, að gjöra það einnig að mínu, því vörumat í einu hèraði á öllu landinu á einni vörutegund, þykir mèr verra en ekkert.

Með því einginn tók þá framar til máls, kvað forseti undirbúníngsumræðu þessari lokið.

Þá var tekið til álykt-umræðu málefnið um endurbót húsaga tilskipunarinnar, m. fl. Í þessu máli höfðu þessi breytíngaratkvæði verið uppborin:

1., þíngmanns Borgarfjarðarsýslu:
fyrst og fremst: að þíngið einga bænarskrá sendi konúngi um þetta efni.

2., Vara-atkvæði ens sama, og aðal-viðauka-atkvæði þíngmannsins frá Skaptafellssýslu:
að þíngið biðji Hans Hátign konúnginn að senda alþíngi frumvörp um þessi málefni, samin eptir tillögum enna æðstu embættismanna landsins.

Framsögumaður, kammerráð Melsteð: Þegar mál þetta var rædt hèr í gær, höfðu þíngmenn eingin mótmæli í frammi móti uppástúngu nefndarinnar um, að þær 4 í álitsskjali hennar tilgreindu tilskipanir yrðu endurskoðaðar. Eg hygg því, að á hana muni verða fallizt af flestum þíngmönnum, og álít því óþarfa, að rèttlæta hana eða mæla fram með henni framar, en búið er. Það var einúngis um mátann, sem nefndin hafði bent til, upp á hvern endurskoðunin skyldi fram fara, sem nokkr-

ir þingmenn hafa komið fram með mótmæli; og í því tilliti eru komin fram 2 svo nefnd breytíngar-atkvæði: nefnilega eitt frá þingmanninum úr Borgarfjarðarsýslu um, að eingin bænarskrá sè samin eða send konúngi frá þínginu um endurskoðun tilskipananna; og annað svo kallað vara-atkvæði frá sama þingmanni og þingmanninum frá Skaptafellssýslu um, að endurskoðanin fari fram, eptir að álit æðstu embættismanna landsins sè feingið eður útvegað af stjórninni. Eg get nú ekki skilið, að aðalbreytíngar-atkvæðið fái meðhald þingmanna, því allir viðurkenna og hljóta að vidurkenna, að tilskipanir þær, sem hèr ræðir um, sèu gjörsamlega orðnar óhentugar nú á vorum tímum; og líka er það viðurkent á hinn bóginn, að löggjafarefni þau, sem þær innihalda ákvarðanir um, sèu mjög áríðandi fyrir góða reglu og gott siðferði í landinu, og að um þau þess vegna þurfi nýja, og eptir vorra tíða þörfum endurbætta löggjöf.

Fyrri parturinn af vara-atkvæðinu er með öllu óþarfur, því hann biður einmitt um það sama, sem nefndin hafði stúngið upp á; en seinni partur þess er ei einúngis óþarfur, heldur og einnig ótilhlýðilegur; því sè það ei að skapi þingmanna, að benda stjórninni til, hvort ei mundi bezt fallið, að láta nefnd manna undirbúa og semja hið fyrsta frumvarp til þeirrar umræddu löggjafar, þá er hitt enn nú ótilhlýðilegra, að vilja einskorða þann máta, upp á hvern stjórnin skuli útvega sèr nægar upplýsíngar til að geta samið frumvarpið. Aðferðirnar til þess geta verið fleiri, og eg held það sè bezt fallið, að yfirláta stjórninni, að velja þann, er hún álítur hentugastan. Að öðru leyti getur mèr ei annað en þókt það undarlegt, að þingmaður Skaptfellínga byggir nú, í þessu málefni, svo mikið upp á álitsskjöl amtmannanna, að hann heldur þau næg vera, til að gefa stjórninni allar þær upplýsíngar, sem með þarf, þar sem hann þó fyrir fáum dögum sagði, að álit þeirra væri yfir höfuð svo á sundrúngu, að stjórnin lítið eða ekkert gæti stuðst við þau, og áleit þetta gilda ástæðu fyrir því, að aftaka amtmennina. Að öðru leyti verð eg að halda, að sá mikli ótti og óbeit, sem nokkrir hafa látið í ljósi fyrir því, að nefnd væri sett til að undirbúa þetta mál, sè sprottinn af því, að menn sèu hræddir um, að þar af rísi nýr kostnaður, sem verði jafnaður niður á landið; en fyrir því þurfa menn vissu-

lega ekki að óttast, og það væri mótstríðandi þeim reglum, sem hingað til hefir fylgt verið um þesskonar nefndir.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Hinn heiðraði framsögumaður furðaði sig á, að mèr skildi hafa orčið að stínga upp á, að stjórnin leitaði tillaga amtmannanna um endurbót lagaboða þessara, þar sem eg hefði þó lagt það til um daginn, að taka af þessa embættismenn; en mig furðar aptur á því, hvað hinn heiðraða framsögumann getur svo fráleitlega rángmint, þar sem eg með skýrum orðum fór einúngis fram á það, að leggja niður amtmanna embættin, en játaði opinberlega, eins og vera bar, hve mikla virðíngu og álit þeir ættu að öllum, heiðursmennirnir, sem nú eru í embættum þessum: en mig verður líka að furða á því, að hinn heiðraði framsögumaður, sem þó gaf atkvæðið gegn þeirri uppástúngu minni, skuli nú hvorki hafa það traust til embætta þessara nè merkismannanna, sem þeim þjóna, að þeir geti gefið þær tillögur um breytíngar á lögum þessum, sem stjórninni mundu nægja til að geta samið nýtt lagafrumvarp.

Ekki veit eg, hvað öðrum þíngmönnum kann að hafa geingið til, þegar þeir ásamt mèr mæltu í móti, að nefnd embættismanna væri kosin til að semja lagafrumvarp um þessi málefni, en mèr gekk eingan veginn það til, að eg væri hræddur um, að kostnaðinum, sem af því leiddi, væri jafnað niður á landið: mèr kom ekkert til hugar um það; en eg áleit þann kostnað með öllu óþarfan, hvaðan sem hann væri tekinn, og eg álít það skyldu mína og allra þíngmanna, að sporna við öllum óþörfum kostnaði, hvort sem hann er tekinn úr ríkissjóðnum eður jarðabókarsjóðnum, eður honum er jafnað niður.

Eg gat þess í gær, í fyrri umræðum málsins, að mèr þætti fleira ísjárvert við nefndir þessar, en kostnaðurinn, sem af þeim leiðir, en það er, að í slíkar nefndir munu jafnan verða valdir hinir skynsömustu og reyndustu embættismenn, en þeir enir sömu munu þó optast einnig eiga setu á alþíngi. Þeir eru þá í nefndinni máske búnir að koma sèr saman um einhverja þá stefnu málsins og orðnir fastir á henni, sem þínginu yfir höfuð mundi geðjast miður að, ef það væri með öllu einrátt, og leiddist ekki með fram af tillögum og meiníngum þessara merkismanna, sem þar eiga aptur að ræða málið ásamt öðrum; þeim er það þá vorkun, þó þeir vilji halda sinni meiníngu fram af alefli, og jafnan má við því búast, að tillögur og umræður

hinna vitrustu og og reyndustu manna megi sèr mikils á þínginu. Þessir merkismenn, sem í slíkar nefndir eru kosnir, eru því að nokkru leyti sviptir þínginu í þeim málum, sem nefndin hefir undirbúið, því þeim er eins og tvískipt milli stjórnarinnar og þingsins: stjórninni til lèttis og leiðbeiníngar eiga þeir að undirbúa málið, en á þínginu eiga þeir að ræða um það, og dæma, hvað þessar tillögur stjórnarinnar sèu hollar fyrir landið, og eiga þeir þannig að ræða um verk sjálfra sín. Þar af leiðir aptur annar aðalannmarki, sá, að slíkar nefndir grípa að nokkru leyti fram fyrir höndurnar á þínginu, leysa fyrir fram af hendi ætlunarverk þess, og takmarka því og þraungva framkvæmdasviði því, sem þínginu er markað. Eg ætla því, að sama sè að segja um þessleiðis nefndir, sem um fulltrúaþínga-nefndirnar („Stænder Committeerne"), sem stúngið var upp á hèrna um árið á fulltrúaþíngunum í Danmörku, að þær sèu yfir höfuð að tala næsta viðsjálar, og megi verða til þess að þraungva framkvæmdum alþíngis og draga afl úr tillögum og störfum þess.

Að öðru leyti verð eg að geta þess, að mèr gekk það eina til með breytíngaratkvæði mitt, ef þíngmenn flestir vildu á annað borð verða á sama máli, að sporna við því, að eingin bendíng væri tekin um það inn í álitsskjal þíngsins í þessu máli (á þá leið sem nefndin hefir gjört), „að þínginu þækti það bezt tilfallið, að kosin yrði nefnd embættismanna til að undirbúa það", heldur, ef nokkuð væri talað um aðferðina, að þínginu þækti þetta óráð, og hèldi, að nægja mundi að leita álits og tillaga enna æðstu embættismanna landsins.

Konúngsfulltrúi: Ef nefndin hefði gjört þá uppástúngu, að alþíng skyldi beiðast þess, að kvaddir yrðu menn til nefndar til þess að rannsaka lög þau, sem nú eru umtalsefni, og semja uppástúngu til lagafrumvarps, þá hefði eg álitið mèr skylt að benda til þess, að slík beiðni mundi að líkindum ekki vera vel til fallin, þar eð stjórnin hlýtur sjálf að geta metið það bezt, að hvað miklu leyti hún sjálf mundi geta samið haganlegt lagafrumvarp eptir þeim skýrteinum, sem hún á venjulegan hátt feingi frá yfirvöldum landsins. Eg tók það samt ekki svo, að þetta væri tilgángur nefndarinnar, heldur einúngis hitt, að vekja máls á því, að hvað miklu leyti það mundi vera vel til fallið, að drepa á það í inngánginum til uppástúngu alþíngisins, að stjórninni væri gefið þetta atriði á sjálfs vald,

svo henni væri falið á hendur að velja það, sem henni þækti rèttast.

En eins og eg áliti það ekki vel til fallið, að alþing beiddist þess, að nefnd yrði sett viðvíkjandi þessu, eins þækti mèr hitt ekki heldur vel til fallið, ef alþing rèði beinlínis frá því. Eg álít það ekki líklegt, en þó mögulegt, að stjórnin, eptir að hún hefði feingið álitsskjöl frá embættismönnum hèr í landi um þetta mál, gæti ekki fundið í þessum skjölum nægilegt efni, til þess að semja um það frumvarp til nýrra laga, og að stjórnin þess vegna, til þess að fá nauðsynlega undirstöðu í málinu, þæktist hafa gildar ástæður til að skjóta málinu til nefndar. Að skera úr því, hvort þessa verði þörf eður ekki, verður þannig einúngis að fela stjórninni á vald.

Að svo miklu leyti einn hinna virðulegu þingmanna hefir getið þess, að hina dönsku löggjöf um þessi atriði mætti, ef til vildi, hafa sem undirstöðu að lagafrumvarpi fyrir Ísland, þá verð eg að geta þess, að fyrir skömmu hefir verið gefin tilskipan um helgidagahald í Danmörku, og var hún ásamt öðrum tilskipunum frá 1845 og 1846 lögð fyrir alþing; en þar eð slík tilskipan snertir smá-atriði daglegra athafna manna, sem eru allt á annan veg í Danmörku, en á Íslandi, þá getur hún ekki átt við hèr á landi. Um húsvitjanir eru fá lög í Danmörku; sóknir eru þar litlar ummáls, og samgaungur þess vegna tíðar millum prests og sóknarfólks, svo er og skólakensla allt á annan veg í Danmörku en á Íslandi, og fyrir því þarf ekki við þeirra laga í Danmörku. Hvað húsagann að lyktum snertir, þá er málefnið millum húsbænda og hjúa svo mörgum lögum bundið, sem einúngis eiga við, eins og ástadt er í Danmörku, og sem jafnvel eru þar á annan veg á landsbygðinni, en í kaupstöðum, svo að heldur ekki getur úr þeim lögum feingizt nokkurt efni í löggjöf handa Íslandi.

Að svo mæltu verð eg að álíta rèttast, að í bænarskrá þingsins til konúngs um þetta mál verði með öllu ekki minnzt á það atriði, hvort setja eigi nefnd eður ekki til að undirbúa lagafrumvarp það, sem menn æskja eptir.

Framsögumaður: Þegar nefndin samdi álitsskjal sitt til þingsins, var það eingan veginn hennar meining, að bending sú, sem hún framkom með um þann hentugasta máta til að undirbúa frumvarpið, og sem hún í álitskjalinu með berum orðum hafði sagt að hún ekki vildi gjöra að uppástúngu, skyldi

koma inn í bænarskrá þingsins til konúngsins, og allra sízt hygg eg, að það nú eigi að ske, eptir þær umræður, sem farið hafa fram á þinginu, og þar í hefir ræða hins hæstvirta konúngsfulltrúa styrkt mig; en þar um hygg eg að þingmenn af ræðu hans, og eins af því, sem eg hefi áður sagt, megi nú vera sannfærðir, að það er enn nú meira ísjárvert, að ákveða fast við konúnginn um einn vissan máta, hvernig sök þessa skuli undirbúa, svo að stjórnin geti tilbúið hentugt frumvarp í henni. Þingmanninn frá Skaptafellssýslu hefi hvorki eg, nè, að eg held, nokkur þingmaður skilið svo, að hann hefði persónulega nokkuð á móti þeim amtmönnum, sem nú eru, því hann sagði með berum orðum, að það ekki væri svo; en hann er eingu að síður samt sem áður í þeirri mótsögn við sjálfan sig, sem eg hefi bent á; því hann útleiddi það ekki af því, hvernig amtmennirnir sjálfir væru, heldur af því, hvernin amtmanna embættunum væri skipað, hversu mjög álitsskjöl þeirra væru á sundrúngu.

Prófastur Hannes Stephensen: Mèr varð það á í gær, eins og fleirum öðrum, að geta ekki fallizt á nefndarálitið, og játa eg, að inngángurinn, þar sem það er talið einka ráðið, að setja nefnd embættismanna til að rannsaka málefni þessi og semja ný lagafrumvörp í þeim, fèll mèr verst, og horfði eg þar mest í kostnaðinn, eins og aðrir, af því eg áleit hann óþarfan. Um aðalbreytíngar-atkvæði mitt er það að segja, að því vil eg að eingin bænarskrá sè konúngi send um þetta, að eg ætla margar bendíngar verði þinginu sendar, áður það kemur saman næst, um þetta efni, sem geti orðið því til leiðarvísis og lèttis. En hvað vara-atkvæði mínu viðvíkur, þá gleður það mig, að eg hefi hitt á það, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi hèlt að rèttast væri.

Framsögumaður: Nefndin hefir eingan veginn grundvallað uppástúngu sína um endurbót tilskipananna á nauðsynjum til að láta nefnd undirbúa hana, heldur á þeirri þörf, sem á því er, að þessar tilskipanir verði endurbættar. Eg held ekki, að þingmenn fái neinar þær bendíngar frá landsmönnum, sem tölu verður stuðníngur getur orðið að, til að semja nýtt og hentugt lagafrumvarp um þau efni, sem hèr ræðir um. Mèr virðist, sem margar af þeim bænarskrám, sem inn komið hafa til þingsins bæði nú og fyrri, lýsi því nógsamlega.

Stephán Jónsson: Eg vona, að það hafi verið ljóst af orð-

um mínum, þegar þetta mál var rædt í gær, að eg bæði bæri virðíngu fyrir málefnum þessum, sem miklu varða almenníng, og líka að eg viðurkendi, að nauðsyn væri á endurbót þeirra. En þar sem eg gat átt hlut að því, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi vèk ræðu sinni að, að lagaboð í Danmörku gætu ekki átt hèr við, eins og á hefði verið bent, þá er nú það, sem sagt var um það af mèr, sprottið af ókunnugleik, sem bæði konúngsfulltrúinn og aðrir munu virða til vorkunar.

Forseti: Fyrst einginn tekur framar til orða, vil eg spyrja:

1. Vill þíngið senda konúngi bænarskrá um endurskoðun enna gömlu húsaga-, helgidaga-, og hjónabands-tilskipana (nefndin), eða ekki senda bænarskrá (frumatkvæði prófasts Stephensens)?

   Hið fyrra samþykt með 16 atkvæðum gegn 5.

2. Vill þá þíngið óska, að frumvarp um þessi málefni semjist að tillögum enna æðstu embættismanna landsins (prófastur Stephensen, Umboðsm. J. Guðmundsson), eða ekkert áskorða um aðferðina (nefndin)?

   Það seinna samþykt í einu hljóði.

Því næst var fundi slitið.

---

## 4. Ágúst — Þrítugasti fundur.

Allir á fundi. Þíngbók frá síðasta fundi lesin og samþykt.

Forseti framlagði þá til síðustu umræðu málefnið um vörumat og vörumatsmenn á Íslandi. Í málinu höfðu verið borin upp þessi

Breytíngaratkvæði:

1. prófasts Haldórs Jónssonar:

   að vörumati fyrst um sinn ekki verði á komið, nema kríng um Faxaflóa, að það verði frjálst bæði á fiski og öðrum landsvörum.

2. Jóns Guðmundssonar og assessors Jónassens:

   *a.* að vörumatið sè frjálst.

   *b.* . . . . . eingaungu á fiski, og

   *c.* að vörumatsmönnum sè launað af opinberum sjóði án alls endurgjalds.

3. Þorvaldar Sívertsens:

að um þetta málefni verði eingin bænarskrá samin til konúngs.

Framsögumaður: Það er svo skamt, síðan mál þetta var rædt, að eg hygg óþarft að lesa upp álitsskjal nefndarinnar, eða fara mörgum orðum um uppástúngur hennar; síðan í gær hefir víst einginn gleymt þeim atriðum, sem svo ítarlega voru framtekin bæði með og mót hverri einni uppástúngu í máli þessu, sem borin hefir verið upp, þó vil eg leyfa mèr að lesa upp bæði uppástúngur nefndarinnar og þau breytíngaratkvæði, sem móti þeim hafa verið framborin, svo þíngið hafi þær allar í einu fyrir augum sèr og geti dæmt um þær þess betur. Eg verð að ætla, að nefndin hafi fært nægar og gildar ástæður fyrir uppástúngum sínum, og skal eg ekki eyða tímanum með því að taka þær upp aptur, því án þess geta þeir sannfærzt, sem sannfærast vilja. Af breytíngaratkvæðunum horfa tvö í sömu áttina, það er að segja, að vörumatið sè að öllu frjálst, en þeir tveir, sem á sama máli eru, og báðir eiga sama breytíngaratkvæðið, þíngmaður Skaptfellínga og 1 hinna konúngkjörnu þíngmanna hinnar veraldlegu stèttar, vilja ekki láta neina vöru meta, nema fiskinn; en konúngkjörni þíngmaðurinn andlegu stèttarinnar vill líka láta meta landvörurnar, en allir að eins við Faxaflóa; hinir 2 fyrr nefndu vilja láta launa vörumatsmönnum af einhverjum opinberum sjóði án alls endurgjalds; kemur mèr það til hugar, hver sjóður sè svo óþrjótanlegur, að hann beri útgjöld þessi án alls endurgjalds.

Það er tekið fram í nefndarálitinu, að frjálst vörumat muni ekkert gagn vinna, eða svo lítið, að ekki sè teljandi; því það er hagur seljanda og líka kaupanda, þar sem fleiri eru verzlunarmenn í einu kauptúni að vörur séu ómatnar, því hver stríðir þar við annan að fá sem mest af vörunni, og einn undirbýður annan í vörugæðunum, en yfirbýður í verðhæðinni, og upphefur svo frelsið, gagnsmunina, og allt stendur í sama stað. Eg vil ætla, að verzlunarmenn láti, ef til vill, meta og auðkenna fisk þann, sem þeir flytja til Spánar, en fæstir verzlunarmenn hèr sækja markað þángað, og verða þá allar vörur, fiskur og allar vörur aðrar, sem fluttar verða til annara landa, ómetnar eptir sem áður, og vörugæðin standa í stað. Öllum þeim, sem sjá og heyra endalok máls þessa á þíngi, og stjórninni sjálfri, má þykja það merkilegt, að hvergi á landinu þurfi vörur að meta, nema í bygðarlögunum við Faxa-

flóa. Er það ekki sama, sem sagt væri: þeir einir, sem þar búa í grend, verka vöru sína svo illa, að hún er óhafandi, nema hún sè matin og aðskilin, og þeim með því kent, að bæta ráð sitt? Er ekki með þessu á þá sett það Kains merki, sem auðkenni þá frá öðrum landsbúum? Og slíkt auðkenni er ógeðfelt og vanvirðandi, einkum ef það væri án gildra orsaka á sett; því þó maður vildi ætla, að vöruverkun væri nokkru betri í nordlendíngafjórðúngi, sem þó mun efasamt, þá veit eg hún er eingu betri, ef ekki lakari, í vestfirðíngafjórðúngi, og ekki get eg viljað, að Sunnlendíngar sèu haldnir þeirra eptirbátar í þessu efni, og ekki vil eg hafa þess sýnilegt merki á *mèr*, að eg sè þeim verri. Það ætlaði eg, að opinberu sjóðirnir hefðu nóg á sinni könnu, og líka óþarft, að leggja þau útgjöld á þá, sem hæfilegast hvíla á vörum verzlunarmanna, sem lángminnstum álögum sæta af öllu lausafè í landinu.

Jústizráð Thorstensen: Eg vil þó fyrir mitt leyti óska, að heldur en vörumats-málið falli niður, að það mætti verða fríviljugt, og enda alleina á fiski, og veit eg þó gjörla, að landvörurnar þurfa þess eigi síður með, en fiskurinn, því það varðar miklu, og er þó betra en ekkert, því lítið er betra en ekkert; og það er ekki svo lítið í varið, þegar 10—12 þúsund skippund fiska færist út, og hefir fallið um allt að helmíngi í verði, síðan á fyrri árum, er hann optast borgaðist á Spáni með 5 til 6 spesíum meira á hverju ári, skippundið, móti því sem nú er, og stundum enn betur; og yfir höfuð óska eg, að bænarskrá verði samin og send um, að frumvarp verði samið af stjórnarinnar hálfu um þetta efni, sem hún bezt er fær um.

Prófastur Halldór Jónsson: Eg er einn af þeim, sem mælt hafa með vörumati einúngis kríngum Faxaflóa; og skal eg nú leyfa mèr, að taka fram aptur og skýra ástæður mínar fyrir því. Sú fyrsta var það, að eg áleit ekki vert, að byrja strax á miklu svæði, þar sem vörumatið ætti fyrst að eins að vera til reynslu; sú önnur: að kríng um Faxaflóa er mestur fiskur, sem helzt mun þurfa eptirsjónar við; og sú þriðja: að þar væri rèttast að byrja, sem mestur brestur væri á vöruverkun; en það hefir mèr heyrzt og skilizt af umræðum manna bæði utan þíngs og (eg held mèr sè óhætt að segja það) einnig hèr á þínginu, að helzt mundi eiga sèr stað kríng um Faxaflóa. Mèr fannst (og finnst enn), að þegar vörumatið væri frjálst, mætti það og ætti einníg að ná til landvöru. Eg að-

hyltist að vísu breytíngar-atkvæði þíngmannsins fyrir Skaptafellssýslu, að vörumatsmenn skyldi hafa laun úr opinberum sjóði; þó finnst mèr vera annmarkar bæði á þessu, og hinu, að sá borgi, sem beiðist vörumats: sè hið fyrra viðtekið, eru líkindi til, að margir beiðist mats á vörum sínum, kaupmenn og bændur, svo starf þetta yrði örðugt, og margir þyrftu að vera vörumatsmenn með töluverðum launum; en ættu beiðendur sjálfir að borga matið að öllu, er hætt við, að fáir mundu láta meta vörur sínar, svo þeir tilnefndu vörumatsmenn feingi lítið eða ekkert, og liðu þannig töluverðan skaða af stöðu sinni. Þar nú hefir verið stúngið upp á hvorutveggja, vil eg leyfa mèr að skjóta því til hins háttvirta forseta, hvort það megi álítast gagnstætt þínglögum, að við atkvæðagreiðslu í máli þessu yrði einnig leitað eptir, hvort þíngið ekki vildi fallast á, að sameina hvorutveggja borgunar-mátann, þó ekki hafi verið borið upp um það breytíngaratkvæði, að vörumatsmenn skyldu hafa nokkur laun af opinberum sjóði, en sá, sem beiddist vörumats, skyldi og gjalda nokkuð af vörunni, eptir líkum reglum og nefndin hið fyrra sinn stakk upp á, en svo lítið, að ekki væri að óttast fyrir, að menn lètu það hamla sèr frá að æskja mats á vörum sínum, þegar menn einhverra orsaka vegna álitu það nauðsynlegt.

Kandíd: Jón Sigurðsson: Eg verð fyrir mitt leyti að fallast á meiníngu þeirra, sem vilja, að vörumatið verði frjálst. Eg byggi það á þeim skoðunarmáta, að eg álít kaupmann sjálfan vera hinn bezta vörumatsmann; hann hlýtur að vita bezt, hverja vöru hann getur tekið, og hversu hann muni geta varið henni; í þetta ætti því stjórnin ekki að blanda sèr, nema í ítrustu nauðsyn. Aptur á móti vil eg þó halda, að frjálst vörumat á fiski gæti gjört gagn; og það byggi eg á ásigkomulagi markaðanna. Íslenzkur fiskur fer, nú sem stendur, til tveggja aðalmarkaða: annar er í Danmörk; þar er íslenzkur fiskur alþektur, og eg veit ekki til, að þángað flytjist stimplaður fiskur annarstaðar að; þar þarf þess vegna ekki að hafa stimplaðan fisk, svo hann sè útgeingilegur. En annar markaðurinn er á Spáni; þar kemur íslenzkur fiskur saman við stimplaðan fisk frá öðrum löndum, og merki þetta eitt getur, ef til vill, stundum gjört hann gildan eða ógildan; þar er gott að hafa stimplaðan fisk, og getur verið kaupmanninum hagur, að honum væri gjört greitt fyrir að fá fisk sinn stimplaðan,

svo hann gæti orðið útgeingilegri, og þetta yrði þá einkum sá fiskur, sem færi til Spánar. Í þessu vil eg að greidt sè fyrir kaupmanninum, honum til hagnaðar. Nú er mest flutt af fiski frá Faxaflóa, og nokkuð undan Jökli, af þeim fiski sem til Spánar fer; þess vegna er einmitt nauðsyn á, að hann sè metinn á þessum stöðum. Þetta er ekkert Kainsmerki á Sunnlendíngum, heldur er það bygt á hagnaði verzlunarmanna og landsins alls; en það er þar að auki víst, að fiskur að vestan, einkum frá Bíldudal, og kannske úr Flatey, er bezt verkaður hèr á landi, og auðkendur, enda selst 4—6 dölum meira skippundið í Kaupmannahöfn af honum, en öllum öðrum fiski hèðan frá landi.

Eg greiði þá atkvæði mitt á þá leið, að vörumat verði frjálst, verði einúngis á fiski, og einúngis kríng um Faxaflóa og undir Jökli.

Kammerráð Melsteð: Eg vil að sönnu fúslega játa, að vörur þær, sem frá Íslandi flytjast, eru hvergi nærri svo góðar eða vandaðar, sem vera skyldi, og líka viðurkenni eg, að nefndinni hefir gott til geingið, þegar hún hefir viljað seta vörumatsmenn í öllum kauptúnum landsins, til að meta allar þær vörutegundir, sem þaðan flytjast; en eg er hræddur um, að á því verði margir annmarkar, og mörg þau vandkvæði, sem bágt verði úr að ráða. Ef vörumatsmenn ætti að seta í öllum kauptúnum, mundi þar af leiða mikil útgjöld fyrir konúngssjóð; en ef þann kostnað skyldi aptur endurgjalda konúngssjóði, *mundi* það aptur töluvert skerða verð hinnar íslenzku vöru, því það er auðvitað, að kaupmenn mundu láta kaupanauta sína borga hann, og um leið leggja meira á vöruna, en kostnaðinum nemur. Ef vörumatsmenn ættu að meta alla vöru, þegar landsmenn færa hana kaupmanni, yrðu þeir jafnan að vera nálægir í kaupstaðnum, því verzlan fer þar fram, víða hvar, allt af bæði vetur og sumar, hvern dag sem veður er fært, og stendur yfir allan daginn frá morgni til kvölds. Nokkrar vörutegundir eru þar að auki þannig á sig komnar, að þær annaðhvort alls ekki verða metnar hèr í landi, eða þó ekki skemdalaust, eins og t. a. m. saltað kjöt, og tólg, sem brædd er í tunnur. Kjötið er, eins og alkunnugt er, saltað niður í tunnur, þær síðan botnaðar og gjarðsettar, og síðan helt á þær saltlög; þó kjötið í tunnunum væri rannsakað strax, sæist ekki, hvort það væri vel verkað eður ekki: það sèst fyrst, þegar lángt er frá liðið,

og kjötið er komið til útlanda. Mörinn úr sláturfènu, sem rekið er til kaupstaða, láta kaupmenn bræða í tunnur. Sú tólg, sem þannig er tilbúin, er ætíð hvít og vel verkuð; en að henni getur þó það orðið, þegar regn og hita-mollur gánga, og ekki er nóg nærgætni við höfð, að hún verði ekki nógu hörð í miðjunni. Eg verð því að fallast á breytíngaratkvæði þíngmannsins úr Skaptafellssýslu, að matið nái einúngis til fiskjar þess, sem fluttur er frá Faxaflóa, og að það sè frjálst. Af því mundi leiða, að allur sá fiskur, sem fluttur er til Spánar, mundi verða matinn og sett á hann vörumats-merki, því ella mundi fiskurinn ekki gánga þar út. En fiskur sá, er fluttur yrði hèðan til Danmerkur, mundi þar á móti optast verða ómetinn, og þessa þarf heldur ekki við, því þar geingur hann optast út, en verð á honum þar fer eptir gæðum hans. Af þeim orsökum, sem eg hefi nú talið, var það því ekki án orsaka, að þíngmaður Eyfirðínga, ef mig rètt minnir, áskildi sèr það breytíngar-atkvæði, þegar mál þetta var hèr rædt í fyrra sinni til undirbúníngs á þínginu, að norðlendíngafjórðúngur skyldi vera undanskilinn vörumatinu. Mèr þykir þíngið færast of mikið í fáng, ef það nú þegar fèllist á, að allar vörur skyldi meta, áður en þær yrðu fluttar frá landi hèðan. Eg held það væri betra, að vörumatið fyrst um sinn væri einúngis á fiski þeim, er fluttur er frá Faxaflóa, má þá sjá, hvernig tiltekst með fyrirkomulagið á því.

Framsögumaður: Þeir tveir, sem nú ræddu seinast, eru þó algjörlega á þeirri meiníngunni, sem almenn er orðin á þíngi, að hvergi þurfi, nè eigi vörur að meta, nema við Faxaflóa. Eg kannast við það, að fiskur kemur mestur að þessum kaupt*únum*, en verð að neita því, að hann sè þar verstur. Eins hygg eg það ósannað og ósannandi, að landvara sè hèr verr verkuð, en annarstaðar á landinu, einkum á vesturlandi, því úr þeim fjórðúngi hefi eg sjálfur sèð versta vöru flutta að Reykjavík. Þó varan sè kölluð hèr góð í norðurlandi, þá ætla eg þó, að hún muni geta tekið bótum, og líka þurfa þess. Ef laun vörumatsmanna eru tekin af opinberum sjóði, mundi, ef til vill, leiða til þess að vörur yrði tvímatnar, bæði þegar bændur selja þær af hendi til kaupmanna, og aptur, þegar kaupmenn hlaða skip sín, því vörumatið kostar þessa ekkert. En eg ætla, að þetta fari á aðra leið; verzlunarmenn sækjast eptir vörunni, taka hana misjafnlega verkaða hjá þeim, er mikið hafa að bjóða, og láta þá ekki meta hana í hendur sèr, og fyrst

þeir ekki þurfa að láta meta hana, áður hún er á skip borin, munu þeir heldur ekki gjöra það, því þeir vita vel, að hún þolir ekki matið, og fer þá svo, að vörumatið ferst fyrir með öllu. Þar sem hinn virðulegi konúngkjörni þíngmaður gjörði ráð fyrir, að vörumats-kostnaðurinn yrði svo afarmikill, þá væri ekki hagkvæmt að leggja hann á konúngssjóðinn, sem nógu hefir að gegna; menn mættu hræðast, að kostnaður þessi mundi, ef til vildi, spreingja hann, sem menn segja, en það var nú aldrei nefndarinnar meiníng, heldur hafði hún gjört ráð fyrir, að kostnaður þessi yrði lagður á þær mötnu vörur hjá verzlunarmönnunum, og hafði nefndin greinilega sýnt ofan á, að kostnaður þessi yrði hið mesta lítilræði, sem ekki í hinu minnsta gæti hnekt verzluninni; hún hafði sýnt, að ekki þyrfti að leggja nema ¼ sk. á hvert pund ullar og tólks, og 20 sk. á hvert skippund fisks, og að því skapi á aðrar vörur, til að standa þenna kostnað, og eiga jafnvel töluverðan afgáng, og sjá allir, að þetta ekki eru þær álögur, sem hnekki verzluninni, eða gjöri Íslendíngum nein teljandi útlát, þó á þá legðist eina á endanum; mótmælismaður virðist annaðtveggja hafa gleymt, eða ekki viljað muna það, sem nefndin í fyrra álitsskjali sínu hafði borið upp í þessu efni. Hinn virðulegi þíngmaður Ísfirðínga gat þess, að kaupmenn væru sjálfir beztir vörumatsmenn, þegar þeir kaupa vörur sínar, og er hann í þessu nefndinni samdóma, sem einmitt hefir látið þá meiníngu í ljósi, og meðal annars á því bygt álit sitt, að óþarft væri að meta vöruna, þegar hún er seld verzlunarmanni. En þegar hann segir, að óþarfi sè að stimpla fisk þann, sem til Danmerkur er fluttur, þá fæ eg ekki skilið það, því eg verð að halda, að sá auðkendi fiskurinn mundi einnig þar eiga sèr góðan markað vissari, en hinn óstimplaði; hann sagði, að Bíldudals og Flateyjar fiskurinn væri lángbeztur, seldist 4 til 6 dala betur, en annar íslenzkur fiskur, og *er það trúanlegt*, því bæði mun fiskur sá vera mestmegnis duggufiskur, enda sagði þíngmaðurinn með berum orðum, að hann væri auðkendur. Hinn sami þíngmaður sagði óþarft, að meta og auðkenna annan fisk en þann, sem aflast og burtflyzt frá Faxaflóa; en það ætla eg ekki, því talsverður fiskur flyzt einnig frá Ólafsvík, og það til Spánar, og þó hann sè verkaður af verzlunarmanni þar sjálfum, átti hann sèr þó í fyrra illan orðstír, og ef til vill, verstan af öllum íslenzkum fiski, og mörgum hundr-

uðum af honum var þá varpað í sjó, áðu en hann var á skip borinn. Hinn konúngkjörni þíngmaður verzlegu stèttarinnar gat þess, að til væru vörur þær, sem ekki yrðu rannsakaðar og merktar, og stæði það í vegi almennu vörumati; til nefndi hann kjöt, sem saltað er niður í tunnur, og er það þá ein af þeim vörunum, sem hèr voru á þíngi, þegar mál þetta var í fyrsta sinni rædt, kallaðar ósýnilegar, og þess getið þá, að það væri vanalega matið í Danmörku; mèr virðist ekki spurníng nein um mat þessarar vöru hèr, því kjötið er burtflutt hèðan, áður en það fer að verkast, nýsaltað, og á von á matinu ytra, þegar rèttur tími er til kominn. Um tólkinn er öllu öðru máli að gegna, því ekki skil eg, að vandhæfi sè á að kanna hann, þó verzlunarmenn bræði hann í tunnur, því með borum mun hann mega kanna, svo sjáist, hvernig hann er hátt og lágt í ílátinu; annars ætla eg, að þegar tólkur er brædd-ur að nýju, og honum helt í ílát, mun sori hans leita botns, og vera auðfundinn. Eg fæ með eingu móti sèð, hvað mót-stríðir vörumati í öllum kauptúnum, því verði landinu gagn að vörubótum, verður því gagnið mest að því, að bótin verði algjörð og allstaðar.

Assessor Johnsen: Mèr þykir vanta á atkvæðalistana eða á spurníngar hins háttvirta forseta til þíngsins, að eigi er gjört ráð fyrir atkvæðagreiðslu um það, hvort vörumatið á að fara fram úr hendi bændanna, eða eigi fyrri en vörurnar eru fluttar á skip úr verzlunarbúðunum; en þar eð eg gjöri ráð fyrir, að frumvarp verði lagt fyrir þíngið um þetta málefni af hendi stjórnarinnar, og að þetta atriði þá komi til greina, þó að þíngið ekki hreifi við því í bænarskránni, skal eg ekki heldur fara fram á það, nema með þessari athugasemd. Mèr getur ekki skilizt, að nokkur ástæða sè fyrir því, sem nefnd-in ætlar, að fullkomin vissa sè fyrir hagnaðinum á næsta ári fyrir landsbúa, svo miklum sem verða mætti með þvínguðu vörumati úr hendi þeirra, sem vörurnar flytja í kauptúnin, ef það þvert á móti fyrst ætti að ske úr hendi kaupmannanna í skipin, og það enda þó sektir væru lagðar við, ef verzlunar-menn skytu sèr undan vörumatinu; því þó ætla megi, að hagn-aðurinn með þessum hætti yrði nokkur fyrir landsbúa, þegar fram í sækti, þá ætla eg þó ekki, að hann yrði eins viss, og sem vera ber í hvert sinn, þegar verzlunarmennirnir þannig sjálfir verða vörumatsmenn, því þá þykir mèr all-líklegt, að

þeir þó verði það fremur í eigin hag, en bændanna, þar sem þeir geta komið því við, og að það á stundum verði upp á, að þeir, sem flytja beztu vöruna, ekki fái hæsta prísinn fyrir vöruna, og hinir eigi heldur ætíð hinn lægsta, sem eiga hann skilið eptir gæðum vörunnar, og þó bóndi reyni fyrir sèr í næstu búð, þar sem verzlunarmenn eru fleiri en einn, getur farið á sömu leið með hina betri vöruna, en máske betur með hina verri, en þá er honum orðin of mikil töf að, að fara til vörumatsmannsins. Þar sem nefndin nú aptur ætlar, að töfin verði enn meiri, ef meta ætti úr höndum bænda, án undantekníngar, við það vörumatshús, sem eg ímyndaði mèr að yrði að byggja, þar sem fleiri eru en einn verzlunarmaður, og hún enda svo mikil, að bændur mundu verða að bíða framt að 3 vikum, þá held eg að þessi ótti nefndarinnar komi af því, að hún ekki ætlast til, að fleiri yrðu þar til afgreiðslu, en einn maður, og þarf eg einúngis að benda til þess, sem eg sagða við fyrri undirbúnings umræðu þessa máls, til að sýna fram á, bæði að eigi verður gjört ráð fyrir þessu, og líka að enda öllu minna yrði til tálmunar ferðum bændanna með vörumati því, sem eg hygg hið tiltækilegasta, en nú er optsinnis án alls vörumats. Hvernig nefndin getur ætlað, að kostnaðarmeira verði vörumatið á þann hátt, en ef það færi fram, áður en vörurnar eru fluttar á skip, skil eg heldur ekki, og það því síður, sem nefndin sjálf, eins og fyrra álitsskjal hennar sýnir, ætlast til, að laun fyrir matið fari eptir vöru-magni því af hverri tegund, sem matið er, og hvorki hún, nè eg, gjöri ráð fyrir öðru, en að vörumatsmenn verði búsettir á verzlunarstöðum þeim, hvar meta á, auk þess að ómakið fyrir að meta þær vörurnar, sem fluttar eru til kauptúnanna á öðrum tímum árs, en lestatímunum (en þá ætla eg sjálfsagt að vörumatsmenn jafnan sè við hendina), verður næsta lítið. Að kostnaðurinn, hvort heldur vörumatslaun, eins og nefndin kemst að orði, eru lögð á verzlunina eða verzlunarmenn, sem meta láta, eða beinlínis á vörurnar, þó á endanum hljóti að koma niður á bændunum, hefir hinn heiðraði konúngkjörni þíngmaður hinnar veraldlegu stèttar fullkomlega lagt fyrir sjónir, og liggur það í augum uppi, að verzlunarmenn sjái um, að græða svo mikið sem kostur er á, þegar þeir selja vöruna til útlanda, og að þeir færi bændum þann kostnað allan til reiknings, sem þeir

verða fyrir af hinni nýju ráðstöfun, sem þó hefir það augnamið, eða á að hafa, að verða þeim eða landinu að gagni.

Þar sem hinn heiðraði framsögumaður ætlast til, að þær vörur, sem hann kallar ósýnilegar, eigi að rannsaka af vörumatsmönnum, með því að bora göt á tunnurnar eða umbúðir þær, sem hamla því, að vörurnar koma fyrir sjónir (nema því að eins að lokið sè upp, eða umbúðirnar teknar utan af), þá held eg ekki, að þessi máti, til að mynda um kjöttunnur, sè hinn tiltækilegasti, og er skýrt frá því í löggjöfum þeim, sem gilda í Danmörku um þetta efni, hvern máta eigi eða megi hafa við, og ætla eg það sjálfsagt, að hann mætti eins vel hafa við hèr í landi við þesskonar vöru. Um Bíldudalsfiskinn held eg að hinn heiðraði framsögumaður hafi misskilið þingmann Ísfirðinga, og skildi eg hann á þá leið, að fiskur sá jafnan sè auðþektur frá öðrum (verri), svo að hann beri það með sèr sjálfur, án allra auðkenninga eða vörumats-merkis, að hann sè frá Bíldudal, og að útlitið sjálft gjöri hann útgeingilegri en annan fisk, sem hèðan flyzt frá landi.

Framsögumaður: Þar sem hinn háttvirti varaforseti hefir farið mjög mörgum orðum, bæði um álit nefndarinnar og sína eigin meiningu um málefni þetta, þá mun eg fáum orðum svara honum, bæði þess vegna, að eg ætla það að nokkru óþarft, og hins, að eg man nú minnst af öllu því er hann ræddi. Það ætla eg víst, og það munu þingmenn muna, að hann í fyrra sinni, sem málið var rædt, barðist fyrir því, að 1 væri vörumatsmaður í kauptúni hverju, en hann ætlaðist til, að hann hefði marga vinnumenn, en mèr er óljóst, hverja tiltrú þeir eiga að hafa, og ætla, að vörurnar allar hljóti að gánga í gegnum hans eigin hendur, og mundi af því leiða of mikla tímatöf, einkum í Reykjavík, og hana ekki minni, en til er tekin í nefndarálitinu. Að vörumatið færi landsmönnum eingan ágóða, nema vörurnar sèu matnar úr þeirra höndum, skil eg enn ekki, því við sama kostinn munu Íslendingar búa hljóta fyrst um sinn, sem þeir allt af búið hafa, síðan verzlanin var að nafninu gefin frí, og taxtaverð vörunnar hætti, þann nefnilega, að fá vöru sína, árið eptir, borgaða að vilja verzlunarmanna, nokkurn veginn að því skapi sem þær seldust árinu áður erlendis; og gjörir þá vörumatið einga breytíngu vöruverðsins, samæris. Þar sem varaforseti ætlar það af gáleysi nefndarinnar, að sagt er, að vörumatsmenn mundi þurfa

hærri laun, ef matnar væru vörur úr höndum bændanna, en ef þær væru fyrst matnar, þegar þær eru bornar á skip, þá villist hann í því; það var sannarlega vel hugsað af nefndinni, því allir sjá þann mun, sem er á starfi vörumatsmanna við báðar aðferðirnar; ef varan er matin, þegar skip eru hlaðin, eða sem næst þeim tíma, geta vörumatsmenn á skömmum tíma aflokið starfi sínu ár hvert, og þess á milli strokið um frjálst höfuð, og gegnt öðrum störfum, en annars hlytu þeir sí og æ að vera við það starf bundnir, og mættu eingu heldur vera nokkurn dag burtu frá kauptúninu, en lögregluþjónar, og er auðsær skaði sá, sem af þessu leiddi fyrir þá, ef þeir vildu nota sèr annan næringarveg. Að eg hefi talað um kjöt, sem væri það ósýnileg vara, þá er hugmynd þessi komin hèr inn á þing fyrst frá varaforseta sjálfum. Annars læt eg það nægja, sem eg hefi sagt áður um þessa vöru; á því er eg enn, að vörumatsmenn eigi hægt með að rannsaka tólkinn með nöfrum.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Þingmenn úr öllum fjórðúngum landsins hafa, við umræður þessa máls, látið í ljósi álit sitt um, hvar og að hvað miklu leyti þeim virðist brýn nauðsyn á vörumati; hefir flestum komið ásamt um, að það væri fiskurinn einn, sem sèrlegast krefði þess, þar sú vara væri nú óútgeingilegust, og mundi skemst á leið komin til bóta; og með því sú vara væri mest megnis í Faxabugt, og kríng um hana, hafa umræður hnigið að því, að vörumatið skyldi eingúngis ná að komast á fyrst um sinn á því svæði, og að það skyldi vera frjálst, en ekki þvíngað; að vísu hafa menn viðurkent, að landvaran, ull og tólg, væri ekki eins vel vönduð og vera ætti, en menn vonuðu þó, að hún smátt og smátt færðist svo í lag, eptir þeirri stefnu, er víða hvar væri komin á með verkun hennar, og þess vegna væri eingin sèrleg ástæða til að óska, að kostnaðarsamt lögboðið vörumat kæmist á í öllum verzlunarstöðum landsins.

Hvað fiskinn áhrærði, fèllst eg á tillögur þingmanna, því af eigin reynslu þekti eg ekki meðferð þeirrar vörutegundar, eður hversu lángt hún var á baki landvörunnar; aptur bygði eg, á hina síðuna, álit mitt í tilliti til landvörunnar á eigin þekking og nokkurn veginn grundaðri ástæðu, þar mèr sýndist, að vörumatinu, hvort heldur frjálsu eður þvínguðu, mundi ætíð samfara talsverður kostnaður, en minni ávinníngur, en spáð er að af því mundi leiða.

Við nákvæmari íhugun og upplýsíngar málsins hefi eg síðar komizt að raun um, að landvaran hèr á suðurlandi, einkum á svæðinu kríng um Faxaflóann, mundi þurfa að vera undir sama skilyrði, sem fiskurinn, þar hún væri ekki betur vönduð nè verkuð en hann; til þessa þekta eg ekki, en fyrst að svo er, að kunnugir menn álíta svo, er eg fyrir mitt leyti fremur á því, að Kainsmerkið verði og svo sett á hana.

En eg ætla, að það sèu þá ekki þíngmenn, sem hafa viljað setja þetta merkið á þá, sem búa í kríng um Faxaflóann, eður vörur þeirra, heldur þeir einir, sem fastast hafa framfylgt, að vörumatið kæmist á, sem eg ætla að nefndin og einkum hinn heiðraði framsögumaður sè; eg fyrir mitt leyti tók svo djúpt í árinni, er málið kom fyrst til umræðu á þíngi, að eg sagði mèr þækti það vanvirða fyrir þjóðina, að biðja um, að þvíngað vörumat kæmist hèr á. Þó það hafi ekki verið nema fiskurinn einn, er eg hefi áformað að gefa atkvæði fyrir að tekinn væri undir mat, þá er eg nú frekast á, að gánga inn á breytíngar-atkvæði hins heiðraða konúngkjörna þíngmanns andlegustèttarinnar, og þó það kunni að verða tekið fyrir hviklyndi, þá greiði eg atkvæði mitt samkvæmt því.

Umboðsmaður Þorvaldur Sívertsen: Það var ekki í því skyni, sem eg bar upp breytíngar-atkvæði mitt í málefni þessu í gær, að eg minna en aðrir óski þess, að vöruverkun batni hèr á landi í einum stað sem öðrum, en mèr þykir ekkert fyrir, að játa skamsýni mína, þá, að mèr sýndust torfærur á veginum við vörumat hèr, eptir þeim uppástúngum, sem hèr hafa verið bornar upp, og hafa ræður þíngmanna enda studt að því. Eg er líka á þeirri meiníng, að nefndar-uppástúngan, feingi hún framgáng, eins og hún er nú, geti opt og víða, eg ætla þó ekki að segja altènd og allstaðar, orðið frjálsum viðskiptum manna til mikilla óhæginda, ef ekki fyrirstöðu, og ekki ætíð, nè á öllum vörum orðið framgeingt, og er þess einnig getið af þíngmönnum, svo eg vil hvorki, nè þarf, að fara þar um fleirum orðum. Það var einúngis þess vegna, að eg bar upp breytíngar-atkvæðið, að mèr datt í hug, að fleiri þíngmenn en eg einn, væru í þessum efa staddir, og vildi eg þá, að menn þyrftu ekki að binda sig við það, sem ekki gæti orðið hagkvæmt og vel við eigandi, því betra er að bíða góðrar reglu, en að binda sig annari verri. Eg ætla því ekkert að mæla með uppástúngu minni, því sè einginn í vafanum,

nema eg, svo ætla eg ekki til, að nokkur þingmanna veiti henni atkvæði.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Eg stend nú ekki upp til þess að rekja ræður ens heiðraða framsögumanns, nè til að hrinda ástæðum hans; eg þarf þess ekki, þar sem svo margir þingmanna hafa mælt með frjálsu, en móti þvínguðu vörumati; þetta hlýtur þeim heiðraða framsögumanni að hafa skilizt fyrir laungu, og held eg því, að hann sè að verja uppástúngu nefndarinnar fremur til gamans, en gagns þingmönnum. En það var annað í umræðum þingmanna, þeirra er síðar hafa tekið til orða, sem eg vildi segja mína meiníngu um, en það er, hvort heldur eigi að meta vöruna, þegar bændur koma með hana, eður þegar kaupmenn flytja hana á skip; þetta þarf nú eingan veginn að koma til umtals, þegar vörumatið er frjálst, og er það einn kostur þess með öðrum fleirum, því þá geta kaupmenn og bændur látið meta vöruna, þegar þeir vilja, og þarf því ekki það að óttast, sem einn þingmanna sagði áðan, að kaupmenn gjöri máske bændur apturreka með vöru sína, þó hún sè vitalaus og góð.

Þó að breytíngar-atkvæði ens heiðraða þingmanns andlegu stèttarinnar virðist að hafa mikið til síns máls, og þó að einn annar þingmaður sè nú nýbúinn að fallast á það, þá þykir mèr það þó í mörgu aðgæzluvert; úr því flestir eru á því, og að minni meiníngu eiga að vera á því, að ekki sè gjöranda, að meta landvöru nú fyrst um sinn, þá er það hvað í móti öðru, að vilja láta meta hana í kríng um Faxaflóa, og þó ekki annarstaðar.

Eitt er það, sem enn hefir ekki komið til umræðu í þessu máli, en sem mèr þykir þó þess vert að getið sè, og ef mögulegt er, komi inn í álitsskjal þíngsins, en það er, að auglýst verði á vanalegan hátt í útlöndum vörumatið, sem hèr verður innleidt.

Framsögumaður: Báðir hinir virðulegu þíngmenn frá Norðurmúla og Skaptafellssýslum hafa misskilið mig, hver upp á sinn hátt: hinn fyrr nefndi ætlar, að eg kosið hafi Kainsmerkið þessum fjórðúngi einum, þar sem eg vildi eingan landa minna hafa því merki merktan, heldur að allir væru vörumatinu jafnt undir lagðir, því eg var, og er enn, þeirrar meiníngar, að allir þyrftu þess álíka við, og ef jafnt geingur yfir alla, eru þeir ekki auðkendir hver frá öðrum. En hinn

síðar nefndi sagði, að eg hefði rædt mál þetta meir til gamans en gagns; það kann nú að vera, að það hafi ekki til gagns orðið, sem eg hefi rædt, og er það fákænsku minni og sturbutruskap að kenna, en ekki viljaleysi; en þar sem hann sagði eg hefði til gamans rædt, þá ber hann mig raungu ámæli, og vilda eg gjarnan vera frí fyrir þeim sakargiptum hins virðulega þingmanns, að eg gjöri mèr þarfir og velferð föðurlands míns að gamni. Það hefir frá upphafi verið nefndarinnar meiníng, að þó vörur ætti að meta, þegar þær verða burtfluttar, mætti þó líka kalla vörumatsmann til, þegar ágreinir millum kaupanda og seljanda.

Þar einginn ræddi framar málið, bað forseti þingmenn gánga til atkvæða um þessi atriði:

1. Vill þingið senda konúngi bænarskrá um þetta málefni?
   Samþykt með 19 atkvæðum.
2. Vill þingið hafa frjálst vörumat eður þvíngað?
   Hið fyrra samþykt með 19 atkvæðum.
3. Vill þingið, að vörumat sè fyrst um sinn einúngis leyft kríng um Faxaflóa?
   Samþykt með 20 atkvæðum.
4. Vill þingið, að allar vörur megi meta í kríng um Faxaflóa, eða einúngis fisk?
   Hið síðara samþykt með 16 atkvæðum.
5. Vill þingið, að stjórnin nefni til vörumatsmenn og launi þeim af opinberum sjóði?
   Samþykt með 18 atkvæðum.
6. Vill þingið endurgjalda hinum opinbera sjóði vörumatslaunin af þeim metnu vörum, eður ei?
   Hið fyrra samþykt með 14 atkvæðum.

Þá var lagt fram til ályktar-umræðu málefnið um spítala og læknaskipun á Íslandi; höfðu þessi breytíngar-atkvæði verið borin upp við frumræðu málsins:

1. Þíngmannsins úr Borgarfjarðar sýslu:
   Að spítalanna fè verði eptirleiðis varið eptir þeirrar stiptunar tilgángi, þeim holdsveiku til þarfa, þannig:
   *a.* að öllum holdsveikum, sem eru í landinu, sè gefinn kostur á að fá inngaungu á spítalana, án nokkurs meðlags frá þeirra hreppa hálfu, hvar þeir eru sveitlægir;
   *b.* að þeir holdsveiku á spítölunum lifi eptir kynferði

aðskildir, og hafi þar hjá sem minnsta samgaungu við aðra heilbrigða.

2. Þingmannsins úr Dalasýslu:

að um 1., 2. og 14. grein, í uppástúngu meira hluta nefndarinnar, verði samin bænarskrá til konúngs, en að hinar uppástúngurnar allar, bæði meiri og minni hlutans, falli úr, eða að um þær verði eingin bænarskrá samin.

Framsögumaður: Eptir því sem mèr skildist á umræðum þingmanna hið fyrra sinn, þá voru, að eg held, allir samdóma um, að hèr á landi væri læknaskortur mikill, og að þeir æsktu endurbótar á því; það virtist einnig, sem flestir væri á að halda sömu stefnu og meiri hluti nefndarinnar hafði stúngið upp á, en það eitt sýndist vera til fyrirstöðu, að sumum þókti ekki meiri hlutinn hafa leidt óyggjandi rök að því, að nóg efni væri fyrir hendi. Nú væri beinn vegur fyrir þingið, þó því þækti ekki fullsannað, að nóg efni væri fyrir hendi, að leggja það ráð á málið, að stefnunni væri haldið, ef þinginu litist hún rètt, og mætti menn gjöra það því öruggari, sem stjórnin hefir sýnt þess ljósan vott, að henni er umhugað um málið, og það komist sem fyrst í nokkurt lag, þar sem hún hefir sent hingað lækni gagngjört, til að ferðast hèr um land og kynna sèr allt hvað þessum efnum viðvíkur. Þetta þykir mèr mikilsvert, og eg hefi margar ástæður til að vænta þess, að þar af leiði verulegar endurbætur. En þá gæti það leiðbeint, ef þingið lèti í ljósi álit sitt um, hverja stefnu það vildi ráða til að tekin yrði, og svo um hvernig tekjurnar yrði auknar, ef á því þækti kostur. Eg verð að biðja menn að hyggja að því, að meiri hluti nefndarinnar hefir alls ekki ætlazt til, að það geingi fram á einu ári, sem hann hefir stúngið upp á; hann hefir einúngis leitazt við að benda á aðalstefnuna og nokkur atriði, til að koma læknaskipuninni á þann fót, sem hún benti til, einkum með því að bæta tekjurnar á þann hátt, að byggja betur spítalajarðirnar, auka spítalahlutina með betri reglu og aukníng þeirra; gæti þá stjórnin, eða vildi hlaupa nokkuð undir bagga, til að flýta framkvæmd þess, sem hèr þarf með og allra ósk stendur til, þá væri það því betra, enda verður og stjórnin að viðurkenna, og eg veit hún viðurkennir, að einhver hin fyrsta skylda stjórnar við þegna sína er, að sjá fyrir heil-

brigðis-ástandi þeirra, þar eð auðsætt er, að eingin þjóð getur notið neinna framfara, þegar þesskonar efni eru í ólagi.

Eg skal þar næst með fám orðum tala um breytíngar-atkvæði þau, sem fram eru komin. Breytíngar-atkvæði hins virðulega þíngmanns úr Borgarfjarðarsýslu sè eg ekki betur en verði öllu réttu ráðlági í þessu máli til fyrirstöðu. Það er svo margsinnis sannað, að einginn getur með sanni sagt, að eigur spítalanna sè eign hinna holdsveiku: hèr er einúngis um meðferð þeirra að ræða, hver bezt sè. Meiri hlutinn er á því, að sú aðferð, sem hann stíngur upp á, sè holdsveikum í raun og veru til miklu meiri bóta, en hin aðferðin, því sú aðferð veitir holdsveikum einga líkn. Verði svo hagað, lendir allt við sama og nú: annaðhvort hefði spítalaverðir hagnaðinn, eða menn áynni það, sem minni hluti nefndárinnar benti til, að 4 læknar yrði settir annaðhvort fyrr eða síðar, líklegast allir útlendir, efni spítalanna lenti í launum þeirra, sundraðist, og yrði menn svo eingu nær en áður.

Breytíngaratkvæði hins virðulega þíngmanns úr Dalasýslu sè eg ekki annað en mætti falla úr að öllu, nema það ætti að vera tilgángurinn, að öll atriðin, nema þau sem hann tekur fram, ætti að falla með einu atkvæði, en því skil eg varla að verði komið við. En þar eð það er á forseta valdi, hvernig atkvæða skal leita, þá skal eg ekki orðleingja um þetta atriði framar.

Konúngsfulltrúi: Mál það, sem hèr ræðir um, snertir svo margar og margbreyttar spurníngar, að það er ekki auðgert að greiða höfuðatriði þess frá þeim hinum smærri atriðunum, eður að gjöra sèr svo ljósa hugmynd um höfuðatriðin, að maður sè fær um að leggja á þau þann úrskurð, sem á rökum sè bygður. Eg hefi álitið mèr skylt, áður menn gánga til atkvæða, að hreifa við höfuðatriðum máls þessa og skýra frá, hverja hugmynd eg gjöri mèr um það; hefi eg því fremur haldið, að eg ætti svo að gjöra, sem mèr þá um leið gefst kostur á að minnast á það álit á málinu, sem híngað til hefir fundið áheyrn hjá stjórninni, jafnvel þó það ráð væri upptekið, að bera ekki lagafrumvarp um þetta málefni undir alþíng, fyrr en það sjálft, eins og við mátti búast, hefði látið álit sitt í ljósi.

Að allt þetta mál er komið til umræðu og hefir vakið alment athygli manna, það er bygt á tveimur aðalhugmyndum, sem af gildum rökum eru orðnar mönnum innrættar, og

sem ekki verða braktar. Önnur er sú, að læknaskipan á Íslandi stórlega þurfi endurbóta við; hin er sú, að holdsveikra spítalar, eins og þeir nú eru, samsvari ekki framar þeim tilgángi, sem þeim var ætlaður. Þá mætir mönnum strax sú aðalspurníng, sem einnig hefir komið hèr til umtals, hvort sameina megi svo endurbót þessara tveggja hluta, að fjármunum þeim, sem fyrir hendi eru og spítölunum fylgja, verði varið í þarfir læknaskipunarinnar. Eg vil nú eingan veginn gjöra lítið úr tilfinníngu þeirri, sem knýr nokkra menn til að halda því máli fram, að spítalaeignum skuli eingaungu verja til þarfa hinna holdsveiku manna; eg vil einúngis geta þess, að þar eð spítalar voru forðum settir af konúngi, eptir ósk þjóðarinnar, svo hlýtur einnig konúngurinn, eptir ósk þjóðarinnar eður fulltrúa hennar, að eiga vald á að gjöra þá breytíngu í ákvörðun spítalanna og fjármuna þeirra, sem mætti virðast hagkvæm eða nauðsynleg, til þess að brúkun þessara fjármuna kæmi sem bezt heim við ástand manna, eins og það hefir breyzt með tímanum. Þess vegna er það öldúngis ekki nein rèttar-ástæða, sem getur bannað mönnum að verja fjármunum spítalanna í þarfir læknaskipunarinnar; það er einúngis sanngirnis-ástæður, sem mæla með því, að við slíka breytíngu sè fyrst og fremst haft tillit til þess, að svo miklu leyti sem mögulegt er, að lækna eður útrýma holdsveikinni.

Áður en eg sný máli mínu að þeirri spurníngu, hvernig verja skuli efnum spítalanna sem haganlegast læknaskipuninni til þarfa, verð eg enn að drepa á eitt atriði, sem hinn velæruverðugi þíngmaður Borgfirðínga hefir borið upp, nefnilega það, hvort ekki mætti endurbæta svo tilhögun og stjórn spítala hinna holdsveiku, að þeir yrðu samsvarandi hinum öndverðlega tilgángi þeirra, en samkvæmt þörfum þessara tíma; skyldi þar þá móttaka veitt öllum holdsveikum mönnum, og sèð fyrir, að þeir hefðu sem minnsta samgaungu við aðra heilbrigða, svo sjúkleikur þessi næði ekki að breiðast út, eða einkum að gánga í erfðir, heldur stöðvaðist og eyddist með öllu. Eg vil nú játa það, að mögulegt sè í einstöku greinum að endurbæta stjórn spítalanna, svo gjöra mætti meira með efnum þeirra, en híngað til hefir verið; en að endurbót þessi gæti náð svo lángt, að menn sæu veg til að spítalarnir gætu tekið móti ferfalt fleiri holdsveikum mönnum, en híngað til hefir verið, það verð eg að halda með öllu ólíklegt; eg efa það einnig stórum, að

aðferð sú mundi vera hin rèttasta eða fljótasta til þess að útrýma holdsveikinni, ef menn ekki um leið sameinuðu þar með þá stöðugu reglu, að þeim hinum holdsveiku mönnum væri fyrirmunað að auka kyn sitt, með því að hafa alla þá menn inni byrgða, hvort kynið út af fyrir sig; en til þessa hefir að líkindum enginn ætlazt.

Eg sný þá máli mínu þángað, sem talað hefir verið um ýmsa aðferð, er hafa mætti til að verja eignum spítalanna í þarfir læknaskipunarinnar. Allir munu hafa tekið eptir því, að spurníngar þær, er þannig hafa risið, sumpart eru svo lagaðar, að til þess að leggja rèttan úrskurð á þær, þarf mikla kunnáttu í læknisfræði, og án hennar geta menn heldur ekki haft hugmynd á nægum rökum bygða um þá rèttu aðferð til þess að afla sèr slíkrar kunnáttu, og þar að auki nákvæman kunnugleik á öllu heilsufari manna bæði á þessu landi og öðrum, en sumpart á þann hátt, að hver greindur maður, sem er landinu kunnugur til hlítar, er fullfær um að byggja álit sitt á rökum í því efni. Eg finn því gildari ástæðu til að gjöra þessa athugasemd, sem mèr virðist, að þeir tveir hinir ólíku vegir, sem meiri og minni hluti nefndarinnar hafa haldið, sú hin ólíka niðurstaða, sem þeir hvorirtveggja hafa komizt að, sè að mestu leyti orðið til af ólíku áliti þeirra á þeim hlutum, sem einúngis, eða að minnsta kosti helzt, verða metnir af lækni, sem bæði hefir við að styðjast þekkíngu og reynslu. Eg ætla ekki að fara mörgum orðum um það atriðið, sem nefndin hefir talað um, og sem að öðru leyti er bæði merkilegt og mikils umvarðandi, um orsakirnar til þess, að hèr á landi deyja miklu fleiri menn að tiltölu, en í flestum öðrum löndum; eg vil játa, að tilhögun á læknaskipun, sem yfir höfuð ekki hefir verið eins og vera skyldi, og svo skortur á nógu duglegum læknum, hafi átt hèr í nokkurn þátt, jafnvel þó einnig aðrar kríngumstæður, sem eru sèrstakar fyrir þetta land, geti, eins og minni hluti nefndarinnar hefir sannað, talsvert studt hèr að. Einkum verð eg þó í því tilliti að taka það fram, að hin helzta orsök til þess, að menn í öðrum löndum, og sèr í lagi í Danmörku, deyja á seinni tímum, þó fólksfjöldi hafi aukizt, miklu færri að tiltölu, að öllum líkindum fyrst og fremst kemur til af því, að eptir því sem velmegun og mentun hafa vaxið hjá alþýðu, þá hefir einnig lifnað hjá mönnum eptirtekt á hreinlæti, á rúmgóðum og heilnæmum húsakynn-

um. En hvernig sem svo þessu er háttað, að því leyti sem Ísland snertir, svo játa það allir, eins og áður er sagt, að læknaskipunin þurfi endurbóta við. Þessu má nú einkum verða framgeingt á tvo vegu, sumpart með því að auka lækna tölu, sumpart með því að setja á stofn einn eður fleiri almenna spítala.

Að það sè mjög æskilegt, að læknum verði fjölgað, þar um eru eflaust allir ásáttir; stjórnin hefir einnig sýnt, að hún hefir það takmark fyrir augum sèr, með því að veita fjárstyrk til þess, að læknar gætu tekið sèr bólfestu á þeim stöðum, þar sem mönnum hefir þókt þeirra við þurfa hvað mest. Eg vil og bæta því við, að allir játa einnig, að æskilegt væri að læknatalan yrði aukin með innlendum læknum, þar eð þeir gætu betur en aðrir gegnt köllun sinni. Það er þess vegna einúngis þá, þegar innlendir menn ekki hafa verið til að sækja um lækna-embættin, að þau hafa verið veitt öðrum. Orsökina, vegna hverrar Íslendínga hefir vantað til þessara embætta, er hægt að finna; því þeir, sem hafa viljað takast þann kostnað og erfiðleika á hendur að ferðast til Kaupmannahafnar og stunda þar bókmentir í háskólanum, hafa allt til þessa getað átt von á að komast bæði fljótar og betur til embætta, þegar þeir iðkuðu annaðhvort guðfræði eða lögvísi, heldur en ef þeir stunduðu þá lærdómsgrein, sem einúngis veitti þeim veg að lækna-embættum á Íslandi, bæði fáum og fátækum. Til þess að meta allt þetta þarf einúngis alment mannsvit og kunnugleika á því, hvernig þessu til hagar. En nú hnígur spurníngin að því að finna, bæði hversu marga lækna þurfi til að bæta úr skortinum (og til þess þarf jafnvel nákvæman kunnugleik á öllu heilbrigðis-ástandi þessa lands), og líka hvernig haga skuli kenslu þessara fleiri lækna. Uppástúnga minni hlutans fer að því leyti fram á, að læknatala sú, sem nú er (landlæknir og 6 hèraðalæknar) yrði aukin um fjóra, einum í hvern fjórðúng, eptir því sem efni spítalanna vinnast til; að laun hinna eldri hèraðslækna yrðu hækkuð; og loksins að auk þessara lækna yrði viðbætt einskonar aðstoðarlæknum, sem lærðu hjá hèraðslæknum. Uppástúnga meiri hlutans fer fram á það, að læknatalan á Íslandi skyldi verða landlæknir og þrír fjórðúngslæknar, sem lært hefðu í háskólanum, seytján sýslulæknar, sem lært hefðu á spítalanum í Reykjavík, og þar að auki aðstoðarlæknar þeir, sem áður voru nefndir.

Þessir tveir flokkar nefndarinnar eru þannig ekki ásáttir um, hversu marga lækna við þurfi, til þess málinu megi heita að því leyti haganlega fyrir komið. Eg ætla nú, að menn geti ekki með neinni óyggjandi vissu sagt, að þessi talan eður hin sè einmitt sú rètta; því allir verða að játa með einum hinna virðulegu þingmanna, að hversu margir sem læknar væru, gætu þeir þó ekki ætíð verið við höndina, svo fljótt sem skyldi, fyrst menn vilja ekki setja lækna á hvern bæ. En eg ætla einnig, að ef hèraðalæknum væri fjölgað frá 6 til tíu, og þeim þar að auki gæfist kostur á að fá aðstoðarlækna til og frá í umdæmi sínu, þá mundi slík breytíng þegar virðast mikil bót til hins betra á því, sem nú er um að gjöra; og eptir þeim skýrteinum, sem minni hlutinn hefir komið með um það, hvernig önnur lík lönd sèu byrg að læknum, mætti Ísland virðast, í samanburði við þau, vel á sig komið í því efni. En aðalágreiníngurinn millum beggja nefndarhlutanna er þó um aðferðina, sem við ætti að hafa á læknakenslunni, þar sem meiri hlutinn vill, að annar flokkur lækna, og það hinn fjölmennari meðal aðal-læknanna, læri hèr í landi á spítalanum í Reykjavík, en minni hlutinn segir skýlaust, að slík kensla sè að öllu leyti ónóg, þar eð æfing sú, sem lærisveinar feingi á þann hátt, mundi verða því nær eingin. Með mestu virðíngu fyrir því áliti, er þeir hinir fjórir virðulegu nefndarmenn, sem í meiri hlutanum eru, hafa látið í ljósi, þá get eg þó, og eg ætla, eptir því sem menn hafa talað, flestir þíngmanna ásamt mèr, vissulega ekki annað en metið það álitið miklu gildara, sem minni hlutinn hefir í ljósi látið, þar sem hann er sá eini maður í nefndinni, er í þessu efni má kalla að þekki málið, þar sem einúngis hans álit er bygt á sjálfs þekkíngu á því, hvaða æfíngu þarf til lærdóms í læknisfræðinni, og á sjálfs reynslu á því, hvaða æfíng mundi veitast lærisveinum á spítala í Reykjavík. Æfíng sú, sem feingist, með því að láta lærisveina vera viðstadda við lækníngar sjúkra manna utan spítala, mundi naumast verða mikil. Eg þekki ekki til hlítar, hvernig hagar til með hina praktisku kenslu þeirra lærisveina, sem iðka læknisfræðina; en það virðist mèr þó ljóst, að eigi nokkurt gagn að verða að æfíngunni, þá hlýtur hún að fást þar, sem kennararnir eru sjálfir við staddir, og geta leiðbeint. Menn geta nú ekki búizt við, að hinir veiku, sem láta sækja læknirinn handa sèr, alment mundu láta sèr

vel líka, að auk læknisins kæmi einn lærisveinn, og ef til vill einn eða tveir kennarar, til þess haldnar yrðu við sóttarsæng þeirra læknis-æfingar eða fyrirlestrar. Mèr virðist, að hvorki læknirinn nè sá sjúki mundi æskja þess, að aðferð þessi yrði almenn, enda þótt í eitt eður annað skipti gæti gefizt lærisveini tækifæri til, með þessu móti að sjá, hvernig fara ætti að við sjúkan mann. Af þessum athugasemdum virðist mèr það nú leiða, án þess móti verði mælt, að ef menn sæu fært að fá til vegar svo mikla fjármuni, sem stofnsetníng og viðhald spítalans útheimti, og sem gjört er ráð fyrir mundi verða á ári hverju þrjú þúsund ríkisdala, en sem þó að líkindum mundi verða meira, þá mundu menn miklu óhultar geta að því starfað, að takmark það næðist, sem hèr er talað um (nefnilega að fá fleiri og innlenda lækna), með því að verja fjármunum þessum til þess að koma á fleiri læknisembættum, og veita bæði þeim, og embættum þeim, sem nú eru, svo mikla launa viðbót, að það yrði næg hvöt íslenzkum bókmentamönnnm til þess að stunda læknisfræði í háskólanum og síðan sækja um embætti á fósturjörðu sinni. Sè þetta fyrst viðurkent, svo ber þá spurníngu að höndum þíngmanna, að hvað miklu leyti þeir, þegar atkvæði verða greidd í þessu máli, eiga annaðhvort að fara þess á leit, að stjórnin taki þegar til starfa og semji lagafrumvarp um hagtæríngu á þeim fjármunum spítalanna, sem nú eru fyrir hendi, til þess að koma á fleiri læknaembættum, eptir því sem efnin vaxa (og þá yrði að því leyti fylgt annari uppástúngugrein minni hlutans), ellegar þeir álíta rèttara, að allir fjármunir spítalanna aukist, þángað til þeir verða nógir til þess að koma til leiðar allri breytíngunni fullkomlega, og yrðu menn þá að fallast á hina fyrstu, og ef til vill hina aðra grein í uppástúngu meiri hlutans.

Áður en eg sný mèr frá þessu atriði málsins, sem snertir endurbót læknaskipunarinnar með því að auka læknatöluna, verð eg enn einúngis að minnast á þann hluta af aðstoðarlæknum án vísindalegrar mentunar, sem bæði meiri og minni hluti nefndarinnar hefir ráðið til. Í þeim löndum, þar sem betur er ákomið með læknaskipan, má það alment virðast mjög ísjárvert, að fá slíkum ólærðum læknum í hendur nokkurn þátt af læknisstörfum. En hitt má játa, að í svo víðlendum og strjálbygðum löndum, eins og Íslandi, þar sem margir menn, hvernig sem á stendur, hljóta að eiga mjög lángt til læknis,

þar geta slíkir aðstoðarlæknar, þegar tilsögn þeirra er haganlega komið fyrir, gjört nokkurt gagn, eins og menn og með því móti sporna við því, að skottulæknar, er svo heita, fáist við lækníngar í leynum, sem að vísu er miklu hættulegra. Við þessu verður, í öðru eins landi og Ísland er, ekki á annan veg spornað, enda þó dómarar með mestu samvizkusemi gæti skyldu þeirrar, sem á þeim hvílir, að fylgja lögunum, hve nær sem svo er ástadt, að yfirtroðslur laganna eru lagðar undir úrskurð þeirra. Að hvað miklu leyti dómarar hèr á landi, eins og meiri hluti nefndarinnar ber þeim á brýn, hafi í þessu gleymt skyldu sinni, læt eg ósagt, jafnvel þó eg, þegar sannanir vanta, ætli hið gagnstæða. Eptir það, sem eg hefi nú sagt, efast eg ekki um, að þegar alþíng biður um, að máli þessu verði ráðið til lykta, og bendir til, hvernig fá megi efnin til þess, þá muni stjórnin nákvæmlega rannsaka það, hversu í því efni verði rèttilegast til hagað.

Eptir að hafa þannig talað um þá spurníngu, hverja leiðina hagkvæmast mundi að fara, til þess að ná því áríðanda takmarki, að læknum, og einkum innlendum læknum, verði fjölgað, svo gagn sè að, vík eg nú máli mínu að hinni annari aðferðinni, er menn ætla að fylgja megi til þess að endurbæta læknaskipanina, nefnilega með því að setja á stofn einn eður fleiri spítala. Meiri hluti nefndarinnar stíngur upp á í hinni áttundu uppástúngu-grein, að settur verði spítali sem fyrst í Reykjavík, og til að koma fótum undir hann, ætla þessir nefndarmenn að hafa mætti fjármuni þá, sem allir holdsveikra manna spítalar eiga nú um stundir; minni hlutinn stíngur hins vegar upp á því í annari uppástúngu-grein, eins og áður er á vikið, að spítalajarðirnar, annaðhvort þær, sem nú eru, eður þær, sem betur væri í sveit komið, og sem feingjust í jarðaskiptum, yrðu, eptir því sem efnin færu vaxandi og entust til, teknar til ábúðar handa læknum, og sett á þeim sjúklínga-hús, og skyldi þar einkum gjöra tilraun til að lækna og útrýma holdsveiki. Menn sjá, að einnig í þessu er mikill ágreiníngur millum meiri hlutans, sem ekki er læknisfróður, og minni hlutans, sem er læknisfróður. Meiri hlutinn heldur, að í Reykjavík sè þegar orðin mikil þörf á sjúkrahúsi, að í Reykjavík sè mestrar aðsóknar sjúklínga að vænta frá ýmsum hèruðum landsins, að einkum megi gjöra ráð fyrir, að þörf til sjúkrahúss hèr í bænum muni fara æ vaxandi, eptir því

sem bærinn vex. Minni hlutinn þar á móti ber fyrir sig tuttugu og sjö ára reynslu og þar á bygða þekkingu á kjörum, ástandi og lunderni innbúanna, og ætlar, að sárlítil aðsókn yrði að þvílíkum spítala, máske fáeinir sjúklingar um sum ár, og önnur máske eingir, og því nær eingir, þar eð af bæjarmönnum sjálfum í Reykjavík mundi mjög sjaldan nokkrir verða til að leggja sig inn á spítalann, og úr öðrum hèröðum hafi eigi á seinni tímum komið hingað fleiri en einn annað hvert eða þriðja hvert ár, þó öllum, er óskað hafi, sè veitt móttaka eða útvegað húsnæði. Meiri hluti nefndarinnar segir, að bæði landlæknar þeir, sem verið hafi, og sá sem nú er, hafi æskt þess, að sjúkrahús væri hjá bústað þeirra; minni hlutinn, og það er landlæknir sá, sem nú er, neitar þessu, að því leyti sem sig snerti, og segir, að öðruvísi hafi verið ástadt fyrir þeim, sem verið hafi landlæknar á undan sèr, þar eð þeir hafi búið í Nesi. Meiri hlutinn, og einkum framsögumaður, ætlar, að sú bezta tilraun, sem gjörð verði til að lækna holdsveiki, sè sú, að taka þá holdsveiku, þegar er vart verður við veikindin á þeim, og koma þeim á spítalann í Reykjavík, og senda þá síðan upp til sveita; þar hjá ætlar hann að eptir þeim tilraunum, sem landlæknirinn hefir gjört, sèu öll líkindi til, að veikindi þessi mundu geta orðið læknuð á þenna hátt. Minni hlutinn heldur, að hvergi sè verra fyrir holdsveika að vera, en við sjó, og að eptir þeim tilraunum, sem landlæknirinn, minni hlutinn sjálfur, hafi gjört, sè mjög efasamt, hvort holdsveiki nokkru sinni verði að öllu leyti læknuð. Eg verð að taka það upp aptur, að með allri virðingu fyrir meiri hlutans framúrskarandi dugnaði í öðrum greinum, þá get eg þó hvergi nærri tekið þau fjögur atkvæðin, sem hann greiðir, fram yfir hið eina atkvæði minni hlutans, sem í þessu efni einn saman þekkir málið til hlítar. En fallist menn fyrst á það, samkvæmt áliti minni hlutans, að sjúkrahús í Reykjavík mundi vera allt að því gagnslaust, sem lækningastaður, og einkum með öllu hinn óhagkvæmasti lækningastaður fyrir holdsveika, þá mundi það þó vera allt of mikið í ráðizt, að verja af svo fáum efnum, sem menn hafa til umráða, jafnmiklu fè til þess að koma upp sjúkrahúsi, til þess það gæti orðið kenslustaður handa læknaefnum, einkum þar eð það, eptir því sem áður er sagt, má álítast í alla staði óhafandi til þess. Minni hlutinn stingur upp á, eins og áður

er sagt, að spítalajarðirnar, annaðhvort þær, sem nú eru, eður þær, sem feingizt gætu í jarðaskiptum, yrðu smátt og smátt teknar til bújarða handa fjórum læknum, sín í hverjum fjórðúngi, og skyldi, en sjálfsagt eptir minni mælikvarða, setja sitt sjúkrahúsið á hverri jörðunni, þar sem einnig yrði haldið áfram læknatilraun við þá holdsveiku. Það er ljóst, að þær mótbárur, sem færðar eru gegn sjúkrahúsi í Reykjavík, verða ekki bornar fram móti þessum minni háttar sjúkrahúsum á læknaheimilum út um landið; því hvað Reykjavík snertir, þá má gjöra ráð fyrir, bæði að sjúklíngar úr sjálfum kaupstaðnum, sem þurfa læknis hjálpar, vilji heldur, að öllum jöfnuði, liggja sjúkir heima í húsum sínum, og að sjúklíngar leingra að, sem vilja leita hjálpar landlæknisins, muni geta útvegað sèr húsnæði í kaupstaðnum; en þar á móti er ekki við því að búast út um landið, að á heimilum lækna, eða í nánd við þá, sè það húsrými, að sjúklíngar, sem vilja leita læknis, og þurfa við tilsjónar hans á degi hverjum, geti átt þar athvarf. Ráðagerð minni hlutans hefir að minnsta kosti það til síns máls, að hver fjórðúngur gæti notið góðs af spítölum þeim, sem stofnaðir eru og lagðir til ýmsra fjórðúnga landsins, meðan gagn það, sem allt landið eptir uppástúngu meiri hlutans ætti að hafa af spítalanum í Reykjavík, er í meira lagi tvísýnt. Enn fremur hefir hún það til síns máls, að þó spítalajarðirnar yrðu illa setnar af einhverjum, sem á þeim byggi, þá yrðu þær þó við lýði, svo ef ráð það, sem upp hefði verið tekið með þær, reyndist seinna meir ekki sem hagkvæmast, þá væru þær þó til, og mætti verja þeim á annan veg; þar sem þær eptir fyrirætlan meiri hlutans væru geingnar úr greipum manna, og búið að gjöreyða andvirði þeirra. Mèr virðist nú, og eg veit, að stjórnin hefir einnig haft það álit á málinu, að það sè eingin gild ástæða til þess, að yfir höfuð sè slegið á frest að framkvæma þessa fyrirætlun, þángað til fjármunir allra spítalanna nægi til að koma breytíngunni á við þá alla. Með því móti yrðu þeir menn látnir gjalda, sem nú búa í þeim sveitum, þar sem ráða mætti bót á læknaskorti, til þess að vinna seinni alda mönnum í hag. En skyldi alþíngið allt fyrir það álíta það bezt til fallið, að eignir spítalanna stæðu ósnertar, og væru látnar aukast, allt þángað til menn hefðu svo mikið, að menn gætu ráðið þessu máli til lykta sem hagkvæmast í öllum greinum, þá mundi það einnig í því tilliti vera rèttast, ein-

úngis að fallast á fyrstu, og ef til vill á aðra uppástúngu-grein meiri hlutans.

Eg hefi þannig látið álit mitt í ljósi um þau tvö höfuðatriði í þessu áríðanda málefni, endurbót læknaskipunarinnar, bæði með því að koma upp fleiri læknis-embættum og með því að setja eitt eður fleiri sjúkra-hús. En þó er eitt atriðið eptir enn, sem nefndin hefir farið mörgum orðum um í áliti sínu, og má eg ekki sleppa því umtalslaust, en það er um efnin, sem við þurfa til þess að koma því á stofn, sem ráð hefir verið fyrir gjört. Það er að öðru leyti sami ágreiningur í þessu atriði málsins, sem öðrum, millum meira hlutans og minna hlutans, þar sem minni hlutinn lætur sèr nægja að gjöra uppástúngu um það, að efnum spítalanna, sem nú eru fyrir hendi, verði varið á annan veg, en meiri hlutinn þar á móti, til þess hann hafi nokkuð handa í millum til að koma ráðagjörð sinni á stofn, telur, auk spítala-efnanna, þessar tekjur: 1. ýms peningagjöld úr jarðabókarsjóðinum, sem sumpart er heitið með vissum skilmálum, sem enn þá eru ekki af hendi leystir, og gjöldunum þess vegna ekki úthlutað, sumpart áður verið veitt, en verið hætt seinna, sem óhagkvæmu, sumpart einúngis verið veitt um fá ár, og að lyktum sumpart verið veitt öðrum mönnum eða stofnunum, sem öll þessi breytíng er óviðkomandi; 2. þá aukníngu í afkomu spítalahlutanna, sem orðið gæti með því að haga betur hirðíngu þeirra og sölu; 3. spítalahlutina úr Vestmannaeyjum; 4. þá viðbót á spítalahlutunum, sem fá mætti bæði með því að taka þá optar á ári, og af fleiri afla, til að mynda af þilskipaveiði, æðarvarpi og selveiði; 5. kristfjárjarðir, er svo heita; 6. viðbót fyrst um sinn af jafnaðarsjóði hvers amts, allt að tveim hundruð dölum á ári.

Hvað nú ágreiníng þann snertir, sem einnig í þessari grein hefir látið sig í ljósi hjá nefndinni, þá höfum vèr nú það atriði fyrir oss, að kunnátta minna hlutans í læknisfræði vegur ekkert á metunum: það atriði, sem hver maður getur af sjálfs síns ramleik gjört sèr fullnóga hugmyud um. Eg vil nú reyna til að skýra fyrir mönnum, að hvað miklu leyti tekjur þær, sem meiri hlutinn þannig hefir bent á í þarfir læknaskipaninnar, verði í raun og veru feingnar handa þessari stofnan, án þess geingið verði of nærri rètti og sanngirni.

Fyrsta tekjugreinin, sem vísað er á, eru útgjöld þau, sem

nú hvíla á jarðabókarsjóðinum, sem gjört er ráð fyrir að spara mætti í þarfir læknaskipaninnar. En það liggur í augum uppi, að sumar af tekjum þeim, sem þannig hefir verið vísað til, mega reyndar heita ný útgjöld (eins og til að mynda styrkur sá, sem hingað til ekki hefir verið hagnýttur handa sýslulækni í Árnessýslu: borgun sú, sem nú er hætt handa landlækninum til að kenna mönnum læknisfræði: fé það, sem landlækninum er veitt um stund til þess að reyna til að lækna holdsveiki), að sumar verða ekki til umráða, hver veit hvað leingi, nema með því að beita órètti (svo sem húsaleigu-fé lyfsölumannsins), að sumar, þegar þær losna, gætu af eingri ástæðu átt að leggjast til lækna eður sjúkra-húsa (til að mynda styrkurinn fyrir Gufunes-spítala, styrktarsjóður konúngs landseta í suður-umdæminu). Það eru þannig einúngis þeir peníngar, sem ætlaðir eru til fátækra meðala, sem með nokkrum ástæðum mætti taka til þessa áforms; og það er þó mjög efasamt, að hvað miklu leyti það mætti virðast vel tilfallið að ætla þessa peninga til annars, þó læknafjöldinn yrði meiri. Því þá mætti miklu fremur gjöra ráð fyrir meiri þörf á giafameðölum handa fátækum, þar eð þeir gætu einnig optar leitað læknis hjálpar, og þá mætti og búast við því, að úthlutan meðalanna yrði jafnari um allt landið.

Hvað aðra tekjugreinina snertir, nefnilega þá, sem fást mundi, ef betur færi fram ráðstöfun á hirðíngu spítalahlutanna, þá verð eg að geta þess, að í þá tíð, er eg átti þátt í stjórn spítalanna í suðurumdæminu, færði eg það ekki sjaldan í tal við samstjórnarmann minn, hvort ekki mundi mega koma á betri aðferð í heimtum spítala-fjárins. En ætíð komu vandkvæði á móti, tekin af ásigkomulagi landsins, og varð eg í því efni að viðurkenna atkvæði samstjórnarmanns míns gildara en mitt. En ef feingizt gæti meiri tekjur handa spítölunum með nokkurri þesskonar breytíngu, þá fæ eg ekki betur séð, en að hinn háæruverðugi nefndarmaður, sem hefir þátt í stjórn allra spítala um landið, standi næstur til að koma fótum undir slíka breytíngu, án þess í því tilliti þyrfti að semja nýja reglugjörð eður nokkra bænarskrá til konúngs.

Að meiri hlutinn enn fremur hefir álitið spítalahlutina úr Vestmannaeyjum, sem tekju-viðbót í þarfir læknaskipaninnar, án þess nokkur þíngmanna hafi mælt í móti, það er vissulega talandi vottur þess, að það má virðast óþægilegt, að þessi

sýsla, sem er ein sèr, hefir eingan getað sent til alþíngis fyrir sína hönd. Það skal þó að minnsta kosti ekki vera mèr að kenna, að hèr hefir ekkert tillit verið tekið til gagnsmuna þessara eyja. Að spítalahlutir af Vestmannaeyjum eru með konúngsbrèfi 20. Febrúar 1750 áskildir eyjunum eingaungu til þarfa, móti því að eyjamenn sæu sjálfir fyrir veikum mönnum, sem þar væru, það er bygt á því, að eyjarnar eru svo afskektar. Það eru rèttindi, sem veitt hafa verið eyjamönnum, og sem ekki má frá þeim taka án endurgjalds. En sá eini ávinníngur, sem mèr virðist að eyjarnar gætu haft af breytíngu þeirri í læknaskipuninni, sem meiri hluti nefndarinnar hefir stúngið upp á, er sá, að í stað læknis, sem lært hefði á háskólanum, yrði settur læknir sá á eyjunum, sem lært hefði í Reykjavík. Eg efast nú um, að eyjamönnum þækti þetta nægilegt endurgjald fyrir rèttindi þau, er af þeim hefðu verið tekin.

Um hina fjórðu tekju-grein er það að segja, að menn hafa að sönnu getað fært ýmsar ástæður fyrir því, að þær sveitir, þar sem holdsveikir menn einkum áttu heima, og þaðan sem holdsveikin, ef til vill, hafði hvað helzt uppruna sinn, nefnilega beztu afla-sveitirnar, einnig öðrum fremur kostuðu til viðurhalds þeim spítölum, sem settir voru til aðhjúkrunar holdsveikum mönnum. Að menn nú, þegar spítalar væru lagðir niður, svo sem forsorgunarstaðir handa holdsveikum mönnum, lètu hið forna gjald til spítalanna standa, það mál mætti, ef til vill, verja; en hitt ætla eg aldrei yrði varið, að fjölga og þyngja á gjöldum, sem einúngis kæmu niður á einstöku mönnum, til hagsmuna fyrir þá stofnan, sem vera ætti öllum til gagns, og það einmitt á þeim tímum, sem menn eru að reyna til að endurbæta öll skattagjöld manna, til þess meiri jöfnuður komist á með þeim, sem gjalda eiga.

Enn þá síður getur mèr skilizt, hvernig meiri hlutanum hefir getað þókt það koma heim við grundvallar-reglur rèttvísinnar, að kristfjárjarðirnar, sem fátækra sjóðir í ýmsum hreppum eiga, skyldu verða teknar af þessum hreppum, til þess þeim yrði varið í allt öðrum tilgángi, en þeim, í hverjum þær í öndverðu urðu eignir þessara hreppa.

Hvað nú að lyktum það snertir, hvort það væri vel til fallið að beiðast þess, að í þarfir læknaskipunarinnar yrði veittur fyrst um sinn styrkur frá jafnaðarsjóðunum amtanna, sem meiri hlutinn hefir stúngið upp á í fjórtándu grein, þá verð eg

að fela þingmönnum sjálfum á vald að skera úr því máli, eptir því sem þeir bera kunnugleik til, að hvað miklu leyti slík útgjöld verði lögð á lausafjárhundruðin, án þess menn finni talsvert til þeirrar byrði. Uppástúngan þykir mèr að öðru leyti ekki samhljóða því áliti manna, sem hèr hefir margopt heyrzt, nefnilega, hversu rángt það væri að þyngja í nokkru á útsvari lausafjárins; og vil eg í því tilliti einúngis geta þess, að útgjalda-auki, allt að sex hundruð ríkisdölum um árið, mundi ná hátt upp í það, sem þingmenn fyrir skemstu hafa álitið sem það mesta, er lausafjárhundruðin gætu verið fær um að bera af alþingiskostnaðinum.

Eg þykist þannig hafa sýnt mönnum fram á, að það er ekki stórrar hjálpar að vænta læknaskipuninni til endurbótar af þeim tekjum, sem meiri hlutinn hefir vísað á. Eg ætla enn fremur, að það sè ekki gagnlegt, þegar menn ætla að koma til vegar svo heillaríku áformi, eins og þessu, sem hèr ræðir um, að gylla svo fyrir sèr vonina um fjárafla þann, er menn geti varið til þessa fyrirtækis. Hinn háæruverðugi nefndarmaður í meiri hlutanum hefir sagt, að þegar menn vilji eitthvað, þá verði menn einnig að vilja afleiðingar þess; eg ætla, að menn geti með eins góðum ástæðum sagt, að þegar menn vilja eitthvað, þá verði menn einnig fyrst að sjá um að hafa efnin til að geta framkvæmt það. Aðalspurníngin í þessu máli kemur mèr því þannig fyrir sjónir, hvort menn vilji láta þar við lenda, með efnum þeim, er menn hafa í höndum, einkum spítala-efnunum, að koma nú þegar slíkri endurbót á læknamálið, sem unt er með þeim efnum, eða hvort menn eigi að láta þessi efni safnast fyrir, þángað til menn eru færir um að koma til leiðar algjörðari endurbótum. Þegar því hinn háæruverðugi nefndarmaður takmarkar þýðíngu orða sinna þannig, að þegar menn vilji koma þeirri ráðagjörð fullkomlega í kríng, að fá nóga innlenda lækna, verði menn einnig að vilja það, sem þar af leiðir, nefnilega, að menn nú að svo stöddu geti ekkert annað gjört, en safna og ávaxta fè það, sem fyrir höndum er, þá erum við að öllu leyti á einu máli. En ef þar af einnig skyldi verða leidd ástæða til að styrkja uppástúngu nefndarinnar um stofnun spítala í Reykjavík og kensluskóla handa læknum, þá verð eg að neita, að sú ályktan sè rètt. Því ef menn hefðu til umráða það fè, sem þyrfti til að setja það á stofn, sem meiri hlutinn fer fram á, þá mundi því

áformi, nefnilega að auka tölu hinna innlendu lækna, eptir minni ætlan miklu betur og miklu fljótar verða náð, með því að setja á stofn hèr í landi fleiri læknaembætti með meiri launum. Jafnvel þó menn vilji ná þessu áformi, þurfa menn þess vegna ekki þar fyrir, sem nauðsynlega afleiðíng þess, einnig að vilja setja sjúkrahúsið í Reykjavík á stofn.

Með þessum athugasemdum verð eg að fela hinum virðulegu alþíngismönnum sjálfum á vald, hvernig þeir ætla að greiða atkvæði sín um uppástúngu-greinir þær, sem gjörðar hafa verið um fyrirkomulag á þessu máli, sem svo er mikils áríðandi fyrir allt landið.

Framsögumaður: Aðalhugmyndir þær, sem mál þetta byggist á, eru hínar sömu hjá hinum háttvirta konúngsfulltrúa, og hjá meira hluta nefndarinnar. Hann hefir einnig rakið svo aðalstefnurnar í málinu og aðalatriðið hverrar um sig, að það má nú vera orðið ljóst fyrir öllum. Hann hefir einnig sýnt, hvar leiðir skiptast, milli hans og meira hlutans, en þær skiptast þar, sem meiri hlutinn hefir getið um þær tvær stefnur, sem taka mætti í endurbót læknaskipunarinnar, annaðhvort að byrja á að fjölga læknum, eða á því að fá innlenda læknakenslu. Konúngsfulltrúinn vill fara hina fyrri leið, meiri hlutinn varð að fara hina seinni, því hann var sannfærður um, að með því einu móti feingist læknar til hlítar, og það innlendir læknar. Þessu hefir konúngsfulltrúinn með eingu móti getað hrundið, og því verður ekki hrundið, þó launin yrði aukin. Vandkvæði þau, sem hafa fylgt útlendum læknum hèr, eru alkunnug, og úrskurður konúngs 8. Apríl 1844 hefir ekkert bætt úr þeim; úrskurði þessum hefir ekki verið fylgt af kansellíinu híngað til, líklega af þeirri ástæðu, að íslenzk læknaefni vantaði, af háskólalærðum mönnum, og þannig mundi verða, ef þessi leið yrði farin, og kostnaður með biðlaunum og öðru aukast þar á ofan.

Konúngsfulltrúinn bygði á meiníngu minna hlutans, af því hann væri læknisfróður, en meiri hlutinn ekki; það er að vísu gott, að vera læknisfróður í þessu máli, en álitið verður að minni hyggju nokkuð hvikult, þegar sitt kemur fram í hvert sinn, og er þó óvíst, hvort meira á að meta, hið fyrra eða hið síðara.

Eg er að öllu leyti á því, sem hinn háttvirti konúngsfulltrúi sagði, að framför í mentun olli því, að manndauði mínki

að tiltölu; en hèr var eingin ástæða til fyrir meira hlutann að orðleingja um þetta í álitsskjalinu. Eg þykist fyrir mitt leyti sannfærður um, að mikil orsök manndauðans sè falin í því, að hèr er svo skammt komið í líkamlegri framför, og kenni eg það ýmsum ytri orsökum, einkum því, að verzlan landsins hefir verið bundin, en það er ekki ástæða til að orðleingja um þau efni hèr, þegar um læknaskipun einúngis er að ræða.

Aðstoðarlæknar minna hlutans eru, að eg held, mjög óvissir, þegar læknar fá einga hvöt til að kenna þeim, heldur skyldi leyfa það einúngis; miklu hagkvæmara verður í því efni að fylgja uppástúngu meira hlutans, því þá er þó nokkur tilraun gjörð, hvort þeim yrði komið upp með þessu móti eða ekki. Allt öðru máli er að gegna um kenslu við spítala hèr, því þar eru kennarar settir í því skyni að kenna, og þar er kenslan ætið fáanleg, og á þann hátt væri hægt að fá fleiri lækna, þar sem á lægi. Það kann að vera óvíst, hversu marga lækna alls þyrfti, og það er satt, sem hinn virðulegi þíngmaður úr Dalasýslu sagði, að það mun seint takast að fá fullnæga læknahjálp allstaðar, en hitt er auðsætt, að munur er á að hafa 20 lækna eða 12 á öllu landinu. Þar sem konúngsfulltrúinn ítrekar nú aptur, að æfingin á spítala hèr verði eingin, þá er það eitt af þeim atriðum, sem að minnsta kosti er ósannað; og þar sem hann hèlt, að það yrði sjúklíngum óþægilegt, ef margir læknar kæmi að sóttarsæng þeirra, þá held eg það sè alvenja á spítölum erlendis, að læknar flykkist að sængum sjúklínga, og tekur sèr einginn til.

Það hefir verið sagt, að öllum væri útvegað húsrúm til lækninga hèr, sem þess beiddust; eg hefi sannað af skýrslum landlæknisins, hversu hann hefir kvartað yfir húsrúmsleysi, og það án efa með rökum. Um aðsókn til spítalans er ekki hann einn til frásagnar; eg trúi í því efni eins vel bæjarbúum, þegar þeir óska sjúkrahúss, og segja, að ef það væri hèr, mundu þeir fegnir vilja leggjast þángað, ef sjúkleikur bæri þeim að höndum, og þeir ætti kost á.

Þar sem fært er til, að verst sè að fást við holdsveiki nálægt sjó, þá er þetta einnig móthverft reynslunni: því landlæknirnum sjálfum hefir tekizt nokkuð að lækna hana hèr, og hann hefir stúngið upp á, að sèr yrði veittur árlegur 200 rbd. styrkur til að reyna það hèr við sjó, eða að minnsta kosti hefir hann ekki ráðið stjórninni frá að gjöra þessa tilraun,

sem hann mundi þó hafa gjört, ef hann áliti hana öldúngis ónýta.

Hvað tekjunum viðvíkur, sem meiri hlutinn hefir talið til, þá er það að vísu satt, að sumar af þeim eru óvissar, en sá hluti er svo lítill, að það má kalla eingu muna, þar sem svo stendur á sem hèr. Að öðru leyti eru þesskonar smá-atriði, sem meiri hlutinn hefir bent á, ekki þess eðlis, að það standi á miklu, hvort einmitt þau verða tekin eða ekki. Meira hlutanum stendur það hèr um bil á sama, ef menn þæktist finna annað, sem hentugra væri. Hvað reglugjörð um spítalahlutina viðvíkur, þá mundi þó vera betra, að stjórnin byggi hana til, en biskupinn, og yrði hún svo lögð fyrir þingið, þar sem menn eru saman komnir allstaðar að. Hvað kristfjárjörðum viðvíkur, þá hefir meiri hlutinn að eins bent á þær, því hann ímyndaði sèr, að vel kynni svo að standast á, að hreppsmenn vildi vinna það til, að afstanda slíka jörð til læknisseturs, og annast sjálfir kristfjárómagann, til þess að hafa lækni í hrepp sínum.

Jústizráð Thorstensen: Eg tók svo eptir, sem sá virðulegi framsögumaður vildi kenna mèr um, við undirbúníngsumræðu þessa máls, að eg hefði komið fram óhappalegri löggjöf, er hann svo kallaði, er breytti sóttvarnar-tilraun fyrir bólu og meslíngum hèr á landi; en eg ætla óþarfa, að kenna mèr mikið um það, því hvorki hefi eg verið spurður sèr í lagi um það, og ekki sèrstaklega eða beinlínis skrifað þar um, og því mun þetta vera nokkuð ofhermt, eins og mèr aldrei hefir komið í hug að hafa læknaskóla eða spítala í Reykjavík.

Framsögumaður sagði líka um leið, að óvíst væri, að allir yfirheyrðir læknar hèr í landi gætu, eða vildu, kenna aðstoðarlæknum. Þetta er þó líka meiri hlutans uppástúnga, og bar okkur saman í þessu atriði, og sýnist mèr slíkt vera eins gott og það var í fyrstu, þó eg samsinni því líka.

Ekki er það heldur rètt í sömu ræðu framsögumanns hinn fyrra dag, að læknar fái borgun fyrir að útbýta fátækra meðölum; þeir taka á móti þeim eptir lögverði meðala, og láta þau eins út aptur, og hvar lyfjabúð er, koma þau ekki í lækna hendur.

Framsögumaður vildi í einni ræðu sinni benda á, að fá mætti lík til líkskurðar frá öðrum löndum. Eg ætla nú ekki marga skipherra viljuga til að flytja lík í skipum sínum yfir Íslandshaf, og þar við hafa líklykt í skipinu, sem opt loðir við vörurnar; enda öfunda eg eingan af að læra líkskurð á

þeim, þegar þau eru farin að úldna, eptir nokkurra vikna sjó ferð; því úldna munu þau innan, þó þau sèu lögð heil í salt, og heil þurfa þau að vera.

Eg get ei skilið, að þessi hugmynd um læknaskólann hafi vaknað í fyrstu í heila hins virðulega framsögumanns, því hann er of skynsamur maður til þess, heldur ímynda eg mèr hana komna frá einhverjum vindhana, sem byggir kastala í loptinu, sem ómögulegt er að setja á stofn, eða að fái staðizt. Líkt og ef aðdráttar-aflið væri of lítið hjá einum himinhnetti móti hrindingaraflinu, þá mundi hann þeytast úti geiminn: eins ætla eg það afl, sem ætti að halda þessum skóla og spítala í rèttum gángi, muni vanta, og hljóti hann því að falla um sjálfan sig, en það er aflið, að skólinn hafi nóg efni til að komast á stofn, nóga aðsókn af lærisveinum og sjúkum, til þess þeir geti feingið reynslu á öllu, og loksins að þeir, sem útskrifast, geti feingið embætti, eða eitthvað að lifa af, en á þetta allt held eg bresti.

Að öðru leyti held eg, að nógu vel sè búið að velta þessu máli fyrir sèr, og af öllum hefir hinn hæstvirti konúngsfulltrúi útlistað það lánggreinilegast á alla vegu.

Ekki hefi eg heldur beðið eða sókt um þá 200 dali, er konúngur allramildilegast gaf þeim holdsveiku um 3 ár til reynslu, og vissi eg ekkert um þá, fyrri en stiptamtmaður kammerherra Hoppe tilkynti mèr, að þeir væru allranáðugast gefnir.

Framsögumaður: Eg viðurkenni það fúslega, að ef eg hefði borið það upp á hinn virðulega konúngkjörna þingmann, sem hann kvartaði undan, og hefði það verið ósatt, þá hefði eg verið manna skyldugastur til að afsaka hann. Eg hefði einnig fundið mig því skyldari til þess, sem staða hans í þessu máli hèr á þinginu er að minni hyggju sorgleg, þar eð hann, sem ætti að standa í broddi fylkingar, þegar um bót á læknaskipun landsins er að tala, reynir einmitt til að halda endurbótunum í þessari grein sem leingst aptur. En það er svo illa ástadt, að eg get ekki veitt honum afsökun, því eg hefi hèr fyrir mèr stjórnarráða-tíðindin, og þar stendur með berum orðum, að „landlæknir Thorstensen hafi stúngið upp á, og stiptamtmaður á Íslandi borið fram, að opið brèf 18. Maí 1787 yrði afmáð úr lögum“ (Gjennem Stiftamtmanden i Island har Landphysikus Thorstensen andraget paa, at Plak. 18. Mai 1787 maatte — vorde ophævet). Ef að sagt er ósatt á hinn virðulega þing-

mann, þá lendir sú sök á stjórnarherra konúngs vors, Geheimekonferensráði *Örsteð*, en eg held hann muni hafa haft eitthvað til síns máls. En það er ekki hèr með nóg, því eg sè ekki betur, en að landlæknirinn hafi öldúngis forsómað það, sem fyrir er mælt í opnu brèfi 20. Júní 1838, sem afmáir hið fyrr nefnda eldra lagaboð: því brèf þetta skipar, að sá, sem eigi að rannsaka um nýkomin skip (óg það ætla eg vera læknirinn), skuli spyrja um, hvort sótt sè í skipinu, eptir sóttvarnar-tilskipuninni fyrir Danmörk frá 1805.

Prófastur Hannes Stephensen: Þó mikið sè þegar rædt um mál þetta, og eg finni það, að eg ætti ekki að leingja umræðurnar með orðum mínum, sem lítið munu vega, þar sem dómurinn virðist þegar uppkveðinn: fæ eg þó ekki haldið mèr frá, fyrst eg kaus mèr breytíngar-atkvæði, að fara fáeinum orðum um það enn, og líta enn yfir málið sjálft, og þá mætir fyrst sú spurníngin: hvað er það, sem vinna á? Betrun læknaskipunar og fjölgun læknanna. Því neitar nú einginn, að læknar sèu fáir í landinu, og öll þörf mundi að fjölga þeim; það er sagt hèr optar en einu sinni, að dauðlegleikinn, sem hèr á að vera meiri en, ef til vill, nokkurstaðar annars á bygðu bóli, komi af læknafæð; en það fer illa, að einginn hefir sýnt þínginu rèttan reikníng yfir þá, sem deyja í þeim hèruðum, hvar læknar búa, og þeim, hvar læknar ekki ná til, að menn sèð feingju, í hverju hlutfalli læknar og dauðinn standa innbyrðis. Hvernig færi nú, ef sannað yrði, að þar væri ekki að eins sjúkdómar, heldur líka dauði mestur, sem læknarnir búa? Sá mannskæði sjúkdómur, sem seinast gekk (Nervefeberen), varð, að því mèr er kunnugt, skæðastur í hèraði einu, hvar læknir bjó, og hvergi munu fleiri hafa fallið í þeim hèröðum, hvar læknalaust var, en í hinum, hvar læknar höfðu aðsetur. Tvær eru nú aðferðirnar, sem upp á er stúngið, til að koma þessu áformi um læknafjölgunina fram: önnur er sú, að byggja spítala í Reykjavík, og stofna þar læknakenslu; en hin, að fjölga læknum, með því að fá þeim hina gömlu spítala til afraksturs. Hinn hæstvirti konúngsfulltrúi hefir matið hvorutveggju þessa aðferð, svo að ekki er mitt færi að bæta þar neinu við, og hann hefir fundið yfirburði hinnar síðar töldu. En nú er annað spursmálið: til hvers er gripið, til að standa kostnaðinn af þessari fyrirhuguðu stiptun? Konúngsfulltrúinn hefir svo greinilega sýnt, að á ekkert af því, sem nefndin hefir bygt á, sè

á að ætla; hann ætlar ekkert af öllu því, sem nefndin hefir tiltínt í kostnaðinn, rèttlæki, nema spítalanna fè alleina. Mig greinir nú hèr í fullkomlega á við hann, er eg ætla eignir þessar, allt eins vel og hinar, rángteknar til annara framkvæmda, meðan þær ekki hafa fullnægt augnamiði sínu, sem bæði stjórnin með gjöfum jarðanna í öndverðu, og landsmenn með árlegum tillögum sínum, hafa ætlað stiptun þessari; en eg get nú, sem ólögfróður maður, í þessu að eins dæmt eptir tilfinníngu minni og hyggjuviti, og þykir mèr illt, að hinir lögfróðu menn á þínginu hafa eingir látið sína meiníngu í ljósi um, hvað rèttlegt sè í þessu, að fráteknum hinum hæstvirta konúngsfulltrúa; skora eg því á þessa menn að segja álit sitt um, hvort rèttlegt sè, að taka þessar eignir fátækra, sem þeir þó með eingu hafa af sèr brotið, og verja þeim til slíkrar stiptunar, sem hèr ræðir um; mèr kemur það um leið í hug, sem hinir lögfróðu menn sögðu hèr á þíngi fyrir skemstu, þegar tilrædt var um 5 ára forsorgunar-hrepp fátækra eptir reglugjörðinni af 8. Janúar 1834, að hann væri betur afmáður með öllu, og að þeir, sem nú hefðu unnið hann, feingju heldur eldri 10 ára hrepp eða fæðíngar-hreppinn, þá sögðu hinir lögfróðu, að það væri rángindi móti þeim, að svipta þá þessari eign. Nú þækti mèr það nokkur ósamkvæmni, ef rètt álitist, að taka aleiguna frá þessum flokki hinna fátæku, sem aumastir eru allra.

Þar um eru án efa allir samdóma, að tilgángur spítalanna hafi verið, og sè enn, að veita holdsveikum mönnum forsorgun. Þess vegna tók eg mèr það breytíngaratkvæði frá uppástúngum nefndarinnar, að fè spítalanna skyldi verja eptir upprunа-augnamiði þeirra, og það, fyrst fèð er svo vaxið, ekki af góðri stjórn þeirra, heldur hins vegna, að þeir hafa dregið sig í hlè, og þeim mátt heita á seinni tímum lokað fyrir þeim, sem eignirnar áttu, að nú geta spítalarnir staðið straum af öllum þeim holdsveiku mönnum, sem í landinu eru, og 40 kvað vera, þannig: að allir holdsveikir megi fá þar inngáng. Eg ætlaðist ekki þá, þegar eg bar breytíngar-atkvæðið upp, til meira; en mèr er það nú ljóst, að allir ættu að takast inn holdsveikir í spítalana, hvort þeim er ljúft eða ekki: því eins og stjórn eins lands hefir rètt á, að hindra frelsi þess óða og annara hættulegra manna, svo einnig hinna holdsveiku, að því leyti þeir eru hættulegir heilbrigði þjóðarinnar. Nokkrir þeirra, sem látið hafa meiníngu sína í ljósi um þetta mál, hafa

stúngið upp á því, að leggja spítalana niður, og safna eignum þeirra í sjóð; en það er eptirtektavert, að allir hafa þeir bygt þessa meiníngu á því, að spítalarnir hafi ekki hingað til unnið það gagn, sem skyldi, og að frá hèruðum þeim, sem þessir menn eru frá, hafi fáir eða eingir feingið inntöku í spítalana; en ekki mega menn gefa spítölunum sjálfum skuld á því, sem stjórn þeirra er að kenna; og hafi hèröð þau, sem fulltrúarnir eru frá, ekki haft holdsveika, áttu þau ekkert tilkall til spítalanna, en hafi þeir ekki feingið holdsveikum inn komið, þá gefi þeir stjórn spítalanna skuld á því.

Nú líður að þeim tíma, að menn greiða atkvæði í máli þessu, og fæ eg ekki dulið tilfinníngu mína. Eg hefi einu sinni áður á þíngi þessu haft líka, en það var, þegar atkvæði voru gefin um hefðina; þá var að gjöra um hin helgustu rèttindi manna, og hèr er um rèttindi aumíngjanna að ráða; mig vantar túngutak og aðra hæfilegleika, en ekki viljann, til að tala máli þessara minna aumustu bræðra, og má eg játa, að mèr hefir óglatt orðið af að heyra menn tala um aleigu þeirra, sem það fè, er rètt-tækt væri til þessara stiptana, sem einasta í ímyndaninni eru gagnlegar, og að forsvarsmenn þessara vesælínga, þeir sem verið hafa og eru, fylla flokkinn móti þeim. En eg vona, að þíngið gæti sín, gæti sóma síns og rèttdæmis, og að það verði ekki í dómum sínum sjálfu sèr sundurþykt: gæti þess, sem á eptir fer, dóma samtíðar og eptirkomandi aldar: gæti þess, sem vinna má með því, sem til er, eptir tilgángi rèttum, og hvað á hinn bóginn líklegt er að með þessu fè vinnist: gæti þess, hverjir hèr eiga í hlut, og á hverju bygt er að gjöra þeim nú órètt, nefnilega, að þeir hafa ekki áður notið rèttarins, sem skyldi, og því er eiga þeirra orðin svo fángvænleg. Falli nú atkvæði þíngsins móti rètti hinna voluðu, og skyldi stjórnin, sem eg sízt vona, aðhyllast þá meiníngu, þá er eitt eptir að hugga sig við, að hann sem rèttinn þekkir, lætur ránglætið þeim að góðu verða, sem það líða, en hinum ekki, sem það gjöra.

Kammerráð Melsteð: Eg hefi gjört mèr það að reglu hèr á þínginu, að lýsa því, hvernig eg ætli að greiða atkvæði í hverju málefni, svo þíngtíðindin seinna beri vitni um það. Eg vil því láta í ljósi, að eg ætla mèr að fallast á fyrstu og aðra uppástúngu í álitsskjali meira hlutans, en þar á móti greiða atkvæði á móti hinum uppástúngunum. Eg verð að játa,

að mèr ekki að öllu getur geðjazt álitsskjal meira hlutans, og ekki heldur ágreiníngsálit minna hlutans. En eptir þeirri stefnu, sem málið hefir tekið, og þar eð nú er orðið of seint að bera upp breytíngar-atkvæði, álít eg það óþarfa, og ekki nema til málaleingíngar, að skýra frá, í hverjum greinum eg er nefndarálitinu ekki samþykkur, og af hvaða ástæðum það er. Hinn velæruverðugi þíngmaður Borgfirðínga hefir skorað á þá lögfróðu menn, sem hèr eru á þínginu, að láta í ljósi meiníngu sína um, hvort taka megi fè það, sem lagt hefir verið til spítalanna, frá þeim holdsveiku mönnum, og brúka það til að betra læknaskipun hèr á landi. Eg vil því, eptir því sem hann hefir áskorað, skýra frá, hver meiníng mín er í þessu efni. Eg heiðra að sönnu tilfinníngu hans, en er þó sannfærður um, að meiníng hans um, að ei megi taka fè spítalanna frá þeim holdsveiku, og gjöra á því aðra skipun, styðst ekki við rèttar ástæður. Hinn hæstvirti konúngsfulltrúi er í ræðu sinni svo ljóslega búinn að sýna það, að eg held, að þíngmenn ekki þurfi framar að hafa um það nokkurn efa. Þetta málefni kom fyrir á nefndarfundi í Reykjavík árið 1839, og eg lèt þá í ljósi meiníngu mína um það, á sömu leið og konúngsfulltrúi nú gjörði, og er hana að lesa í nefndartíðindunum á bls. 152—153, og eg sè, á hinni síðar nefndu blaðsíðu, að hinn háttvirti forseti hefir verið á sömu meiníngu sem eg. Það fè, sem spítalarnir nú styðjast við, hefir stjórnin, eptir ósk landsmanna, lagt til þeirra; og það er enginn efi á því, að stjórnin má breyta því skipulagi, sem þá var ákveðið um fè þetta, þegar hún finnur, að nauðsyn krefur það, og hið fyrra fyrirkomulag er ekki leingur vel til fallið. Væri þetta ei svo, hlyti sú fyrsta skipan að vera gild um allar aldir, og hinn fyrsti löggjafi gæti bundið hendurnar á öllum þeim, sem eptir hann koma, og breytíng til hins betra yrði ekki möguleg seinna meir í þesskonar efnum, hversu óhentug sem hin fyrsta skipun væri. Það er ekki nóg, að hafa næmar tilfinníngar fyrir þeim holdsveiku einum; menn verða einnig að kenna í brjósti um aðra sjúka og sárþjáða, og bera umhyggju fyrir þeim. Breytíng sú, sem næstum því allir óska eptir á spítölunum, miðar ekki til þess að svipta þá holdsveiku þeirri líkn, er þeir hingað til hafa notið, en hún miðar til þess, að veita bæði þeim og öðrum sjúkum þá líkn og læknahjálp, sem þeir hingað til hafa mátt áu vera. Þeir

ypparlegustu lögvitríngar hafa jafnvel haldið, að þeim stiptunum mætti breyta, sem einúngis styðjast við gjafir frá einstökum mönnum, þegar ákvarðanir þeirra um gjafirnar eru orðnar svo óhagkvæmar, að tilgángi gjafarans verður ekki náð. Væri ei kostur á að breyta slíkum ráðstöfunum gjafaranna, gæti þar af leidt, að jafnvel miklu af jarðagózi eins lands yrði með tímanum varið á óþarfan og óhentugan máta.

Assessor Jónassen: Í tilefni af því, sem hinn heiðraði þíngmaður Borgfirðínga nýlega mælti, er hann skoraði á þá, sem væru lögfróðir af þíngmönnum, að segja álit sitt um það, hvort lagaástæður væru til þess, að verja spítalanna eignum til annars augnamiðs en þess, sem þeir upprunalega hefði verið stofnaðir í, leyfi eg mèr að taka til orða í þessu máli, og skal eg ekki vera margorður, þar sem búið er að ræða þetta mál svo ítarlega á báðar hliðar.

Það, sem hèr er spursmál um, er það, hvort stjórnin hafi rètt til að breyta þeim stiptunum, sem annaðhvort undanfarnir stjórnendur, eða einstakir menn, hafa sett á stofn. Úr þessari spurníngu er nú auðráðið: því það leiðir af hlutarins eigin eðli og rèttum skilníngi á stjórnarinnar rèttindum og skyldum, að hún hlýtur að hafa þennan rètt, hve nær sem nægar og rèttlætandi ástæður eru fyrir hendi til þess að gjöra slíka breytíngu, og stendur það í þessu tilliti á sama, hvort heldur undanfarnir stjórnendur, eða einstakir menn, hafa sett slíkar stiptanir á fót: og sama er og í því síðara tilliti, hvort stiptunarbrèfið og staðfestíng þess heimilar breytíngu í stiptuninni, eða það gagnstæða er ákveðið. Þessi regla á sèr stað, bæði þegar viðhald stiptunarinnar, eins og henni er komið fyrir, er til skaða, og líka þegar fyrirkomulag hennar er svo vaxið, að það öldúngis er til fyrirstöðu betri hagnýtíngu á þeim efnum, sem tilheyra stiptuninni.

En þetta á og hlýtur þó að skiljast með nokkurri takmörkun. Það liggur nefnilega í augum uppi, að breytíngin á að fara fram með nauðsynlegri varúð, það er að skilja þannig, að það sem verulegt er í stiptunarinnar fyrsta augnamiði ekki breytist, nema það liggi beint við, að stiptunin sè til eingra nota, eins og hún er, eða, ef til vill, til ógagns og skaða; það er líka sjálfsagt, að þeir, sem þegar njóta góðs af stiptuninni, ekki verða sviptir þessari hjálp án endurgjalds, en þeir, sem

ekki hafa neina von um að njóta góðs af henni, geta ekki átt heimtun á endurgjaldi, því þeim er einginn órèttur gjörr í því, þó von þeirra ekki uppfyllist, enda þótt stiptunin standi óbreytt.

Þegar eg nú heimfæri þetta til spítalanna hèr á landi og uppástúngu meiri hlutans, skil eg ekki betur, en að hún í spítalanna tilliti gángi of lángt, og að rèttarheimild vanti fyrir því, að steypa eignum spítalanna þannig saman í sjúkrahús í Reykjavík, í hús, sem þar að auki ekki er ætlað nema að litilli tiltölu hinum spítelsku mönnum, heldur hefir allt annað augnamið, og þó tilgángur nefndarinnar sè enn bezti með þessari uppástúngu, held eg hann rèttlæti þó ekki þau meðöl, sem þannig á að brúka til að ná honum.

Það er satt, að spítalarnir ekki uppfylla eða hafa uppfylt sitt augnamið; það er allt satt og meir en satt, sem sagt hefir verið þeim til áfellis, bæði hèr á þínginu og endrarnær; en þetta atriði er ekki næg ástæða til þess, að breyta þeim svo gjörsamlega, eins og nefndin stíngur upp á, því það má bæta úr brestunum, og halda þó jafnframt við spítalanna upprunalega augnamiði. Eg get þannig ekki heldur gefið atkvæði mitt fyrir svo gjörsamlegri umsteypíngu spítalanna, sem meiri hlutinn ætlast til, og það enn þá síður, þegar eg lít á þá miklu tvísýnu, sem mèr virðist vera á því, að sjúkrahús það og sá læknaskóli, sem því á að vera sameinaður, og hèr ræðir um, geti eða muni geta náð sínu augnamiði, svo verulegt gagn verði að, og væri þá of mikið lagt í sölurnar, ef sú yrði niðurstaðan, og mundu menn þá iðrast eptir að hafa eydt eignum spítalanna svo óheppilega; en þar öll hèr að lútandi atriði eru þegar ítarlega tekin fram í umræðum þíngmanna, skal eg ekki tefja tímann með að ítreka þau hèr aptur.

Minni hlutinn fer þess vegna, að mínu áliti, rèttan meðalveg; hann vill nefnilega bæta skipun og fyrirkomulag spítalanna, og koma þeim í annað og betra horf, og jafnframt með efnum þeirra ráða nokkra bót á læknaskipuninni, sem allir hljóta að játa að sè svo mjög ábótavant. Þetta sýnist mèr vera eptir hlutarins eðli, og samkvæmt þeim reglum, sem varða breytíngu á opinberum stiptunum, enda má fullyrða, að uppástúnga minna hlutans geti komið að góðum notum; því eptir henni kæmist nú þegar læknir á við Kaldaðarnesspítala (sem nú missir árlega 100 rbd., af því læknir kemst þar ekki

á), fyrir Árnessýslu, og líka fyrir norðan við Möðrufellsspítala, sem mèr, eins og minni hlutinn hefir stúngið upp á, þykir vel eiga við að þá yrði fluttur til Norðurþíngeyjarsýslu. Við hina tvo spítalana geta, eins og efnum þeirra nú er varið, ekki komizt læknar að sinni, og fellst eg því á, að eignum þeirra sè haldið saman, og þær settar á vöxtu fyrst um sinn, en hætt að veita holdsveikum mönnum þar viðtöku.

Eg er líka minni hlutanum samþykkur um aðstoðarlækna, því eg held það geti komið að góðu liði, ef hèraðslæknar tækju að sèr fyrir borgun, að kenna úngum og efnilegum bændamönnum þær almennustu og einföldustu lækníngareglur og aðferð; það yrði líka dálítil launaviðbót fyrir hèraðslæknirinn. Þessir heimalærðu læknar hafa opt að undanförnu orðið að góðu gagni í ýmsum sveitum, og mætti svo verða enn, og öllu betur, þegar þeir yrðu þannig mentaðir, eins og gjört er ráð fyrir. Eg held líka, að ekki þurfi að hugsa þessum aðstoðarlæknum fyrir launum úr opinberum sjóði, því eg gjöri ráð fyrir þeir hafi annan atvinnuveg, og svo hefir það verið hingað til.

En um þetta atriði er þegar nægilega rædt, og skal eg því ekki fjölyrða þar um, en atkvæði mitt ætla eg að gefa í málinu þessu samkvæmt.

Umboðsmaður Þorvaldur Sívertsen: Eg ætla nú ekki að leingja umræður máls þessa með þrætni mót enum heiðraða fulltrúa Ísfirðínga, um breytíngar-atkvæði mitt og þess þýðíngu; því eg hafði vit á því, áður en hann gat þess, að rèttur til að skera úr því tilkom enum háttvirta forseta; eg ætla heldur ekki að fara orðum um uppástúngurnar í málefni þessu, það er búið að ræða svo mikið um þær, að eg vona, að öllum þíngmönnum sèu orðnar þær fullljósar, geti þær annars orðið það nokkurn tíma; eg vildi einúngis hafa leidt athygli þíngmanna að því, sem nú er fyrir hendi að skera úr með atkvæðum: hèr er einkum um þrjú höfuðatriði að gjöra, hvort menn vilja niðurleggja spítalana, sem nú eru, með öllu, til þess að búa til spítalahús í Reykjavík úr efnum þeirra og andvirði, að því leyti það hrökkur til, en taka lán, jafna á þjóðina, eður eiga undir því, að stjórnin miðli því ábrestur, og eiga síðan undir von, hvort spítali sá, að því búnu, geti nokkurn tíma náð því augnamiði, að sjúklíngar landsins hafi gagn af honum, og að lækna-efni nokkru sinni geti eða vilji nema þar læknisfræði, og að innlendir læknar fjölgi hèr. Eg sagði

þetta væri undir von, og eptir því bið eg þingmenn að taka. Annað atriðið verður það, að ákveča með atkvæðunum, hvort mönnum þyki þá ekki varlegra, sèu spítalarnir lagðir niður, að safna þá efnum þeirra í sjóð, og láta þann sjóð ávaxtast, og vera þá vissir um, af þeim efnum að geta feingið næga læknafjölgun, og það innlendra lækna, sem eru, að eg ætla, í hendi manns, þegar efni eru til að styrkja lækna-efni, og launa læknum, svo sem hæfir; eg sagði, að um þetta gæti menn verið vissir, og bið eg einneginn, að þingmenn gefi því orðatiltæki gaum. Þá er hið þriðja atriðið, hvort menn hafi laungun til, að halda spítölunum við, sem eru, biðja um endurbót þeirra, ætla þar holdsveikum manneskjum vist, og læknum bústað, og eiga undir kasti, undir teníngakasti, hvort holdsveikra inntaką þar, og lækníng á spítölunum, efna tilhögun og meðferð þeirra, lækna búskapur á spítalajörðunum, og þess háttar, ekki muni seint eður snemma reka að sama miðinu og verið hefir, en efnunum vera eydt til ónýtis. Eg ætla nú hvorki að mæla með nè móti neinu þessu, fremur en gjört hefi; þingmenn hafa ráðið í, hversu eg muni greiða atkvæði, það ætla eg að gefa eptir sannfæríng minni, og það veit eg að allir þingmenn gjöra.

Eg vildi líka að endíngu minnast á eitt lítið atriði, en það er ekki lítið, það er um aðstoðar-læknana; það mun varla nokkur sá þingmaður hèr, sem ekki verði að viðurkenna, að hann hafi þekt til þess, að þeir optlega hefðu orðið að miklu liði; hver þingmaður sèr í lagi mun hafa þess nóg dæmi, og játa, að þeir sèu gagnlegir og ómissandi, og þetta er þó núna, undir því banni eða bandi sem á því hvílir Eg fyrir mitt leyti verð að játa, að eg þekki þess ekki fá dæmi, að þessir óyfirheyrðu læknar hafa komið að miklu liði, og stundum í ýmsum sjúkdóms-tilfellum fullt svo miklu, sem læknirinn sjálfur; það er talað um, að fái þeir eingin laun, gefi sig einginn til þess. En hver eru launin, sem þeir hafa haft? Laungun til að geta líknað bræðrum sínum, og góð samvizka, að sèr hafi heppnazt það; eg ætla líka, að mörg hèruð yrðu viljug til að styrkja þá, einkum hvar lækna skortur er eins mikill, sem orð er gjört á. Það er dregið í efa, að læknar hèr geti nú kent lækníngar; en það vita þó allir, að þeir hafa getað það: Bjarni Pálsson kendi mörgum, er síðan urðu til mikilla nota; margir gjörðu það sama eptir hann, og eg þekki

einn afbragðs-heppinn aðstoðarlæknir, sem lært hefir hjá landlæknir þeim, er við nú höfum. Eg ætla mèr ekki að fjölyrða um þetta fremur; það ræður hver einn sínu atkvæði, og eg mínu.

Forseti: Eg vil einasta í fæstu orðum láta meiníngu mína í ljósi um þetta málefni, sem ella er svo mikils varðandi. Að þeir svo nefndu spítalar hèr í landi, sem ekki eru nú annað en nafnið eintómt, sèu eign þjóðarinnar, en ekki einstakra manna af henni, það hefi eg áður sagt á embættismanna fundinum 1839 (sjá tíðindi frá sama fundi bls. 153), og sama sinnis er eg enn. Eg ætla, að bæði stjórn og þjóð eigi frjálst, að gjöra þá skipun á um forsorgun og aðhjúkrun enna holdsveiku, sem hentust er, ef þeir að eins njóta hvorutveggja á tilbærilegan hátt, og fyrir öðru þarf ekki ráð að gjöra. Eg ætla því enn sem fyrri, að frjálst sè að verja eigum öllum enna svo nefndu spítala til annars alþjóðlegs augnamiðs, einkum þegar það er svo náskylt því, sem upphaflega var til ætlazt með spítalana, og svo áríðandi, sem lækna-fjölgun er í þessu landi, sem bæði er strjálbygt og íllt yfirferðar. Eg get því ei annað en verið því samþykkur, sem að því lýtur, að aftaka spítalana hreint, nefnilega, að taka eingan holdsveikan inn á þá framar, en auka lækni strax í hverjum þeim fjórðúngi, hvers spítalasjóður feingið hefir nóg efni til þess. Líka felli eg mig vel við það, sem talað hefir verið um aðstoðarlæknana; einúngis virðist mèr það uggvænt, að læknar kenni þessum aðstoðarlæknum, enda þó þeir feingi nokkurt endurgjald fyrir, nema þeim sè gjört það að skyldu. Þetta segi eg ekki til neins einstaks manns, heldur eptir skoðun mannlegs breyskleika yfir höfuð, því læknirinn mætti þó að líkindum óttast fyrir, að þessir aðstoðarlæknar kiptu frá honum nokkru af lækninga-launum hans.

Þar á móti get eg á eingan hátt felt mig við þær stórkostlegu vonir, sem meiri hluti nefndarinnar gjörir sèr um spítalastofnsetníngu í Reykjavík og læknakenslu þar. Í því falli skírskota eg til þess, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi og minni hlutinn hafa um það efni sagt. Eg vil að eins með fáeinum orðum drepa á sumt af því, sem meiri hluti nefndarinnar telur til, sem stoð undir spítala-stofnsetníngunni, en allar þarf eg ekki að nefna, því sá hæstvirti konúngsfulltrúi hefir á svo auðskilinn hátt kipt þeim flestum undan. Eg man ekki,

að hann nefndi toll þann, er meiri hlutinn vill leggja á selveiði og æðarvarps-hlynnindi jarða. Allir sjá, hvað ósanngjörn slík álaga væri á hlynnindi þessi, því efalaust má þingið telja það, að þær jarðir, er slík hlynnindi hafa, mundu við nýtt jarðamat verða hærra metnar til skatta-álögu, en ella myndu, ef ei hefði slík hlynnindi haft; ef af hlynnindunum ætti svo að svara spítala-tolli, væri það ný álaga á slíkar jarðir, sem aðrar jafndýrar jarðir ekki bæru. Sama má segja um þá 3 spítalahluti á ári, sem stúngið var upp á; við þá væri einn einstakur kostnaðar- og hættusamur næríngarvegur landsins tollaður, en aðrir væru látnir sleppa, þar sem þó á að vera að gjöra um sameiginlegt gagn allra. Eg vil nú ekki fá mèr til orða um hússleigu-penínga lyfsalans í Reykjavík eða Gufunesspítala penínga, því áður er um þá rædt bæði af konúngsfulltrúa og minni hlutanum.

Eyjólfur Einarsson: Eg stend ekki upp til að skýra þíngmönnum frá áliti mínu í þessu máli; eg hefi gjört það við fyrri umræðu málsins, og vona eg, að þíngmenn álíti mig ei svo hviklyndan, að eg sè nú kominn á aðra meiníngu, einkum þar eg við umræðu málsins hefi ei feingið ljósari hugmynd um það, en áður hafða eg. Af því, sem sá heiðraði þíngmaður úr Dalasýslu nú síðast mælti, vil eg leyfa mèr að kynna þínginu frá, að síðan eg man til, sem hefi í plázinu verið frá barndómi, veit eg ei til, að þar hafi verulegt gagn orðið að hèraðslæknum, sem að nokkru hefir flotið af plázins stöðu, en þar á móti mikið gagn af aukalæknum, sem eg þori að fullyrða að hefir haldið nokkrum þar við líf og heilsu, einkum á seinni árum, og vona eg, að þessu lík dæmi sèu ei mjög sjaldgæf í öðrum hreppum, sem undir eins sanna, að við mundum hafa góð not af yfirheyrðum auka-læknum í mörgum tilfellum.

Stephán Jónsson: Allir vita, að eg stend ekki upp af þeirri áskoran, sem bent var að lögfróðum mönnum, en eg vildi samt leyfa mèr með einu orði að minnast ræðu hins heiðraða þíngmanns Borgfirðínga, og vil eg þá fyrst geta þess, að eg held, að það hafi ekki meir en einn tíundi partur af þeim holdsveiku feingið inngaungu á spítalana, eða að minnsta kosti ekki meir enn ½ af þeim sem voru sannir þurfalíngar. Mèr fyrir mitt leyti hefði fundizt mikið um ræðu þess heiðraða þíngmanns, hefði eg ekki með vissu vitað, að þeir, sem á spítölunum eru, þar sem eg þekki til, eru eingu betur farnir, en hin-

ir holdsveiku, sem í sveitum framfærast á fátækra fè, og því hefi eg áður farið þeim orðum um þetta mál, sem sýna misbrúkun á spítölum, og að þeir væru betur niðurfeldir, en misbrúkaðir. Að því leyti sem hinn heiðraði þingmaðar minntist á aðskilnað persóna og inntöku allra holdsveikra á spítalana, þá mætti máske virðast ísjárvert, þegar annað hjóna verður holdsveikt, sem opt ber við, að svipta hitt, og máske börn, mikilli aðstoð og umsjón, sem opt duglegur og hygginn ektamaki veitir búi sínu og börnum, þó veikur sè, og þar með gjöra honum lífið margfalt þúngbærara, með því að hrífa hann frá ástvinum sínum, í hverra samfèlagi sem flestir vilja lifa og deyja. Hvað viðvíkur rèttindum þeim, sem holdsveikir einir kynnu að eiga til spítalanna, þá hafa verið um það misjafnar meiningar meðal almennings; það kynni máske að álítast, að sjóður sá, sem spítalarnir eiga, væri að nokkru gjafir einstakra manna, að því leyti sem hann væri dreginn saman af spítalahlutunum; samt sè eg einga hættu við liggja, þó efnunum sè safnað, en ekki strax afráðið, hvernig bezt muni að brúka þau.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Minni hlutinn sagði áðan, þegar hann tók til orða, „að framsögumaður mundi ekki vera höfundur að uppástúngu meira hlutans, því hann væri skynsamur maður, heldur mundi einhver vindhani hafa fundið hana upp“. Mèr þykir nú þetta nokkuð freklega tekið til orða, því það hefði verið vindhanaskapur af meiri hlutanum, að bera upp þessa uppástúngu, ef vindhani hefði verið undirrót hennar; eg skal nú ekki svo bera af mèr vindhanaskap, en eg held það sè nokkuð freklegt að bera slíkt á brýn hinum 3 heiðursmönnunum, sem eru í meiri hlutanum. Eg veit að vísu ekki glögt, hvað orðið vindhani merkir, en eg ímynda mèr, að sá sè sannkallaður *vindhani*, sem segir sitt í hverju orðinu og ber aldrei saman við sjálfan sig.

En eg stóð ekki upp til þess að eltast við einstöku orð, heldur stóð eg upp til að venda máli mínu að ræðunni, sem hèr hefir verið flutt fróðlegust og uppbyggilegust í málinu, bæði í dag og í undirbúnings-umræðunni, að ræðu hins háttvirta konúngsfulltrúa, sem hann flutti áðan. Hann útlistaði málið og liðaði í sundur, bæði ljóslega og greinilega, eins og vandi hans er til og honum er svo lagið; hann taldi fram og greiddi úr öllum ástæðum bæði meira og minna hlutans nefndarinnar

og niðurstaðan varð sú, að allar ástæður meiri hlutans urðu næsta lèttvægar, þar sem þekking og reynsla meira hlutans sè eingi í lækna-málefnum, en þekking eg reynsla minna hlutans sè í þessum efnum svo mikil og mikilsverð. Eg veit nú satt að segja ekki, hvaða merkingu hinn háttvirti konúngsfulltrúi leggur í orðið reynslu, en það veit eg, að alment er það ekki nefnd reynsla, sem hann nefndi hèr og bygði á svo mikilvægar ályktanir. Það er víst að minnsta kosti, að reynsla minna hlutans hefir ekki staðið á stöðugu. Á henni á að byggja það, að spítali í Reykjavík verði aldrei til neins; 1830 lagði þó minni hlutinn til af reynslu sinni við stjórnina, að spítölunum yrði umsteypt, og uppbygt af efnum þeirra eitt alment sjúkrahús, bæði handa læknandi holdsveikum og öðrum sjúklíngum; hann segist aldrei hafa sagt, að hann hafi viljað hafa sjúkrahús í Reykjavík; það er satt, hann hefir ekki sagt það, svo menn viti, með berum orðum; en mèr er spurn: hvar vildi hann þá hafa þetta eina almenna sjúkrahús, sem hann beiddi stjórnina um? og eg ætla að lofa öllum heilvita mönnum að ráða úr því, hvort hann hefir viljað hafa það upp á Baldjökli, eða í Reykjavík, eður hvar annarstaðar. Reynsla hans á að sanna það, að aðsókn sjúkra að spítala í Reykjavík verður, svo að segja, eingin; en eg skil ómögulega, í hverju að hans reynsla um þetta er merkari, en reynsla annara: en hún er sú, að þar sem duglegur læknir er í sveit, þar er mesta aðsókn sjúklínga að þeim hinum sama; um þetta verða þó ekki bornir til baka nákunnugra manna vitnisburðir bæði innan þíngs og utan; en fyrst mesta aðsókn er að duglegum læknum í sveit, þá flýtur þar af, að reynsla minna hlutans, sem í rauninni er eingin í þessu efni, getur ekki hrakið þá skynsamlegu ályktun, að mikil aðsókn hlýtur að verða að spítalanum með 2 duglegum læknum. Reynsla minna hlutans á að sanna, að ekkert lið verði að læknakenslu við spítalann; nú er reynslan, margföld reynsla margra, búin að sanna, að kensla landlæknanna hafi orðið að góðu liði, að frá þeim hafi komið hèr og hvar út um land duglegir læknar, og það frá minna hlutanum sjálfum, sem þó hefir ekki kent þeim, nema þann svo nefnda „dauða bóklærdóm“, þar sem hann segist aunga sjúkra manna aðsókn hafa haft, svo að teljandi sè, í undanfarin 27 ár. En ef allduglegir læknar hafa komið frá hendi einstakra manna, fyri kenslu þeirra, þá skilst lík-

lega öllum, að eins geti farið, ef 2 duglegir læknar kenna við spítalann, og ekki síður. Mèr getur annars ekki annað en þókt sú ályktan nokkuð merkileg, sem konúngsfulltrúinn og minni hlutinn gjöra í þessu efni: að kensla við spítalann, þar sem 2 duglegir læknar einmitt eiga að kenna upplýstum mönnum, stúdentum frá skólanum í 3 ár, að þeirri kenslu á ekkert lið að verða; en að hèraðslæknar kenni óupplýstum bændasonum svo sem hálft missiri, að því á að verða mesta lið og læknisbót um landið. Reynsla minna hlutans á að sanna það til hlítar, að ekki sè til neins, að leitast til við að lækna holdsveiki nálægt sjó, þó þiggur hann 200 rbd. árlega frá stjórninni, til þess að reyna að lækna spítelska hèrna við sjóinn. Eg efast ekki um, að konúngsfulltrúinn hefði líka bygt það á reynslu minna hlutans, að það væri nauðsynlegt, að hingað feingist Meslingar 6. hvert ár, eins og minni hlutinn óskaði um daginn, sjálfsagt vegna sinnar 27 ára reynslu, hefði honum ekki gleymzt að bera upp um það viðauka-atkvæði í undirbúnings-umræðunni. Sannfærist því og græði hver, sem vill, og hver, sem getur, á reynslu minna hlutans, og af ályktunum þeim, er konúngsfulltrúinn bygði á henni; eg græddi á hvorugu, og eg sannfærist af hvorugu.

Hinn háttvirti konúngsfulltrúi sagði um meiri hlutann, að menn mættu ekki gylla vonina, með því að vísa á það, sem ekki væri til; og eg skal nú sanna það, að menn þurfa ekki sèrlega að gylla fyrir sèr vonina, fyrst fulltrúi stjórnarinnar tekur svona í málið yfir höfuð; fyrst hann ber meiri hlutanum það á brýn, að hann vísi á það, sem ekki sè til, af því menn í allri hógværð benda til þess, sem viðlægilegast þókti og líklegast, til að styrkja til framkvæmdar þessa mikilvæga málefnis, án þess að neinn sèrlegur bagi eður tjón stæði af, þó svo væri aðfarið, og svo að stjórnin væri beðin um sem minnstan styrk, sem minnst fjárútlát til þess; meiri hlutinn vildi olla stjórninni sem minnst kostnaðar, þó hún hljóti að álíta það hina fyrstu og helztu skyldu sína, að sjá sem bezt fyrir lífi og heilsu þegna sinna, eptir því sem auðið er; það verður heldur ekki sagt með sanni, að stjórnin sjálf viðurkenni ekki þessa skyldu sína, að hún sè ekki fús á að leggja allt til, og gjöra allt, sem hún megnar, og sem hún er sannfærð um að til gagns megi leiða í læknamálefnum vorum; þetta sýnir hún og sannar, svo að segja daglega; en hún

á úr vöndu að ráða, og hefir átt til þessa, þar sem tillögur um þetta, hèðan frá landi, hafa svo að segja verið hver ofan í aðra, hver annari gagnstæð, og ekkert verulegt eða nýtilegt í neinni. Þetta hefir stjórnin fundið, og því hefir hún ekki getað komið neinum lagfæringum á. Þetta ættu menn samt vandlega að athuga nú, þegar geingið er til atkvæða um þetta mál, og vera þess fullöruggir, að stjórnin lætur ekki sitt eptir liggja, ef menn biðja um þær breytingar, sem eru skynsamlegar, og sem auðsjáanlega er nokkur vera í, og sem nokkurt gagn má af standa.

Áður eg sezt niður, verð eg að geta þess, að hvernig sem atkvæðagreiðslan ræðst í málinu, þá getur vart 3. uppástúnga minna hlutans orðið tekin til greina, eður komið undir atkvæði, eins og hún er nú borin upp, þar sem þar er farið fram á, að opið brèf frá 14. Janúar þ. á., nái til Íslands; en eg hygg það beinlínis móti alþingislögunum, að biðja um löggildíngu neins þess lagaboðs, sem ekki er lagt áður fyrir þíngið á reglulegan hátt, til þess að ræða um, að hvað miklu leyti það þykir eiga hèr við.

Assessor Johnsen: Eg hefi híngað til ætlað það óþarfa fyrir mig, að standa upp í máli þessu, af því mèr virðist, að bæði hinn heiðraði framsögumaður og líka hinir aðrir heiðruðu meðnefndarmenn mínir hafi fært svo nægar ástæður, sem færa þurfti, gegn mótmælum þeim, sem fram eru komin gegn uppástúngum minna hlutans; en þar eð mèr líka hefir fundizt, að hinn heiðraði konúngkjörni þíngmaður, sem er minni hluti nefndarinnar, með ummælum þeim, er hann hafði við í ræðu sinni, hjyggi vel nærri nefndarmönnum meira hlutans, held eg, að eigi sè fjærri, að eg skýri frá því, á hvern veg eg er orðinn sannfærður um, að tillögur hans um spítalann í Reykjavík eru það tiltækilegasta meðalið, til að koma betri læknaskipun á eða að fjölga læknum hèr í landi. Meiri hlutinn varð að vera samdóma um það, að laun hèraðslækna hèr í landi aldrei yrðu eða ættu að verða svo há, að þess gæti verið nokkur von, að svo margir Íslendíngar legðu fyrir sig læknisfræði við háskólann, að ekki margir, ef ekki allflestir, danskir menn sætu fyrir læknaembættunum, þángað til þeir losna frá þeim aptur með biðlaunum; en þetta ætlar nú meiri hlutinn og eg einhvern hinn mesta galla á þeirri tilhögun, að taka lækna eða fjölga læknum einúngis úr tölu hinna háskólageingnu; og eg fyrir mitt leyti

hefði ekki verið í efa um, að velja heldur þenna veg til læknafjölgunarinnar, en kensluna í landinu, ef eg hefði séð næg líkindi til, að nógu margir Íslendingar yrðu fáanlegir til læknaembætta í sýslu hverri, útlærðir frá báskólanum; en það er á hinn bóginn öllum í augum uppi, að það bæti lítið sem ekkert úr læknaþörfum, ef læknirinn ekki skilur sjúklinginn, eða sjúklingur ekki læknirinn, eins og mörg dæmi eru til enn. Hèr varð þá að liggja annar vegur til að ná augnamiðinu, og það einmitt til læknakenslu í landinu sjálfu, við þann umrædda spítala í Reykjavík, þar sem helzt eru faung á öllu því, sem til kenslunnar heyrir, og undir eins, að minni hyggju, von á þeirri reynslu, sem gánga ætti jafnsíðis, við sjúkra sængurnar á spítalanum; því eg er á því máli, að ekki mundi hèr vanta sjúklínga á spítalanum, þegar hann fyrst væri kominn á stofn, og mundi þessi reynsla þá líka fljótt spyrjast til hèraðanna og hafa heillavænlega verkun á meðferð sjúkdóma víðar í landinu. Nefndin hefir nú skýrt frá, hver efni sè fyrir hendi til þessarar ráðstöfunar, en það er misskilníngur þíngmanna, ef þeir, eða nokkrir meðal þeirra, skilja meira hlutann á þá leið, að hann ætlist til, að strax sè farið að byggja spítalann, áður en séð verður fyrir, að efni sè til þess, því það er þvert á móti bæði orðatiltækjum og niðurskipun nefndarálitsins og uppástúngna meiri hlutans. Hann ætlast miklu fremur til þess, að eigi sè hlaupið á sig í þessu efni, og að byrjunin sè gjörð, með að safna og halda efnunum saman, þángað til nógu er safnað, til að fara megi að koma ráðstöfuninni til betri læknaskipunar alveg á fót, og sýni reynslan til þess tíma, að annað sè tiltækilegra, en spítali með læknakenslu hèr í landi, láta menn líka sannfærast af þeirri reynslu. Annars hefir meiri hlutinn ekki heldur álitið þau hjálparmeðöl, sem hann hefir tilgreint auk eigna þeirra spítala, sem nú eru, sem svo viss, að sagt verði, að hann hafi vísað á þau til aukníngar sjóðnum handa læknaumbótinni, sem óyggjandi; og má að vísu margt segja fram og aptur um það, hvort sanngjarnt er eða rètt, að verja sumu, er nefndin hefir tekið fram, til þessa augnamiðs, en meiri hlutinn ræður líka einúngis til, að bera þetta upp fyrir stjórnina, og ætlar henni að skera úr, hvers hèr er að vænta, og að ekkert sè því til fyrirstöðu, að fara þann bónarveg. Þar sem hefir orðið tilrædt um það, hvort það sè löglegt, að verja eignum spítalanna á annan hátt, en hingað til,

þá held eg menn þurfi ekki að vera lögfræðíngar, til að komast að raun um, að svo sè, því eg ætla, að þau fáu orð í ræðu hins hæstvirta konúngsfulltrúa sè auðskilin hverjum skynsömum manni, að þjóðin eigi frjálst að biðja, og stjórnin frjálst að veita, að fè því, sem varið er til spítala enna holdsveiku eptir ósk þjóðarinnar, megi verja í öðru augnamiði, þegar reynslan er búin að sýna, að hinu upprunalega augnamiði ekki verður náð, eða það ekki leingur á við. Þessari grundvallarreglu sè eg nú ekki betur en að minni hlutinn sjálfur og hinn heiðraði þíngmaður, sem bezt geingur fram að styðja hans mál, líka fylgi, er hann nú vill fara að byggja hús handa læknum og launa þeim af sjóðum spítalanna (og það, þó það sè talið mjög efasamt, hvort holdsveiki verði læknuð), og hinn sami heiðraði þíngmaður eins, sem taldi hana ólæknandi, og eru spítalar fyrir líkþráa hèr í landi, sem koma má fyrir á eins góða samastaði, aðra en spítalajarðirnar, þá reistir fyrir þá, ekki nema að nafninu tómu. Að því leyti loksins, sem hinn hæstvirti konúngsfulltrúi komst svo að orði, sem minni hlutinn hefði latið í ljósi, að dómarar hèr í landi eigi fullnægi skyldu þeirra í tilliti til skottulækna, þá ætla eg ekki að þessu sè svo varið, nema ef kafli nefndarálitsins hèr að lútandi hafi misskrifazt, er hreinskrifað var, og getur svo verið. Þegar þetta atriði varð tilrædt í nefndinni, vakti það fyrir mèr, að læknar sumir hafa álitið það eitt eiga við skottulækna hèr í landi, sem lagt er fyrir í tilskipun 5. Septbr. 1794, en aptur er til kansellíbrèf 17. Desember 1785 (sambr. erindisbrèf 25. Febr. 1824. 31. og 32. grein), sem máske fæstir þekkja, er í ýmsum tilfellum gjörir ráð fyrir öðru hèr í landi; en þegar eptir því er farið, er það stundum kallað skyldu-vanrækt dómenda, sem mèr ekki gat komið til hugar að bregða þeim um.

Framsögumaður: Hvað því viðvíkur, sem hinn virðulegi meðnefndarmaður minn hèlt, að misskrifazt hefði í nefndaráliti meira hlutans, þá veit eg ekki til þess; eg held, að allt sè rètt skrifað á þessum stað; en eg efast heldur ekki um hitt, að dómendur hafi haft laga ástæður fyrir sèr, þegar þeir hafa slept þeim, sem ákærðir hafa verið fyrir skottulæknìngar, og að enginn geti þess vegna sagt, að þeir hafi ekki gætt skyldu sinnar.

Það hefir nú helzt verið talað um sjúkrahús í Reykjavík, og það hefir verið sagt, að einhver *"vindhani"* hefði stúngið upp á því. Eg get talið upp fyrir þínginu nokkra af þessum

vindhönum: hinn fyrsti er landlæknir Bjarni Pálsson, þar næst landlæknir Jón Sveinsson, þá landlæknir Klóg, því eg hefi fyrir mèr uppástúngu hans frá 1816, og óskar hann þar, að sjúkrahús gæti komizt á undir umsjón landlæknis, og kveðst jafnan hafa 4—6 sjúklínga til umönnunar, en fleiri geti hann ekki tekið sökum húsrúmsleysis. Þá er einn vindhaninn hinn háttvirti konúngsfulltrúi, sem stakk upp á í embættismannanefndinni 1838, að sett yrði sjúkrahús í Reykjavík, og með honum má þá telja alla þá embættismenn í nefndinni, sem fèllust á hans mál. Það er þess vegna satt, að uppástúngan er ekki ný, hún er gömul, og margir skynsamir menn hafa fallizt á hana, hver eptir annan; en hitt er annað, að efnaleysi hefir staðið í vegi, og svo það, að ekkert víst ráðlag hefir verið tekið.

Þar sem hinn háttvirti forseti fór að mótmæla aukníngu spítalalilutanna, þá hefi eg sagt það áður, að slíkar einstaklegar uppástúngur meira hlutans standa ekki á miklu í sjálfum sèr, ef annað hentugra fyndist. En eg held, að þessi álaga væri einhver hin vægasta og sanngjarnasta, því þó það sè satt, sem hinn háttvirti forseti sagði, að þessi hlynnindi verði metin með jörðinni, þá vita það allir, sem til þekkja, að þau verða aldrei metin með eins mikilli vissu og landgæði jarðanna.

Það er nú undir þíngmönnum komið, hvort þeir vilja fallast á aðal-uppástúngu meira hlutans eða ekki, halda saman eignum þeim, sem til eru, og benda stjórninni til, hversu ósk þíngins sè að þeim sè varið, eða þeir vilja sundra öllu, til þess að geta feingið 4 nýja lækna seint og síðar meir, annaðhvort útlenda eða innlenda, en eptir fullum líkindum alla útlenda.

Konúngsfulltrúi: Með tilliti til þess, sem framsögumaður sagði, að eg hefði árið 1838 stúngið upp á því, að sjúkrahús yrði sett í Reykjavík, verð eg einúngis að gjöra þá athugasemd, að framsögumaður verður sjálfsagt að vita sjálfur, að eg hefi aldrei beðið stjórnina þessa, jafnvel þó eg hafi drepið á það við aðra embættismenn hèr á landi, hvort setja ætti á stofn þess kyns sjúkrahús.

Framsögumaður: Eg hefi ekki sagt, að hinn háttvirti konúngsfulltrúi hafi borið uppástúngu um sjúkrahús hèr í Reykjavík upp fyrir stjórninni, en tíðindin frá nefndarfundum embættismanna í Reykjavík bera það með sèr, að hann hefir bor-

ið þar upp þessa uppástúngu, og að margir af þeim, sem þar voru, hafa fallizt á hana.

Ásgeir Einarsson: Þó margir hafi tekið til orða við umræðu þessa máls í dag, en eg þagað til þessa, ætla eg ekki að leingja þingræðurnar mikið. Eg verð þó að geta þess, að þó margar umræður hafi gefið ýmsar upplýsíngar í þessu máli (einkum sú, er sá hæstvirti konúngsfulltrúi flutti), hafa þær síður en ekki breytt minni öndverðlegu meiníngu, sem var sú, að heilladrjúgast mundi vera, að læknakenslan yrði innlend, þegar því yrði komið við. Mèr sýnist nú, að menn sèu komnir á 2 aðalstefnur, sem miði til þess, að læknaskipun komist í betra horf hèr á landi: önnur er sú, að allir læknar læri við háskólann í Kaupmannahöfn, en önnur sú, að lækna-kensluskóli verði settur í Reykjavík með spítala. Mót hvorutveggju aðferðinni hefir margt verið fært, en sumar ástæðurnar, sem minni hluti nefndarinnar hefir fært móti að setja spítala í Reykjavík, hafa mèr fundizt svo lèttvægar, að þær hafa veikt traust mitt á hinum, er meira kunna að vera verðar, en eg hefi síður greind á að dæma um. Eg hefi áður minnzt á sumar þessar ástæður, en get þess nú, að minni hlutinn hefir sagt (mig minnir í ágreiníngs-atkvæðinu), að þegar einhverjir hafi komið til lækníngа frá öðrum hèröðum, hafi hann annaðhvort tekið þá sjálfur eða útvegað þeim húsnæði; þetta er mèr að sönnu ekki kunnugt, en það held eg mig minni rètt, að prestur norðan úr Strandasýslu kom hingað með mèr árið 1845 til að leita sèr lækníngа hjá landlækninum, og sagði hann mèr, að hann gæti ekki verið hèr, því hann feingi hvergi húsnæði; og annar maður kom sama erindis í sumar, og varð mèr samferða, en eg veit ekki, hvort honum hefir dottið í hug að biðja landlæknirinn um húsnæði, meðan hann dvaldi hèr, þó hygg eg báðum þessum hefði komið vel, að mega vera á sjúkra-húsi, meðan hèr dvöldu, því sá fyrr nefndi drógst hèðan burtu (eg held) lítið nær heilsunni eptir en áður. Þetta segi eg ekki í því skyni, að eg ætli til, að opinberum eigum landsins sè varið til að byggja sjúkra-hús í Reykjavík, því það held eg bæjar-búar hefðu átt að kosta sjálfir; en eg álít, að eignum enna gömlu spítala væri varið til þarfa alls landsins, ef þeim væri varið til þess, að lækna-kensla yrði innlend, og það væri ekki mót tilgángi þeirra, þó fleiri aumíngjar hefðu þeirra not, eptir en áður, því meiri hluti nefndarinnar ætlar holdsveikum þar og

svo hæli. Það, sem fært hefir verið móti því, að læknar mundu verða gagnlegir frá læknaskóla í Reykjavík, er reynslan ekki búin að sanna; hún hefir lángt um heldur sýnt, að læknar, sem lært hafa hjá landlæknum, hafa orðið að góðum notum, og má vænta, að sú umtalaða kensla yrði ekki lakari; þar á móti hefir reynslan sýnt, að ekki hafa íslenzkir læknar feingizt í lækna-umdæmin hèr á landi, og má þó gjöra ráð um, að sýslulækna-embættin yrðu aldrei betri, en fjórðúngslækna embættin eru nú, og yrðu þó margar sýslur læknislausar, að öðru leyti en því, er upp á hefir verið stúngið, að hèraðslæknar kenni ólærðum mönnum blóðtökur, o. s. frv. En eg held, að hèraðslæknar hafi nauman tíma til þessa, því það hefir verið sagt hèr á þíngi, að þeir, sem duglegir væru, hefðu aldrei næði fyrir aðsókn sjúklínga, og held eg allir sjái af þessu, hvort vænta mætti, að þeir áminnztu aðstoðarlæknar yrðu betri, en þeir sem lærðu við kensluskóla hèr á landi.

Helgi Helgason: Eg stend nú ekki aldeilis upp í þeirri meiníngu, að eg komi fram með meiníngar þær og ástæður, sem þessu málefni sè til meiri eður betri upplýsíngar, því þeir heiðruðu þíngmenn hafa svo mikið hèr um rædt á marga vegu, að eg ætla mèr of vaxið þar meiru við að bæta. En einúngis er það tilgángur minn, að láta í ljósi meiníngu mína svo látandi. Eg er nú aldeilis á sömu meiníng, og flestir af þeim heiðruðu þíngmönnum hafa í ljósi látið um, hvað spítalar hèr á landi sèu óþarfir almenníngi, með því skipulagi, er á þeim hefir verið um lángan tíma, eins og enn helzt við. Ætla eg því lángt um betur tilfallið, að verja efnum þeirra til læknafjölgunar svoleiðis, að jarðir spítalanna væru bygðar með vanalegum leigumála í tilliti til annara jarða, og þeim efnum, sem af jörðunum gjaldast, ásamt fjársjóðum þeim, er þeir nú eiga til góða, væri upp á haganlegasta máta ráðstafað til ávaxtar fyrst um sinn, þar til að álitist, að nægjanlegir fèmunir væri leiga ágóðans, til að launa læknirum fyrir þann starfa, er þeim kynni á hendur að verða falinn. Hvað viðvíkur aðstoðarlæknum, ætla eg að þeir gætu orðið til mikils gagns, einkanlega ef til þeirra væru valðir úngir og gáfaðir menn, sem bæði væri ráðvandir og náttúraðir til lækníngа, ef þeir feingju góða undirvísun hjá fjórðúngslæknurum um þá einföldu læknisaðferð í útvortis sjúkdómum, og svo í ýmislegu þar að lútandi, eptir því sem læknum virðist bezt eiga við, og hinir

eru færir um að fá næga þekkíngu í. Hvað áhrærir það atriði, er meiri hluti nefndarinnar hefir upp á stúngið í álitsskjali sínu, að bygt væri hús hèr í Reykjavík til sjúkralækninga og læknakenslu, er meiníng mín sú, að það yrði hèr lángt um kostnaðarsamara, þegar á allt er litið. Eg ætla það yrði lángt um kostnaðarminna á öðrum stað í landinu, þar sem vel væri í sveit komið, bæði hvar landskostir væri góðir, og bygðarlagið ekki strjált. Hvað Reykjavík áhrærir, er náttúrlegt, þó daglegt viðurværi sè hèr dýrara, en í mörgum stöðum á landsbygðinni; það liggur í hlutarins eðli, að hèr sè minni bjargræðisstofn, en víða annarstaðar, og þessi, sem hèr er, er opt og tíðum næsta stopull, sem er sjóaraflinn, en sveitir í kríng eru heldur magrar og peníngsfáar. Það hefir verið rædt um hèr á þíngi, að fáir utanbæjarmenn af þeim sjúku heimsæktu landlæknirinn, en ekki hefi eg orðið var við, svo eg muni, að menn hafi getið um orsökina þar til; því leyfi eg mèr að segja meiníngu mína í þessu efni. Ætlun mín er sú, að það sè þess vegna, að þeim mun þykja, sem fleirum öðrum, vera miklu kostnaðarsamara hèr að vera, en víðast hvar annarstaðar, og munu þess vegna heldur vilja sækja læknirinn, en liggja hèr, þó annars væri færir um að komast hingað.

Hvað viðvíkur því efni, hvort stjórnin hafi rètt til að umbreyta spítalanna stjórnarformi, sem nú er, eður ei, þá er það fullkomin meiníng mín, að hún hafi rètt til þess, þegar hún hefir feingið áreiðanlegar skýrslur um, hvað lítið þessir spítalar (með því formi, sem nú er á þeim) vinni gagn landinu í samanburði við tilgánginn, og breyti því eptir nærverandi þörfum landsins upp á þann máta, er landsmenn beiðast, svo framarlega hún sèr almenníngi verður það til betri hagsælda.

Nú ræddi einginn málið framar; kvað forseti það því útrædt, og leitaði atkvæða þíngsins um þessi atriði:

1. Vill þíngið aftaka spítalana aldeilis, sem stiptun eingaungu fyrir holdsveika framvegis (Meiri hl. 1. og 2. og Þ. Sívertsen), eður endurbæta þá (Minni hl. 2. og H. Stephensen)?
   Hið fyrra samþykt með 20 atkvæðum gegn 3.
2. Vill þíngið beiðast þess, að landlækni og hèraðslæknum sè strax leyft að kenna gáfuðum úngum mönnum hinar einföldustu útvortis lækníngar?
   Samþykt í einu hljóði.

3. Vill þingið biðja um, að varið sè til þess allt að 200 rbd. árlega úr jafnaðarsjóði hvers amts (Meiri hlutinn 14.)?
   Samþykt með 17 atkvæðum.
4. Á þá strax að gefa inn bænarskrá og tillögur um, hvernig fè spítalanna skal verja til læknaskipunar og læknabóta hèr, eða einúngis um, að fè þessu sè að svo stöddu safnað, og látið ávaxtast sem mest (Meiri hlutinn 1., Þ. Sívertsen)?
   Hið síðara samþykt með 16 atkvæðum.
5. Vill þingið biðja um, að jarðir spítalanna verði hið fyrsta bygðar með fullu afgjaldi, eða seldar sjóðnum til aukníngar (Meiri hluti 2.)?
   Samþykt með 19 atkvæðum.
6. Vill þingið þá biðja um, að sjóður þessi aukist með þeim 100 rbd., sem lagðir voru til sýslulæknis í Árnessýslu (Meiri hluti 3, a)?
   Neitað í einu hljóði.
7. Eða með 60 rbd., sem veittir voru landlækni til kenslustyrks, auknum til 100 rbd. (Meiri hluti 3, b.)?
   Neitað með 19 atkvæðum.
8. Eða með 200 rbd. þeim, sem veittir voru landlækni í 3 ár, til að reyna að lækna holdsveiki, þegar árabil þetta er liðið (Meiri hluti 3, c.)?
   Neitað í einu hljóði.
9. Eða með fátækra meðala andvirðinu, 400 rbd. (Meiri hluti 3, d.)?
   Neitað með 19 atkvæðum.
10. Eða með Reykjavíkur lyfsala húsleigupeníngum, 150 rbd. (Meiri hluti 3, e.)?
    Neitað með 14 atkvæðum.
11. Eða með Gufunes-spítala peníngum (Meiri hluti 4)?
    Neitað með 15 atkvæðum.
12. Vill þingið, að spítalahlutur verði sjóðnum til aukníngar lagður á Vestmannaeyjar (Meiri hluti 5, a.)?
    Neitað með 17 atkvæðum.
13. Vill þingið, að gjald til sjóðsins aukníngar verði lagt á þiljuskip (Meiri hluti 5, c.)?
    Neitað með 15 atkvæðum.
14. Vill þingið, að gjald verði lagt á selaveiðar og æðarvarp, sjóðnum til aukníngar, og spítalahlutur af haust- og vorfiski ákveðinn (Meiri hluti 5, a. og d.)?
    Neitað með 20 atkvæðum.

15. Vill þingið biðja um nýja reglugjörð um spítalahluti og heimtíng þeirra, og að þar í ákveðist, að spítalahlutir uppbjóðist á manntalsþingum (Meiri hluti 6 og 7.)?

Samþykt með 17 atkvæðum.

Eptir svari upp á fyrstu spúrníngu var hrundið 2. grein í uppástúngu minni hlutans og breytíngaratkvæði prófasts H. Stephensens; og eptir svarinu upp á 4. spurníngu einnig 8., 9., 10., 11., 12. og 13. grein í uppástúngu meiri hlutans. Þriðju grein í uppástúngu minni hlutans var frá fallið.

Þá var lesin upp allraþegnsamlegust bænarskrá þíngsins um endurbót á tilskipunum um húsaga, helgidagahöld og hjónabönd á Íslandi.

Til konúngs!

Til alþíngis hafa innkomið bænarskrár frá ýmsum hèruðum landsins, í hverjum þess er beiðst, að tilskipanirnar frá 29. Maí 1744 um helgidagahöld, 27. Maí 1746 um húsvitjanir, 3. Júní 1746 um húsaga, og önnur dagsett sama dag, um hjónabandsmálefni, m. m., verði bættar og endurskoðaðar.

Eptir að málefni þetta hefir verið rannsakað af 3. manna nefnd, og þar eptir á lögskipaðan hátt rædt á tveim aðalfundum, leyfir þíngið sèr nú allraþegnsamlegast að láta í ljósi meiníngu sína um það á þessa leið:

Það er að sönnu víst, að þær ofan nefndu tilskipanir hafa á sínum tíma miðað til að efla, og líka í raun og veru eflt guðrækni og góða siðu hèr á landi: þær innihalda líka ýmsar ákvarðanir, sem enn þá væru vel fallnar til að ná þessum löggjafarans tilgángi, væru þær lagaðar eptir vorra tíma þörfum og ástandi; en þessar ákvarðanir eru optast nær sameinaðar öðrum, sem nú eru annaðhvort afmáðar með yngri lagaboðum, eða orðnar svo óhæfilegar og óhentugar nú á tímum, að hvorki er eptir þeim breytt, nè með réttu verður krafizt, að eptir þeim sè lifað.

Þegar nú þetta er aðgætt, og á hinn bóginn einnig haft tillit til, að mörgu þarf við að auka í löggjöfina, til að koma hèr góðu skipulagi á, bæði um húsaga, helgidagahöld, húsvitjanir presta og annað þess háttar, heldur þíngið, það sè vafalaust, að nýja löggjöf þurfi um þessi efni, og verður það

því að styðja að því málefni, að þær tilskipanir, sem hèr ræðir um, verði bættar og endurskoðaðar.

Þingið leyfir sèr því, af ástæðum, sem nú eru taldar, allrapegnsamlegast að biðja Yðar konúnglegu Hátign um, með 16 atkvæðum gegn 5:

Að láta endurskoða og bæta tilskipanirnar frá 29. Maí 1744 um helgidagahöld, frá 27. Maí 1746 um húsvitjanir, frá 3. Jún. 1746 um húsaga, og aðra dagsetta sama *dag*, um ýmislegt í hjónabands málefnum, m. m.

Þ. Sveinbjörnsson. P. Melsteð.

Því næst var fundi slitið.

---

## 5. Ágúst — Þrítugasti og fyrsti fundur.

Allir á fundi. Þingbók frá síðasta fundi lesin og samþykt.

Forseti lagði fram til undirbúnings-umræðu málefnið um breytíngu á alþíngis-tilskipaninni; las framsögumaður Kandíd. Jón Sigurðsson upp álitsskjal nefndarinnar, þannig hljóðanda:

### NEFNDARÁLIT

í málinu um breytíngu á skipun alþíngis.

Þetta hið virðulega þíng hefir kosið oss í nefnd þann 5. dag Júlímánaðar, til að íhuga og segja álit vort um bænarskrár þær, sem til þíngsins eru komnar frá flestum sýslum hèr á landi, um breytíngu á skipun alþíngis.

Vèr þurfum ekki að skýra þínginu frá, hversu það er margsinnis viðurkent, svo að segja af hverju mannsbarni meðal þjóðar vorrar, að vor allramildasti konúngur hafi veitt oss í alþíngi hina beztu gjöf, sem Íslandi hefir verið veitt af nokkrum konúngi. En því hjartnæmilegar sem þjóð vor viðurkennir þetta, því alvarlegar og innilegar hugsar hún um, og hefir ávallt hugsað, síðan þíngið var veitt, hversu hinum mildiríka og göfuga tilgángi konúngsins með veitíngu alþíngis mætti bezt framgeingt verða, að veita konúngínum áreiðanlega vissu um þjóðvilja vorn Íslendínga, að knýta fastara ástarband milli konúngsins og þegnanna, og að vekja hjá oss hina réttu þjóðartilfinníng, hinn sanna þjóðaranda.

Það var, eins og kunnugt er, falið á hendur nefnd manna, að búa til þínglög handa landi þessu. Það var eðlilegt í slíku máli, að nefndinni þækti óhultara að halda nærri þeim vegi, sem kunnugur var, og með ruddri braut, þar sem meðbræður vorir í Danmörku og hertogadæmunum höfðu geingið á, heldur en að ryðja nýjan og ókunnan veg, sem nefndarmenn vissu ekki hvort þjóð vorri mundi verða hagkvæmari eða betur að skapi, enda þótt þeim sjálfum fèlli sá vegur betur í geð.

Síðan menn fóru að reyna hèr á landi, hversu þingskipanin 8. Marz 1843 ætti hèr við, hefir sú meiníng fest hèr djúpar rætur, eptir reynslu, að einstök atriði, og þar á meðal nokkur hin merkilegustu, þurfi breytíngar við, ef hinn mildiríki tilgángur konúngs vors á framgáng að fá, og þjóð vor að njóta hinnar ógleymanlegu gjafar af hans hendi, eptir því sem hann hefir til ætlazt.

Óskir um þessar breytíngar voru þegar bornar upp á fyrsta þíngi, og þær eru nú ítrekaðar á ný, og ríkt skorað á þíngið, að bera þær fram nú, til þess að þjóð vor gæti haft not af hinum hagfeldu breytíngum við næstu kosníngar, ef bænir þjóðar vorrar feingi mildiríka áheyrn konúngsins.

Nefndin hefir verið samdóma bænarskránum um það, að breytíngar í tilskipun 8. Marz 1843 sè nauðsynlegar, og henni virðist, að þar sè getið hinna helztu atriða, sem íhugunarverð eru og beiðast ætti breytíngar á. En þó ýmisleg minni atriði mætti einnig þar að auki, eptir ætlun nefndarinnar, betur fara, þá þykir henni ekki þörf að benda þínginu að þeim, þar eð þau standa á litlu, ef hinu yrði ekki breytt; en ef breytíngarnar í hinum helztu atriðum feingi allramildustu bænheyrslu, þá vonar nefndin, að tilskipanin öll muni verða lögð fyrir þíngið til yfirskoðunar, og gæfist þá bezta tækifæri til að taka það til greina, að svo miklu leyti sem stjórnin sjálf ekki gjörði það.

Vèr skulum nú stuttlega taka fram þessi hin helztu atriði, sem vèr ætlum breyta þurfa:

1. Kosníngarrètturinn er nú bundinn við 10 hundraða fasteign eða 20 hundraða lífsfestu.

Af þessu hefir leidt, að mikill flokkur mentaðra manna, einkum af prestastèttinni, hefir verið útibyrgður frá kosníngum, og eitt kjördæmi, sem er Vestmannaeyjar, hefir eingan fulltrúa getað kosið sèr til þíngs, af því eignahag og ábúð þar á eyjunum er svo varið, að ekki náði nema einn eða tveir menn

kosníngarrètti. Það er því hin fyrsta nauðsynlega breytíng, að kosníngarrètturinn yrði gjörður frjálsari, til þess að öll kjördæmi landsins gæti notið þess rèttar, sem þeim er veittur, og það er helzt óskanda, að kosníngarrètturinn yrði rýmkaður svo, að öll kjördæmi landsins gæti verið undir sömu lögum.

Takmörkun kosníngarrèttarins við fjáreign er grundvölluð á því, að bæði megi gjöra ráð fyrir meiri mentun hjá efnamanninum, og svo, að honum sè framast ant um, að allt haldist í góðri reglu og skipun. Það yrði of lángt að sýna, hvað rètt er í þessu, og hvað ekki, yfir höfuð að tala, en hitt er að vorri hyggju auðsætt, að eigi fyrir slíku ráð að gjöra og byggja á því lög, þá verða þau efni, sem lagarèttindin skyldu byggjast á, að vera töluverður auður, en því er ekki að gegna hèr, þar eð slíkur auður finnst ekki hèr á landi, að hann veiti neina sèrlega yfirburði, og sú eign, sem tilskipun 8. Marz 1843 tekur til, er á annan bóginn svo lítil, að hún tryggir ekkert kosníngarrèttinn, en á hinn bóginn svo óhentuglega valin, að hún bægir mörgum vel hæfum frá kosníngarrètti.

Miklu viðfeldnari og jafnari yrði sá kosníngarrèttur, sem bygður væri á tíundbæru fè eða framtöldu, föstu og lausu, og sumar bænarskrárnar fara fram á, að 5 hundraða tíund yrði gjörð að takmarki. Það má einnig tilfæra, að með þessari tíund, skiptitíundinni, kemur maður svo að kalla sem í annan flokk gjaldþegna. En móti þessu takmarki er sama að segja, eins og hinu fyrra, að það er í rauninni þýðíngarlaust, því það tryggir ekki kosníngarrèttinn að öðru en því, sem kosníngarmaður er sjálfur á sig kominn; þar að auki eru víða heilar sveitir, einkum við sjó, þar sem jafnvel allríkir menn ná ekki skiptitíund, eptir því sem tíundarlögunum hagar hèr á landi.

Nefndin verður því að fallast á, að hèr á landi sè hentugast, að binda ekki kosníngarrètt við annað en skilmála þá, sem í 4. gr. tilskipunarinnar eru tilteknir, og það, að maður sè ekki öðrum háður, nè heldur öreigi, á þann hátt, að maður annaðhvort þiggi af sveit eður ekkert gjaldi til sveitar, og gángi rèttindi þessi jafnt yfir alla aðra búsetta menn.

2. atriði. Kjörgeingi er nú bundið við sama fasteignar hald og kosníngarrètturinn, með nokkru strángari skilmálum. Nefndinni finnst það, sem til er fært móti því að binda kosníngarrèttinn, enn miklu framar eiga sèr stað um kjörgeingi, og ef um annaðhvort skyldi kjósa, þá væri ekki

áhorfsmál að kjósa heldur kjörgeingi alfrjálsa, þó kosningarrèttur yrði bundinn. Það er sannleikur, og mun rætast hèr á landi, sem annar fulltrúi Íslendínga, etatsráð Johnsson, sagði á þíngi á Hróarskeldu, að „því frjálsari og almennari kosníngar væri, þess heldur mætti vænta, að kosið yrði vel og skynsamlega.“ Aðal-kennimerki fulltrúans verður það, að hann hafi traust meðbræðra sinna og geti haldið því, enda væri það gagnstætt góðu ráðlagi, að svipta sjálfan sig tækifæri til að hafa not þeirra manna, sem maður hyggur bezta, eða að svipta einstaka menn þeim rèttindum, sem þeim mega vera dýrmætust allra, að mega tala máli meðbræðra sinna, þegar þeim er treyst til þess. Ekki er heldur að óttast, sízt hèr á landi, að kosníngar yrðu lakari fyrir þessa sök, því kjörmenn vita þá, að allur vandi og öll ábyrgð kosníganna er undir þeim komin; en þegar lögin taka, sem þeim finnst, þvert fyrir eptir einhverjum ytri kennimerkjum, þá leggja þeir minni alúð á kosníngarnar, og kenna lögunum um það, sem mistekst. Við þessu má ekki hvað sízt gjöra ráð hèr á landi, eptir því sem hèr er háttað skaplyndi þjóðarinnar. Vèr erum því allir fullkomlega sannfærðir um, að kjörgeingin þurfi og eigi að vera frjáls hèr á landi, og óbundin við alla fjáreign, en bundin að eins við hina aðra eiginlegleika manna sjálfra, sem til er tekið í tilskipuninni.

3. Kosníngar-aðferðin er svo fyrirskipuð, að kosníngar skuli vera einfaldar; en því frjálsari sem kosníngarrèttur og kjörgeingi verða, því framar hlýtur ágreiníngur að koma upp um það, hvort óhætt sè eður eigi, að hafa kosníngarnar samt sem áður einfaldar. Þegar kosníngar eru einfaldar, með þessari lögun, er ástæða til að halda, að margir taki þátt í kosníngum, sem ekki hafa svo ljósa hugmynd um vanda þann, sem á þeim liggur, að þeim sè fullkomlega treystandi til að veita atkvæði eptir greind og sannfæríngu sjálfra sín, svo að hætt yrði við, að allt of mikill fjöldi kjósenda lèti leiða sig af öðrum, einkum þegar fulltrúa-efnið væri þeim ekki kunnugt, eða nokkur efi lèki á kosníngum; þar á móti mætti gjöra ráð fyrir, að allir þeir menn, sem eru búsettir og svo á sig komnir að öðru leyti, sem áður er greint, hefði fullkomna greind á að kjósa beztu menn úr hrepp sínum til kjörmanna, og þessir mundu ætíð hafa greind á að kjósa hina beztu alþíngismenn, sem kostur væri á. Enn fremur verður því ekki við komið, að halda einn kosníngafund

í heilli sýslu til einfaldra kosninga, en þegar kosningarfundi skyldi halda í hverjum hrepp, þá mætti óttast, að hinir fjölmennustu hreppar, eða þeir sem seinast kjósa í sýslunni, mundu ráða um kosningarnar meira, en góðu hófi gegnir. Þar á móti má tilfæra, að áhugi þjóðarinnar á þinginu yrði meiri með einföldum kosningum, en með tvöföldum, og þó hinir fjölmennustu hreppar, eða þeir sem seinast kjósa í sýslunni, réðu mestu, þá gæti það orðið eins til hins betra, eins og hins lakara; enda óttast menn ekki þetta annarstaðar, þar sem fleiri kjördæmi en eitt eru um einn fulltrúa; þó flokkur kjósenda yrði nokkuð blandaður, og það kynni fyrst í stað að valda nokkrum vafningum, þá ætti kosningarlög að vera gjörð fyrir sem leingstan tíma, og jafnframt færa þjóðina til mentunar, og þau fullnægja þörfum hennar og kröfum. En þegar frjálsræði kosninganna veittist svo mikið, sem áður var talið, mundi það hafa svo góðar afleiðingar, að hin tvöfalda kosningar-aðferð mundi ekki standa neinu góðu í vegi, heldur verða mestum hluta þjóðarinnar að skapi, miklu framar en þreyngri kosningarréttur og kjörgeingi með einföldum kosningum, enda er mikill hluti manna á því, einkum í hinum fjarlægustu sýslum, að tvöfaldar kosningar sè hentugri en einfaldar, eptir því sem nú er á stadt.

Kosningar aðferðin mætti vera þessi, eptir því sem nefndin hyggur bezt tilfallið:

*a.* Í þingsókn hverri skyldi allir þeir menn, er kosningarrètt eiga, kjósa kjörmenn, einn fyrir hverja fimm, tvo fyrir tíu, og síðan einum fleira fyrir 3 eða fleiri, sem um fram verða 5 menn hverja, (3 fyrir 13 — 17, 4 fyrir 18 — 22, o. s. frv); þær þingsóknir, sem ekki hefðu tíu kosningarfæra menn, ætti að sameina við næstu þingsókn til kosninga.

*b.* Prestar og hreppstjórar, í hverju kjörmanna þingi, skyldi semja nafnaskrár þeirra, er kosningarrètt eiga, og senda sýslumanni haustið áður en kosningar skulu framfara; sýslumaður skal rannsaka þær og leiðrètta, skèra úr þrætum þeim, sem rísa kynnu út af skrám þessum.

*c.* Kjörmanna-kosningar mætti fara fram á manntalsþingum undir yfirumsjón sýslumanna, þannig, að tveir menn, sem hann tilnefnir, safni atkvæðum og bóki kosningarnar.

*d.* Í septembermánuði næsta fyrir alþing hvert skyldi sýslumaður boða kjörmenn til fundar, og skyldi þeir þá kjósa

alþingismann fyrir kjörþingið á þann hátt, sem fyrir er lagt.

4. Um tölu þingmanna hafa flestir óskað, að hún yrði aukin töluvert; hafa sumir stúngið upp á, að þingmenn yrði 42 auk hinna konúngkjörnu: sumir, að þeir yrði 26 auk hinna síðarnefndu, og svo þar í milli. Því verður ekki neitað, að fulltrúatalan kemur mjög ójafnt niður, eptir því sem nú er skipt í sýslunum, þar eð sum kosníngar-umdæmi með 4 — 5 þúsund innbúa kjósa jafnt við þau, sem hafa 1 þúsund og þaðan af minna. Það er og víst, að kosníngarnar verða fríari, og meiri líkindi til, að þínginu jykist meira afl af mentuðum mönnum, ef hin stærri kjördæmin feingi að kjósa 2 alþingismenn. Þíngið yrði einnig því tignarlegra, sem það væri fjölskipaðra, og öll ástæða er til að æskja, að það verði ekki fámennara, en þesskonar þíng annarstaðar. Því framar sem þínginu eykst afl með fleirum mentuðum þíngmönnum, því heldur má vænta, að fleiri gæti tekið þátt í nefndum á þínginu, og geingi þá störfin því greiðara af hendi, sem þau skiptast milli fleiri. Við þetta er einúngis eitt atriði ísjárvert, og það er kostnaðurinn, af því svo virðist, þó ekki sè það tekið berlega fram, sem flestir þeir eða allir, er beðið hafa, að þíngmönnum yrði fjölgað til 42 þjóðkjörinna, hafi ætlazt til, að dagpeníngar þíngmanna yrði lækkaðir til tveggja dala, en þetta getur nefndin ekki að svo stöddu ráðið til að gjört verði. Samt sem áður er auðsætt, að beiðendur hafa ekki mælt á móti nokkrum kostnaðarauka, og þar eð nokkuð mundi sparast með því að ákveða borgun ferðakostnaðar þannig, sem vèr síðan munum stínga upp á, þá ætlum vèr, að það mundi vera vel fallið og geðfelt þjóðinni, að tala þíngmanna yrði aukin nokkuð, þannig, að hliðsjón yrði höfð af fólksfjölda kjördæmanna, og jafnframt því, að kostnaðurinn yxi ekki geysi-mikið að tiltölu. Vèr stíngum því upp á, að einum þíngmanni yrði aukið frá þessum sýslum: Norðurmúla, Suðurmúla, Skaptafells, Rángárvalla, Árness, Borgarfjarðar, Mýra, Snæfellsness, Barðastrandar, Ísafjarðar, Húnavatns, Skagafjarðar, Eyjafjarðar og Suðurþíngeyjarsýslu; þá yrði 14 þíngmönnum bætt við, og yrði þeir alls 34 þjóðkjörnir, auk þeirra 6 manna er konúngur kýs. Kostnaðurinn mundi, eptir því sem við getum næst komizt, verða hèr um bil 24 hundruð til 3 þúsund rbd. fyrir hvert þíng, eða 12 hundruð til

15 hundruð rbd. árlega meiri en annars, og höldum vèr það ekki svo ísjárvert, að fyrir þá sök skyldi hafna því gagni, sem þingið og landið gæti haft af fjölgun þingmannanna. Þó getum við Melsteð og Johnsen ekki annað en verið á því máli, að ekki eigi að fjölga þingmönnum, því við höldum, að hvorki þingið nè þingstörfin hafi þar af eins mikinn ávinníng, eins og kostnaðurinn eykst fyrir landsbúa. Líka hyggjum vèr, að ef þingmönnum skyldi fjölga, eins og meiri hlutinn vill, ætti sjálfsagt Gullbríngusýsla, og jafnvel Dalasýsla, að fá einn fulltrúa til, en Reykjavík þó halda sínum, eins og hingað til.

5. Þar sem farið er fram á í tveim af bænarskránum, að haldið verði alþíng á Þíngvöllum, og í einni, að þingið verði haldið þar eða á Bessastöðum, þá getur nefndin til hvorugs þessa ráðið, eptir því sem nú er ástadt.

6. Þar sem leyft er í hinni 43. grein tilskipunarinnar, að konúngsfulltrúinn megi tala á danska túngu á þínginu, verðum vèr öldúngis að fallast á það atriði í bænarkránum, að þingið ætti að biðja vorn allramildasta konúng að sjá svo um, að ekki verði annað talað á þínginu en íslenzka, hvorki af konúngsfulltrúa nè öðrum. Vèr þurfum ekki að færa rök að því, hversu mjög tímatöf og skriptir aukast við það, þegar þarf að útþýða ræður konúngsfulltrúans fyrir þingmönnum, og bóka þær á dönsku jafnframt og íslenzku í þingbókinni, en yrði þar að auki einhver konúngsfulltrúi ekki svo fær í málinu, að hann skildi ræður þingmanna, þá mætti það verða til enn meiri tafar á störfum þingsins, og olla því nær ókljúfandi vandkvæðum, sem hljóta að vera stjórninni eins óþægileg og þínginu. Þó þykir mèr, Melsteð, það ísjárvert, að vilja takmarka þannig rètt konúngsins, að hann ei fái valið sèr til fulltrúa, þann sem hann bezt treystir, en verði að vera bundinn við þann, sem getur mælt á íslenzku.

7. Það er almenn þjóðarósk hèr á landi, að alþíng verði haldið í heyranda hljóði. Þessi ósk er ekki einúngis bygð á því, að þau mál, sem borin eru upp á þínginu, eru alþýðleg, og snerta meira eða minna alla þjóðina, heldur er hún einnig bygð á því, að hið forna alþíng var jafnan haldið í heyranda hljóði, og öllum er veittur aðgángur í alla dómsali hèr á landi enn í dag. Það gæti þar að auki verið til mikillar nytsemdar á margan hátt, að þíngsalurinn yrði látinn opinn, þar eð mörgum mundi fyrir það sama verða enn ljósara,

hvílíkan velgjörníng landið hafi öðlazt af hendi vors allramildasta konúngs í gjöf þíngsins. Enn framar er hèr svo ástadt, að þíngtíðindin verða ekki prentuð hèr svo fljótt sem þörf er á, sökum þess að prentsmiðjuna vantar svo mikinn mannafla og áhöld, sem til þess þarf. Oss er ekki fært um það að dæma, hvort nauðsyn beri til, að þíngsalirnir í Danmörku sè lokaðir alþýðu, en vèr þorum að fullyrða, að hèr ber nauðsyn til þess að leyft verði, að þíngið fari fram í heyranda hljóði, og að mikið gagn gæti að því orðið, en enginn skaði, en þækti það of djúpt tekið að lögleiða þá reglu, að allt skyldi fara fram í heyranda hljóði, þá vonum vèr, að Hans Hátign konúngurinn fyndi því síður ísjárvert að veita alþíngi leyfi til að lofa inngaungu í þíngsalinn, þeim er þess beiddist, með þeim varúðarreglum sem þínginu virtist hlýða.

8. Viðvíkjandi þíngkostnaðinum er það almenn ósk í bænarskránum, að dagpeníngar þíngmanna yrði lækkaðir til tveggja rbdla. um dag hvern. Það er eðlilegt, að alþýða óski kostnaðinn sem minnstan, og sèrhver þíngmanna mun finna sèr skylt að stuðla til þess, en nefndin finnur sèr jafnframt skylt að gæta þess, hvort vænta megi, að duglegir og valinkunnir menn, sem stundum kynni að vera lítt efnaðir, vildi eða gæti þegið kosníngar til alþíngis, þegar dagpeníngarnir yrði lækkaðir til 2 rbdl. Nefndin ætlar, að svo gæti farið, einkum eptir því sem flestir hlutir hækka í peníngaverði, að sumir menn neyddust til að skorast undan kosníngu, fyrir þá sök að þeir kæmist ekki af með 2 rbd. til daglegs kostnaðar.

Þetta óttast nefndin að gæti orðið að miklum skaða, ef svo bæri að höndum, og fyrir þá sök dirfist hún ekki, eptir að hún hefir nákvæmlega spurt sig fyrir um þetta efni meðal þíngmanna, að stínga upp á, að dagpeníngarnir verði lækkaðir. Þar á móti heldur nefndin, að nokkuð mundi sparast af þíngkostnaðinum, ef ferðakostnaður þíngmanna yrði fast ákveðinn, á þann hátt, að dagpeníngarnir yrði sanngjarnlega hækkaðir um þá daga, sem ætla mætti til ferðarinnar eptir meðal-dagleiðum. Nefndin ætlar það sanngjarnt, að dagpeníngar yrði um þessa tíð ákveðnir til 5 rbd. um daginn.

Forseti þíngsins hefir feingið nefndinni í hendur brèf frá konúngsfulltrúanum, lútandi að þessu efni, og einkum að því, hvernig reikna skuli ferðakostnað og fæðispeníngа þeirra alþíngismanna, sem búa annarstaðar en á Íslandi, einkum þeg-

ar þeir fara ekki beina leið til Reykjavíkur, heldur fara fyrst til samræðu við kjósendur sína. Nefndinni virtist 79. grein alþingistilskipunarinnar bera það með sèr, að þar sè einkum talað um þingferðir alþingismanna þeirra, sem á Íslandi búa; en þar eð leyft er í 5. greinar 4. lið að kjósa þá, „sem hafa haft aðsetur í löndum konúngs í Norðurálfu um 5 vetur eða leingur", þá virðist oss 79. greinin ekki verða þýdd öðruvísi en svo, að hver fái borgun þá, sem ákveðin er, heiman frá sèr og heim aptur, hvar sem hann býr í löndum Danakonúngs í Norðurálfu. Væri þetta ekki meiníngin, þá geingi ekki sami rèttur yfir alla, að bæta þeim sanngjarnlega þann kostnað og fyrirhöfn, sem þeir í raun og veru hefði, er kosnir yrði; en ef þessu yrði neitað, er virðist vera á sanngirni bygt og rètti þeim, sem kjósendum er veittur, þá kynni það að leiða til ýmsrar óreglu. Það virðist nefndinni einnig ísjárvert, að fyrirmuna kjósendum að bera sig saman við fulltrúa sína, þegar það er ósk þeirra, og hlýtur það þá að vera komið undir kríngumstæðum, hvort hann getur komið til þeirra, áður hann fer til þíngs eður ekki. Ferðir frá Kaupmannahöfn og híngað eru yfir höfuð að tala svo tæpar og óvissar, að ef maður vill vera viss um að vera kominn til þíngs í tíma, verður maður að fara heldur snemma en seint af stað, og má þá hèr um bil á sama standa, hvort maður fer til Reykjavíkur beinlínis eður ekki.

Vegna þess að tilfelli þessi eru mjög einstakleg, að kosnir verði til alþíngis menn úr Danmörku, og vonanda er, að þeir hagi svo ferð sinni, sem mögulegt er eptir kríngumstæðunum, þá getur nefndin ekki stúngið upp á neinni sèrlegri reglu í því tilliti.

Um það, hvort telja skyldi ferðakostnað þeirra, sem utan lands búa (og þá einnig þeirra, sem hèr í landi eru kosnir), einúngis frá þeim stað, þar sem eign sú er, sem veitir þeim kjörgeingi, verðum vèr að geta þess, að oss finnst það leiða til óviðurkæmilegs ójafnaðar, ef þetta yrði gjört að reglu, þar eð þá yrði goldinn ferðakostnaður eptir ímynduðum bústað hvers alþíngismanns, en ekki eptir því hvar hann ætti heima í raun og veru, svo einn, sem hvergi færi neitt, eða einúngis örskamt, gæti átt rètt á að heimta kostnað fyrir ferð í fjarlægustu sýslu, ef hann væri kosinn þaðan, en annar, sem í raun og veru ferðaðist lángan veg, gæti eingan rètt átt að fá ferðakostnað, af því eign hans, sem gefur honum kosníngarrètt, lægi nærri þíngstaðnum. Þetta atriði kæmi einkum til greina, ef kjörgeingin

yrði frjáls, og virðist nefndinni þá sú verða að vera aðalregla, að hver fái hina reglulegu borgun í þíngreiðum og heimreiðum, eptir því sem bústaður hans er til.

Nefndin ætlar, að þessar dagleiðir úr sýslum sè ákveðnar sanngjarnlega, aðra leið til Reykjavíkur eða frá:

| | | |
|---|---|---|
| Úr Norðurmúlasýslu | 11 | dagleiðir |
| - Suðurmúlasýslu | 12 | — |
| - Austurskaptafellssýslu | 9 | — |
| - Vesturskaptafellssýslu | 6 | — |
| - Vestmanneyjasýslu | 4 | — |
| Rángárvallasýslu | 3 | — |
| - Árnessýslu | 2 | — |
| - Gullbríngusýslu | 1 | — |
| - Borgarfjarðarsýslu | 3 | — |
| - Mýrasýslu | 4 | — |
| - Snæfellsnessýslu | 5 | — |
| - Dalasýslu | 5 | — |
| - Barðastrandarsýslu | 7 | — |
| - Ísafjarðarsýslu | 9 | — |
| - Strandasýslu | 5 | — |
| - Húnavatnssýslu | 5 | — |
| - Skagafjarðarsýslu | 5 | — |
| - Eyjafjarðarsýslu | 6 | — |
| - Suðurþíngeyjarsýslu | 7 | — |
| - Norðurþíngeyjarsýslu | 8 | — |

Samkvæmt því sem nefndin hefir nú látið í ljósi, er það álit vort og uppástúnga:

1. Að þíngið riti Hans Hátign konúnginum bænarskrá um, að tilskipan 8. Marz 1843 um skipun alþíngis verði endurskoðuð á ný, og lögð sem frumvarp fyrir næsta þíng til ráðaneytis.

2. Að Hans konúnglegri Hátign mætti þóknast, að láta taka þessi atriði til greina, þegar tilskipunin verður endurskoðuð, og að hún yrði löguð samkvæmt þeim:

*a.* Að kosníngarrèttur verði veittur öllum búsettum mönnum, þeim sem ekki eru öreigar, en verða að öðru leyti ekki bundinn við aðra skilmála en þá, sem til eru teknir í hinni 4. grein tilskipunarinnar.

*b.* Að kjörgeingi verði með öllu óbundin við fjáreign.

*c.* Að kosníngar verði tvöfaldar og fari fram á þann hátt, sem fyrir er mælt hèr að framan.

*d.* Meiri hlutinn: að tala þingmanna verði aukin um 14, svo að alls verði 34 þjóðkjörnir, auk þeirra 6, sem konúngur kýs.

Minni hlutinn: að ei verði þingmönnum fjölgað.

*e.* Að boðið verði, að íslenzka ein verði töluð á þinginu bæði af konúngsfulltrúa og öðrum.

*f.* Að þinghöld fari fram í heyranda hljóði, eða að þinginu verði veittur réttur til að leyfa tilheyrendum aðgáng eptir þeim reglum, sem því virðast bezt farnar.

*g.* Að ferðakostnaður verði þannig ákveðinn, að alþingismaður fái 5 rbd. daglega um þá daga, sem hann er á ferð, bæði til þings og af þingi, eptir sanngjarnlega ákveðnum dagleiðum úr hverri sýslu, sem hann er búsettur í.

Reykjavík, þann 2. dag Ágústmánaðar 1847.

J. Sigurðsson. H. Stephensen. P. Melsteð.
J. Guðmundsson. J. Johnsen.

Framsögumaður: Eg þykist ekki að svo stöddu þurfa að fara mörgum orðum um málið, til að útskýra nákvæmar atriði þau, er í nefndarálitinu standa, heldur vil eg bíða umræðu þeirrar, er þingmenn kunna að hefja um þessi atriði.

Konúngsfulltrúi: Nefndarálit það, sem nú var lesið upp, fer einúngis því á flot, að alþing beiðist þess af konúngi, að lagafrumvarp verði lagt fyrir þingið um breytíngar á alþingislögunum; ef stjórnin lætur þess kyns frumvarp upp bera, mun hún því einnig á þeim tíma nákvæmar geta skýrt þinginu frá áliti sínu og ástæðum fyrir því. Eg hygg, að það geti þó að gagni komið, að nokkur af atriðum þeim, sem nefndarálitið minnist á, verði nú þegar betur skoðuð og greidd í sundur, til þess álit manna um þau verði skoðað á fleiri vegu, áður en lagafrumvarp kemur til umræðu á þingi.

Eg ætla þess vegna að skýra frá áliti mínu á þessum atriðum, og ætla þá fyrst að geta um rýmkun á bæði kosníngar- og kjörrètti, sem nefndin stíngur upp á. Eg ætla nú eingan veginn að neita því, að mikið getur, eins og nú er ástadt, mælt með því, að breytíng verði gjörð á kosníngarlögum þeim, sem nú gilda. Eg ætla einúngis að nefna mismun þann, sem á sèr stað í jarðadýrleika eptir jarðabók þeirri, sem nú er fylgt, og það bæði millum jarða í ýmsum hèröðum landsins, og millum ýmsra jarða innbyrðis, þegar litið er á gæði

þeirra. Þar við bætist, að ein sýsla hefir eingan fulltrúa getað kosið til þings. En eg get heldur ekki annað en gjört þar um þá athugasemd, að þessum galla á jarðabókinni, sem gjörir svo mikinn mun á þeim réttindum, sem eigendur ýmsra jarða jafngóðra eiga, þó geti orðið burtrýmt með hinu nýja jarðamati, sem menn nú eru að láta setja á stofn; og hvað hina einu sýslu, Vestmanneyjasýslu, snertir, þá mundi ekkert vera því til fyrirstöðu, að sérstaklegar reglur yrðu gefnar slíkum kjördæmum, sem þó að líkindum ekki mundi við þurfa, þegar hið nýja jarðamat væri komið á, þar eð þetta einnig mun ná yfir jarðir á eyjum þessum. Að svo miklu leyti sem það mætti álítast hagkvæmt, að stofninn undir kosníngar- og kjör-rètti breyttist, sem fleiri ástæður kunna að tala fyrir, þá mundi það vissulega vera vel til fallið, eins og nefndin hefir beðið um, að kosníngar-aðferðinni yrði breytt á þann veg, að kosníngar yrðu tvöfaldar, í stað þess þær eru einfaldar. Einnig í öðrum löndum, þar sem landslag líkist því, sem er á Íslandi, hafa menn tekið tvöfaldar kosníngar fram yfir hinar, og til dæmis að taka eru ekki einfaldar kosníngar í Noregi. En að hvað miklu leyti stjórnin muni fallast á svo talsverða breytíngu frá reglum þeim, sem nú gilda, eins og sú, sem nefndin hefir stúngið upp á, þar um get eg einga vissu gefið; og þykir mèr þörf á að geta þess skýlauslega, svo orð mín verði ekki tekin á annan veg, en eg ætlast til.

Að svo miklu leyti sem nefndarálitið mælir fram með því, að kosníngar skuli verða haldnar í septembermánuði á undan hverju þíngi, þá veit eg ekki, hvort það hefir verið ætlan nefndarinnar, að kosníngar skyldu gánga á undan sèrhverju þíngi. Þetta mundi reynast mjög óhagkvæmt, þar eð menn mundu missa þann hag, sem þíngið fær af þeirri reynslu og af þeim kynnum, sem alþíngismenn fá hver af öðrum með því að koma fleirum sínum á þíng, en þó er það hins vegar nauðsynlegt, að kosníngar sèu endurnýjaðar eptir hæfilega lángan tímafrest. Eg ætla þó ekki að fara um það fleiri orðum, þar eð eg, eins og eg sagði, veit ekki, hvort þetta hefir verið ætlan nefndarinnar, jafnvel þó það sýnist liggja næst við, að taka orð hennar á þann hátt.

Hvað nú þar næst snertir annað höfuðatriðið í uppástúngu nefndarinnar, sem minni hluti hennar þó ekki hefir fallizt á, nefnilega, að fjölga tölu hinna þjóðkjörnu þíngmanna, þá ligg-

ur það í augum uppi, að þegar um þetta atriði er að ræða, þá verða menn að hafa nokkurt tillit til þess, í hvaða hlutfalli tala hinna íslenzku þjóðfulltrúa stendur í við tölu á fulltrúum þeim, er aðrar þjóðir senda til þjóðþinga sinna. Það er nefnilega ljóst, að byrðir þær, sem kostnaðurinn til þess kyns þjóðfundar leggur mönnum á herðar, haga sèr eptir því sambandi, sem er milli fólksfjöldans og fulltrúa-fjöldans. Eg ofhermi vissulega ekkert, þó eg segi, að fulltrúa-fjöldi á Íslandi sè mikill í samanburði við það, sem hann er í öðrum löndum. Eg vil bera Ísland saman við hin dönsku fylki. Ísland á að senda eptir lögum þeim, sem nú gilda, 20 þjóðkjörna menn til alþingis; það eru nú, ef til vill, lítið yfir 57000 manna í landi hèr, er þá einn þingmaður fyrir hverjar 2850 manna. Í eyjafylkjunum í Danmörku er nokkuð yfir 773,000 manna; frá þessum fylkjum fara 60 þjóðkjörnir menn til þings, það er einn fyrir hverjar 12,883. Á Norðurjótlandi eru allt að 577,000 manna, þaðan fara 48 þjóðkjörnir menn til þings, það er 1 af hverjum 12,021 manna. Ef nú ætti enn fremur að auka fleirum við hina íslenzku þjóðfulltrúa, þá yrðu þar til að liggja margar og miklar orsakir. Að alþingisstörfin, eins og meiri hlutinn heldur, mundu með því móti verða greiðari, um það verð eg stórum að efast. Það gæti verið, að störf nefndanna kynnu í einhverju að verða lèttari, en umræðurnar á þinginu sjálfu mundu, eptir því sem reynslan hefir þegar sýnt, eptir öllum líkindum verða miklu leingri. Sú eina ástæðan, sem að minni ætlan gæti til umtals komið, til að fjölga þingmönnum, mundi vera sú, ef hèr á þingi hefði borið á því, að menn vantaði þekkingu og kunnugleika á landsháttum í ýmsum hèröðum, en eg ætla ekki, að á því hafi borið hèr á þessu þingi.

Í hinu nánasta sambandi við spurninguna um tölu alþingismanna er atriðið um kostnað þann, sem leiðir af fjölgun þingmanna. Það hefir komið til orða, að hvað miklu leyti spara mætti nokkuð af kostnaðinum með því að setja niður dagkaup þingmanna. Nefndin hefir fundið annmarka á því, og verð eg í því tilliti að vera henni samþykkur, þar eð það gæti leidt til þess, að duglegum mönnum, sem væru fátækir, yrði fyrir þá sök bægt frá að taka móti vali. Annan veg geta menn einnig ímyndað sèr til þess, að fjölga þingmönnum, án þess kostnaður aukist, það er sá, að þingið yrði haldið

sjaldnar, svo sem 3. hvert ár. Hvort þetta kunni að verða vel til fallið seinna meir, á það ætla eg ekki frekar að minnast, af því slík breytíng kynni að virðast nú um stundir ísjárverð, meðan svo margir kaflar eru til í lögum lands þessa, sem þurfa endurbótar við. En þegar menn þannig viðurkenna, að þínghalds-kostnaðurinn verði ekki minkaður, þá verða menn að hafa tillit til þess, að hvað miklu leyti þjóðin þá mundi óska, að aukin yrði tala þíngmanna, þó að kostnaðurinn yxi þá talsvert um leið. Til alþíngis eru nú í þetta skipti komnar 15 bænarskrár um breytíngu á alþíngislögunum; þar af tala 12 um að auka tölu þíngmanna, en 9 æskja þess jafnframt, að dagkaupið verði sett ofan í 2 rbd. um daginn. Eg þykist af þessu geta ráðið, að flestir muni ekki kjósa, að þíngmönnum verði fjölgað, ef það getur ekki orðið nema með talsverðum viðurauka í kostnaðinum.

Eg kem nú til þess atriðis í nefndarálitinu, sem virðast kynni að snerta sjálfan mig, nefnilega, að þess skyldi verða beðizt, að einginn á þíngi, og þess vegna ekki heldur konúngsfulltrúinn, mætti tala aðra túngu, en íslenzka. Þegar menn virða þetta mál betur fyrir sèr, mun það þó sýna sig, að eg get talað öldúngis hlutdrægnislaust, einnig um þetta atriði. Það er nefnilega ekki eptir ósk minni eður tilmælum, að eg er kominn híngað í þessum erindum, það er eptir skipun konúngsins. Hversu geðfelt sem mèr kann að vera, að vera kominn í ýmislegt það samband, sem þessi staða mín hefir sett mig í við íbúa þessa lands, svo get eg þó ekki, hvað sjálfan mig snertir, óskað, að mèr sè falin þessi sýsla á hendur, og mundi eg því fyrir mitt leyti ekkert finna að því, þó það lagaboð yrði gefið, sem gjörði konúngi ómögulegt að senda mig híngað. Eg kalla það ómögulegt, því konúngur mundi ekki senda mig þessa erindis, ef eg lýsti yfir því, að eg væri öldúngis ófær um að gegna þeirri skyldu. Og það væri eg, ef mèr væri ekki leyft að tala móðurmál mitt á þínginu. Konúngsfulltrúa er það opt nauðsynlegt, samstundis að taka til orða, til þess að svara mótmælum þeim, sem gjörð eru, útleggíngum þeim, sem orðum hans eru gefnar. Hann verður þá að halda sèr föstum við hugsanina, en að orðum má hann ekki leita. Orðin eru einúngis meðal til að skýra frá hugsaninni; þurfi menn að leita orðanna, þá missa menn hugsanina. Eg ætla nú, að flestum dönskum mönnum, sem koma fyrst til Ís-

lands á fullorðins árum, og hafa ekki á yngri árum átt kost á að læra íslenzka túngu, muni gánga á sömu leið sem mèr, nefnilega, að þeim verði ómögulegt að komast svo niður í málinu, að þeir geti án fyrirstöðu talað það í þess háttar umræðum, sem aðkoma á alþíngi.

Þessi uppástúnga miðar því til þess, að ekki megi senda danskan konúngsfulltrúa, þegar fram líða stundir. Eg ætla nú að leitast við að sýna þær afleiðíngar, sem af því kynnu að fljóta; og get eg þá sjálfsagt ekki komizt hjá að minnast á það, sem reynslan í því tilliti hingað til hefir sýnt, og þó þetta kynni virðast ekki svo auðvelt fyrir mig, skal eg þó freista þess. Eg ætla þá ekki að gjöra minna úr því gagni, sem að því gæti verið, að konúngsfulltrúi gæti eingaungu talað íslenzku. Eg ætla þar hjá, að einginn geti ljósar en eg útlistað það, því einginn hefir fremur en eg fundið til þess, hvaða gagn mèr hefði verið það, ef eg hefði getað talað íslenzku. Með því gæti sparazt tími, bæði þínginu, sem verður að hlýða á ræðurnar á báðum málum, og einkum konúngsfulltrúanum, sem þar að auki verður að eyða miklum tíma til undirbúnings þess, sem í því tilliti er nauðsynlegur til að bera sig saman við aðstoðarmann sinn. Enn fremur mundu menn komast hjá þeim athugasemdum, sem geta komið um mismun millum ræðu þeirrar, sem á dönsku er flutt, og útleggíngar þeirrar, sem á eptir er gjörð af aðstoðarmanni. Það liggur í eðli hlutarins, að hvert orð, sem talað hefir verið, geti ekki nákvæmlega komið aptur í útleggíngu aðstoðarmannsins, en sá mismunur virðist hafa litla þýðíngu, þegar konúngsfulltrúinn, sem eg ætla að hver maður vilji kannast við um mig, ekki geingur frá nokkru því orði, sem hann hefir talað í hinni dönsku ræðu. Samt sem áður hafa nú á seinni tímum þess kyns athugasemdir opt verið gjörðar, en eg læt ósagt, hvort það hefir verið gjört með nokkru sèrlegu tilliti til þessa máls, sem nú er umræða um. Enn fremur kæmist þíngið hjá þeirri þreytu, sem fylgir því að heyra útleggíngu lángrar ræðu. Því verður ekki neitað, að þess kyns ræður missa og mikið af þeim krapti, sem í þeim kynni að vera, af þeim áhrifum, sem þær kynnu að gjöra á tilheyrendur. Að lyktum skal eg eingan veginn virða lítils þá tilfinníngu, sem nauðsynlega hlýtur að gjöra þíngmönnum ljúfara að heyra móðurmál sitt í ræðum konúngsfulltrúa, en hið danska túngumál. Það má því

eptir öllu þessu virðast mjög æskilegt, bæði fyrir þingmenn og einkum fyrir konúngsfulltrúann, að hann gæti í umræðum málanna á þingi talað íslenzku. Það sem nefndin hefir drepið á, að svo gæti aðborið, að konúngsfulltrúi skildi ekki hinar íslenzku ræður þingmanna, þarf eg reyndar ekki að minnast á; því eptir ætlan minni væri það ómögulegt þeim manni, sem ekki kynni svo mikið í íslenzkri túngu, að gegna embætti konúngsfulltrúans. En eg ætla, að reynslan hafi sýnt, að menn geta hæglega lært að skilja íslenzkar ræður, án þess þó að geta sjálfir talað það mál á þingi.

En eins og næstum hvert mál er þannig háttað, að það má skoða það á tvo vegu, sem eg hefi ekki allsjaldan haft tækifæri til að sýna, svo er það einnig hèr; vèr snúum oss þess vegna nú að því að skoða þær *ísjárverðu*, þær *skaðlegu* afleiðíngar, sem af því mundi leiða, ef einginn nema Íslendíngur gæti verið konúngsfulltrúi. Eg ætla heldur ekki hèr að meta of mikils það gagn, sem reynslan kynni hafa sýnt að væri því samfara, að danskur maður getur verið konúngsfulltrúi; sá eini vitnisburður, er eg um það efni get skírskotað til, nefnilega það, sem forseti alþíngis árið 1845 sagði þar að lútandi í þinglausnaræðu sinni, verð eg sjálfur að játa að er ofhermdur. En eg ætla að halda mèr við hina *almennu* hlið málsins, og líta á stöðu og skyldur konúngsfulltrúans yfir höfuð. Það er nú án efa hin fyrsta skylda hans, sem fulltrúa stjórnarinnar á alþíngi, að útlista það álit, sem líkindi eru til að muni leiða stjórnina við afgreiðslu málanna, þá annmarka og vandkvæði, sem geta komið í ljós, þegar ráða á uppástúngum alþíngis til lykta, og málin eru skoðuð frá sjónarmiði stjórnarinnar. Sè álit þetta og annmarkar ekki útskýrðir, þá verður þó stjórnin samt sem áður að ráða málunum til lykta á þann hátt, sem henni virðist rèttast og tilhlýðilegast; en þjóðin og þíngið fær ekki tækifæri til að þekkja og skoða þær ástæður og þá annmarka, sem hafa getað átt sèr stað. Af því mundi sjálfsagt leiða, að alþíng mundi fara á mis við eitt af þeim aðal-takmörkum, sem ráðaneytisþíngunum er fyrir sjónir sett, en það er að knýta fastar það band, sem er millum konúngs og þjóðarinnar. Það stendur því á stóru, að konúngsfulltrúi sè svo nákunnugur, sem unt er, hinum almennu grundvallarreglum og áliti stjórnarinnar. En hvernig ætti konúngsfulltrúi að ná slíkri þekkíngu, nema

með því að vera einmitt, svo árum skipti, í þeim flokki, þar sem honum gefst færi á að kynna sèr álit hinna æðri stjórnarmanna á ýmsum málum, einkum með því að tala um málin við hina æðstu embættis menn í stjórnarráðunum, og jafnvel við konúng sjálfan? Geta menn nú búizt við, að einn af hinum æðri embættis mönnum, sem fæddur væri á Íslandi, og sem um væri að velja, mundi alment eiga kost á að verða svo handgeinginn og nákunnugur grundvallarreglum og áliti stjórnarinnar? Eg held ekki; því bæði mundi útheimtast til þess, að hann yrði að yfirgefa embætti sitt um lángan tíma og fara til Danmerkur, og þó svo væri, þá mundi honum þó ekki veita eins hægt að kynnast hinum æðri stjórnarmönnum og áliti þeirra á málunum, eins og þeim manni, sem væri í þeirri stöðu og hefði því embætti að gegna um lángan tíma, að hann kæmist í nákvæmt samband við þessa menn. En konúngsfulltrúinn hefir enn öðrum skyldum að gegna. Þegar málin eru til lykta leidd á alþingi, mun það ekki sjaldan geta aðkomið, að stjórnin ráðfæri sig við hann um það, hvernig rèttast sè að skera úr málunum. Honum gefst því opt færi á, að útlista gjör það álit, sem hafa má á málunum, þegar þau einkum eru skoðuð frá sjónarmiði þjóðarinnar. Eg vil biðja þingið sjálft að dæma um, hvers áliti stjórnin, þegar svo er ástadt, heldur muni fylgja, þess, sem sýnir, að hann hefir getað skoðað málin á ýmsa vegu, þegar þau voru rædd, eða þess, sem að öllu eða mestu leyti hefir skoðað málið einúngis á einn veg.

Eg segi nú eingan veginn, að það sè ómögulegt, eptir því sem hèr hefir verið útlistað, að nokkru sinni geti gefizt sá Íslendíngur, sem sè fær um að leysa vel af hendi skyldur konúngsfulltrúans. Það getur án efa vel verið svo ástadt, að einhver Íslendingur hafi þá kosti til að bera og sè í þeirri stöðu, að hann mætti álítast hæfur til þess starfa. En það fullyrði eg, að þegar á allt er litið, þá sè það miklu erfiðara fyrir íslenzkan mann en danskan, bæði að útvega sèr kunnugleika þann, sem konúngsfulltrúi nauðsynlega þarf að hafa á grundvallarreglum stjórnarinnar, og á þjóðfundi landa sinna, þar sem álit og skoðunar-háttur eins fylkis lætur sig fastlega í ljósi, að láta sig ekki binda af áliti annara og taka nógu glögglega fram það tillit til alls ríkisins yfir höfuð, sem nauðsynlega hlýtur að vaka fyrir augum stjórnarinnar, þegar málum er til lykta ráðið. Eptir því sem eg hefi nú útlistað, mundi kon-

úngur eingan veginn geta bundið svo hendur sínar eptirleiðis, að velja fulltrúa sinn einúngis af flokki Íslendínga, nema með því móti að hann vildi meta minna erfiðleika þá, sem snerta efnið sjálft (reelle Vanskeligheder) og eg nú talaði um næst á undan, heldur en hina erfiðleikana, sem sniði málsins viðvíkja (formelle Vanskeligheder), eður þá sem koma af mismuninum millum túngumálanna. Að öðru leyti verð eg um allt þetta atriði að gjöra þá athugasemd, að eptir þeim grundvallarreglum, sem eg fyrir fám dögum útlistaði um innbyrðis samband milli hinnar íslenzku og dönsku túngu á viðskiptum stjórnarinnar og þjóðarinnar, þá er það að öllu leyti við hæfi, að konúngsfulltrúi, svo sem erindisreki stjórnarinnar, skýri alþínginu frá á danska túngu, það sem hann þarf að gjöra því kunnugt, og að orð hans sèu því útlögð á íslenzku. Á þessar reglur fèllst þíngið að sönnu ekki í atkvæðagreiðslu sinni í því máli, sem þá var um að ræða. En eg hefi ekki heyrt ástæður móti þeim sönnunum, er eg þá flutti fyrir mínu máli. Eg verð að taka það upp aptur, að annmarkar þeir, sem á því eru, að tvær túngur þarf við að hafa, hverfa aldrei að öllu; en talsvert geta þeir mínkað með því, að menn reyni að nálgast hvorir aðra, og af minni hálfu hefi eg ekki látið það vanta.

Eg ætla nú að víkja mèr að seinasta atriðinu, sem eg vil minnast á, í uppástúngum nefndarinnar, og er það um það, að alþíng verði haldið í heyranda hljóði. Eg get nú eingan veginn kannazt við þær tvær ástæður, sem nefndin hefir fært fyrir þessari uppástúngu-grein sinni, og sem eru teknar af alþíngi hinu forna og af dómara-samkundum. Alþíng það, sem nú er, er sem ráðaneytis-þíng svo algjörlega ólíkt hinu forna alþíngi, sem sumpart í fyrstu hafði verið löggjafaþíng, sumpart hafði dómaravald á hendi, að, hvað þetta snertir, getur eingin samlíking átt sèr stað millum þessara tveggja þjóðstofnana. Eins getur það heldur ekki hèr orðið álitsmál, að allir geta hlýdt á mál fyrir rètti, þar sem fylgt er fram lögum þeim, sem gilda, en hins vegar er á alþíngi rædt um það, hvaða lög muni geta orðið hagkvæmleg. Hin almenna grundvallarregla á ráðgjafa-þíngum er sú, að þau eru haldin fyrir luktum dyrum, og, til dæmis að taka, þá er svo til hagað á fulltrúaþíngum í Danmörku. Yrði því breytt út af þeirri reglu, hvað alþíngið snertir, þá yrði slík undantekníng að vera grundvölluð á sèrstaklegum ástæðum. Sem þess kyns ástæðu má að

vísu telja þá, að tíðindi þau, sem segja frá þingstörfum, verða seinna búin úr prentsmiðjunni og seinni á ferð sinni út um landið, heldur en annarstaðar. Þá kynni og að mega viðurkenna það, að hèr væri það minni annmörkum bundið, en annarstaðar, þó þing yrði háð í heyranda hljóði; einkum þyrfti ekki ráð fyrir því að gjöra, að þingmenn, í umræðum um málin, mundu láta nokkurt tillit til áhrifa þeirra, sem ræður þeirra hefðu á tilheyrendur, leiða sig í nokkru. En þessir annmarkar mundu síður eiga sèr stað hèr, einmitt af því gjöra má ráð fyrir, að tilheyrendur mundi verða mjög fáir; og af þeirri sömu ástæðu mundi einnig að því skapi gagnið verða lítið að því. Með því að þingið fer ekki fram í heyranda hljóði, vinna menn þó óneitanlega þann mikla hagnað, að frá þingstörfunum er nákvæmlega skýrt í þingtíðindunum, og koma þau þannig ómeinguð út meðal þjóðarinnar, en við því væri ekki að búast, ef þau breiddust út eptir munnlegri frásögn manna. Að minnsta kosti má hver hlutdrægnislaus maður játa, að tillit til ríkisins yfir höfuð (Statshensyn) geta gjört það öldúngis ótiltækilegt fyrir stjórnina, að máli þessu sè fyrir komið á annan hátt í einum hluta ríkisins en öðrum.

Eg hefi nú hèr útlistað það álit, sem eg hefi ástæður til að halda að stjórnin muni taka tillit til, þegar máli þessu verður ráðið til lykta. Þessa endalykt mun, eins og vitaskuld er, konúngur sjálfur gjöra; og mun þá þjóðin gjör fá að þekkja úrskurð hans; en eg hefi álitið gagnlegt, að þessar hugmyndir yrðu nú þegar teknar fram þannig, að þær gætu borizt út meðal alþýðu og orðið henni að umhugsunarefni. Eg ætla með þessum hætti að hafa leidt enn ljósari rök að því, að það er gagnlegt, að það má velja danskan mann til konúngsfulltrúa til alþingis.

Framsögumaður: Eg skal með fám orðum leitast við að svara hinum helztu atriðum í ræðu hins háttvirta konúngsfulltrúa.

Konúngsfulltrúinn hefir að mestu leyti eða öllu fallizt á þrjú hin fyrstu atriðin í álitsskjali nefndarinnar, og þarf eg því ekki að vera margorður um þau. Eg get þess einúngis, að þar sem hann sagði, að ný jarðabók mundi bæta úr ójöfnum þeim, sem væri á fasteignar-kjörkostunum nú, þá hrindir það ekki samt sem áður grundvallaratriði því, sem nefndin bygði

á, að ef kjörkostirnir ætti að vera bygðir á eign, þá yrði það að vera eign, sem nokkuð væri um að tala.

Þar sem það stendur í álitsskjali nefndarinnar, að kjósa skuli í September fyrir alþíng hvert, þá hefir það ekki orðazt nákvæmlega, því sú var meiníng nefndarinnar, að það yrði á undan hverju því alþíngi, þegar kosníngar skyldi fara fram eptir tilskipuninni.

Konúngsfulltrúinn fór nokkrum orðum um fjölgun þíngmanna, og þókti vanta hjá nefndinni að bera þíngmanna-tölu hèr, eptir fólksfjölda, saman við þíngmanna-tölu í öðrum löndum. Þó nefndin hefði gjört þetta, hefði það ekki leidt til neins; það er án efa víst, að þíngmanna-talan, sem nú er, er meiri að tiltölu en annarstaðar, eptir fólksfjölda, en það er annað atriði, sem hèr ríður meira á að hafa fyrir augum, og það er jöfnuðurinn í landinu sjálfu. Þessum jöfnuði eru menn einnig að leitast við að koma á annarstaðar, þar sem annaðhvort stèttunum er gefinn misjafn rèttur, svo að aðallinn, til að m., hefir miklu fleiri fulltrúa að tiltölu, eða rèttinum er skipt misjafnt milli hèraða eða staða, svo að lítil þorp með fáum innbúum hafa eptir gömlum vana jafnan rètt til að kjósa fulltrúa, eins og stórir staðir. Á líkan hátt þarf að komast jöfnuður á milli hèraðanna hjá oss; því það er undarlegt, að Vestmannaeyjar með 300 innbúa, Reykjavík með 8 eða 9 hundruðum, Strandasýsla með 1000, Norðurþíngeyjarsýsla, o. fl., skuli kjósa jafnt einn fulltrúa, eins og Arnessýsla með 5000, og margar aðrar hinar fjölbygðustu sýslur. Hinn háttvirti konúngsfulltrúi taldi það til, að ekki hefði lýst sèr ókunnugleiki um ásigkomulag í hèruðum; það getur verið, að svo sè, og má eg þó segja fyrir mitt leyti, að eg er eingan veginn svo kunnugur, sem skyldi, sèrhverju einu, sem kynni að varða nokkru, í því hèraði, sem eg er kosinn fyrir. En það er annað einnig, sem hèr er mikið undir komið, og það er, að menn úr sömu hèruðum líta ýmislega á ásigkomulag hèraðanna og á málin, og við það koma fram fleiri skoðunarmátar, sem verða meðferð málanna til mikils gagns. Aðal-ástæðan móti fjölgun þíngmanna verður þess vegna kostnaðurinn, og þessi ástæða verður því sterkari, sem það lítur svo út, sem allt sè farið að meta til peninga: embættismenn eru metnir til peninga; stúdentar, sem koma úr skóla, eru metnir til peninga; alþíngismenn verða sjálfsagt einnig metnir til peninga. Eptir þess-

ari peningavirðingu þyki mèr líklegt að þingið fari ekki, heldur gæti þess, að ein mikilvæg ályktun, sem stundum getur áunnizt með eins manns rödd eða með einu atkvæði, getur verið meira verð en 1200 rbd. Að halda þing einúngis þriðja hvert ár, mundi ekki vera ráðlegt, sízt nú um sinn; það mundi valda drætti á málunum, meira en góðu hófi gegnir, og gæti það orðið að meiri skaða, en sparnaðinum svarar. Að öðru leyti er það víst, að þeir, sem í bænarskránum hafa óskað, að þingmönnum yrði fjölgað til 42 þjóðkjörinna með 2 rbd. daglega, hafa búizt við, að kostnaðurinn jykist nokkuð.

Að tala um málið, er ekki sízt vandamikið fyrir mig, en eg skal þó einnig reyna til að tala um það hlutdrægnislaust. Samt sem áður get eg ekki talað um það öðruvísi en sem Íslendíngur, og eg þykist því framar eiga rètt á því, sem mèr virtist konúngsfulltrúinn líta á þetta atriði sem danskur maður. Það sannast hèr, að „það fylgir hverjum, sem fast er við hann“; það er ekki hægt að kasta frá sèr hugsunarmáta þeim, sem hverjum manni er í raun rètti meðfæddur. Eptir því sem eg lít á þetta, verð eg að skoða stjórnina hèr a landi sem íslenzka stjórn, sem verði að laga sig eptir þjóðinni og hennar hugsunarhætti, ef hún á að geta uppfylt skyldur sínar, sem góð stjórn. Konúngsfulltrúinn taldi til gildis dönskum konúngsfulltrúa, að hann mundi knýta fastara ástarband milli konúngs vors og þjóðarinnar. En hvernig skyldi útlendur maður geta knýtt þetta band fastara, en innlendur? Hann hèlt, að danskur konúngsfulltrúi yrði færari að gegna þeirri skyldu sinni, að skýra frá hugsunarmáta stjórnarinnar og áliti á málunum. Eg held, að konúngsfulltrúi þessi, sem nú er, sè alkunnur að því, að hann vilji gegna skyldu sinni fullkomlega og vanda verk sitt; en hvað hefir hann skýrt þinginu frá skoðunarmáta stjórnarinnar? Svarið hefir verið: eg get ekkert sagt; eg veit ekki, hvernig stjórnin kann að líta á málið; eg get ekki neinar skýrslur gefið, því þetta þing er ráðgjafarþing, og getur ekki vænzt eptir þesskonar skýrslum; eg læt einúngis mína meiníngu í ljósi fyrir þinginu, en hvernig stjórnin taki í málið, það er mèr ekki auðið að segja. Þetta eru allar þær skýrslur, sem þingið fær um skoðunarmáta stjórnarinnar. Þá hèlt konúngsfulltrúinn, að danskur konúngsfulltrúi gæti betur fylgt málunum hjá stjórninni og mætti sèr meira. Það skyldi þá vera af því, að stjórnin trúi betur dönskum

manni, en íslenzkum, kannske vegna þess, að henni þyki þessi skattlanda-hugsun, sem konúngsfulltrúinn var að tala um, koma heldur fram hjá Íslendíngum; en það má vera öllum ljóst, að einginn útlendur maður er til, sem getur talað svo fram með þeim málum, sem oss liggja á hjarta, eins og innlendur maður, sem hefir sömu tilfinníngar og hugsanir, eins og vèr, og talar af fastri sannfæríngu og af hjartans innstu rótum. Konúngsfulltrúinn játar annmarkana á því, sem nú fer fram, en hann játar það einúngis sem galla á formi. Þetta er móthverft allri þjóðlegri hugsan, hjá hverri þjóð sem er; sèrhver þjóð álítur mál sitt hina verulegustu eign sína. Það hlýtur að særa tilfinníngu hvers manns, að heyra stjórn sína tala við sig á útlendu máli, og hann hlýtur að finna næmt til þeirrar niðurlægíngar, sem þjóðerni hans verður fyrir; eg veit ekki heldur til, að nokkur stjórn hèr í Norðurálfu hafi túlka til að tala við þegna sína á þjóðþíngum. Eg verð að geta þess hèr, að þar sem minni hlutinn tekur svo til orða í álitsskjalinu, eins og meiri hlutinn ætlist til að svipta konúng vorn nokkrum rètti, þá er þetta ekki rètt orðað, því hèr gat aldrei komið til orða að svipta konúng neinum rètti, heldur einúngis að benda honum til, hvað nauðsynlegt væri. Konúngur hefir sjálfur veitt þíngið, og gefið því þau rèttindi, sem það hefir, hann hlýtur þess vegna að vilja styðja þessi rèttindi, svo þau svari tilgánginum. Þetta stendur einnig í nánu sambandi við úrskurð 8. Apríl 1844, sem býður, að allir embættismenn hèr skuli vera færir í íslenzku. Skyldi þá konúngsfulltrúinn á þíngi þessu vera undan skilinn? Eg þykist fullviss um, að konúngurinn hlýtur að álíta það allra nauðsynlegast, að hann sè fullfær í íslenzkri túngu.

Konúngsfulltrúinn mælti það á móti þínghaldi í heyranda hljóði, að þetta þíng væri ekki eins og hið forna, heldur væri það því töluvert ólíkt. Það er þó kunnugt, að konúngur vor mælti svo fyrir í úrskurði þeim, sem veitti oss þíng þetta, að það skyldi verða lagað sem næst hinu forna þíngi, sem verða mætti eptir kríngumstæðum. En þar að auki er þetta almenn ósk, sem kemur samhuga fram í öllum bænarskrám, þeim er híngað eru komnar, og virðist mèr það vera skylda þíngsins að bera hana fram fyrir konúnginn, þar eð þíngið hlýtur að vera sannfært um, að uppfyllíng hennar getur verið til mikils gagns, en alls einkis skaða. Það er fært til, að fregnir frá

þínginu aflagist, en reynslan sýnir, að hjá því verður ekki komizt, þó lokað sè, og mèr er nær að halda, að minna bæri á því, ef opið væri. Enn er það talið til, að þá yrði ójöfnuður milli þessa lands og hinna hluta ríkisins. Eg óska innilega, að meðbræður vorir í Danmörk og hertogadæmunum mætti einnig öðlast það, því eg ímynda mèr, að það sè þar einnig almenn ósk, en eg held þar að auki, að hèr sè enn fleiri og sterkari ástæður, heldur en þar, svo að það væri ekki ástæða móti að veita það hèr, að það yrði þar ekki veitt Konúngsfulltrúinn bar það fyrir, að þetta væri ráðgjafarþíng, og þesskonar þíng feingi ekki að hafa opnar dyr. Eg þekki fá ráðgjafarþíng, og eg held, að þegar talin eru dæmin úr Danmörku, þá muni vera talin öll þau dæmi, sem til eru, eptir því sem nú er ástadt; en hvað sem um það er, þá er óskin almenn hèr á landi og nauðsynleg, og er skylt að bera hana fram, hvort sem henni hlotnast bænheyrsla eða ekki.

Kammerráð Melsted: Eg hefi frá því fyrsta að farið var að gjöra ráð fyrir að stofna hið nýja alþíng hèr á Íslandi, starfað nokkuð að því málefni, og því mun það ei þykja ólíklegt, að eg taki nú til orða, þegar það er rædt hèr á þínginu. Eg hefi að sönnu undirskrifað nefndarálitið í flestum þess höfuðgreinum, en eins og mig hefir greint á við meiri hluta nefndarinnar um 2 höfuðatriði í því, eins hefi eg líka (hvað hinum heiðraða framsögumanni er kunnugt) í nefndinni geymt mèr rètt til, að benda mönnum á þínginu til þess, er líka kynni að geta mælt móti 2 öðrum atriðum í nefndarálitinu, þó eg væri þeim ei ósamþykkur, því það áleit eg bæði gott fyrir þíngið og málefnin sjálf, að á þau sè litið frá fleiri en einni síðu. Það er einnig eðlilegt, að í annari eins nefnd og þessari, og í öðru eins málefni og nú er um að ræða, verði hver nefndarmanna að laga sig nokkuð hver eptir öðrum, svo að meiníngar þeirra verði ei á sundrúngu, og þess vegna er það líka eins eðlilegt, að sèrhver nefndarmanna geti ei eins vel felt sig við sèrhvert atriði í nefndarálitinu. Eg vil þá fyrst tala um kosníngarrèttinn. Eg gjöri ráð fyrir, að allir þeir þíngmenn, sem hèr eru saman komnir, hafi kynt sèr allt sem skrifað hefir verið um alþíng, þar þeir allir hafa mætur á þínginu, og óska, að því yrði sem bezt fyrirkomið. Eg gjöri því einnig ráð fyrir, að þeir hafi lesið það, sem eg hefi um alþíng ritað, hversu lítið sem í það kann að vera varið. Eg verð nú að

játa, að eg í fæstum þeim atriðum, sem hèr ræðir um, hefi nokkuð töluvert breytt meiníngu þeirri, er eg áður hefi í ljósi látið. Eg hefi áður meint, að kosníngarrèttur ætti að vera bundinn við 5 hndr. fjáreign í föstu eða lausagózi, eða þá hvorutveggju. En af þeim ástæðum, sem fram eru komnar, og eptir nákvæmari yfirvegun, hefi eg nú breytt þessari meiníngu þannig, að eg með öllu hefi fallizt á nefndarálitið, eptir hverju kosníngarrètturinn ekki á að vera takmarkaður við annað, en að maður sè búfastur og ekki öreigi, og að öðru leyti hafi þá persónulega eiginlegleika til að bera, sem alþíngistilskipanin ákveður; því annars mundu allt of margir af þeim mönnum, sem í sjóplázunum ættu með rèttu að eiga kosníngarrètt, verða frá honum útilokaðir. Það er einnig ísjárvert, að binda önnur eins lög og alþíngislögin, sem eru nokkurskonar grundvallarlög fyrir landið, og ættu að standa um lángan aldur, við þvílíkar ákvarðanir í hinni annari löggjöfinni, sem ákvörðunina um skiptitíund; því henni kann að verða breytt, þegar minnst vonin varir, og henni verður nú að líkindum breytt, þegar hin nýju skattalög útkoma.

Nefndin hefir fallizt á tvöfaldar kosníngar, og eg hefi ætíð haldið, og held enn nú, að þær sèu miklu betur hæfar til að tryggja kosníngarnar, en nokkur kjörstofn; því margur sá, sem á kjörstofninn, getur verið einfaldur maður og lítt mentaður; en til kjörmanna munu ei verða valdir aðrir en þeir menn, sem í hverri sveit eru skynsamastir og bezt að sèr um alla hluti; og þá að eins, þegar kosníngar eru tvöfaldar, álít eg það óhætt, að rýmka þannig kosníngarrètt og kjörgeingi, sem nefndin hefir uppástúngið. Að öðru leyti held eg það væri betur fallið, að kjörmenn ekki væru svo margir, sem nefndin hefir uppástúngið, heldur einúngis 1 af hverjum 10, því annars held eg að ei verði nægilega vinsað úr kosníngarmönnum.

Hvað viðvíkur tölu alþíngismanna, þá þarf eg ekki um hana að vera lángorður, því hinn hæstvirti konúngsfulltrúi hefir um þetta atriði talað svo ljóst og greinilega, að það má vera orðið skýrt fyrir þíngmönnum, hvað í þessu efni sè rèttast. Það er einnig af bænarskrám þeim, er inn komið hafa til þíngsins, ljóst, hver vilji þjóðarinnar er í þessu efni; því í flestum af þeim er því að eins beðið um fjölgun alþíngismanna, að daglaunapeníngar þeirra verði lækkaðir til 2 rbd. En nefndin hefir af gildum og góðum ástæðum ekki getað ráðið þínginu

til að gjöra það; og þingið mun vart heldur álíta það tiltækilegt. Það er með rökum sýnt fram á það, að af fjölgun þingmanna muni leiða mikill kostnaðar-auki, og eg held það sè skylda þingmanna, að gjalda varhuga við, að stofna til þess, að hann verði lagður á landið, þegar það á hinn bóginn er mjög óvíst, hver hagnaður tekinn verður í aðra hönd. Það hefir verið sagt, að öll þingstörf mundu gánga betur, þegar þingmönnum væri fjölgað; en eg held, að bæði reynsla og skynsamleg yfirvegan muni geta sannfært menn um, að þetta sè ei alls kostar bygt á góðum ástæðum. Þegar fram líða stundir, munu hèr á þinginu ekki margir þingmenn sitja þegjandi, heldur munu flestir af þeim halda jafnvel lángar ræður, og þegar hingað eiga að koma næstum hálfu fleiri þingmenn, en nú eru, liggur það í augum uppi, hvað slíkt muni leingja umræðurnar á þinginu, hvað þingstörfin muni þar við aukast, og hvað mikið þar með muni tefjast fyrir því, að málefnin verði fljótt á enda kljáð.

Því hefir verið farið á flot í álitsskjalinu af meiri hluta nefndarinnar, að einúngis íslenzk túnga skyldi vera töluð hèr á þinginu, og að konúngsfulltrúanum þess vegna ekki mætti vera leyft að tala á danska túngu. Hinn hæstvirti konúngsfulltrúi hefir farið um þetta atriði svo greinilegum orðum, að eg hefi fáu þar við að bæta, og hann hefir, eptir minni sannfæríngu, talað um það enn nú meira hlutdrægnislaust, en hinn heiðraði framsögumaður. Þingið mun nú að öllum líkindum biðja um, að bæði kosníngarrèttur og kjörgeingi verði rýmkuð, og það einmitt í því skyni, að menn fái valið þann alþíngismann, er menn hafi bezt traust á; en hvernig geta þá þíngmenn rètt í sömu andránni með nokkurri sanngirni beiðst þess, að konúngurinn skuli svo binda hendurnar á sjálfum sèr, að hann ekki fái valið þann fyrir fulltrúa sinn, er hann hefir bezt traust til? Það væri að minni hyggju, ef eg svo mætti að orði kveða, að særa hjarta konúngsins, að biðja hann, sem gjarna vill veita Íslendíngum allar sanngjarnar óskir þeirra, um þá bón, sem menn fyrir fram geta sèð fram á, að hann ekki getur veitt, án þess að takmarka sjálfan sig of mjög, og máske þar með vinna landinu og þínginu minna gagn, en menn hyggja. Væri konúngsfulltrúanum ekki leyft að tala danska túngu hèr á þinginu, mundi þar af leiða, að hann eingan gæti þar til kosið, nema Íslendíng, því vart mun nokkur

danskur maður, sem ekki lærir að tala málið í barnæsku, verða svo fær í Íslenzku, að vel geti komið orðum fyrir sig í því máli. En eg held, að fáir Íslendíngar sèu færir til að hafa þennan starfa á hendi; eg, í það minnsta, þekki einasta einn, sem til þess hefði verið hæfur, ef hann hefði verið uppi nú á dögum, og eg bið þíngmenn að gæta að því, hvort ekki sá konúngsfulltrúi, sem nú er, hefir unnið þínginu meira gagn, en nokkur Íslendíngur mundi hafa gjört eða getað; í hið minnsta virðist mèr, sem margir þíngmenn hafi talað á þá leið.

Hvað loksins því viðvíkur, að dyrnar á þíngstofunni skuli verða opnaðar, svo allt fari fram í heyranda hljóði, þá hefi eg í því efni ekki viljað skilja mig frá öðrum nefndarmönnum, af því eg viðurkenni og aðhyllist þá aðalreglu, sem liggur til grundvallar fyrir þessari uppástúngu, þá reglu nefnilega, að allt það, sem fram fer á þínginu, verði þjóðinni að fullu kunnugt; en þetta skeður bezt og áreiðanlegast með þíngtíðindunum. Þar á móti held eg ekki, að það verði að miklu gagni, þó dyrnar á þíngstofunni verði opnaðar, því fáir menn frá lángt frá liggjandi hèröðum munu koma, til að heyra umræðurnar á þínginu, og enn nú færri munu dvelja hèr svo leingi, að þeir fái skilið að fullu meðferð málanna, eður heyrt, hvernig þeim verður ráðið til lykta. Það er því hætt við, að rángar frásagnir um málefnin og þeirra meðferð útbreiðist um landið. Þíngmenn þar á móti, sem hèr sitja allt af, og kynna sèr bæði málefnin og þau skjöl, er þeim fylgja, til hlítar, geta þar á móti sagt rètt frá öllu, og þeim getur það ekki verið að kenna, þó missagnir í þessu tilliti útbreiðist meðal alþýðu. Mèr hefir því ætíð þókt það undarlegt, þegar menn úr fjarlægustu plázum landsins, hvaðan eingir nokkurntíma munu koma til alþíngis, nema alþíngismennirnir sjálfir, hafa beðið um, að dyrnar á alþíngisstofunni mættu vera opnaðar. Eg vil enn nú bæta því við, að yrði dyrnar opnaðar, yrði þíngið að fá sèr aðra stofu en þessa, því hèr er ekki rúm nema fyrir fáa menn, ef ekki ætti allt óskipulega fram að fara. Loksins vil eg geta þess, að ef konúngurinn leyfði, að allt skyldi fara fram í heyranda hljóði á þíngi Íslendínga, yrði hann næstum því neyddur til, að veita þjóðþíngum Dana og Holsetumanna það sama; því þeir gætu þá með rèttu kvartað yfir því, að þeim væri veittur minni rèttur en Íslendíngum, ef þeir í þessu efni ekki ættu við sömu kjör að búa; en þíngmenn hèr geta ekki vitað, nær tíminn er

kominn til þess, að stjórnin geti veitt hinum öðrum fulltrúaþingum í ríkinu þessi rèttindi.

Assessor Johnsen: Þar sem nú er farið að ræða um fyrirkomulag á stiptun þeirri í landinu, sem það varðar mestu, um þjóðstiptun þess, alþíng, ætla eg það skyldu sèrhvers þingmanns, að skýra frá meiningu sinni og sannfæringu afdráttar- og hispurslaust, án þess að sjá sig um til hægri eða vinstri, og skal eg nú fyrir mitt leyti gjöra það, viðvíkjandi þeim aðalatriðum, sem nefndarálitið ræðir um.

Með tilliti til kosníngar alþíngismanna má eg fyrst um sinn geta þess, að eg jafnan hefi verið á því, síðan eg fór að hugsa um það atriði, að það mundi vera affarabezt, að kjörgeingi að vísu væri frjálst, en að kosníngarrèttur aptur á móti væri bundin við fjáreign, jafnvel þann fjárstofn, sem nú eptir alþíngistilskipuninni er bæði kosníngar og kjörstofn, en eg hefi þá líka verið á því, að kosníngar ættu að vera einfaldar. Mèr hefir þókt það varða mestu, ef ekki öllu í þessu tilliti, að þeir sem alþíngismanninn velja, sè í stöðu þeirri og kríngumstæðum, að þeim hljóti að vera ant um, að sá sè valinn til að tala máli þeirra á alþíngi, sem bezt er treystandi til þess, og hefir mèr þókt fasteign einna helzt tryggjandi góðan og einlægan vilja kjósenda í þessu efni. Mèr hefir jafnan einkum þókt það að tvöföldum kosníngum, að mönnum mundi virðast minna varið í rèttinn til að kjósa kjörmenn, en rètt þann, sem þeir nú hafa til beinlínis kosníngar alþíngismannsins, þannig, að hinar tvöföldu kosníngar, einkum þegar menn eru búnir að sjá þýðíngu hins beina atkvæðisrèttarins, mundu leiða af sèr, ef til vill, minni mætur á þjóðstiptuninni hjá fjöldanum, sem ekki á beinlínis þátt í kosníngu alþíngismannsins; svo hefi eg og haft nokkurn ótta af því, að þær enar tvöföldu kosníngar fremur en hinar einföldu, meir en ákjósanda er, kynnu að greiða mönnum veg til að koma meðölum við, til að fá einn fremur öðrum kosinn til alþíngis. En þar eð eg álít það mikils varðanda í máli þessu, hvernig landsbúar sjálfir líta á það yfir höfuð, og mèr ekki skilst betur, en að flestir þeirra kjósi sèr tvöfaldar kosníngar fram yfir hinar einföldu, svo hefi eg nú líka orðið að fallast á þær, og um leið þá líka á hitt, að með þeim hætti væri óþarfi að binda kosníngarrèttinn við nokkurn fjárstofn. Eg hefi orðið því fúsari á að fallast á þetta, sem kjósendur mínir óska hins sama, og hafa þeir í bónarbrèfi því, sem eg

hefi lagt fyrir alþíng frá þeim í ár, fyrst og fremst kosið á það, að bæði kosníngarrèttur og kjörgeingi væri óbundið, enda þó þeir í hitt ið fyrra einúngis mæltust til, að kosníngar og kjörstofninn, yrði helmíngi minni, en hann nú er, og það fjárstofn bæði í föstu og lausu, en í hvortveggja sinni hafa þeir mælzt til tvöfaldra kosníngа. Eg vík á þetta með fram af því, að mèr í öðru eins máli og þessu, þykir það nokkurs varðanda, að hinir þjóðkjörnu þíngmenn skýri þínginu frá tilmælum kjósenda sinna, og óskum þeim, sem hreifa sèr um málið í kjördæmunum, í hverju helzt atriði sem er, og hvernig þær hafa breyzt, lífgazt og þróazt. Þar sem hinn heiðraði konúngkjörni þíngmaður, sem nýskeð settist niður, fann að því í nefndarálitinu, að tala kjörmannanna mundi verða vel mikil, eptir því sem nefndarmenn hafa komið sèr saman um, þá verð eg þó að ætla, að varla sè finnanda að því, þar eð mèr þykir það varða nokkru, að bægja frá öllu tilefni og tækifæri til að gjöra önnur áhrif, en vera ber, á kjörmennina, og held eg, að hin stærri tala þeirra einmitt sè vel til þess fallin; eg get þar að auki ekki borið neinn kvíðboga fyrir því, að ekki sèu svo margir bændur í hreppi hverjum, sem nefndin ætlast til, er vel sè trúanda fyrir, að kjósa alþíngismanninn.

Að því leyti sem hinn heiðraði framsögumaður færir jöfnuðinn á milli kjördæmanna innbyrðis, sem ástæðu fyrir fjölgun alþíngismanna, þá verður því ekki neitað, að það má virðast nokkur ójöfnuður, að fleiri ekki mæta fyrir þau kjördæmin, sem eru fólksríkust á landinu, en fyrir hin, sem fæst hafa fólkið, og er sömuleiðis nokkuð í þá athugasemd varið, að þess fremur sè von af tveimur en af einum, að haft sè auga á öllum þörfum kjördæmisins, og að málefni þess sèu skoðuð grandgæfilegar og á fleiri vegu; en hvorki er það eingaungu fólksfjöldinn, sem í raun og veru ætti að gjöra það nauðsynlegt að fjölga þíngmönnum, þar sem hann er mestur, nè heldur að rannsaka málefni og þarfir kjördæmanna á fleiri hliðar. Sumum kjördæmum, sem að fólkinu til má telja með hinum minnstu, er nefnilega þannig varið að landslagi og kríngumstæðum, að einn partur kjördæmisins má virðast að þurfa með eins, og annar annars talsmannsins, og það þannig, að atvinnuvegir og kríngumstæður í báðum hlutunum geta álitizt að útheimta þetta frá enn rýmra sjónarmiði, eða með tilliti til landsheilla yfir höfuð.

Þar sem alþingismenn ekki einúngis eiga að líta á hag eða leggja til ráð fyrir kjördæmi þeirra hvers um sig, heldur líka, og einkum, fyrir allt landið, þarf heldur ekki að óttast fyrir, að aðrir ekki verði til þess, en fulltrúinn sjálfur, að taka málstað hvers kjördæmis út af fyrir sig, eins og bezt gegnir, auk þess að fulltrúar kjördæma þeirra, sem næst liggja hvert öðru, optast nær hafa haft nóg tækifæri til að kynna sèr hèr um bil álíka vel hagi og þarfir að minnsta kosti tveggja kjördæma, sem næst liggja saman. Þó að eg nú mæti hèr á þingi fyrir það kjördæmið, sem er fólksríkast í landinu, og jafnvel þó eg fúslega viðurkenni, að kraptar mínir eru of veikir til að fullnægja trausti kjósenda minna og skyldu minni fyrir þeirra hönd, þá fæ eg samt ekki hrundið þeirri sannfæríngu minni, að ekki sè gjöranda, að fjölga alþingismönnunum, enda þó eg þess heldur hefði viljað geta sannfærzt um þörf og nauðsyn til þess, sem Árnesíngar líka eru á meðal þeirra, sem borið hafa upp bæn sína um þetta, og vildu þeir í bónarbrèfi þeirra í hitt ið fyrra fjölga þjóðkjörnum þíngmönnum til 30, en í ár til 42, og gjöri eg ráð fyrir, að þeir byggi breytíngu þessa á fjölguninni, á þeim ástæðum, sem færðar voru fram bæði á fulltrúaþíngi Hróarskeldu, er málið um skipun alþíngis var til ráðaneytis þar, og því, sem seinna er tilgreint í íslenzkum ritum, sem komið hafa út þar að lútandi, og þíngmenn þekkja. En það er enn fremur athugandi hèr við, að Árnesíngar, bæði nú og í hitt eð fyrra, og einkum beinlínis í þetta sinn, mælast til, að fæðispeníngar alþíngismanna sèu settir niður til 2 ríkisbánkadala; en það er kostnaðurinn einkum, sem mèr þykir ískyggilegur við fjölgunina, og hefir hinn heiðraði þíngmaður sem seinast mælti, að mèr virðist, fært næg rök til þessa atriðis út af fyrir sig. Hvernig meiri hlutinn getur ætlazt til þess, að nógu margir verði á þíngi, svo að ályktanir verði teknar þar að lögum, einmitt fyrir þá sök, að alþíngismenn fjölga, getur mèr naumast skilizt, því auk þess að þeir þá verða að vera þeim mun fleiri, en nú, að tiltölu, sem á þíng koma, ef það á að verða haldið, svo ætla eg líka, að gjöra megi ráð fyrir því, öllu heldur en nú, þegar þíngmenn eru orðnir 2 fyrir eitt kjördæmi, að annarhvor þeirra hlífi sèr við þíngreiðinni, einmitt fremur fyrir þá sök, að þeir eru orðnir 2, og að þeir enda kunni að koma sèr saman um, að skiptast á um þíngferðina sinn í hvert sinni.

Það er einnig fyrir mig eitt af þeim viðkvæmustu atriðum í máli þessu, hvað segja skal um það, hvort íslenzk túnga eingaungu megi heyrast á þingsalnum; en þegar spurningin er þannig sett fram yfir höfuð um það, hvað bezt eigi við Íslendínga, eða á landi hèr, í þessu efni, þá get eg ekki verið í miklum efa um, hverju svara eigi. Á hinn bóginn get eg heldur ekki dulizt þess, að svarið hefði orðið allt á annan veg hjá mèr, en það nú er orðið, eptir nefndarálitinu, hefða eg þókzt geta reidt mig á það, að konúngsfulltrúi sá, sem hingað til hefir verið á alþingi, yrði á því til frambúðar, og eg þori að segja, að þingmönnum, og enda landsbúum öllum, býr hið sama í brjósti, og að eingum kemur annað til hugar, en að samsinna hverju því orði, sem forseti á alþingi í hitt eð fyrra vèk til konúngsfulltrúa í ræðu sinni að þínglausnum; en von mín um það, að þínginu haldist á þessum konúngsfulltrúa til leingdar, er næsta völt, en einga von hefi eg um hitt, að sá, sem á eptir kemur, geti, sem menn kalla, náð þángað tánum, sem hann hefir hælana, hvort heldur hann nú á að koma frá Íslandi eða Danmörku. Konúngsfulltrúinn hefir sjálfur greidt flest þau atriðin, sem mæla fram með því, að íslenzk túnga sè eingaungu höfð við á þinginu; en samt tók eg ekki eptir því, að hann tæki fram eitt atriði, sem mèr þó líka verður að þykja athugavert, og það er um kostnaðar-auka þann fyri landið, sem ásamt með tímatöfinni leiðir af þýðingu ræðanna úr dönsku máli á þinginu: því líka verður að gjöra ráð fyrir því, að þau málefnin, sem ekki verða útkljáð í eitt sinni vegna tímaleysis, útheimti kostnað með tímanum, þegar þau verða borin upp aptur. Skyldi nú þar að auki svo vilja til, að danskur maður yrði kjörinn til konúngsfulltrúa, sem ekki til fulls skildi ræður þíngmanna, eins og þær eru hèr fluttar, og hann þannig þyrfti að láta aðstoðarmann sinn þýða þær að nokkru leyti fyrir sèr, þá er það í augum uppi, að tímatöfin og kostnaðurinn mundi verða þeim mun meiri. Eg verð að geta þessa fyrir þá sök, að mèr af stjórnarráðatíðindunum 1843 bls. 260, virðist, sem stjórnin gjöri ráð fyrir því, að konúngsfulltrúi eigi rètt á, „að láta aðstoðarmann sinn kynna sèr það, sem fram fer“ á þinginu, og þyki mèr það líka alleðlilegt. Eg held líka, að dæmi mætti finna til þess, að danskur embættismaður, þó hann hafi verið hèr um töluvert árabil í landinu, ekki verði svo fær í túngumáli þess, að hann sè viss um að skilja ræður alþingismanna að fullu.

Mèr þykir þýðing þingstarfanna á danska túngu standa í of nánu sambandi við það atriði, sem eg nú rædda um, til þess að eg ekki um leið líka láti meiningu mína í ljósi um þá aðferð, sem höfð er við þýðingar þessar eptir 43. gr. í alþingistilskipuninni. Sá starfi, sem forseta og skrifurum þingsins er ætlaður, við þessar þýðingar af alþingisbókunum, er, eins og nærri má geta, mjög svo tafarmikill, og hljóta þessir menn, sem sjálfsagt eru einir enir beztu verkameun þingsins, að slökkva miklum öðrum þingstörfum niður, einmitt fyrir þá sök að þeim er lögð á herðar umsjón þýðinganna; enda verður ekki hjá því komizt, að þyngja enn meir á skrifurunum með þýðingunni sjálfri, á meðan á þinginu stendur, því það er ekki einum manni unt, hversu duglegur sem hann annars er, að koma þýðingunni allri af í tækan tíma, eptir sem nú er ætlazt til. Það getur ekki hjá því farið, að þýðingunni sjálfri við og við verði að vera nokkuð ábótavant, þegar á að leysa hana af hendi bæði í snatri, og líka, að því leyti sem skrifarana snertir, undir sífeldum önnum öðrum, og hinn hæstvirti konúngsfulltrúi hefir sjálfur fært þinginu heim sanninn um það í þetta sinn, að annmarkar hafi þókt töluverðir á ýmsum þýðingum þingstarfanna í hitt eð fyrra.

Eg held nú, að hèr á mætti ráða mikla bót, og til mikils hagnaðar fyri sjálft þingið og þá, sem eiga að greiða alþingiskostnaðinn, ef öðruvísi yrði hagað til, en nú er lögboðið í þessu efni; og ætla eg þá, að bezt færi á því, að láta allar þýðingar bíða, þángað til þingbækurnar eru komnar kansellíinu til handa, þannig, að hvorki forseti nè skrifarar hefðu nokkra umsjón með þeim, en að stjórnarráðið þar á móti ætti að fela þýðinguna einhverjum Íslendíngi í Kaupmannahöfn, sem þar til er álitinn hæfur, og ekki þarf að leysa það af hendi í of miklum flaustri.

Það er mælt í nefndarálitinu, að það sè til mikillar nytsemdar, að þinghaldið fari fram í heyranda hljóði, enda er eg eingan veginn fjærri því, þó að mèr hafi verið láð það, að eg varð til þess í hitt eð fyrra, að mæla á móti því, að alþingisdyrunum yrði lokið upp, án leyfis til þess frá konúngi, því það áleit eg í alla staði ólöglegt, og álít svo enn; en eg verð að játa, að ástæður mínar fyrir nytseminni eru næsta fáar, og er hún ekki nema ein einasta, sú sumsè, að eg ætla það ósk

þjóðarinnar, að þingið verði haldið fyrir opnum dyrum. Þessa er, að eg ætla, farið á flot í allflestum bónarbréfum, sem komin eru fyri alþíng um breytíngu í skipun þíngsins, og sem minnast á þetta atriði; og það lítur út fyrir, að ósk þessi aukist og þróist í þjóðinni, að minnsta kosti má eg geta þess fyrir Árnessýslu, að Árnesíngar í hitt eð fyrra ekki voru á því, að beiðast þessa, hvar á móti þeir nú óska þess í ár; og hefi eg sannarlega ekki verið hvatamaður þeirra til þess. Eg verð að virða þessa ósk þjóðarinnar, og eg get ekki dregið mig í hlé til að taka þátt í henni, eins og í öðru, sem eg í þessu máli finn ástæðu til að mæla fram með í bænarskrá til vors allramildasta konúngs, en hans er að veita eða synja eptir sínum vísdómi. Þíngið á að gjöra landinu gagn og vera því í alla staði til nota; en því að eins getur það orðið því til svo mikillar nytsemi sem auðið er, að því sè svo skipað, að þjóðin aptur á móti geti haft mætur á því. Eg held, að það ekki geti orðið til skaða, þó þjóðin verði bænheyrð í þessu efni, og þá er mèr sú ávikna ástæðan ein nóg til að mæla fram með bæninni.

Að því leyti sem nefndarálitið víkur á kostnað þíngferða alþíngismanna, má eg loksins geta þess, að það varð tilrædt í nefndinni, hvernig greiða ætti kostnað þann, sem leiðir af ferðum alþíngismanna hinna þjóðkjörnu til að bera sig saman við kjósendur sína, og var það álit nefndarmanna, að mig minnir, í þessu atriði, eins og það líka er mín meiníng, að sá kostnaður út af fyrir sig ekki ætti að leggjast á almenníng, heldur að þíngmenn sjálfir, ef þeir óska fundarins, en í annan stað kjósendurnir, yrðu að bera þann kostnað, sem leiðir af þvílíkum fundi.

Forseti: Með því það lítur svo út, sem þíngræður muni verða nokkuð lángar um þetta málefni, en orðið er framorðið dags, þá virðist mèr einsætt, að lykta ræður að þessu sinni, en taka til aptur í dag seinna, kl. 5½.

---

## 5. Ágúst — þrítugasti og annar fundur.

Forseti bað menn taka aptur til umræðu í máli því, er rædt var til undirbúnings fyrri í dag.

Framsögumaður Það sýndist svo, sem tveir af hinum virðulegu meðnefndarmönnum mínum ætluðu að fara að segja æfisögu sína, meðan þeir voru í nefndinni, og hvernig þeir hefði farið að hugsa á meðan. Eg veit nú ekki, hvort þingmönnum virðist þetta vera samkvæmt réttum þingreglum, en ekki ætla eg að segja mína æfisögu, því hún mundi hvorki verða laung né fróðleg. Samt sem áður neyðist eg til að drepa á eitt atriði, sem hinn virðulegi varaforseti nefndi, af því eg óttast, að það hljóti að verða misskilið á þann hátt, sem mér væri mjög ógeðfeldur; eg neyðist því einnig til að segja það, sem í nefndinni fór fram um þetta atriði. Hinn virðulegi varaforseti talaði á þá leið, að hann væri öldúngis mótfallinn því, að ferðakostnaður þeirra, sem tækist ferð á hendur til að hafa samræður við kjósendur sína, legðist til annars alþingiskostnaðar, og orð hans lágu svo, eins og þetta hefði verið ályktað í nefndinni, en væri ekki í nefndarálitinu. Þessu verð eg öldúngis að neita. Það var rædt um í nefndinni, þegar talað var um kaup alþingismanna, hvernig ætti að telja kostnað þeirra, sem ætti heima í Kaupmannahöfn, og varð það þá endalyktin, að nefndarmenn þóktust ekki geta ákveðið neina vissa reglu um þetta, þar eð þessi dæmi væri svo einstakleg. Eptir þessu samdi eg nefndarálitið, og allir nefndarmenn lásu það, áður en það var skrifað upp, og fundu ekkert að í þessu atriði. Hvað efni þessu viðvíkur í sjálfu sèr, þá óska eg helzt að sneiða mig hjá umræðum um það, þar eð eg á sjálfur, nú sem stendur, hlut að máli; en eptir því sem nú stendur á, verður að bera upp breytíngaratkvæði, ef þíngmenn vilja ákveða fasta reglu, og mætti þá sjálfsagt hinn virðulegi varaforseti gjöra það; en hitt þykir mèr ísjárvert, ef það yrði vani, að hver nefndarmaður færi að segja frá sèr og sínum hugsunum í nefndinni, og gánga á móti nefndaráliti því, sem hann hefir sjálfur skrifað undir.

Það var talað um, að það mundi tefja fyrir þíngstörfum, ef þíngmönnum yrði fjölgað; hins var ekki getið, að líkindi yrði til, að málin yrði betur rædd og betur af hendi leyst. Það er þó einskonar náttúrulögmál, að því fleiri sem saman eru, því betra mannval hittist, og þegar kosnir verða beztu mennirnir, sem gjöra má ráð fyrir, þá er því framar að vænta, að betur takist, og ef á því ríður, að vandlega sè frá málunum geingið, og ef „það skal vel vanda, sem leingi á að standa“,

þá ríður ekki einúngis á flýtinum. Það var sagt, að ef ein sýsla hefði 2 fulltrúa, þá ætti allar að hafa það; en til þessa sè eg einga ástæðu. Þingin eru bygð á því, að allsherjar viljinn geti komið fram, fyrir munn fulltrúa þjóðarinnar; en þetta leiðir til þess, að fulltrúafjöldinn verður hvað helzt að byggjast á innbúafjöldanum, og jafnast eptir honum; en þar sem varaforsetinn sagði, að ef þingið yrði fjölmennara skipað, yrði síður nokkurt þing svo fáment, að ekki yrði teknar ályktanir, þá held eg þetta hafi einginn sagt, því það er auðsætt, að fjórða hluta þingmanna gæti eins vantað, hvort þing væri fáment eða fjölment. Þegar menn enn fremur skoða, hvernig til hagar, þá hlýtur hver maður að sjá, að kosningarnar verða miklu frjálsari og betri, þegar kjósa mætti tvo, heldur en einn.

Það var sagt, að sú bæn til konúngsins, að íslenzka ein yrði töluð á þinginu, hlyti að særa hans hjarta; þar held eg þvert á móti; eg held, að konúngurinn hafi sýnt þess svo ljós merki, að hann vill vernda móðurmál vort og þjóðerni, að eg held, að bæn þessi væri honum fremur geðfeld, heldur en ógeðfeld, og þækti hún öldúngis eðlileg.

Að bænarskrár um opnar dyr eru komnar úr fjarlægustu sýslum, lýsir að minni hyggju einmitt góðum anda, þar eð þeir beiðendur viðurkenna hina almennu grundvallarreglu, og vilja styðja til, að hún feingi framgáng, þó þeir geti ekki að líkindum haft not af því sjálfir.

Prófastur Hannes Stephensen: Eg finn mèr skylt að gegna áskorun hins heiðraða framsögumanns, og sem meðnefndarmaður að tjá þinginu, að í samræðum nefndarmanna kom það öllum á samt, að kostnaður sá, sem flýtur af þingferðum þingmanna, þeirra sem búa erlendis í ríkjum Danakonúngs í norðurálfunni, væri svo einstaklegur, að ekki yrði ákvörðun nein um hann tekin. Þegar eg las nefndarálitsskjalið og skrifaði nafn mitt undir það, fann eg ekkert í því, sem ekki væri samkvæmt umræðum nefndarmanna, og ekki heyrði eg heldur neitt annað nú, er það var upplesið.

Umboðsmaður Þorvaldur Sívertsen: Eg veit nú ekki, hvort mèr heppnast það, fyrir það þó eg standi upp, að koma því orði á mig, að eg segi hispurslaust álit mitt um atriði máls þessa, hver sem í hlut á, eins og þingmönnum hefir verið bent til. Eg vil samt leitast við að draga eingar dulur á

það, hvað mèr líkar og ekki líkar af nefndar-uppástúngunum, þó ekki með því að hafa lángar ræður eða útlistun hvers einstaks atriðis; eg ætla þess ekki þurfa, því auk umræðunnar hèr á þínginu, hygg eg mest hafa verið ritað um mál þetta af öllum þeim, er fyrir hafa komið á þínginu, og þíngmönnum því vera það nokkurn veginn ljóst.

Eg ætla þá fyrst að geta þess, að eg fellst með öllu á þá uppástúngu nefndarinnar, að frumvarp til breytíngar á alþíngistilskipuninni verði lagt fyrir næsta alþíng; hverju næst eg skal nú víkja ræðunni að þeim breytíngar-uppástúngum, sem nefndin fer fram á, og nefni eg þá fyrst kosníngarlögin, að eg felli mig ekki sem bezt við uppástúngu nefndarinnar, að því leyti hún fer fram á, að kosníngar verði tvöfaldar, þó mikið mæli með því á hinn bóginn, fái maður þær óbundnar við fjáreign; þó hefði mèr fyrir mitt leyti geðjazt betur að einföldum kosníngum, þó þær hefði verið bundnar við nokkra fjáreign, t. a. m. 5 hndr. í einhverju tíundbæru gózi; eg hefi leingi verið á þeirri meiníngu, og er enn þá; og fleiri greindir menn, sem eg hefi talað við, hafa líka verið á því máli; samt sem áður ætla eg ekki að bera upp breytíngaratkvæði um það, sízt að svo stöddu, meðan eg ekki verð þess var, að nokkrir þíngmenn mundu aðhyllast það.

Þar næst sný eg mèr að breytíngar-uppástúngu nefndarinnar, viðvíkjandi ferðakostnaði alþíngismanna, og getur mèr eingan veginn líkað hún vel. Mèr virðist með öllu ómögulegt fyrir nokkurn mann, að gjöra þann jöfnuð á ferðardagatali úr hverri sýslu, að ekki verði ójöfnuður á; eg segi nokkurn mann, nema þann eða þá, sem væru nákunnugir um allt land; það er eg nú að sönnu ekki, og máske flestum þíngmanna ókunnugri; þó þykist eg sjá það, og ætla, að til þess þurfi ekki annað en líta á landkortið, að á niðurjöfnunar-reglu nefndarinnar um dagatal það, er þurfi frá hverri sýslu til alþíngisferðar, sè töluverður ójöfnuður; eg tek til dæmis: að 3 dagar teljast frá Borgarfjarðarsýslu, en ekki nema 6 frá Eyjafjarðarsýslu, og þó eg aldrei hafi komið í ena síðar nefndu, er eg viss um, að þángað er leingra en tvöfalt við vegaleingdina í þá fyrr nefndu; mèr virðist líka, að dagatalan frá Árness, Skaptafells, og jafnvel Ísafjarðarsýslu, og svo er máske um fleiri, sè ofhátt sett, í samanburði við dagatalið úr sumum hinna sýslnanna. Auk þessa verður það aldrei nema órètt, að ætla fulltrúanum sama

ferðakaup, hvaðan helzt hann er úr sýslunni, sem opt og víða getur munað viku ferð, mörgum ám, ferjutollum, sjóflutníngum, fjallvegum, m. fl. Eg segi þetta eingan veginn í því skyni, að eg ekki viðurkenni, að tilgángur nefndarinnar hefir verið góður, bæði að vilja auka sparnað, og líka með þessari uppástúngu að leggja hindranir í veginn fyrir ósanngjarna ferðareikníngа; en þó hèr með yrðu nú sparaðir hèr um 200 rbd. í samanburði við ferðareikníngana frá 1845, hverra sumir þóktu þá hafa útlit fyrir, að það væri ekki með öllu víst, að þeir ætið yrðu jafnháir, þá er það valla vinnandi fyrir 200 rbd. sparnað, að valda ósanngirni eður jafnvel órètti, því rèttindi manna eru þó aldrei smámunir. Fyrir ósanngjörnum reikníngum ætla eg varla þurfi að kvíða, því eg ætla það eingum fulltrúa, að frambera þá, eða hafa til þess nokkurn vilja, en væru menn hræddir um það, hygg eg ráð vera á móti því, það, að allir ferðareikníngarnir væru prentaðir, mundi þá sá, ef nokkur gæfist nokkurn tíma, er vildi semja freka reikníngа, kveinoka sèr við, að láta ósanngjarnan reikníng koma fyrir alþýðu augu, einkum ef hann hefði laungun til þess að vera fulltrúi, því þá mundi hann óttast, að hann yrði ekki kosinn aptur. Eg ætla því að bera upp breytíngar-atkvæði frá nefndaruppástúngunni, á þá leið, að ferðakostnaður borgist eptir sanngjörnum reikníngum, en að þeir verði prentaðir í hvers árs þíngtíðindum.

Um ferðakaup fulltrúa þeirra, sem eiga heimili í Kaupmannahöfn, vildi eg að samin væri fast ákveðin regla; eg ætla samt ekki í þetta sinn að bera upp um það uppástúngu, því, nú sem stendur, er ekki nema um einn fulltrúa að gjöra, sem þar á heima, og það er sá fulltrúinn, sá dugnaðarmaðurinn, sem eg er viss um, og hefi heyrt, að þíngmenn vilja, að þjóðin vill, fyrir hvern mun halda, og þá ekki telja á sig, þó hann kosti þjóðina nokkrum skildíngum meira, en sumir hinna. Um fulltrúa-töluna verð eg á minni hlutans meiníngu; meiri hlutinn vill bæta við fulltrúa-töluna ekki minna en 14, og auka kostnaðinn, mig minnir, allt að 3000 rbd. Nefndin biður um, að alþíngisdyrnar verði opnar, svo hleypa megi inn nokkrum áheyrendum; það er áður beðið um, að bókasafn verði á alþíngi, eg tók eptir á alþíngissalnum. Mèr sýnist nú hèr af leiða, að þá verði að stækka og umbreyta alþíngissalnum, og hvar á að leita að þeirri fèþúfu, er sá kostnaður allur, sem hèr af leiðir, yrði tekinn frá, þegar menn voru þó í vafa og

vandræðum að finna þann stað, hvaðan taka ætti kostnaðinn fyrir alþíng, eins og það er nú. Það er nú líka áætlan, en eingin eða lítil vissa, í mínum augum, fyrir því, að alþíng græði svo mikið, sem ætlað er, við fulltrúa-fjölgunina; það hafa svo margir greindustu menn og vitrustu ætlað það víst, að því stærri sem þíngmannatalan væri, því leingri tíma þyrfti til að útkljá málin; að vinnukraptar þíngsins aukist við höfða-töluna, er, að eg ætla, óvíst; eg held eg verði að skírskota til þess, sem næst er: hèr eru nú, auk ens háttvirta forseta, 23 þíngmenn, þar af eru 7, sem ekki eru í einni einustu nefnd, hvar til eg veit þó flesta, eða alla, vel færa, og sumir þeirra hafa sýnt það áður; nokkrir enna duglegustu þíngmanna, eru í einni eður 2 nefndum, en á lítinn flokk þíngmanna er hrúgað þeim nefndarstörfum, að þeir fá ekki undir risið, svo jafnvel merkilegustu mál verða nú eptir skilin óbúin. Þetta get eg eingan veginn eignað fulltrúafæð, mèr væri nær skapi að eigna það ófimlegum nefndarkosníngum, sem varla mundu hverfa við fulltrúafjölgun. Eg verð því fastlega að mæla á móti fulltrúafjölguninni, og gefa atkvæði mitt, þegar til þess kemur, á þá leið. Að fulltrúalaunin ekki verði lækkuð, þar um verð eg að fallast á nefndarálitið, og eg get það því heldur með góðri samvizku, sem eg hefi nú töluverða reynslu fyrir mig að bera, að alþíngismenn allir hafi ekki hleypt upp gróða vegna þíngfarar sinnar; líka get eg því fremur mælt með því, að daglaunin ekki lækki, sem eg tel óvíst, að eg mæli þar eptir mínu, úr því þessu þíngi er slitið. Þótt mèr sèu ósýnilegar, enn sem komið er, enar góðu afleiðíngar þess, að þínghaldið sè í heyranda hljóði, þá eru mèr eins, eður viðlíka ósýnilegar þær verri, sem af því kynni leiða; hins vegar ætla eg það víst, að þjóðinni, yfir höfuð tekið, þækti það mikils vert, ef það feingist, og fyrst það ekki kemur í bága við sannfæríngu mína, þá nefnilega, að af því þurfi ekkert illt að leiða, ætla eg að veita nefndaruppástúngunni mitt atkvæði.

Eg verð líka að minnast á fáeinar breytíngar við alþíngis-tilskipunina, er eg þykist sakna úr nefndar-uppástúngunni, sem eg vildi að hefðu þó staðið þar; tel eg eina um kosníngu varafulltrúa, sem eg vildi að færi fram sèr í lagi, og fulltrúans sèr í lagi, því með þeirri reglu, sem nú er, getur það aðborið, að sá verði fulltrúi, sem kjósendur ætluðu til að yrði varafulltrúi; og geymi eg mèr rètt til viðauka-atkvæðis á þá

leið. Líka vildi eg, að væri umbreytt reglu þeirri, sem nú er fylgt með innköllun varafulltrúa, og breytt á þá leið: að hindrist fulltrúinn frá að mæta á alþingi, þá sè hann skyldur til strax að auglýsa það sýslumanni sínum, en þessi aptur sýslumanni varafulltrúa, sè hann í annari sýslu (hver þá hafi rètt til að innkalla varafulltrúann til að mæta á alþingi), og geymi eg mèr rètt til viðauka-atkvæðis um þetta, og vona þingmenn því fremur fallist á það, sem virðast kynni ljóst, að annaðhvort vegna óljósrar og ekki rètt skilinnar, eða vegna illa við eigandi reglu þar um, hafi nú heilt kjörþing mátt sakna fulltrúa.

Þá verð eg líka að minnast á þinghaldstímann. Það getur verið það þyki kátlegt, að eg fari að tala um hann, því öðrum þyki það ekki ræðuefni; en þó eingum þyki það öðrum, þyki mèr hann ekki hentuglega valinn. Flestir þingmanna munu vera búsettir, en eiga nú að fara heiman mitt í Júní, eður jafnvel fyrri, sumir hverjir, það er, á undan öllum þeim nauðsynlegustu verkum, umsjón og fyrirhyggju, sem alls búsins ársfarsæld er undir komin; fulltrúinn fer á undan öllum bús-aðdráttum, kaupferðum, byggingum, jarðabótum, fjárráðstöfun á afrètt, fráfærum og ótal öðru, sem ekki getur verið án húsbóndans nærveru; líka má eg fullyrða það, að vestanlands geta verzlunarhagir mikið eða að mestu farið eptir því, hvort fulltrúar þeir, sem nú eru þar kosnir og hèr eptir kunna máske að verða kosnir, eru heima eða ekki, og getur því burtför þeirra fyrir kauptíð ollað töluverðum óhagnaði, ekki einúngis þeim, heldur almenníngi líka, og mun mega segja, að svo hafi í ár orðið. Allt þetta, og þó minna væri, getur ollað því, að fulltrúinn fari hvergi, en sitji heima til að gæta bús og barna, heldur en að gefa bú sitt og alla þess fyrirhyggju (sem menn segja) guði og hreppstjóranum. Sama óhægðin held eg verði nú uppi á fyrir embættismönnum þeim, sem kallaðir eru til alþingis, því flestir munu þeir búandi; eg held líka það geti verið embættisstjórn þeirra sumra hverra til töluverðra ónota; eg vil, t. a. m., taka til um biskupinn, sem að líkindum optast mun kallaður til alþingis; eg þekki að sönnu ekki til hans embættisanna, þó hefi eg heyrt, að þær ekki annan ársins tíma sèu meiri, en fyrri part Júlí; þá er hann, auk embættisannanna, kafinn heimsókn prófasta sinna og presta úr öllum fjórðúngum landsins, og þegar hann einn-

eginn á nú að gegna alþingisstörfum um sama tíma, ætla eg honum sè ætluð sú byrði, sem mannlegum krapti muni veita örðugt að rísa undir. Byrjaði þínghaldið ekki fyrri, en eptir miðjan Júlí, virtist mèr, sem mikið af ónotum þessum hvyrfi; þá ættu búendur lángt hægra með að fara frá heimilum sínum: úr því er ekki nema að því eina verki, heyskapnum, að gánga; því til umsjónar getur hver fulltrúi sem optast keypt sèr mann og feingið, sem ómögulegt er til ens fyrr talda. Eg ber því upp það viðauka-atkvæði, að alþíng byrji aldrei fyrri en 16. Júlí.

Eitt atriði í nefndar-uppástúngunni er af mèr enn þá óáhrært, og sem eg sízt vildi þurfa að minnast á, og það er, að íslenzka ein framfari á alþíngi. Eg ímynda mèr, og held það víst, að eingin sú rödd sè til á Íslandi, sem ekki þækti það mikilsvert og æskilegt, gæti svo verið; en eg ætla líka, að margar sèu þær raddir, (eg veit ekki hvert allar) en mjög margar, sem óski þess, að slíkur konúngsfulltrúi, sem vèr nú höfum, yrði hjá okkur, sem leingst verða má, hvers ágæti að hyggindum og ljúfmennsku er þjóðkunnugt; en vegna þess að eg gjöri mèr mjög valta von um hans líka að öllu, úr því hann hvyrfi okkur, verð eg að aðhyllast uppástúngu nefndarinnar, að því leyti hún gæti orðið heyrð. En til vara ætla eg að bera upp það vara-atkvæði, að konúngsfulltrúi skilji íslenzku, og að eingin útleggíng á íslenzku framfari af enum dönsku ræðum, er konúngsfulltrúi flytur á þíngsalnum; taka slíkar þýðíngar töluverðan tíma frá þínginu, en olla máske leiðinda, að því leyti sem sama ræðan er flutt tvisvar, en fáir munu eða eingir þeir fulltrúar á þíngi, nè verða á þíngi, sem ekki fá skilið danska ræðu þess manns, sem svo er kunnugur íslenzkunni, að hann skilur allar enar íslenzku ræður fulltrúanna; hver veit líka, nema það gæti orðið mentun vorri til framfara, og fleiri, sem hefðu laungun til að geta orðið fulltrúar þjóðar sinnar, færu því fremur að leitast við að nema danska túngu. Eg hefi nú máske orðið lángmæltari, en eg vildi, enda skal eg nú hætta.

Ásgeir Einarsson: Eg hefði ekki staðið svona fljótt upp, á meðan eg var ekki búinn að heyra meiníngar fleiri þíngmanna, hefði ekki sá heiðraði fulltrúi Dalasýslu borið upp breytíngaratkvæði sitt um, að danskan yrði ekki þýdd eptir

konúngsfulltrúa, líka furðar mig stórlega, hvernig ræður manna falla hèr í dag.

Eg hefi áður getið þess, að eg hefði það traust til þíngmanna, að þeir lètu ekkert það, sem hættast er við að villi sjónir fyrir breyskum manneskjum, stýra orðum nè atkvæðum sínum á þeim stað, er þeir nú eru á, og þarf eg ekki að taka þetta fram aptur; þessari reglu hefi eg staðfastlega viljað fylgja, en hvort sem þíngtíðindin bera mèr um þetta augljóst vitni eða ekki, vona eg að meðvitund mín gjöri það.

Eg minnist þá fyrst á nokkur atriði í ræðu ens heiðraða konúngkjörna þíngmanns, er fyrstur mælti í dag eptir konúngsfulltrúann; hann minntist fyrst á kosníngarlögin, og verð eg að geta þess, að síðan eg las frumvarp hans, dagsett í Október 1844 um tvöfaldar kosníngar, hafa mèr ætíð sýnzt þær eiga vel við á Íslandi, þegar frjáls kjörgeingi fylgdi þeim; en það, sem mèr þókti að kosníngarlaga-frumvarpinu, var það, að kosníngarrètturinn var bundinn við nokkra fjáreign, og getur verið, að ókunnugleiki höfundarins á ýmsum hèröðum hafi valdið þessu; en nú er þetta lagfært í nefndarálitinu, og mig minnir, að sá áminnzti heiðraði þíngmaður hafi skrifað undir þá greinina, og vona eg nú, að hann víki ekki frá þessari meiníngu, enda held eg einginn verði til að standa upp til að óska, að kosníngar verði bundnar við fjáreign, þegar þær eru tvöfaldar. En til að sýna, hvað það ætti illa við, að binda tvöfaldar kosníngar við fjáreign, enda þó ekki væri meira tiltekið en skiptitíund, get eg þess, að árið 1844 voru 39 búendur í Árneshrepp í Strandasýslu, og þar af einir 8 í skiptitíund; um þetta hefi eg vissa skýrslu í höndum, og er nú af þessu auðsætt, hvað margir hefðu orðið kjörmenn í nefndum hrepp; þó munu veiðistöðu-hrepparnir ekki betur farnir í þessu, og um einn hrepp hefi eg heyrt getið fyrir fáum árum, hvar ekki var nema 1 maður í skiptitíund. Eg heyri, að ýmislegt er fundið að tvöföldu kosníngunum, og verð eg því að láta í ljósi meiníngar mínar um þær. Það mun öllum kunnugt, hversu ógeðfelt það var Íslendíngum, að kjörgeingi og kosníngarrèttur var bundinn við fjáreign, og það er viðurkent af öllum, að skynsemi, dugnaður og ráðvendni sè ekki bundin við auðlegð, og auður geti hlotnazt þeim, er þessa kosti vantar; en þar ætíð verður að vera eitthvert takmark við kosníngarlögin, verða allir að viðurkenna, að betur eigi við á Ís-

landi, að það sèu þeir áminnztu kostir, en fjáreign. Eg hefi alltíð haldið, að mönnum væri ant um [illegible]em bezta alþingismenn, og mundu neyta allra krapta til þess, en það eru kraptar skynseminnar, sem þetta eiga að verka; og eg er sannfærður um, að þeir verða ekki margir, sem brúka þá til ills í þessari grein; mèr er líka kunnugt, hvað mörgum skynsömum kjósendum hefir verið ant um að kjósa þá, er þeir hefðu bezt traust til.

Það annað, sem sá heiðraði konúngkjörni þíngmaður mintist á, var það, hvort alþíng skyldi haldast í heyranda hljóði, og furðar sig yfir því, að bænarskrár um þetta hefðu komið frá fjarlægum hèröðum, hvaðan líkindi væru til að fáir mundi koma; en reynslan sýndi eð fyrsta sinn, sem alþíng var haldið, að nokkrir skynsamir menn komu til alþíngis, og var það einmitt af því, að menn vonuðu eptir að mega heyra á ræður alþíngismanna, og nú hefir reynslan sýnt, að færri komu þess erindis, af því þeir hrekkjuðust eð fyrra sinn á því, að von þeirra brást, og aðferð sú, er við var höfð, þá talað var um þetta mál á alþíngi 1845, hefir víða orðið óvinsæl. Eg get ekki sèð, að neitt illt geti af því flotið, þó þíngið ætti vald á að leyfa mönnum að heyra og sjá það, sem fram færi, þegar allrar góðrar reglu væri gætt, enda gæti það orðið töluverð leiðbeiníng þeim, er síðar kynnu að verða alþíngismenn.

Nú kemur að því atriðinu, sem flestum hefir orðið sárast að verða að minnast á, og það er, hvort móðurmál þeirra eigi að verða talað einsamalt á alþíngi, og þykir kammerráði Melsteð það særa of mjög tilfinníng konúngsins, að biðja hann um það, sem hann geti ekki veitt, nefnil., að konúngsfulltrúinn tali íslenzka túngu á alþíngi; en kammerráð Drevsen sagði á fulltrúaþíngi í Hróarskeldu, einmitt þegar um mál þetta var rædt: „mèr virðist í stuttu máli, að svo særandi sè fyrir hverja þjóð, ef einginn gaumur er gefinn að túngu hennar, að eg er sannfærð„ur um, að ekki eigi að ræða á aðra túngu, en íslenzka, á al„þíngi Íslendínga, og að konúngsfulltrúi eigi þá og að mæla „á þá túngu“ (sjá Frèttir frá fulltrúaþíngi í Hróarskeldu 1842, bls. 216); áður í ræðu sinni hefir nefndur fulltrúi tekið Holseta til dæmis um þetta, sem lesa má á sömu blaðsíðu, og var þó þessi maður danskur. Menn hafa látið í ljósi ótta fyrir því, að aldrei mundi slíkur konúngsfulltrúi fást, sem sá, er nú er; eg vil nú ekki synja þessum manni þeirrar virðíngar, er

hann á skilið, en ekki þykir mèr það sem best til fallið, að fara þessum orðum við einn mann á þessum stað, því með því getur sýnzt, að menn meti hann mest allra manna bæði í Danmörk og á Íslandi, og efast eg um, að menn þekki alla menn svo vel í Danmörku; þó eg sè þar ekki kunnugur, hefi eg heyrt getið um marga duglega og Íslandi velviljaða menn þar; því þókti mèr það nokkuð undarlegt, sem stóð í bænarskrá frá Árnessýslu 1845, að íslenzk túnga væri eingaungu við höfð á alþíngi, þegar sá nú kjörni konúngsfulltrúi hætti að hafa umboð konúngs á alþíngi, en hvort nokkur Íslendíngur væri til þessa starfs fær, ætla eg ekki að dæma um, en ræða hins heiðraða konúngkjörna þíngmanns sýnir þó ljóst merki velvildar til konúngsins. Nú vil eg aðgæta, hvort eingin ráð eru til þess, að menn þurfi ekki að missa þann núverandi háttvirta konúngsfulltrúa af alþíngi framvegis, þó sú umtalaða bæn sè veitt. Mèr virðist einmitt, að sá hæstvirti konúngsfulltrúi hafi bent til þessa ráðs tvisvar á þessu þíngi, með því að flytja skriflegar ræður á íslenzku; þetta held eg hann gæti alltíð á þann hátt, að skýra álit stjórnarinnar á málunum og sannfæra þíngið, og mundi hann geta þetta svo í tveimur ræðum, er hann flytti, annari við undirbúnings-umræðuna, og annari við ályktunarumræðuna, að þeir, er honum væri auðið að sannfæra, mundu sannfærast.

Eg ætla ekki að svo stöddu að tala margt um fulltrúafjölgunina; þar hafa aðrir mælt með og mót, en það sýnist af bænarskránum, eins og það sè orðinn inngróinn hugsunarmáti þjóðarinnar, að alþíngismönnum sè fjölgað, og lækkaðir fæðispeníngar þeirra: eg vona nú, að þíngmenn sjái, hvort nokkrum þíngmönnum yrði hèr of aukið, ef menn geta gjört sèr von um, að þeir feingjust gagnlegir. En þó það sè orðið innrætt þjóðinni, að takast mætti að setja niður fæðispeníngа alþíngismanna, er ekki að furða, þar bæði hefir verið bent til þess í tímariti því, sem kallast Ný-Fèlagsrit, og svo er þess getið í neðanmálsgr. í 4 þáttum um alþíng, að bænarskráin frá 1837 taki til 1 rbd. 3 mörk í skotpeníng handa hverjum alþíngismanni, og er líklegt, að í þessu hafi verið höfð fyrir augum aukatekju-reglugjörðin af 10. Sept. 1830, 15. gr.; en hvað sem um þetta er, munu margir hafa haldið, að merkir menn hafi samið bænarskrána, hvort sem þeir hafa verið kunnugir í Reykjavík eða ekki, hvað dýr þar mundi verða vera þíngmanna.

Alþýða mun, ef til vill, halda, að menn gætu komið sèr haganlegar fyrir um þingtímann, en nú, með því að vera í sameiníngu í skólahúsinu, ef það feingist; eg er og svo á þeirri meiníngu, og mundi margt gott af því leiða, því þá ættu menn hægra með að bera saman meiníngar sínar, og gæti það fyrirbygt ýmsan misskilníng síðar. Það hefir verið helzt fært á móti því, að setja niður fæðispeníngа alþíngismanna, að með því mundu duglegir þíngmenn hætta að koma; þetta er nú móti minni sannfæríngu, því eg held, að allir sem vildu þjóð sinni gagn, mundu fara á þíngið, ef þeir heldu sig geta unnið henni það, þó þeir græddu ekki á ferðinni, enda eru það kallaðir fæðispeníngar, sem menn fá, en ekki kaup. Annað getur líka leidt af miklum fæðispeníngum, nefnil., að einhver smeygði sèr inn í röð alþíngismanna af von um ábata, og væri þetta ekki betra. Verið getur, að menn vinni minna, en þeir halda, með miklum fæðispeníngum, því náttúrlegt er, þó allir reikni dýrara við þá menn, er slíkt er ætlað til fæðis, en aðra; en um þetta ætla eg ekki að bera upp breytíngaratkvæði, fyrr en eg heyri um það meiníngu þíngmanna.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Hinir heiðruðu þíngmenn hafa nú margir hreift við ýmsum atriðum í máli því, sem nú er verið að ræða, en einkum hefir hinn háttvirti konúngsfulltrúi og hinn heiðraði framsögumaður tekið ljóslega fram sèrhvert atriði þess, eptir sem það fyrir kemur í nefndarálitinu, og vakið athygli þíngsins að þeim; eg vil að eins hreifa við fáeinum atriðum í nefndarálitinu og láta uppskátt álit mitt um þau. Það er þá fyrst, hvað fulltrúafjölgunina áhrærir og kostnaðinn; að menn hafa ekki orðið á eitt sáttir með fulltrúafjölgunina, þá er það sprottið einúngis af því, að menn hafa litið til kostnaðarins, sem af því leiðir, en ekki vegna þess, að menn óskuðu ekki alment, að þeir yrðu fleiri. Eg ætla, að þíngið yrði bæði tignarlegra og ynni einkar mikið að vinnukröptum, ef þíngmönnum væri fjölgað, eins og nefndin hefir ákveðið; því annars mættu eins vel nægja og jafnmikið afreka 10 eins og 20, og sè eg annars einga meiri ástæðu að hafa þá eins marga og nú er, heldur en nokkuð færri; en álítist það nauðsyn, að svo sè, sem nú er, og að málin skýrist og vinni fremur við þá tölu, en ef færri væru, vona eg hið sama mundi að tiltölu verða, ef þeir fjölguðu, en til þess að þjóðinni verði ekki ofþýngt með viðauka-kostnaði, er leiddi af fjölgun fulltrúanna, sting eg upp á,

og ætla að áskilja mèr breytíngar-atkvæði þannig, að alþíng verði einúngis haldið 3. hvert ár, og þá í 6 vikur, en tala enna þjóðkjörnu fulltrúa verði, eins og nefndin hefir tiltekið, 34 og 6 konúngkjörnir.

Annað atriðið, er eg ætlaði mèr að hreifa lítið eitt við, er um málið, er ræða skal af hálfu konúngsfulltrúa. Hinn hæstvirti konúngsfulltrúi hefir sjálfur bezt tekið fram og lýst í ræðu sinni í dag tilfinníngum þeim, er hvervetna búa í brjósti sèrhvers góðs Íslendíngs, og hreifa sèr djúpt, þegar um rèttindi móðurmáls þeirra er að skipta.

Hinn heiðraði konúngkjörni þíngmaður veraldlegu stèttarinnar, er fyrst ræddi í dag, áleit það vera næst því að særa hjarta konúngsins, ef sú krafa væri gjörð, að fulltrúi hans ætti að vera skyldur til að ræða hèr á þíngi íslenzku; en mèr er spurn: á þá þjóðin í þessu falli minni rèttindi? Sè hjarta konúngsins sært, þá ætla eg þjóðarinnar særist ekki minna; og hvert sárið er þá stærra? En hvort hægt sè að hrinda öllum tálma hèr af veginum, eður sameina kröfur hvorutveggju, konúngs og þjóðarinnar, ætla eg skipti öðru máli; optast munu einhverjir þeir Íslendíngar uppi, er færir mundu vera um að gegna skyldu konúngsfulltrúa, sem færir munðu um að kynna sèr og innræta skoðunarmáta stjórnarinnar, og heimfæra þann skoðunarmáta við það, sem hann af nákunnugleik sínum til þess, hvernig öllu hagar hèr, veit að bezt á við; eg er sannfærður um, að ókunnugleiki konúngsfulltrúans á öllum hag Íslands, sem optar mun fylgja dönskum manni, mun jafnan verða bæði honum og stjórninni sjálfri til nokkurrar fyrirstöðu í því, að láta þær verða málalyktir, sem helzt mætti ákjósa og bezt mundu við eiga, og er eg því viss um, að þjóð vor má ætíð sakna meira í, yfir höfuð að tala, ef konúngsfulltrúinn er danskur, heldur en stjórnin, þó fulltrúi hennar væri íslenzkur; svo leingi sem einginn Íslendíngur er álitinn að vera fær um að vera konúngsfulltrúi, eins leingi er og svo bágt að álykta um það, að þeir muni ekki vera færir um það; og á meðan þeir gjöra sèr einga von um að verða valdir til þess embættis, munu þeir og síður gjöra sèr far um að afla sèr alls, er til þeirra vandasömu stöðu útheimtist.

Þegar eg fyrir mitt leyti lít til þess, sem hèr hefir fram farið á þíngi í tilliti til málsins, þá verð eg að játa, að enar ljósu og greinilegu ræður hins háttvirta konúngsfulltrúa, á dönsku flutt-

ar, hafa fullnægt mèr betur, hvað skilníng og áhrif þeirra snertir, heldur en íslenzka útskýríngin af þeim; konúngsfulltrúinn hefir sjálfur rèttilega getað ímyndað sèr óþægindi þau, er samfara eru og eðlilega fljóta af slíkum útleggíngum; að eg brúki sjálfs konúngsfulltrúans orð, þá gjörir hann ráð fyrir, að af þeim leiði kostnaður, tímatöf, leiðindi, þreyta og minni áhrif, og er þessu í alla staði rètt lýst, og munu allir hèr innan þíngs finna til þess, hvers þeir í sakna, að konúngsfulltrúinn getur ekki rædt á vort móðurmál, og verður þess vegna að hafa mann við hlið sèr, er útþýði það, sem hann talar. Eg ætla, að það ætti þá ekki verr við, ef einkis er annars kostur, en nú er, að konúngsfulltrúinn ræði þá eingaungu á danska túngu og hafi eingan útþýðara; eg hygg þjóðin uni því skár, og þíngmenn allir gjöri sèr far um að læra allir að skilja dönsku. Því áskil eg mèr viðauka-atkvæði, svipað því, er þíngmaðurinn úr Dalasýslu bar upp, að ef við getum ekki feingið þann fyrir konúngsfulltrúa, er rædt geti sjálfur á vort mál á þingi, að hann þá tali eingaungu dönsku, án þess að láta útþýða ræður sínar á eptir af aðstoðarmanni.

Hið þriðja, er eg vildi hafa drepið á, er um opnar dyr þíngsins, eða hvort allt skuli framfara í heyranda hljóði. Eg þekki einga ósk þjóðarinnar almennari en þessa; þjóðin þykist hafa full rèttindi til, að dyr þíngsins standi opnar, hún þykist ein eiga alþíng, konúngurinn hafi allramildilegast gefið sèr það; hún þykist þess vegna eiga frjálst á og fulla heimtu, að mega heyra hvað fram fer á þjóðþíngi sínu; hún álítur það bæði þjóðlegt og gagnlegt, að svo sè; og þó svo sè, að menn úr hinum fjarlægari sýslum eða hèröðum landsins vænti ekki að geta nálgazt sjálfir þessi rèttindi, unna þeir meðbræðrum sínum, er nær eru og hægra eiga með að nálgast þíngið, bæði rèttindanna og ávinníngsins, er þeir vona og sjálfir að verða ínytja; eg fyrir mitt leyti sè að vísu, að það muni máske minna gagn þess, að þíngið sè opið, en menn alment ímynda sèr, en skaða get eg ekki heldur sèð að leiði af því; að við Íslendíngar megum ekki öðlast þessi rèttindi, þó Danir hafi þau ekki, fæ eg ekki skilið, þar sem allt stendur öðruvísi á hèr, en í Danmörk, svo vel í því sem öðru. Á Einglandi, og víðar annarstaðar, hefi eg heyrt, að þjóðþíng væru opin; hvort svo er, vita aðrir þíngmenn betur; eg get ekki annað en fallizt á nefndarálitið í þessu falli.

Um niðurjöfnun, í tilliti til vegaleingdar og ferðakostnaðar, sem nefndin hefir gjört á milli sýslnanna, get eg ekki fallizt á, því eg ætla, að nefndinni hafi af ókunnugleika mistekizt þar, en vegna þess að eg er ekki viðbúinn að lagfæra þetta, sleppi eg því fram hjá mèr að ræða um það.

Stephán Jónsson: Eg skal nú ekki fara mörgum orðum um það, hver ósk manna er yfir höfuð í hèruðum, viðvíkjandi því, hvort kosníngar ætti að vera tvöfaldar eða einfaldar, því svo fer optast, að sitt vill hver, og það jafnvel í sömu sókninni, þó ekki sè yfir stærra svið litið; fyrir því hafa menn rök úr Árnessýslu af ræðu hins heiðraða varaforseta. Mèr virðist því, sem hver þíngmanna verði að vera bundinn við sína eigin sannfæríngu í þessu sem öðru. Þar sem einn hinna konúngkjörnu þíngmanna gat þess, að hann fèllist á þá breytíngu, ef hún yrði uppborin, að fækka kjörmönnum, þá gæti eg því að eins fallizt á það, ef eg hèldi, að þeir, sem heldur vildu sjálfir kjósa þíngmanninn, gæti átt kost á því; þá mundu þeir, sem leingst ætti að, senda kjörmenn, en hinir fara sjálfir; en von mín er veik um, að þetta fáist. Eg veit, að þegar menn vilja koma því til vegar, sem þeim er ant um, vilja flestir heldur fara sjálfir, en senda aðra, og eg er viss um, að sú einþykni er til hjá mörgum Íslendíngum, að þeir nefna einga kjörmenn, ef þeir mega ekki nefna þíngmenn, og því áskil eg mèr breytíngar-atkvæði á þá leið, er eg áður mælti. Í þeirri bænarskrá, sem eg flutti híngað, viðvíkjandi breytíngu á alþ. tilskipuninni, var að vísu beðið um þíngmanna fjölgun, en flestir munu hafa ætlazt til, að þá yrði um leið lækkað kaup þíngmanna, og því að eins þækti mèr tiltækilegt að fjölga þeim, að hitt yrði samfara, sem þó getur verið ísjárvert, eptir því sem reynslan hefir sannfært mig um kostnað þíngmanna; og sem aukizt gæti þó, úr því sem nú er, ef í ári harðnaði; svo mundi líka fara, þó þeim væri fjölgað, að þeir yrði misjafnir fyrir því, og störfin samt lenda mest á þeim, sem færastir verða. Hvað máli því viðvíkur, sem tala ætti á þínginu, þá má það með sanni fullyrða almennings ósk, að það væri íslenzkan ein, en að hve miklu leyti það væri Hans Hátign konúnginum tilfinnanlegt, að heyra því hreift, þar um munu ekki allir jafnnærgætnir; menn vona samt á vilja og viturleik hans, að hann kunni að sjá þann veg, að sigrast á þeim hindrunum, er sýnast liggja í vegi, sem hulinn er almennings

augum. Eg verð að samsinna þeim heiðraða þingmanni Dalasýslu, að ekki muni nefndinni hafa tekizt sem heppilegast, að jafna dagleiðum til hverrar sýslu, og er mèr kunnugt um dagleiðir til sýslna þeirra, sem hann tiltók; en þetta mætti laga, ef frumvarp verður lagt fyrir þingið; eg sè ekki heldur, hver ástæða er til, að miða einúngis við dagleiðir, þegar peningareikníngur er brúkaður; af því flýtur, að ekki getur staðið á minna en 5 rbd., og hluta menn þó opt minna sundur.

Að því leyti sem tveir hinna heiðruðu þingmanna hafa stúngið upp á, að ekki væri útlagðar ræður konúngsfulltrúa, þó hann talaði danska túngu, þá fellst eg eingan veginn á það, því svo getur farið, að sá veljist þingmaður, sem ekki kann dönsku til hlítar, og margur er sá, sem ekki gefst færi á að nema túngumál, og ekki fara kosníngar altènd að vilja þeirra, sem fyrir þeim verða.

Ásgeir Einarsson: Eg ætlaði að standa upp, þegar enn heiðraði fulltrúi Eyfirðínga gjörði það, mest til þess að furða mig yfir umræðum þeim, er hèr eru farnar að koma fram í þessu máli.

Eg veit nú ekki, hvort eg get rètt í vonirnar í huga mínum, um þánkafar og tilfinníngar ens háttvirta konúngsfulltrúa; en sè þetta, eins og eg hugsa, held eg konúngsfulltrúann bjóði við hrósi því, sem honum er nú fært í eigin áheyrn á þessum stað, og eg óttast, að þjóðinni þyki það iskyggilegt. Einnig furðar mig á því, að nokkur maður skuli óska, að hætt sè að þýða ræður konúngsfulltrúa, þegar þær eru fluttar á dönsku, og verð eg að geta þess, að þó mèr auðnaðist að koma híngað aptur, færi eg aldrei inn í þennan sal, ef mönnum tækist þannig að ryðja út úr honum því þjóðerni, sem menn geta enn þá í honum haldið. Líka gæti af þessu flotið, að menn þyrðu aldrei að kjósa annan en þann, er skildi dönsku, og væri slíkt hið versta band á kosníngarlögunum, og gætu menn einmitt fyrir það mist gott fulltrúaefni, en feingið annan lángt um lakari.

Jón Samsonsson: Það var að vísu svo, að eg hafði einga bænarskrá um þetta efni frá Skagafjarðarsýslu, og kom það til af því, að þar um deildust meiníngar manna. Eg treystist því ekki til að taka á móti bænarskrá um það mál. Þó get eg nokkurn veginn með vissu sagt, að flestir vildu, að kosníngar-rèttur væri ekki bundinn við meiri eign en 5 hndr. í

föstu og lausu fè, og kosníngar tvöfaldar; líka vildu margir að laun alþíngismanna væru hæfilega niðursett, þó ekki meir en svo, að þíngmenn væru skaðlausir. En hvað áhrærir þær opnu þínghúsdyr, þá fèllust sumir á það, en sumir ekki; þeir álitu það gagnlaust, og er eg fremur á þeirri meiníngu. Eg vil heldur mæla kröptuglega fram með því, að laun alþíngismanna verði hæfilega niðursett, allt að 2 dölum fyrir daginn, eður svo, að ekki þurfi með sönnu að bregða þíngmönnum um, að þeir græði á þessum launum meira, en vera ber. Hvað hinni dönsku túngu konúngsfulltrúa hèr á þíngi viðvíkur, þá veit eg, að allir óska þess, að íslenzka verði eingaungu töluð hèr á þínginu.

Umboðsmaður Þorvaldur Sívertsen: Eg verð að gjöra hinn virðulega fulltrúa Strandasýslu þess varan, að hann hefir hraparlega misskilið ræðu mína, þar sem hann kallar það, og talar um það, sem breytíngar-atkvæði, er eg bar upp sem vara-atkvæði, og nefndi það útþrykkilega því nafni, og það svo hátt og skiljanlega, hèlt eg, að bæði hann og aðrir þíngmenn hafi ekki getað annað en heyrt það. Að öðru leyti fannst mèr ræða sú, er hann nú seinast flutti, ekki þurfa svars, og skal eg ekki heldur með því leingja þíngræðurnar.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eg veit ekki, hvort hinn heiðraði þíngmaður úr Dalasýslu hefir meint til mín, það er hann nú talaði; sè svo, svara eg því þannig, að eg held fast við viðauka-atkvæði mitt, er eg áðan bar upp.

Umboðsmaður Þorvaldur Sívertsen: Það var til fulltrúans í Strandasýslu, sem eg talaði, og gat þess með berum og skiljanlegum orðum, en ekki til ens virðulega þíngmanns, er nú settist niður, hver eð hafði með öllu fallizt á mitt vara-atkvæði, eptir sem mig minnir, og mèr skildist.

Eyjólfur Einarsson: Eg er flutníngsmaður einnar bænarskráarinnar um fjölgun alþíngismanna og lækkun á launum þeirra, en get þó fyrir mitt leyti með hvorugu mælt, og er í einu og öllu á sömu meiníngu, sem hinn virðulegi þíngmaður Dalasýslu hefir látið í ljósi; eg er, eins og hann, móti opnum dyrum, sem gagnsemdarlausum, og veit, að sú er hin sama meiníng sumra manna í mínu plázi; eg gef því ekki atkvæði mitt fyrir þessu. Eg skyldi þá heldur hafa vit á að óska einhvers fyrir þjóðina, sem sannarlegt gagn er í fyrir hana! Ekki get eg fallizt á, að slept sè þýðíngunni á ræðum konúngsfulltrúa,

því þó eg fyri mitt leyti skilji þær, þá kynni samt vera, að ekki væri svo fyrir öllum öðrum.

Ásgeir Einarsson: Eg heyri, að menn eru farnir að skýra frá smásmuglegum meiníng-mun heima í hèröðum; það var ekki mín meiníng, þegar eg gat þess, hverjar orsakir mundu vera til alþýðu skoðunarmáta á ýmsum atriðum máls þessa. Eg vona, að allir varist að binda huga sinn of fast við meiníngar kjósenda sinna, samkvæmt 59. gr. alþíngistilskipunarinnar.

Assessor Johnsen: Áður en málið geingur til ályktarumræðu, verð eg að svara þeim heiðraða framsögumanni, að því leyti sem hann ætlar, að eg hafi viljað gefa það að skilja, að nefndarálitið ekki væri samkvæmt því, sem gjört var að áliti í nefndinni, viðvíkjandi ferðakostnaði alþíngismanna, og verð eg þá að lýsa því yfir, að hann öldúngis hefir misskilið mig í þessu efni. Nefndarálitið er samkvæmt tillögum nefndarmanna á fundum þeim, sem þeir áttu saman, um ferðakostnað þíngmannanna yfir höfuð; en eg man ekki betur, en að líka yrði tilrædt um kostnað þann, sem kynni að leiða af fundi, er alþíngismaður og kjósendur hans ættu, til að bera sig saman innbyrðis, og geta máske aðrir nefndarmenn borið mèr vitni um, að svo var; en eg fyri mitt leyti áleit það, og álít, óþarfa að taka það beinlínis fram í nefndarálitinu, jafnvel þó mèr nú þækti það eiga við, að drepa á þetta atriði á þínginu; en allra sízt hafði eg nokkurn einstakan mann fyrir augum í þessu efni, og mèr hefir vissulega ekki komið það til hugar, að reglan skyldi gilda fremur um þá þíngmenn, sem hafa aðsetur utan lands, en aðra, heldur að hún ætti eins við þá alla yfir höfuð. Að öðru leyti tek eg það ekki til mín, sem framsögumaður mælti um hvíklyndi meðnefndarmanna sinna nokkurra í þessu máli, og hefir þíngið heyrt, að mín meiníng enn í dag er hin sama, sem èg hefi látið í ljósi i nefndarálitinu.

Hinn heiðraði þíngmaður Dalasýslu hefir skýrt frá, hvernig hann helzt ætli, að haga ætti um aðvörun til alþíngismannsins og varaþíngmannsins til að mæta á þínginu. Eg fyri mitt leyti held, að það ekki síður eigi við, að brúka þá aðferð í þessu efni, sem lögð er fyrir í erindisbrèfum kjörstjóranna, að þeir nefnilega gjöri þá kostnu alþíngismenn vara bæði við kosníngu þeirra, og líka við því, að þeir eigi að gefa varaþíngmönnunum það uppskátt, að þeir ekki geti mætt á þínginu, ef þeir

ekki sjá sèr færi á því, og að varaþíngmenn (eins og alþíngismenn sjálfir), ef þeir líka fá forföll, tjái konúngsfulltrúa, eða þá stiptamtmanni, frá forfallinu, svo fljótt sem unt er, eptir að alþíng er kallað til setu samkvæmt boðunarbrèfi konúngs.

Það, sem sami þíngmaður drap á með tilliti til breytíngar þíngtímans, held eg þó kunni að virðast öðrum á annan veg, og verður hèr eigi farið eptir hvers eins ósk, þar sem kríngumstæðurnar eru nokkuð frábrugðnar fyrir ýmsum þíngmönnum. Vara-atkvæði hins heiðraða þíngmanns um, að eingin þýðíng fari fram af hinum dönsku ræðum konúngsfulltrúa, sýnist mèr koma næsta illa heim við ósk hins sama þíngmannsins um, að þíngið verði haldið í heyranda hljóði, að minnsta kosti ætla eg, að þeir bændur, sem vildu koma á þíngið til að heyra á, þá vel flestir mundu fara varhluta af ræðum hins danska konúngsfulltrúa. Það, sem hann mælti um það meðalið, til að spara ferðakostnað þíngmanna, sem prentun reikníngs þeirra veitir hvers um sig yfir kostnað þenna, er að mèr virðist bygt á álitlegri rökum, eins og ekki heldur alveg verður komizt hjá því, að nokkur ójöfnuður komi fram á annan hátt, eptir sem hann mintist á.

Prófastur Halldór Jónsson: Þó eg vilji forðast að leingja umræður þessa máls, vil eg ekki draga í hlè mína meiníngu um breytíngar-uppástúngur nefndarinnar. Um ástæður mínar vil eg, og þarf eg því síður að fjölyrða, sem ekki mun auðvelt að bæta mörgum við þær, sem á báðar hliðar hafa verið framfærðar. Um kosníngarnar skal eg segja það eitt, að þegar þær skyldu vera tvöfaldar, og kosníngarrètturinn svo óbundinn, sem nefndin hefir stúngið upp á, held eg það víðast hvar mundi nægja, að einn færi til kjörfundarins fyrir hverja 10, sem kosníngarrètt hefðu, en sumstaðar kynni kjörfundurinn með þessu móti þykja heldur fámennur; og svo kunna meiníngar um þetta að verða ýmislegar, eða sumir af ýmsum orsökum að vilja hafa fleiri, eptir tiltölu, á kjörfundinum, en sumir. Áskil eg mèr þess vegna, með hliðsjón til þess sem þíngmaður Eyfirðínga um þetta mælti, það breytíngaratkvæði: að til aðalkjörfundarins skuli fara (til að kjósa alþíngismann) ekki fleiri en 1 fyrir hverja 5, og ekki færri en 1 fyrir hverja 10, sem kosníngarrètt hafa. Viðvíkjandi fjölgun alþíngismanna, er eg veikrar vonar um, að svo mikið gagn eiði þar af, sem við er búizt; hitt liggur í augum uppi, að

kostnaðaraukinn verður mikill, og þar af geingur, eptir tiltölu, æði mikið í ferðakostnað, meðan þíngið ekki er haldið leingur í einu, en nú er lögákveðið. En skyldi nú sú meiníng verða ofan á á þínginu, að fjölga beri þíngmönnum, verð eg til vara að áskilja mèr það breytíngaratkvæði, að fæðispeníngarnir verði lækkaðir til 15 marka, og verð eg þó að játa, að mèr þykir þetta yfir höfuð mjög varúðarvert og ískyggilegt. Ekkert verulegt gagn held eg mundi leiða af því, þó það feingist, að þíngið væri haldið fyrir opnum dyrum; en eg get ekki heldur sèð neinn skaða af því búinn. Hvað viðvíkur málinu, sem konúngsfulltrúinn skuli tala á þínginu, hefir mèr heyrzt nokkur ósamkvæmni lýsa sèr í umræðum manna; menn hafa hèr á þíngi opt, og einkum í dag, borið mikið lof á þann konúngsfulltrúann, sem nú er, fyrir þá frábæru skarpskygni og snild, er hann skoði með málin á allar hliðar, og gjöri þau hverjum manni ljós. Eg, fyrir mitt leyti, verðskulda hvorki lof nè last fyrir, að eg hafi tamið mèr þessa aðferð; eg hefi hèr á þíngi aldrei viljað meiða neinn, en eg hefi líka forðazt allar lofræður, því eg hefi álitið, að hvorugt ætti rètt vel við á þessum stað. En fyrst eg fór að minnast á þetta atriði, verð eg, til þess eg verði á hvoruga hliðina misskilinn, að taka það fram, að eg álít, að konúngsfulltrúinn eigi með öllum rètti það lof, sem hann hefir feingið. Nú hafa menn hins vegar viljað biðja hans Hátign konúnginn, að fulltrúi hans skyldi mæla á íslenzka túngu á þíngi þessu, og það álít eg líka mikilsvert, og æskilegast, ef það gæti feingizt; en sá hæstvirti konúngsfulltrúi hefir sjálfur með berum orðum, hafi eg tekið rètt eptir, lýst því yfir, að það væri frágángssök fyrir sig, að gegna hèr köllun sinni, ef hann mætti ekki tala annað en íslenzku. Þetta finnst mèr nú sjálfu sèr mótsegjandi: að biðja um það, sem verður, ef það fæst, að svipta þíngið þeim manni, sem því er mikill skaði í að missa, og það ekki vill missa. Eg get því ekki gefið jákvæði mitt þessari bæn, og ber líka það traust til vors allramildasta konúngs, að þegar fulltrúaskipti hljóta að verða, muni hann eptir viturleik sínum og þeirri mildu umönnun, sem hann svo auðsjáanlega ber fyrir þörfum fósturjarðar vorrar, sjá oss, svo vel sem verður, fyrir öðrum frammúrskarandi manni.

Jakob Pètursson: Eg er einn af þeim, sem flutt hefi til alþíngis bænarskrá um það, að þjóðkjörnum þíngmönnum yrði

fjölgað allt að helmíngi, fram úr því sem nú er; en þess er að gæta, að sama bænarskráin tók það fram, að daglaun allra yrði sett niður til 2 rdb.; en þar nefndin hefir ekki fundið nægа röksemd til að fallast á það síðar nefnda, tel eg vafalaust, að höfundar þeirrar bænarskrár mundi falla frá þessari bæn sinni í fyrra atriðinu, heldur en að alþíngiskostnaður yxi fyrir það allt til 7000 rbd., eða meir, fyrir hvert þíng; enda er eg ekki enn þá sannfærður um, hvort þeim mun fleiri þíngmenn gögnuðu þeim mun betur, sem svaraði til kostnaðar- aukans.

Konúngsfulltrúi: Með tilliti til nokkurra þeira orða, sem borið hafa á góma undir umræðum málsins í dag, verð eg að bæta við mína fyrri tölu nokkrum athugasemdum.

Hinn heiðraði framsögumaður lèt í ljósi, að mismunurinn milli hans og míns álits kæmi af því, að hann sem Íslendíngur skoðaði málið frá sjónarmiði landsins, en eg sem danskur maður skoðaði málefni þetta frá dönsku sjónarmiði: hann yrði því einmitt að álíta það rètt, að stjórnin yfir Íslandi væri eingaungu skoðuð sem íslenzk stjórn. Eg verð nú að játa því með hreinskilni, að eg hefi gjört ráð fyrir því, að þegar eitt ríki innibindur í sèr fleiri ólíka parta, þá geti stjórnin heldur ekki sneidt hjá því, með tilliti til umráða hvers einstaks parts, að hafa gætur á því, að fleiri slíkir ólíkir partar eru háðir henni, og að þessi umráð hljóta að vera bygð á hinum sömu aðal-grundvallarreglum. Ef stjórn hins gjörvalla danska ríkis ætti að gleyma þessu sjónarmiði vegna Íslands, þá get eg ekki skilið, að því geti orðið komið við á annan hátt en þann, að Hans Hátign konúnginum þóknaðist að flytja aðsetur sitt til Reykjavíkur og taka með sèr stjórnarráðin þángað, en hann yrði þá líka að leggja niður stjórn sína yfir hinum öðrum pörtum ríkisins, og öll þessi breyting mundi þó verða heldur kostnaðarsöm fyrir Ísland. Eg verð þannig að halda, að eg þurfi ekki að færa fleiri rök að þessu áliti mínu.

Framsögumaðurinn hefir enn fremur hreift því, að þíngið mundi verða virðulegra, ef þíngmönnum yrði fjölgað. Mèr virðist, að þíngið með þeirri tölu þíngmanna, er það þegar hefir, sè mjög svo tignarlegt, og þetta tillit getur því ekki á nokkurn hátt orðið tekið til greina, þegar skera á úr þessari spurníngu.

Eg skal nú víkja máli mínu að nokkrum þeim orðum, sem hinum heiðraða varaforseta fórust; en eg verð áður að

gjöra nokkra athugasemd í tilliti til hinnar margumræddu spurníngar um mál konúngsfulltrúans. Þegar eg heyrði þær mörgu lofræður, sem ekki að eins hinn heiðraði varaforseti, heldur og einnig margir aðrir þíngmenn hèldu yfir mèr, sem konúngsfulltrúa, og sem að líkindum urðu að vera mèr mjög geðfeldar, fluttist hugur minn ósjálfrátt til þeirrar reglu, er varaforsetinn fyrir skömmu að vísu ekki setti (því að setja þínginu reglur, gjörir hvorugur okkar, þó eg muni vel eptir því, að mèr var ófyrirsynju borið þetta á brýn), heldur rèði þínginu til, þeirrar nefnilega, að þegar tilrædt væri um að fella embætti niður, þyrfti þó ekki að færa að þeim embættismönnum, sem þegar væru, heldur væri sú aðferðin lángt um rèttari, að lofa þá. Eg gat nú að mínu leyti ekki annað en fært nokkuð af þessum lofræðum á þennan reikníng, því mèr virðist ásamt þeim konúngkjörna þíngmanni hinnar andlegu stèttar, er þegar ræddi, að það annars ráði að líkindum, að þegar einhver maður, er mælir á danska túngu, er svo vel fær um að standa í stöðu sinni, sem konúngsfulltrúi, þá hljóti einnig aðrir menn, þó þeir tali dönsku, að vera færir til þess.

Að því leyti hinn heiðraði varaforseti enn fremur hefir farið orðum um þann kostnað, sem leiddi af útleggíngu þess, er konúngsfulltrúinn flytti á danska túngu, þá lítur það svo út, að slíkar ræður sèu ekki mikils metnar, ef horfa á í þann kostnað, sem leiðir af útleggíngu þeirra.

Enn fremur hefir varaforsetinn vikið á það, að sjá mætti af stjórnarráðatíðindunum, frá árinu 1843 bls. 260, að stjórnin hefði hugsað sèr það tilfelli, að konúngsfulltrúinn yrði á þínginu að láta aðstoðarmann sinn snúa ræðum þíngmanna frá íslenzkri túngu á danska. Eg hafði tíðindi þessi á fyrra fundinum í dag ekki við höndina, og gat þess vegna ekki strax í stað haft á móti flutníngsmanni, þó mèr virðist það harla ótrúlegt, að stjórnin nokkru sinni hefði gjört ráð fyrir slíku. En við nákvæmari skoðun stjórnarráðatíðindanna sannfærðist eg einnig um, að þessu er ekki þannig varið. Varaforsetinn hefir haft orðin á hinum tilgreinda stað rètt eptir; þar var gjört ráð fyrir, að konúngsfulltrúinn gæti brúkað aðstoðarmann sinn „til að kynna sèr það, sem fram væri farið.“ En þess ber að gæta, að á undan er meðal annars umtalsefnið, að stjórnin, til fulltrúa fyrir sína hönd á alþíngi, jafnvel gæti kosið þann mann, er ætti heima í Danmörku, væri inni í aðalgrundvallar-

reglum stjórnarinnar og kunnugur ásigkomulagi Íslands, en þar á móti kynni ekki íslenzka túngu; og að á annmarka þeim, sem af því leiddi, mætti ráða bót, með því að konúngsfulltrúinn ætti rètt á að láta álit sitt skriflega í ljósi fyrir þínginu, og að því búnu að láta íslenzka það, eins og hann gæti notað aðstoðarmanninn til að láta hann „kynna fyrir sèr það, sem fram væri farið.“ Með þessum orðum er þannig gjört ráð fyrir öllu öðru sambandi milli konúngsfulltrúans og þíngsins heldur en því, sem nú á sèr stað, þar sem þar er gjört ráð fyrir, að svo kynni að bera til, að konúngsfulltrúinn vildi að eins skriflega láta álit sitt í ljósi, og að öðru leyti láta aðstoðarmanninn skýra sèr það, sem framfæri á þínginu. En eins og eg nú yfir höfuð verð að álíta það mjög svo óliklegt, að svo geti ástaðið millum konúngsfulltrúa og alþíngis, að minnsta kosti mundi eg, ef svo hefði verið ástadt, hafa álitið mèr öldúngis ómögulegt að gegna störfum konúngsfulltrúa, svo mundi þó þar af eingan veginn leiða það óeðlilega ástand, að ræður þíngmanna yrðu samstundis útlagðar á dönsku af aðstoðarmanni konúngsfulltrúa.

Að semja skyldi útleggíngu þings-aðgjörða, eins og hinn virðulegi varaforseti hefir stúngið upp á, fyrst eptir að þíngbækur, og ef til vill þingtíðindin, væru komin til Danmerkur, og að stjórnin skyldi sjá um, að útlagt væri, mundi eptir ætlan minni valda of miklum tímatöfum; því þar eð ekki má gjöra ráð fyrir, að prentun alþíngistíðinda sè svo snemma lokið, að niðurlag þeirra komist til Danmerkur fyrr en vorið eptir að þíng er haldið, þá yrði stjórnin að draga það meir en missiri, að starfa að alþíngismálum. Auk þess kæmi sú aðferð ekki saman við þá reglu, sem eðlilegast væri að fylgja, nefnil. þá, að stjórnin annist bæði dönskuna og íslenzkuna á því, sem hún leggur fyrir alþíng, en alþíng annist um bæði íslenzkuna og dönskuna á því, sem það sendir stjórninni.

Með tilliti til þess, sem hinn virðulegi þíngmaður Norðurmúlasýslu sagði, að eg hefði talið upp ásamt annmörkum þeim, sem fylgdu hinum dönsku ræðum konúngsfulltrúans, kostnað þann, sem leiddi af útleggíngu þessara ræðna, þá mun hann hafa sèð, af því sem eg hefi sagt, að það er ekki eg, heldur varaforseti, sem drap á þetta atriði.

Assessor Johnsen: Það er eitt af því, sem á mjög illa við mig, að þurfa að segja mönnum fagurgala upp í opin eyru

þeirra, en þó verður mèr það enn þá óþægilegra, að þurfa að taka þess háttar aðferð af sjálfum mèr í forsvar; en það ber nú svo vel undir, að eg ekki þykist þurfa þess, og eg viðurkenni ekki, að eg hèr hafi sett hól á nokkurn mann á þinginu, þó eg ekki hafi látið það eptir liggja, að skýra sannfæringu mína, eins og eg áleit þurfa. Það á því ekki skylt við þetta mál, sem konúngsfulltrúinn sagði, um reglu þá, er eg hefði gefið hèr á þinginu í öðru máli, eða þegar rædt var um, að víkja amtmönnum frá embættum þeirra, og urðu aðrir miklu fremur en eg til þess, að hrósa þeim þá, þó mèr heldur ekki þækti nein ástæða til að lasta þá, fyrir þá sök að farið var fram á, að taka embættin af sjálf.

Eptir auglýsingum hins hæstvirta konúngsfulltrúa verð eg nú að vísu að trúa því, að stjórnin ekki hafi gjört ráð fyrir, að til þess gæti komið, að konúngsfulltrúi lèti aðstoðarmann sinn þýða fyrir sèr ræður þingmanna hèr á þinginu, jafnvel þó mèr virðist, að skipun orða þeirra, sem eg benti til í stjórnarráða-tíðindunum, gefi nokkra átyllu til að halda, að svo kunni að hafa verið; en eg styrktist líka í þessari meiníngu minni við það, sem farið var á undan, og lagt var til í þessu efni af nefnd þeirri, sem sett var með konúngsúrskurði 1838, og frá upphafi bjó til alþíngislögin: en sú nefnd ætlaðist, ef mig minnir rètt, til þess, að forseti sæi um, að þýdt væri á báða bóga, hinar dönsku ræður konúngsfulltrúa á íslenzku fyrir alþíngismönnum, og hinar íslenzku ræður þeirra á dönsku fyrir konúngsfulltrúanum, og ætla eg, að þetta líka muni sjást af þíngtíðindum fulltrúa í Hróarskeldu 1842. Meiru held eg að eg nú geti komizt hjá að svara.

Konúngsfulltrúi: Eptir því sem hinum virðulega varaforseta fórust orð fyrst í ræðu þeirri, er hann nú flutti, verð eg að ætla, að eg áðan, þegar eg minntist á reglu þá, sem varaforseti hefði mælt fram með, hafi ekki komið ljósum orðum að því, er eg hugsaði. Orð þau, sem varaforseti talaði, þegar tilrædt varð um, að taka af amtmanna embættin, um það, hvort rèttara væri, þegar menn æsktu, að embætti þessi yrðu lögð niður, að lofa eður lasta embættismenn þá, sem nú sætu í völdum, þóktu mèr vera á góðum rökum bygð, og jafnvel fèllu þau mèr vel í geð. En því verður þó ekki neitað, að nokkuð er nákomið með því dæmi og þessu; því menn verða þá þess heldur að lofa aðgjörðir mínar, til þess að ná þeirri nið-

urstöðu, að einginn annar danskur maður væri fær um að gegna þeim störfum, sem eg hefi á hendi hèr á alþingi. En þó er þetta bygt á þeirri ástæðu, að ekki skyldi geta fundizt minn líki í allri Danmörku, og á þessa ástæðu get eg, eins og við má búast, öldúngis ekki fallizt.

Framsögumaður: Eg var nú svo óheppinn, að eg skildi ekki fyndnina, sem að líkindum hefir átt að vera í orðum þeim, sem konúngsfulltrúinn veik til mín áðan. Eg fann ekki heldur neina ástæðu í orðum hans, eða að minnsta kosti fannst mèr vanta aðra hliðina, ef þar hefði átt að verða sönnun úr. Konúngsfulltrúinn sagði, að um leið og konúngur gætti eins hluta ríkis síns, yrði hann að gæta annara; þetta er og satt, en hitt er líka satt, að um leið og konúngur gætir hinna annara hluta, verður hann og að gæta hins eina; hann verður að gæta hvorutveggja jafnt. Nú stendur hèr svo á, að konúngur vor hefir þrennskonar þjóðerni undir vernd sinni, íslenzkt, danskt og þjóðverskt. Hvert þessara verður hann að láta njóta rèttar síns, og Íslendíngar hafa eins gildar ástæður til að vænta, að hann verndi þjóðerni þeirra, eins og hinna annara. Fyrir þessa sök hlýt eg að skoða stjórnina hèr á landi, sem íslenzka stjórn, sem þjóðlega stjórn, því að svo miklu leyti sem hún er það, getur hún náð tilgángi sínum og uppfylt skyldu sína.

Ásgeir Einarsson: Þar einginn hefir mælt á móti varaatkvæði ens konúngkjörna þíngmanns ennar andlegu stèttar, áskil eg mèr fullkomið breytíngaratkvæði um, að fæðispeníngar sèrhvers alþíngismanns verði lækkaðir til 2½ rbd., og vona eg því heldur, að þíngmenn fallist á þetta, sem það munar minna frá því, sem nú er.

Forseti: Þar einginn tekur framar til orða, álít eg undirbúnings-umræðu máls þessa lokið.

Því næst var fundi slitið.

---

## 6. Ágúst — þrítugasti og þriðji fundur.

Þíngbók frá tveimur síðustu fundum lesin og samþykt.

Forseti tilkynti þínginu, að þíngmaðurinn úr Barðastrandarsýslu hefði tekið orlof til heimferðar.

Þá var lagt fram til síðustu umræðu málefnið um breytíngu á alþíngistilskipuninni. Í því máli höíðu þessi breytíngaratkvæði verið borin upp:

1) Þíngmannsins úr Dalasýslu:

að óbreytt verði 79. grein í alþíngistilskipuninni 8. Marts 1843, að því leyti ferðakostnaðar endurgjald snertir, en að eptir 1. hluta greinar þessarar verði bætt orðunum, „og skulu þeir reikníngar ætíð prentast árlega í þíngtíðindunum“.

Vara-atkvæði:

að konúngsfulltrúi ætíð skilji íslenzka túngu, en eingin útlegging á íslenzku framfari á þíngsalnum af dönskum ræðum konúngsfulltrúa.

Viðauka-atkvæði:

1. að alþíng byrji aldrei fyrr en 16. Júlí.
2. að fulltrúi sé ætíð kosinn sèr í lagi, og varafulltrúinn eins.
3. að fulltrúi sá, er ekki getur mætt, eða er hindraður frá að mæta á alþíngi, auglýsi það strax fyrir sýslumanni sínum, þessi aptur sýslumanni varafulltrúa (sè hann í annari sýslu), hver þá hafi fullan rètt til að innkalla varafulltrúann til að mæta á alþíngi.

2) Þíngmannsins úr Norðurmúlasýslu:

að alþíng sè haldið einúngis þriðja hvert ár, og að þá sè þíngtími 6 vikur.

3) Þíngmannsins úr Eyjafjarðarsýslu:

að kosníngar verði einfaldar, en að öðru leyti samkvæmar nefndarálitinu.

4) Þíngmannsins úr Strandasýslu:

Fæðispeníngar sèrhvers alþíngismanns verði mínkaðir til 2½ ríkisbánkadals dag hvern.

5) Ens konúngkjörna þíngmanns frá Skagafjarðarsýslu:

að til alkjörfundarins fari (til að kjósa alþíngismann) ekki fleiri en einn fyrir hverja fimm, sem kosníngarrètt hafa, og ekki færri en einn fyrir hverja tíu.

Vara-atkvæði (ef alþíngismönnum skal fjölga, eptir því sem meiri hluti nefndarinnar hefir stúngið upp á):

að fæðispeníngar verði lækkaðir til 15 marka um daginn.

Framsögumaður: Eg skal einúngis fara fám orðum um breytíngaratkæði þau, er upp eru borin. Hvað þá fyrst

viðvíkur breytíngaratkvæði hins virðulega þíngmanns úr Eyjafjarðarsýslu, þá verð eg að mótmæla, að það verði tekið til atkvæða, ekki vegna þess að eg sè neitt mótfallinn breytíngaratkvæðinu í sjálfu sèr, heldur vegna þess að það er ekki borið upp í rèttu formi. Hinn virðulegi þíngmaður ber hèr upp breytíngaratkvæði um einfaldar kosníngar, en bæði eptir því sem mig minnir, og eptir því sem skrifarar hafa bókað, hefir hann í gær áskilið sèr breytíngaratkvæði á þá leið, að 10 kjósi 1, en megi fara til kjörfundar, ef þeir vilja það heldur. Þetta er ósamkvæmt þeirri reglu, sem hèr hefir verið fyrirskipuð um uppburð breytíngaratkvæða, og því verð eg að heimta, að reglunni sè fylgt.

Breytíngaratkvæði hins virðulega þíngmanns úr Dalasýslu, um ferðakostnað alþíngismanna, mótmæli eg eigi harðlega; eg er ekki fjarri því, að nóg væri að prenta reikníngа þíngmanna, og mundi þá komast á föst regla um ferðakostnaðinn, sem einstakir menn gæti ekki breytt út af án nægrar ástæðu; en nefndin tók fyrir sig að meta ferðakostnaðinn eptir dagleiðum, vegna þess að margir æsktu, að ferðakostnaður yrði fast ákveðinn; nefndin hefir líka, að eg held, tekið svo ríflega til ferðakostnaðinn, að hver einn alþíngismaður hlýtur, að eg held, að geta orðið skaðlaus af ferðinni; þannig feingi þíngmaður úr Norðurmúlasýslu 110 rbd., úr Suðurmúlasýslu 120 rbd., og svo frv. Vara-atkvæði hins sama virðulega þíngmanns, að sleppa útleggíngu á hinum dönsku ræðum konúngsfulltrúa, held eg fullhrundið með því einu, sem hinn virðulegi þíngmaður úr Strandasýslu sagði, að þá yrði menn einmitt að kjósa þíngmenn eptir því, hvort þeir skildi dönsku. Viðauka-atkvæði hans um breyting þíngtímans held eg ekki yrði áunnið neitt við, því þó það kynni að vera einstöku þíngmönnum í hag, mundi það verða aptur öðrum í óhag, og kostnaðurinn yrði í sumum tilfellum aukinn, að minnsta kosti að því leyti snertir þá, er kosnir kynni að verða frá Danmörku, því þeir yrði að koma eins snemma og nú, en vera lángt um leingur fram á haustið. Viðauka-atkvæðum hans hinum vil eg hvorki mæla móti nè með, heldur fela þau úrskurði þíngsins.

Breytíngaratkvæði hins virðulega þíngmanns úr Strandasýslu, að setja dagpeníngana niður til 15 marka, stendur, að eg held, á litlu: lítið sparaðist í kostnaði, og sumir kynni ekki að þykjast íhaldnir.

Breytíngaratkvæði hins virðulega þíngmanns úr Norðurmúlasýslu, að þíng yrði haldið þriðja hvert ár, held eg, eins og eg hefi áður sagt, mundi leiða til þess, að málin drægist miklu framar. En á breytíngaratkvæði hins virðulega konúngkjörna þíngmanns hinnar anðlegu stèttar held eg þíngmenn geti varla fallizt fyrir þá skuld, að það er allt of óákveðið.

Umboðsmaður Jón Guðmundsson: Væri nokkurs liðsyrðis af mèr von, þá mætti víst enum heiðruðu meðnefndarmönnum mínum þykja mál til komið, að eg tæki til orða, og reyndi að mæla nokkuð með uppástúngum nefndarinnar, sem svo margir gjöra sèr far um að mótmæla á ýmsan hátt.

Eg ætla þá fyrst að fara fáeinum orðum um mál það, er konúngsfulltrúi skuli mæla á þínginu. Eg hèlt, að um það atriði mundi þó aldrei verða neinn meiníngamunur; eg taldi það víst, að fyrst útlendíngum tók svo sárt til móðurmáls vors, að þeim þókti ekki takanda í mál að leggja annað til við stjórnina, en að íslenzka ein væri töluð á þjóðþíngi Íslendínga, fyrst þeir töldu víst, að eingin þjóð í heiminum mundi þola, að útlend túnga væri töluð á þjóðfundum þeirra: þá taldi eg víst, að Íslendíngum sjálfum mundi taka svo sárt til móður-máls síns, að þeim mundi ekki blandast hugur á að biðja um það í einum anda, að sitt elskaða móðurmál, og einúngis það, væri talað á alþíngi Íslendínga. En þetta er þó ekki; mönnum varð annað fyrri: að slá gullhamra! Og sè eg þó, að það er varlega gjöranda; eg skal líka vara mig á því, enda hefi eg al rei verið nein loftúnga. En auk þess að eg ann máli mínu meir en öllu öðru, þá hefir mèr allt af verið það ljóst, að maklegar mætur á einum manni, sem þar til er skamma stund við að búa, megi eingan veginn ráða tillögum manna og ákvörðunum um reglur, sem eiga að gilda fyrir alda og óborna. Ekki hefi eg heldur getað kviðið því, að alþíng mundi særa hjarta konúngsins með þessari bæn; miklu heldur kvíði eg hinu, að Íslendíngar særi hjarta hans með því að afneita kærulauslega þjóðerni sínu; svo mikið og margt hefir vor mildi konúngur gjört, til þess að viðrètta þjóðerni vort og allan hag vorn, að eg tel víst, að honum falli það illa, ef vèr metum þetta ekki sem vert er. En þegar ræða er um, hvort það sè mögulegt að fá íslenzkan konúngsfulltrúa, eður að minnsta kosti þann, er geti rædt á íslenzku, þá verð eg að vera fastur á því; eg verð bæði að telja víst, að þeir gefist Íslendíngar, sem eru

færir til þess, og sem stjórnin getur gjört sèr handgeingna og skoðunarmáta sínum; og eg get ekki gjört mèr svo lítilfjörlega hugmynd um stjórnina (eg hefi í mörgum öðrum málum látið það í ljósi), og eg má ekki gjöra mèr svo lítilfjörlegar meiníngar um hana, ef eg á að hafa á henni það traust og þær mætur, sem vera ber, að hún þurfi sjálf að vera allstaðar, til þess að geta stjórnað og gegnt köllun sinni allstaðar; eg verð að ímynda mèr hana svo algjörða, að hún geti verkað allstaðar og framkvæmt allt eptir þörfum þjóðanna, sem hún ræður yfir, þó hún sè sjálf kyrr á einum og sama stað. Eg verð að álíta það víst, að ef úr tvennu er að ráða, þá muni stjórninni jafnan veita hægra að gjöra sèr handgeinginn íslenzkan konúngsfulltrúa, og innræta honum reglur sínar og skoðunarhátt, heldur en þjóðinni að gjöra sèr handgeinginn danskan konúngsfulltrúa, sem með öllu er ókunnugur því, hvernig hèr hagar til, og ekkert skilur í neinu, og því verð eg að efa það fastlega, að hann komi meiru til leiðar við stjórnina, þar sem ókunnugleiki hans aptrar honum frá að geta skýrt málin til hlítar, heldur en sá, sem allt þekkir grant, og getur fylgt þeim fram af þekkíngu og sannfæríngu.

Hið annað atriði, sem mest hefir verið rædt um, eru opnar dyr á þíngsalnum. Það hefir einn þíngmanna borið fyrir, að litlu sè markanda, þó menn úr fjærlægustu hèröðum beiðist þess, sem auðsjáanlegt sè að geti ekki komið þeim að neinum notum; en eg held, að ekkert sanni betur, að mikið þyki og megi þykja í þetta varið, og að þeir sjá í þessu efni betur, hvað nauðsynlegt er og bezt á við, sem fjær eru, heldur en sumir þeir, sem nær sitja. Það finnur hver hinn einfaldasti maður, hvort sem hann er fjær eður nær, að það getur ekki sagzt, að þjóðþíng, að alþíng Íslendínga sè lokað hverjum manni, þar sem þó hið vesælasta hreppaþíng er opið hverjum manni: að ekki megi mæla allsherjar-mál í heyranda hljóði, þegar allir mega hlusta á hin einföldustu mál fyrir dómum og þíngum; eg skil ekki, og það skilur einginn, til hvers þá er verið að nefna alþíng, fyrst einginn má sjá það, nè heyra hvað þar er rædt. Og þó menn fari að tína fram, og gjöra sem mest úr öllum annmörkum, sem af því geta leidt, þá verða þeir þó alltaf léttvægir og einkis virði, þegar þeir eru bornir saman við kostina, sem opin þíngstofa hefir í för með sèr.

Fjölgun þingmanna hefir þó mætt hèr hvað mestum mótmælum, enda greindi og nefndarmenn á í því efni. Flestir, og rètt að segja allir, sem í móti hafa mælt, hafa óðar hlaupið í það, sem illt stæði af fjölguninni: kostnaðinn. „Það leiðir af því svo óbærilegan kostnað“ segja þeir, og „þess vegna er það ógjöranda“. Eg hefi fáa sem einga heyrt mæla neitt fjölgun þingmanna til gildis: eg veit ekki til, að neinum mótmælenda hafi orðið að yfirvega, hvort eingir þeir kostir gæti af henni staðið, að þá mætti þó bera saman við ókostina, en það hefir einginn gjört. En þegar hinn heiðraði konúngkjörni þingmaður, sem var í nefndinni og greindi á um þetta, var í gær að telja fram allt, sem fyrir sèr hefði vakað um skipan alþingis, frá því fyrsta að farið var að undirbúa alþingislögin, sem hann átti þátt í frá upphafi, þá gleymdist honum að taka fram eitt atriðið, sem mig minnir ekki betur en vekti fyrir honum, eins og öðrum þeim æðstu embættismönnum, er sátu í nefndinni, sem fyrst ræddu og sömdu frumvarp til alþingislaganna.

Mèr skilst ekki betur, en að nefnd sú hafi fyri fram ákvarðað, að nóg væri að hafa 20 menn þjóðkjörna á alþingi, en til þess að girða fyrir, að það yrði of mjög skipað embættismönnum, og einkum prestum, þá fannst þeim ráð að takmarka kosníngarrètt og kjörgeingi, eins og gjört var, því ellegar urðu þeir að óttast, að of margir prestar og aðrir embættismenn kynnu að verða á þínginu að tiltölu við bændur; þetta var á góðum rökum bygt, og var víst rètt ályktað, eins og stjórnin síðar fann. En nú heyrist mèr, að allir sèu á því, að biðja um mikið rýmkaðan kosníngar-rètt og kjörgeingis; og mèr er því spurn: má þá ekki enn óttast hið sama, sem 9 hinir æðstu embættismenn landsins og vitrustu óttuðust, að ef rýmkun þessi fæst, þá muni, ef til vill, mestmegnis prestar og embættismenn sitja þingið, ef ekki er fjölgað þingmönnum? Og hafi það þókt ísjárvert fyrir fáum árum, þá vildi eg mega spyrja: í hverju væri svo breytt nú, að þetta væri ákjósanlegt? Eg held það megi vera hverjum manni í augum uppi, að svo sè alþing bezt skipað, ef í því er sambland allra stètta, að sem mestum jöfnuði að verða má. Eg held, að öllum megi vera það auðsætt, að þó umræður málanna leingist nokkuð innan þings, fyrir fjölgunina, þá verði aptur þeim mun fleiri verkmennirnir utan þings, til þess að leysa greiðar og betur af

hendi nefndastörf. Þar til yrði þingið þá miklu tíguglegra, enda mundi og atkvæðagreiðslan ekki fara miður úr hendi. Þessi atriði öll virtust mèr að hefðu líka mátt vaka fyrir hinum heiðraða konúngkjörna þingmanni í nefndinni, og fyrir öllum þeim, sem hafa mælt í móti fjölguninni, og ekki hafa virt sig til að meta neitt, til nè frá, hvað af henni leiddi, nema kostnaðinn einn: sem hafa óðar hlaupið í kostnaðinn, en ekkert vegið á móti honum, og strax fullyrt, að það væri ekki gjöranda. Hvaða meðal á að hafa til þess, að vinna þessa óvinnanlegu borg, þenna eirmúr, sem settur er móti öllum uppástúngum og framkvæmdum, er til góðs mega horfa, hvað mikil nauðsyn og nytsemi sem af þeim leiðir? Þó það gildi líf manna og heilsu, þá má ekkert afráða, af því það kostar nokkuð. Hver verður að ráða orðum sínum og tillögum, eg ræð mínum; en það er þvert í móti sannfæríngu minni og þekkíngu þeirri, sem eg hefi á löndum mínum, að eg geti ætlað þeim hina minnstu þægð í, að menn mæli þannig allt úr, sem gjöra skal, hvað nytsamt sem það má verða, sakir kostnaðarins; eg vil ekki vera að því fundinn, eg vil eingan þátt eiga í því. Eg veit vel, að flestir meðal þjóðarinnar telja enn tvísýnt, að gagn leiði af alþíngi (það skal eg játa), en eg veit líka, að það er flestra meiníng, að fyrst alþíng er til, þá skuli það og eigi að vera sem fullkomnast, þó það kosti nokkuð meira; og eg veit, að það þykir þjóðinni kátlegt, að þegar fulltrúar hennar eru að mæla allt úr sakir kostnaðar, þá eru þeir innbyrðis að tala um ójöfnur, um ½ dagleiðir, sem getur ollað sjálfum þeim 2½ rbd. skaða eður ábata, þá eru þeir að tala um baga, af því þeir komast ekki í kaupstað, og fleira, og ekki skil eg, að þjóðin kunni þeim þakkir fyrir, að þeir láta slíkt gánga til útlanda eptir sig.

Um kosníngarlögin skal eg fátt tala; tvöfaldar kosníngar er sú einasta aðferð, sem eg er sannfærður um að sè að svo komnu tiltækileg, með þeirri rýmkun á kosníngarrètti og kjörgeingi, sem nauðsynleg er. En ekki vil eg hafa kjörmenn færri, en nefndin hefir stúngið upp á; eg að minnsta kosti hefi ekki vit á að sía svo nákvæmlega úr vitsmunamennina, og held eg um það megi segja hið fornkveðna: þegar fara á betur en vel, þá fer opt verr en illa.

Ekki tók eg nákvæmlega eptir, hvernig hinum heiðraða varaforseta fórust orð í gær um það, sem framsögumanni og honum bar á milli; en það man eg, að þegar tilrædt var í

nefndinni um ferðakostnað frá Kaupmannahöfn, þá sagði vara forseti skýlaust, að hann fyrir sitt leyti vildi ekkert ákveða um það.

Assessor Jónassen: Eg ætlaði við undirbúnings umræðu þessa máls að taka til orða, og bera upp breytíngar-atkvæði það, sem hinn heiðraði þíngmaður Eyjafjarðarsýslu bar upp um það, að kosníngar yrðu einfaldar, og verð eg því með fáum orðum að minnast á þetta atriði, áður en ályktunar-umræðu þessa máls sè að fullu lokið, og það því fremur, sem einginn þíngmanna enn nú hefir rædt um þetta mikilvæga efni, en nefndin í annan stað stíngur upp á tvöföldum kosníngum. Eg er nú þeirrar meiníngar, og hana vil eg láta í ljósi, að hèr á landi sè bezt tilfallið, að kosníngar sèu einfaldar, og eg er sannfærður um, að þjóðin því að eins getur haft mætur á og ást til alþíngis, að kosníngum sè þannig skipað, og mèr þykir það líka vera í eðli sínu, þegar á allt er litið. Þegar kosníngar eru einfaldar, getur hver kjósandi nokkurn veginn vitað fyrir fram, hvernig fulltrúi sá, sem hann kýs, muni gegna köllun sinni; hann getur getið því nærri, hvernig hann muni taka í streinginn um þetta eður hitt málefni, með hvaða alúð og kjark hann muni fylgja því fram, sem er gott og gagnlegt, og horfir til landsheilla yfir höfuð; en þegar kjósandi fer á þíngið einúngis til þess að kjósa kjörmenn, getur hann einga vissa hugmynd haft um það, hvern fulltrúa kjörmaður sá, sem hann kýs þar, muni kjósa: því hann veit ekki, nema hann hafi allt annað álit, en hann, á því, hvað til þess þurfi, að vera góður og gagnlegur fulltrúi. Kjósandi finnur því með sjálfum sèr, að hann á eingan verulegan þátt í fulltrúa-kosníngunni, og þar af hlýtur aptur að leiða, að honum þykir lítið varið í þennan sinn kosníngarrètt, og liggur þá næst við, að hann ekki muni kæra sig mikið um hann, og þannig verður vafalaust sú niðurstaðan, að allur þorri kjósenda þykir þessi kosníngarrèttur ekki vera nema eintóm byrði, en engir hagsmunir í aðra hönd. Þar á móti liggur það í augum uppi, að því meiri þátt kjósendur beinlínis taka í fulltrúa-kosníngunni, því vænna þykir þeim um kosníngarrèttinn, og því betur vilja þeir brúka hann, af því þeir eigna sèr þátt í því, þegar fulltrúi er heppilega kosinn, og þetta vita þeir að aðrir líka gjöra, eins og þeir í annan stað gánga að því vísu, að þegar fulltrúa-kosníngin tekst miður vel, muni þeim verða kent um það, að svo óheppilega hefir tiltek-

izt, og þarf ekki að leiða rök að því, að þetta hlýtur að vekja áhuga hlutaðeigandi kjósenda á því, að vanda kosníngu fulltrúans sem bezt má verða, og það ólíku betur, en þegar þeirra atkvæðis ekki gætir að neinu eða mjög litlu, eins og því í raun og veru er háttað í tvöföldum kosníngum. Það er satt, að tvöfaldar kosníngar eru lögboðnar sumstaðar í öðrum löndum, t. a. m. í Noregi, en þær eru líka teknar af, og einfaldar teknar upp í staðinn, annarstaðar, auk annars og svo af þeirri ástæðu, að menn þóktust vera komnir að raun um það, að þjóðviljinn kæmi ekki eins hreinn fram á þeim fulltrúaþíngum, sem bygð eru á tvöföldum, eins og á þeim, sem bygð eru á einföldum kosníngum.

Það er líka einsætt, að þetta geingur mjög nærri líkindum: því með tvöföldum kosníngum, einkum þegar kjörmennirnir geta kosið fyrir utan sinn hríng, þegar að eins sá, sem kosinn er, hefir kosníngarrètt í kjördæminu, getur svo aðborið, að þeir verði fulltrúar, sem þjóðin ekki hefir mest traust á, og fer það að vonum, þar sem fáir menn geta ráðið kosníngum, því tvöföldum kosníngum fylgir líka sá annmarki, að með þeim er hægra að koma við (ef svo má að orði kveða) brögðum og ráðríki, og minnir mig ekki betr, en að yfir því hafi verið kvartað í Noregi, að þar hefðu ríkismenn og jarðeigendur á landsbygðinni kosníngar þíngmanna í hendi sèr, og eins er eg hræddur um að mundi fara hèr í landi. Eg ítreka það því aptur, að eg óska lángt um heldur, að allt standi við það, sem nú er, en að breytíng sú í alþíngistilskipuninni, sem nefndin hefir stúngið upp á, og sem mèr í mörgu fellur vel við, komist á með tvöföldum kosníngum.

Eg játa að vísu, að nefndin hafði, frá hennar sjónarmiði, ástæðu til, að fara tvöföldum kosníngum á flot, fyrst hún rýmkar svo mikið um kosníngarrèttinn, frá því sem hann nú er; því það ríður á, að einhver vissa sè fyrir því, að kjósendur bæði hafi vit og vilja til að kjósa vel, en þessi vissa minkar, í jöfnu hlutfalli við það sem rýmkar um kosníngarrèttinn, og fleiri taka þátt í honum, og því er hann með einföldum kosníngum hvervetna bundinn við einhvern kjörstofn, og svo er það líka hèr í landi; þetta hefir nefndin einnig tekið til greina, og þess vegna stúngið upp á tvöföldum kosníngum, sem eru sá hreinsunar-eldur, sem menn ætlast til að hinn mikli atkvæðafjöldi hreinsist í, og er þetta aðalaugnamiðið í tvöföldum

kosníngum; þeim er ætlað að tryggja kosníngu fulltrúans, af því menn ætlast til, að kjörmennirnir, úrvalið úr kjósendunum, hafi betur vit á að kjósa, en allur hinn mikli fjöldi kjósenda, og má færa álitlegar ástæður fyrir þessari meiníngu, en eg ætla annmarkarnir verði samt meiri en kostirnir, þegar á allt er litið, eins og eg drap á hèr að framan. Það er að vísu áhorfsmál, að mæla fram með einföldum kosníngum með mjög rúmum kosníngarrètti, og einkum svo rúmum, sem nefndin hefir stúngið upp á, og það er varla að búast við því, að það fáist, sem svo er gagnstætt því, sem annarstaðar viðgeingst í þessu efni, en eg held það sè þó ekki hèr á landi mjög ísjárvert að veita slíkt, þó vil eg eingan veginn fullyrða það. Fyrir mitt leyti vildi eg helzt mæla með því, að kosníngarrèttúrinn væri óbreyttur, eins og alþíngistilskipunin ákveður, eða rýmkaður þannig, að 10 hndr. í föstu og lausu til samans væri kjörstofn eða ráði kosníngarrèttinum, en að kjörgeingi væri óbundið við allan kjörstofn (og þetta held eg ætti bezt við af öllu hèr í landi), og ef um kosníngarrèttinn væri rýmkað, eins og nú var sagt, kæmust miklu fleiri að kosníngum, en nú komast; en um þetta er nú ekki tími til að bera upp breytíngar-atkvæði, enda hefi eg með þessum orðum einúngis viljað láta álit mitt í ljósi í þessari greín, sem mèr þykir vera svo umvarðandi, og þykir mèr nóg, að þíngbókin beri það með sèr.

Eg bið því þíngmenn vel að athuga, áður en þeir greiða atkvæði í þessu máli, hvort þeir, með því að biðja um tvöfaldar kosníngar, leggi ekki of mikið í sölurnar, til þess að rýmka um kosníngarrèttinn; eg bið þá vel að hyggja að því, hverju þeir sleppa úr hendi sèr í hendur einstökum mönnum, og hvort þeir haldi þjóðin mundi una vel við, ef þessari breytíngu yrði framkvæmt; eg þykist mega fullyrða, að hún mundi una þeim illa. En eg ætla ekki að fara fleirum orðum, en komið er, um þetta atriði, þó mèr þyki það mjög umvarðandi, því eg má ekki tefja tímann fyrir þínginu.

Hvað þau önnur atriði snertir, sem hèr hafa líka og einkum komið undir umræður þíngmanna, nefnilega, um að halda alþíng í heyranda hljóði, að fjölga þíngmönnum, og um það hvort konúngsfulltrúi skyldi einúngis mæla á íslenzku á alþíngi, þá hefði eg líka viljað fara um þessi atriði nokkrum orðum; en þar eg í öllu verulegu er samþykkur atkvæði hins heiðraða konúngkjörna þíngmanns ver-

aldlegu stèttarinnar, sem tók til orða við undirbúningsumræðu málsins, get eg leidt þetta hjá mèr, og það því heldur, sem eg hefi litlu við það að bæta, sem hann taldi til, og ætla eg, þegar aðfram kemur, að greiða atkvæði mitt þessu samkvæmt.

Prófastur Hannes Stephensen: Eg stend nú ekki upp til að taka til orða í máli þessu, af því nauðsyn krefji; svo hafa minir heiðruðu meðnefndarmenn skýrt málið, og fært á-stæður fyrir nefndarinnar uppástúngum; einkum hefir hinn heiðr-aði framsögumaður gjört það greinilega og rækilega; þó vildi eg með fáeinum orðum skýra eitt atriði, sem einna mestum mótmælum hefir mætt, og nú seinast af enum virðulega kon-úngkjörna þingmanni, er seinastur ræddi, en það eru enar tvöföldu kosníngar, sem með er mælt í nefndarálitinu og fjöldi biðjenda hefir æskt. Eg má nú játa, að eg hefi leingst verið sömu meiníngar, og þessi heiðraði þingmaður, að tvöföldu kosníngarnar væru óhagkvæmari, en þær einföldu; en þegar það var af öllum samþykt í nefndinni, að rýmkast ætti svo mjög kosníngarrèttur inn, þá fór eg að sjá, að hinar einföldu kosníngar mundu verða nær því ómögulegar með slíkum fjölda kjósenda; for eg þá betur að virða fyrir mèr hinar tvöföldu, af því þær virtust óumflýjanlegar með slíkri fjölgun kjör-mannanna, og fullyrði eg, að ekki hefir álit nokkurs manns eða meiníng hið minnsta unnið að breytíngu þeirri, sem nú er orðin á sannfæríngu minni í þessu efni. Það eru taldir helztu annmarkarnir við tvöfaldar kosníngar, að þær eyði ást og á-huga þjóðarinnar á þjóðstiptun þessari, því þegar ekki geti meir en 6. hver kjósandi beinlínis tekið þátt í kosníngunum, muni hinum þykja lítið koma til rèttar þess, er þeir eiga, en ekki mega njóta, og verði að sjá þann valdan til þíngmanns, er þeir, ef til vill, sízt vildu, og að þeir rèttnefndu kjósendur með þessari tilhögun yrði færri, en verið hafa eptir þeim kosníngarlögum, sem nú gilda; þessir annmarkar voru mèr líka fyrir augum, eg játa það. En þegar eg fór að skoða hin-ar tvöföldu kosníngarnar, sem nauðsynlegar vegna fjölda kjörmanna, því mèr virðist kjörstjórum ómögulegt að gæta nauðsynlegrar reglu á kjörfundum, þar sem fleiri hundruð kjörmanna eru samankomin (en alþíngismanns kosníng í hrepp hverjum ætla eg hafi þá annmarka, að óhafandi sè): þá sá eg það, sem öllum er auðsætt, að ekki mundu kjörmenn þíng-manna fækka, heldur mikið fjölga við breytíngu þá, sem nú

er stúngið upp á: því auðvitað er, að færri eru þeir í landinu, sem 10 hundr. eigi fasteignar, eða 20 hundr. opinberrar fasteignar hafi í lífsfestu, en sjöttúngur allra búenda þeirra, sem ekki eru öreigar; eg tek til dæmis hrepp einn, sem 3 eða 4 kjörmenn gat sent til kjörfundar eptír kosníngar-lögunum, sem nú gilda, en mundi, eptir tilhögun þeirri sem nú er fyrirhuguð, senda að 20; þó þetta sè nú annarstaðar minna, er óhætt að fullyrða, að allstaðar mundu kjósendur fjölga. En hvað hinu viðvíkur, að fjöldi kjósendanna mundu eingan verulegan þátt eiga í kosníngum þíngmanna, þá virðist mèr það líka hverfa, þegar menn aðgæta, að í hverjum hrepp eru menn svo kunnugir innbyrðis, að hver veit með öðrum, á hverjum þíngmanni honum leikur mest hugur, og er þá ekkert annað hægra, en að kjósa kjörmenn þannig, að hverjir 6 geti feingið 1 kjörmann til þíngs, er þeim er í kjörunum samdóma, og ber fram óskir þeirra, án þess að gjöra móti sannfæríngu sinni. Eg vil nú gjöra ráð fyrir, að í hrepp nokkrum sèu 24 kosníngarmenn, sem hafa augastað á 4 mönnum til alþíngis-nefnu; þessir 24 gèta þá kosið 4, sem þeim væru samsinnandi í vali þíngmanns, og sent þá, til þess á kjörþínginu að kjósa einmitt eptir vilja þeirra allra; já, eg vil halda, að þetta væri vegurinn til að forðast áverkanir annara á kjörþínginu, sem sumir hræðast, því kjörmennirnir væru eiginlegast sendimenn og erindsrekar kjósendanna heima, og væru bundnir af sannfæríngu sinni og vilja hinna; ætla eg líka, að tilhögun þessi mundi mönnum geðfeld, því margur mun ljúfur heima sitja, og senda mann þann fyrir sig, sem hann veit að gjörir vilja sinn, eins og hann væri þar sjálfur, heldur en að sækja fundinn lánga leið, til þess að troðast undir í mannös þeirri, er þar mundi verða, um marga daga. Eg ætla því, að tvöfaldar kosníngar sèu hægari og vinni í öllu sama gagn, sem hinar einföldu, sèu svo lángt frá að draga úr ást þjóðarinnar og áhuga hennar á alþíngi, að þær mættu að þeim mun auka hvorttveggja, sem kosníngarrètturinn nær nú til fleiri.

Um hin atriðin þarf eg fátt að tala. Það hefir verið borið hèr upp, að húsrúmið mundi standa því í vegi, að þíngið verði háð í heyranda hljóði, einkum þar bókasafn þíngsins mundi þreyngja að í þíngstofunni; en það ætla eg fáum hafi til hugar komið, að varðveita bókastól þíngsins á þíngsalnum; og það væri smágjör afsökun, frá að opna þínghúsið að vilja

þjóðarinnar og sanngjarnri kröfu, að húsrúmið leyfir það ekki, því það er hindrun, sem eg ætla auðvelt að ryðja úr vegi. Mótmælum þeim, sem hreift er gegn fjölgun þingmanna, er svo rækilega hrundið, að ekki þarf eg til þess orðum að eyða. Það sjá annars allir, að yrði alþing aukið 14 hyggnum dugandis-mönnum, mundu nefndastörf á þinginu töluvert léttast, og miklu meira og fljótara verða starfað; en óhægindi þau, sem leiddu af fleiri og leingri þingræðum, mundu ríkuglega bætast upp með betri skýringu málanna, sem þar með feingist. Því hefir líka verið hreift, að hagkvæmara mundi að flytja þingtímann þannig, að þing byrjaði ekki fyrr en 16. Júlí. Eg ætla, að sá tíminn sè hentugastur, sem nú er ákveðinn; hvort hann væri töluvert fluttur fram eða aptur, gæti fyrir þá, sem leingst eiga að koma, valdið töluverðum óhægindum, ef ekki hættu um leið, því bæði eru vor-og haustferðir erfiðar, og geta hættulegar orðið. Það er svo smásmuglegt, sem til hefir verið tínt til meðmælis breytíngu þessari, að varla er það upp takandi, t. a. m. að þá sèu ekki þingmenn, er þeir ríða á þing, búnir að reka lömb sín og geldfè á afrètt. Eg ætla sá geti ekki yfirgefið heimili sitt, sem ekki má öðrum hlíta til þesskonar starfa; að kaupstaðarferð er þá ekki aflokið, sýnist meiri ástæða, en það ætlaði eg ekki, að það mundi hindra verzlun þingmanns, þó ekki sækti hann sjálfur vöru sína í kaupstað, því bæði fyrir og eptir mundi hann geta samið við verzlunarmann um verð vörunnar. Um embættismennina, sem hèr eiga setu, og einkum þann tilnefnda embættismann, biskupinn, ætla eg að á öllum árstímum munu þeir hafa jafnt, og sumir þeirra alltíð nóg, að starfa, og mun þeim ekki sárara um að missa fyrra part Júlí mánaðar, en hverja aðra 15 daga frá embættis-önnum sínum.

Assessor Johnsen: Eg verð líka að mæla á móti atkvæði hins heiðraða þingmanns Eyfirðínga um, að kosníngar verði einfaldar, en frá nokkuð öðru sjónarmiði, en hinn heiðraði framsögumaður. Sá nefndi þingmaður fer framm á þetta, um leið og hann ætlast til, að kosníngarrèttur með öllu sè laus, og það er þetta, sem eg ætla fráleitt, og eg trúi naumast, að hinn heiðraði embættisbróðir minn hefði aðhyllzt atkvæði þetta, ef hann hefði gætt þess nákvæmar, hvernig það var úr garði búið. Eigi kosníngar að vera einfaldar, álít eg sjálfsagt, að binda kosníngarrèttinn við nokkurn fjárstofn, og væri eg

þá jafnvel helzt á því, að halda þeim kosníngarstofni, sem nú er.

Það mælir sitt hvað með því og mót, að kjósa alþíngismann sèr og varaþíngmann sèr í lagi, en einkum virðist mèr það mæla á móti þessu atkvæði hins heiðraða þíngmanns Dalasýslu, að nokkuð er hætt við því, að kjósendur gjöri sèr ekki eins mikið far um, að kjósa varaþíngmanninn svo vel og vandlega, sem vera ber, eins og þíngmanninn sjálfan, af því að til þess einúngis sýnist liggja nokkur mögulegleiki, en eingin vissa, að til þess þurfi að koma, að hann mæti á þínginu.

Það var eitt efnið í ræðu hins heiðraða þíngmanns Strandasýslu í gær, sem mèr lást eptir að minnast á, þar sem hann tók fram um eitt bænar-atriði Árnesínga í hitt eð fyrra, og mætti þá, ef til vill, virðast, að eg hefði nokkra orsök til að fara um það nokkrum orðum, en þó ætla eg nú ekki aptur að fara leingra út í það mál, en að lýsa því yfir, að eg alls eingan þátt átti að því bænar-atriði; og get eg bætt því við, að eg þekki Arnesínga að því, að þeir ekki horfa í hvert skildíngsvirðið, þegar nokkuð liggur við, en samt segi eg þetta, eins og menn máske skilja, í nokkuð öðru skyni, en með tilliti til þess, er hinn heiðraði þíngmaður Skaptfellínga mælti áðan, um aukníngu þíngkostnaðarins, út af fjölgun alþíngismannanna.

Forseti kvað nú bezt að slíta fundi, þángað til klukkan væri 5.

---

## 6. Ágúst — þrítugasti og fjórði fundur.

Forseti óskaði, að nú væri aptur tekið til máls, þar sem ræðum var lokið fyrri í dag.

Stephán Jónsson: Það mun eingum þykja án orsaka, þó eg vildi mæla eitt orð fyrir breytíngar-atkvæði mínu, hefði eg (sem því miður ekki er) verið fær um það, fyrst það hefir orðið fyrir svo straungum dómi hjá þeim heiðraða framsögumanni, að hann hefir algjörlega mótmælt því, og sá heiðraði varaforseti hefir líka farið sömu slóðina, þó af öðrum ástæðum.

Hvað hinum fyrra viðvíkur, þá mun einginn geta neitað- að eg í ræðu minni í gær fullglögt áskildi mèr breytíngar-atkvæði, en að eg ekki hafi nógu vel tekið fram og útlistað, á

hvern hátt breytíngar-atkvæðið ætti að verða, getur nú að sönnu verið, en eg held þó, að maður verði ekki rèttilega skuldbundinn til þess, og eg man ekki betur, en sá heiðraði framsögumaður áður hèr á þíngi áliti leyfilegt, að bera upp breytíngar-atkvæði, ef það ekki stríddi móti því, sem maður hefði talað við undirbúníngsumræðuna, og jafnvel þó ekki væri skírlega áskilið breytíngar-atkvæði. Eg held ljóst af orðum mínum í gær, þegar mál þetta var rædt, að eg talaði með einföldum kosníngum; en eg vil samt ekkert kífa um þetta við framsögumann, því það verður að vera allt komið undir áliti hins háttvirta forseta, sem að þessu hnígur.

Að því leyti sem sá heiðraði varaforseti mælti á móti breytíngar-atkæði mínu fyrir þá skuld, að ekki væri tiltekinn kjörstofn, þá er nú þetta að vísu satt, af því eg gleymdi í gær að nefna hann, og hvorki vildi því nè mátti, eptir rèttri reglu, nefna hann í breytíngar-atkvæðinu sjálfu; en eg sè nú ekki, að þetta sè sannur lnekkir, því eg held, að ef stjórnin aðhyltist einfaldar kosníngar, að hún væri fær um að tiltaka kjörstofninn, og líka muni verða lagt frumvarp fyrir alþíng um þetta mál, og mundi þá mega koma sèr saman um kjörstofninn. Hvað áhrærir tvöföldu kosníngarnar, þá varð mèr það ljóst af ræðu hins velæruverðuga þíngmanns Borgfirðínga, að hann hafði fyrst skilið og komizt að raun um nytsemi tvöfaldra kosníngа af samræðum í nefndinni (og vissi eg af því, að mikil upplýsíng er, að vera í nefndum).

Eg má því játa, og álít mèr vorkun, þó eg máske ekki hafi fullljósan skilníng um tvöfaldar kosníngar; en eptir því sem mèr skilst, er ekki nema um tvent að gjöra: eg tek til dæmis hrepp með 96 kjósendum, og svo eru líka nokkrir hreppar til fyrir norðan, bæði í Eyjafjarðarsýslu, og víðar, sem hafa yfir 100 búendur, og gæti eg tilgreint þá, ef þörf sýndist. Þessir 96 búendur ættu nú, eptir tiltölu, að senda 16 menn til kjörþíngis, og þá verður hver af þeim 96 að nefna 16 menn á manntalsþíngi; eg held nú, að mönnum fari að skjátlast við þann 15. og 16., og það fari að standa í sumum, svo heldur verði tafsamt verkið; eg held sumum sýslumönnum hafi þókt störf sín aukast nóg á manntalsþíngum við kvittunarbækurnar, þó ekki bættist líka á þá að skrifa á þínginu, það sem af slíku leiðir. Þegar eg nú tek hitt dæmið, sem mèr virtist sá velæruverðugi þíngmaður Borgfirðínga benda á, þá skyldu 5

koma sèr saman, líklega á manntalsþínginu, um að kjósa Í fyrir sína hönd til kjörþíngis, og segja honum, hvern þeir kjósa vilja fyrir þíngmann, og þennan sè því að álíta sem sendiboða hinna 5; eg held nú það geti liðið á laungu, að 5 verði ásáttir um, hvern þeir vilja helzt kjósa, bæði til kjörþíngis og alþíngis, ef þeir þá nokkurn tíma koma sèr saman, og þó það yrði, getur þetta þíngmanns-valið verið móti meiníngu þess manns, sem til kjörþíngis fer, og verður hann þá annaðhvort að gjöra móti sinni sannfæríngu eða þeirra, sem hafa sent hann; eg sè því ekki, að neinn verði svo bundinn við borð, heldur verði hver, sem til kjörþíngs fer, að vera sjálfráður að, hverja hann nefnir fyrir þíngmenn; þetta er nú máske ekki rètt skilið, en þeir bæta þá um, sem betur skilja; í þessu virðist mèr í raun rèttri liggja, að maður sè gjörður ómyndugur að því, að nefna sjálfur persónulega á rèttum stað þá menn, sem hann vill nefna til þíngs, heldur hlýtur þetta að ske í gegnum einslags formyndara.

Sá heiðraði þíngmaður Skaptfellínga gat þess, að það væri smásmuglegt, að gjöra reikníng úr 5 rbd. og þaðan af minna; en það, sem þetta laut að, er í raun og veru 10 rbd., því dagleiðirnar verða að takast framm og til baka; það má nú vel vera, að sumir í nefndinni ekki gjöri reikníng úr slíku, en mèr þykir samt einginn vansi að viðurkenna, að margir Íslendíngar gjöra reikníng úr minna.

Eg vil leyfa mèr að geta um, að mèr virðist, sem breytíngar-atkvæði þíngmanns Dalasýslu og þíngmanns Norðurmúlasýslu kunni að verða bagaleg, ef bæði væri aðhylzt, því ef al þíng byrjaði ekki fyrri en 16. Júlí, og stæði yfir 6 vikur, gæti svo farið, að þíngmenn frá fjarlægustu sýslum kæmust ekki heim undan hríðum og fönn, sem stundum kemur svo snemma á fjöllum og öræfum. Það verður aldrei hitt upp á það, sem öllum er hagfeldast í þessu; því það, sem í einni sýslu er hag felt, er aptur óhagfelt í annari; eg fyrir mitt leyti finn ekki ástæðu til að breyta þessu tímabili, frá því sem nú er.

Helgi Helgasson: Eg vildi með fáeinum orðum láta meiníngu mína í ljósi við fáein atriði þessa máls, áður en það væri leidt til atkvæða. Eg er nú einn af þeim, sem mæli móti því, að fjölgað sè þíngmönnum, því eg efast um, að ávinníngurinn svari til kostnaðarins, þegar á allt er litið. Eg ber ekki á móti því, að nokkrir þíngmenn, við fjölgun þeirra, kynni að

bætast, sem gætu unnið að þingstörfum; en þegar eg lít til stefnu þeirrar, er þingið hefir nú haft, með að hrúga saman málefnunum á nokkra embættismenn, svo þeir hafa varla getað risið undir, en nokkrir hafa haft svo lítið sem ekkert að gjöra, ætla eg það mundi eins geta geingið til, þó þingmenn fjölguðu, já, jafnvel seinna við þessa aðferð. Eg held að ríði meira á því, að þingið sameini krapta sína eptir megni; þá hygg eg að þingið geti aflokið ætlunarverki sínu, þegar hvers eins kraptar leggjast til, eptir því sem hann er fær um, og ætla eg hèr eigi við það fornkveðna, að betra sè fylgi gott, en fjölmenni. Það er ekki ætlandi til þess, að þeir menn, sem mörgum málefnum hafa að gegna, og verða að ljúka þeim af á stuttum tíma, gætu eins geingið frá þeim, og þeir vildu. Það má sjá í mörgum athöfnum manna, þegar þeir verða að leggja huga sinn að mörgu óliku, og þannig skipta honum, muni það, sem þeir verða að framkvæma, ekki verða eins vel vandað, eins og það einfaldara, er menn leggja þánkana eingaungu að; það getur hver einn sèð, hvort heldur það er í vinnu-aðburðum eður hugsunarháttum manna; þegar menn, svo að kalla, hafa mörg járn í eldinum, verður eitthvert þeirra brent.

Við fjölgun þingmanna vaxa umræðurnar þeim mun meira, svo eg efast um þeim verði aflokið betur, en með þeim færri, ef ekki síður; þingtíðindin vaxa svo mjög, og kostnaður til þeirra, og líkast þau yrðu margföld við það þau nú eru, og efast eg um, að almenníngur vilji kaupa þau fyrir þessa skuld; þeir munu varla vinna það fyrir, að eyða tíma til að lesa þau, og sízt að þeir sjái sèr mikinn árángur við, að yfirfara svo umfángsmikil málefni. Þegar treglega hefir geingið að fá kaupendur að tíðindunum, sem nú eru, mun ei gánga betur með þau en fjölorðari, og skyldi svona fara, sem ekki er óvíst, ætla eg það töluvert óhagræði. Hvað viðvíkur máli því, er konúngsfulltrúinn talar, ætla eg það valdi minnstum töfum fyrir þínginu; þar sem hann mælir á danska túngu, er það útþýdt aptur á íslenzku, og veit eg ekki til það hafi mikið hindrað þingstörfin. Eg verð þó að játa fyrir mig, að mèr þækti það æskilegast, að hann talaði einúngis íslenzku; en þegar eg skoða þetta á þann veginn, álít eg mestu varða, hvernig maðurinn er; þegar hann er gagnlegur í sinni stöðu, er það meira umvarðandi, en málfæri hans. Hvað víðvíkur því, að

danska, sem hann talar, verði útlögð á íslenzku, ætla eg það sè betra, því eg hygg, að optast kunni það aðbera, að ekki skilji allir, þeir á þingi eru, eins vel dönsku og sitt eigið móðurmál; eins er nauðsynlegt, að konúngsfulltrúinn skilji vel íslenzku. Um það málefni, hvort betur fari, að þingið sè haldið í heyranda hljóði eður ei, skal eg ekki vera margorður, eður miklu spá fyrir fram um það; einúngis er það hyggja mín, að landið yfir höfuð hafi lítil not af því; það hygg eg, að fáir muni gjöra sèr ferðir til þingsins, til að vera þar á eigin kostnað og sitja þar sem lærisveinar, að kynna sèr þingstörfin; heldur munu þeir menn, sem nokkuð hyggja að sínu gagni, meta meira að vera við vinnu sína heima. .Hvað kosníngum viðvíkur, álít eg fyrir mitt leyti, að þær sèu betri einfaldar, og ekki bundnar við fjárstofn; sèu þær tvöfaldar, hygg eg þær sèu meira bundnar.

Umboðsmaður Þorvaldur Sívertsen: Eg stend ekki upp þess vegna, að mèr detti í hug að leingja þíngræður með málsvörn fyrir uppástúngum mínum í þessu máli; þær verða að falla, geti þær ekki staðizt. Eg ætlaði einúngis að minnast þess, er hinn virðulegi þíngmaður Skaptfellínga sýndist að stefna að mèr, að talað hefði verið um missmíði á dagatals jöfnuði nefndarinnar til ferðar úr hverri sýslu, þar sem það munaði þó ekki nema um hálfan dag; en hinum virðulega þíngmanni hefir verið farið að gleymast, því það var ekki hálfur dagur, sem eg hèlt nefndar reglugjörðin mismunaði frá enu rètta og sanngjarna, heldur að það gæti orðið allt að viku, og á því er eg enn, og er það óhrakið. Viðvíkjandi þínghaldstíma-breytíngunni, var það auðskilið á ræðu ens velæruverðuga fulltrúa Borgfirðínga, að bústaður hans, sem er þó í kjörþínginu, ekki muni mjög lángt í burtu frá þíngstaðnum, þótt hann í nefndar-uppástúngunni hafi sjálfur reiknað sèr það þriggja daga leið, en þar mun þó talsvert á vanta, er sèst líka af því, þegar hann telur það (sjálfum sèr) eingan baga fyrir búandi mann, að yfirgefa öll þau heimilisstörf, sem búinu ríður mest á, og nenni eg ekki að svara því, sem ekki er bygt á gildari ástæðum. Það, sem hinn virðulegi þíngmaður Eyfirðínga mælti móti enu sama, fannst mèr einnig á lèttvægum rökum bygt; því allir vita, að sjaldgæft mun það, að snjór og og fannir falli svo, strax að liðnum Ágúst, í landi hèr, að ófært verði yfirferðar, en ferðin heim getur þó byrjað hèðan

fyrir lok Ágúst-mánaðar, þó þingtíminn væri 6 vikur, og byrjaði ekki fyrri en mitt í Júlí; og ætla eg ekki að svara því fleiru. Og er svo úttalað.

Framsögumaður: Flestum af þeim athugagreinum, sem komið hafa fram í umræðu þessari, er svarað áður. Ræðan hefir nú helzt snúizt að hinum tvöföldu kosningum. Eg játa það, að um breytingaratkvæði hins virðulega þingmanns úr Eyjafjarðarsýslu stendur ekki á miklu í sjálfu sèr, hvort það er þannig upp borið eða eigi, því þegar atkvæði eru greidd um, hvort fallast eigi á tvöfaldar kosningar, en nú eru kosningar einfaldar eptir tilskipuninni, þá eru, hvort sem er, atkvæði greidd um einfaldar kosningar eða tvöfaldar. Það er formið eitt, sem er því til hindrunar.

Það sem hinn virðulegi þingmaður færði til, um þau vandkvæði við tvöfaldar kosningar, að kjósendur mundu ruglast í fjölbygðum hreppum, þegar þeir ætti að kjósa t. a. m. 16 kjörmenn, þá held eg að þetta sè lítið vandkvæði. Bændur munu þó þekkja hreppsbræður sína alla, og vita nöfn þeirra, sem hann vildi helzt kjósa; en ef hann myndi ekki nöfn þeirra, þá er honum lítil fyrirhöfn að skrifa þau upp á miða, og nefna þá eptir honum á fundinum. Hinn virðulegi þingmaður úr Borgarfjarðarsýslu hefir sýnt svo ljóslega, sem unt var, að tala kjósenda yrði með þessu móti miklu meiri, en nú, og jöfnuðurinn verður þar að auki miklu meiri og eðlilegri. Nú er tala kjósenda undir tilfelli komin, hvort fleiri eða færri jarðeigendur eru í hrepp; þar geta verið 10, og þar getur verið ekki nema 1; en hèr fjölga kjósendur beinlínis eptir búenda tölu að fullum jöfnuði, samkvæmt rèttum og skynsamlegum grundvallarreglum fyrir skipun kosningaþinga. Hinn virðulegi konúngkjörni þingmaður, sem mælti áður í dag, vildi taka til 10 hundr. í föstu og lausu, en þar er sá galli á, að í mörgum sjáfarhreppum eru mjög margir þeir, sem ekki eiga svo mikið tíundarfè, og eru þó kallaðir efnaðir; eign þeirra er öðruvísi varið; en með þessum kosningarlögum yrði þeir þá út undan.

Eitt atriði bið eg menn enn að hugleiða, viðvíkjandi fjölgun þingmannanna. Það eru líkindi til, ef breytingar þær feingist, sem nú er beðið um, að ekki yrði svo fljótt farið fram á að breyta þinglögunum aptur; þá væri gott að fella það ekki nú, sem menn kynui síðar að óska, en eiga þá bágara við að

gjöra; eg tel það þar að auki víst, að mikill hluti þjóðarinnar horfi ekki í kostnaðaraukann, og er hann þó eina ástæðan, sem til er færð á móti. Jafnvel hinn virðulegi þingmaður úr Mýrasýslu viðurkendi, að duglegum þingmönnum mundi fjölga, en ójöfnuður sá, sem hann talaði um, getur eins komið fram, þó ekki væri nema 10 þingmenn. Ójöfnuðurinn kemur af því, að nefndakosning er frjáls; ætti að taka hann af, þá yrði forseti að skipta í nefndir, svo að jafnt kæmi á alla, eða menn yrði að sitja saman allir og skipta störfum í bróðerni. Þar sem hinn virðulegi þingmaður úr Dalasýslu talaði um, að munaði allt að viku á dagleiðunum, þá minnir mig hann talaði um ófær vötn og þesskonar farartálma, en ætti maður að gjöra ráð fyrir því, þá má einmitt ekkert víst ákveða, og það var margra ósk, að ferðakostnaður yrði fast ákveðinn. En vildi menn halda dagleiðunum, en jafna þær öðruvísi, þá má laga það, og stendur það atriði á litlu.

Kammerráð Melsteð: Það lítur svo út, sem eitt orð, er eg talaði í gær, hafi orðið nokkrum af þeim heiðruðu alþingismönnum til ásteytingar, því þeir voru svo margorðir um það. Mèr fellur það illa, að eg skyldi gefa tilefni til, að löngar umræður skyldu verða um eitt orð, þegar um svo mikilsvert málefni var að ræða. En eg get ekki kent mèr um það, og verð því að benda hinum heiðruðu alþingismönnum til, að það lítur svo út, eins og þeir ekki hafi skilið það, sem var kjarninn í þeim kafla ræðu minnar, og því hafa þeir einnig látið ósvarað þeirri spurníngu, er eg þá framsetti fyrir þingmenn. Eg spurði um: hvort það væri sanngjarnt, að rètt í því að þjóðin biður um rýmkaðan kosníngarrètt og rýmkaða kjörgeingi, í því skyni, að hún fái valið þá fulltrúa, sem hún bezt treystir, skuli í sama vetfángi biðja um, að konúngurinn skuli takmarka svo sinn eiginn kosníngarrètt, að hann ekki fái valið þann, sem hann treystir bezt? Eg vil ekki fara fleirum orðum um þetta, því eg vil alðrei þrátta um einstök orð eða smáatriði.

Þingmaðurinn frá Skaptafellssýslu hefir óttazt fyrir því, að of margir embættismenn mundu verða hèr á þínginu, ef þingmönnum ekki væri fjölgað, og skírskotar í því skyni til þess, sem sagt var á nefndarfundi í Reykjavík um presta. En þetta á nú ekki vel við, því þá var ræðan um, hvort veita ætti prestum kjörgeingi, og þókti mönnum það ei alls kostar

ráðlegt, af því menn voru hræddir um, að sóknarmenn þeirra, sèr í lagi í fyrstunni, mundu verða allt of fúsir á, að kjósa þá, og af því mundi, að tiltölu, verða allt of margir prestar á þínginu. En nú er þessu allt öðruvísi varið, hvort sem þau kosníngarlög, er nú eru, verða óbreytt, eður þeim verður breytt líkt því, sem nefndin hefir upp á stúngið. Þess ber líka að gæta, að hvernig sem kosníngarlögin verða, verða þó ætíð flestir af kosníngarmönnum bændur. Þeir munu þess vegna því að eins kjósa embættismenn til þíngsins, að þeir beri gott traust til þeirra. Reynist nú þessir embættismenn vel, er einginn skaði skeður, og þá munu kjósendur framvegís halda þeim; en gefist þeir ei eins vel og kjósendur hefðu ætlað, er þeim sjálfrátt að gefa þeim ei atkvæði við næstu kosníngar. Hinn heiðraði konúngkjörni þíngmaður, er áðan talaði, hèlt, að einfaldar kosníngar væri skilyrði fyrir því, að þjóðin hefði mætur á alþíngi, en að þetta ei sè svo, hefir einn af mínum heiðruðu samnefndar-mönnum ljóslega sýnt. Hann hefir leidt mönnum fyrir sjónir, að með þeirri kosníngar-aðferð, sem nefndin hefir stúngið upp á, mundu ei að eins jafnmargir kjörmenn koma á kjörfundi, og nú koma þar kjósendur, heldur einnig fleiri. Reynslan hefir sýnt, að Norðmenn, sem hafa tvöfaldar kosníngar, una vel við kosníngarlög sín; og vegur reynsla þessi lángt um meira, en lángar tölur. Hinn sami heiðraði konúngkjörni þíngmaður hefir líka getið þess, að sumstaðar, hvar áður hafa verið tvöfaldar kosníngar, sèu þær lagðar niður, og einfaldar kosníngar teknar upp aptur. Það er nú í alla staði rètt, að þetta hefir skeð á Frakklandi; en það er lángt frá því, að menn uni þar nú betur kosníngarlögunum, en áður; því þar eru nú kosníngar allar í ríkismanna höndum, og tala þeirra mjög lítill partur af allri þjóðinni. Það getur nú verið, að þetta sè þar eptir kríngumstæðunum nauðsynlegt; en auðsætt er það, að þessu er ójafnt skipt, og að menn annarstaðar mundu kunna því illa. Fulltrúinn frá Eyjafjarðarsýslu talaði á þá leið, eins og honum væri óljóst um eðli tvöfaldra kosníngа; hann talaði um mynduga menn og ómynduga, um að fara, og að senda fyrir sig. Hið fyrra á sèr ekki stað, því einginn er hèr ómyndugur, og þeir verða kjörmenn, sem flestir af þeirra meðborgurum kjósa; en hið síðara á sèr ætíð stað, hvar nokkrir eru kosnir, hvort heldur það er til að kjósa menn til alþíngis, eða fara til alþíngis. Eg skal enn tala fáein

orð um tvöfaldar kosníngar; um hin atriðin talaði eg í gær, og það vil eg ekki taka upp aptur. Það, sem þínginu ríður mest á af öllu, svo það geti haldið áliti sínu og virðíngu, er, að þángað sèu valdir vitrir og mentaðir menn, því þá einúngis munu þíngstörfin verða leyst vel af hendi. En landinu er það líka eins áríðandi, því þíngmenn eiga að leggja ráð á þess mikilvægustu og mest áríðandi málefni; en til þess að velja slíka alþíngismenn þurfa kosníngarmenn að hafa töluverða greind og nærgætni. Þeir þurfa að geta farið nærri um, hvers eðlis alþíngisstörfin sèu, og hverja eiginlegleika þeir þurfi að hafa til að bera, sem eigi að geta leyst þau vel af hendi. Menn hafa þess vegna hvergi vogað, að hleypa allri alþýðu að því, að velja þjóðarfulltrúa, því mestur þorri hennar er einfaldur og lítt mentaður, og hefir ei skynbragð á að velja, svo vel fari. Menn hafa því allstaðar reist nokkuð skorður við, til að tryggja kosníngarnar. Annaðhvort hafa menn valið vissan kjörstofn, sem kosníngarmenn skyldu eiga, ellegar tvöfaldar kosníngar. Það er opt áður sýnt, að kjörstofn sá, sem á Íslandi verður valinn, er ei fullkomlega tryggjandi, og því er það ætlan margra skynsamra manna, að tvöfaldar kosníngar mundu eiga hèr vel við. Og það gefur hverjum skynsömum manni að skilja, hvort betur muni tryggja í þessu tilliti, að eiga 10 hndr. fjárstofn, eða vera kosinn til kjörmanns af fjölda sinna meðborgara. Hitt getur verið komið undir hendíngu, en þetta er komið undir skynsamlegri yfirvegun. Menn geta verið vissir um, að með einföldum kosníngum verður kjörstofninn ekki rýmkaður. Það er því tvent fyrir höndum: annaðhvort mega menn búast við, að halda kosníngarlögunum eins og þau nú eru, ellegar taka tvöfaldar kosníngar, eins og nefndin hefir upp á stúngið, ef kosníngarrèttur og kjörgeingi eiga að vera rýmkuð.

Prófastur Halldór Jónsson: Eg veit ekki, nema það hlýði eptir stöðu minni á þínginu, að eg láti í ljósi meiníng mína, viðvíkjandi breytíngar-atkvæði þíngmannsins úr Eyjafjarðarsýslu, sem framsögumaður hefir mótmælt, þó það sè nú reyndar, ef til vill, ekki svo nauðsynlegt, þar mèr skildist framsögumaðurinn seinast ekki vera fastur á að hrinda því; þíngmaður Eyfirðínga lèt í ljósi, að hann væri ekki fjarlægur meiníngu þeirri, sem einn konúngkjörinn þíngmaður veraldlegu stèttarinnar hreifði í gær, að nægja mundi að 1 af 10, sem

kosníngarrètt hefðu, færi til kjörfundarins; en hann sagðist að eins undir því skilyrði fallast á þessa meiníngu, að þeir, sem ekki vildu kjósa kjörmenn, mættu sjálfir kjósa alþíngismann beinlínis; og sagðist hann áskilja sèr breytíngar-atkvæði samkvæmt þessu; þannig er eg, eptir sem eg rèttast get munað, hinum heiðraða framsögumanni samdóma í því, að sá umtalaði þíngmaður hafi ekki með berum orðum áskilið sèr breytíngar-atkvæði um, að kosníngar skyldu vera einfaldar, en eg skildi samt ræðu hans svoleiðis, að þær væru honum nær skapi, og þóktist því ekki geta haft á móti því, að hann skýrði ræðu sína á þann veg.

Hvað viðvíkur breytíngar-atkvæði mínu, um að kjörmenn skyldu vera ekki fleiri en 1 af 5, og ekki færri en 1 af 10, sem kosníngarrètt hefðu, þá get eg að vísu ekki varið það, að það er í vissu tilliti nokkuð óákveðið, og eg hefi kannske haft í huganum nokkuð aðra aðferð við kosníngu kjörmanna, en þá sem nefndin bendir á. Mèr hafði nefnilega dottið í hug, þó ekki færi eg því á flot, að það kynni mega standast, að þeir, sem í hverjum brepp hefðu kosníngarrètt, kæmi sèr saman um það, hvað marga þeir skyldu senda fyrir sig til kjörfundarins, og veldu þá undir umsjón prests og hreppstjóra. Eg veit ekki, hvað sýslumenn kunna að eiga hægt með, eða hvað góðan tíma þeir kunna að hafa til að stjórna þessum kosníngum á manntalsþíngum; en hvort sem kosníngar kjörmanna framfæru á manntalsþíngum eða annarstaðar, hugsaði eg, að það gæti átt við, sem eg bar fram breytíngar-atkvæði um; eg ímyndaði mèr nefnilega, að þar sem mjög margir hefðu kosníngarrètt, kynnu menn að álíta nóg, og koma sèr saman um, að kjósa svo sem 1 kjörmann af 10; en þar sem mjög fáir hefðu kosníngarrètt, kynnu menn aptur að segja svo: hèr erum við svo fáir, sem kosníngarrètt höfum, að við verðum að senda 1 af 5 til kjörþíngsins.

Framsögumaður: Um breytíngaratkvæði þetta var einúgis ágreiníngur út af forminu. Forseti hefir einu sinni sett þá reglu, að hver, sem ber upp breytíngaratkvæði, skuli áskilja sèr það með berum orðum. Nú er breytíngaratkvæði upp borið með berum orðum á þá leið, sem eg sagði fyrri; en þá hlýtur það að koma fram þannig, sem það er borið upp, en ekki öðruvísi, og eins verður að bóka það þannig, sem það er borið upp, en ekki öðruvísi.

Ásgeir Einarsson: Þeir, sem hafa borið upp breytíngar-atkvæði á þessu þíngi, hafa opt mælt með þeim; samt ætla eg ekki að mæla með breytíngaratkvæði því, er eg bar upp í gær; ef sanngirni mælir fram með því, er það nóg. En þó ekki verði fallizt á breytíngaratkvæði þetta, fellur mèr það ekki þýngra, en þegar ekki var fallizt á breytíngaratkvæði það, er eg bar upp á enu fyrra þíngi; en svo er þó komið, að það var að mestu samþykt á enu síðara þíngi.

Það, sem sá heiðraði þíngmaður Dalasýslu hefir mælt um verzlunar-ástand Vestfirðínga, viðvíkjandi þíngtíma-færslunni, er mèr kunnugt að satt er. Það hefir opt borið þar við, að einstaka menn hafa vorðið heilu hèraði að miklu liði í verzlunar-efnum; þó mun mörgum þíngmönnum þykja sú umrædda þíng-tíma-breytíng óhagkvæm, og er hætt við að atkvæði falli á þá leið; samt vona eg, að allir, sem vilja þjóð sinni einlæglega vel, skorist ekki undan að vera á þeim stöðum, er þeir halda sig geta unnið henni mest gagn.

Stúdent Guttormur Vigfússon: Eg vil þó biðja þíng-menn að íhuga breytíngar-atkvæði mitt grant, áður en geingið er til atkvæða, og aðgæta, hvort ekki muni til þess vinnanda, að strjála þínghaldstímanum, og halda það einúngis 3. hvert ár, en 6 vikur í hvert sinni, og reyna að vinna þar með upp kostnaðinn, er leiddi af fulltrúa-fjölguninni, sem nú er stúngið upp á; eg veit að vísu, að það eru mörg og mikilvæg málefni hjá oss, sem þurfa bráðra aðgjörða, eins og hinn háttvirti kon-úngsfulltrúi og framsögumaður hafa drepið á, og sem þess vegna yrðu að dragast leingur undan, ef þíngsetu væri strjál-að; en eg hygg, að hitt muni vega þar upp á móti, þegar fram líða stundir. Breytíngar-atkvæði þíngmannsins úr Dalasýslu, viðvíkjandi tímanum, er alþíng skyldi byrja á, hefi eg ekki á-litið þörf að mótmæla, fremur en búið er, því eg þykist viss um, að einginn þíngmanna fallist á það.

Forseti: Í tvennu tilliti er mèr skylt að taka til máls, því bæði er það, að þetta málefni, sem nú er fyrir hendi, er eitt af þeim mest varðandi þjóðarmálefnum, og finn eg mèr því skylt, að láta um það meiníngu mína í ljósi: og líka átti eg að heita meðlimur nefndar þeirrar, sem undirbjó alþíngistilskipun-ina, yfir hverri, 4 ára gamalli, alþíngið nú er að búa sig til að uppkveða lífs- eða dauða-dóm, og mætti sýnast lítill aldur, ef svo er, sem hèr hefir verið hreift á þínginu, að þess hátt-

ar löggjöf heita megi nokkurskonar grundvallarlög landsins. Mèr virðist þá, að reynslan enn þá sè of stutt til að sýna, hvort tilskipunin sè haganleg eður óhaganleg; það er alls einu sinni eptir henni kosið, og þeir heiðruðu þjóðkjörnu þingmenn, sem hèr sitja í salnum, eru kosnir að hennar fyrirmælum; en mèr þykir það fremur ólaglegt, að þeir hinir sömu skuli verða til að kvarta yfir, hve óhentug hún sè. Mín meiníng, sem eg skýlaust, eptir beztu sannfæríngu, vil í ljósi láta, er þá fyrst og fremst, að hún að svo stöddu eigi að standa óröskuð. Eg vil ekki með því neita, að á henni kynni að vera nokkur lítilfjörleg missmíði; sá hæstvirti konúngsfulltrúi hefir sjálfur bent á gallana, og tel eg þann mestan, að Vestmannaeyjar, eptir tilskipunarinnar kosníngarlögum, eiga sèr hèr á þíngi eingan fulltrúa; en eg ætla, að þessi gallinn þurfi ekki að standa henni fyrir leingra lífi, því hægt mundi stjórninni veita, að ráða þar á bót í bráð, þángað til nýtt jarðamat kemst í lag, og eyja búar við það nái að komast inn undir ákvarðanir tilskipunarinnar. En við því mun eg mega búast, að bregða megi til beggja vona, að hún verði hèr á þíngi tekin undir breytíngar, og ætla eg því að fara fáeinum orðum um helztu atriðin, sem að er fundið, og eru það þá fyrst kosníngarlögin. Það er farið fram á, að kosníngar sèu tvöfaldar, en við það hefi eg aldrei getað felt mig, hversu sem eg hefi velt því fyrir mèr, en vera má, að skýla sè fyrir augum mèr í þessu; þó hefi eg styrkzt í minni meiníngu við dæmi ens velæruverðuga þíngmanns Borgfirðínga; viss er eg um, að hann hefir opt íhugað þetta þjóðmálefni, áður hann kom í nefndina, og þó hefir hann sjálfur játað, að hann hafi aldrei getað fundið ástæðu nóga til að fallast á tvöfaldar kosníngar, fyrr en hann kom i nefndina. Þær tvöföldu kosníngar eru í mínum augum í tvöföldu tilliti ískyggilegar. Fyrst og fremst tel eg mig vissan um, að þjóðin hættir að hafa elsku á og ósk eptir þínginu; því það má hver finna í sínu eigin brjósti, að hann hefir meiri mætur á því, sem hann gjörir sjálfur, en því, sem aðrir gjöra fyrir hans hönd. Það hefir verið borið fyrir, að með einföldum kosníngum gætu svo fáir notið kosníngarrèttar frá sjóhreppunum, en þó þar sè lág tíund, eru þar þó, að minni þekkíngu, ekki ætíð færri jarðeigendur, en annarstaðar; þó neita eg því ekki, að ef breyta skyldi tilskipuninni á annað borð, væri það sú einasta breytíng, sem mèr þækti tilráðandi, að kosníngarstofninn lækkaði, og

næði eins til lausafjár, sem fasteignar. Annað er það, að eg óttast fyrir, að ýmisleg miður hagkvæm skipun kynni að verða viðhöfð við fáa kjörmenn, ef kosníngar eru tvöfaldar.

Þess er óskað, að þeim þjóðkjörnu fulltrúum verði fjölgað til 34, og það borið fyrir, að meira kveði þá að þínginu; en í mínum augum er þingið, eins og það er, full virðulegt, og að öllu samsvarandi kröptum og fjölda þjóðar vorrar. Hèr á að vera, og er í eitt kominn sá vitsmuna kraptur, sem fær er að dæma um, hvað landinu sè hagfeldast. Fjölgun þíngmanna gjörir þingið án efa óvinsælt, kostnaðarins vegna, og heyrzt hefir það optar hèr í salnum, að í mörgu, og ekki þó um skör fram, sè horft í kostnaðinn, og ætla eg, að þetta sè sannarlegt merki þjóðar-viljans, fyrst það er látið í ljósi hèr á þínginu. Það er eg líka viss um, að af 34 þjóðkjörnum yrði ekki meira gjört, en af þeim 20, sem nú eiga að vera, og eg vil ekki kannast við, að hinir mundu ráða málunum betur til lykta, en þessir gjöra nú. Hver einn þíngmanna hefir jafnan rètt til að láta meiníngu sína í ljósi, en nærri má geta, hvað þíngstörf innan þings og skriptir utan þings tefjast og leingjast, því fleiri sem þessa rèttar neyta.

Þá eru eptir tvö atriði þessa máls, sem viðkvæmast er að snerta, það er um opnar dyr þíngstofunnar og mál konúngsfulltrúa. Eg skal þó um hvorttveggja láta meiníngu mína hispurslaust í ljósi. Hvað opnar dyr snertir, þá sè eg ekki, að þar af geti leidt hið allra minnsta gott, en eg óttast lángt heldur fyrir ýmislegri óreglu og vandkvæðum, sem þar af kynnu að fljóta; það er borið fyrir, að þetta sè þjóðarvilji, af því bænir um það eru komnar frá nokkrum hinum fjarlægustu hèruðum; en hver getur sagt mèr, hvað þjóðarvilji sè? Hvar er hann? Ef hann er nokkurstaðar, þá er hann hèr á þínginu. Eg vil telja tvö dæmi upp á, hvað gott sè á honum að byggja. Eg þarf ekki, og skal ekki bera mínum kæru Árnesíngum meira hvíklyndi á brýn, en hverjum öðrum hluta þjóðarinnar, þeir eru of skynsamir og eptirþánkasamir til þess; en hvað hefir sá heiðraði varaforseti sagt? Hefir hann ekki skýrt svo frá, að þeir 1845 hafi ekki viljað hafa þíngstofuna opna, en 1847 beiðast þeir þess. 1845 þókti þeim nægja 4 þíngmanna viðbót, en 1847 ekki minna en 14. 1845 vildu þeir hafa einfaldar kosníngar og kjörstofn, en 1847 tvöfaldar og eingan kjörstofn. Af þessu dæmi má sjá, hversu þjóðarviljanum sè háttað. Eg vil

taka til annað dæmi. Það eru ekki mörg ár, síðan það var talið sem óhvikull þjóðar-vilji, að alþingið væri haldið á Þingvelli; nú er að eins lauslega drepið á það í 2 af þeim 15 bænarskrám, sem þessu máli fylgja. Það er verið að ota fram þjóðar-viljanum einúngis til að ótta þeim, sem eru mótfallnir einhverri einstakra manna meiníngu; en hann er hvergi, nema í brjósti þeirra heiðruðu þíngmanna. Hann sèst að eins af samhljóðun sannfæríngar þeirra.

Eg verð líka að drepa lítið eitt á það mál, á hverju konúngsfulltrúinn skuli ræða. Eg fyrir mitt leyti óskaði helzt, að ekkert heyrðist hèr annað en íslenzka; en eg kalla það á hinn bóginn ósanngjarna kröfu af okkar litlu þjóð, að hún vilji útiloka frá alþínginu túngu þeirrar þjóðar, undir hverrar vernd hún stendur. Eg vildi þá helzt, að fyrirskipað væri, að eingin þýðíng ætti að framfara, hvorki af íslenzkum nè dönskum ræðum hèr, og eg ætla óhætt að byggja á því, að þeir útvöldu þjóðar þessarar, kjarninn af henni, sèu svo mentaðir, að þessa ekki þurfi við.

Eg vil ekki vera að elta þær ýmislegu athugasemdir um þetta, sem fram hafa komið af þíngmanna hendi; þó verð eg að drepa á eina. Það er sú, þegar hinn velæruverðugi þíngmaður Borgfirðínga vill láta kjörmennina vera sem sendimenn á kjörfundinn frá þeirra hendi, sem hafa kosið þá, sem, ef eg hefi ekki misskilið, einúngis ættu að kjósa þann til alþíngissetu, sem þeim væri skipað. En mèr er spurn: Hvað verður þá úr því vitsmuna afli, sem verið er að tala um að eigi að safnast í eitt á kjörþínginu? Mèr virðist það vera í augum uppi, að kjörmennirnir þá ekki kjósa fulltrúann, heldur þeir, sem þá senda.

Framsögumaður: Hinn háttvirti forseti talaði um, að hèr vantaði reynslu, og þess vegna ætti menn ekki að breyta alþíngistilskipuninni, en hann kom þó sjálfur í ræðu sinni með nokkur atriði, sem honum fannst að breyta þyrfti. Hann talaði um að breyta kosníngarlögunum á Vestmannaeyjum til bráðabyrgða; en því skyldi ekki eins vel breyta nú þegar á þann hátt kosníngarlögunum, að þau gæti geingið yfir allt landið. Hann taldi tvo annmarka á tvöföldum kosníngum: annar var sá, að menn mundu leggja minni rækt við þíngið, helzt vegna þess, að flestir kysi einúngis með umboðsmönnum, en ekki sjálfir; en ræktin yrði þó að fara eptir því, hversu margir

tæki þátt í kosníngu þíngmannsins, og þegar sýnt er, að miklu fleiri kysi þíngmenn með frjálsum kosníngnm tvöföldum, en nú með einföldum, þá er það í augum uppi, að rækt á þínginu getur ekki minkað þess vegna; ef hinir fyrri kjósendur hafa rækt á þínginu, þá hljóta þessir að hafa það líka. Annar annmarkinn var talinn sá, að ýmisleg skipan yrði á kosníngum; það tek eg svo, sem kosníngar mundu fara fram í ýmsri óreglu, en við þessari óreglu held eg ekki verði hættara með tvöföldum kosníngum, en einföldum. Hèr er undir komið, að sameina sig um að fallast á annaðhvort einfaldar kosníngar með bundnum kjörstofni, eða tvöfaldar með óbundnum. Eg fyrir mitt leyti held að vísu, að frjálsar einfaldar kosníngar væri hættulausar, en mèr þykir svo mikið áunnið, frá því sem er, ef þetta feingist, sem hèr er stúngið upp á, að eg felli mig vel við það, og þegar vèr vitum, að margir hafa sömu kosníngar aðferð annarstaðar, og una vel við, þá þykir mèr ekkert ísjárvert, að fallast á svo sanngjarna kosti.

Það er eðlilegt, að hinum háttvirta forseta þyki þíngið mikið virðulegt, eins og það er; en hitt er þó fullsannað, að kraptarnir aukist og störfin gángi greiðara, að minnsta kosti utan þíngs, ef tala þíngmanna yrði aukin; þó margt sè talað um kostnaðinn, þá er það þó eingin frágángssök; það sýna bænarskrárnar.

Hinn háttvirti forseti talaði um hinn hvikula þjóðvilja. Það er ekki annað, en það sem segja má um allan mannlegan vilja. Allur mannlegur vilji er hvikull, og sá mun einginn vera, sem aldrei breytir vilja sínum; en hèr er komið undir þeim ástæðum, sem breytíng viljans er bygð á. Hèr eru nú komnar fram nógar ástæður til að breyta vilja þeirra, sem bjuggu til þessi kosníngarlög fyrir nokkrum árum síðan, og bygðu þau þá sjálfsagt á þeim ástæðum, sem þeir vissu beztar.

Að þíngið verði haldið í heyranda hljóði, það er í sannleika almenn ósk, og hún er ekki síður almenn fyrir það, þó sumir þykist ekki sjá gagnið af því, vegna þess þeir geta ekki sèð ábatann af því í dalatali; eg get heldur ekki sýnt, hversu margra dala ábati það geti verið, en hitt veit eg, að margir merkismenn hafa komið hèr og mundu koma til þíngs, ef þeir vissi, að þeir ætti kost á að heyra hvað fram færi á þínginu.

Forseti: Þar einginn ræðir framar mál þetta, þá bið eg atkvæða þingsins um þessar greinir málsins:

1. Vill þingið senda konúngi bænarskrá um endurskoðun alþingistilskipunarinnar (nefndin 1)?

   Samþykt með 18 atkvæðum gegn 4.

2. Vill þingið fallast á 2. uppástúngu nefndarinnar, að kosníngarrèttur sè óbundinn við fjárstofn?

   Samþykt með 18 atkvæðum.

3. Aðhyllist þingið, að kjörgeingi sè með öllu óbundin við fjáreign (nefnd 2. b.)?

   Samþykt með 18 atkvæðum.

4. Vill þingið biðja um tvöfaldar kosníngar (nefndin 2. c.), eða einfaldar, eins og nú er?

   Hið fyrra samþykt með 12 atkvæðum gegn 10.

5. Hvort vill þingið heldur, að 1 sè kjósandi fyrir hverja 5 (nefndin 2. c. sbr. 3. a), eður ekki fleiri en 1 fyrir hverja 5, og ekki færri en 1 fyrir hverja 10?

   Hið fyrra samþykt með 13 atkvæðum.

6. Fellst þingið á 2. viðauka-atkvæði þingmannsins úr Dalasýslu, að fulltrúi sè ætíð kosinn sèr, og varafulltrúi sèr?

   Felt með 14 atkvæðum.

7. Vill þingið fallast á 3. viðauka-atkvæði þingmannsins úr Dalasýslu?

   Felt með 20 atkvæðum.

8. Vill þingið fallast á, að alþíng byrji aldrei fyrri en 16. Júlí (Þ. Sivertsen, viðauka-atkvæði 1)?

   Felt með 20 atkvæðum.

9. Vill þingið fjölga þingmanna-tölunni um 14 þjóðkjörna, svo alþingismanna-talan verði 40 (meiri hl. nefndar 2. d), eða að þingmanna-talan sè hin sama, og nú á að vera að lögum?

   Hið síðara samþykt með 14 atkvæðum gegn 8.

10. Vill þingið minka fæðispeninga þingmanna, frá því sem lögskipað er, til 15 mka. um daginn (Ásgeir Einarsson; vara-atkvæði sèra Haldórs Jónssonar)?

    Felt með 19 atkvæðum.

11. Vill þingið beiðast þess, að þinghöld fari fram í heyranda hljóði (meiri hl. 2. f)?

    Samþykt með 12 atkvæðum.

12. Vill þingið biðja um, að íslenzka ein verði töluð á þinginu bæði af konúngsfulltrúa og öðrum (nefnd 2. e)?

Samþykt með 15 atkvæðum.

13. Eða, ef þessa er eigi kostur, vill þá þingið heiðast þess, að eingin útlegging fari fram á þinginu, hvorki af dönskum nè íslenzkum ræðum (Þ. Sívertsen)?

Felt með 19 atkvæðum.

14. Vill þingið breyta 79. grein alþingistilskipunarinnar eptir nefndarálitinu, 2. grein, eður einúngis auka við hana um árlega prentun reikninganna (Þ. Sívertsen)?

Hið síðara samþykt með 14 atkvæðum.

Eptir atkvæðagreiðslunni til 9. spurn., fèll í burtu spurning um viðauka-uppástúngu þingmannsins úr Norðurmúlasýslu: „að fulltrúum væri fjölgað um 14, en alþing haldið að eins 3. hvert ár og 6 vikur hvert sinn".

Að lyktum var lesið upp:

1. allraþegnsamlegast álit þingsins um konúnglegt frumvarp til tilskipunar um nýjan jarðadýrleika á Íslandi, er hljóðar þannig:

## Til Konúngs!

Yðar konúnglegu Hátign hefir allramildilegats þóknazt að láta leggja fyrir alþing til ráðaneytis frumvarp til tilskipunar um nýjan jarðadýrleika á Íslandi.

Eptir að þetta málefni hafði verið feingið í hendur 5 manna nefnd til rannsóknar, hefir það síðan á lögskipaðan hátt verið rædt ítarlega á tveim aðalfundum, og leyfir nú alþing sèr allraþegnsamlegast að segja um það álit sitt á þessa leið.

Þingið ætlar, að verk það, sem stjórnin hefir í hyggju að láta framkvæma, að setja nýjan dýrleika á allar jarðir á Íslandi, sè eitthvert hið mesta vandaverk, og það hèlt því, að vandlega bæri að yfirvega aðferð þá, með hverri verki þessu gæti orðið sem heppilegast framgeingt, því undir aðferðinni, eður því, hvað vel hún er tilfundin, mun það verða komið, hvernig jarðamatið heppnast. Þingið hefir því álitið það skyldu sína, að yfirvega vel og grandgæfilega öll þau atriði, sem hèr að lúta.

Þessi yfirvegun hefir leidt þingið til þess að fallast á þær grundvallarreglur, sem frumvarpið er bygt á: að jarðamatið

skuli gjörast af nákunnugum mönnum í hverri sveit; að allar jarðir skuli virða til peningaverðs; og að settur væri dýrleiki á hverja jörð, eptir að peninga verðhæð alls jarðagózins í landinu er fundin, og búið er að komast niður á því, hvert hundraðatal hæfilegt þækti fyrir skuldsetníng alls landsins.

Hvað nú frumvarpinu sjálfu viðvíkur, þá hefir þingið einnig fallizt á það, með einstöku breytíngum og viðauka, sem það nú allraþegnsamlegast skal leyfa sèr að telja.

Í annari grein heldur þingið, að eptir orðin „fyrir hvern hrepp“ ætti að bæta orðunum: „helzt af hreppsbændum sjálfum“, til þess þar með að sýna, að sýslumenn að sönnu, yfir höfuð að tala, ættu að fylgja þeirri aðalreglu, að tilnefna virðíngarmennina af innanhreppsmönnum, en að hann þó mætti kjósa einn eða fleiri af þeim utan hrepps, þegar ekki er vel hæfa menn að finna til þess í hreppnum sjálfum, sem stundum kann við að bera.

Einnig hyggur þingið, að eptir hin áminnztu orð: „helzt af hreppsbændum sjálfum“, eigi enn þá að bæta orðunum: „og vinni þeir eið að því fyrir sýslumanni, áður þeir gánga til starfa“, því þingið álítur þá skyldu virðíngarmanna, að vinna eið að virðíngargjörðinni, bæði svo heilaga fyrir þá sjálfa, og líka svo áríðandi fyrir alla aðra hlutaðeigendur, að það hyggur bezt fallið, að hennar sè getið í sjálfri löggjöfinni um jarðamatið.

Í frumvarpsins 3. grein hyggur þingið að skjóta ætti inn orðinu „sanngjarnlega“ millum orðanna, „jarðir“ og „verða“, þar eð það heldur, að löggjöfin sjálf ætti að benda á það, sem á að vera aðalreglan við jarðamatið, að hverja jörð skuli meta eptir gæðum sínum, en ei eptir því, þó hún, ef til vill, hafi farið að kaupum og sölum við hærra eður lægra verði, en gæðum hennar svarar.

Millum þriðju og fjórðu greinar frumvarpsins hyggur þingið að skjóta ætti inn nýrri grein, er þannig mætti orða:

> Til að rannsaka mat jarðanna skal sýslumaður ásamt prófasti nefna til 5 af þeim mönnum, sem unnið hafa að þeim starfa þar í sýslu, og skal hann kveða menn þá til fundar einn hinn fyrsta dag í Ágúst-mánuði á hentugum stað. Menn þessir skulu sverja sýslumanni sama eið og áður er sagt um virðíngarmennina. Skulu þeir ekki að eins leiðrètta villur þær, er á kynnu að hafa orðið við

matið, heldur og dæma um aðfinníngar þær, sem fram eru komnar gegn virðíngarverði jarðanna, og skal sýslumaður stjórna gjörðum þeirra og leiðbeina þeim, en þó ekki hafa atkvæðisrètt við úrskurðinn. Ef nokkur af þessum mönnum áður hefir átt þátt í virðíngu jarðar þeirrar, sem þræta er um, skal hann fráhverfa, meðan úr þrætunni er skorið, og svo einn af hinum, er sýslumaður tekur til; skulu þá hinir 3 leggja úrskurð á málið.

Þínginu virðist þessi grein eiga eins vel heima í frumvarpinu, eins og önnur greinin um virðíngarmenn; því bæði ætlast 4.greinin til, að rentukammerið gefi rannsóknarmönnum reglur, eins og virðíngarmönnum, og 5. greinin ákveður þá borgun, er þeir eiga að fá fyrir starfa sinn. Starfi rannsóknar-mannanna er einnig svo verulegur hluti af jarðamatsverkinu, að þeirra virðist eiga að vera getið í löggjöfinni, á þann hátt sem nú var getið.

Þíngið hefir, eins og áður ávikið, aðhyllzt þá grundvallarreglu frumvarpsins, að dýrleika skyldi þá fyrst setja á hverja jörð, þegar peníngaverð og hæfileg hundraðatala alls jarðagózins í landinu væri fundin; en þar á móti hefir þíngmenn greint á í því, hver að lyktum skyldi ákveða, hvernig setja skuli dýrleika á hverja jörð. Sumir þíngmenn hafa haldið, að þetta ætti rentukammerið að gjöra samkvæmt frumvarpsins 4. grein, því það væri til þessa starfa bezt fallið, en meiri hluti þíngmanna hefir þó orðið á því máli, að bezt mundi haga, að alþingi væri falið þetta á hendur, og því stúngið upp á, að bæta við endir 4. greinar frumvarpsins þessum orðum: „en alalþíng ákveði, hvernig á endanum skuli setja dýrleik á hverja jörð“.

Borgun sú, sem 5. grein frumvarpsins áskilur virðíngarmönnum og rannsóknarmönnum fyrir starfa þeirra, hefir þínginu þókt heldur lág, og hefir það því álitið betur fallið, að borgun þessi væri þannig hækkuð, að hver þessara manna feingi 1rbd. 32sk. fyrir dag hvern, meðan þeir starfa að virðíngum jarðanna og rannsóknum virðínganna.

Loksins hefir þíngið álitið það nauðsynlegt, að jarðamatsbókin verði prentuð, ásamt breytíngum þeim og athugasemdum, sem gjörðar eru við virðíngar jarðanna, þannig, að eitt „exemplar“ sè sent hreppstjóra, sýslumanni og amtmanni hverjum, svo og alþíngi fyrir hvern alþíngismann, með póst-

skipi, árinu áður en frumvarp til löggildíngar jarðamatsbókinni verður borið undir alþíng.

Samkvæmt því, er hèr að framan er talið, leyfir alþíng sèr því allraþegnsamlegast að stínga upp á því:

1. Að frumvarpinu verði veitt lagagildi
   (með 20 atkvæðum gegn 3),
   Þó með fylgjandi breytíngum:
   *a.* Að í annnari grein sè, eptir orðin, „fyrir hvern hrepp“, bætt orðunum: „helzt af hreppsbændum sjálfum“.
   (með 19 atkvæðum gegn 4).
   *b.* Að í sömu grein sè, eptir nýnefndum viðauka-orðum, bætt við orðunum: „og vinni þeir eið að því fyrir sýslumanni, áður þeir gánga til starfa“.
   (með 15 atkvæðum gegn 8).
   *c.* að í 3. grein verði millum orðanna „jarðir“ og „verða“ bætt við orðinu „sannglarnlega“.
   (með 17 atkvæðum gegn 6).
   *d.* að millum 3. og 4. greinar verði bætt nýrri grein þannig hljóðandi: „til að rannsaka mat jarðanna, o. s. frv.
   (með 17 atkvæðnm gegn 6).
   *e.* að við enda 4. greinar verði bætt orðunum: „en alþíng ákveði, hvernig á endanum skuli setja dýrleika á hverja jörð“.
   (með 17 atkvæðum gegn 6).
   *f.* að borgun til virðíngarmanna og rannsóknarmanna eptir 5. grein verði hækkuð frá 1 rbd. til 1 rbd. 32 sk. fyrir dag hvern.
   (með 21 atkvæði gegn 2).
2. Að jarðamatsbókin verði prentuð ásamt breytíngum þeim og athugasemdum, sem gjörðar eru við virðíngar jarðanna, þannig, að eitt „exemplar“ sè sent hreppstjóra, sýslumanni og amtmanni hverjum, svo og alþíngi fyrir hvern alþíngismann, með póstskipi, árinu áður en frumvarp til löggildíngar jarðamatsbókinni verður borið undir þíngið.
   (með 21 atkvæði gegn 2).

Þ. Sveinbjörnsson. P. Melsteð.

2. Allraþegnsamlegust bænarskrá þíngsins um vörumat á Íslandi þannig látandi:

## Til konúngs.

Frá alþingismanni Gullbríngu- og Kjósar-sýslu, gullsmiði Þorgrími Tómássyni, kom til alþingis bænarskrá um það, að kaupeyrir Íslendínga, einkum saltfiskurinn, verði hèðan af betur verkaður, en híngað til verið hefir, og ber bænarskráin upp þessar tvær uppástúngur:

1. að áminníngar verði Íslendíngum gefnar, að bindast í fèlög til að vanda verkun á saltfiski, og

2. að í öllum verzlunarstöðum landsins verði nefndir manna tilskipaðar, til að gjöra úrkast úr saltfiskinum, áður eða þegar hann er borinn á skip. Þíngið kaus þriggja manna nefnd til að íhuga mál þetta, og eptir að málefni þetta hafði verið ítarlega rædt á tveimur aðalfundum, leyfir alþíngið sèr allraþegnsamlegast að bera upp álit sitt á því þannig:

Einn hinn helzti kaupeyrir Íslands er saltfiskur, og á hann sèr, fremur en aðrar vörutegundir, markað í útlöndum, einkum á Spáni, hvar hann er seldur jafnsíðis saltfiski annara landa, t. a. m. Noregs og Hjaltlands; en bæði þess vegna, að hann er, ef til vill, miður verkaður en þessi, sem opt er komið undir árferðinu hèr í landi, en einkum hins vegna, að fiskur hèðan er ómatinn og ómerktur, en allur fiskur hinna nefndu landa er rèttu marki auðkendur, situr enn íslenzki fiskur á hakanum, þegar hann á sèr markað með hinum; og svo eru mikil brögð orðin að mismun verðlags ens íslenzka og útlenda fisks á Spáni, að óttast má verzlun hans sè þar lokið, ef ekki verður bráðlega aðgjört.

Ætlar þíngið, að landinu mundi verða það eð mesta gagn, ef saltfiskur væri matinn og auðkendur, áður hann er hèðan fluttur, bæði til að tryggja góða verkun hans og til að gefa honum jafngildi við þann fisk, sem hann sækir markað með.

En þar eð saltfiskur er mestur fluttur til útlanda frá kauptúnum þessum við Faxaflóa: Reykjavík, Hafnarfirði og Keflavík, ætlar þíngið nægja mætti, að mat yrði lagt á fisk í þessum kauptúnum, þegar verzlunarmenn óska þess.

Þíngið kannast að vísu við, að fleiri vöru-tegundir þurfi að verkast betur, en alment viðgeingst, en það ætlar, að bót þessi muni af sjálfsdáðum koma, einkum ef menn sæu ágóða af vörumati á fiskinum.

Af ástæðum þeim, sem hèr eru taldar, leyfir þíngið sèr allraþegnsamlegast að bera þá bæn upp, að Yðar Hátign allra-

mildilegast þóknast mætti, að láta leggja frumvarp um vörumat á Íslandi fyrir alþingi það næsta, er haldið verður, og óskar þingið:

1. með 19 atkvæðum gegn 4, að vörumatið verði frjálst, og að eins við Faxaflóa.
2. með 16 atkvæðum gegn 7, að ekki verði fyrst um sinn matnar aðrar vörur, en fiskur.
3. með 18 atkvæðum gegn 5, að vörumatsmenn verði af Yðar Hátign nefndir, og þeim ákveðin laun fyrst um sinn af opinberum sjóði; og
4. með 14 atkvæðum gegn 9, að laun þessi endurgjaldist með niðurjöfnun á þá metnu vöru.

Þ. Sveinbjörnsson. Hannes Stephensen.

Þvínæst var fundi slitið.

---

## 7. Ágúst — þrítugasti og fimti fundur.

Þingbók frá tveimur síðustu fundum lesin og samþykt.

Forseti tilkynti þinginu, að þingmaður Suðurþingeyjarsýslu gæti ekki forfalla vegna komið á fund að þessu sinni.

Var þá lesið upp:

1. Allraþegnsamlegust bænarskrá þingsins til konúngs um læknaskipun og spítala á Íslandi, svo látandi *).

### Til Konúngs.

Alþingismaðurinn úr Ísafjarðarsýslu hefir borið upp þá uppástúngu, að bætt yrði læknaskipunin hèr á landi á þann

*) Álitsskjalið, sem upp var lesið og samþykt af þinginu í einu hljóði (samið af þingmanninum úr Ísafjarðarsýslu), var samhljóða þessu, sem hèr er prentað og sent var konúngi, að undanteknum þeim orðum, sem ritnefndin hefir auðkent með skírara letri í textanum; hvernig þessi orð voru í skjalinu, sem lesið var, og hverju aukið sè inn í textann, þess verður getið með töluliðum í neðanmálsgreinum hèr á eptir. Ábyrgist eg, sem vandlega hefi borið saman bæði skjölin, að eingu sè breytt nè *inn í* aukið nema því, sem þannig er frá skýrt. Forseti hefir brèflega, að fyrirspurn minni, synjað fyrir, að hann hafi dregið yfir neitt annað í skjalinu, eptir að það var lesið á þingi, en það eina, sem hann breytti með öðrum orðum, og hèr verður tilgreint: hefir hann og sjálfur, í uppáteiknun þeirri, sem prentuð er í neðanmálsgrein á 831. bls., getið þess, fyrir hverja sök hann hafi haft við þessar breytingar í skjalinu, sem sent var fram. J. G.

hátt, að settur yrði spítali hèr í Reykjavík með 2 læknum auk landlæknis til að að kenna læknisfræði, og yrði holdsveikum ætlað þar herbergi sèr í lagi, þeim er álitnir væri læknandi; sömuleiðis, að læknum yrði fjölgað, þannig, að einn læknir yrði að minnsta kosti í hverri sýslu, og enn fremur, að komið yrði upp sem flestum aðstoðarlæknum, sem hjálpað gætu í einföldustu sjúkdómstilfellum. Um þetta mál, sem einnig kom fram á hinu fyrsta þingi, en varð ekki útkljáð, komu einnig bænarskrár frá 4 sýslum, með 429 undirskriptum, lútandi að sama fyrirkomulagi. Þingið kaus 5 manna nefnd til að rannsaka þetta mál, og var það síðan rædt á 2 aðalfundum á lögskipaðan hátt.

Það hefir verið fullkomlega leidt í ljós, að meir en helmíngur af hèruðum landsins er annaðhvort að mestu allshendis, eða að meira eða minna hluta án læknahjálpar, og af þessu leiðir að líkindum einna helzt, að manndauði er meiri hèr á landi að tiltölu, en í stórstöðum norðurálfunnar, einkum á barnsaldrinum, og hefir ekki orðið vart við, að nett hafi lagazt í þessu efni á seinni árum, þó það ráði að líkindum, að þetta sè ekki sprottið af eðli landsins, heldur af tilhögun þeirri, sem af manna völdum er, og þá fyrst og fremst af læknaskorti.

En þegar úr þessum skorti á að bæta, svo til hlítar sè, á svo strjálbygðu landi sem þessu, þá er ekki að vænta, að því verði framgeingt, ef heimta skyldi af öllum háskólamentun, heldur er það að allra dómi nauðsynlegt, að veita mönnum lækníngaleyfi, sem aðstoðarlæknum, þó þeir hafi ekki lært nema hjá hèraðslæknum. Nokkrir þíngmanna[1]) eru einnig á því máli, að óskanda væri, að hèr yrði sett læknakensla í landinu, þegar efni væri fyrir hendi, til þess að innlend læknaefni gæti feingið þar mentun, og síðan útbreiðzt um landið, en nokkur embætti að eins væri ætluð háskólamentuðum læknum, og þeim sèð fyrir betri launum.

Til að koma þessari fyrirætlun fram, ætla þessir[2]), að mest alþjóðlegt gagn mætti verða af, að verja til þess eignum og tekjum hinna svo nefndu spítala, sem ætlaðir hafa verið holdsveikum til hælis, en hafa um lángan tíma alls ekki svarað tilgángi sínum, eða veitt holdsveikum betri aðhjúkrun en ella, heldur valdið miklum fjárspilli, en eingu gagni, og

[1]) Meiri hluti þíngmanna. [2]) ætlar alþíng.

þess vegna staðið að nokkru leyti auðir um nokkur ár. Þessir ætla og [1]), að tilgángi spítalanna mundi verða betur framgeingt, ef læknakensla yrði sett á stofn og læknum fjölgað síðan, einkum ef að úngum holdsveikum yrði ætlað herbergi sèr í lagi á spítala, í þeim tilgángi að leitast við að lækna þá, sem sjúkdómurinn hefði eigi gagntekið.

Þinginu þókti áætlanir þær, sem bornar voru fram til að sýna kostnaðinn, sem útheimtast mundi, og efni þau, sem fyrir hendi væri, ekki svo óyggjandi, að það vogaði sèr að bera fram þá bæn fyrir Yðar konúnglega Hátign, að nú þegar yrði byrjað á að koma þeim endurbótum á læknaskipunina, sem nauðsynlegar virðast, með spítala stofnsetníngu og læknakenslu hèr á landi [2]), einkum þar eð ekki yrði fyrirsèð, nema kostnaðurinn yrði nokkuð meiri, en menn gætu ætlazt á. En ef efni þau, sem fyrir hendi eru, næði að ávaxtast, og tekjum þeim, sem spítölunum hafa verið lagðar, yrði haldið saman með betri tilhögun en hingað til, þá mundi efnin eptir fáein ár verða að þíngsins ætlun nægileg til að bæta læknaskipunina [3]), án þess að auka hin almennu útgjöld landsins.

Til að koma þessu fram, ætlar þíngið að fyrst lægi við, að byggja spítalajarðirnar fyrir fullan leigumála, svo fljótt sem því verður viðkomið, eður að selja þær, ef það þækti hagfeldara. Þar næst ætlar þíngið, að betra fyrirkomulag yrði haft á heimtíng hluta þeirra af fiski og fugltekju, m. m., sem kallaðir hafa verið spítalahlutir, og nema töluverðu verði árlega; er það allraþegnsamlegast álit þíngsins, að bezt mundi vera að bjóða upp hluti þessa á manntalsþíngum fyrir hvern hrepp og hverja veiðistöðu, ári áður en þeir fèlli. Og þar eð lagaboðin um hluti þessa og heimtíng þeirra eru bæði gömul, og þar að auki á víð og dreif, er það ósk þíngsins, að Yðar Hátign mætti þóknast að láta gjöra nýja reglugjörð um hluti þessa og heimtíng þeirra, og leggja fyrir þíngið til ráðaneytis.

Þíngið álítur nauðsynlegt, að læknar mætti fá viðbót í launum eptir aldri og verðugleikum, og ætlar, að lækna-embættin mundi verða við það aðgeingilegri; en af því efni eru ekki beinlínis fyrir hendi til þess, ætlar þíngið það vel fallið,

---

[1]) Þíngið ætlar. [2]) Þessum orðum er bætt algjörlega inn í og ekkert dregið út í þeirra stað. J. G. [3]) byrja fyrirtæki þetta.

að leyft yrði hèraðslæknum að kenna námfúsum og lægnum únglíngum hið einfaldasta handbragð læknisfræðinnar, til þess að hjálpa í bráðustu nauðsynjum, og þar eð þetta væri í allrar alþýðu þarfir, þá þykir það eiga vel við, að laun fyrir kenslu þessa yrði veitt úr jafnaðarsjóðum amtanna. Með þessu móti mundi tvent ávinnast, annað það, að lækna-hjálp feingist að líkindum nokkur nú þegar, annað það, að læknar ættu kost á að fá nokkra bót í launum sínum, þángað til að veruleg endurbót gæti komizt á í þessu mikilvæga efni.

Þíngið leyfir sèr þess vegna að bera þá bæn fram fyrir Yðar konúnglega Hátign:

1. Með 20 atkvæðum gegn 3: að til þess verði stofnað, að halda saman og auka sem mest fè það, sem safnazt hefir með eignum og tekjum spítalanna, og verði þessu öllu safnað í einn sjóð, sem ætlaður sè til að bæta læknaskipunina hèr á landi.
2. Með 19 atkvæðum gegn 4: að ekki verði hèðan af teknir holdsveikir á spítala þá, sem nú eru, heldur verði jarðirnar hið fyrsta annaðhvort bygðar með fullu afgjaldi, eða seldar, ef það virðist haganlegra, og andvirðið sett á vöxtu, sjóðnum til aukníngar.
3. Með 17 atkvæðum gegn 6: að ný reglugjörð verði samin um hina svo nefndu spítalahluti, og lögð fyrir þíngið til ráðagjörðar.
4. Í einu hljóði: að landlækni og hèraðslæknum verði nú þegar leyft að kenna aðstoðarlæknum; og
5. Með 17 atkvæðum gegn 6: að leyft verði að verja um sinn, til þóknunar fyrir það, allt að 200 rbd. árlega úr jafnaðarsjóði hvers amts.

Þ. Sveinbjörnsson *).

---

*) Neðan við þetta álitsskjal, sem þannig hljóðanda var sent konúngi, bætti forseti þessari áteiknun:

„Að alþíngisforsetinn einn undirskrifar þessa allraþegnsamlegustu bænarskrá þíngsins, kemur af því, að sá, er hana samantók, fulltrúi Ísafjarðarsýslu, neitaði að undirskrifa með honum, af því forsetinn leyfði sèr, að kröfu nokkurra þíngmanna, að breyta 2 eða 3 orðum, svo að sem samkvæmust yrði bænarskráin meðferð málsins og þíngsins atkvæðagreiðslu".

„Allraþegnsamlegast".

"Þ. Sveinbjörnsson".

2. Allraþegnsamlegust bænarskrá þingsins um breytingu alþingistilskipunarinnar, þannig hljóðandi:

Til konúngs.

Til alþingis hafa komið bænarskrár bæði nú og hið fyrsta sinn frá allflestum hèruðum á landinu, um breytíng á nokkrum aðalatriðum í tilskipun 8. Marts 1843 um skipun alþingis. Þingið kaus 5 manna nefnd til að rannsaka þetta mál, og var það síðan rædt á tveim aðalfundum á lögskipaðan hátt.

Alþíng þarf ekki að skýra Yðar konúnglegri Hátign frá, hversu djúp og innileg tilfinníng sú er í hvers manns brjósti hèr á landi, að Ísland hafi hlotið af konúnglegri hendi Yðar Hátignar þá beztu gjöf, sem því hefir verið veitt af nokkrum konúngi, þar sem Yðar Hátign veitti þíng þetta. Því alvarlegri og innilegri má einnig laungun sú vera hjá hverjum manni, að stuðla af fremsta megni til þess, að Yðar Hátignar mildiríka tilgángi með veitíngu þíngsins mætti sem bezt framgeingt verða. Margir hafa einnig frá upphafi orðið þess varir, að nokkur atriði tilskipunarinnar um skipun alþíngis mundi þurfa nokkurrar lögunar við, til þess að geta fullkomlega samsvarað tilgángi Yðar Hátignar, eða verið fullkomlega hagkvæm, eptir því sem á stendur hèr á landi, og reynslan hefir smámsaman leidt í ljós, hver atriðin einkum sè þau, er betur mætti fara. Yðar konúnglegu Hátignar mildilega leiðbeiníng í allrahæstum úrskurði 8 Marts 1843 hvetur einnig þingið til að bera fram bænir landsmanna um þessi atriði málsins; en þó fleiri minni háttar atriði í tilskipuninni mundu þurfa lagfæríngar, leiðir þingið hjá sèr að taka þau nákvæmlegar fram, þar eð það vonar, að ef Yðar Hátign mætti þóknast að veita áheyrn bæn þingsins um þessi hin helztu atriði, muni tilskipanin eptir Yðar boði verða endurskoðuð og löguð, og lögð fyrir næsta þíng sem frumvarp, svo að landsmenn gæti notið þeirra endurbóta undir næstu kosníngar, sem Yðar konúngleg Hátign allramildilegast vildi veita.

Hið fyrsta atriði er, að kosníngarrètturinn er bundinn við 10 hundraða fasteign eða 20 hundraða lífsfestu; hefir fyrir þá sök mikill flokkur mentaðra manna, einkum af preststèttinni, verið útibyrgður frá kosníngum, og eitt kjördæmi, Vestmannaeyjar, hafa eingan þíngmann getað kosið til hinna fyrstu þriggja þínga. Það er þess vegna nauðsynlegt, að kosníngar-

rètturinn yrði gjörður frjálsari, og væri þá helzt óskanda, að öll kjördæmi landsins gæti verið undir sömu lögum. En þegar ákveða skyldi rýmra takmark kosníngarrèttarins, þá fann alþíng, að eptir því sem hèr á landi hagar til, verður ekki til neins að binda kosníngarrètt við fjáreign, þar eð slík eign, sem gjörð yrði að takmarki, tryggir ekkert kosníngarrèttinn. Þíngið verður þess vegna að ráða til, að kosníngarrètturinn yrði að eins bundinn við skilmála þá, sem tilteknir eru í 4. grein tilskipunarinnar, og það, að maður sè ekki öðrum háður, nè heldur öreigi, á þann hátt, að maður annaðhvort þiggi af sveit eða ekkert gjaldi til sveitar, og gángi rèttindi þessi jafnt yfir alla aðra búsetta menn.

Hið annað atriði er kjörgeingin, og virðist þínginu því meiri ástæður mæla með frelsi kjörgeinginnar, sem hún er, eptir eðli sínu, miklu framar hæfilegleiki, sem aðrir eiga um að dæma, heldur en rèttur, og er það almennur hugsunarháttur hèr á landi, að eingan veginn ætti að bægja mönnum frá því erindi, sem þeim má vera mjög inndælt, að mega tala máli meðbræðra sinna, þegar þeim er treyst til þess, því traust kjósenda og eiginlegleikar hins kosna sjálfs eru hinir sönnu skilmálar kjörgeinginnar. Þíngið ætlar þess vegna, að kjörgeingi þurfi og eigi að vera frjáls og óbundin við alla fjáreign, en bundin að eins við hina aðra eiginlegleika, sem til er tekið í tilskipunarinnar 5. grein.

En þegar þíngið þannig allraþegnsamlegast ræður til, að leysa öll hin ytri bönd kosníngarrèttar og kjörgeingi, þá ætlar það, að tilhögun kosníngarinnar verði að vera á þá leið, að það hepti þær nokkuð, af því alfrjálsar kosníngar mætti virðast í ýmsu tilliti ísjárverðar. Þíngið verður þess vegna að fallast á, að kosníngar verði tvöfaldar, og er það í ljós leidt, að með því móti verða miklu fleiri kjósendur en nú, og að meiri jöfnuði, og svo á hinn bóginn, að eingin hætta getur verið að þessari tilhögun. Reglur fyrir þessari kosníngar-aðferð heldur þíngið að ætti að vera þær: 1) að kjörmenn yrði kosnir, 1 fyrir 5, 2 fyrir 10, og síðan einum fleira fyrir 3 eða fleiri, sem umfram verða 5 menn hverja; en þær þíngsóknir, sem ekki hefði 10 menn kosníngarfæra, ætti að sameina við næstu þíngsókn til kosníngar. 2) að prestar og hreppstjórar semji nafnaskrár kosníngarmanna, og haldi þeim í reglu, en sýslumaður hafi umsjón með, að skrárnar verði reglulegar. 3)

að kjörmanna kosníngar færi fram á manntalsþíngum, undir yfir-umsjón sýslumanna, þannig, að tveir menn, sem hann til nefnir, safni atkvæðum og bóki kosníngarnar. 4) að sýslumaður boði kjörmenn til fundar í September-mánuði næsta fyrir alþíng, á þeim árum sem kjósa skal samkvæmt tilskipuninni, og kjósi þeir þá alþíngismann á þann hátt sem fyrir er lagt.

Þar sem leyft er í 43. grein tilskipunarinnar að sá, sem Yðar Hátign felur konúngsfulltrúa störf á hendur, megi tala á danska túngu, þá verður alþíng allraþegnsamlegast að benda Yðar konúnglegri Hátign til, að þessari tilhögun fylgja miklir annmarkar, og þar eð Yðar Hátign hefir í allrahæstum úrskurði 8. Apríl 1844 boðið, að allir þeir, sem hèr yrði embættismenn á landinu, yrði að vera færir í túngu landsmanna, þá vonar þíngið að Yðar Hátign finni, að í þessari stöðu ríði hvað helzt á því, að þeirri reglu sè fylgt, sem Yðar Hátign hefir af viturleik og umönnun fyrir þjóðerni voru sjálfur sett.

Það hefir verið og er almenn ósk hèr á landi, að alþíng verði haldið í heyranda hljóði. Þessi ósk er ekki einúngis bygð á því, að mál þau, sem borin verða upp á þínginu, eru í fyllsta skilníngi alþjóðleg, og að öll önnur þínghöld og dómar fara hèr á landi fram í heyranda hljóði, heldur byggist ósk þessi einnig á því, að hið forna þjóðþíng vort, sem Yðar konúngleg Hátign hefir endurskapað, og með ógleymanlegri mildi bent til að laga skyldi þetta þíng eptir, svo mikið sem verða má eptir kríngumstæðunum, var haldið í heyranda hljóði frá upphafi og fram á hinn síðasta dag, um 900 ára. Þetta gæti einnig orðið til nytsemdar á margan hátt, þar eð það mundi hvetja menn til þíngferða, og mörgum mundi fyrir það verða enn ljósara, hvílíkan velgjörníng landið hafi öðlast af hendi Yðar Hátignar í gjöf þíngsins. Þar að auki er það nauðsynlegt vegna þess, að auglýsíng þíngbókarinnar geingur miklu tregara hèr á landi en annarstaðar. Ef Yðar konúnglegri Hátign þóknaðist að veita þetta leyfi, mundi þíngið geta sèð fyrir, að eingin hin minnsta óregla gæti risið af tilhögun þessari.

Þar sem ákveðið er í 79. grein tilskipunarinnar, um ferðakostnað alþíngismanna, þá hefir verið um rædt, hvort ekki mundi ráðlegra að ákveða fast endurgjald ferðakostnaðar úr hverri sýslu, eptir sanngjarnlega ákveðnum dagleiðum, til að komast hjá ferðakostnaðar reikníngum. En þínginu þókti

þetta ísjárvert, og heldur betur fallið, að bætt yrði við fyrsta lið greinarinnar þeirri reglu, að prenta skuli kostnaðarreikninga þingmanna í hvert sinn í alþingistíðindunum.

Eptir framansögðu leyfir alþing sèr, með 18 atkvæðum gegn 4, að bera þá bæn fram fyrir Yðar konúnglega Hátign:

Að Yðar Hátign mætti þóknast að bjóða, að tilskipan 8. Marts 1843 um skipun alþingis verði endurskoðuð á ný, og lögð sem frumvarp fyrir næsta þing til ráðaneytis; en að við endurskoðunina yrði tekin þessi atriði til greina, og frumvarpið lagað samkvæmt þeim:

1. Að kosníngarrèttur verði veittur öllum búsettum mönnum, þeim sem ekki eru öreigar, en verði að öðru leyti ekki bundinn við aðra skilmála en þá, sem til eru teknir í hinni 4. grein tilskipunarinnar.
2. Að kjörgeingi verði einnig með öllu óbundin við fjáreign.
3. Að kosníngar verði tvöfaldar, svo að tala kjörmanna verði 1 fyrir 5, 2 fyrir 10, og síðan einum fleira fyrir 3 eða fleiri, sem umfram verða 5 menn hverja, og að öðru leyti samkvæmt því sem þingið hefir allraþegnsamlegast í ljósi látið hèr í bænarskránni.
4. Að íslenzka ein verði töluð á þinginu, bæði af konúngsfulltrúa og öðrum.
5. Að þinghöld fari fram í heyranda hljóði.
6. Að því verði bætt við fyrsta lið 79. greinar í tilskipun 8. Marts 1843, að prenta skuli í hvert sinn reikninga alþingismanna.

Atriði þessi hafa verið þannig samþykt á þinginu: 1. og 2. atriði hvort um sig með 18 atkvæðum gegn 4; í 3. atriði tvöfaldar kosníngar með 12 gegn 10, og tala kjörmanna með 13 gegn 9; 4. atriði með 15 gegn 7; 5. atriði með 12 gegn 10 og 6. atriði með 14 gegn 7 atkvæðum.

Allraþegnsamlegast.

Þ. Sveinbjörnsson. Jón Sigurðsson.

Því næst var fundi slitið.

## Allraþegnsamlegast álit alþingis, um konúnglegt frumvarp til veiðilaga á Íslandi*).

Til konúngs.

Yðar Hátign hefir allra mildilegast þóknazt, að láta bera undir álit alþingis frumvarp til veiðilaga á Íslandi.

Eptir að 5 manna nefnd var búin að gefa álit sitt um þetta mál, var það rædt á tveim aðalfundum þíngsins, og leyfir það sèr nú allraþegnsamlegast að segja upp álit sitt á því.

Um aðalgrundvallarreglu þá, sem frumvarpið fór fram, varð að vísu nokkur meiníngamunur, þar sem nokkrir þíngmenn vildu breyta reglunni á þá leið, að ekki væri lagt bann við annari veiði á annars lóð en æðarfugla, látrasels og hreiðurálpta, með því veiði annara skepna hefði til þessa verið álitin saklaus notarèttur, sem eigendur eigi hefðu haft baga af, nè borið sig upp undan, en verið þó skotmönnum til töluverðs arðs, en aptur á móti varð meiri hluti þíngmanna á því, að veiði bæði eptir eðli sínu ætti að vera bundin við lóðar eignina og líka á hinu, að þvílíkt skipulag á margan hátt væri ómissandi landinu.

Þíngið leyfir sèr þessu næst allraþegnsamlegast að skýra frá breytingum þeim, sem það hefir fallizt á við nokkrar greinir frumvarpsins á þessa leið:

Við 2. grein. Þar eð þeir bæði geta verið fleiri og færri, sem afrètt eiga saman (en optastnær eru þeir búendur og ekki að eins „heimilisfastir"), ætlar alþíng eiga betur við, að orðin „heimilisfastir — þeim, er" falli niður.

Við 3. grein. Þar eð orðin „því það eru netlög hans" í 16. grein, falla úr, eins og seinna verður á vikið, þykir þínginu eiga við, að bæta þeim hinum sömu orðum inn í þessa grein, á eptir orðinu: „stórstraums-fjörumáli", og sömuleiðis, til enn meiri skýríngar, við enda greinarinnar, þessum orðum: *þar sem er varp, nótaveiði eða uppidrap, fer um það, sem síðar segir.*

Við 4. grein. Sankvæmt ástæðum þeim, sem til þess eru færðar af embættismanna nefnd þeirri, er sett var eptir úr-

*) Álitsskjal þetta var lesið upp á 22. fundi 28. Júlí; en skrifurunum hafði gleymzt að geta þess í þíngbókinni, og saknaði því ritnefndin þess ekki fyrr en farið var að semja registur tíðindanna.

skurði Yðar Hátignar frá 23. Apríl 1845, til að taka saman veiðilög þessi, ætlar þingið, að bezt fari á því, að ábúandinn einn njóti veiðarinnar, sem notarèttar, er óaðskiljanlegur sè frá jörðunni, og að kafli sá í grein þessari: „Nú byggir maður jörð — jarðeiganda“ falli úr; og ætlar þingið, að eiganda, sem opt er í miklum fjarska, sè veittur allur sá rèttur, sem honum að rèttu lagi ber, er aptur á móti, í stað orðanna seinna í greininni: „en sèr má hann — sína“, eru sett þessi orð: *að staðaldri, án leyfis jarðeiganda,* svo að ábúandi þannig eigi kost á, að ljá þenna notarètt öðrum útí frá um stundarsakir, eða hve nær sem það má verða jarðeiganda að skaðlausu; en honum er aptur í sjálfsvaldi, ef honum svo þóknast, að skora nákvæmar á um þenna leyfisrètt ábúanda (sem eigi þykir þurfa, að taka ítarlegar fram í löggjöfinni) í byggíngarbrèfinu.

Við 5. gr. Þar eð það virðist eiga bezt við, að lög þessi láti samkomulag um skaðabætur óáhrært og öldúngis undir þeim komið, sem skaða bíður og skaða gjörir, þar sem því verður komið við, án þess að draga úr þeirri vernd eignar- eða veiðirèttarins, sem landinu ríður mest á, og það þar að auki optastnær verður launskyttunni ómögulegt að sanna, að tiltekin upphæð skaðabóta sè boðin fram: svo álítur þingið rèttast, að seinni kafli greinar þessarar: „Nú beiðist — ákveðnar“ falli niður, er hann líka, eptir sem nú var vikið á, getur gefið tilefni til þrætu og meingjörða af hálfu hinns áreitta, sem annars yrði komizt hjá. Af breytíngunni á 4. grein leiðir, að í stað orðanna: „þá veiðir hann landeiganda“ í fyrra kaflanum, verða að koma þessi orð: *þá veiðir hann þeim, sem á jörðu býr.*

Það hefir orðið einna mestum vafa undirorpið á þínginu, hvort mæla ætti fram með ákvörðunum 6. greinarinnar eða ekki; en að yfirveguðum þeim mikilvægu ástæðum, sem teknar eru fram í hinum prentuðu ástæðum fyrir frumvarpinu, með og mót ákvörðunum þessum hèr í landi, eru þær málalyktir þó orðnar hèr að lútandi, að þingið með 13 atkvæðum gegn 9 fèllst á, að halda greininni óbreyttri.

Við 7. grein. Orðin: „þótt eigi hafi hann leyfi jarðeiganda til“

þykja bæði óþörf og líka móthverft breytíngum þíngsins á 4. grein.

Það er margreynt hèr í landi að temja hreina, svo að dýr þessi yrði til gagns, sem vinnudýr, eptir tilætlan stjórnarinnar frá upphafi, er þau voru flutt híngað á land, en aldrei hefir það heppnazt, því hafi þau ekki veslazt upp í húsunum á vetrum, þá hafa þau hlaupið aptur á fjöll upp, er þeim hefir verið hleypt út á vorin. Þessi dýr eru því ekki að neinu öðru liði hèr á landi en að veiðinni til, en á henni eru miklir örðugleikar: er þau eru svo stygg og frá á fæti, að varla er vinnanda, nema tækifæri sè sætt, að ná þeim eða skjóta þau. Þar sem þau eru flest, en það er á Norðausturlandinu, við fjallgarða þá, sem næstir liggja Þíngeyjar- og Múlasýslum, eru þau enda orðin búendum að tjóni, síðan þau fjölguðu svo mjög, að þau nú hittast þar mörg hundruð í hópum saman. Þegar harðnar á, koma þau í þessum hópum niður í bygðina, og leita sèr fæðu, með því, að krapsa upp rótina, þar sem jörð liggur undir snjó og klaka, og kveður svo mikið að jarðuslanum á þeim stöðum, sem þau þannig leggja undir sig, að rótin seint eða aldrei nær að gróa aptur. En mesta tjónið er þó að því, að þau eyða fjallagrösum, þar sem þau halda til, en grös þessi hafa verið og verða jafnan ómissandi, og eru þau einhver hin notasælasta og hollasta lífsbjörg manna hèr í landi, og er landinu því hinn mesti skaði búinn að eyðileggíngu þeirra. Fyrir þessar sakir álítur þíngið sèr skylt, að mæla fram með því við Yðar Hátign, að við enda greinarinnar sè bætt, *Hreina er og leyft að veiða og elta, hvar sem stendur.*

Við 8. gr. Orðunum í grein þessari; „ef hreppstjóra þykir nauðsyn til bera“, og: „talsverðan“ seinna í greininni, virðist þínginu ráðlegast að sleppa, sem bæði óþörfum og líka ollandi nokkrum vafa, er fremur aptri, en auki refaveiðina.

Við 12. gr. Til að koma í veg fyrir misskilníng, ræður þíngið allraþegnsamlegast til að fella úr orðin: „annars manns“.

Við 14. gr. Þíngið hefir orðið á því, að eigi sè gjöranda, að afmá reglu þá, sem hefir verið í gildi eptir allrahæstum

úrskurði 17. Júlí 1816, um að banna skot á öllum tímum árs, í tiltekinni grend við friðhelgað eggver æðarfugla, og að byrjun greinarinnar því verði þessi: *Enginn má, nema nauðsyn beri til* o. s. frv.; en að kafli greinarinnar um hin eggverin sè orðaður á þessa leið: *Ef skotið er frá Aprílmánaðar lokum, til 1. dags Ágústmánaðar í friðhelgu eggveri annara fugla* o. s. frv.; enn fremur, að eigi sè ástæða til, nú fremur en 1816, að undanskilja herskipa-skot banninu, og að seinasta kafla greinarinnar þar að lútandi sè slept, og virðist það því heldur eiga við, sem greinin í upphafi tekur svo til orða: „nema nauðsyn beri til"; lenda mundi eptirdæmi það, sem yrði gefið með þvílíkri undantekníngu, verða mjög skaðlegt friðun þeirri á æðarfugli, sem frumvarpið fer fram, eins og líka reynslan hefir sýnt.

Við. 15. gr. Með tilliti til þess, sem skýrt er frá af þíngmönnum þeim, sem bezt þekkja til selaveiða, og til þess, sem farið er á flot í uppástúngum, sem komnar eru fyrir þíngið úr Barðastrandar- og Strandasýslum og sumpart líka er upplýst í uppástúngum þessum, ætlar alþíng að ákvarðanirnar í 15. og 16. greinum framvarpsins eigi sè nógu tryggjandi veiði þessa, sem að vísu mætti verða næsta arðmikil landinu, og það víðar en hún nú er stunduð, ef menn hefðu vit og færi á að færa sèr hana í nyt, eins og bezt gegnir. Þíngið ætlar þess vegna, að rèttur jarðeiganda eða ábúanda hljóti að vera nokkru rýmri en frumvarpið ákveður, til þess að veiði þessi geti orðið svo arðsöm sem vera má, og að í staðinn fyrir kaflann í grein þessari: „Nú skýtur maður landsel — fjörðúngur mílu í milli", eigi bezt við að setja: *Enginn má skjóta landsel eða útsel á fjörðum eða víkum, þar sem látur eru eða lagnir, nær en hálfa mílu frá látrum eða lögnum, en ef skotið er, eignast, o. s. frv.*

Við 16. gr. Með hliðsjón af því, sem nú var sagt, hefir þíngið fallizt á, að breyta grein þessari á þessa leið: að í staðinn fyrir orðin, „60 faðma", sè sett *hundrað faðma tólfrætt,* og á eptir „stórstraums-fjörumáli" sè bætt við: *þar sem nótlög eru, en þó eigi nær látrum eða eggveri, en áður segir;* að orðunum „landeigandi — netlög hans" sè slept (smbr. við 3. grein); að orðinu „netlögum" seinna

sè breytt í: *nótlögum;* að orðin: *ábúanda* og *ábúandi* sè sett í staðinn fyrir „landeiganda“ og „landeigandi“, og *honum* fyrir „landeiganda“, seinast í greininni (sambr. við 4. og 5. greinir); að á eptir orðin: „12. greinar“ sè skotið inn í: *skutulveiði er heimil, hvar sem stendur;* að í staðinn fyrir, “þar sem venja er — í vaðinn“ sè sett: *þar sem menn eru að skutulveiði, má ekki skjóta nær með byssu en svo, að óvilhöllum mönnum eigi þyki skaði að, og aldrei í vaðinn,* og að „1 rbd.“ sè breytt í *5 rbd.,* þetta síðasta einkum með tilliti til verðhæðar sela þeirra, sem veiddir eru með skutli, og undir eins hins mikla óskunda, sem af skotinn hlýzt, er þeir fælast við það.

Við 21. gr. Við enda greinar þessarar heldur alþíng rèttast að bæta við orðunum: *fyrst um sinn,* þar eð bæði búnaðarlög ný og rekalög eru í vændum.

Samkvæmt því framanskrifaða leyfir alþíng sèr allraþegnsamlegast með 17 atkvæðum gegn 5, að mæla fram með því, að frumvarpinu allramildilegast veitist lagagildi, með þessum breytíngum:

Við 2. grein. Að orðin „heimilisfastir — þeim er“, falli niður; í einu hljóði.

Við 3. gr. Að á eptir orðinu „stórstraums-fjörumáli“, sè bætt inn í: *og eru það netlög hans,* og við enda greinarinnar: *þar sem er varp, nótaveiði eða uppidráp, fer um það, sem síðar segir;* hvorttveggja í einu hljóði.

Við 4. gr. Að þessi kafli: „Nú byggir maðnr jörð — jarðeiganda“, falli úr, og að í staðinn fyrir orðin, „en sèr má hann — sína“, sè sett: *að staðaldri, án leyfis jarðeiganda;* hvorttveggja í einu hljóði.

Við 5. gr. Að í stað orðanna „þá veiðir þann landeiganda“, í fyrra kaflanum, sè sett þessi orð: *þá veiðir hann þeim, sem á jörðu býr,* og að seinna kaflanum, „Nú beiðist — ákveðnar“, sè slept; hvorttveggja í einu hljóði.

Við 7. gr. Að orðin, „Þótt eigi hafi hann leyfi jarðeiganda til“ falli niður, í einu hljóði; og að við enda greinarinnar sè bætt: *Hreina er og leyft að veiða og elta, hvar sem stendur,* með 17 atkvæðum gegn 5.

Við 8. gr. Að orðunum, „ef hreppstjóra þykir nauðsyn til bera“ og „talsverðan“, sè kipt burt; í einu hljóði.

Við 12. gr. Að orðunum „annars manns“ sè hleypt úr; með 16 atkvæðum gegn 6.

Við 14. gr. Að greinin byrji þannig: *Einginn má, nema nauðsyn beri til, o. s. frv.;* og að í stað orðanna „Ef skotið er á þeim tíma árs“, sè sett: *Ef skotið er frá Apríl-mánaðar lokum til 1. dags Ágúst-mánaðar* í friðhelgu eggveri, o. s. frv; hvorttveggja með 18 atkvæðum gegn 4; og loksins, að seinasta kafla greinarinnar: „Herskipaskot — þessu“ sè slept; með 21 atkvæði gegn 1.

Við 15. gr. Að í staðinn fyrir þann kafla greinarinnar „Nú skýtur maður landsel — fjórðúngur mílu í milli“, sè tekin þessi orð: *Einginn má skjóta landsel eða útsel á fjörðum eða víkum, þar sem látur eru eða lagnir, nær en hálfa mílu frá látrum eða lögnum, en ef skotið er, eignast, o. s. frv;* með 19 atkvæðum gegn 3.

Við 16. gr. Að í staðinn fyrir orðin „60 faðmar“, sè sett: *hundrað faðma tólfrætt,* og á eptir „stórstraums - fjörumáli“, sè bætt við: *þar sem netlög eru, en þó eigi nær látrum eða eggveri, en áður segir;* að orðunum „landeigandi – netlög hans“, sè slept; að orðinu „netlögum“ seinna, sè breytt í *nótlögum;* að orðin *ábúanda* og *ábúandi* sè sett í staðinn fyrir „landeiganda“ og „landeigandi“, og *honum,* fyrir „landeiganda“ seinast í greininni; að á eptir orðin „í 12. greinar“, sè skotið inn í: *Skutulveiði er heimil, hvar sem stendur;* að í staðinn fyrir orðin „Þar sem venja er — í vaðinn“, sè sett: *þar sem menn eru að skutulveiði, má ekki skjóta nær með byssu en svo, að óvilhöllum mönnum eigi þyki skaði að, og aldrei í vaðinn;* allt þetta með 19 atkvæðum gegn 3; og loksins, með 16 atkvæðum gegn 6, að „1 rbd“ sè breytt í *5 rbd.,* og

Við 21. gr. Að við enda greinarinnar sè bætt orðunum: *fyrst um sinn,* með 20 atkvæðum gegn 2.

Alþíng hefir þar að auki án atkvæða-greiðslu fallizt á, að breyta orðaskipun í einstökum greinum frumvarpsins, þannig:

í 5. grein, *sektas* fyrir „sekst“ (og eins í 13. og 14. grein), *ríkisbánkadölum* fyrir „ríkisdölum“ (í 14. grein *ríkisbánkadal* fyrir „ríkisdal“) og *einu sinni* fyrir „um sinn“ (og eins í 18. grein).

í 8. gr., *rbd.* fyrir „rd“ (og eins í 12., 13., 14., og 15. greinum).

í 13. gr., *En ef hann verður sekur eptir dómi optar en einu sinni,* í staðinn fyrir „En ef hann brýtur — sekur um; og í 14. gr., *Sektir liggja þar að auki við,* fyrir „Það er og auðvitað, að sektir liggja við“.

Allraþegnsamlegast.

Þ. Sveinbjörnsson J. Johnsen.

---

## 7. Ágúst — þrítugasti og sjötti fundur.

Allir á fundi.

Konúngsfulltrúi hèlt svo látandi ræðu:

Háttvirtu alþingismenn!

Vèr erum nú aptur komnir að endalokum eins kafla í árbókum alþingis, að endalokum þeirra starfa, sem eptir ráðstöfun vors vitra og landsföðurlega konúngs hafa aptur þetta ár kallað oss saman um stundar sakir, svo að einnig þessi þjóðfundur gæti gjört það, sem í hans valdi stæði, til þess að gagn lands þessa verði eflt með góðum lögum. Með alvörugefni gánga menn að slíkum störfum, því sèrhver hlýtur þá að vera gagntekinn af þeim einlæga ásetníngi: á þíngi því, sem þá fer í hönd, einúngis að láta í ljósi sannfæríngu sína, en einnig fulla sannfæríngu, um það, hvað sè samkvæmt rètti og sannleika; með alvörugefni gánga menn og að endalokum þessara starfa, og líta aptur yfir það, sem unnið hefir verið, til þess að rannsaka, að hvað miklu leyti þetta samsvari þeim ásetníngi, sem menn byrjuðu með, og þeim eptirvæntíngum, sem menn þá gjörðu sèr. Orð þau, sem menn ætluðu sèr að tala, eru nú töluð, þau verða ekki aptur tekin, heldur fara þau leiðar sinnar, og munu standa fyrir þann tíma, sem nú er, og þann, sem koma mun, eins og óbifanlegur vottur þess, hvernig hver og einn hefir gegnt skyldu sinni. Það eru að sönnu fáir meðal vor, sem, þegar þeir með alvörugefni rannsaka störf sjálfra sín á þínginu, ekki mundu geta óskað, að þeir hefðu í eitt eður annað skipti hagað orðum sínum á aðra leið, ekki mundu óska, að eitt eður annað orð væri ótalað. En þegar vèr höfum unnið og talað á þann hátt, sem hin bezta sannfæríng vor hvatti oss til, og innan þeirra takmarka, sem hyggja vor í hvert skipti sagði oss, bæði að væru afmörkuð með stíl rètt-

vísinnar og sannleikans, og sömuleiðis ekki geingju út fyrir reglur velsæmisins, þá munum vèr nú einnig með rósemi geta beðið þess dóms, sem upp mun verða kveðinn af óhlutdrægum dómurum, þeim, sem fyrir utan oss eru, og einkum af hinni óhlutdrægu framtíð.

En eins og hugurinn fyllist alvöru við endalok slíkra starfa, eins getur tilfinníng manns ekki annað en komizt við, þegar það band losnar, sem um nokkurn tíma batt huga og athafnir svo margra heiðarlegra manna saman. Hversu þúngbært sem það erfiði kann að hafa verið, sem sèrhver af oss hefir haft að bera, hversu margar orsakir sem hver einstakur af oss kann að hafa til þess, að gleðja sig við það, að sú tíð nálgast nú, er hann getur snúið heim aptur og tekið til sinnar daglegu iðju og háttalags, svo getur þó einginn af oss annað en komizt við, þar sem hann sèr, að þau bönd losna, sem knýttu slíkt samfèlag saman. Einginn getur vitað, hvort forsjónin muni stýra því svo, að hann nokkru sinni komi aptur á þenna fund, einginn getur vitað, hverra fèlagsbræðra úr þessu samkvæmi hann eigi að sakna, þótt hann sjálfur komi aptur í líka stöðu.

Það er með þess kyns tilfinníngu að eg nú kveð yður, háttvirtu alþíngismenn! og þakka yður þann góðvilja, sem þèr ætíð hafið sýnt mèr sjálfum, enda þótt stundum hafi sitt litizt hverjum; það er með þess kyns tilfinníngu að eg sèr í lagi votta hinum heiðraða alþíngisforseta þakkir mínar fyrir þann einstaka mannúðlegleika, með hverjum hann jafnan, þegar störf okkar hafa mætzt, hefir lètt mèr störf mín, og að eg votta honum virðíngu mína fyrir þann afbragðs dugnað, með hverjum hann hefir stjórnað störfum alþíngisins og greidt fyrir málalokum þess.

Mál þessi verða nú lögð fyrir stjórnara lands þessa, og alþíng mun með mèr vona og óska, að þau geti vakið hjá honum einúngis ánægju og gleði yfir því að hafa veitt landinu þessa þjóðstofnan, sem vèr viljum biðja forsjónina bæði nú og síðar að gjöra blessunarríka fyrir þetta land og þjóð.

Forseti talaði því næst á þessa leið.

Hæstvirtu landsmenn!

Í mörgu eru þær hugsanir ólíkar, með hverjum sá ráðvandi samvizkusami maður geingur að einu vandaverki, sem

hann veit að mikið ríður á, ei að eins fyrir sjálfan hann, heldur líka fyrir alda og óborna. Ólíkar eru þær þeim, með hverjum hann skilur við verkið, að því afloknu. Hann geingur að því með ugga og ótta, að eitthvað muni sèr mistakast, eitthvað missjást, sem skaðað geti aðra, hversu einlægan vilja sem hann að öðrn leyti finnur hjá sèr til að ljúka ætlunarverki sínu, sem bezt má verða. Með gleði lítur hann yfir verkið að því afloknu, því, þó hann sjái á því eptir á einhverjar misfellur, sjái, að öðruvísi hefði mátt betur fara, getur hann þó ekki kent það sjálfum sèr, ekki sínum innra manni; góður vilji var hans eiginleg eign, en framkvæmd þess góða vilja var opt undir öðrum kríngumstæðum komin; fullkominn lýtalaus verknaður og góður vilji geta hèr ei ætið fylgzt að. Náð konúngs vors, frjáls vilji þjóðar vorrar hefir kallað oss, hæstvirtu landsmenn og meðbræður! á þann fund, hverjum nú bráðum skal slitið. Hèr áttum vèr, að boði konúngsins, að vilja þjóðarinnar, að íhuga margt vandamál, er mikið var í varið, að leggja ráðin á til betra skipulags á ýmsu, er almenníng mest varðaði, og viss er eg um, að ekki einn af oss hefir geingið að þessu ætlunarverki með þeirri sannfæríngu, að hann ætíð mundi hitta það bezta og rèttasta; hver einn af oss hefir því, að eg ætla, geingið að verkinu með ugga og ótta, með vantrausti á eigin vitsmunum, en þó með einlægum góðum vilja, að vinna sem mest gagn. Nú þegar fundi vorum í þetta skiptið skal lokið, lítur hver af oss með gleði til þess, sem gjört er; gleður sig yfir þeim meiri eða minni hluta, er hann átt hefir að sem fullkomnustu og beztu úrsliti málefnanna, eptir mælíngu þeirrar þekkíngar, sem honum var gefin, en þó af gnægð góðs vilja. Þessi gleði, þessi meðvitund góðs vilja, gjörir skilnað vorn og burtuför, hvers eins til eigin heimila, tvöfalt gleðilegan.

Eptir þeirri stöðu, er alþíngi þóknaðist að sæma mig með á þessum fundi, ber mèr með fáum orðum að minnast á athafnir þíngsins í þetta skiptið. Það hefir til meðferðar haft að eins 6 málefni af hendi konúngs vors, en 78 bænarskrám ýmislegs efnis hefir þíngið veitt móttöku af hendi þjóðarinnar. Bæði var það, að sumar þessar bænarskrár voru sama, eða mjög liks efnis, sem og hitt, að nokkrar ei voru þess eðlis, að þær ættu að takast til umræðu af þínginu, og því hafa ei verið skipaðar meir en 20 nefndir alls, en nærri má geta (hvað

þingtíðindin einnin sýna), að það tók frá þinginu ekki all-lítinn tíma, að rannsaka allar þessar bænarskrár, hvert nefnd ætti í þeim að skipa eður ekki, enda var því ekki lokið fyrr en meir en fjórðúngur ens lögskipaða þingtíma var liðinn. Flestar af nefndunum hafa í tíma lokið störfum sínum, þó ei hafi fleiri en 16 bænarskrár og álitsskjöl frá þingsins hendi verið samdar og sendar konúngi vorum, og eru sumar af þeim land og lýð mikilsvarðandi. Það kann svo að virðast (því fyrir alls háttar dómum má ráð gjöra), sem þetta þing hafi færri málefnum aflokið, en í hitt eð fyrra, og máske þetta megi verða kent einhverri aflaga viðhögun minni á þingstörfunum, en þingtíðindanna stærð mun á sínum tíma sanna, að málefnin hafi verið fullt svo ítarlega rædd nú, sem þá, enda ræður það að líkindum, að umræður þingmanna heldur muni við meiri æfíngu leingjast en styttast, þegar þeir venjast við að skoða málefni hvert frá fleiri hliðum, og fá djörfúng nóga til að láta meiníngar sínar í ljósi. Viðhögun mín á þingsins störfum liggur fyrir almennings augum, og sèrhver af yður, hæstvirtu! ber heim með sèr til átthaga sinna þá sannfæríngu þar um, sem hann meinar rèttasta. Ómilda dóma þar um óttast eg ekki, því þeir ná mèr ekki. Eg er mèr þess meðvitandi, að eg hefi gjört allt, hvað eg í þingsins þjónustu gjört hefi, eptir beztu þekkíngu og með bezta vilja til að viðhalda rèttum þingsköpum. Eg þarf ekki heldur að óttast þá, því svo mikla velvild og eptirlátsemi hafa þingmenn auðsýnt mèr, hvað eg hèr með opinberlega viðurkenni og þakka með innvortis tilfinníngu af hrærðu hjarta.

Eg votta einnig þingsins heiðraða varaforseta, þess heiðruðu skrifurum og aukaskrifurum mitt virðíngarfullt þakklæti fyrir það liðsinni, þeir hafa veitt mèr í þeirri erviðu sýslun að halda skrifaraverkunum í rèttum gángi. Sama þakklæti ber þeim heiðursmönnum einnig frá þingsins og minni hendi, er borið hafa umönnun fyrir þingtíðindanna undirbúníngi til prentunar, sem jafnlángt er nú á leið komin, sem hitt eð fyrra árið.

Virðíngarfyllsta þakklæti framber eg af þingsins hendi til ens hæstvirta konúngsfulltrúa fyrir þær ætíð ljósu og fyrir þingsins ráðslaganir opt ómetanlegu bendíngar til rèttrar leiðar, er hann hefir látið því í tè. Ef að nokkru hefði mátt á bæta þá virðíngu og þakklátsemi, er þingið finnur sig skulda honum bæði nú og fyrri, þá hafa báðar mjög svo aukizt við

það, að heyra hann, útlendan mann, konúngsins fulltrúa, optar en einu sinni ræða hèr á þínginu á hans og vorra forfeðra áður sameiginlega máli, hvers hljómur snertir innstu taugar í sèrhvers Íslands sonar brjósti, og vekur þær kærleiksfullar tilfinníngar til þess útlenda heiðursmannsins, sem varði ómaki svo miklu til þess einnig á þenna hátt að gagnast þínginu og gleðja það. Og eg, eg má einnig frambera mitt eigið innilegasta þakklæti til ens hæstvirta konúngsfulltrúa fyrir hans umburðarlyndi með því, sem mèr hefir kunnað að yfirsjást í því marga, sem eg, eptir stöðu minni á þínginu, hefi átt við hann að skipta, fyrir alla mèr sýnda góðvildarfulla mannúð. Eg get ekki óskað þínginu betra, en þess, að Hans Hátign konúngur vor sem optast sendi því þenna heiðursmanninn, sem fulltrúa af sinni hendi.

Að lyktum óska eg guðs blessunar yfir þíngið, yfir þau störf þess, er það nú hefir af lokið, yfir öll þess störf á ókomnum tíma. Eg óska, að vísdómur og hlutdrægnislaus skoðun og umhugsun málefnanna megi stýra öllum þess ráðslögunum, að friður og eindrægni megi drottna í því, og virðíng og hlýðni við lög og góða reglu megi ætíð vera þess leiðtogi!

---

Síðan stóð upp *konúngsfulltrúi* og mælti:

*Í nafni konúngs* segi eg þessu alþíngi slitið.

Þíngmenn tóku þá undir í einu hljóði:

„*Leingi lifi konúngur vor* **Kristján áttundi**“!

Því næst var geingið af þíngi.